B

Umræður

um

samþykkt lagafrumvörp

REYKJAVÍK
ÍSAFOLDARPRENTSMIÐJA H.F.
1977

ALÞINGI 1968

Þingsetning.

A.
Í sameinuðu þingi.

Árið 1968, fimmtudaginn 10. október, var átttugasta og níunda löggefandi Alþingi sett í Reykjavík. Er það sjötugasta og fyrsta aðalþing í röðinni, en hundraðasta og fjórða samkoma frá því, er Alþingi var endurreist.

Þingmenn komu saman í alþingishúsinu kl. 1.30 miðdegis og gengu þaðan til guðsþjónustu í dómkirkjunni.

Séra Sigurður Haukdal á Bergþórshvoli sté í stólinn.

Að lokinni guðsþjónustu gengu þingmenn aftur til alþingishússins, fundarsals neðri deildar.

Þessir menn skipuðu þingið:

1. Auður Auðuns, 2. þm. Reykv.
2. Ágúst Þorvaldsson, 2. þm. Sunnl.
3. Ásgeir Bjarnason, 1. þm. Vesturl.
4. Benedikt Gröndal, 5. þm. Vesturl.
5. Birgir Finnsson, 5. þm. Vestf.
6. Birgir Kjaran, 7. þm. Reykv.
7. Bjarni Benediktsson, 1. þm. Reykv.
8. Bjarni Guðbjörnsson, 3. þm. Vestf.
9. Bjartmar Guðmundsson, 11. landsk. þm.
10. Björn Fr. Björnsson, 4. þm. Sunnl.
11. Björn Jónsson, 4. þm. Norðurl. e.
12. Björn Pálsson, 5. þm. Norðurl. v.
13. Bragi Sigurjónsson, 9. landsk. þm.
14. Eðvarð Sigurðsson, 2. landsk. þm.
15. Eggert G. Þorsteinsson, 8. þm. Reykv.
16. Einar Ágústsson, 11. þm. Reykv.
17. Emil Jónsson, 3. þm. Reykn.
18. Eysteinn Jónsson, 1. þm. Austf.
19. Friðjón Þórðarson, 4. þm. Vesturl.
20. Geir Gunnarsson, 6. landsk. þm.
21. Gils Guðmundsson, 5. þm. Reykn.
22. Gísli Guðmundsson, 1. þm. Norðurl. e.
23. Guðlaugur Gíslason, 3. þm. Sunnl.
24. Gunnar Gíslason, 2. þm. Norðurl. v.
25. Gylfi Þ. Gíslason, 3. þm. Reykv.
26. Halldór E. Sigurðsson, 3. þm. Vesturl.
27. Hannibal Valdimarsson, 9. þm. Reykv.
28. Ingólfur Jónsson, 1. þm. Sunnl.
29. Ingvar Gíslason, 3. þm. Norðurl. e.
30. Jóhann Hafstein, 5. þm. Reykv.
31. Jón Árnason, 2. þm. Vesturl.
32. Jón Ármann Héðinsson, 5. landsk. þm.
33. Jón Skaftason, 2. þm. Reykn.
34. Jón Þorsteinsson, 3. landsk. þm.
35. Jónas Árnason, 4. landsk. þm.
36. Jónas Pétursson, 3. þm. Austf.
37. Jónas G. Rafnar, 2. þm. Norðurl. e.
38. Karl Guðjónsson, 6. þm. Sunnl.
39. Lúðvík Jósefsson, 4. þm. Austf.
40. Magnús Jónsson, 6. þm. Norðurl. e.
41. Magnús Kjartansson, 6. þm. Reykv.
42. Matthías Bjarnason, 4. þm. Vestf.
43. Matthías Á. Mathiesen, 1. þm. Reykn.
44. Ólafur Björnsson, 12. þm. Reykv.
45. Ólafur Jóhannesson, 3. þm. Norðurl. v.
46. Páll Þorsteinsson, 2. þm. Austf.
47. Pálmi Jónsson, 4. þm. Norðurl. v.
48. Pétur Benediktsson, 4. þm. Reykn.
49. Pétur Sigurðsson, 10. þm. Reykv.
50. Sigurður Bjarnason, 2. þm. Vestf.
51. Sigurður Ingimundarson, 1. landsk. þm.
52. Sigurvin Einarsson, 1. þm. Vestf.
53. Skúli Guðmundsson, 1. þm. Norðurl. v.
54. Stefán Valgeirsson, 5. þm. Norðurl. e.
55. Steingrímur Pálsson, 8. landsk. þm.
56. Steinþór Gestsson, 5. þm. Sunnl.
57. Sveinn Guðmundsson, 7. landsk. þm.
58. Sverrir Júlíusson, 10. landsk. þm.
59. Vilhjálmur Hjálmarsson, 5. þm. Austf.
60. Þórarinn Þórarinsson, 4. þm. Reykv.

Ókomnir til þings voru:

1. Björn Pálsson, 5. þm. Norðurl. v.
2. Gunnar Gíslason, 2. þm. Norðurl. v.
3. Jónas Pétursson, 3. þm. Austf.
4. Vilhjálmur Hjálmarsson, 5. þm. Austf.

Á fundinum voru auk aðalmanna Eyjólfur K. Jónsson, 2. (vara)þm. Norðurl. v., og Sverrir Hermannsson, 3. (vara)þm. Austf.

Forseti Íslands setur þingið.

Þá er þingmenn höfðu skipað sér til sætis, kom forseti Íslands, Kristján Eldjárn, inn í salinn og gekk til ræðustóls.

Forseti Íslands (Kristján Eldjárn): Hinn 21. september 1968 var gefið út svo hljóðandi bréf:

„Forseti Íslands gerir kunnugt:

Ég hef ákveðið samkvæmt tillögu forsætisráðherra, að Alþingi skuli koma saman til fundar fimmtudaginn 10. október 1968.

Um leið og ég birti þetta, er öllum, sem setu eiga á Alþingi, boðið að koma nefndan dag til Reykjavíkur, og verður þá Alþingi sett að lokinni guðsþjónustu í dómkirkjunni, sem hefst kl. 13.30.

Gert að Bessastöðum, 21. september 1968.

Kristján Eldjárn.

Bjarni Benediktsson.

Forsetabréf um, að Alþingi skuli koma saman til fundar fimmtudaginn 10. október 1968."

Samkv. bréfi því, sem ég hef nú lesið, lýsi ég því yfir, að Alþingi Íslendinga er sett.

Fyrsti stórviðburður sögu vorrar næst landnáminu sjálfu var stofnun Alþingis, sem vér höfum fyrir satt, að yrði árið 930 á Þingvöllum við Öxará, og eru þá liðin 1038 ár síðan. En frá því, að Alþingi var endurreist hér í Reykjavík eftir að hafa legið niðri um skeið, eru 123 ár. Frá þeim tímamótum er þetta 104. samkoma Alþingis, en síðan Alþingi fékk löggjafarvald 1874 er þetta hið 89. þing í röðinni, en 71. aðalþing.

Hálf öld er nú liðin síðan Ísland varð fullvalda ríki. Árið 1918 ber hátt í sögu þings og þjóðar og vér minnumst þess sérstaklega á þessu ári. Upprifjun nokkurra ártala við setningu Alþingis er til þess fallin að minna á hina löngu og merku sögu, sem þessi stofnun á að baki. Í þjóðfélagi voru eru flestar stofnanir ungar að árum, þar á meðal margar af mikilvægustu og virðulegustu stofnunum landsins. Alþingi er hins vegar nokkurn veginn jafngamalt þjóðinni sjálfri. Þótt saga þess sé ekki með öllu í órofnu samhengi og gengið hafi á ýmsu um völd þess og virðingu á ýmsum skeiðum þessa langa tíma, er það þó eigi að síður sama stofnunin frá upphafi vega og fram á þennan dag.

Hlutverk þess nú er hið sama og þá, að setja þjóðinni lög, greiða veg hennar í hverjum vanda, sem að höndum ber, og finna nýjar leiðir henni til heilla í veraldlegum og menningarlegum efnum. Til Alþingis lítur þjóðin um úrræði og forystu og þeirrar ríkisstj., sem ábyrgð ber fyrir því. Til þess sækja aðrar stofnanir styrk sinn. Hjá Alþingi vonast þjóðin eftir frumkvæði að góðum málefnum og stuðningi við góð málefni, sem fram koma utan þingsala. Störf og áhrif Alþingis varða líf og hag hvers manns í landinu. Þau ráð, sem það ræður, eru samtvinnuð öllu þjóðlífinu. En hagur og viðgangur þjóðar á hverri líðandi stund er undir ýmsu kominn. Margt er í því efni, sem mannlegur máttur fær ekki við ráðið. Veður ræður akri, sögðu fornmenn, og það gerir það enn. Auðlindir nýtast misjafnt frá einu skeiði til annars og frá ári til árs og um það getum vér Íslendingar úr flokki talað, sem búum við harla misjafnt árferði til lands og sjávar. Liggur í augum uppi, hve mjög heill og gengi þjóðarinnar er háð áhættusömum atvinnuvegum vorum. Þótt nú ári ekki vel, kennir sagan oss, að harðari veðráttu getur verið að vænta en nú er þessi árin og er rétt að láta sér ekki sjást yfir það. En sagan kennir einnig, að góð og vond ár, erfið og hagsæl tímabil skiptast á. Góðu árin eiga að bæta hin upp, og það er stjórnvizka að stuðla að því, að svo verði.

Veður ræður akri, en vit syni, kváðu fornmenn og vissu, að hvoru tveggja gat brugðið til beggja vona. Það vitum vér einnig og reyndar meira. Vér vitum, að vit sonarins í víðri merkingu á að bæta úr þeim misbresti, sem óhjákvæmilega verður á akrinum öðru hverju. Vér eigum að vísu mikið undir veðrum og vindum, en þó á þjóðin, þegar á allt er litið, mest undir sjálfri sér, hvernig hún vinnur verk sín, að hver hönd njóti sín að hagnýtu starfi og njóti sín sem bezt. Það skiptir mestu máli. Búið þarf margs við og störfin eru margvísleg, en öllum er þeim það sameiginlegt, að svo farnast búinu bezt, að þau séu vel unnin. Til þess þarf menntun og kunnáttu í starfi, hvert sem það er, og það siðferði að vilja vinna verk sitt vel og kunna að meta það, sem vel er gert.

En þótt sagt sé, að vel unnin verk, hverju nafni sem þau nefnast, séu undirstaðan að góðu gengi þjóðarinnar, er því ekki að neita, að misjafnlega mikil ábyrgð fylgir störfum manna. Þeir, sem hljóta að taka mikilsverðar ákvarðanir, sem varða hag allrar þjóðarinnar, eru í sérstöðu að þessu leyti, því að árangurinn af góðri viðleitni hinna getur farið eftir því, hvernig þeim tekst til.

Alþingismenn eru öðrum fremur í slíkri ábyrgðarstöðu. Þjóðin hefur kjörið yður, góðir alþingismenn, sem fulltrúa sína og trúnaðarmenn til vandasamra starfa í elztu og virðulegustu stofnun sinni. Þar vinnið þér yðar verk.

Stundum er á orði haft, að Alþingi njóti ekki þess álits í vitund almennings, sem það ætti að gera og eitt sinn var. Úr því held ég, að sé of mikið gert. Hitt er heldur, að menn hafa e. t. v. ekki til hlítar áttað sig á, að Alþingi vinnur nú öðruvísi en áður, meðan viðfangsefni voru færri og fábreyttari en nú. Alþingi styðst nú í ríkara mæli en áður var við sérfræðilega þekkingu utanþingsmanna, og störf þingmanna gerast fullt eins mikið á umræðufundum og í nefndum eins og í málstofum þingsins. Þótt þannig beri minna á einstökum alþingismönnum en áður var, hygg ég, að fólk viti, að þeir skilja veg sinn og vanda og líti í trausti til þeirra um forystu mála sinna.

Ég veit, að alþingismenn þurfa engrar brýningar við eða áminningar um þær skyldur, sem á þá eru lagðar. En það getur aldrei verið að ófyrirsynju að minna á, hve mikið þjóðin á undir því, að Alþingi og ríkisstj. farnist giftusamlega störf sín. Og allra sízt er það að ófyrirsynju við setningu þessa þings, sem á fyrir höndum að glíma við alvarlegri vandamál en við hefur verið að etja lengi. Um þau vandamál hafa ráðamenn þjóðarinnar rætt opinskátt mánuðum saman. Engum dylst, að þjóðin á í miklum efnahagsörðugleikum og þarf mikils með til að verjast stóráföllum. Og það dylst heldur engum, að

þetta þing verður að takast á við vandann. Þá bjartsýni verður að leyfa sér, að vona að því auðnist að finna þær leiðir, sem færastar eru eftir öllum málavöxtum. Sú er von þjóðarinnar og sú er ósk mín þessu þingi til handa.

Eins og yður er kunnugt, er ég fyrir skömmu kominn til þessa embættis, sem færir mér þá skyldu og virðingu að höndum að setja Alþingi Íslendinga. Margir yðar, sem ég stend nú frammi fyrir, eiga að baki yðar langan feril í þessari stofnun. En þó að ég sé nýliði hér, er mér það ánægjuefni að hafa um langt skeið verið persónulegur kunningi margra alþingismanna, þar á meðal margra yðar, sem nú eigið sæti á Alþingi. Og vegna þess embættis, sem ég gegndi áður, hef ég átt góð samskipti við marga yðar alþingismanna úr öllum stjórnmálaflokkum. Það embætti, sem þjóðin hefur nú kjörið mig til, felur í sér nýtt og annars konar samstarf við yður. Til þess samstarfs hygg ég gott eitt.

Ég býð yður alla heila til þings komna. Ég óska þess, að heill og blessun megi fylgja störfum Alþingis. Ég bið yður að rísa úr sætum og minnast ættjarðarinnar.

[Þingheimur stóð upp, og **forsætisráðherra, Bjarni Benediktsson,** mælti: „Heill forseta vorum og fósturjörð. Ísland lifi." Tóku þingmenn undir þau orð með ferföldu húrrahrópi.]

Samkv. 1. gr. þingskapa ber nú aldursforseta að stjórna fundi, þar til kosning forseta sameinaðs Alþingis hefur farið fram, og bið ég aldursforseta, Sigurvin Einarsson, 1. þm. Vestf., að ganga til forsetastóls.

Forseti Íslands tók sér síðan sæti í þingsalnum, en aldursforseti, Sigurvin Einarsson, 1. þm. Vestf., gekk til forsetastóls og tók við fundarstjórn.

Minning látinna fyrrv. alþingismanna.

Aldursforseti (Sigurvin Einarsson): Frá því að síðasta Alþingi var slitið hinn 20. apríl, hafa fallið frá þrír fyrrv. alþm., og vil ég leyfa mér að minnast þeirra í nokkrum orðum, áður en horfið verður að lögbundnum störfum þessa fundar.

Menn þessir eru Sigurður Kristjánsson fyrrv. forstjóri, sem lézt 27. maí, Jónas Þorbergsson fyrrv. útvarpsstjóri, sem lézt 6. júní, og Jónas Jónsson fyrrv. ráðh. og skólastjóri, sem lézt 19. júlí. Voru þeir allir 83 ára að aldri.

Sigurður Kristjánsson var fæddur 14. apríl 1885 að Ófeigsstöðum í Ljósavatnshreppi í Suður-Þingeyjarsýslu. Foreldrar hans voru Kristján bóndi þar Árnason, bónda á Hóli í Ljósavatnshreppi Kristjánssonar, og kona hans, Kristín Ásmundsdóttir, bónda í Heiðarseli og á Stöng í Mývatnssveit Jónssonar. Hann ólst upp í hópi margra systkina, sótti unglingaskóla heima í héraði og fór tvítugur að aldri í Bændaskólann að Hólum, en þaðan lauk hann prófi 1907. Að loknu búfræðinámi starfaði hann um skeið hjá Ræktunarfélagi Norðurlands, en réðst síðan til Búnaðarsambands Vestfjarða og var ráðunautur þess í 7 ár. Jafnframt því starfi stundaði hann á vetrum nám í Kennaraskólanum og lauk kennaraprófi vorið 1910. Hann var skólastjóri barnaskólans í Bolungarvík veturinn 1910—1911, skólastjóri iðnskóla á Ísafirði í 3 ár og kennari við barnaskólann þar 1915—1930. Á Ísafirði stofnaði hann blaðið Vesturland og var ritstjóri þess 1923—1930. Árið 1930 fluttist hann til Reykjavíkur og var ritstjóri Ísafoldar og Varðar 1930—1932 og Heimdallar 1932—1934. Árið 1934 varð hann framkvstj. Sjálfstfl. og gegndi því starfi um skeið og um langt árabil átti hann sæti í miðstjórn þess flokks. Forstjóri Samábyrgðar Íslands á fiskiskipum var hann á árunum 1939—1956, en lét þá af þeim störfum fyrir aldurs sakir.

Sigurður Kristjánsson átti sæti á Alþingi á árunum 1934—1949, var þm. Reykv. nema á sumarþinginu 1942, er hann var landsk. þm. Sat hann á 21 þingi alls. Hann var valinn til ýmissa annarra trúnaðarstarfa, sat í bæjarstjórn Ísafjarðar 1916—1922, 1924—1927 og 1930—1931. Var hann í skattanefnd þar í 6 ár og í fasteignamatsnefnd árið 1930. Hann átti sæti í mþn. í sjávarútvegsmálum 1932—1933 og 1938—1939, í Landsbankanefnd 1936—1956 og í Þingvallanefnd 1937—1942.

Sigurður Kristjánsson hafði á langri ævi náin kynni af atvinnuvegum þjóðarinnar og margs konar þjóðmálum. Hann ólst upp við landbúnaðarstörf, nam búfræði og leiðbeindi um ræktun lands framan af ævi sinni. Á miðjum aldri sinnti hann um langt skeið fræðslu barna og unglinga og síðasta hluta starfsævi sinnar fjallaði hann mikið um sjávarútvegsmál. Á því skeiði ævinnar var hann lengi alþm. og lét sjávarútvegsmál mest til sín taka á Alþingi.

Sigurður Kristjánsson naut vinsælda í kennarastarfi. Í blaðamennsku og annars staðar á vettvangi stjórnmála var hann harðskeyttur baráttumaður, stefnufastur og hreinskilinn, ritfær vel og djarfur í sókn og vörn. Hann naut mikils trausts meðal samherja sinna í stjórnmálum. Hann átti einnig við harða mótstöðu að etja á því sviði, svo sem títt er um slíka málafylgjumenn. En þrátt fyrir snarpar sennur við andstæðinga sína í stjórnmálum um stefnumál, deildi hann geði við þá af ljúfmennsku um önnur málefni og átti meðal þeirra trausta vini.

Jónas Þorbergsson var fæddur 22. janúar 1885 á Helgastöðum í Reykjadal í Suður-Þingeyjarsýslu. Foreldrar hans voru Þorbergur bóndi þar Hallgrímsson, bónda í Hraunkoti í Aðaldælahreppi Þorgrímssonar, og kona hans, Þóra Hálfdánardóttir, síðast bónda á Öndólfsstöðum Björnssonar. Haustið 1906 hóf hann nám í Gagnfræðaskólanum á Akureyri og lauk þaðan gagnfræðaprófi vorið 1909. Að námi loknu var hann einn vetur barnakennari í Reykjadal, en fór til Kanada sumarið 1910. Þar dvaldist hann 6 ár og stundaði margs konar störf. Eftir heimkomuna frá Kanada var hann um skeið við búskap á Arnarvatni, en fluttist til Akureyrar árið 1920 og varð ritstjóri Dags. Á árinu 1927 fluttist hann til Reykjavíkur og tók við ritstjórn Tímans. Um áramótin 1929—1930 lét hann af því starfi, er hann varð forstöðumaður nýstofnaðs ríkisútvarps og var hann síðan útvarpsstjóri fram á árið 1953. Hann átti sæti á Alþingi 1931—1933, var þingmaður Dalamanna og sat á þremur þingum. Í mþn. í kirkjumálum var hann 1929—1930.

Jónas Þorbergsson ólst upp við þröngan efnahag, var þjáður af berklaveiki í æsku og á unglingsárum og varð að sjá á bak nánum ættingjum og ástvinum, sem berklar urðu að aldurtila. Síðar á árum var hann ötull

forvígismaður og félagi í samtökum þeirra manna, sem háðu langa og sigursæla baráttu til þess að vinna bug á hinum skæða sjúkdómi. Hann átti ekki kost langrar skólagöngu, en var fjölmenntaður, og vesturförin mun hafa reynzt honum þroskavænleg. Hann var snjall blaðamaður á tímum mikilla átaka og hörku í íslenzkum stjórnmálum. Hálffimmtugum var honum falin forstaða nýrrar stofnunar, ríkisútvarpsins, sem varð á skömmum tíma áhrifamikill þáttur í þjóðlífinu, boðberi menningar og skemmtunar um land allt. Er óhætt að segja, að hann hafi unnið það brautryðjandastarf af alhug og tekizt vel að móta starfsemi stofnunarinnar. Jónas Þorbergsson var tæplega sjötugur að aldri, er hann lét af störfum útvarpsstjóra, en starfsþrek hans entist honum fram undir banadægur. Á ritstjórnarárum sínum varð hann kunnur af snilldartökum á rituðu máli og síðustu æviárin var hann afkastamikill rithöfundur, samdi m. a. æviminningar sínar og ritaði mikið um hugðarefni sitt, sálarrannsóknir og líf að loknu þessu.

Jónas Jónsson var fæddur 1. maí 1885 í Hriflu í Ljósavatnshreppi í Suður-Þingeyjarsýslu. Foreldrar hans voru Jón bóndi þar Kristjánsson, bónda í Sýrnesi í Aðaldal Jónssonar, og kona hans, Rannveig Jónsdóttir, bónda á Gvendarstöðum í Kinn Jónssonar. Hann lauk gagnfræðaprófi á Akureyri vorið 1905, var kennari við unglingaskóla í Ljósavatnshreppi veturinn 1905—1906 og stundaði síðan framhaldsnám erlendis á árunum 1906—1909, var í lýðháskólanum í Askov, í Kaupmannahöfn, í Berlín, í Oxford, London og Paris. Að námsferðum þessum loknum varð hann kennari við Kennaraskólann og gegndi því starfi árin 1909—1918. Hann átti frumkvæði að stofnun Samvinnuskólans árið 1918 og varð þá skólastjóri hans, og það starf hafði hann með höndum fram á árið 1956, að undanskildum árunum 1927—1931, er hann gegndi ráðherrastörfum.

Jónas Jónsson átti sæti á Alþingi á árunum 1922—1949, var fyrst landsk. þm., síðan þm. S-Þing. Alls sat hann á 34 þingum. Hann var dóms- og menntmrh. árin 1927—1931, að undanteknum 4 mánuðum á árinu 1931, eftir að þing hafði verið rofið og meðan efnt var til alþingiskosninga. Hann var kosinn í mþn. um bankamál 1925, átti sæti í dansk-íslenzkri ráðgjafarnefnd 1926—1939, í Alþingishátíðarnefnd 1926—1930, í Þingvallanefnd 1928—1946, í menntamálaráði 1934—1946, í orðunefnd 1935—1944, og hann átti lengi sæti í bankaráði Landsbankans. Hann var formaður Framsfl. 1934—1944. Ritstjóri Skinfaxa, tímarits ungmennafélaganna, var hann 1911—1917, ritstjóri Tímarits samvinnufélaganna 1917—1927, Samvinnunnar 1926—1927 og 1931—1946 og Ófeigs 1944—1956.

Jónas Jónsson ólst upp í héraði, þar sem menningarvakning og menningarstraumar, innlendir og erlendir, áttu sér greiðan farveg á unglingsárum hans. Hann var í þeim efnum vel að heiman búinn, er hann fór til náms, fyrst innanlands, síðan erlendis. Hann var gæddur miklum námsgáfum, athugull og minnugur, og honum nýttist vel til menntunar frekar stuttur námsferill. Hann bjó sig undir kennslu og uppeldisstörf, og kennsla og skólastjórn var aðalstarf hans lengst ævinnar. Hann var frábær kennari, og honum var alla tíð lagið að umgangast ungt fólk og miðla af þekkingu sinni og lífsreynslu. Við heimkomuna gerðist hann þátttakandi í ungmennafélagshreyfingunni, sem var þá ung að árum, en átti miklu fylgi að fagna, og hann varð brátt ritstjóri málgagns hennar, Skinfaxa. Samvinnuhreyfingunni kynntist hann á uppvaxtarárum sínum, tók ástfóstri við hana, varð ritstjóri tímarits hennar og skólastjóri á hennar vegum þrítugur og vann að eflingu hennar á þeim vettvangi það ævistarf, sem lengi mun minnzt verða.

Merkasti og kunnasti þáttur í ævistarfi Jónasar Jónssonar frá Hriflu eru afskipti hans af stjórnmálum. Um þrítugsaldur átti hann ríkan þátt í stofnun tveggja stjórnmálasamtaka, annars vegar flokks verkamanna, Alþfl., hins vegar Framsfl. Í Framsfl. haslaði hann sér völl í þróttmikilli og harðri baráttu, var þar lengi forystumaður og mikill ráðamaður, þótt ekki yrði hann formaður flokksins fyrr en löngu síðar. Hann var ótrauður málsvari flokksins í málgagni hans, í kappræðum á Alþingi og á fundum um land allt, eignaðist einhuga stuðningsmenn og aðdáendur og svarna andstæðinga. Í ráðherradómi var hann hugmyndaríkur og framtakssamur. Hann var frumkvöðull að miklum og merkum framkvæmdum á mörgum sviðum, en einkum þó í menntamálum og heilbrigðismálum. Mun þjóðin lengi búa að þeim verkum hans.

Það varð hlutskipti hans að hverfa úr forystusveit flokksins á góðum starfsaldri, en stjórnmál voru honum jafnan hugleikin og hann barðist djarflega til æviloka í ræðu og riti fyrir þeim málefnum, sem hann taldi landi og lýð til velfarnaðar. Ævisaga Jónasar Jónssonar frá Hriflu er svo stórbrotin, hugsjónir hans og framkvæmdir svo víðtækar, áhrif hans svo gagnger, að lengi mun uppi. Hann var mælskur maður í kappræðum, ritfær með afbrigðum, skrifaði mikið um margvísleg efni, samdi vinsælar kennslubækur, ritaði um þjóðmál og dægurmál, um sögu landsins, bókmenntir og listir og lét sér fátt óviðkomandi. Við fráfall hans á þjóðin á bak að sjá miklum hugsjónamanni, hugkvæmum brautryðjanda, snjöllum rithöfundi, dáðríkum stjórnmálamanni, einum svipmesta persónuleika á þessari öld.

Ég vil biðja hv. alþm. að minnast þessara þriggja látnu merkismanna, Sigurðar Kristjánssonar, Jónasar Þorbergssonar og Jónasar Jónssonar, með því að rísa úr sætum. — [Þingmenn risu úr sætum].

Varamenn taka þingsæti — rannsókn kjörbréfs.

Aldursforseti (Sigurvin Einarsson): Alþingi hefur borizt bréf frá hv. 3. þm. Austf., Jónasi Péturssyni, dags. 8. þ. m., svo hljóðandi:

„Ég get ekki mætt á Alþ. nú um skeið vegna annarra starfa. Óska ég því þess með tilvísun í stjórnarskrá og kosningalög, að 1. varaþm. Sjálfstfl. í Austurlandskjördæmi, Sverrir Hermannsson viðskiptafræðingur, Reykjavík, taki sæti mitt á Alþingi í fjarveru minni.

Virðingarfyllst,

Jónas Pétursson."

Þá hefur Alþ. borizt svo hljóðandi bréf:

„Samkv. beiðni Gunnars Gíslasonar, hv. 2. þm. Norðurl. v., sem nú er bundinn heima vegna embættisstarfa, leyfi ég mér, með skírskotun til 138. gr. l. um

kosningar til Alþ., að óska þess, að varamaður hans, Eyjólfur K. Jónsson ritstjóri, taki á meðan sæti hans á Alþingi.

Virðingarfyllst,
Þorv. Garðar Kristjánsson."

Aldursforseti kvaddi sér til aðstoðar sem fundarskrifara þá Pál Þorsteinsson, 2. þm. Austf., og Bjartmar Guðmundsson, 11. landsk. þm.

Kjörbréf Eyjólfs K. Jónssonar hafði áður verið rannsakað, og tók hann þegar sæti á þingi, en kjörbréf Sverris Hermannssonar hafði ekki áður verið rannsakað, og urðu þm. því að skipa sér í kjördeildir.

Urðu kjördeildir þannig skipaðar:

1. kjördeild:

AuA, BGr, BBen, BFB, BrS, EÁ, FÞ, GíslG, GÞG, IngJ, JónÁ, JÞ, JR, MJ, MÁM, PÞ, PS, SE, SP, SvJ.

2. kjördeild:

ÁB, BK, BGuðm, BP, EggÞ, EystJ, GilsG, EKJ, HV, JóhH, JSk, SvH, LJós, MB, ÓlJ, PB, SI, SV, SvG, ÞÞ.

3. kjördeild:

ÁÞ, BF, BGuðbj, EðS, EmJ, GeirG, GuðlG, HS, IG, JÁH, JónasÁ, KGuðj, MK, ÓB, PJ, SB, SkG, StG, VH.

Fyrir lá að rannsaka kjörbréf Sverris Hermannssonar og á meðan var gert fundarhlé, en að rannsókn lokinni var fundi fram haldið.

Frsm. (Ágúst Þorvaldsson): Herra forseti. 3. kjördeild hefur haldið fund og athugað kjörbréf Sverris Hermannssonar viðskiptafræðings og ekki fundið neitt athugavert við kjörbréfið. Hún hefur þess vegna samþ. að leggja til við hv. Alþ., að kjörbréfið verði samþ. og kosningin tekin gild.

ATKVGR.
Till. kjördeildarinnar samþ. með 54 shlj. atkv.

Þessu næst undirritaði hinn nýi þm., Sverrir Hermannsson, drengskaparheit um að halda stjórnarskrána.

Fundi frestað.

Mánudaginn 14. okt. var fundinum fram haldið.

Kosning forseta.

Aldursforseti lét nú fram fara kosningu forseta sameinaðs Alþingis. Kosningu hlaut

Birgir Finnsson, 5. þm. Vestf., með 31 atkv., en 28 seðlar voru auðir.

Aldursforseti bað nú hinn kjörna forseta að taka við fundarstjórn, og gekk hann til forsetastóls. Lét hann fyrst fara fram kosningu fyrri varaforseta. Kosinn var

Ólafur Björnsson, 12. þm. Reykv., með 31 atkv. — Björn Pálsson hlaut 1 atkv., en 27 seðlar voru auðir. Þá fór fram kosning annars varaforseta. Kosinn var

Sigurður Ingimundarson, 1. landsk. þm., með 31 atkv., en 28 seðlar voru auðir.

Kosning skrifara.

Þessu næst voru kosnir skrifarar sameinaðs þings, að viðhafðri hlutfallskosningu.

Fram komu tveir listar. Á A-lista var BGuðm, en á B-lista PÞ.

Þar sem ekki voru fleiri menn tilnefndir en kjósa skyldi, lýsti forseti yfir, að rétt væru kjörnir án atkvgr.:

Bjartmar Guðmundsson, 11. landsk. þm., og
Páll Þorsteinsson, 2. þm. Austf.

Kjörbréfanefnd.

Loks fór fram kosning kjörbréfanefndar, að viðhafðri hlutfallskosningu.

Fram komu þrír listar með samtals jafnmörgum nöfnum og menn skyldi kjósa. Samkv. því lýsti forseti yfir, að kjörnir væru án atkvgr.:

Matthías Á. Mathiesen (A),
Ólafur Jóhannesson (B),
Pálmi Jónsson (A),
Auður Auðuns (A),
Karl Guðjónsson (C),
Björn Fr. Björnsson (B),
Jón Þorsteinsson (A).

Kosning fastanefnda.

Á 2. fundi í Sþ., 15. okt., var tekin til meðferðar kosning í fastanefndir samkv. 16. gr. þingskapa.

1. Fjárveitinganefnd.

Fram komu þrír listar með samtals jafnmörgum nöfnum og menn skyldi kjósa. Samkv. því lýsti forseti yfir, að kjörnir væru án atkvgr.:

Jón Árnason (A),
Halldór E. Sigurðsson (B),
Matthías Bjarnason (A),
Gunnar Gíslason (A),
Geir Gunnarsson (C),
Ágúst Þorvaldsson (B),
Sverrir Júlíusson (A),
Birgir Finnsson (A),
Ingvar Gíslason (B).

2. Utanríkismálanefnd.

Við kosningu aðalmanna komu fram þrír listar. Á A-lista voru SB, BK, PB, GÞG; á B-lista ÓlJ, ÞÞ, HV; á C-lista GilsG. — A-listi hlaut 32 atkv., B-listi 21 atkv., C-listi 7 atkv. Hlutkesti fór fram milli Gils Guðmundssonar og Hannibals Valdimarssonar, og upp kom hlutur hins fyrrnefnda. Samkv. því lýsti forseti yfir, að kjörnir væru sem aðalmenn:

Sigurður Bjarnason (A),
Ólafur Jóhannesson (B),
Birgir Kjaran (A),
Pétur Benediktsson (A),
Þórarinn Þórarinsson (B),
Gylfi Þ. Gíslason (A),
Gils Guðmundsson (C).

Við kosningu varamanna komu fram þrír listar. Á A-lista voru MÁM, GunnG, GuðlG, BGr; á B-lista EystJ, JSk, BJ; á C-lista MK. — A-listi hlaut 32 atkv., B-listi 21 atkv., C-listi 7 atkv. Hlutkesti fór fram milli

Björns Jónssonar og Magnúsar Kjartanssonar, og upp kom hlutur hins fyrrnefnda. Samkv. því lýsti forseti yfir, að kjörnir væru sem varamenn:

Matthías Á. Mathiesen (A),
Eysteinn Jónsson (B),
Gunnar Gíslason (A),
Guðlaugur Gíslason (A),
Jón Skaftason (B),
Benedikt Gröndal (A),
Björn Jónsson (B).

3. Allsherjarnefnd.

Við kjör nefndarmanna komu fram þrír listar. Á A-lista voru MB, FÞ, JP, BrS; á B-lista GíslG, VH; á C-lista GeirG. — Þar sem ekki voru fleiri tilnefndir en kjósa skyldi, lýsti forseti yfir, að kjörnir væru án atkvgr.:

Matthías Bjarnason (A),
Gísli Guðmundsson (B),
Friðjón Þórðarson (A),
Jónas Pétursson (A),
Vilhjálmur Hjálmarsson (B),
Bragi Sigurjónsson (A),
Geir Gunnarsson (C).

Þingfararkaupsnefnd.

Á sama fundi fór fram kosning þingfararkaupsnefndar.

Fram komu tveir listar, sem á voru samtals jafnmörg nöfn og menn skyldi kjósa. Samkv. því lýsti forseti yfir, að kjörnir væru án atkvgr.:

Jónas Pétursson (A),
Halldór E. Sigurðsson (B),
Jónas G. Rafnar (A),
Gunnar Gíslason (A),
Bjarni Guðbjörnsson (B),
Jón Þorsteinsson (A),
Björn Jónsson (B).

B.
Í efri deild.

Að loknum fyrsta fundi í sameinuðu þingi, 14. okt., var fyrsti fundur efri deildar settur af aldursforseta, Pétri Benediktssyni, 4. þm. Reykn.

Deildina skipuðu þessir menn:

1. Auður Auðuns, 2. þm. Reykv.
2. Ásgeir Bjarnason, 1. þm. Vesturl.
3. Bjarni Guðbjörnsson, 3. þm. Vestf.
4. Björn Fr. Björnsson, 4. þm. Sunnl.
5. Björn Jónsson, 4. þm. Norðurl. e.
6. Eggert G. Þorsteinsson, 8. þm. Reykv.
7. Einar Ágústsson, 11. þm. Reykv.
8. Gils Guðmundsson, 5. þm. Reykn.
9. Jón Árnason, 3. þm. Vesturl.
10. Jón Ármann Héðinsson, 5. landsk. þm.
11. Jón Þorsteinsson, 3. landsk. þm.
12. Jónas G. Rafnar, 2. þm. Norðurl. e.
13. Karl Guðjónsson, 6. þm. Sunnl.
14. Magnús Jónsson, 6. þm. Norðurl. e.
15. Ólafur Björnsson, 12. þm. Reykv.
16. Ólafur Jóhannesson, 3. þm. Norðurl. v.
17. Páll Þorsteinsson, 2. þm. Austf.
18. Pétur Benediktsson, 4. þm. Reykn.
19. Steinþór Gestsson, 5. þm. Sunnl.
20. Sveinn Guðmundsson, 7. landsk. þm.

Allir framantaldir þingmenn voru til þings komnir og sátu fundinn.

Kosning forseta og skrifara.

Þá var gengið til forsetakosningar. Kosningu hlaut

Jónas G. Rafnar, 2. þm. Norðurl. e., með 10 atkv., en 8 seðlar voru auðir.

Hinn kjörni forseti gekk nú til forsetastóls og tók við fundarstjórn. Lét hann fyrst fara fram kosningu fyrri varaforseta. Kosningu hlaut

Jón Þorsteinsson, 3. landsk. þm., með 10 atkv., en 8 seðlar voru auðir.

Annar varaforseti var kosinn

Jón Árnason, 2. þm. Vesturl., með 10 atkv., en 8 seðlar voru auðir.

Þessu næst voru kosnir skrifarar deildarinnar, að viðhafðri hlutfallskosningu. Fram komu tveir listar. Á A-lista var StG, á B-lista BGuðbj. — Samkv. því lýsti forseti yfir, að kjörnir væru án atkvgr.:

Steinþór Gestsson, 5. þm. Sunnl., og
Bjarni Guðbjörnsson, 3. þm. Vestf.

Sætaskipun.

Loks var hlutað um sæti deildarmanna samkv. þingsköpum, og fór sætahlutunin á þessa leið:

6.	sæti	hlaut	Björn Jónsson.
7.	—	—	Karl Guðjónsson.
8.	—	—	Ólafur Björnsson.
9.	—	—	Jón Þorsteinsson.
10.	—	—	Jón Ármann Héðinsson.
11.	—	—	Jón Árnason.
12.	—	—	Auður Auðuns.
13.	—	—	Ásgeir Bjarnason.
14.	—	—	Einar Ágústsson.
15.	—	—	Ólafur Jóhannesson.
16.	—	—	Pétur Benediktsson.
17.	—	—	Páll Þorsteinsson.
18.	—	—	Sveinn Guðmundsson.
19.	—	—	Björn Fr. Björnsson.
20.	—	—	Gils Guðmundsson.

Kosning fastanefnda.

Á 2. fundi deildarinnar 15. okt., var tekin til meðferðar kosning í fastanefndir samkv. 16. gr. þingskapa.

Við kosningu nefndanna komu fram tveir eða þrír listar með jafnmörgum nöfnum samtals og menn skyldi kjósa hverju sinni. Kosningar fóru því fram án atkvgr., og urðu nefndir svo skipaðar:

1. Fjárhagsnefnd.

Ólafur Björnsson (A),
Einar Ágústsson (B),
Pétur Benediktsson (A),
Sveinn Guðmundsson (A),
Bjarni Guðbjörnsson (B),
Jón Árm. Héðinsson (A),
Björn Jónsson (B).

2. Samgöngumálanefnd.
Jónas G. Rafnar (A),
Ásgeir Bjarnason (B),
Jón Árnason (A),
Steinþór Gestsson (A),
Páll Þorsteinsson (B),
Jón Árm. Héðinsson (A),
Karl Guðjónsson (C).

3. Landbúnaðarnefnd.
Steinþór Gestsson (A),
Ásgeir Bjarnason (B),
Jónas G. Rafnar (A),
Jón Árnason (A),
Páll Þorsteinsson (B),
Jón Þorsteinsson (A),
Karl Guðjónsson (C).

4. Sjávarútvegsnefnd.
Jón Árnason (A),
Ólafur Jóhannesson (B),
Pétur Benediktsson (A),
Sveinn Guðmundsson (A),
Bjarni Guðbjörnsson (B),
Jón Árm. Héðinsson (A),
Gils Guðmundsson (C).

5. Iðnaðarnefnd.
Jónas G. Rafnar (A),
Björn Fr. Björnsson (B),
Auður Auðuns (A),
Sveinn Guðmundsson (A),
Einar Ágústsson (B),
Jón Árm. Héðinsson (A),
Gils Guðmundsson (C).

6. Heilbrigðis- og félagsmálanefnd.
Auður Auðuns (A),
Ásgeir Bjarnason (B),
Steinþór Gestsson (A),
Ólafur Björnsson (A),
Björn Fr. Björnsson (B),
Jón Þorsteinsson (A),
Björn Jónsson (B).

7. Menntamálanefnd.
Auður Auðuns (A),
Ólafur Jóhannesson (B),
Ólafur Björnsson (A),
Steinþór Gestsson (A),
Páll Þorsteinsson (B),
Jón Þorsteinsson (A),
Gils Guðmundsson (C).

8. Allsherjarnefnd.
Pétur Benediktsson (A),
Björn Fr. Björnsson (B),
Auður Auðuns (A),
Sveinn Guðmundsson (A),
Einar Ágústsson (B),
Jón Þorsteinsson (A),
Karl Guðjónsson (C).

C.
Í neðri deild.

Fyrsti fundur neðri deildar var settur af aldursforseta, Sigurvin Einarssyni, 1. þm. Vestf., að loknum fyrsta fundi í sameinuðu þingi, 14. okt.

Deildina skipuðu þessir menn:

1. Ágúst Þorvaldsson, 2. þm. Sunnl.
2. Benedikt Gröndal, 5. þm. Vesturl.
3. Birgir Finnsson, 5. þm. Vestf.
4. Birgir Kjaran, 7. þm. Reykv.
5. Bjarni Benediktsson, 1. þm. Reykv.
6. Bjartmar Guðmundsson, 11. landsk. þm.
7. Björn Pálsson, 5. þm. Norðurl. v.
8. Bragi Sigurjónsson, 9. landsk. þm.
9. Eðvarð Sigurðsson, 2. landsk. þm.
10. Emil Jónsson, 3. þm. Reykn.
11. Eysteinn Jónsson, 1. þm. Austf.
12. Friðjón Þórðarson, 4. þm. Vesturl.
13. Geir Gunnarsson, 6. landsk. þm.
14. Gísli Guðmundsson, 1. þm. Norðurl. e.
15. Guðlaugur Gíslason, 3. þm. Sunnl.
16. Gunnar Gíslason, 2. þm. Norðurl. v.
17. Gylfi Þ. Gíslason, 3. þm. Reykv.
18. Halldór E. Sigurðsson, 3. þm. Vesturl.
19. Hannibal Valdimarsson, 9. þm. Reykv.
20. Ingólfur Jónsson, 1. þm. Sunnl.
21. Ingvar Gíslason, 3. þm. Norðurl. v.
22. Jóhann Hafstein, 5. þm. Reykv.
23. Jón Skaftason, 2. þm. Reykn.
24. Jónas Árnason, 4. landsk. þm.
25. Jónas Pétursson, 3. þm. Austf.
26. Lúðvík Jósefsson, 4. þm. Austf.
27. Magnús Kjartansson, 6. þm. Reykv.
28. Matthías Bjarnason, 4. þm. Vestf.
29. Matthías Á. Mathiesen, 1. þm. Reykn.
30. Pálmi Jónsson, 4. þm. Norðurl. v.
31. Pétur Sigurðsson, 10. þm. Reykv.
32. Sigurður Bjarnason, 2. þm. Vestf.
33. Sigurður Ingimundarson, 1. landsk. þm.
34. Sigurvin Einarsson, 1. þm. Vestf.
35. Skúli Guðmundsson, 1. þm. Norðurl. v.
36. Stefán Valgeirsson, 5. þm. Norðurl. e.
37. Steingrímur Pálsson, 8. landsk. þm.
38. Sverrir Júlíusson, 10. landsk. þm.
39. Vilhjálmur Hjálmarsson, 5. þm. Austf.
40. Þórarinn Þórarinsson, 4. þm. Reykv.

Kosning forseta og skrifara.

Var nú gengið til forsetakosningar. Kosningu hlaut

Sigurður Bjarnason, 2. þm. Vestf., með 20 atkv., en 19 seðlar voru auðir.

Hinn kjörni forseti tók nú við fundarstjórn og lét fyrst fara fram kosningu fyrri varaforseta. Kosningu hlaut

Benedikt Gröndal, 5. þm. Vesturl., með 22 atkv. — Halldór E. Sigurðsson, 3. þm. Vesturl., hlaut 1 atkv., en 17 seðlar voru auðir.

Annar varaforseti var kosinn

Matthías Á. Mathiesen, 1. þm. Reykn., með 21 atkv., en 19 seðlar voru auðir.

Þessu næst voru kosnir skrifarar deildarinnar, að viðhafðri hlutfallskosningu. Fram komu tveir listar. Á A-lista var FÞ, á B-lista IG. — Samkv. því lýsti forseti yfir, að kjörnir væru án atkvgr.:

Ingvar Gíslason, 3. þm. Norðurl. e., og
Friðjón Þórðarson, 4. þm. Vesturl.

Sætaskipun.

Loks var hlutað um sæti deildarmanna samkv. þingsköpum, og fór sætahlutunin á þessa leið:

9.	sæti	hlaut	Pálmi Jónsson.
10.	—	—	Halldór E. Sigurðsson.
11.	—	—	**Skúli Guðmundsson.**
12.	—	—	Sigurvin Einarsson.
13.	—	—	Jón Skaftason.
14.	—	—	Vilhjálmur Hjálmarsson.
15.	—	—	Jónas Árnason.
16.	—	—	Steingrímur Pálsson.
17.	—	—	Geir Gunnarsson.
18.	—	—	Birgir Finnsson.
19.	—	—	Matthías Á. Mathiesen.
20.	—	—	Guðlaugur Gíslason.
21.	—	—	Bjartmar Guðmundsson.
22.	—	—	Birgir Kjaran.
23.	—	—	Magnús Kjartansson.

24. — — Eðvarð Sigurðsson.
25. — — Sigurður Ingimundarson.
26. — — Hannibal Valdimarsson.
27. — — Jónas Pétursson.
28. — — Matthías Bjarnason.
29. — — Benedikt Gröndal.
30. — — Gísli Guðmundsson.
31. — — Björn Pálsson.
32. — — Sverrir Júlíusson.
33. — — Þórarinn Þórarinsson.
34. — — Pétur Sigurðsson.
35. — — Gunnar Gíslason.
36. — — Ágúst Þorvaldsson.
37. — — Bragi Sigurjónsson.
38. — — Eysteinn Jónsson.
39. — — Lúðvík Jósefsson.
40. — — Stefán Valgeirsson.

Kosning fastanefnda.

Á 2. fundi deildarinnar, 15. okt., var tekin á dagskrá kosning fastanefnda samkv. 16. gr. þingskapa.

1. Fjárhagsnefnd.

Fram komu þrír listar með jafnmörgum nöfnum samtals og menn skyldi kjósa. Samkv. því lýsti forseti yfir, að kjörnir væru án atkvgr.:

Matthías Á. Mathiesen (A),
Skúli Guðmundsson (B),
Gunnar Gíslason (A),
Guðlaugur Gíslason (A),
Vilhjálmur Hjálmarsson (B),
Sigurður Ingimundarson (A),
Lúðvík Jósefsson (C).

2. Samgöngumálanefnd.

Fram komu þrír listar. Á A-lista voru SB, GuðlG, FÞ, BGr; á B-lista SE, SP, BJ; á C-lista JónasÁ. — A-listi hlaut 21 atkv., B-listi 14 atkv., C-listi 5 atkv. Samkv. því lýsti forseti yfir, að kjörnir væru:

Sigurður Bjarnason (A),
Sigurvin Einarsson (B),
Guðlaugur Gíslason (A),
Friðjón Þórðarson (A),
Steingrímur Pálsson (B),
Benedikt Gröndal (A),
Jónas Árnason (C).

3. Landbúnaðarnefnd.

Fram komu þrír listar með jafnmörgum nöfnum samtals og menn skyldi kjósa. Samkv. því lýsti forseti yfir, að kjörnir væru án atkvgr.:

Jónas Pétursson (A),
Stefán Valgeirsson (B),
Bjartmar Guðmundsson (A),
Pálmi Jónsson (A),
Vilhjálmur Hjálmarsson (B),
Benedikt Gröndal (A),
Eðvarð Sigurðsson (C).

4. Sjávarútvegsnefnd.

Fram komu þrír listar með jafnmörgum nöfnum samtals og menn skyldi kjósa. Samkv. því lýsti forseti yfir, að kjörnir væru án atkvgr.:

Sverrir Júlíusson (A),
Jón Skaftason (B),
Pétur Sigurðsson (A),
Guðlaugur Gíslason (A),
Björn Pálsson (B),
Birgir Finnsson (A),
Lúðvík Jósefsson (C).

5. Iðnaðarnefnd.

Fram komu þrír listar með jafnmörgum nöfnum samtals og menn skyldi kjósa. Samkv. því lýsti forseti yfir, að kjörnir væru án atkvgr.:

Matthías Á. Mathiesen (A),
Þórarinn Þórarinsson (B),
Pétur Sigurðsson (A),
Pálmi Jónsson (A),
Gísli Guðmundsson (B),
Sigurður Ingimundarson (A),
Eðvarð Sigurðsson (C).

6. Heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Fram komu þrír listar. Á A-lista voru GuðlG, MB, FÞ, BrS; á B-lista JSk, HV, SV; á C-lista JónasÁ. — A-listi hlaut 21 atkv., B-listi 14 atkv., C-listi 5 atkv. Samkv. því lýsti forseti yfir, að kjörnir væru:

Guðlaugur Gíslason (A),
Jón Skaftason (B),
Matthías Bjarnason (A),
Friðjón Þórðarson (A),
Hannibal Valdimarsson (B),
Bragi Sigurjónsson (A),
Jónas Árnason (C).

7. Menntamálanefnd.

Fram komu þrír listar með jafnmörgum nöfnum samtals og menn skyldi kjósa. Samkv. því lýsti forseti yfir, að kjörnir væru án atkvgr.:

Gunnar Gíslason (A),
Sigurvin Einarsson (B),
Bjartmar Guðmundsson (A),
Birgir Kjaran (A),
Hannibal Valdimarsson (B),
Benedikt Gröndal (A),
Magnús Kjartansson (C).

8. Allsherjarnefnd.

Fram komu þrír listar með jafnmörgum nöfnum samtals og menn skyldi kjósa. Samkv. því lýsti forseti yfir, að kjörnir væru án atkvgr.:

Matthías Bjarnason (A),
Gísli Guðmundsson (B),
Pétur Sigurðsson (A),
Jónas Pétursson (A),
Steingrímur Pálsson (B),
Bragi Sigurjónsson (A),
Magnús Kjartansson (C).

Lagafrumvörp samþykkt.

1. Ráðstafanir vegna nýs gengis.

Á 12. fundi í Nd., 11. nóv., var útbýtt:

Frv. til l. um ráðstafanir vegna ákvörðunar Seðlabanka Íslands um nýtt gengi íslenzkrar krónu [52. mál] (stjfrv., A. 59).

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 21 shlj. atkv.

Forsrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Á undanförnum tveimur árum hefur þjóðarbúskapur Íslendinga orðið fyrir meira og skyndilegra áfalli en nokkru sinni fyrr á þessari öld. Verðlag útflutningsafurða hefur lækkað stórlega og afli brugðizt, einkum á síldveiðum. Verðmæti útflutningsframleiðslunnar hefur af þessum sökum minnkað um allt að 45% milli áranna 1966 og 1968. Þar sem erlendur kostnaður við öflun þessa verðmætis hefur ekki minnkað að sama skapi, hefur innlendur hluti framleiðsluverðmætisins minnkað enn meira, eða um eða yfir 55%. M. ö. o. hrein minnkun gjaldeyristekna af sjávarútvegi nemur svo miklu. Útflutningsframleiðslan á mann mun ekki verða öllu meiri á árinu 1968 en hún var fyrir 12 árum eða árið 1956. Útlit er fyrir, að raunverulegar þjóðartekjur á mann muni á árinu 1968 verða um 15% lægri en á árinu 196., en þetta jafngildir því, að þær verði ívið lægri en raunverulegar þjóðartekjur á mann voru á árinu 1963. Lífskjör þjóðarinnar, er bezt koma fram í einkaneyzlu hennar, hafa hins vegar breytzt miklu minna. Einkaneyzlan helzt óbreytt á árinu 1967, frá því sem hún var á árinu 1966, en mun á þessu ári minnka um tæp 8% á mann og verða svipuð og hún var á árunum 1964 og 1965. Þetta ósamræmi hefur leitt til þess, að gjaldeyrisforði þjóðarinnar er nú genginn til þurrðar. Vonir manna um, að verðlag og aflabrögð bötnuðu á ný, hafa brugðizt, og verður nú með engu móti komizt hjá mun róttækari ráðstöfunum en áður. Seðlabankinn hefur þess vegna í dag að fengnu samþykki ríkisstj. ákveðið nýtt gengi krónunnar. Gengi íslenzku krónunnar lækkar um 35%, svo að í dollar verða 88 kr. Fréttatilkynningin hljóðar svo:

„Bankastjórn Seðlabankans hefur að höfðu samráði við bankaráð og að fengnu samþykki ríkisstj. ákveðið nýtt stofngengi íslenzkrar krónu, og tekur það gildi frá kl. 9 á morgun, hinn 12. nóvember 1968. Er í dag að vænta staðfestingar stjórnar Alþjóðagjaldeyrissjóðsins á ákvörðun þessari. Hið nýja stofngengi er 88 ísl. kr. hver bandarískur dollar, en það er 35.2% lækkun frá því gengi, sem í gildi hefur verið. Jafnframt hefur verið ákveðið, að kaupgengi hvers dollars skuli vera 87.90 kr. og sölugengi 88.10, en kaup- og sölugengi annarra mynta í samræmi við það. Ráðgert er, að Seðlabankinn birti fyrir opnun bankanna á morgun, þriðjudaginn 12. nóvember, nýja gengisskráningu fyrir allar myntir, er skráðar hafa verið hér á landi að undanförnu, en þangað til slík gengisskráning hefur verið birt, helzt sú stöðvun gjaldeyrisviðskipta, er tilkynnt var af Seðlabankanum í gær."

Þannig hljóðaði þessi fréttatilkynning frá Seðlabankanum. Grg. hans skal ég ekki lesa.

Frv. það, sem hér er til umr., fjallar um þær tæknilegu ráðstafanir, sem gera þarf í því skyni, að sem minnst truflun verði á viðskiptum. Það eru tilmæli ríkisstj., að frv. hljóti þegar í dag afgreiðslu hins háa Alþ. Skal ég þess vegna mjög stytta mál mitt og einungis gera örstutta grein fyrir þeim helztu ráðstöfunum, sem ríkisstj. telur þörf á í þessu sambandi umfram þær, sem í þessu frv. eru taldar. Von mín er sú, að till. um slíkar viðbótarráðstafanir verði unnt að leggja fyrir Alþ. innan fárra daga, og gefst þá tækifæri til ýtarlegra umr. um öll þessi mál í heild. Eðlilegt er, að hluta þeirra verði útvarpað í samræmi við ákvæði þingskapa, og ættu þær umr. að geta farið fram í fyrri hluta næstu viku, eftir því sem samkomulag næst um.

Það var höfuðeinkenni efnahagsþróunarinnar á uppgangsárunum fram til 1966, að hinum mikla tekjuauka, sem í þjóðarbúið barst, var jafnóðum dreift meðal alls almennings honum til lífskjarabóta. Af þessum sökum verður það með engu móti umflúið, að tekjurýrnun þjóðarinnar nú bitni á þeim, sem áður hlutu megnið af aukningunni. Framhjá þessu hefði eigi orðið komizt, hvaða leið sem valin hefði verið. Þetta á jafnt við um gengisbreytingu eins og önnur úrræði. Hún getur ekki orðið atvinnulífinu til þeirrar örvunar, sem nú er öllu öðru fremur þörf á, nema hafður verði hemill á launahækkunum á meðan áhrif hennar eru að koma fram. Till. stjórnarinnar eru því þær, að verðlagsuppbætur verði ekki greiddar umfram

þær hækkanir, sem verða hinn 1. desember n. k. vegna verðlagsins 1. nóvember s. l., nema nýtt allsherjarsamkomulag verði gert um slíkar greiðslur á milli launþega og vinnuveitenda. Ætlazt er til þess, að menn hljóti fullar uppbætur fyrir það, sem þegar er orðið, þ. á m. þau áhrif 20% gjaldsins, sem fram voru komin hinn 1. nóvember. Fyrirhuguð breyting er sú, að menn fái ekki sjálfkrafa uppbætur fyrir þær hækkanir, sem héðan í frá verða og fyrst mundu koma til framkvæmda frá 1. marz n. k. samkv. gildandi kaupsamningum, sem segja má upp frá 1. janúar n. k., heldur þurfi nýir samningar til að koma. Ríkisstj. hyggst jafnframt beita sér fyrir, að sem fyrst hefjist viðræður um nýja samningsgerð milli verkalýðs, vinnuveitenda og fulltrúa ríkisvaldsins. Einnig verði efnt til samninga við bændasamtökin í því skyni að reyna að fá neytendur til þess að taka á ný fullan þátt í verðákvörðun á búvörum og til að tryggja, að hún sé ætíð í samræmi við almenna launaþróun í landinu. Í öllum þessum samningum verði höfuðáherzla lögð á að halda verðlagsþróun í skefjum og gera raunhæfar ráðstafanir til þess að koma í veg fyrir atvinnuleysi. Þetta tvennt er svo nátengt, að nú er vonlaust að ná hinu síðartalda nema hið fyrrnefnda takist. En ríkisstj. lýsir sig fúsa til þess í samráði við verkalýðshreyfinguna að beita sér fyrir beinum framkvæmdum til atvinnuaukningar, þar sem þess reynist þörf, eftir því sem fjár reynist unnt að afla í því skyni. Í þessu sambandi hlýtur fjáröflun til nauðsynlegra íbúðabygginga að verða í fremstu röð. Jafnframt mun ríkisstj. fús að athuga, hvort unnt sé að breyta skattalögum og gera aðrar ráðstafanir, sem leiði til tekjujöfnunar meðan núverandi erfiðleikar vara. Ríkisstj. hefur nú þegar ákveðið að beita sér fyrir hækkunum bóta almannatrygginga, sem nema 150 millj. kr., og verði síðan leitað samkomulags um og ákveðið, hverjar bætur verði hækkaðar, enda sé að því stefnt að bæta helzt hag hinna lakast settu. Forsenda þess, að nokkur fyrirgreiðsla af hálfu ríkisvaldsins til sjávarútvegsins komi að gagni, verði viðráðanleg og haggi ekki tekjujafnvægi úr hófi, er, að hún renni fyrst og fremst til sjálfs atvinnurekstrarins. Þetta á jafnt við um uppbætur og gengisbreytingu. Þess vegna verður að tryggja með löggjöf, að a. m. k. sá aukni rekstrarkostnaður, sem leiðir af gengislækkuninni, ásamt útvíkkun stofnsjóðsgjalds til síldarútvegs, sé dreginn frá áður en til hlutaskipta kemur. Jafnframt verður þó ætíð að tryggja, að hlutarsjómenn njóti a. m. k. sambærilegra kauphækkana og í landi verða vegna mikilvægis starfa þeirra og hættunnar, sem þeim fylgir.

Þá er ráðgert nú sem fyrr, að settar verði reglur um það, að gengishagnaði á hérlendum birgðum útflutningsvara verði varið til hags þeirri atvinnugrein, þar sem gjaldeyrisins hefur verið aflað, en ekki látinn haldast hjá þeim, sem af tilviljun kann að vera eigandi útflutningsvörunnar, þegar gengisbreytingin fer fram. Um þetta þarf að setja sérstök lagaákvæði og m. a. kveða á um ráðstafanir til aðstoðar þeim, sem harðast verða úti af skuldahækkun vegna kaupa á fiskiskipum erlendis. Tekjuhrunið í útflutningnum hefur óhjákvæmilega skapað mikla rekstrarfjárörðugleika, sem enn hljóta að magnast, þegar verðhækkanir af völdum gengislækkunarinnar falla á. Mikið liggur við, að bankarnir og aðrar fjármálastofnanir bregðist við þessum vanda með samhentu átaki. Enginn efi er á, að nánara samstarfs þessara aðila er þörf, og fyrir því vill ríkisstj. beita sér. Slíkt hið sama á sér raunar stað og þó e. t. v. í enn ríkara mæli um fjárfestingarlánastofnanirnar, og er ekki um að villast að samræma þarf störf þeirra betur en verið hefur, svo að fjármagn, sem til ráðstöfunar er, komi að sem beztum notum, enda eru því miður ekki líkur til þess, að í bráð þurfi að hamla á móti of mikilli fjárfestingu, heldur koma í veg fyrir, að hún dragist um of saman. Eins er það ljóst, að gengisbreytingin hlýtur mjög að draga úr innflutningi og annarri gjaldeyriseyðslu, svo sem utanlandsferðum. Ætlunin er og einmitt sú að stuðla einnig með þessum hætti að nauðsynlegum viðskiptajöfnuði. Sennilega verða samdráttaráhrifin svo mikil, að ekki reynist þörf á frekari ráðstöfun til að hamla á móti innflutningi. En ef á annan veg reynist, eru fyrir hendi nægar heimildir til þess að stöðva innflutning á þeim vörum, sem helzt má án vera, og svo mun verða gert, ef skynsamlegt þykir. En nýtt innflutningshaftakerfi telur ríkisstj., að muni verða til ills eins.

Innlendur iðnaður mun hljóta stóraukna örvun við gengisbreytinguna. Út af fyrir sig væri því ástæða til að endurskoða verndartolla, sem iðnaðurinn nýtur nú, í því skyni að ekki eflist starfræksla, sem til lengdar mundi verða þjóðinni til þyngsla. Hér er hins vegar um margþætt mál að ræða, sem taka verður til rækilegrar endurskoðunar, og mun svo gert á næstu mánuðum. Ríkisstj. mun hins vegar ekki hika við nauðsynlegar ráðstafanir til að koma í veg fyrir, að haldið verði uppi óeðlilegri samkeppni við lítt verndaðan eða óverndaðan iðnað, sem okkur er nú þörf á vegna atvinnuástandsins, ef gengisbreytingin nægir ekki til þessa. Því miður er þess vart að vænta, að vel fari, nema stöðvun á hækkun kaupgjalds standi um eins árs bil. En eitt af því, sem leita ber eftir í væntanlegri samningsgerð, er að finna leið til þess, að í framtíðinni fylgi laun raunverulegri hækkun þjóðartekna og geti launþegar orðið þeirrar hækkunar aðnjótandi átakalaust. Þá er og tímabært að setja viðtæka löggjöf um verðjöfnunarsjóð fyrir sjávarútveginn.

Um sjálft það frv., sem hér liggur fyrir, þarf ekki að fara mörgum orðum. Það er mjög í samræmi við það, sem lögfest hefur verið við fyrri gengisbreytingar. Þó er rétt að vekja athygli á því, að nokkur ný ákvæði eru nú, vegna þess að 20% gjaldið, sem lögfest var með brbl. í haust, er fellt inn í gengisbreytinguna, ef svo má segja, og því er eðlilegt, að nú séu ráðstafanir, sem gera þarf af þessu tilefni, allar teknar með einni löggjöf, en ekki verði héðan í frá sett sérlöggjöf um innflutningsgjaldið, en löggjöfin, sem á þarf að halda í framtíðinni varðandi það gjald, verði felld inn í þetta lagafrv. Flest eru ákvæðin tæknileg og beinast að því, að viðskipti geti hafizt ótrufluð aftur á morgun, og liggur mikið við, að svo geti tekizt. Það hefur þegar verið haft samráð við hv. stjórnarandstæðinga og þeir tekið liðlega í það að greiða fyrir framgangi þessa frv. á skömmum tíma, en að sjálfsögðu áskilja þeir sér rétt til umr. um málin í heild nægilega ýtarlega, þegar þar að kemur, eins og ég vék áður að í ræðu minni.

Það er ástæða til þess að vekja athygli á breytingum, sem gerðar eru á 2. gr. frv., frá því sem hefur verið í

hliðstæðum l. áður. Það er ákveðið enn eins og fyrr sem almenn regla, að ekki megi hækka verð á birgðum, vörum, sem hér eru og búið er að greiða með því gengi, sem hingað til hefur verið í gildi. En jafnframt eru sett inn sams konar ákvæði eins og voru í l. um 20% gjaldið til þess að kveða á um, hvaða áhrif sjálf gengisbreytingin hafi á álagningarreglurnar í því skyni, að ekki þurfi að verða töf á afgreiðslum af þessum sökum. Jafnframt eru svo gerð sérákvæði um þá flokka, sem hafa verið í allra lægstri álagningu, einfaldlega vegna þess að vandræði hafa verið vaxandi við það að útvega þá nauðsynjavöru til landsins með þeim álagningarreglum, sem hingað til hafa gilt og mundu koma enn harðar niður nú eftir gengisbreytinguna, ef þessi sérákvæði væru ekki sett.

Önnur ákvæði hygg ég vera í samræmi við það, sem menn þekkja frá fyrri tíð, og sé ég ekki ástæðu til þess að fjölyrða um þau. Eins og kunnugt er, báru þær umr. um lausn vandamálanna, sem fram hafa farið á milli stjórnmálaflokkanna, ekki þann árangur, að heildarsamkomulag fengist. Að sjálfsögðu mun hver flokkur gera grein fyrir sinni afstöðu til mála og þar með til þessara umr., eftir því sem hann telur ástæðu til. En ég vil vænta þess, að þó að ekki næðist samkomulag um heildarlausn, geti orðið samkomulag um einstaka þætti vandamálanna, og stjórnin mun eftir föngum leggja sig fram um, að slíkt samkomulag geti náðst sem allra víðtækast.

Ég skal ekki frekar en ég hef gert fjölyrða um málið né rekja ástæður þeirra örðugleika, sem við nú eigum við að etja. Til þess gefst ærið færi síðar. Óhagganleg staðreynd er, að við höfum nú orðið fyrir meira áfalli í efnahagsmálum heldur en áður á þessari öld, heldur en á þeim árum, sem núlifandi menn muna, hygg ég óhætt að segja, og Íslendingar hafa búið við nútímaþjóðfélag. Það má bregðast við þessum vanda með ýmsum hætti. Við skulum játa, að í dag erum við í vörn gegn bráðri neyð, en ég vonast til þess, að við berum allir gæfu til þess að halda þannig á málum, að vörn verði snúið upp í sókn til þjóðarheilla.

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. Forsrh. hæstv. hefur nú tilkynnt, að ríkisstj. hafi enn og nú í 4. sinn látið fella krónuna og nú miklu mest eða 35.4%, sem jafngildir hvorki meira né minna en 54.5% hækkun á erlendum gjaldeyri.

Verðstöðvunarstjórnin reisir enn eina dýrtíðaröldu, tröllauknari en nokkru sinni fyrr. Á einu og sama árinu hefur þessi stjórn, verðstöðvunarstjórnin, hækkað verð á erlendum gjaldeyri frá 76% til 104%, eftir því hvort miðað er við pund eða dollar, en verðið á erlenda gjaldeyrinum er undirstaða alls verðlags í landinu. Jafnframt er ætlazt til þess, eftir því sem hæstv. forsrh. sagði, að almenningur taki á sig óbætta þá heljar holskeflu dýrtíðar, sem af þessu mun leiða frá 1. nóvember s. l. Í því skyni að fá þessu framgengt segist ríkisstj. á næstu dögum ætla að beita sér fyrir því að afnema l. eða nema úr gildi alla kjarasamninga.

Auðvitað er þessi stefna algerlega óframkvæmanleg, eða telja menn hugsanlegt, að þeir, sem búa við almenn kjör, geti tekið á sig jafntröllaukna kjaraskerðingu og af þessu mundi leiða? Hæstv. ríkisstj. hefur ekki látið svo lítið að hafa nokkurt samráð við launþegasamtökin, áður en hún gefur þessa yfirlýsingu. Jafngildir þetta yfirlýsingu um ófrið á vinnumarkaðinum og vinnudeilur á næstunni.

Lýsing hæstv. ríkisstj. á því, hvernig komið er í þjóðarbúinu, er ljót. Fyrir nokkrum dögum var t. d. tilkynnt, að allur gjaldeyrir væri gersamlega þrotinn, og það var notað þetta orð, þrotinn. Allar þessar lýsingar hæstv. ríkisstj. og þessi tilkynning minna menn á gamla úttektargerð, sem fram fór á einu prestssetri í landinu endur fyrir löngu og þjóðfræg hefur orðið, en hún endaði þannig: „kúgildin kveður prestur sig upp étið hafa".

Mundi þessi lýsing ekki vera nokkuð nærri lagi á því, hvernig nú er ástatt í þjóðarbúinu við þennan merkilega áfanga, sem nú verður í sögu „Viðreisnarinnar"? Fyrir 1½ ári voru alþingiskosningar á Íslandi. Það var kosið um verðstöðvun og blómlegt atvinnulíf á traustum grunni „Viðreisnarinnar" og ríkisstj. skreið á þessum fögru fyrirheitum. Það var 1967, fyrir 1½ ári síðan, en þá var komið afurðaverðlag eins og við höfum átt að venjast undanfarið, að undanskildum tveimur toppárum, og aflinn orðinn aftur líkur því, sem við höfum átt að venjast. Einmitt við slíkar aðstæður, ekki ólíkar því, sem við höfum búið við síðan, var lofað verðstöðvun og blómlegu atvinnulífi á traustum grunni. Við vissum, að þetta var ósatt, og þeir, sem lofuðu þessu, vissu líka, að þetta var blekking. Þetta var ekki hægt og átti sér enga stoð í veruleikanum. Við vissum, að allt efnahagslífið var holgrafið og helsjúkt, en því var leynt með tröllauknum lántökum erlendis og lausaskuldasöfnun erlendis, sem kölluð var gjaldeyrisvarasjóður.

Nú er svo komið, að nettóskuldir erlendis eru sem næst 9 milljarðar kr. á móti 3 milljörðum kr. reiknað með sama gengi, sem þær voru 1958. En reiknað með nýja viðreisnargenginu eru þessar skuldir nálega 13½ milljarður, og árlegar greiðslur af þessum lánum eru nú orðnar miklu meiri hluti af gjaldeyristekjum íslenzku þjóðarinnar eða gjaldeyrisvonum íslenzku þjóðarinnar en nokkurn tíma hefur áður þekkzt í sögu landsins. Þó var okkur sagt, að viðreisnin væri fyrst og fremst sett á fót vegna þess að það þyrfti nýja stefnu til þess að stöðva óhóflega skuldasöfnun við útlönd, sem væri orðin óbærileg. En hvað hefur gerzt?

Með þessu er þó ekki sagður nema einn lítill þáttur úr mikilli sögu, að skuldabyrðin við útlönd hefur verið *þrefölduð. Undan atvinnulífinu hefur samtímis verið* grafið á þann hátt, sem hlaut að koma fram innan stundar, enda byrjaði ballið strax eftir kosningarnar. Þá byrjaði strax framkvæmd „verðstöðvunarinnar." Strax sumarið 1967 voru ráðh. óþreytandi við að reikna út, hversu mikið þyrfti að hækka verðlagið, því að sá var ómjúkur, sem á eftir rak, og það voru staðreyndirnar, sem hafði verið haldið leyndum í kosningunum. Fyrsta skrefið voru stórfelldar álögur, sem áttu að verða uppbætur. Næsta skrefið var gengislækkunin í nóvember í fyrra, sem sögð var reiknuð út á sérlega vísindalegum grundvelli og mundi færa málefni landsins í skynsamlegt horf og greiða úr vandræðum atvinnuveganna. En síðan kom eftir áramótin nýtt stórfellt uppbótakerfi, og í vor, þegar átti að fara að gera út á síldina, dugði ekki gengislækkunin og ekki nýja uppbótarkerfið heldur.

Þá varð að gefa út loforð til síldveiðiflotans um veruleg framlög úr ríkissjóði á þessu ári til viðbótar.

Bullandi halli var á ríkisrekstrinum 1967, sjálft kosningaárið, og á þessu ári hefur sá halli haldið áfram og farið sífellt vaxandi. Við sögðum það í fyrrahaust, þegar núverandi ríkisstj. lagði út í þriðju gengislækkunina á sínum stjórnarferli, að óbreyttri stefnu að öllu leyti, að hún mundi byrja strax að safna í næstu gengislækkun. Og hvað hefur orðið? Það hefur vitanlega orðið raunin á, eins og fyrirsjáanlegt var, vegna þess að hér er um að ræða grundvallarmeinsemd í okkar þjóðarbúskap og atvinnulífi, sem ekkert hefur verið reynt að lækna. Við sjáum nú og erum vitni að, að hér er að springa tröllaukið kýli, sem ekki er lengur hægt að leyna, en allt var þó gert til þess að leyna. Og skollaeyrum er enn skellt við öllum uppástungum um breytta stefnu, sem orðið gæti til að horfa tæki í heppilegri átt.

Ég skal rekja aðeins örlítið einstaka þætti í því, hvernig ástatt er. Greiðsluhalli við útlönd á þessu ári er áætlaður einhvers staðar sem næst 1000 milljónir. Gjaldeyriseignin er gjörsamlega þrotin og það verið sérstaklega tilkynnt, eins og ég minnti á áðan, skuldir við útlönd eru orðnar hvorki meira né minna en sem næst 9 milljarðar króna samkvæmt upplýsingum til 8 manna nefndarinnar og hafa þrefaldazt síðan 1958. Ríkissjóður var rekinn með halla árið 1967, og á þessu ári verður gífurlegur greiðsluhalli á ríkisbúskapnum. Reynt hefur verið að halda uppi verklegum framkvæmdum með lántökum á lántökur ofan og farið til útlanda til þess að skrapa saman fé í það að halda gangandi venjulegum verklegum framkvæmdum á vegum ríkissjóðs. T. d. um, hvernig þessi þróun er, má geta þess, að samkv. upplýsingum, sem við höfum aflað okkur, voru ríkislántökur frá 1. sept. 1967 til 1. sept. 1968 eða á tólf mán. nálega 1.200 millj. Skuldir ríkissjóðs jukust sem sé á þessu tímabili um 60%, á einu ári. Og samkv. þeim tölum, sem við höfum fengið, eru þær nú komnar á fjórða milljarð.

Ríkissjóður hefur stóraukið yfirdráttarskuldir sínar hjá Seðlabankanum, og það hefur svo vitanlega orðið til þess að magna kreppuna í atvinnulífinu, því að ríkissjóður hefur sogað til sín fé, sem atvinnulífið átti að fá, til þess að geta gengið. Samkv. yfirliti, sem gert hefur verið um fjárfestingarsjóðina, sem er þó mjög lauslegt, vantar að minnsta kosti 450 millj. inn í þá, svo nokkur von sé til þess, að þeir geti haldið uppi álíka lánastarfssemi á næsta ári og í ár.

Talið er, að uppbætur til sjávarútvegsins á þessu ári muni ekki verða fjarri 700 millj., en þó er það dæmi óuppgert enn og verður að nefnast með fyrirvara. Frystihúsin dragast áfram, og nær öll önnur fyrirtæki í framleiðslunni eru með óbotnandi lausar skuldir, og ýmsum þeirra hefur þegar verið lokað, önnur sjá sína sæng uppreidda, ef ekki verða neinar skynsamlegar ráðstafanir gerðar í lánamálunum. Lausaskuldir liggja yfir höfuð eins og mara á nálega öllum atvinnufyrirtækjum landsins og flestum þeim fyrirtækjum, sem þjóðin byggir afkomu sína mest á.

Í landbúnaðinum hafa safnazt botnlausar lausaskuldir, þannig að landbrh. hefur gengizt fyrir því, að safnað væri sérstökum upplýsingum um þau mál til þess að fá yfirlit um, hvernig komið er, en þar mun engin von vera til þess að farsællega verði haldið áfram, nema sérstakar ráðstafanir verði gerðar til þess að leysa úr lausaskuldamálunum, og á það einnig við um sjávarútveginn.

Þróunin í iðnaðinum hefur verið mjög óhagstæð, eins og kunnugt er, og hefur iðnaður dregizt saman hröðum skrefum í ýmsum greinum. En í því sambandi er einfaldast að upplýsa, að samkv. skýrslu, sem Efnahagsmálastofnunin hefur gert um þetta efni, kemur þetta fram m. a., með leyfi hv. forseta: „Árin 1964—1967 eru talin hafa verið mikil erfiðleikaár í íslenzkum iðnaði. Mikill vöxtur framleiðslu átti sér stað á árunum '62—'63, um 10% á ári. Á árunum þar á eftir versnaði samkeppnisaðstaða iðnaðarins við erlendan iðnað hins vegar mjög, fyrst og fremst vegna ört hækkandi framleiðslukostnaðar hér á landi," — þ. e. a. s. verðbólgu, það er innskot mitt, — „en einnig að nokkru leyti vegna lækkunar verndartolla og í einstaka greinum vegna afnáms beinna innflutningshafta. Varð þetta til þess, að verulega dró úr framleiðsluaukningu í iðnaðinum, og er hún ekki talin hafa verið meiri en 3—4% á ári 1964—1966 og sennilega engin árið 1967. En á þessum árum jókst fjárfesting í iðnaðinum hins vegar mjög mikið og mun ekki hafa verið meiri í annan tíma en á árunum 1966—1967." Síðan kemur um rekstrarniðurstöður og afkomu iðnaðarins nánar á þessa lund, með leyfi hv. forseta: „hagnaður, þ. e. a. s. brúttóhagnaður iðnaðarins í heild, fór vaxandi 1964—1967. Tekjur hafa aukizt umfram hækkun breytilegs kostnaðar, þannig að vaxandi fjárhæð hefur verið til ráðstöfunar til þess að mæta hækkunum fjármagnskostnaðar í heild sinni, en í öðru lagi, að nettóhagnaður hefur hins vegar farið lækkandi með hverju ári frá 1964—1967. En þessi þróun stendur í nánu sambandi við mikla fjárfestingu í iðnaðinum á þessum árum, sem gerir það að verkum, að afskriftir og vextir aukast mjög, án þess að tekjur aukizt að sama skapi."

Á þessu sjáum við, hvernig iðnaðinum hefur vegnað á þessum árum og hvernig ástatt er fyrir honum. Afkoman hefur á þessum árum farið versnandi og alls ekki orðið sú aukning, sem lífsnauðsynlega þurfti að verða, ef vel átti að fara um þróun atvinnumálanna.

Við þessar staðreyndir, sem ég hef bent á, bætist svo, að atvinnuleysið hefur haldið innreið sína í landið, og nú er geigvænlegt atvinnuleysi framundan samkv. þeim beztu skýrslum, sem hægt er að fá um þau efni.

Nú segir hæstv. forsrh., að það sé ekki von á góðu, vegna þess að þjóðin hafi orðið fyrir meira áfalli í verðlagsbreytingum og aflaleysi en nokkru sinni áður á þessari öld. Í því ljósi verði menn að skoða allt ástandið og ekki kippa sér upp við það, þó illa horfi, og menn verði að taka á sig margvíslega erfiðleika. En hvernig standast þessar fullyrðingar hv. forsrh., sem allur hans málflutningur er byggður á og sem háskalegastar eru, vegna þess að með þeim er verið að reyna að koma í veg fyrir, að þjóðin skilji hinar raunverulegu aðalástæður þess, hversu erfiðlega horfir.

Staðreyndirnar eru þær, að ef tekin eru viðskiptakjör þjóðarinnar út á við, en það eru þau, sem máli skipta í þessu efni, þ. e. a. s. verðlag útflutningsvara samanborið við verðlag innflutningsvara, þá er talið, að vísi-

tala viðskiptakjara muni verða 112 á árinu 1968, þ. e. a. s. á yfirstandandi ári, í stað 118 á árinu 1967. Þetta eru hagstæðari viðskiptakjör en þjóðin hefur oftast áður átt við að búa. Ef maður tekur yfirlit frá árinu 1958, kemur í ljós, að vísitala viðskiptakjara 1958 var 104, vísitala 1959 var 106, vísitala 1960 var 100, vísitala 1961 var 111, 1962 111.7 og 1963 111.9. Síðan kemur vísitala 118 1964, 131 1965, þegar verðlagið hækkar gífurlega, og 1966 131. Síðan aftur 118 1967 og 112 1968. M. ö. o. verðlag það, sem íslenzka þjóðin á við að búa á þessu ári, sem er lægsta árið nú af þessum síðustu 5, er betra en meðaltal síðustu 10 ára, mun betra en meðaltal áranna frá 1958 til 1964. Athugum þessar staðreyndir og þá sjáum við, að við búum við verðlagskjör, viðskiptakjör sem líkust því, sem þjóðin er vönust, og þó í betra lagi. En það eru toppárin 1965 og 1966, sem skera sig úr.

Ef verðbólgustefna ríkisstj. og aðrar aðfarir hennar, sem hafa reynzt óheppilegar fyrir íslenzkt atvinnulíf, hefðu ekki verið búnar að grafa undan íslenzku atvinnuvegunum, hefði ástandið ekki átt að þurfa að vera neitt verulegt vandamál.

Ef litið er á aflabrögðin, kemur í ljós, að afli ársins 1967 er með bezta móti, þegar frá eru skilin aðeins 2 ár, og aflabrögðin í ár verða í heild einna líkust því, sem menn eiga hér að venjast af og til. Það er ákaflega þýðingarmikið, að þjóðin átti sig á þeim blekkingum, sem bornar eru fram í þessu sambandi, vegna þess að það er alveg vonlaust, að fundnar verði aðferðir til þess að bæta úr þessu, ef menn vilja ekki gera sér grein fyrir því, hvernig þjóðin raunverulega er á vegi stödd og að aðalástæðan fyrir því, hvernig komið er, er hvorki aflabrestur né verðfall, þó að það hafi verið erfitt að fá lækkað verð og minni afla en var allra hæst og þá svo hátt, að það er einsdæmi á þessari öld. Þetta hefur valdið nokkrum erfiðleikum, en þetta er ekki aðalástæðan, heldur hitt, hvernig verðbólgu- og eyðslu- og stjórnleysisstefna ríkisstj. hefur leikið íslenzkan þjóðarbúskap. Allt er úr skorðum gengið að segja má og búið að grafa undan atvinnurekstrinum á þann hátt, sem afkoma aðalfyrirtækja landsmanna glögglega sýnir. Þessi stefna, sem hefur leitt út í þessar ógöngur, er sannarlega fullreynd orðin, enda hefur hún leitt til fjögurra gengisfellinga á 8 árum.

Það, sem nú hefði skipt mestu fyrir íslenzku þjóðina, hefði verið, að ríkisstj. hefði fengizt til þess að viðurkenna, hvernig komið var, og að hún hefði sagt af sér eins og sjálfsagt var, þegar málin lágu fyrir á þessa lund, og þannig myndað jarðveg fyrir það, að ný stjórn gæti tekið við eða þá almennar alþingiskosningar farið fram.

Það, sem mest á ríður, er sem sé að koma málefnum landsins í nýjan farveg bæði framkvæmdalega og löggjafarlega, því að öll endurreisn á vegum þeirrar ríkisstj., sem svo hefur farið með málefni þjóðarinnar, er óhugsandi, og allar tilraunir hæstv. ríkisstj. í þá átt hljóta að mistakast, m. a. vegna þess, hvernig hún hefur sjálf grafið undan trausti sínu með þjóðinni. Sannarlega eru margar erfiðar ráðstafanir, sem þarf að gera, og mundi því sízt af veita, að þeir, sem fyrir því stæðu, nytu trausts.

Ég vil þá fara örfáum orðum um nauðsynlega stefnubreytingu. Í fyrsta lagi álít ég lífsnauðsyn að taka upp samstarf við launþegasamtökin í landinu í stað þeirrar stríðsstefnu, sem hæstv. ríkisstj. hefur ævinlega fylgt og sem hún tekur nú upp á nýjan leik. Þetta er algert grundvallaratriði, því það er ekki hugsanlegt, að komizt verði fram úr þeim vanda, sem við stöndum nú frammi fyrir, nema í nánu samstarfi við verkalýðssamtökin og launþegasamtökin í landinu.

Þá verður að taka upp alveg nýja stefnu í efnahags- og atvinnumálum. Stefnuna í atvinnumálum verður að miða við fulla atvinnu. Það þarf að hagræða lausaskuldaflækjunni hjá fyrirtækjum landsins og gera með því mögulegt að koma rekstrinum í sæmilegt horf. Það þarf að ganga í að lækka álögurnar á atvinnuvegunum og útgjöld atvinnuveganna, áður en gripið er til gengisfellingar af þeirri stærð, sem hæstv. ríkisstj. hefur nú beitt sér fyrir. Það þarf að taka upp nýja vaxtapólitík, lækka vextina og álögurnar í öllum greinum hjá atvinnulífinu til þess að minnka vandann.

Það verður að taka upp nýja lánastefnu, sem sé fyrst og fremst miðuð við þarfir atvinnulífsins, þar sem látið sé sitja fyrir, að framleiðslan hafi rekstursfé, en ríkisstj. hefur á undanförnum árum byggt stefnu sína fyrst og fremst á því að láta verðlag í landinu hækka, án þess að kaup hækkaði að sama skapi og að draga saman útlánin til þess með því að hafa hemil á kaupgetunni. En með þessu hefur verið dregið úr rekstursfé fyrirtækjanna, og þau hafa aldrei getað notið sín á undanförnum árum vegna þessarar lánastefnu hæstv. ríkisstj. Það er mjög athyglisvert, að í hvert skipti, sem talað er við forráðamenn úr atvinnulífinu, koma þeir aftur og aftur að þessu sama. Við gætum framleitt meira, ef við hefðum aukið rekstursfé. Talað var við framkvæmdastjóra iðnaðarsambandsins í atvinnumálaþáttum útvarpsins 16. október, og hann sagði þetta m. a.:

„Á meðan við þurfum að búa við 9½%—10% vexti í skipasmíðaiðnaðinum, þá er þetta vonlítið mál samanborið við aðra. Við þurfum aukið rekstursfé í nálega öllum greinum iðnaðarins, og ef við fengjum það, gætum við aukið framleiðsluna."

Það er rekstursfjárskortur sagði hann einnig, sem hamlar eðlilegum samruna fyrirtækjanna, og svo stórfellt atriði sagði hann, að þetta væri í rekstrinum, að það mundi borga sig fyrir iðnaðinn, að það væru felldar niður stofnlánaveitingar hjá iðnaðinum, ef fé gæti fengizt sem reksturslán í staðinn. Þetta sýnir neyðina. En það er einmitt þetta, sem hefur verið meginkjarninn í því, sem við höfum haldið fram og lagt til á undanförnum árum, að það er algerlega vonlaust að komast út úr þeim vanda, sem við höfum verið settir í, nema með því að hleypa nýju lífi og fjöri í framleiðsluna og notfæra sér afkastamöguleika þeirra fyrirtækja, sem við eigum, til fulls, og allra sízt er það mögulegt nú, þegar atvinnuleysið hefur haldið innreið sína. Til þess þarf að taka upp nýja lánastefnu, sem er miðuð fyrst og fremst við þetta sjónarmið.

Þá verður að taka upp nýja jákvæða atvinnumálastefnu, sem er miðuð við, að ríkisvaldið hafi raunverulega forystu um að auka framleiðsluna í öllum greinum, koma upp nýjum atvinnugreinum og búa í haginn fyrir þær atvinnugreinar, sem fyrir eru. Það þarf að gera áætlanir um atvinnulífið og einstakar greinar þess, og þessar áætlanir þarf að semja og vinna að framkvæmd

þeirra í nánu samstarfi ríkisvaldsins, atvinnurekenda og verkafólksins og samtaka þess. Það þarf að endurskoða öll þessi mál atvinnulífsins í hverri grein frá rótum og gera heilsteyptar ráðstafanir, sem geta verið margvíslegar. Sumt, sem þarf að gera, verður að koma til framkvæmda á vegum ríkisvaldsins, t. d. eins og að bæta þjónustuna við fjölmargar atvinnugreinar, og sumt verða þeir að gera, sem atvinnureksturinn hafa með höndum sjálfir.

Það er alveg táknrænt í þessu, hvernig farið hefur með togaraútgerðina, hvernig farið hefur með rekstur frystihúsanna og hráefnaöflun til þeirra. Þetta eru táknræn dæmi um það, hvernig sú stjórnleysis- og vanrækslustefna hefur leikið íslenzkt atvinnulíf, sem fylgt hefur verið. En það er einmitt hið gagnstæða, sem við höfum ætlað okkur að gera, reka jákvæða atvinnupólitík, sem miðuð er við samstarf ríkisvalds, atvinnuveganna og félagasamtakanna.

Einn stórfelldasti liðurinn í þeirri endurreisn, sem koma þarf, er efling iðnaðarins, og það verður aldrei hægt að vinna bug á atvinnuleysinu nú á næstu mánuðum nema gjörbreyta viðhorfinu í garð iðnaðarins. Það verur alveg tvímælalaust að grípa til þess að banna innflutning á sumum iðnaðarvörum, sem hægt er að framleiða hér í landinu, til þess að auka atvinnuna á næstu mánuðum og fullnýta afköst margra þeirra fyrirtækja, sem nú standa hálfnýtt. En það bólar ekkert á því, að ríkisstj. hafi viljað ljá því eyra að annast slíkar framkvæmdir. Það verður einnig að breyta tollakjörum iðnaðarins til hagsbóta fyrir hann, en ekki hið gagnstæða, og það verður að taka upp þá stefnu að láta íslenzk þjónustufyrirtæki sitja fyrir erlendum fyrirtækjum, þegar um er að ræða þýðingarmikil verk í íslenzkum þjóðarbúskap, alveg gagnstætt því, sem gert hefur verið nú um sinn.

Þá verður að ganga í að auka verulega framkvæmdir hins opinbera til þess að fyrirbyggja atvinnuleysi, og verður að skoða ástandið í hverju byggðarlagi fyrir sig.

Grundvallarþýðingu í öllu þessu hefur að koma upp fjárfestingarstjórn í stað algers skipulagsleysis og stjórnleysis, sem meira en nokkuð annað hefur grafið undan íslenzkum þjóðarbúskap.

Það má kalla furðulegt, að svo illa skuli vera komið fyrir okkur eftir þau geysilegu góðæri, sem þjóðin hefur lifað. Það er eitthvað meira en lítið bogið við þetta og hér er ein ástæðan einmitt sú, hvernig verðbólgu- og stjórnleysisstefnan hefur haft áhrif á fjárfestinguna í landinu, hversu óhagfelld hún hefur orðið og hve mikil sóun hefur átt sér stað í fjárfestingunni. Ekki má gera ráð fyrir, að það takist að snúa hjólinu við og aftur fari að ganga í rétta átt, nema upp verði tekin fjárfestingarstjórn, sem að verulegu leyti er byggð á því samstarfi við atvinnulífið, sem ég var að lýsa hér áðan.

Þá verður að koma stjórn á gjaldeyrismálin, og það er lífsnauðsyn m. a. vegna þess, að það er ekki hægt að framkvæma þá útlánastefnu, sem nauðsynleg er, til þess að hjólin fari að snúast á nýjan leik, nema á bak við sé stjórn á gjaldeyrismálunum. Stjórn á gjaldeyrismálunum, sem geti komið í veg fyrir, að kaupgetan beinist allt of mikið út á við með því að kaupa inn alls konar óþarfa, sem þjóðin getur neitað sér um og þarf að neita sér um eins og nú er komið. Slíkt er hægt að framkvæma með mörgu móti. Það er hægt að banna innflutning á vissum vörum, og það er hægt að gera margvíslegar aðrar skynsamlegar ráðstafanir í þessu efni, ef höfð er gjaldeyrisstjórn, en ekki algert stjórnleysi á þessum málum, eins og átt hefur sér stað undanfarið, enda sjáum við, hvernig komið er með gjaldeyrisstöðu landsins.

Þessi aðferð, sem hæstv. ríkisstj. hefur alltaf notað, að reyna að stjórna gjaldeyrismálunum með því einu að hækka verðlagið innanlands, halda niðri kaupgjaldinu og draga úr lánsfénu, sem kemur harðast niður á atvinnulífinu, þessi aðferð, sem hæstv. ríkisstj. hefur viðhaft, skrúfar okkur sífellt lengra og lengra niður í fenið. En það er ekki hægt að komast upp úr þessu feni aftur, sem við erum komnir ofan í, nema með því að láta hjólin snúast hraðar. Til þess þurfum við djarflegri útlánapólitík, meira rekstursfé í atvinnulífið, en þá þurfum við líka að hafa gjaldeyrisstjórn á bak við til þess að sjá um, að ekki snarist út á við á meðan verið er að koma skriði á skútuna.

En það er einmitt þessi meginstefna okkar, sem brýtur algerlega í bág við hugsunarhátt hæstv. ríkisstj., og það er sá hugsunarháttur hæstv. ríkisstj., sem mestu óláni hefur valdið. Hæstv. ríkisstj. hefur ævinlega ímyndað sér, að það væri hægt að stjórna Íslandi á sama hátt og háþróuðum iðnaðarþjóðfélögum er stjórnað, þar sem fjármagn er svo að segja yfirfljótanlegt. En slíkt er ekki með nokkru móti hugsanlegt. Íslenzkur þjóðarbúskapur þolir ekki slíka stjórn, þolir ekki slíkar aðfarir, og við höfum gleggstu sönnunina í fjórum gengisfellingum, sem hæstv. ríkisstj. hefur gengizt fyrir, og í því ástandi, sem íslenzkt atvinnulíf býr við í dag, þrátt fyrir góð viðskiptakjör. Samt er ástandið svona, og það er vegna þess, hvernig þessi stefna hefur leikið íslenzkt atvinnulíf, en það er undirstaðan undir öllu saman.

Þá verður að sjálfsögðu að gera öflugar ráðstafanir til þess, að þær byrðar, sem óhjákvæmilegt er að leggja á, komi sem réttlátast niður og þeir sterkustu beri mest og þær vörur hækki þá mest í verði, sem helzt er hægt að vera án eða fresta kaupum á. En lífsnauðsynjum sé haldið niðri og sérstakar ráðstafanir gerðar vegna þeirra, sem erfiðasta eiga afkomuna, og umfram allt, að tekið sé upp samstarf við launþegasamtökin um kjaramálin.

Að lokum vil ég segja þetta. Það hefur ekkert gerzt síðan kosið var til Alþ. 1967, sem orsakar þetta geigvænlega hrun, nema það, sem fyrirsjáanlegt var þá, að óbreyttri stjórnarstefnu, óbreyttum vinnuaðferðum og svipuðu verðlagi, eins og það var orðið þá. Sú gífurlega óreiða, sem undir bjó og leynt hefur verið undanfarið allt frá því fyrir alþingiskosningarnar síðustu, sem magnazt hefur síðan og reynt hefur verið að leyna með brögðum og með því að éta upp allt, sem til náðist, mergsjúga atvinnufyrirtækin, taka lán á lán ofan og safna lausaskuldum erlendis þar á ofan, hlaut að koma fram með gengishruni eða álíka öngþveiti af öðru tagi.

Neyðarástand hlaut að skapast að lokum, þegar allt væri upp étið og engin teygja lengur til. Nú er þetta komið fram. En þessi gengislækkun, sú 4., leysir ekki vandann. Hún verður bara upphaf að enn nýjum kapítula í hrakfallasögu ríkisstj., því að áfram á að vera sama stefna, og sömu aðferðum á að beita. Stjórn-

leysis-, eyðslu- og verðbólgustefna undanfarinna ára hlaut að enda með skelfingum, og nú á að láta þær dynja yfir án þess að draga nokkurn lærdóm af þessu áfalli.

Engum sjáandi manni gat dulizt undanfarið, að hrikalegt neyðarástand nálgaðist óðfluga. Engin síldveiði seinni hluta þessa árs gat breytt nokkru verulegu þar um til eða frá, og það vissi hæstv. ríkisstj. mætavel. Ríkissjóður hefur verið rekinn með stórfelldum halla, aðvinnufyrirtæki umvörpum komin í þrot, framleiðslan hefur dregizt áfram í sumum greinum með loforðum um ríkisstuðning, sem ekkert fé var til fyrir. Ríkissjóður svalg hundruð milljóna úr Seðlabankanum og þar með rekstursfé atvinnuveganna, og greiðsluerfiðleikar fyrirtækjanna og einstaklinganna hafa vaxið m. a. af þeim ástæðum dag frá degi. Greiðsluhallinn við útlönd magnaðist, gjaldeyririnn étinn upp, og föst lán og lausaskuldir við útlönd hafa farið dagvaxandi. Venjulegum framkvæmdum ríkisins hefur verið haldið gangandi með erlendum lántökum.

Ekkert af þessu gat komið þeim á óvart, sem ábyrgðina báru, og þetta gerðist þrátt fyrir betra og hagstæðara verðlag og viðskiptakjör en við oft höfum orðið að sæta og sæmilegustu aflabrögð, þegar á reynslu þjóðarinnar er litið. Ríkisstj., sem komst yfir síðustu kosningar með því að lofa verðstöðvun, stórfelldum framförum og blómlegu atvinnulífi á þeim grundvelli, sem búið væri að leggja, átti að segja af sér í sumar og í síðasta lagi í haust og gera annaðhvort að efna til nýrra kosninga eða gera mögulega samninga um myndun nýrrar ríkisstj. allra flokka um nýja stefnu, ný úrræði og nýjar vinnuaðferðir, með því að fara frá. En þess í stað hefur hæstv. ríkisstj. stritazt við að sitja, neitað að viðurkenna réttar orsakir vandamálanna og nauðsyn stefnubreytingar og talið sig þess umkomna að ráða við vandann með sömu stefnu og sömu úrræðum, sem leitt hafa út í það botnlausa öngþveiti, sem nú er orðið.

Ekkert getur á hinn bóginn bjargað, nema málin komist í nýjan farveg á vegum nýrrar ríkisstj., sem tekur nýja stefnu og notar nýjar og betri vinnuaðferðir. Í stað stjórnleysis og eyðslu komi þá stjórnsemi og ráðdeild á öllum sviðum, fjárfestingarstjórn, gjaldeyrisstjórn í stað botnlausrar óráðsíu í fjárfestingar- og gjaldeyriseyðslu, endurreisn atvinnulífsins, hagræðing á lausaskuldaflækjunni, sem tröllríður öllu atvinnulífi, lækkaðar álögur á framleiðsluna. Ný lánastefna komi og vaxtastefna í þágu atvinnulífsins. Full atvinna verði. Efling iðnaðarins komi, en án nýrrar iðnaðarstefnu, sem verkar strax, verður ekki fyrirbyggt stórfellt atvinnuleysi. Efling ráðstafana komi til stuðnings þeim byggðarlögum, sem höllum fæti standa. Óhjákvæmilegum byrðum til þess að rétta hlut atvinnulífsins verði skipt réttlátlega, eftir að þær hafa verið minnkaðar með skynsamlegum ráðstöfunum atvinnurekstrinum í hag. Kjaramálin verði leyst í traustu undirhyggjulausu samstarfi við alþýðusamtökin. Öflug forysta verði tekin upp við uppbyggingu íslenzks atvinnulífs og í því skyni nýtt áður óþekkt samstarf ríkisvalds og einkaframtaks og félagsframtak sett á fót, sem byggist á því, að beztu hugsanlegu skilyrði séu sköpuð fyrir hverja atvinnugrein og til þess að fyrirbyggja þá misþyrmingu íslenzks atvinnulífs, sem núverandi stjórnleysisstefna hefur haft í för með sér og við súpum nú seyðið af. Eru þá aðeins nokkur meginatriði nefnd.

Það þarf nýja stjórn, nýja menn, nýjar aðferðir í stað þreyttra manna og þess úrræðaleysis, sem aftur og aftur hefur leitt út í ófæruna. En málum verður ekki komið í nýjan farveg, á meðan þessi ríkisstj. situr, sem telur pólitískt líf sitt og sinna flokka undir því komið, að þjóðin fái ekki rétta mynd af því, hverjar eru hinar raunverulegu rætur vandans, og meðan þannig er á málum haldið, skapast ekki jarðvegur fyrir þá samstöðu, sem annars væri æskileg og nauðsynleg.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Alþfl. hefur að rækilega athuguðu máli, og að undangengnum ýtarlegum umr., ákveðið að standa að þeim efnahagsráðstöfunum, er gengisbreytingin, er nú hefur verið tilkynnt, er einn meginþáttur í.

Alþfl. er ljóst, að hér er um mikilvæga ákvörðun og erfiðar aðgerðir að ræða. En hann hefur ákveðið að standa að þessum ráðstöfunum, vegna þess að hann hefur komizt að þeirri niðurstöðu, að þær ráðstafanir, sem nú verða gerðar, séu vænlegasta leiðin til þess að halda uppi sem mestri atvinnu. En það hefur ávallt verið meginþáttur í stefnu Alþfl., að allar vinnufúsar hendur hafi verk að vinna. Atvinnuöryggið hefur verið, og er nú, í beinni hættu, vegna aflabrests og verðfalls erlendis. Það er gegn atvinnuleysisvofunni, sem þessum ráðstöfunum er beint fyrst og fremst. En jafnframt hefur Alþfl. lagt og mun áfram leggja sérstaka áherzlu á það, að ráðstafanir verði gerðar, er taki tillit til hagsmuna láglaunafólks og bótaþega almannatrygginganna. Þetta hefur verið annar meginþáttur í stefnu Alþfl. Flokkurinn gerir sér ljóst, að erfiðir tímar eru framundan fyrir íslenzka þjóð, en hann telur það skyldu sína að skorast nú ekki undan ábyrgð og standa að þeim ráðstöfunum, sem hann trúir, að séu öllum almenningi fyrir beztu, þegar til lengdar lætur. Enginn vafi á að vera á því, að í kjölfar þessara ráðstafana færíst nýtt líf í sjávarútveg og iðnað. Það á að geta leitt til aukningar þjóðarteknanna á ný, og þá um leið til lífskjarabóta, þegar erfiðleikaskeiði er lokið og efnahagslífið hefur lagað sig að breyttum aðstæðum. Á það vil ég þó leggja sérstaka áherzlu, að gengisbreytingin ein er ekki nein allra meina bót. Hún er aðeins grundvöllur, nauðsynlegur grundvöllur alhliða uppbyggingar atvinnulífsins og aukinnar rekstrshagkvæmni á öllum sviðum, ásamt því, að hún á að skapa skilyrði til hallaleysis í greiðsluviðskiptunum við útlönd, þannig að þjóðin geti á ný eignazt gjaldeyrisvarasjóð. Sporin, sem við stígum í dag, eru aðeins fyrstu sporin á langri braut, braut, sem án efa verður erfið, mjög erfið í fyrstu, en ég er sannfærður um, að ef við göngum nógu hiklaust og nógu öruggir fram á við, ef við kunnum fótum okkar forráð á erfiðri göngu, muni hún leiða þjóðina á ný til góðs gengis og hagsældar. Í þá átt eigum við að halda.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Eins og fram hefur komið í þessum umr. og opinberum tilkynningum, þá slitnaði endanlega upp úr þeim viðræðum, sem um hríð hafa staðið milli stjórnmálaflokkanna um efnahagsmálin. Þessar viðræður hófust 3. sept. og þeim lauk 9.

nóv. Þær stóðu því að nafninu til í fulla tvo mánuði. En þó að þær stæðu alllangan tíma, þá er ekki hægt að segja, að miklar eða ýtarlegar umr. hafi farið fram á þessum vettvangi. Það kom sem sagt í ljós strax í upphafi þessara viðræðna, að mjög skorti á upplýsingar um ástand og horfur í efnahagsmálum almennt séð. Talið var nauðsynlegt að fá skýrslu frá Efnahagsstofnuninni um þessi mál öll. Og gert var þá ráð fyrir því, að þær skýrslur gætu ekki komið fyrr en langt væri liðið á septembermánuð. Það var því varla um það að ræða, að mikið væri að gert í þessari viðræðunefnd á þessu tímabili. En þegar liða tók á septembermánuð, kom hins vegar fram tilkynning frá forstöðumanni Efnahagsstofnunarinnar um það, að þess væri ekki að vænta, að upplýsingar frá stofnuninni eða endanlegar upplýsingar frá henni um málið sem heild gætu legið fyrir fyrr en upp úr miðjum októbermánuði. Og sú varð líka raunin á. Eftir að lokaupplýsingar komu frá Efnahagsstofnuninni um málið sem heild, var því ekki um langan eða mikinn tíma að ræða til viðræðna á milli þeirra aðila, sem að þessum viðræðum stóðu. En á þessu tímabili skiptust þó fulltrúar flokkanna nokkuð á skoðunum um viðhorf til þessara alvarlegu mála. Ég hygg, að allir hafi gert sér fulla grein fyrir því, að hér stóðum við frammi fyrir gífurlega miklu efnahagsvandamáli, eins og komið var. Ég tel, að það hafi komið tiltölulega skýrt fram í þessum skoðanaskiptum, að sjónarmið fulltrúa ríkisstjórnarflokkanna hafi verið það, að þeir teldu, að ekki væri þörf á neinni stefnubreytingu í efnahagsmálum í grundvallaratriðum frá því sem var. Hins vegar tel ég, að hafi einnig komið skýrt fram í þessum skoðanaskiptum, að við fulltrúar frá stjórnarandstöðuflokkunum töldum hins vegar, að alveg væri nauðsynlegt að breyta í ýmsum grundvallaratriðum um stefnu í efnahagsmálum. Ég tel einnig, að það hafi komið nokkuð skýrt fram í þessum tiltölulega stuttu viðræðum, að sjónarmið fulltrúa ríkisstjórnarflokkanna væri það, að það, sem hér væri um að ræða, væri fyrst og fremst það, að samþykkja þyrfti mjög verulega gengislækkun með tilheyrandi ráðstöfunum um að binda kaupgjald og að þessar ráðstafanir yrðu að ganga þannig yfir, að svo til allir launþegar í landinu yrðu þarna að færa miklar fórnir.

Nú, þeir gátu að vísu hugsað sér aðra leið, sem einnig hafði komið fram utan n. frá háttsettum mönnum á vegum ríkisstjórnarinnar, en það var sú leið, að lagður yrði á verulega hár söluskattur og það fjármagn, sem þannig fengist, yrði notað til beins stuðnings við atvinnuvegina. En það ætla ég, að allir geri sér grein fyrir, að slík skattlagning í formi söluskatts á svipaðan hátt og söluskatturinn hefur verið lagður á til þessa mundi í flestum atriðum virka mjög svipað a. m. k. fyrir launafólk í landinu eins og hin almenna gengislækkun.

Þegar við fulltrúar frá stjórnarandstöðuflokkunum minntumst á það, að við teldum alveg nauðsynlegt, að breytt yrði um stefnu í fjárfestingarmálum landsins, þar yrði tekin upp alveg ný stefna, þar sem við það væri miðað að reyna að hafa betur stjórn á því, hvernig fjármunum þjóðarinnar væri ráðstafað til fjárfestingar, þá tel ég, að það hafi komið mjög skýrt fram hjá fulltrúum ríkisstj., að þeir voru óviljugir til þess að taka upp nokkra slíka stefnu. Það sama var að segja um skoðanir okkar á því að breyta til í grundvallaratriðum um framkvæmd í gjaldeyrismálum. Það tel ég einnig, að ljóslega hafi komið fram, að fulltrúar stjórnarflokkanna teldu ekki slíkt æskilegt. Þeir vildu í aðalatriðum ganga þar út frá sömu reglum og gilt hafa. Hið sama var að segja um viðhorf, sem koma fram frá okkar hálfu um það, hvort ekki væri hægt að gera þá þær ráðstafanir m. a., sem að því miðuðu að draga á ýmsan hátt úr þeim afleiðingum, sem fylgdu hinum almennu efnahagsaðgerðum fyrir láglaunafólk í landinu, t. d. með því að lækka tolla á brýnustu nauðsynjavörum eða með því að lækka söluskatt á slíkum vörum, en ganga þá eitthvað lengra í því að innheimta gjöld af þeim vörum, sem teljast almennt til lúxusvara eða að minnsta kosti minna nauðsynlegra vara. Þá voru viðbrögðin einnig þau sömu að mínum dómi, að menn töldu þessar leiðir ekki færar. Það kom því fljótlega upp sú skoðun, ekki aðeins hjá mér, ég hygg, að hún hafi komið upp hjá öllum, sem þátt tóku í þessum viðræðum, að það væri nokkuð ljóst, að litlar líkur væru til þess, að upp úr þessum viðræðum gæti tekizt samstarf um lausn á þessum erfiðu efnahagsmálum, sem hér lágu fyrir. Og það leið því ekki langur tími frá því, að raunverulega var orðinn grundvöllur fyrir því að taka upp efnislegar viðræður í viðræðunefndinni um þessi mál, þar til ríkisstj. sagði, að hún teldi óhjákvæmilegt að ráðizt yrði í þær aðgerðir, sem hún nú hefur boðað, og umræðum var þar með slitið.

Nú liggur hér fyrir í stórum dráttum, hvaða leið það er, sem ríkisstj. ætlar sér að fara í efnahagsmálum að þessu sinni. Og ég hygg, að það megi öllum vera ljóst, að það, sem hún hugsar sér nú að gera í efnahagsmálunum, er í öllum aðalatriðum það sama og hún hefur verið að gera á undanförnum árum. Og segja má nokkurn veginn, að farin sé alveg sama leiðin og farin var fyrir tæpu ári síðan, eða þegar gengið var fellt seint í nóvembermánuði s. l. En þá stóð ríkisstj. þannig að tillögum sínum í efnahagsmálum, að fyrst hafði hún knúið fram hér á Alþ. ýmsar álögur, sem skiptu nokkrum hundruðum millj. kr. til tekjuauka fyrir ríkissjóð, en til aukinna álaga fyrir almenning í landinu. Og síðan ofan á það var samþykkt að gera hér stórfellda gengislækkun, sem nam hækkun á verði erlends gjaldeyris um 32% eða þar um bil. Það var tilkynnt um þetta leyti, að þessar viðtæku og miklu efnahagsráðstafanir hefðu nú verið gerðar eftir mjög nákvæma útreikninga af hálfu efnahagssérfræðinga ríkisstj., miklu nákvæmari heldur en áður hefðu staðið á bak við slíkar efnahagsráðstafanir. En við vitum, hvernig fór. Þessar efnahagsráðstafanir, sem áttu að vera svona nákvæmar og nákvæmlega undirbúnar, entust í raun og veru ekki nema einn mánuð eða svo. Þegar mánuður var liðinn frá gengisfellingunni, varð ríkisstj. að setjast að samningaborði við útvegsmannasamtökin í landinu og samþykkja að veita útgerðinni í landinu verulega beina styrki, umfram það, sem gert hafði verið með þessum almennu efnahagsráðstöfunum áður. Og það var ekki aðeins þessi samningur, sem fram fór þarna rétt mánuði síðar, heldur rak í rauninni hver samningurinn annan, sem fól í sér viðbótarstuðning til hinna ýmsu greina atvinnulífsins, vegna þess að hinir nákvæmu útreikningar efnahagssérfræðinganna stóðust

ekki, þegar til framkvæmdanna kom. Ég benti þá á það í umr. um þessi mál hér á Alþ., að svona mundi fara. Þetta fengi ekki staðizt m. a. af því, að það var staðið að framkvæmd gengislækkunarinnar á algjörlega rangan hátt. Og það er ætlunin enn sýnilega að standa að framkvæmd gengislækkunarinnar á rangan hátt. Sá aðilinn, sem jafnan græðir hér mest á gengislækkuninni, eins og hún er framkvæmd, er ekki útflutningsatvinnuvegir landsmanna, það er mikill misskilningur, þó að því sé alltaf haldið fram, að hver gengislækkun sé fyrst og fremst gerð fyrir útflutningsatvinnuvegina. Eins og haldið er á framkvæmdinni, þá er það ríkissjóður, sem jafnan græðir mest á hverri gengislækkun. Tekjur ríkissjóðs vaxa eðlilega mjög mikið við gengislækkun, tolltekjurnar aukast. Það gefur auga leið, þegar tollstigarnir haldast óbreyttir, söluskattsupphæðin vex, þegar verðlagið í landinu hækkar. Og þegar það er svo gert í leiðinni, að ríkissjóður leggur einnig undir sig ýmsa þá tekjustofna, sem höfðu verið áður notaðir til þess að styðja útflutningsframleiðsluna beint, en eru látnir falla niður um leið og gengislækkunin er framkvæmd, þá gefur það auga leið, að það skapast stóraukið svigrúm hjá ríkissjóði, þar verður um stórauknar tekjur að ræða.

Út af fyrir sig má segja, að það sé ekkert nema gott um það að segja, að ríkissjóður auki sínar tekjur, ef vel er þá farið með þær tekjur, en ég fullyrði það, að reynslan hefur orðið sú um langan tíma hér á landi, að það hafa allir fjmrh. fallið fyrir því og allar ríkisstj., að þegar um það hefur verið að ræða, að ríkinu hefur áskotnast mikið fé, þá hefur ríkiskerfið sem heild þanizt út og verið efnt til margs konar útgjalda, sem erfitt hefur verið að víkja frá, þegar frá leið, og nú er svo komið, að á því leikur enginn vafi, að sú mikla yfirbygging, sem er orðin tengd við ríkisbáknið sem heild, er orðin alltof stór og mikil fyrir þá undirstöðu, sem við verðum að byggja í okkar atvinnulífi. Sú undirstaða hefur ekki breikkað á undanförnum árum, hún hefur mjókkað. Og því er nú komið sem komið er. Því er ég ekki í neinum vafa um það, að hliðstæð framkvæmd á gengislækkun nú, eins og var í hinu fyrra tilfelli fyrir tæpu ári síðan og hefur verið á undanförnum árum, mun ekki leysa vanda okkar efnahagsmála, hún mun leiða okkur út í aukinn vanda frá því sem verið hefur eftir stuttan tíma. Málin séð beint frá sjónarmiði útflutningsins eru líka býsna flókin. Auðvitað halda allir, að útflutningsatvinnuvegirnir muni fá verulega aukið fé sér til handa við slíka gengisbreytingu, t. d. eins og þá, sem hér er um að ræða. Og auðvitað er það í fyrstu andrá. Útflutningsverðmætið hækkar í krónum talið. En þá er líka rétt að hafa það í huga, að gífurlega stórir liðir í útgjöldum útflutningsins hækka líka. Olían hækkar nokkurn veginn eins og gengisbreytingunni nemur. Veiðarfærin hækka líka nokkurn veginn eins og gengisbreytingunni nemur. Og þannig er hægt að taka fjöldamarga rekstrarliði, sem hækka vitanlega gífurlega mikið. Nú, en samt sem áður verður hér um nokkurn hagnað að ræða, en þá er líka rétt að athuga það, að um leið og gengislækkuninni er skellt á er gerð sú ráðstöfun, að ýmiss konar styrkir og fyrirgreiðsla fjárhagslegs eðlis, sem útflutningurinn hefur notið og talið er, að nemi t. d. á þessu ári í kringum 700 millj. kr. — Þá er ætlazt til, að þetta allt saman falli niður. Og þegar menn hafa það svo einnig í huga, að þessi sami útflutningur hefur þurft að búa þannig á undanförnum árum, að það eru ekki aðeins rekstrarvörurnar einar saman, sem hjá þessum atvinnuveg hækka með breyttu gengi, heldur er það, að stofnlán útgerðarinnar í stórum stíl hækka líka með breyttu gengi. Við vitum það, að við höfum keypt á undanförnum árum tiltölulega mikið af fiskiskipum til landsins. Þau hafa verið keypt með þannig kjörum erlendis, að 70% af verði hvers nýs skips er tekið að láni erlendis til 7 ára minnst. Þessar stóru skuldir vitanlega hækka, og vaxtagreiðslurnar af þeim hækka. Þetta skellur einnig á útgerðina, og þetta verður einnig að taka með í þessa útreikninga, ef það hefur ekki verið gert. Það var ekki gert, og það hefur ekki verið gert. Sömuleiðis þarf að athuga það, að útgerðin hefur verið rekin þannig á undanförnum árum, að fæstir af þeim, sem fást við útgerð, hafa getað komizt hjá því að taka verulega mikil erlend lán í sambandi við sinn rekstur. Þeir hafa tekið verulega mikil erlend lán í sambandi við sín veiðarfærakaup. Ég hygg, að meðalsíldarútgerð í landinu núna skuldi svona milli 2 og 3 millj. kr. erlendis í veiðarfæraskuldum. Þessar skuldir hækka einnig allar. Og þannig mætti telja upp miklu fleiri liði, sem ekki hefur verið reiknað hér með að fullu, og þegar þannig er staðið að gengislækkuninni, eins og hér er gert, að í rauninni er eina sjónarmiðið, sem stendur á bak við þessa aðgerð þar, að koma fram almennri lækkun á launum launafólks í landinu og lækkun á hlutaskiptum sjómanna, þegar þetta er megintilgangurinn, sem heldur ekki fær staðizt í framkvæmd, þá verður slík gengislækkun sem þessi ekki lengi að renna út í sandinn. Eitt af ákvæðunum, eins og hæstv. forsrh. minntist hér á í sinni grg., sem fylgja mun þessum gengislækkunarreglum, er það, að það á að breyta í grundvallaratriðum um hlutaskiptakjör hjá ísl. sjómönnum. Þeir eiga ekki nú að fá hækkaðan aflahlut með hækkandi fiskverði. Nei, það á fyrst að taka af hinu hækkaða fiskverði verulega stóra summu og borga þannig í sérstakan sjóð, sem á að standa undir afborgunum og vöxtum af stofnlánum útgerðarinnar, síðan á einnig að taka tillit til þess við ákvörðun á nýju fiskverði, að fyrst á að draga að verulegu leyti þar frá áhrifin af hækkun á ýmiss konar reksturskostnaði útgerðarinnar, og svo á að beita hlutaskiptareglunum, sem samið hefur verið um á milli útvegsmanna og sjómanna. Auðvitað sjá sjómenn það, að hér er verið að kollvarpa hlutaskiptafyrirkomulaginu, hér er verið að lækka þeirra launahlut stórkostlega frá því, sem um hafði verið samið, og þeir taka þessu ábyggilega ekki þegjandi. Það má því búast við því, að þarna komi fljótlega upp einn hinn stóri misreikningur reiknimeistara ríkisstj. Það fær ekki staðizt, að hægt sé að koma fram þessum breytingum á hlutaskiptareglunum, þegar til á að taka. Sjómenn munu neita þessu og knýja fram þarna aðra lausn, og þá fara líka útreikningarnir úr skorðum. Alveg hið sama mun líka gerast um launafólk í landinu. Afleiðingar af því, þegar verð á erlendum gjaldeyri hækkar um 54%, verða þær, að á tiltölulega stuttum tíma hækkar allt verð í landinu ekki minna en um 17—20%. Það jafngildir því auðvit-

að, að kaupmáttur launa lækkar á tiltölulega stuttum tíma einhvers staðar á milli 15—20%. Þetta er óframkvæmanlegt með öllu. Þetta þola ísl. launþegasamtök ekki. Það mun því fara um þennan liðinn í útreikningunum eins og hinn fyrri, að hann fær ekki staðizt í framkvæmd. Það er með öllu vonlaust að ætla að halda þannig á þessum málum, að laun þeirra manna, sem eru samkvæmt samningum eins og t. d. þess verkafólks, sem vinnur við fiskvinnu í þessu landi — en launakjör verkamanns, sem vinnur samkvæmt kauptaxta Dagsbrúnar að fiskvinnu, eru rétt um 10 þús. krónur á mán., heldur innan við 10 þús. kr. á mán. hjá þeim, sem vinnur á fyrsta ári, en hjá hinum, sem unnið hefur í þessari starfsgrein í tvö ár eða lengur, aðeins nokkru hærra — að ætla sér að minnka kaupmátt slíkra aðila um t. d. 15% er alveg fráleitt miðað við það verðlag, sem orðið er í okkar landi, miðað við þær fjárskuldbindingar, sem menn hafa tekið sér á herðar. Þetta fær heldur ekki staðizt.

Það mætti margt segja um þessi mál, en ég skal nú ekki fara út í það í löngu máli. En rétt er þó að vekja athygli á því, að það eru nokkuð önnur sjónarmið, sem ríkja hjá hæstv. ríkisstj. og þeim, sem undirbúið hafa þessar tillögur, gagnvart ýmsum milliliðum í þessu landi, t. d. gagnvart verzluninni í landinu, heldur en ríkir gagnvart launafólki. Það er miskunnarlaust staðið þannig að framkvæmd þessara mála, að einnig hinir lægstlaunuðu — því að það eru þeir verkamenn, sem ég t. d. nefndi hér áðan, þeir eru í hópi þeirra lægstlaunuðu — þeir eiga að taka á sig þessar byrðar að fullu og án nokkurra verulegra bóta. En hvað á að gera við verzlunarstéttina í landinu samkvæmt þessum tillögum, m. a. samkvæmt því frumvarpi, sem hér liggur fyrir? Í fyrsta lagi er það nú ákveðið — var tekið upp í fyrsta sinn við síðustu gengislækkun, hafði aldrei þekkzt áður við gengislagasetningu — að verzluninni er heimilt að hækka strax verð á öllum vörubirgðum, sem í landinu eru, strax frá því að genginu er breytt, ef um það er að ræða, eins og sagt er, að menn geti haldið því fram, að þeir skuldi erlendis í sambandi við þessa verzlun sína. Auðvitað vitum við það, að flestir kaupsýslumenn skulda meira og minna erlendis, af því að þeir hafa fengið sérstök friðindi í þeim efnum á undanförnum árum að taka þar lán fyrir sína starfsemi með lægri vöxtum og betri kjörum en þeir hafa getað fengið hér innanlands. Og framkvæmdin varð því þannig við síðustu gengisbreytingu og hún verður ábyggilega þannig núna, að þetta jafngildir því, að allir kaupsýslumenn svo að segja hækka allar sínar vörubirgðir strax á morgun í fullu samræmi við hið breytta gengi. Þarna er vitanlega um verulegan ávinning fyrir marga að ræða í framkvæmdinni. Áður var það svo, að gengislækkun var jafnan framkvæmd þannig, að sagt var, að allar vörubirgðir, sem komnar voru inn í landið og komnar voru í gegnum tollafgreiðslu — það var óheimilt að hækka verðið á þeim vörum. En nú er búið að búa til þessa smugu, það má hækka, það er leyfilegt að hækka verð á þeim vörubirgðum í landinu, þar sem viðkomandi aðilar geta haldið því fram, að þeir skuldi erlendis í sambandi við sína verzlun, en það geta þeir næstum allir, a. m. k. skjóta þeir sér allir bak við þetta í reyndinni. Og nú er gert enn þá betur, nú er sagt í þessu lagafrumvarpi, sem hér liggur fyrir, að heildsalar megi beinlínis fá að hækka sína álagningu, eftir að hið nýja gengi tekur gildi, sem nemur fullri álagningu og 30% af þeirri verðhækkun, sem fram kemur. Ef við tökum dæmi til að glöggva okkur lítillega á þessu, þá er þetta t. d. þannig, að heildsala, sem flytur inn vörur, sem kosta bara 100 kr. — það er tiltölulega auðveld tala að fást við í svona hugarreikningi, við skulum segja, að hér sé um allverulega heildsöluálagningu að ræða, en í sumum tilfellum er hún nú hærri. Við skulum hugsa okkur, að hann fengi 20% álagningarheimild í heildsölu á þessari vöru, m. ö. o. heildsalinn hefði mátt fá í þessu tilfelli fyrir sína starfsemi 20 kr. En nú hækkar þessi vara úr 100 upp í 154 kr. eða um fullar 50 kr., og þá má taka þriðjunginn af þessari verðhækkun, þá má taka 30% af þessari verðhækkun og leyfa fulla álagningu á þá hækkun. Þetta jafngildir í þessu tilfelli, að þessi heildsali hefði fengið um 18% meira fyrir sína þóknun en hann fékk í fyrra tilfelli. Þóknunarhlutur hans hækkaði í tilfellinu um 18%. En það er gert enn betur við heildsalana í þessu frv., og það er alger nýjung og hefur hér aldrei þekkzt áður í sambandi við framkvæmd á gengislækkun. Nú er það ákveðið, að ef heildsöluálagningin hefur verið 6½% eða minni — en heildsöluálagning getur verið þetta lág í vissum tilfellum, þar sem vörusalan er þess eðlis, að hún getur gefið mjög mikið í aðra hönd, þó að álagningin sé nú ekki leyfð hærri en þetta — að ef að svo stendur á, að álagningin í heildsölu hefur verið 6½% eða minni, þá má heildsalinn leggja á alla verðhækkunina, sem verður. Sé þetta dæmi athugað nánar, þá kemur í ljós, að í þessum tilfellum, þar sem að svona stendur á, að t. d. álagningin hefur verið 6½%, þá mundi heildsalinn fá 50% tekjuauka fyrir sína þjónustu frá því sem áður var. Auðvitað má á það benda, að heildverzlunin í landinu, eins og annar rekstur, þarf auðvitað að standa undir eitthvað meiri útgjöldum í einstaka tilfellum, þar sem hún þarf að fylgja hinu erlenda verðlagi í sambandi við sinn tilkostnað eitthvað. En þannig er statt á um fleiri. En það er enginn vafi á því, að þessar reglur eiga að tryggja það, að innflytjendur hafi fremur hagnað af gengisbreytingunni en hitt. Þetta snýr nokkuð öðruvísi við, eins og ég var að segja, um kjör sjómanna og kjör verkafólks, þar er ekkert um það að tala, að þar er til þess ætlazt, að til verulegrar kjaraskerðingar hljóti að koma. Og það er ekkert tekið tillit til t. d. sjómanna, sem þó hafa alveg óumdeilanlega orðið harðast úti í sambandi við minnkandi afla og lækkandi afurðaverð. Á því er enginn vafi, og það vita þeir bezt, sem nokkuð þekkja til þeirra mála, að fjöldinn allur af sjómönnum hefur lækkað í tekjum á undanförnum tveimur árum, árinu í ár og árinu í fyrra, um nærri helming frá því sem áður var. Og allur þorri þeirra hefur þurft að búa við það að láta sér nægja lágmarkskauptryggingu fyrir sitt starf. Þessir menn hafa því orðið harðast úti af öllum, en nú á að skerða með lögum aflahlut þeirra, og þar að auki eiga þeir svo auðvitað að fá að taka á sig alla verðhækkunina, sem yfir á að skella í kjölfar gengislækkunarinnar. Það á ekki að gera neitt sérstaklega fyrir þá. Þarna er vitanlega alveg augljóslega um mismunandi sjónarmið að ræða, og verð ég að segja, að heldur skýtur það skökku

við, sem hæstv. viðskmrh. og form. Alþfl. var að segja, að hafi verið stefna Alþfl., að reyna þarna að gæta að hagsmunum hinna lægra launuðu. Mér sýnist þvert á móti, að Alþfl. hafi látið draga sig út í það að hugsa fyrst og fremst um milliliðina, um kaupsýslustéttina, að það yrði ekki lagzt of þungt á þá, en hafi algjörlega gleymt skyldum sínum gagnvart launafólki í landinu og þá ekki síst gagnvart sjómönnum í landinu. Ég fyrir mitt leyti efast ekkert um það, að þær tillögur, sem ríkisstj. hefur nú boðað í efnahagsmálum, muni ekki leysa þann vanda, sem við stöndum frammi fyrir í okkar efnahagsmálum. Þetta eru sömu gömlu ráðin og er búið að þrautreyna hér og alltaf hafa mistekizt svo að segja árlega. Skyldi þeim mönnum, sem nú standa að þessari gengislækkun, ekki hafa dottið í hug að spyrja sjálfa sig að því, hvað eiginlega hafi komið til þess, að hin mikla gengislækkun, sem ákveðin var fyrir tæpu ári síðan, rauk út í sandinn? Hvað var það? Hvað skeði? Það fer vitanlega alls fjarri að ætla að skýra það með því, að síldveiðarnar hafi gengið nú í lok ársins verr en áður.

Jú, það er alveg rétt, að það er um talsvert verulegt vandamál að ræða, bæði fyrir þjóðarbúið og ekki síst fyrir það fólk, sem vinnur við þá atvinnugrein. En um það leyti, sem við komum saman fyrst til viðræðna í viðræðunefnd stjórnmálaflokkanna í byrjun septembermánaðar, þá var nú engum farið að detta það til hugar, að síldveiðarnar mundu bregðast á þessu ári, en þó sáu allir hrikalegan vanda í efnahagsmálum þá. Þá lágu fyrir upplýsingar um það m. a., að fiskaflinn í landinu var meiri um það leyti en á sama tíma á árinu áður. Hann var rétt um 14% meiri þá en á sama tíma árið á undan. Hvað var það eiginlega, sem hafði gert það, að frá því í nóvember í fyrra og fram í september á þessu ári hafði allt runnið úr böndunum, þegar nýlega var búið að fara gengislækkunarleiðina? Ef menn hefðu hugsað eitthvað verulega út í þetta, þá held ég, að þeir hefðu fljótlega átt að geta komizt að þeirri niðurstöðu, að það að ætla að framkvæma nákvæmlega það sama nú í þetta skiptið var ekki vænlegt til árangurs.

Sú meginstefna að ætla sér að leysa vandamál okkar efnahagsmála á þann hátt að skerða kaupmátt hinna almennu launa og lækka laun t. d. sjómanna er ekki leiðin út úr þessum vanda. Hún mun ekki takast. Það þarf að beita hér allt öðrum ráðum. Mig langar svo að víkja hér í örfáum orðum að því, hvað við Alþýðubandalagsmenn bendum sérstaklega á að gera ætti í þessum málum eins og nú er ástatt og reyna að rökstyðja það með nokkrum orðum.

Við teljum, að það hefði að sjálfsögðu þurft að taka hér upp nýja stefnu í grundvallaratriðum í efnahagsmálum, frá því sem verið hefur. Við mundum vilja skipta okkar tillögum aðallega í þrennt. Í fyrsta lagi er þar um að ræða tillögur, sem mætti kalla almennar grundvallarráðstafanir í efnahagsmálum, sem vitanlega fela í sér stefnubreytingu. Í öðru lagi er um að ræða ráðstafanir til atvinnuaukningar og umbóta í atvinnumálum almennt séð. Og það er alveg sérstaklega um það að ræða að gera ráðstafanir til þess að koma upp nýjum atvinnugreinum og til þess að treysta atvinnulífið almennt. Og í þriðja lagi eru svo beinar ráðstafanir vegna þeirra rekstrarvandamála, sem útflutningsatvinnuvegirnir sérstaklega eiga nú við að stríða.

Okkar tillögur mundu vera í aðalatriðum þessar og eru í fullu samræmi við þá málstúlkun, sem fram hefur komið hér hjá okkur hvað eftir annað, þegar þessi mál hafa verið til umræðu: Í fyrsta lagi leggjum við til, að það verði tekin upp stjórn á fjárfestingarmálum. Við teljum, að þjóðin hafi ekki efni á því að ráðstafa takmörkuðum fjármunum sínum á þann hátt, sem hún hefur gert á undanförnum árum. Þar eru dæmin ljóslifandi fyrir flestum um það, hvernig við höfum eytt okkar fjármunum á þann hátt, að að litlu gagni mun koma okkar undirstöðuatvinnulífi á komandi árum. Við hefðum því viljað koma á stofn sérstakri framkvæmdastofnun, sem hafa mundi þá á hendi yfirstjórn á fjárfestingarmálum þjóðarbúsins, gera áætlanir um framkvæmdir og fjáröflun og hafa beina forgöngu um framkvæmdir í vissum framkvæmdum. Við teljum nauðsynlegt, að þessi framkvæmdastofnun hefði heimild til þess að neita um leyfi til fjárfestingar, ef fjárfestingin samrýmdist ekki heildarhagsmunum þjóðarinnar. Við hefðum talið nauðsynlegt, að í hverjum landsfjórðungi væru einnig starfandi sérstakar undirstofnanir, sem væru í beinu sambandi við þessa framkvæmdastofnun, sem hefði þetta mikilvæga hlutverk með höndum. Í öðru lagi teljum við nauðsynlegt og sem grundvallarstefnuatriði að taka upp sterka stjórn á gjaldeyrismálum þjóðarinnar. Og við teljum, að sú stofnun ætti að hafa það hlutverk að reyna að sjá um sem hagkvæmasta nýtingu á gjaldeyri þjóðarinnar. Og að sjálfsögðu gæti sú stofnun neitað um gjaldeyrisleyfi í vissum tilfellum, þegar um væri að ræða t. d. innflutning á varningi, sem við gætum auðveldlega framleitt hérna í landinu sjálfir. Og við teljum einnig, að þessi gjaldeyrisstofnun þyrfti að miða starfsemi sína við það að reyna að tryggja þjóðinni sem hagkvæmust viðskipti út á við hverju sinni, þ. e. a. s. markaðsmöguleika. Í þriðja lagi mundum við leggja til, að upp yrði tekið í landinu verulega öflugt verðlagseftirlit, og þá ekki aðeins við það miðað að líta eftir því verði, sem orðið er, heldur að taka til gaumgæfilegrar athugunar það verðlag, sem nú er orðið í landinu, með það fyrir augum að reyna að færa verðlagið niður í öllum þeim greinum, þar sem unnt er.

Og í fjórða lagi sem grundvallaratriði í efnahagsmálum teljum við að breyta þurfi skattheimtunni frá því sem nú er. Þar leggjum við til, að söluskattur verði felldur niður eða lækkaður á ýmsum nauðsynjavörum. Í öðru lagi, að til mála kæmi, að söluskatturinn yrði hækkaður nokkuð frá því sem nú er á ýmsum vörum eins og lúxusvörum. Í þriðja lagi, að nefskattar verði lækkaðir í vissum tilvikum og tekna aflað til þeirrar starfsemi með öðrum hætti. Hér höfum við sérstaklega í huga að lækka ýmsa nefskatta til tryggingarkerfisins, en á því er enginn vafi, að þeir nefskattar eru farnir að hvíla með óeðlilegum þunga á láglaunafólki. Í fjórða lagi, að nýtt eftirlitskerfi verði tekið upp í sambandi við söluskattinn og að söluskatturinn verði hækkaður í tolli og heildsölu frá því sem nú er, en að sama skapi lækkaður í smásölu, af því að það er miklu aðveldara að tryggja eðlilega framkvæmd skattsins í gegnum heildsölur og í gegnum toll, heldur en að hafa jafnmikinn

hluta af þessum stóra skatti nú í heildsölu. Og þá leggjum við einnig til í sambandi við hina almennu skattheimtu, að tollar verði almennt lækkaðir á nauðsynjavörum. Og þá teljum við, að í sambandi við reksturskostnað ríkisins þurfi að gera stórt átak, sérstaklega eins og nú er ástatt í okkar efnahagsmálum. Við álítum, að á næsta ári, árið 1969 og 1970, ættum við að setja okkur það mark að færa niður ríkisútgjöldin sem næmi t. d. 5—8% á ári. En það gæti t. d. numið 3—400 millj. króna.

Þessi niðurfærsla gæti einnig orðið með þeim hætti, að unnið yrði að nokkrum af beinum fjárfestingarframkvæmdum ríkissjóðs fyrir landsfé, en ekki unnið fyrir beinar árlegar rekstrartekjur. Það mundi enginn vafi á því, að þegar um það er að ræða, að það þarf að bregðast við miklu vandamáli, þá verður ríkissjóður að taka sinn þátt í því að reyna að færa niður sín útgjöld á ýmsum sviðum, og það er hægt að nefna þar fjöldamörg atriði, sem auðvelt væri að lækka frá því sem nú er. Og í sjötta lagi mundum við leggja til, að vextir verði lækkaðir, og þar með talið innlánsvextir í bönkum, að þeir yrðu lækkaðir frá 7—9½%, sem þeir eru nú yfirleitt, í 5—6% og að þessi vaxtalækkun kæmi alveg sérstaklega framleiðsluatvinnuvegunum til góða, t. d. með því að lækka afurðalánavexti úr 6% í 3% og almenna rekstrarlánavexti til framleiðslufyrirtækja niður í 4—6% og stofnlánavextir lækki yfirleitt um 2—3%. Sannleikurinn er auðvitað sá, að sú vaxtahæð, sem hér gildir nú, á engan rétt á sér og allra sízt eins og nú er komið í okkar atvinnulífi. Það er engin von til þess, að okkar atvinnuvegir, sem eiga að keppa við erlenda atvinnuvegi á erlendum mörkuðum, geti risið undir vaxtabirgðum, sem yfirleitt nema 8—10%. Það er engin von til þess. Þessu verður að breyta. Samkvæmt þeim upplýsingum, sem nú liggja fyrir, þá er talið, að beinir vextir, sem hvíla t. d. á sjávarútveginum, nemi á hverju ári í kringum 400 millj. króna. Nú efast ég ekkert um það, að vextirnir, sem hvíla á sjávarútveginum, nema í reyndinni miklu hærri fjárhæð en þessum 400 millj., sem taldir eru vera beinir vextir. Og það stafar af því, að það er raunverulega að finna veruleg vaxtaútgjöld hjá sjávarútveginum, svo að segja á öllum útgjaldaliðum, sem ekki eru almennt taldir vaxtaliðir. Taki maður t. d. sem dæmi útgjaldalið hjá venjulegri útgerð, eins og t. d. veiðarfærakostnað, þá er raunverulega að finna í þeim lið verulega vaxtagreiðslu, því að sá aðili, sem selur veiðarfærin, er búinn að taka tillit til þeirrar vaxtabyrði, sem hann varð að greiða, og sá aðili, sem gerir við veiðarfærin eða þjónar útgerðinni á þessu sviði, er einnig búinn að taka tillit til hinna háu vaxta, sem hann hefur þurft að greiða í sambandi við sína þóknun, sem hann heimtir inn af útgerðinni í landinu. Það er því enginn vafi á því, að væri farið að tillögum okkar Alþýðubandalagsmanna í þessum efnum, þá mætti létta útgjöldum af útgerðinni í landinu sem heild um upphæð, sem varla væri undir 200 milljónum króna á ári. Þá teljum við, að miðað við þær aðstæður, sem nú er við að búa, væri eðlilegt, að sett væri sérstök löggjöf um það að banna hreinlega, a. m. k. á árinu 1969, að innheimta af fjárskuldbindingum, sem gerðar hafa verið áður, hærri vexti en sem t. d. næmi 6—7%. Og þetta ætti þá einnig að gilda um íbúðarhúsalán. Slík bráðabirgðaráðstöfun væri á allan hátt réttmæt, því að ástandið er þannig, að það verður að létta undir bæði með atvinnuvegum og fólkinu í landinu í sambandi við þessi stóru útgjöld, sem vextirnir eru orðnir. Þá teljum við einnig, að í almennum ráðstöfunum í efnahagsmálum ætti að stöðva þegar í stað innflutning á ýmiss konar varningi, sem fluttur er nú til landsins en hægt er að framleiða innan lands með sæmilega góðu móti. Og við álítum einnig, að það ættu að gilda sams konar reglur í sambandi við ýmis verktakastörf hér í okkar landi. Þessi atriði, sem ég hef nú minnzt á, eru öll almenns eðlis og marka í rauninni alveg nýja stefnu, nýja grundvallarstefnu í atvinnumálum, víkja öll stórkostlega frá þeirri stefnu, sem gilt hefur.

En í sambandi við tillögur okkar, sem miða fyrst og fremst til atvinnuaukningar og umbóta í atvinnumálum almennt séð, þá vildi ég nefna þessar helzt: Varðandi sjávarútveginn teljum við, að þegar í stað ætti að gera kaupsamninga um ekki minna en 10—12 skuttogara af stærri gerð, varla undir 1500 rúmlestum að stærð, og snúa sér þannig dálítið myndarlega að því að vekja hér til lífs á nýjan leik ísl. togaraútgerð, sem nú er alveg að þrotum komin. Slík vanræksla má ekki standa lengur, að jafnþýðingarmikill þáttur í okkar efnahagslífi og togaraútgerðin hefur jafnan verið, að sá þáttur hverfi með öllu. Ég tel, að enginn vandi sé á því fyrir okkur að gera samninga erlendis um það að kaupa slík skip og fá þau á tiltölulega stuttum tíma. Reynslan hefur sýnt okkur það áður, að við getum tiltölulega auðveldlega fengið lán, a. m. k. með bakábyrgð ríkisins erlendis, sem nema 90—95% af kaupverði slíkra skipa. Þá leggjum við til, að gerð verði sérstök áætlun um framkvæmdir til þess að endurnýja okkar fiskibátaflota. Við leggjum áherzlu á það, að sú endurnýjun fari fram á þann hátt að samið sé við innlendar skipasmíðastöðvar um þetta verk. Og það verður að vera fyrir beina forgöngu ríkisvaldsins, sem til slíks er efnt, því að það er vonlaust með öllu, að nokkuð verði úr þessari endurnýjun, a. m. k. á þann hátt, að hagkvæmt væri fyrir þjóðina, ef einn opinber aðili stendur ekki fyrir slíku verki. Við mundum vilja haga þessu þannig, að við skiptum aðallega okkar bátaflota í þrjá meginstærðarflokka. Í fyrsta lagi eru bátar, sem almennt eru taldir mjög hagstæðir vertíðarbátar, af stærðinni ca. 80 til 120 rúmlestir, getur verið eitthvað lítillega önnur stærð. Það þarf að semja um smíði allmargra slíkra báta til endurnýjunar á þessum skipastól, sem hefur beinlínis gengið úr sér að undanförnu. Það þarf einnig að gera áætlun um smíði allmargra minni fiskiskipa en 80 rúmlestir að stærð, því að við þurfum einnig á þeim að halda víðs vegar í kringum landið. Og svo þarf í þriðja lagi að semja um smíði á allmörgum stórum skipum, í okkar stærsta flokki, sem mundi þá vera af stærðinni 250—400 rúmlestir eða þar um bil. Hér væri vitanlega um gífurlega mikið verkefni að ræða fyrir innlendar skipasmíðastöðvar, að taka þessi verk að sér. Og ríkið yrði að koma hér til aðstoðar á þann hátt að beita sér fyrir erlendri lántöku, sem gæti síðan staðið undir þessum framkvæmdum í landinu, ásamt með því fjármagni, sem aðalstofnlánasjóður sjávarútvegsins, Fiskveiðasjóður, gæti hér lagt til. Hér er um gífurlega mikið gjaldeyrismál fyrir þjóðina að ræða, hér er um

undirbyggingu undir okkar atvinnulíf á komandi árum að ræða, og hér er einnig um verulega úrlausn á okkar atvinnumálum nú þegar að ræða. Þá leggjum við einnig til, að ríkið taki að sér beina forgöngu um það að koma upp aukinni fullvinnslu á sjávarafurðum í landinu, og leggjum til, að ríkið leggi sérstaklega fram aðstoð í þessum efnum á sérfræðilegu sviði og einnig í sambandi við markaðsöflun. Einnig þarf auðvitað að útvega þeim aðilum, sem til slíks reksturs efna, hagstæðari lán en þeir eiga nú við að búa, lán, sem yrðu að vera afborgunarlaus fyrstu 2—3 árin. En það er orðið mjög aðkallandi að breikka okkar atvinnulíf á þennan hátt. Þá teljum við, að það þurfi að gera hér mjög öflugt átak til þess að koma á umbótum í okkar fiskvinnslu, þeirri, sem nú er fyrir í landinu, og að þetta þurfi ríkisvaldið að hafa forgöngu um.

Á sviði iðnaðarmála er enginn vafi á, að þar er um margvísleg verkefni einnig að ræða til viðbótar við skipasmíðarnar, sem ég var að minnast á. Þá kæmi hér til mála, að komið væri upp, einnig fyrir forgöngu ríkisins, því að um annað er varla að ræða, fullkominni veiðarfæragerð, sem sparað gæti okkur nokkur hundruð milljónir króna á ári í sambandi við aðalveiðarfærainnflutninginn til landsins, og ég tel, að við eigum ekki að hika við að hafa þar samstarf við erlenda aðila, þó á þeim grundvelli, að við tryggjum alveg örugglega íslenzk yfirráð í slíku fyrirtæki og meirihlutaaðstöðu.

Þær tillögur, sem fram hafa komið, bæði um það að vinna að því að koma hér upp efnaiðnaði og reisa hér nýja áburðarverksmiðju og koma hér upp auknum rafvirkjunum, eru allt saman verkefni, sem vitanlega þarf að ákveða að ráðast í í beinu samhengi við þær almennu ráðstafanir, sem gerðar eru hér í okkar efnahagsmálum, því að við komumst ekki út úr þessum vanda, sem við stöndum nú frammi fyrir, án þess að vinna að því að breyta undirstöðunni í okkar atvinnulífi.

Ég kem þá nokkuð nánar að nokkrum ráðstöfunum, sem við mundum benda á til þess að ráða bót á þeim rekstrarvandamálum, sem okkar útflutningsatvinnuvegir eiga nú við að stríða. Ég hef áður nefnt vaxtalækkun, og það er enginn vafi á því, að á þann hátt er hægt að létta af okkar sjávarútvegi og reyndar öllum okkar atvinnuvegum verulegum útgjöldum, og það ber að gera það. Í öðru lagi á að lengja lánstímann, sérstaklega á stuttum lánum, sem veitt hafa verið í ýmsum tilfellum til atvinnuveganna. En þessi stuttu lán hvíla með allt of miklum þunga á framleiðslunni. Þessu er hægt að koma við. Þá þarf að taka upp nýtt vátryggingarkerfi í stað þess óhæfa kerfis, sem sjávarútvegurinn hefur nú búið við í mörg ár. Og á þann hátt er hægt að spara mikið fé, því það er enginn vafi á því, að það kerfi, sem hér hefur verið í gildi, er allt of kostnaðarsamt. Og um leið tel ég, að það eigi að afnema í öllum aðalatriðum eða mest megnis þau háu útflutningsgjöld, sem nú hvíla á sjávarútveginum, um leið og þessi mál eru umskipulögð. Þá tel ég einnig, að hægt sé að koma fram verulegum sparnaði í rekstri atvinnuveganna með því að taka upp nýtt skipulag á olíuverzlun landsmanna. Ég hef upplýst það hér áður í umræðum á Alþ. fyrir stuttu síðan, að olíuverðið, sem okkar fiskiskip verða að greiða hér innanlands, er nú 40% hærra en þau sömu fiskiskip verða að greiða fyrir olíuna í nágrannalöndum okkar, sem þessi skip hérna leita til stundum. Þessi mismunur er allt of mikill og nær engri átt og stafar meðal annars af alröngu skipulagi, sem hér er ríkjandi í sambandi við olíusölu og olíudreifingarmál. Og það er kominn tími til þess að rífa upp þessi mál og umleggja þau og spara þannig útgjöldin hjá atvinnuvegunum, áður en a. m. k. er gripið til þess ráðs að lækka kaupmátt launa hjá þeim, sem nú í dag búa við laun, sem ekki eru nema 10 þús. krónur á mánuði.

Þá teljum við einnig réttlátt og eðlilegt að verða við kröfu útvegsmanna um það að lækka allverulega rafmagnsverð til fiskvinnslunnar í landinu. En það hefur komið í ljós, að rafmagnsverðið þar er óheyrilega hátt í ýmsum greinum. Þá teljum við, að það væri réttmætt að fella niður söluskatt á ýmsum nauðsynjavörum útflutningsframleiðslunnar. Ráðstafanir af þessu tagi ættu auðvitað allar að ganga fyrir, áður en til þess kemur að fara að veita framleiðsluatvinnuvegunum sérstakan beinan stuðning. Ég skal ekki um það segja, ég hef ekki haft aðstöðu til þess, hvað miklu þetta gæti numið fyrir sjávarútveginn sem heild, ef þessar till. væru framkvæmdar. En ekki þykir mér ólíklegt, að það mætti lækka útgjöld á sjávarútveginum sem heild, sem næmi á milli 300 og 400 millj. króna, ef þannig væri staðið að framkvæmd þessara tillagna, sem við höfum hugsað okkur. Og það er vitanlega sjálfsagt að grípa til þessara ráða og áður en til beinnar millifærslu kemur. Millifærslan, sem svo þarf að koma til til viðbótar við þessar ráðstafanir – það er rétt, að það þarf auðvitað að huga að því, með hvaða hætti á að framkvæma hana. Á þar að vera um gengislækkun að ræða að vissu marki eða á að vera um beina fjárstyrki að ræða svipað því, sem verið hefur á undanförnum árum og þá hugsað að sjálfsögðu til styttri tíma? Þá leggjum við mikla áherzlu á það, að skuldamál sjávarútvegsins verði tekin til sérstakrar meðferðar og reynt að sjá svo um, að útgerðarfyrirtæki yfirleitt þurfi ekki að baslast með meiri skuldir en eðlilegur rekstur getur borið, og um þær skuldir, sem þar eru umfram og myndazt hafa þar á þessum erfiðleikaárum og síðustu árum, verður að gera sérstakt samkomulag og semja sérstaklega. Ráðstafanir bæði fyrir innlendan iðnað og eins fyrir landbúnað yrðu að ýmsu leyti af sama tagi. Báðar mundu þessar atvinnugreinar njóta vaxtalækkunar, og iðnaðurinn mundi að sjálfsögðu njóta þess, ef lækkaðir yrðu tollar á ýmsum hráefnisvörum til iðnaðarframleiðslunnar. En ég geri mér fyllilega grein fyrir því, að vandi okkar sjávarútvegs er orðinn svo mikill í dag vegna þeirrar verðbólgu, sem hér hefur ríkt á undanförnum árum, að það þarf að koma hér meira til heldur en þær ráðstafanir, sem ég hef hér minnzt á. Og eins og ég segi, sú millifærsla, sem þá yrði um að ræða, gæti farið fram í formi gengislækkunar eða beinnar fjárgreiðslu, en þá skiptir auðvitað öllu máli, hvernig að framkvæmd gengislækkunarinnar yrði staðið, ef sú leið yrði valin, og einnig skiptir miklu máli í sambandi við beina fjáröflun, hvernig hún er til komin.

Við bendum á, að það væri hægt að útvega fjármagn til aukastuðnings við sjávarútveginn m. a. á þennan hátt: Í fyrsta lagi með því, að ríkissjóður gerði þær

ráðstafanir, sem miðuðu að sparnaði í ríkisrekstrinum og ég hef áætlað í kringum 300 millj. kr., sem ég tel ekkert ofverk þeirra, sem með þau mál fara, að setja sér og framkvæma. Í öðru lagi teljum við, að það ætti að vera hægt að fá mun meira fjármagn út úr þeim tekjustofnum, sem ríkið hefur í dag, ef réttilega væri þar haldið á innheimtumálum. Við teljum, að með bættu skattaeftirliti, alveg sérstaklega í sambandi við innheimtu á söluskatti og reyndar tekjuskatti líka, þá ætti auðveldlega að vera hægt að afla meiri tekna, sem næmu 150—200 millj. kr. á ári. Söluskatturinn nemur nú þegar orðið álagður kringum 1500 millj. Hert eftirlit í þessum efnum er því fljótt að skila sér í háum fjárfúlgum, ef vel er að málinu staðið. Þá teljum við Alþýðubandalagsmenn einnig, að réttlátt væri, að ýmsir þeir aðilar, sem óumdeilanlega hafa þarna gróða á undanförnum árum, yrðu nú a. m. k. með skatti til eins árs látnir standa nokkuð undir þessum vanda, sem hér er við að glíma. Við teldum ekki óeðlilegt, að lagður væri sérstakur fasteignaskattur á ýmsa þá aðila, sem hrúgað hafa upp fasteignum á síðustu árum. Þar tilnefnum við t. d. bankana í landinu, ætli þeir mættu ekki borga fasteignaskatt eins og í eitt ár, nokkurn sérstakan fasteignaskatt? Þar tilnefnum við innflutningsverzlunina í landinu og verzlunina yfirleitt, sem mjög hefur bólgnað út þessi síðustu ár. Þar nefnum við fasteignaskatta á skrifstofubyggingum, hótelbyggingum, byggingum vátryggingarfélaga, skipa- og flugfélaga og annarra slíkra stofnana, sem okkur sýnist, að væri mjög eðlilegt, að kæmu hér til með nokkurt framlag, þó að ekki væri nema í eitt ár til þess að hlaupa undir baggann, þegar erfiðlega stendur á. Það væri ekki mikið að áætla það, að þessir aðilar legðu fram í eitt skipti a. m. k. 100 millj. kr. Og við teldum einnig, að það kæmi mjög vel til mála, sérstaklega með tilliti til þess, að búið er að leggja 20% innflutningsgjaldið á, og það er komið út í verðlagið og farið að hafa sín áhrif, að þeim skatti yrði breytt þannig, að honum yrði létt af allri nauðsynjavöru og því, sem nauðsynlegast verður að teljast, rekstrarvörum og öðru slíku, en hins vegar yrði þessi skattur látinn standa áfram, meðan á sérstakri aðstoð þarf að halda til sjávarútvegsins á ýmsum þeim varningi, sem hægt er að flokka undir lúxusvörur eða lítið þarfar vörur. Ef þetta væri gert, væri sennilega auðvelt að afla tekna eftir þessari leið, sem næmu 400 millj. kr. á ári, en það er ekki nema nokkur hluti af þessu gjaldi miðað við það, að það standi heilt ár. Á þennan hátt væri, eins og ég hef bent hér á, hægt að afla fjár til stuðnings við útflutningsatvinnuvegina umfram almennar ráðstafanir, sem næmi í kringum 1000 millj. kr., og þá væri ekki farin sú leið að leggja hér sérstaka skattabyrði á almennt launafólk í landinu. Þetta teljum við, að hefði átt að gera í þessu falli og reyna síðan að vinna sig út úr þessu vandamáli með auknum framkvæmdum í þá átt að treysta atvinnuvegi þjóðarinnar betur en gert hefur verið. Þá hefðum við lagt á það mikla áherzlu, að eins og nú er komið atvinnumálum, hefði verið gripið til sérstakra ráðstafana í því augnamiði að leysa úr atvinnuerfiðleikum víðs vegar um landið. Við hefðum talið rétt að hafa þann hátt á, að landinu hefði verið skipt t. d. í 6—7 atvinnuumdæmi og gætum hugsað okkur þá skiptingu þannig, að eitt svæðið væri Vesturland, annað Vestfirðir, þriðja væri Norðurland, 4. Austurland, 5. Suðurland og e. t. v. Vestmannaeyjar með eða þá Vestmannaeyjar gerðar að sérstöku umdæmi og svo þá í sjötta eða sjöunda lagi Reykjavíkursvæðið og Reykjanes. Og við hefðum viljað leggja til, að á hverju þessu atvinnusvæði væri komið upp sérstakri atvinnumálanefnd, sem t. d. mætti vera skipuð 7 mönnum, og hefðum þá viljað hafa tvo fulltrúa í hverri nefnd frá verkalýðssamtökunum á viðkomandi svæði, 2 frá samtökum atvinnurekenda, tvo frá samtökum sveitarstjórnarsamtaka, sem hér eiga mikinn hlut að máli, og t. d. einn beint frá ríkisstj. og að verkefni þessarar atvinnumálanefndar hefði síðan verið það að greiða úr atvinnuvandamálum hver á sínu svæði, þar sem sérstaklega væri við það miðað að fullnýta þau atvinnutæki, sem þar eru fyrir, og reyna að koma upp nýjum, þar sem möguleikar eru á því, eða greiða úr því, að opinberir aðilar, ýmist ríkið eða sveitarfélög, gætu haldið þar áfram ýmsum atvinnuframkvæmdum, sem ákveðnar eru og nauðsynlegar verða að teljast, eins og t. d. hafnarframkvæmdum, vegagerð, skólabyggingum og ýmiss konar öðrum framkvæmdum og þá auðvitað með beinni fyrirgreiðslu ríkisins í ýmsum tilfellum um það að útvega nauðsynlegt fjármagn. Við mundum leggja áherzlu á það, að þessa atvinnumálanefndir hefðu beint vald til framkvæmda og þær hefðu einnig yfir nokkru fjármagni að ráða, og teldum þá eðlilegt, að það fjármagn, sem Atvinnujöfnunarsjóður ræður yfir, en honum er ætlað þetta hlutverk að nokkru leyti fyrir allt landið, skiptist milli þessara atvinnumálanefnda. Eins væri hægt að hugsa sér það, að þær réðu yfir nokkru fjármagni, sem fengist frá Atvinnuleysistryggingasjóðum, og þá einnig að þær réðu yfir fjármagni, sem ríkið útvegaði sérstaklega til þess að leysa úr atvinnuvandamálunum, og svo einnig því fjármagni, sem hægt væri að útvega með eðlilegum hætti gegnum lánasjóði eða banka. Við teljum, að með því að bregðast við þessum vanda á þennan hátt væru verulegar líkur til þess, að hægt væri að leysa viðs vegar um landið úr þeim atvinnuörðugleikum, sem fólk á þar við að stríða, og halda uppi fullri atvinnu.

Ég hef nú drepið hér nokkuð á þær till., sem við Alþýðubandalagsmenn höfum sérstaklega fram að færa í þessum efnum. Ég hef ekki getað farið út í þær eins ýtarlega og ég hefði viljað, en ég ætla, að þessar till. sýni það í stórum dráttum, hvernig við teljum, að hefði átt að bregðast við þeim vanda, sem við erum nú að fást við. Við teljum sem sagt, að það hefði þurft að skipta hér um stefnu í grundvallaratriðum, taka hér upp nýja stefnu í fjárfestingarmálum, gjaldeyrismálum, verðlagseftirlitsmálum, lánamálum og þar með í sambandi við vaxtamálin í landinu, gera hér verulegt átak til atvinnuúrbóta, einnig að því leyti til, sem það varðar að koma hér upp nýjum atvinnugreinum, og treysta okkar atvinnulíf og gera síðan beinar ráðstafanir til stuðnings okkar atvinnuvegum, fyrst og fremst með því að lækka alla okkar útgjaldaliði hjá útflutningsatvinnuvegunum, sem hægt er að lækka, sem stendur í okkar valdi að lækka, og gera síðan nauðsynlega millifærslu eftir því, sem talið er, að þurfi, og afla fjár til þeirrar millifærslu án þess að skattleggja meira en orðið er hinn almenna launþega í landinu. Þetta teljum við, að sé hægt. Fyrir-

komulagið á millifærslunni, hvort valin er gengislækkunarleið í þeim efnum með tilheyrandi hliðarráðstöfunum eða valin er bein millifærsluleið, það er hins vegar ekki aðalatriðið að mínum dómi.

En sú leið, sem ríkisstj. hefur valið, sýnist mér, að lendi út í sömu ófæruna eins og hennar fyrri ráðstafanir í þessum efnum og leysi engan vanda. Við fáum aðeins, eftir því sem ég hygg, að reynslan muni verða, átök við sjómennina út af launakjörum þeirra ekki seinna en um áramótin, og við fáum átök við verkalýðssamtökin og launþegasamtökin fljótlega upp úr áramótum, og ríkisstj. hefur ekki komið fram þeirri fyrirætlun sinni að ætla að leysa þessi vandamál á kostnað launþeganna í landinu, það hefur ekki heppnazt. Og vandinn er þá jafnvel enn meiri eftir en áður. Og ég dreg það einnig mjög í efa, að það fyrirkomulag, sem hugsað er á framkvæmd þessara mála af hálfu ríkisstj., muni duga útvegsmönnunum langt fram yfir áramótin. Ég hygg að hún muni einnig þurfa að semja við þá á ýmsum sviðum um viðbótarfyrirgreiðslu, ef þannig á að standa að framkvæmd þessara mála, eins og hér er gert ráð fyrir.

Halldór E. Sigurðsson: Herra forseti. Enda þótt mér sýnist nú tími sá alllítill, sem er fram að fundarhléi, og varla hafi tekið því að hefja ræðuna, þá vil ég verða við tilmælum forseta um það. Og ég vil byrja mál mitt með því að segja frá því, að nú fyrir nokkru voru menn á fjölmennum vinnustað að ræða um væntanlegar ráðstafanir, og hvað hæstv. ríkisstj. mundi aðhafast í þeim efnum. Þar kom, að einn af vinnufélögum þeirra, sem ekki hafði tekið þátt í þeim umr., var spurður að því, hvort hann héldi, að hæstv. ríkisstj. mundi stýfa krónuna. Hann svaraði um hæl: Hún er nú búin að stýfa krónuna svo oft, að nú verður hún að fara að stýfa túkallinn.

Og það er nú orð að sönnu, að hæstv. ríkisstj. virðist hafa orðið áskynja um þetta hugboð þessa manns, því að svo hraustlega er fram gengið nú, að ef við berum saman verðlag á bandarískum dollar nú og 11. nóv. 1967, þarf fleiri túkalla til þess að kaupa þennan eina dollar á morgun heldur en þurfti 12. nóvember 1967. Þannig eru aðgerðir hæstv. ríkisstj., að þó að menn grípi til þess í gamni sínu að ætla hana nokkuð stórtæka, þá reyndist hún þó stórtækari í sínum ráðstöfunum heldur en þeir, sem þannig tala. Hæstv. ríkisstj. hefur fellt gengi íslenzkrar krónu eða hækkað verð á bandarískum dollara, svo að það orðalag sé notað, frá því að hún hóf þessar aðgerðir 1960 og miðað við hennar eigin mat þá um 131%. Hér er ekkert smámál á ferðinni, og hér er mikið alvörumál á ferðinni. Það er ekki lítið alvörumál fyrir fólk, sem vill vera heiðarlegt í viðskiptum, vill byggja upp sitt viðskiptakerfi með einhverri fyrirhyggju og ætlar sér að geyma sér til næsta árs að kaupa vegna fjárhags síns hluti, sem það hefur þó þörf á að kaupa í ár. Þetta fólk, sem þannig hagar sínum ráðstöfunum, geldur mikið afhroð. Það geldur mikið afhroð fyrir það að reyna að taka þátt í því að byggja upp heilbrigt efnahagskerfi hjá sjálfum sér og um leið hjá þjóðinni. Þannig er að þessum málum staðið, að hér er mikið alvörumál á ferðinni, þar sem það er í raun og veru ómögulegt, hvorki fyrir einstaklinginn, ungan né gamlan, né fyrir nokkurt fyrirtæki í landinu að byggja upp skynsamlega fjárhagsáætlun, og það er í raun og veru komið þannig, þó að það sé stórt orð og erfitt að segja það, að það er orðið afskaplega erfitt að vera heiðarlegur maður í viðskiptum á Íslandi, svo hrapalega hefur stjórnarstefnan farið með viðskiptalíf þjóðarinnar. Og það er meira, sem er að gerast nú, heldur en þetta, þó að nóg sé, því að nú er svo komið, að fjárhagslegt sjálfstæði þjóðarinnar er að verða í hættu. Það hefur verið upplýst hér í þessum umr., hversu geigvænlegar skuldir ríkisins út á við eru orðnar og þegar við nú breytum gengi íslenzkrar krónu, svo að bandarískur dollar hækkar í verði um 55%, sjá allir, hvert stefnir, og við höfum aldrei verið nær því síðan við fórum að fara með okkar fjármál sjálfir en við erum að verða nú að lenda í þeirri hættu að verða vanskilamenn við aðrar þjóðir. Hér eru því stórkostlegir hlutir á ferðinni, sem þjóðin verður að gera sér grein fyrir, og þetta er svo tveimur árum seinna heldur en mestu veltu- og velgengnisár í lífi íslenzku þjóðarinnar hafa gengið yfir. Og það er fleira, sem er ástæða til að hafa hugfast í dag heldur en raunverulega sú breyting, sem er að verða á íslenzkum gjaldmiðli. Íslenzka þjóðin þarf einnig að muna það, hvort hún gat vænzt þess frá valdamönnum sínum, að þannig yrði að málum staðið. Ég minnist þess, að hinn 26. ágúst 1967 átti íslenzka sjónvarpið viðtal við hæstv. viðskmrh., Gylfa Þ. Gíslason. Alþýðublaðið sagði frá þessu viðtali, en í því sagði ráðh. m. a. þetta, með leyfi hæstv. forseta, eða blaðið hafði það svo eftir honum:

„Ráðh. kvaðst ekkert geta sagt um það, hvaða ráðstafanir yrðu gerðar til þess að mæta þessum vanda. Hins vegar gæti hann fullyrt, að gengislækkunin væri ekki rétta ráðið. Gengislækkun skapar alltaf vandamál."

Þetta sagði hæstv. viðskmrh. 26. ágúst 1967. Getur þjóðin búizt við því af ráðh. sínum, formanni annars stjórnarflokksins, að hann taki svo þátt í því að fella gengi íslenzku krónunnar, svo að verð á bandarískum dollara hefur hækkað um 105% á einu ári? Maður, sem gefur slíka yfirlýsingu. Og þann 16. október 1967 sagði hæstv. forsrh., Bjarni Benediktsson:

„Er ég sannfærður um, að gengislækkun skapar okkur fleiri örðugleika heldur en þann vanda, sem hún leysir. Ég er sannfærður um það, að þeir, sem tala um gengisbreytingu, sem ætti að verða lausn, er hjálpaði sjávarútveginum, jafnvel iðnaðinum, og örugglega kæmi í veg fyrir atvinnuleysi á næstu missirum, hafa ekki hugsað það mál til hlítar."

Hefur svo hæstv. forsrh. hugsað sitt mál til hlítar, að hann skuli standa fyrir svo geigvænlegum gengisbreytingum á einu ári sem hann hefur gert? Er ástæða til, að virðing þjóðarinnar vaxi fyrir stjórnmálamönnum, mestu valdamönnum sínum, þegar þeir gefa út slíkar yfirlýsingar og framkvæmdirnar eru svo bornar saman?

Við höfum heyrt þær umr. einmitt á þessu ári, að unga fólkið í landinu er að fordæma stjórnmálamennina. Af hverju er unga fólkið í landinu að fordæma stjórnmálamennina? Það er vegna þess, að mennirnir í mestu valdastöðunum gefa út slíkar yfirlýsingar og breyta svo þvert gegn þeim. Hér eru formenn stjórnarflokkanna, sem gefa slíkar yfirlýsingar, og framkvæmdina vitið þið svo.

Og það eru fleiri yfirlýsingar, sem hafa verið gefnar í sambandi við gengisbreytingar, heldur en þær, sem ég hef nú vitnað til. Ég vil, með leyfi hæstv. forseta, skýra frá sjónvarpsviðtali, sem hæstv. viðskmrh. átti þann 24. nóvember 1967, eftir að gengisbreytingafrv. var þá komið fram. Það er birt í Alþýðublaðinu daginn eftir. Og þegar menn heyra það, þá heyra þeir líka, að yfirlýsing sú, sem hæstv. viðskmrh. gaf hér áðan, er ekki ný. *Hann hefði getað sótt hana í þetta viðtal. En* hæstv. ráðh. sagði þá svo, með leyfi hæstv. forseta:

„En ríkisstj. hefur nú talið það meginskyldu sína að koma í veg fyrir atvinnuleysi, koma í veg fyrir vöruskömmtun, gjaldeyris- og innflutningshöft og söfnun óreiðuskulda erlendis.“ Síðan ræðir hann um gengisfellingu sterlingspundsins og segir svo: „Og þá var tvímælalaust rétt að takast á við allan vandann. Þess vegna hefur gengi krónunnar nú verið lækkað. Tilgangurinn er að hleypa nýju lífi fyrst og fremst í *sjávarútveg og iðnað. Það kostar fórn af hálfu okkar* allra í bráð, en sú fórn mun bera árangur. Hún mun bera árangur í aukinni atvinnu, í verndun heilbrigðs og frjáls vöruframboðs, í vaxandi gjaldeyrissjóði á ný, í verndun þess lánstrausts, sem hætta var á, að minnkaði.“ Og svo endar hann orð sín með þessu, hæstv. viðskmrh. „Þá mun tímabil erfiðleikanna von bráðar á enda og björt framtíð blasa við þjóðinni.“

Þessa yfirlýsingu gaf hæstv. viðskmrh. þjóðinni þann 24. nóvember 1967. Ekki var að undra, þótt hæstv. viðskmrh. þyrfti að lesa upp úr þessari yfirlýsingu aftur nú á hv. Alþ., ef eitthvað skyldi vera farið að fyrnast. En er ástæða til, að íslenzkir stjórnmálamenn vinni sig í áliti hjá æskunni í landinu, vinni sig í áliti hjá þjóðinni í landinu, þegar þeir gefa út slíkar yfirlýsingar sem þessar og breyta svo eins og dæmin sanna? Það er ekki ástæða til þess, og það er rétt að minna á þessi atriði nú, þegar ein gengisfellingin er til viðbótar framkvæmd af núv. hæstv. ríkisstj. Þjóðin verður að gera sér grein fyrir því, að þær yfirlýsingar, sem nú eru gefnar, eru jafnhaldlitlar og þær, sem áður hafa verið gefnar. Af ávöxtunum þekkið þið þá. Dæmin sanna, hvert stefnir. Og það voru fleiri yfirlýsingar gefnar út í sambandi við gengisbreytinguna á s. l. hausti. Morgunblaðið sagði í leiðara sínum 26. nóvember, með leyfi hæstv. forseta:

„Með gengislækkuninni er hins vegar lagður grundvöllur að nýju framfaraskeiði atvinnuveganna.“

Íslenzka þjóðin þekkir framfaraskeið atvinnuveganna frá því í nóvember 1967 til 11. nóvember 1968. Framfaraskeið atvinnuveganna var ekki boðskapur í ræðu hæstv. forsrh., er hann fylgdi frv. úr hlaði við 1. umr. Það var á annan veg.

Ég vil enn vekja á því athygli, að það er ástæða til þess, að þjóðin vantreysti forystumönnunum, þegar slíkar yfirlýsingar hafa verið gefnar, eins og ég hef vitnað til, og staðreyndirnar eru svo bornar saman. Og ég vil í framhaldi af þessu rifja upp nokkra minnispunkta úr sögu þeirra fyrirheita, sem hæstv. viðskmrh. gaf um nýja lífið, sem mundi færast í atvinnureksturinn, um aukna gjaldeyrissjóðinn, um traustið út á við og fleiri atriði, sem þar voru nefnd. Þegar fjárlög voru afgreidd hér á hv. Alþ. í desember s. l. þá var fluttur sá boðskapur, að tollar yrðu lækkaðir, þegar komið yrði til þings aftur að jólahléi gengnu, og boðskapurinn, sem fylgdi, var tollalækkun upp á 250 millj. kr. Hæstv. ríkisstj. og hennar lið skýrðu frá því, að þeim þætti það ofrausn fyrir ríkissjóð Íslands að taka til sín tollana, óbreytta frá því sem var áður með tollstofnana, áður en gengisbreytingin var gerð. Hver var svo framkvæmdin á þessu? Um þetta leyti var verið að vitna til þess, að gengisbreytingin, sem gerð var 24. nóvember 1967, væri sú bezt undirbúna gengisbreyting, sem nokkurn tíma *hefði verið gerð á Íslandi, og enginn skyldi því efast um*, að hún yrði varanleg, enda var áður búið að skýra frá því, hvaða áhrif hún hefði. En hvað gerðist svo í janúar 1968, tveimur mánuðum eftir að hæstv. ríkisstj. hafði lækkað gengi krónunnar, svo að verð á bandarískum dollar hækkaði um 35—36%? Þetta var gert til þess, að sjávarútvegurinn í landinu gæti gengið án styrkja, og styrkirnir voru felldir út af fjárlagafrv. við afgreiðslu fjárlaga. Nú þarf enginn að halda það, að þeir, sem sitja í ráðherrastólum og hafa sér til aðstoðar margar stofnanir *til þess að átta sig á fjárhagsmálum þjóðarinnar*, geti ekki gert ráðstafanir, sem duga í 2—3 mánuði. Það er allt of mikil ósanngirni gagnvart þessum gáfuðu og framsýnu mönnum okkar að ætla þeim ekki þann hlut. En samt gerðist það, að hæstv. ríkisstj. með öll sín ráðuneyti, Efnahagsstofnun, Seðlabanka og hvað það nú heitir varð að koma til Alþingis þjóðarinnar og skýra frá því, að hún hafi orðið að gera samninga við útvegsmennina og hraðfrystihúsin í landinu, sem gerði það að verkum, að hún yrði að greiða þeim í uppbætur á árinu 1968 *320 millj. til viðbótar við gengisbreytinguna*, sem var verið að gera. Þetta kom náttúrlega öllum á óvart, og þjóðina rak í rogastanz eftir að hafa hlustað á yfirlýsingu hæstv. viðskmrh., sem ég vitnaði hér til áðan, um lífið, sem átti að færast í atvinnurekstur landsmanna við gengisbreytinguna. Tímabil erfiðleikanna, sagði hann, var von bráðar á enda, og björt framtíð blasti við þjóðinni, en 320 millj. kr. þurfti í janúar, til þess að útvegurinn hæfi rekstur, og svo var haldið áfram. Tollalækkunin, sem átti að koma og verða 250 millj., varð 160 millj. kr. En þá var búið að hækka nokkra tekjustofna, sem gáfu upp undir 100 millj. kr., í leiðinni. En nú skulu menn halda það, að þegar febrúarmánuður var liðinn, hafi ríkisstj. hæstv. verið búin að átta sig á því, við hvaða dæmi hún væri að fást, nú þyrfti ekki frekari ráðstafana við. Gengisbreytingin, uppbæturnar og svo breytingin á tollunum og því mundi nú nægja til fjárhagsafgreiðslu fyrir árið 1968. En þá kom marz, og þá kom ríkisstj. með enn nýjan þátt í fjárlagaafgreiðslu sinni. Nú ákvað hún að spara útgjöld ríkissjóðs, og það átti að nema um 130 millj. kr. Sparnaðurinn var að vísu aðallega fólginn í því að taka lán til þess að byggja skóla og sjúkrahús, sem áður hafði nú ekki verið gert í svo ríkum mæli, sem hún ætlaðist til nú. Og svo var áfengi og tóbak hækkað og fleiri slíkar ráðstafanir gerðar. Og það voru taldir upp nokkrir sparnaðarliðir, eins og hæstv. ríkisstj. kallaði þá, sem átti að spara á árinu 1968, sem að vísu hefur nú sannazt eins og sýnt var fram á við umr. um þetta mál á hv. Alþ., að mundu ekki fyrirfinnast á árinu 1968, enda kemur það í ljós, að *sumum till.* um sparnaðinn hefur hæstv. ríkisstj. ekki einu sinni reynt að koma í framkvæmd. Og hún fjölgaði sendiráðsmönnunum í París í staðinn fyrir að fækka. Það var nú framkvæmdin í sparnaðarátt, og

segi þeir mér, sem segja vilja, að útgjöld hæstv. ríkisstj. við risnu og risnuhöld á árinu 1968 verði minni en árið áður. Það sýnir sig, þegar sá reikningur verður upp gerður, en fyrr mun ég nú ekki trúa.

En svo kom apríl. Og enn þá þurfti hæstv. ríkisstj. til fanga, því að þegar hún var að afgreiða fjárl. og gera aðrar ráðstafanir á mánuðunum á undan, þá hafði hún gleymt því, að krónurnar, sem hún ætlaði að nota til vegagerðar,voru orðnar litlar krónur og voru alltaf að minnka, og hæstv. ríkisstj. þurfti þess vegna að ná sér í nýjan tekjustofn eða auka þá, sem fyrir voru, til þess að halda vegunum við, svo að sæmilega greiðfærir væru um mitt sumarið. Að vísu auglýsti hæstv. ríkisstj. þetta með stóru átaki í varanlegri vegagerð. Hvar eru varanlegu vegirnir frá árinu 1968? Ég hef ekki keyrt þá. Það getur vel verið, að aðrir hv. alþm. hafi keyrt þá og hæstv. samgmrh., en ég dreg það þó í efa. Ég held, að hann hefði fest bílinn þá. En þarna náði ríkisstj. sér í viðbótartekjustofn, sem var álíka að fjárhæð og tollalækkunin, sem hún afgreiddi mánuði áður. Þannig komst nú hæstv. ríkisstj. frá Alþ. með því að gera ráðstafanir í hverjum mánuði, sem leið.

En hún hélt áfram, því að þó að Alþ. væri komið heim, voru erfiðleikar ríkisstj. ekki þar með búnir, og framtíðin, sem hæstv. viðskmrh. sá blasa við bjarta og fagra, sýndi sig ekki, og síldarútvegurinn tilkynnti hæstv. ríkisstj., að hann mundi ekki hefja veiðar nema fá aukna aðstoð. Og nú voru góð ráð dýr, og nú skrifaði bara hæstv. ríkisstj. á víxil samþykki sitt, en útfyllti hann ekki að öðru leyti. Framtíðin á að borga og með gengisbreytingunni á nú að reyna að lagfæra þetta.

Svo kom júlí og ágúst, og hæstv. ríkisstj. varð að vísu að njóta síns sumarfrís eins og aðrir, en enn þá voru vandræði, því að nú neituðu frystihúsin í landinu að halda áfram rekstrinum nema nýjar greiðslur kæmu til. Uppbæturnar, sem höfðu verið reiknaðar ofan á gengisbreytinguna, nægðu ekki, og hæstv. ríkisstj. sagði: Gerið svo vel, við skulum bara borga ykkur meira. Haldið bara áfram, við bara borgum meira, og þá var samþykktur nýr víxill. En þegar hæstv. ríkisstj. kom úr sumarfríinu í byrjun september eða síðustu dagana í ágúst, þá sóttu erfiðleikarnir hana heim. Hún var svo hrædd, að hún ákvað tvennt samtímis, að setja á 20% toll og leita til stjórnarandstöðunnar um að reyna að bjarga sér út úr klípunni. Og hæstv. ríkisstj. ákvað í skyndi að setja 20% toll á allar vörur, er til landsins kæmu. Hún hafði að vísu 2—3 heimildir til undantekninga, sem hún hefur e. t. v. að einhverju leyti notað. Þessi tollur gerði miðað við heilt ár og venjulegan innflutning um 600 millj. kr. Þetta setti ríkisstj. 7 mánuðum seinna, en hún stakk upp í fólkið því snuði að lækka tollana um 160 millj. kr., en tók fullri hendi nokkru seinna nýjan toll, sem gæfi 200 millj. miðað við heilt ár. Þannig er framkvæmdin hjá hæstv. ríkisstj. á milli þátta, og svo þegar októbermánuður kom, lagði hún fram fjárlagafrv., sem var nú opið alveg í þann endann, sem mestu máli skipti. Þannig hefur nú verið hátturinn á milli stóratburðanna, gengisbreytinganna frá 1967 hinn 24. nóvember til 11. nóvember 1968. Það er ekki undarlegt, þó að hæstv. ríkisstj. geri ráð fyrir því, að hún haldi trausti hjá þjóðinni, þegar þannig er að staðið. (**Forseti:** Ég vil spyrja hv. þm., hvort hann treysti sér til þess að ljúka ræðu sinni nú eða óski að fresta henni um skeið.) Ég held, herra forseti, að fyrst ég er byrjaður pínulítið að rekja syndaregistur hæstv. ríkisstj., þá sé það svo langt, að ég verði að halda áfram síðar. — [Fundarhlé.]

Herra forseti. Ég skal nú gleðja hæstv. forseta með því, vegna þess sem ég sagði hér áðan, að ég skal tímans vegna ekki fara nema stutt í syndaregistur hæstv. ríkisstj., því að það mundi verða ofraun að fara að þylja það allt hér. En ég var þar kominn í máli mínu áðan, að ég var að lýsa því, hvernig væri á þjóðmálunum tekið, þegar hæstv. viðskmrh. hefði lýst því, að þeir hefðu ákveðið að takast á við allan vandann. Og ég var að nefna dæmi um það, hvernig ástandið eða framkvæmdin hefði verið á ári, sem liðið hefur síðan gengisbreytingin var gerð í nóvember 1967.

Eitt af því, sem hæstv. viðskmrh. boðaði í sambandi við gengisbreytinguna í fyrra og endurtók núna, var það, að nýtt líf mundi færast í atvinnulíf landsmanna. Hvernig hefur atvinnuástandið verið á Íslandi s. l. ár? Það mun um langt skeið aldrei hafa verið eins bágborið og á yfirstandandi ári. Samkv. þeim upplýsingum, sem ég hef fengið, greiddi Atvinnuleysistryggingasjóður vegna atvinnuleysisbóta á árinu 1967 um 8 millj. kr., sem mun vera sú hæsta fjárhæð, sem þá hafði verið greidd. Nú er gert ráð fyrir á árinu 1968, að þessar atvinnuleysistryggingabætur verði yfir 30 millj. kr. eða fjórum sinnum meiri heldur en þær voru á s. l. ári. Þetta var það, sem hæstv. viðskmrh. sagði, að væri hið nýja líf, sem mundi færast í atvinnurekstur þjóðarinnar við gengisbreytinguna s. l. haust. Það hefur verið vikið að því hér á hv. Alþ., m. a. af hæstv. forseta Sþ. um atvinnuástandið á Vestfjörðum. Sama er að segja víðar á landinu eins og á Snæfellsnesi. Þá hefur verið verra ástand í atvinnumálum á yfirstandandi ári heldur en um langt árabil eða nokkru sinni fyrr jafnvel. Ástæðan er sú, að atvinnurekstrinn á við svo mikla fjárhagsörðugleika að etja, að það hefur ekki verið hægt að halda honum áfram með eðlilegum hætti. Það sönnuðu líka uppbæturnar, sem ég skýrði frá, að voru greiddar til útgerðarinnar í janúar, viðbótarupphæðin til frystihúsanna í sumar og síldarvíxillinn, sem er óútfylltur enn þá, þannig að þrátt fyrir gengisbreytingu þá, sem gerð var hér í fyrra og átti að færa nýtt líf í viðskipta- og atvinnulíf landsmanna, sem hefur svo verið bætt við fleiri hundruð millj. kr. í ríkisstyrkjum, sem munu nú vera um 700—800 millj., þá hefur ekki tekizt að halda atvinnulífinu áfram með eðlilegum hætti. Þess vegna held ég, að við, sem höfum heyrt þessar yfirlýsingar hæstv. ríkisstj. oft og mörgum sinnum, tökum þær með lítilli virðingu og fullri varúð, þó að þær séu gefnar út einu sinni enn þá.

Hæstv. viðskmrh. boðaði það við gengisbreytinguna í fyrra, að gjaldeyrissjóðurinn mundi eflast á nýjan leik. Á árinu 1968 hafa verið tekin veruleg erlend lán, svo að nokkur hundruð millj. nemur. En hvernig er um gjaldeyrissjóðinn? Það kom tilkynning núna fyrir helgina um það, að hann væri gersamlega þrotinn. Þetta var hið nýja líf, sem átti að færast í gjaldeyrissjóðinn, að hann er nú gersamlega þrotinn, og kann ég ekki skil á því, til hvers tíma yrði að fara, til þess að slík yfirlýsing hefði við rök að styðjast, sem gefin var út um helgina um

ástandið í gjaldeyrismálum þjóðarinnar. Þess vegna er það eins með þennan þátt yfirlýsingar hæstv. viðskmrh. og aðra þætti, að hann er gersamleg markleysa, sem ekki hafði við nein rök að styðjast í fyrra, og það sama mun endurtaka sig nú. Hæstv. ráðh. sagði líka, að við yrðum að vinna á nýjan leik traust okkar, lánstraust okkar út á við. Ætli íslenzka þjóðin sé að vinna upp lánstraust út á við með því að breyta gengi íslenzkrar krónu árlega? Hafa viðskiptin á þessu ári orðið til þess að vinna upp þetta traust? Ég held, að um það þurfi ekki að fara mörgum orðum, að þeir, sem á annað borð þekkja til viðskiptamála og vita, hverju er að treysta í viðskiptum, munu ekki geta undirstrikað það, að íslenzka þjóðin sé að vinna upp lánstraust út á við. Það er mikið frekar hið gagnstæða, að hún stefni því a. m. k. í hættu og vel það, því að eins og ég tók fram í upphafi máls míns þá er hún nær því nú en nokkru sinni fyrr að lenda í vanskilaóreiðu með sínar erlendu skuldir.

Og svo er einn þáttur eftir í sambandi við gengisbreytingu þá, sem nú er verið að gera, og hann er ekki hvað minnstur. Og það er sú framkvæmd, sem viðhöfð er í málinu. Þegar 20% tollurinn var settur á um mánaðamótin ágúst—september, gengu hér þær sögur, að það væri verið að gera gengisbreytinguna. Þá varð stanzlaus afgreiðsla í viðskiptabönkunum, svo að allir héldu, að slíkt væri að ske, enda var þá verið að gera hliðstæðar ráðstafanir, sem verkuðu á innflutninginn álíka, og síðan eru liðnir tveir mánuðir, svo að nú er í raun og veru búið að standa yfir í 2½ mánuð það ástand, sem þjóðin eða fólkið í landinu hefur haft til þess að búa sig undir þessa gengisbreytingu. Og hvaða áhrif hefur þetta svo haft á t. d. bankana? Áhrifin eru þau, að innstæðueign í bönkum landsins og sparisjóðum lækkaði um 100 millj. í septembermánuði einum. Og hvað annað? Þegar í lok ágústmánaðar var þó gjaldeyrir sá, sem þjóðin hafði til umráða, um 350 millj., en eftir að þetta ástand hefur varað í hálfan þriðja mánuð eins og það hefur nú gert, þá er gjaldeyriseignin gersamlega þrotin. Þannig hefur aldrei síðan ég fór að fylgjast með stjórnmálum að marki verið gefið eins gott tækifæri þeim, sem yfir peningunum ráða, til þess að koma þeim fyrir á hagkvæman hátt. Og það er þetta tveggja og hálfs mánaða tímabil, sem gengisástandið eða gengislækkunin hefur vofað yfir, svo að öllum hefur verið ljós. Þá hefur skilið svo með þeim, sem ráða yfir fjármagni, og þeim, sem ekki ráða yfir fjármagni, að það eru stórkostlegir hlutir, sem þar hafa gerzt. Og það var kórónan á þessu öllu saman hjá hæstv. ríkisstj., þegar hæstv. viðskmrh. tók ábyrgð á kaffisölunni í landinu, til þess að O. Johnson & Kaaber hætti ekki að selja. Það var kórónan á þessu, það var ábyrgð fyrir heildverzlun í landinu — ef þeir vildu halda áfram að selja kaffi, þá skyldu þeir borga. En hvernig hæstv. viðskmrh. ætlar að framkvæma þessa yfirlýsingu, sem útvarpið skýrði frá, er mér nú ekki ljóst. Og það fer vel á því, eða hitt þó heldur, að formaður Alþfl. skuli sitja í ráðherrastóli viðskmrh.- embættisins, þegar hagrætt er svo fyrir þá, sem fjármagnið eiga, og mismunur á milli þeirra fátæku og ríku er gerður eins greinilegur og gert hefur verið núna síðustu vikurnar. Það að boða gengisbreytingu með tveggja og hálfs mánaðar fresti er ófyrirgefanlegt, enda hefur það aukið svo vandann í okkar viðskipta- og efnahagsmálum, og það verður ekki með tölum talið. Allt er því á eina bókina lært hjá hæstv. ríkisstj. í sambandi við framkvæmd hennar á stjórn landsins, að þar veður stjórnleysið uppi í einu sem öðru. Það er í raun og veru ekki reynt að hafa stjórn þar á nokkrum hlut. Það eru fálmráðstafanir, panikráðstafanir, í dag og á morgun, það eru einkenni athafnanna.

Nú hefur nokkuð verið umrætt síðustu vikurnar það tilboð hæstv. ríkisstj. að óska eftir viðræðum við stjórnmálaflokkana í landinu um lausn vandans. Þessar viðræður hafa verið hér til umr. í dag, svo að ég ætla ekki miklu þar við að bæta, en vil þó undirstrika það, að það gegndi furðu, að þegar hæstv. ríkisstj. kom til þessara viðræðna, hafði hún ekki látið undirbúa það að safna þeim gögnum, sem þurfti til að hefja viðræðurnar, enda fór það í raun og veru svo, að þessar viðræður voru aldrei hafnar, því að þegar gögnum hafði verið safnað, slitnaði fljótlega upp úr þeim. Ef hæstv. ríkisstj. hefði í raun og veru meint nokkuð með þessum viðræðum, hlaut hún að mæta til þeirra með gögnin, sem þurfti að leggja til grundvallar, svo að hægt væri að gera sér grein fyrir því þá þegar, hvort grundvöllur var fyrir samstarfi stjórnmálaflokkanna um lausn vandamálsins og þá um nýja stjórnarstefnu. Það var ekkert annað, sem var boðlegt í sambandi við þessar umr., enda hefur það sýnt sig, að það var fullkomin þörf á því, að þannig væri að þeim staðið, þar sem ástandið hefur svo stórum versnað þann tíma síðan þær hófust.

Ég vil líka í sambandi við þessi atriði og vandamál eða hvernig leysa skyldi þau vandamál, sem við var að fást, undirstrika það, sem formaður þingflokks Framsfl. sagði hér í dag, hv. 1. þm. Austf., að það var fyrsta atriðið, sem varð að ganga í, ef flokkarnir ætluðu að leysa vandann sameiginlega, að byrja á því að minnka vandann. Og það þýddi nýja stjórnarstefnu. Hún er nauðsynleg, ef á að taka á málefnum þjóðarinnar, svo að gagni megi koma, því að það er ekki að taka á málefnum þjóðarinnar, svo að gagni megi koma, þó að gengislækkun sé hér framkvæmd árlega og renni út í sandinn á nokkurra vikna fresti eins og gerðist árið 1967. Þetta varð að gera með því að minnka vandann, og það var ekki hægt nema byrja á því að létta af atvinnugreinunum í landinu ýmsum þeim álögum, sem nú eru á þeim, enda er svo komið, að það er ekki hægt að innheimta þá skatta hjá mörgum atvinnuvegum og viðskiptafyrirtækjum, sem nú á af þeim að innheimta. Og það er heldur ekki skynsamlegt að fylgja þeirri stefnu, sem fylgt hefur verið, að það skuli vera innheimt af atvinnurekstrinum háir skattar og svo séu þeim greiddir háir styrkir eins og núv. ríkisstj. hefur gert. Þessu verður að breyta, og það verður að gera með því að byrja á því að draga úr kostnaði við atvinnureksturinn. Það verður að lækka reksturskostnað atvinnuveganna, ef á að ganga í það að leysa vandamál atvinnuveganna og þjóðarinnar á skynsamlegan hátt. Ég vil líka undirstrika það, að jafnhliða þessu verður að herða aðhaldið í rekstri ríkisins. Ég drap á það við 1. umr. fjárl. hér á hv. Alþ. í haust, að það væru allar aðgerðir í efnahagsmálum vonlausar nema hert væri að í ríkisbúskapnum. Ég nefndi þar til dæmis fjárl. fyrir árið 1967, þegar sett voru hér lög um verðstöðvun á hv. Alþ., á sama tíma og

ríkissjóður var látinn hækka útgjöldin um 1 milljarð. Það sýndi sig og það var ljóst þeim, sem vildu sjá, að þetta var óframkvæmanlegt, og það hefur sannazt, að svo var. Það sama verður að gera nú, ef á að taka á efnahagsmálunum. Þá verður að þrengja að ríkisbúskapnum og endurskipuleggja hann verulega. Og það er hægt með endurskipulagningu að draga úr útgjöldum ríkissjóðs.

Ég vildi líka undirstrika það, að það verður ekki komizt hjá því nú að taka skuldamál atvinnuveganna til gagngerðrar endurskoðunar og úrbóta, ef atvinnurekstrinn á að vera með eðlilegum hætti, og það verður að gera það með því að koma upp með forystu ríkisins aðstoðarlánasjóði, sem getur lánað að einhverju leyti áhættulán til þess að koma atvinnuvegunum á heilbrigðan grundvöll. Það er svo með mörg byggðarlög á landinu, að framtíð þeirra beinlínis veltur á því, að þeim atvinnufyrirtækjum sé komið á rekstrshæfan grundvöll, sem þar eru til staðar. Ef þeim þætti verður ekki sinnt, verður byggðarlögunum sjálfum ekki bjargað. Þetta verður ekki hægt að gera nema með forystu ríkisins, og það er betra, að ríkissjóður leggi fram fé til sjóðsmyndunar, sem lánaði aðstoðarlán til atvinnuveganna jafnhliða sem þar væru gerð skuldaskil og lausaskuldum breytt í föst lán, heldur en með beinum styrkjum til atvinnuveganna eins og nú er. Enda yrði þá jafnhliða að taka upp stjórn í sambandi við þessa framkvæmd og eftirlit af hálfu þessa sjóðs með atvinnurekstrinum. Það verður heldur ekki komizt út úr þeirri kreppu, sem við erum nú í, nema með stjórn á gjaldeyris- og fjárfestingarmálum. Og það verður heldur ekki bjargað frá atvinnuleysi, nema við beinlínis notum ríkisapparatið sjálft til þess að hefja vissar framkvæmdir í framkvæmdaliðum eins og samgöngumálum og skólamálum, sem mest ríður á, að íslenzka þjóðin haldi ekki áfram að dragast aftur úr í eins og hún hefur gert.

Fleiri atriði mætti nefna hér um, sem ég skal ekki gera nú, m. a. vegna þess að uppi er ósk um það að hraða þessu máli meira en eðlilegt er, og sé ég að vísu ekki ástæðu til þess núna, þar sem það tók heila viku í fyrra, þegar gjaldeyrisafgreiðsla bankanna var lokuð. Það var ekki vegna aðgerða Alþ. eða málþófs hér á hv. Alþ., heldur þess, að það þurfti að reikna út gengið, til þess að það gæti vel lengi staðið, eins og raun hefur nú sannað. En ég vil nefna þetta, og í sambandi við lausn vandans vil ég segja það, að það er skynsamlegra, að Atvinnuleysistryggingasjóður, sem nú verður sótt fé í vegna atvinnuleysis, styðji að því að efla atvinnufyrirtækin úti á landsbyggðinni með sínu fjármagni að einhverju leyti, svo að hjá atvinnuleysi verði komizt, og það er hægt með því að setja hugmyndina um aðstoðarlánasjóðinn, sem ég drap hér á áðan, upp í eðlilegan ramma, sem starfaði á ábyrgð ríkisins.

Það, sem er alvarlegast við þetta, þá stefnu, sem boðuð er eða fylgir frv., er það, að stjórnarstefnan er gersamlega óbreytt, frá því sem áður hefur verið. Áhrifin af þessum aðgerðum munu því verða þau sömu og verið hefur hjá þessari hæstv. ríkisstj. Það verður áframhaldandi verðbólga, áframhaldandi séð fyrir þeim, sem yfir fjármagninu ráða, á kostnað hinna, sem fjármagnið vantar. Og það verður enn þá meira áberandi eftir að það ástand er að verða í atvinnulífi landsmanna, sem nú er að verða. Þessi sömu einkenni munu halda áfram. Staða okkar í viðskiptum við erlendar þjóðir mun líka halda áfram að versna að óbreyttri stjórnarstefnu. Og staða íslenzka ríkisins mun einnig halda áfram á sömu braut, að hallarekstur fari að verða einkenni hjá ríkissjóði.

Ég vitnaði til þess í upphafi máls míns, að hæstv. viðskmrh. hefði sagt það við gengisbreytinguna í fyrra, að hæstv. ríkisstj. vildi takast á við allan vandann. Það er það, sem hæstv. ríkisstj. hefur ekki gert. Hún hefur aldrei tekizt á við allan vandann. Þessi þáttur, sem hér er til afgreiðslu nú, er einnig á sama hátt. Það er ekki tekizt á við allan vandann, til þess þurfti að undirbúa með því að fella niður skatta og lækka skatta, með því að lækka vexti, með aðstoð á lánum, með breyttum stofnlánum og lengingu lánstíma, með því að koma meiri lausaskuldum í föst lán. Þannig þurfti að undirbúa atvinnureksturinn í landinu, til þess að það væri hægt að fara að takast á við allan vandann. Hæstv. ríkisstj. hefur alltaf skotið sér hjá því að takast á við vandann. Hún hefur reynt að ýta sér frá einu skerinu til annars í þeirri von, að hún flyti þar á milli. Það má því segja um hæstv. ríkisstj., að hún hafi tileinkað sér orð skáldsins, sem sagði:

„Því brauzt ég frá sókn hinna vinnandi vega í vonlausu klifin um hrapandi fell."

Magnús Kjartansson: Herra forseti. Ég hafði hug á því við þessa 1. umr. að gera nokkrar aths. við ræður þær, sem áðan voru fluttar af hæstv. ráðh. Ég hlustaði mjög gaumgæfilega á þessar ræður, bæði til þess að heyra, hvað þar væri sagt um þær ráðstafanir, sem eiga að fylgja þessari stórfelldu gengislækkun, en ekki síður til þess að reyna að gera mér grein fyrir því, hvað byggi í hugum hæstv. ráðh. Ég vil minna á það, að þessir tveir hæstv. ráðh. hafa á þessum áratug fjórum sinnum verið í þeirri aðstöðu að leggja fram hér á Alþ. frv. um gengislækkun. Á þessum tíma hefur gengi dollarans gagnvart íslenzkri kr. verið hækkað úr 16 ísl. kr í 88. Dollaraverðmætið hefur fimmfaldazt, eða íslenzka krónan er orðin að verðmæti til tæpur fimmtungur þess, sem hún var, þegar þessi hæstv. ríkisstj. tók við.

Ef litið er á þetta tímabil í heild, fer því ákaflega fjarri, að þetta hafi verið eitthvert örðugleikatímabil. Í heild hefur þetta tímabil verið okkur ákaflega hagkvæmt, eins og menn vita. Við höfum flest ár þessa tímabils haft meiri gjaldeyristekjur og hærri þjóðartekjur en nokkru sinni fyrr í sögu þjóðarinnar. Ef allt hefði verið með felldu, hefði gengi íslenzkrar krónu átt að geta styrkzt á þessu tímabili. Engu að síður hefur það orðið hlutskipti hæstv. forsrh. að koma fjórum sinnum á þessu tímabili til þess að leggja til, að gengi íslenzku krónunnar yrði skert. Ég trúi ekki öðru en þetta hafi verið erfið spor fyrir hæstv. ráðh. Honum hlýtur að vera það ljóst, að einmitt þessar síendurteknu gengislækkanir eru sönnunargagn um það, að sú stefna, sem hann hefur beitt sér fyrir hér á Íslandi á þessum áratug, hefur mistekizt. Sú stefna er gjaldþrota. Það er ekki eðlilegt ástand, að gengið sé lækkað ár eftir ár og stundum tvisvar á ári. Það er til marks um sjúkdóm í þjóðfélaginu, um sjúkdóm, sem alltaf er að ágerast. Raunar má

minna á það í þessu sambandi, að síðan 1949 er búið að lækka gengið svo mjög, að íslenzka krónan, sem þá var, er orðin að fimmeyringi núna. Gengi krónunnar er nú aðeins 5—6% af því, sem það var 1949, og hæstv. forsrh. hefur staðið að öllum þessum gengislækkunum.

Slík þróun er ekki aðeins alvarleg fyrir atvinnuvegi þjóðarinnar og fyrir afkomu launamanna í landinu. Hún hlýtur að brjóta niður trú manna á land sitt og þjóð. Síendurteknar kollsteypur af þessu tagi grafa undan þeim andlega styrk, sem hver þjóð verður að hafa. Þess vegna trúi ég ekki öðru en hæstv. ráðh. finni þetta með sjálfum sér, að þetta er orðin ákaflega alvarleg þróun. Og ég held, að þess væri mjög mikil þörf, að þeir kæmu og greindu okkur frá hugmyndum sínum í þessu sambandi, að þeir töluðu einu sinni hreinskilnislega við okkur einmitt um þetta vandamál.

En í staðinn lét hæstv. forsrh. sér nægja að víkja að nýjustu örðugleikunum í efnahagsmálum Íslendinga. Hæstv. ráðh. sagði, að gjaldeyristekjur þjóðarinnar mundu dragast saman um 45% frá árinu 1966 til ársins í ár. Þetta er vissulega alvarlegur samdráttur. En ég vil minna hæstv. ráðh. á það, að hann er sannarlega ekki nýtilkominn. 30% af þessum samdrætti komu á síðasta ári, og þá stóð hæstv. forsrh. hér einnig og sagði: Nú verðum við að gera ráðstafanir til þess að vega upp þennan samdrátt, þessi 30% skerðing, sem varð í fyrra. Og þess vegna var gengið fellt í fyrrahaust, þá var ráðizt í ýmsar aðrar aðgerðir, og þá var lesin hér upp hátíðleg yfirlýsing frá Seðlabankanum um, að gengislækkunin hefði verið reiknuð nákvæmlega út þannig, að útflutningsatvinnuvegir okkar gætu haldið áfram að starfa án styrkja og uppbóta. Þessi 30% voru notuð til þess að rökstyðja gengislækkunina í fyrra. Það er ekki hægt að nota þessi sömu 30% til að rökstyðja gengislækkunina nú. Það, sem bætzt hefur við hér í ár, eru 15%, að því er hæstv. ráðh. sagði, en það hafa einnig verið gerðar ráðstafanir út af þessum 15%. Hæstv. ríkisstj. setti brbl. og tók að innheimta sérstakan gjaldeyrisskatt, 20%. Hæstv. fjmrh. hefur skýrt svo frá, að á einum ársfjórðungi eigi þessi gjaldeyrisskattur að færa ríkissjóði 220 millj. kr. Þessi skattheimta jafngildir þannig tæpum milljarði kr. á ári. Ég hygg, að það jafngildi mjög svo þessum 15% samdrætti, sem talað er um. Því standast þessar röksemdir hæstv. ráðh. ekki. Það er búið að gera ráðstafanir vegna þessa samdráttar á gjaldeyristekjum, sem hann var að tala um.

Sú gengislækkun, sem nú dynur yfir, stafar af öðrum ástæðum. Vandinn er sá, að hæstv. ríkisstj. vill ekki viðurkenna, að það er stefna hennar, sem hefur beðið skipbrot. Hún hefur verið að bregðast í vaxandi mæli á undanförnum árum, og nú á þetta ástand að vera öllum ljóst. Í haust var ástæða til að gera sér vonir um það, að hæstv. ríkisstj. væri að byrja að átta sig á þessari staðreynd. Hún efndi þá til viðræðufunda við aðra flokka, og því var lýst yfir, að hæstv. ríkisstj. vildi taka öll mál þar fyrir á fordómalausan, opinn hátt. Í því virtist felast viðurkenning á því, að hæstv. ríkisstj. væri ljóst, að stefna hennar dygði ekki lengur, nú yrði að leita nýrra úrræða. En því miður hefur þessi viðurkenning ekki fengið staðfestingu í verki. Í þessum viðræðum hefur ekkert það komið fram, sem sýni, að ríkisstj. væri fús til þess að breyta nokkru atriði í stefnu sinni. Og ríkisstj. hefur meira að segja haldið áfram allan tímann að framkvæma einhliða aðgerðir án þess að ráðgast um það við þá flokka, sem hún taldi sig þó eiga viðræðurnar við. Viðræðurnar hófust á því, að tekið var að innheimta gjaldeyrisskattinn, án þess að um það væri rætt við stjórnarandstöðuna. Nokkru síðar fór hæstv. iðnmrh. til Sviss til viðræðna og undirbúnings að samningsgerð við svissneska alúmínhringinn og fleiri erlenda auðhringa, en samningarnir við þá aðila hafa verið mikið deilumál hér á landi, þannig að meðan almennar umr. milli flokkanna stóðu yfir var ákaflega óeðlilegt að stíga þetta skref. Nokkru síðar voru tveir af samninganefndarmönnunum komnir til Ameríku ásamt tveimur æðstu sérfræðingum ríkisstj. til þess að ræða við bandaríska aðila um gengislækkun og um lánamöguleika. Og það stendur heima, að svo til sama daginn og þessum umræðum er slitið er ríkisstj. tilbúin með sínar eigin till. í efnahagsmálum, sem hún hlýtur þó að hafa verið að undirbúa margar vikur áður. Svona vinnubrögð eru ekki til marks um það, að hæstv. ríkisstj. geri sér það ljóst, að nú hefði þurft að taka málin allt öðrum tökum.

Hæstv. viðskmrh. flutti einnig ræðu hér áðan. Ég hef heyrt hæstv. ráðh. flytja margar ræður. Þær hafa venjulega verið af tvennu tagi: Stundum flytur hæstv. ráðh. ræðu, þar sem hann þylur mikið af tölum. Það gerir hann venjulega, þegar rætt er um efnahagsmál hér á þingi, en við önnur tækifæri flytur hann stuttar og ákaflega áferðarfallegar en frekar efnislitlar ræður. Mér virtist hæstv. ráðh. hafa farið í skakka skúffu, þegar hann kom hér áðan, því að ræðan, sem hann flutti, var af veizlutaginu. Hann vék ekki einu einasta orði að þeim raunverulegu vandamálum, sem hér eru, heldur flutti hann almennt orðagjálfur um leið þjóðarinnar til bættra lífskjara og þess háttar. Hins vegar veit ég, hvað því veldur, að hæstv. ráðh. fékkst ekki til að segja neitt efnislegt. Ástæðan er sú, að innan Alþfl. hefur verið ákaflega mikill ágreiningur um þær aðgerðir, sem hér hafa verið ákveðnar af hálfu ríkisstj. Um þetta hefur verið tekizt á innan Alþfl. og á lokafundi s. l. laugardag kom fram mjög viðtæk andstaða. Allverulegur hluti af fundarmönnum greiddi atkv. gegn þessari leið. Þar var að finna menn, sem eiga sæti hér á Alþ., og þar var að finna menn úr forystu verkalýðshreyfingarinnar á Íslandi. Því skil ég vel, að hæstv. viðskmrh., formaður Alþfl., eigi dálítið erfitt með að halda ræður um þetta mál.

Hér var áðan vitnað til þess, að hæstv. forsrh. hefði svarið og sárt við lagt fyrir rúmu ári, að gengislækkun væri þá ekki sú leið, sem hentaði. Ég vil minna á það, að hæstv. forsrh. hefur sagt sitthvað fleira. Hann sagði hér á þingi einu sinni, og hann hefur endurtekið það nokkrum sinnum í Morgunblaðinu, að það væru til aðilar á Íslandi, sem hefðu hag af gengislækkun. En ef gripið yrði til gengislækkunar, skyldi hann sjá til þess, að lagðar yrðu byrðar á þessa menn. En hvar eru þessar byrðar? Þessir menn hafa fengið alveg furðuleg tækifæri til þess að koma fjármunum sínum fyrir að undanförnu. Í haust lýstu bæði hæstv. forsrh., hæstv. fjmrh. og hæstv. viðskmrh. yfir því í sjónvarpi og útvarpi, að þeir teldu allar líkur á því, að það yrði að

lækka gengið. Ég tel, að hér sé um algerlega einstakan atburð að ræða. Annars staðar þykir það sjálfsagt, ef gripið er til slíkra aðgerða sem gengislækkunar, að fara ákaflega dult með það, reyna að fela það alveg fram á seinustu stund, og embættismenn, sem koma upp um slíkar fyrirætlanir, eru taldir sekir um alvarlegustu trúnaðarbrot. En hér á Íslandi segja sjálfir forystumenn ríkisstj. þetta í útvarpi og sjónvarpi, enda höfum við fylgzt með því undanfarnar vikur og mánuði, hvernig öflugir aðilar í þjóðfélaginu hafa reynt að koma fjármunum sínum þannig fyrir, að þeir biðu ekki hnekki af gengislækkuninni. Og þó vitum við vafalaust fæst af þessu. Það eru til aðilar á Íslandi, sem hafa haft tækifæri til þess undanfarin ár að koma fjármunum til útlanda í tengslum við það frelsi, sem hér hefur ríkt. Mér þykir ekki ólíklegt, að þangað hafi verið fluttir ekki tugir heldur hundruð millj. kr., vegna þess að þessir aðilar vissu fyrir fram, hvað til stóð, en vildu bjarga eignum sínum. Á því eru engar líkur, að launafólk á Íslandi muni sætta sig við þær árásir, sem í þessu felast, meðan menn horfa upp á það, að forréttindaaðilarnir í þjóðfélaginu geti komið fjármunum sínum undan á þennan hátt. Alger forsenda neyðarráðstafana núna hefði verið eignakönnun, þar sem rannsakað væri, hvar þeir milljarðar, sem streymt hafa aukalega um þjóðarbúið á undanförnum árum, eru nú niður komnir, og að þeir fjármunir, sem liggja hér hjá forréttindaaðilum, væru hirtir fyrst og síðan væri kannað, hverju dreifa þyrfti á almenning í landinu. En þegar farin er hin leiðin og auðmönnum auðveldað að koma fé sínu undan, er þess engin von, að sjómenn og launamenn sætti sig við slíkar ráðstafanir.

Hæstv. forsrh. sagði í ræðu sinni, að á velmegunarárunum hefðu tekjur þjóðarheildarinnar dreifzt meðal almennings. Það er rétt, þá var um nokkra dreifingu að ræða. En hvernig fór sú dreifing fram? Hún fór þannig fram, að menn lögðu á sig æ lengri vinnutíma, menn áttu kost á því að vinna eftirvinnu og næturvinnu og helgidagavinnu eða vera í tvennum störfum og konurnar á heimilunum unnu og unglingarnir og jafnvel börn unnu. Á þennan hátt fékk launafólk á Íslandi nokkra hlutdeild í þessum stórauknu þjóðartekjum. Það voru ekki kauptaxtarnir fyrir hverja klukkustund, sem hækkuðu. Þannig varð sú dreifing, sem hæstv. ráðh. var að tala um, og það er orðið alllangt síðan mjög fór að halla undan fæti. Nú er aukavinna sem þessi orðin ákaflega sjaldgæf. Nú verður allur þorri launamanna að láta sér nægja 8 tíma vinnudag og á ýmsum stöðum eru margir, sem ekki hafa fengið að vinna í 8 tíma að undanförnu. Og það er orðið sjaldgæfara en áður, að margir aðilar í hverri fjöldskyldu geti unnið. Því hefur orðið ákaflega stórfelld tekjuskerðing hjá þessu fólki. Tekjurnar hafa minnkað um þriðjung og jafnvel helming. Það þarf ekki að gera neinar ráðstafanir fyrir frumkvæði hæstv. ríkisstj. eða Alþ. til þess að skerða tekjur þessa fólks. Það hefur þegar gerzt af sjálfu sér. En ef áhrif gengislækkunar eiga að bætast ofan á það, sem þarna hefur gerzt, þá fer að verða þröngt fyrir dyrum hjá mörgum.

Ég vil vekja athygli á því, hvað felst í gengislækkun sem þessari. Talið er, að af hennar völdum muni vísitala hækka um 15—20%, og hæstv. forsrh. sagði áðan, að ætlun ríkisstj. væri sú, að fyrir þessar verðhækkanir kæmu engar bætur. Það mun hægt að áætla, að heildarlaunafúlgan í landinu sé um 18 milljarðar á ári. Skerðing um 15—20% jafngildir því 3 til 4 milljörðum kr. Í gengisfeilingunni felst það, að verið er að taka 3 til 4 milljarða kr. frá launamönnum og sjómönnum og færa þá til annarra aðila í þjóðfélaginu. Og áður en menn ákveða slíka tilfærslu, bið ég þá að hugleiða það, að ákaflega margir launamenn á Íslandi hafa aðeins svo sem 10 þús. kr. í laun á mánuði. Hvernig halda menn, að fjölskylda með slíkar tekjur geti farið að því t. d. að búa í nýlegri íbúð, sem hefur verið keypt aðallega fyrir lánsfé í trausti þess, að menn geti haldið áfram hinni miklu vinnu? Með ráðstöfunum eins og þessum er verið að leiða mjög alvarlegt efnahagsástand yfir hundruð og þúsundir fjölskyldna á Íslandi.

Um það er ekki neinn ágreiningur, að sjávarútvegur okkar og atvinnuvegir eiga mjög í vök að verjast og að grípa þurfi til mikilla ráðstafana þeim til styrktar. En það eru til fleiri leiðir en þær að velta alltaf undan brekkunni. Deilurnar innan Alþfl. snerust ekki sízt um það, að þar var uppi sú skoðun, að hægt væri að fara niðurfærsluleið. Í stað þess að gera krónuna smærri átti að gera hana stærri, lækka bæði kaup, verðlag, skuldir og annað þess háttar. Um þetta var tekizt á innan Alþfl., og mér þætti ákaflega fróðlegt að heyra, hvort sumir Alþýðuflokksmenn hér á þingi eru ekki enn þeirrar skoðunar, að þetta hefði verið rétt leið. Og ef þeir eru þeirrar skoðunar, skora ég á þá að standa við þá skoðun sína.

Ég sagði áðan, að sjávarútvegurinn ætti í vanda, og það er rétt. Hitt skulum við samt einnig muna, að hvarvetna heyrum við dæmin um slælegan rekstur einstakra fyrirtækja í sjávarútvegi og um það, hvernig einstakir atvinnurekendur í sjávarútvegi hirða milljónafúlgur út úr gjaldþrota fyrirtækjum og koma þeim fyrir annars staðar. Um þetta eru mýmörg dæmi. Það er ekki ýkjalangt síðan sú frétt kom í blöðum, að eitt fyrirtæki í Vestmannaeyjum hefði reynzt uppvíst að skattsvikum, sem talin voru nema um 20 millj. kr. Skattsvik af þessu tagi voru framkvæmd við fölsuðu bókhaldi, og manni hlýtur að vera spurn: Er það ekki falsað bókhald af þessu tagi, sem m. a. er lagt til grundvallar útreikningum hæstv. ríkisstj.? Með þessu er ég ekki að segja, að fjárdráttur af þessu tagi sé skýringin á vandamálum sjávarútvegsins. Því fer mjög fjarri. Hitt skulu menn gera sér ljóst, að á sama tíma og ætlunin er að ganga hart að lágtekjufólki á Íslandi þá verður það ekki þolað, að verið sé að ausa fé í aðila, sem ekki eru þess verðugir. Styrkveitingar til einstakra fyrirtækja í sjávarútvegi verða að gerast þannig, að þeim fylgi mjög nákvæmt eftirlit, það sé algerlega tryggt, að fjármunirnir renni til þess að halda fyrirtækjunum gangandi, en ekki til neinna annarlegra þarfa. Verkamenn og sjómenn eiga heimtingu á því, að þetta eftirlit sé tekið upp.

Við eigum eftir að ræða þessa hluti miklu nánar hér á þingi næstu daga, en hitt skulum við gera okkur ljóst, að þessi gengislækkunarleið leiðir aðeins til vaxandi ófarnaðar. Gengislækkun eins og þessi, sem nú er talað um, er í rauninni aðeins ávísun á næstu gengislækkun. Ekki finnst nokkur maður í landinu, sem trúir því lengur, að þessar aðgerðir muni leysa viðfangsefni

okkar. Ég er viss um, að þeir eru ákaflega fáir úr hópi stuðningsmanna ríkisstj. hér á þingi, sem trúa því, ef þeir eru einlægir við sjálfa sig. Þess vegna skiptir það meginmáli, að menn sætti sig ekki við þessar ranglátu ráðstafanir. Og í því sambandi mega menn ekki láta binda sig af neinni gamalli hollustu, hvorki við ríkisstj. né flokka. Þeir menn innan Alþfl. og innan Sjálfstfl., sem voru andvígir þessari lausn og beittu sér gegn henni í báðum flokkunum, eiga að halda þeirri afstöðu áfram. Hér er um stærra mál að ræða en svo, að menn eigi að láta binda sig með þessum venjulegu handjárnum, sem þeir geta unað, þegar um smærri mál er að ræða. Það er ekki hægt að skírskota til neinnar hollustu og sízt af öllu þjóðhollustu um stuðning við þetta mál. Sú eina nauðsynlega þjóðhollusta, sem nú þarf að sýna, er að hnekkja þessari stjórnarstefnu, sem er orðin algerlega gjaldþrota, og reyna að fitja upp á nýrri samstöðu, sem gengur þvert á öll flokkamörk.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Það er ekki ofmælt, að þau tíðindi, sem gerzt hafa í dag, 11. nóvember, eru váleg tíðindi og ill. Þó hygg ég, að þau hafi komið á óvart. Menn eru búnir að sjá það undanfarnar vikur ef ekki mánuði, að slíkt ástand hafi skapazt í landinu, að gengi íslenzka gjaldmiðilsins var í raun og veru fyrir löngu fallið. Og það mun sérhver maður, sem ekki hefur þá gert sér það ljóst áður, sannfærast um, ef litið er á ástandið eins og það núna er. Ég efast ekkert um það, að hæstv. ráðh., hæstv. forsrh. og hæstv. viðskmrh., hafa átt þung spor upp í ræðustólinn hér í dag, enda fannst mér í raun og veru, að ræður þeirra bæru þess vitni.

Ég held, að annað sé þó í raun og veru enn verra heldur en það, að hæstv. ríkisstj. hefur þó haft þor til þess að játa, að íslenzka gengið væri fallið, með því að fela Seðlabanka Íslands að skrá gengið á þann veg, sem gert hefur verið. Frv. heitir að vísu frv. til l. um ráðstafanir vegna ákvörðunar Seðlabankans um nýtt gengi íslenzku krónunnar. Jú, jú, formlega er ákvörðunin Seðlabankans. En auðvitað er ákvörðunin fyrst og fremst hæstv. ríkisstj., þó að hennar sé ekki við getið í heiti frv. Það er eins og í skáldsögu Jóns Thoroddsen: Ég hafði áður sagt Gróu á Leiti, en Gróa á Leiti sagði mér, en ég hafði áður sagt henni. Ríkisstj. hefur hér áður sagt Seðlabankanum fyrir verkum, og þetta frv. er því auðvitað undan rifjum ríkisstj. runnið.

Það, sem ég tel vera verra en sjálf gengislækkunin, sem við erum hér að horfast í augu við sem gerðan hlut, er það, að hæstv. ríkisstj. hefur haldið þannig á málum undanfarnar vikur, að brasköflin í þjóðfélaginu hafa komið sér við mætavel til þess að mata krókinn og bæta sinn hag á þeirri efnahagsmálaaðgerð, sem þjóðarheildin á svo að bera byrðarnar af. Það hefur verið sagt hér í umr., að annars staðar með öðrum þjóðum sé venjulega mikil leynd höfð um það, ef ríkisstj. telur sig verða að fella gengi, og eins er það hér, að ef heiðarlega er staðið að gengisfellingu, á það að vera leyndarmál allra fram á síðustu stund þangað til gengisfellingin skellur á, svo að gróðaöfl, óheilbrigð öfl efnahagslífsins komi sér ekki við. En það var þveröfugt að þessu staðið hér, og það álít ég vera meginsök hæstv. ríkisstj. í sambandi við þetta mál að hafa haldið þannig á málinu. Hún hefði í raun og veru, þegar hún gerði sér ljóst, að hún kæmist ekki hjá að fella gengið, átt að skella þeirri ráðstöfun á fyrirvaralaust.

Annað finnst mér ákaflega óviðkunnanlegt líka við framkvæmd þessa máls, og það er það að hafa setið að viðræðum við samningaborð við stjórnarandstöðuflokkana nánast 9 vikur og svo rétt að þeim viðræðum loknum, örfáum dögum eftir að þeim er slitið, þá hefur ríkisstj. til allar sínar till. um gengisbreytinguna. Það dylst engum manni, að þannig hefur verið á málum haldið, að trúnaðarmenn ríkisstj. hafa setið meginhluta þessa tímabils, sem setið var við samningaborðið, og verið að undirbúa þessa ákveðnu leið hæstv. ríkisstj., *ég gat vel sagt gengisfellingarríkisstj., og þannig finnst mér* ekki af heilindum að málinu staðið. Það er fyrst núna rétt fyrir helgina, sem viðræðunum er slitið, og á þeim tíma er alveg útilokað, að efnahagsmálaráðunautar ríkisstj. hafi reiknað sitt dæmi og haft þau plögg til, sem gengislækkunarákvörðunin er byggð á.

Ég ásaka hæstv. ríkisstj. þunglega fyrir þetta hvort tveggja. Það er ekki liðið ár síðan hæstv. núv. ríkisstj. stóð einnig á Alþ. og mælti fyrir gengislækkunarfrv. Ef ég man rétt, var gengislækkunin í fyrra, gengislækkun ársins 1967, framkvæmd 24. nóv. Það vantaði því nokkra daga á, að ár sé liðið frá því, að gengi íslenzku krónunnar var seinast fellt. Þetta mun líka vera einhver stærsta gengisfelling íslenzkrar sögu. Erlendur gjaldeyrir hækkar um 54.4%. Minna mátti ekki gagn gera. En þetta væri allt saman gott og blessað, ef menn gætu haft trú á því, að þessi gengislækkun væri varanleg lækning á efnahagsvanda íslenzku þjóðarinnar. En þrennar gengislækkanir framkvæmdar af þessari hæstv. ríkisstj. og þessi hin fjórða gera það að verkum, að þjóðin trúir því ekki. Ég hygg líka, að ríkisstj. sjálf trúi því ekki, og ég get ekki ímyndað mér, að stjórnarliðið trúi því, að í fjórða sinni heppnist hún, þegar hún hefur misheppnazt þrisvar sinnum í höndum þessa sama aðila. Og það er alltaf erfitt að framkvæma þann hlut, sem hvorki maður sjálfur eða aðrir hafa trú á. Ég er því ósköp hræddur um það, að það fari eins í fjórða sinn og í hin þrjú skiptin, að þær ofurþungu byrðar, sem lagðar verða á þjóðina vegna þessarar gengisfellingar, verði allar saman unnar fyrir gýg. Mig skortir trú á það, lái mér hver sem vill, að í fjórða sinni heppnist hún. En hæstv. ríkisstj. hefur vafalaust hugsað sem svo: Í þriðja sinni þreytt, en fjórða sinni fullreynd.

Hæstv. forsrh. tók það fram í ræðu sinni, að nú eftir að gengislækkunin hefði verið ákveðin mundu verða teknir upp samningar við launþegasamtökin í landinu og við bændasamtökin. Já, það er máske betra seint en aldrei. En það er rétt, sem hér kom fram í umr. áðan, að við verkalýðshreyfinguna a. m. k. hefur ekki verið talað orð um þessi mál. Gengislækkunin er framkvæmd án hins minnsta samráðs við hana, án þess að nokkrar viðræður hafi farið fram um það, með hverjum hætti *væri hægt að framkvæma þessa aðgerð á þann veg*, að láglaunafólkið í landinu gæti þolað aðgerðina. En það er alveg víst, að eins og málið liggur fyrir, þá er hægt að fullyrða það, að láglaunastéttirnar í landinu geta ekki með neinu móti tekið á sig þær ofurþungu byrðar, sem því eru samfara, að erlendur gjaldeyrir hækkar um meira en 50%.

Það var eitt atriðið í ræðu hæstv. forsrh., sem ég var honum alveg sammála um. Hann sagði, að frv., sem lægi hér fyrir þinginu, væri þannig, að um það þyrfti ekki að ræða. Það væri í sama formi og önnur frumvörp, sem fylgt hefðu gengislækkunum. Það er alveg rétt. Við kunnum þetta frv. utanbókar orðið. Samt er þetta mál þannig og svo alvarlegs eðlis, að það verður ekki ráðin bót á vandamálum þjóðarinnar með löngum ræðum hér á Alþ. Það eitt dugar að snúast í raun í verki við þeim vanda, sem þjóðin er komin út í, á þann hátt, að byrðarnar af honum verði sem léttbærastar, og léttbærar geta þær þó aldrei orðið, og það verður auðvitað að gera sérstakar ráðstafanir til þess, að láglaunastéttirnar í þjóðfélaginu og lágtekjustéttirnar geti borið þær byrðar, sem þeim er ætlað að axla. Máske er það svo, að ég sé allt í einu orðinn svartsýnismaður, en við það hef ég samt ekki verið orðaður yfirleitt, en mér sýnist ástandið vera mjög dapurlegt og alvarlegt, hvar sem litið er. Ég sé ekki annað heldur en það horfi mjög uggvænlega með afkomu ríkissjóðs. Ég hygg, að hann vanti stórar upphæðir til þess að ná endum saman. Ég sé ekki betur heldur en greiðslubyrði hans á næsta ári af skuldum sé hvorki meira né minna en nokkuð á 2. milljarð kr., að vextir og afborganir af skuldum, sem koma á ríkissjóð og hann verður að bera á næsta ári, séu 1.3 eða 1.4 milljarðar kr. Ég sé ekki betur heldur en gjaldeyrishalli tveggja seinustu ára sé á 3. milljarð kr., losar milljarðinn á árinu 1967 og verður eitthvað talsvert á 2. milljarð á yfirstandandi ári. Ég fæ ekki betur séð en atvinnulífið sé yfirleitt í rústum, og það er miklu alvarlegra heldur en um stöðu ríkissjóðsins. Atvinnulífið er gersamlega stöðvað. Það er í rúst í mörgum sjávarplássum á Íslandi í dag, og hæstv. ríkisstj. er það vel kunnugt. Mörg iðnaðarfyrirtæki hafa þegar orðið gjaldþrota, og gjaldþrotið vofir yfir öðrum tugum saman. Halda menn nú, að nokkurt kraftaverk gerist til þess að koma atvinnulífinu í gang við gengislækkun? Ekki get ég ímyndað mér, að vélbátaútgerð, sem er stöðvuð, geti tekið neinn fjörkipp við gengislækkun. Það er vitað, að útgerðin er með mikið af erlendum skuldum, sem nú hækka stórkostlega við gengisfellinguna, og byrði þeirra útgerðarmanna verður uggvænleg og kemur illa við þá, þó að rekstur þeirra sé í gangi. En þeir fara fyrst að njóta einhvers hagnaðar af gengisfellingunni sjálfri, þegar þeir hafa aflað fiskjar og selt hann á erlendum markaði og fengið fyrir hann fleiri krónur. En hins vegar fá þeir líka það á klakkinn, að vextir og afborganir verða þungbær byrði af hinum erlendu skuldum. Þeir verða líka að horfast í augu við það, að margt það, sem til útgerðar þarf, veiðarfæri, salt og olíur, hækkar auðvitað gífurlega í verði, og menn segja því, að gengislækkun hafi orðið og verði vafasamur hagnaður fyrr en þá eftir marga mánuði í þessu tilfelli fyrir útgerðina, eins og hún er stödd í dag. En þar sem útgerðin er stöðvuð og hraðfrystihúsaiðnaðurinn er stöðvaður, þá er alveg gefinn hlutur, að þetta fer ekki í gang við gengislækkunina. Það hefði orðið að gera áður en hún skall á ráðstafanir til þess að hjólin færu að snúast. Hæstv. ríkisstj. mun segja, að hún hafi verið að horfast í augu við slíkan vanda nú að undanförnu og verið að leysa þessi mál á sumum stöðum. Jú, mér er kunnugt um það. En það er lítt fullnægjandi lausn, að útgerðarmenn og þeir, sem rekið hafa hraðfrystihús í einu byggðarlagi, komi í skjóli hreppsnefndar sinnar til Reykjavíkur og kríi sér út, við skulum segja 3—4—5 millj. kr., til þess að koma þessu í gang, ef þessar upphæðir eru látnar í hendur hinna gjaldþrota fyrirtækja, sem hafa örmagnazt og stöðvazt með rekstur sinn, og þetta fé fer síðan í súpuna hjá þeim. Ég held, að slík bráðabirgða- og káklausn auki ábyrgðarleysi þeirra, sem nú eru búnir að sigla málum í strand, og sé þannig mjög skaðvænleg lausn. Ég held, að bankarnir eigi að horfast í augu við það, að þeir hafa þegar tapað því fé, sem þeir hafa lánað þessum fyrirtækjum mörgum hverjum, og eigi að viðurkenna það og það eigi að gera þau upp og fela einhverjum aðila þegar í stað að hefja reksturinn á sléttu. Þá fyrst gæti komið til mála, að fjör færðist í atvinnulíf á slíkum stöðum, þegar áhrif gengislækkunarinnar, hin jákvæðu áhrif, færu að segja til sín. En þessi hreingerning hefur ekki farið fram, svo að ég viti, ekki á einum einasta stað, og skipta þeir staðir þó tugum á landinu, þar sem svona hreingerning hefði þurft að verða undanfari gengisfellingar, til þess að atvinnulífið gæti notið þeirra jákvæðu áhrifa, sem í vissum tilfellum geta fylgt gengislækkun. Þegar álít ég, að hafi verið farið mjög öfugt að, og verður varla úr því bætt nema bankarnir horfist í augu við, að þeir hafa þegar tapað fé og fyrirtæki mjög víða rísa ekki undir þeirri skuldabyrði, sem þau rogast nú með. Það þýðir ekkert að ætla litlu hraðfrystihúsi í smáþorpi úti á landi að standa undir 15—20, jafnvel 30 millj. kr. skuldasúpu og bera vextina eins og þeir eru hér á landi af slíkri upphæð. Það er vonlaust með öllu.

Ég vék að því, að það hefði verið um það rætt, að nú stæði til að ræða við launþegasamtökin og bændasamtökin í landinu, og í raun og veru fagna ég því, þó að ég telji það nokkuð seint gert. Og menn spyrja: Hvað gerir verkalýðshreyfingin? Það er spurt um það hér, og það verður spurt um það um landið allt næstu daga og vikur, og sannast að segja getur enginn á þessari stundu sagt, hvað verkalýðshreyfingin gerir. Það eitt er víst, að þær byrðar, sem falla á þegnana af 50% hækkun erlends gjaldeyris, geta láglaunastéttirnar á Íslandi ekki borið. Það er óframkvæmanlegt. Hlutverk verkalýðshreyfingarinnar á næstu vikum hlýtur því að verða það sérstaklega að verja hina lægst launuðu þyngstu áföllunum af þessari aðgerð, gengisfellingunni. Ég veit ekkert, hvernig hæstv. ríkisstj. hugsar sér að halda á þeim viðræðum, en það mega a. m. k. ekki verða neinar sýndarviðræður. Það mundi ekki leiða til neinnar farsællegrar lausnar. Það verða að vera viðræður í fullri alvöru, þar sem tekið er á fyrst og fremst atvinnulegu vandamálunum hjá þjóðinni, því að það er rétt, sem komið hefur fram í ræðum hæstv. ráðh. og annarra, að það verður fyrst og fremst að snúast gegn þessum vanda með uppbyggingu atvinnulífsins. Þar má ekkert láta reka á reiðanum lengur. Það er búið að gera það nógu lengi.

Vafalaust þarf þó í fleiri horn að líta í sambandi við þær væntanlegu umr. heldur en líta á atvinnulífið eitt saman. Ég held, að það sé mjög mikill vandi við þessi mál að fást, úr því sem komið er, því að ástandið er enn þá alvarlegra á flestum sviðum þjóðfélagsins heldur en menn hafa hér almennt gert sér grein fyrir enn þá.

Það er ekki nema eðlilegt, að menn spyrji: Hvers vegna gengisfellingu? Var ekki um neinar aðrar leiðir að ræða? Ég er alveg sannfærður um það, að hæstv. ríkisstj. hefur vafalaust verið búin að velta því lengi fyrir sér, hvort hún ætti nú að leggja út í gengislækkun í fjórða sinn. Það hefur ekki verið leið, sem hefur blasað við henni. Það er ég viss um. Jú, mér er ekki grunlaust um það, að hún hafi líka velt því fyrir sér, hvort hægt væri að *ná saman endum og leysa vandann* með skattlagningu og síðan að búa út uppbótarkerfi hér og uppbótarkerfi þar til þess að reyna að fá hjól atvinnulífsins til þess að snúast. Vafalaust hefur hún borið þessar tvær leiðir saman og komizt að þeirri niðurstöðu, að illt úr illu væri gengislækkunin skárri heldur en að skattleggja þjóðina, eins og nú er komið í rýrnandi atvinnu og lækkandi tekjum meginþorra þjóðarinnar, skattleggja hana kannske yfir 2000 millj. Minna hefði ekki dugað. Ég geri því ráð fyrir, að hæstv. ríkisstj. hafi komizt að þeirri niðurstöðu, að sú leið væri ófær, þegar svona væri komið, þegar vandinn væri orðinn svona mikill, og þá hafi hún ekki séð neitt úrræði annað heldur en gengislækkun í fjórða sinn þrátt fyrir hrapallega reynslu af þeirri úrlausn þrisvar sinnum áður. Hér einu sinni fyrir alllöngu síðan, þegar Ólafur Björnsson, hv. þm., var ungur hagfræðingur, það er svo langt síðan, þá voru nokkuð margir hagfræðingar látnir gera álitsgerð, og það kom út heil bók eftir þá um úrlausnir í efnahagsmálum, og þá var talað um þrjár leiðir mögulegar, hugsanlegar og mögulegar: Það var gengisfellingarleið, og það var skattlagningar- og uppbótaleið, og það var svokölluð verðhjöðnunarleið. Í fræðibókum hagfræðinga var þriðja leiðin þá til, ekki aðeins gengislækkunarleið og hin leiðin, heldur og þriðja leiðin líka. Og nú er okkur sagt, að það hafi einmitt komið upp hugmyndir meðal fylgismanna ríkisstj. um það, hvort það væri ekki betra að huga einmitt nú að þessari þriðju leið, að verðhjöðnunarleiðinni, að menn hafi lagt á sig nokkurt ómak til þess að kryfja möguleika þeirrar leiðar til mergjar og lagt fram nokkuð ákveðnar till. um þá leið að ganga framan að fólkinu og lækka kaupið núna, að gera sterklegar, ákveðnar ráðstafanir til þess að lækka verðlag og færa niður skuldabyrði á mönnum, einstaklingum og fyrirtækjum. En þessi leið hefur lengi verið mér mjög hugleikin, og ég flutti einu sinni fyrir alllöngu síðan till. um hana hér á Alþ., þegar líkt stóð á eins og nú, og hef því í raun og veru staðnæmzt við hana enn, hvort þessi leið, sem hagfræðingarnir eitt sinn töldu færa leið, hafi verið grandskoðuð af efnahagsmálaráðunautum núv. hæstv. ríkisstj. og komizt hafi verið að þeirri niðurstöðu, að hún væri ófær, að hún væri eins fær eins og gengislækkun, þegar litið væri á þá reynslu, að hún væri búin að misheppnast þrisvar, því að í fjórða sinn vekur hún ekki miklar vonir, a. m. k. ekki hjá mér.

Ég geri mér það ljóst, að þessi niðurfærslu- eða verðhjöðnunarleið er sjálfsagt mjög vandmeðfarin í framkvæmd. Hún útheimtir, að hún sé framkvæmd af sterkri réttlætiskennd og hörðum höndum. Það yrði áreiðanlega að fylgja þar fast eftir, ef framkvæmdin ætti ekki að fara í handaskolum og ekki að koma ranglátlega niður. Það má vel vera, að það þyki kostur gengislækkunar samanborið við verðhjöðnunarleiðina, að hún sé sjálfvirkari eftir að búið sé að skella henni á landslýðinn.

Það upplýsist nú sjálfsagt hér í umr., hversu mikill gaumur hefur verið gefinn þessum möguleika, að fara beint framan að fólkinu, skera niður kaupið sem fyrstu aðgerð og gera jafnframt ráðstafanir til verðlækkunar og niðurfærslu skulda, og geri ég þá sérstaklega ráð fyrir því, að ef aðrir verða ekki til að gera grein fyrir þessum þætti málsins, þá munu þó þeir menn, sem þessar hugmyndir báru fram, gera það. Alþ. á sannarlega heimtingu á því að fá að kynnast öllum þeim möguleikum, sem menn hafa þó komið auga á í sambandi við úrlausn slíks vanda, sem skapazt hefur í efnahagslífi þjóðarinnar. En verkin sýna merkin. Ég er viss um það, að hæstv. ríkisstj. hefur vafalaust einnig hugleitt þessa leið og hafnað henni, úr því að gengislækkunarfrv. liggur hér fyrir hv. Alþ. Ég er alveg hjartanlega samþykkur þeim mönnum, sem segja, að nú sé svo komið, að það þýði ekki að kýta um það, hverjum sé að kenna það ástand, sem skapazt hefur, og það mun ég ekki gera, það er bara staðreynd. Ástandið er alvarlegt. Það þýðir heldur ekki að kýta um það, hverjum það sé að kenna, hvort það sé að kenna verðfalli á heimsmörkuðum og aflatregðu eða hvort það sé að kenna hæstv. ríkisstj. og stefnu hennar. Og ég held, að það sé óviturlegt af hæstv. ríkisstj. að halda því til streitu, að stjórnarstefnan eigi hér enga sök á. Það er hægt að segja það með sanni, að þjóðin hefur orðið fyrir allþungu áfalli á árinu 1967 og 1968 eða frá því á síðari hluta árs 1966, en hins er ekki að dyljast, að hinar þrjár gengislækkanirnar voru framkvæmdar í góðæri og hefðu þannig átt að eiga miklu meiri möguleika til þess að takast heldur en þessi. Þessi gengislækkun er framkvæmd við erfið skilyrði, þegar ástandið er orðið slíkt, að það hvarflar að manni, hvort efnahagslegu sjálfstæði þjóðarinnar sé ekki nokkuð hætt komið. Ég tel það vera skyldu mína persónulega, ég tel það vera skyldu verkalýðshreyfingarinnar, ég tel það vera skyldu stjórnarandstöðuflokkanna að horfast af raunsæi í augu við það ástand, sem skapazt hefur. Það þýðir ekkert gaspur til lausnar þeim vanda, sem þjóðin stendur nú í. Ég mun verða spurður af mörgum sem forseti Alþýðusambandsins: Er nokkuð hægt að gera annað heldur en hækka kaupið til þess að mæta þeirri stórfelldu kjaraskerðingu, sem leiðir af þessari gengislækkun? Ég fyrir mitt leyti verð að játa það strax, að ég held, að við það ástand, sem núna hefur skapazt, sé kauphækkun ekki fær og ekki raunhæf leið, því miður. En ég er ekki sannfærður um það, að þar með séu allar leiðir lokaðar til þess að verja hina lægst launuðu innan og utan verkalýðshreyfingarinnar, og það verður áreiðanlega að grípa fremur til annarra ráða til þess að verja hagsmuni hinna tekjulágu í þjóðfélaginu heldur en kauphækkana eins og sakir standa.

Það þyrfti mikla kauphækkun til, og að gera kröfu um hana og lemja hana fram með verkföllum, því að öðru vísi fengjum við hana ekki, það væri auðvitað ráðstöfun til þess að gera þessa gengislækkun að engu á næstu vikum og mánuðum. Það er ekkert markmið í sjálfu sér. Það, sem við verðum að leita að í viðræðum við hæstv. ríkisstj., er það, hvort hægt sé að finna leiðir, sem geti haft nokkuð varanlegt gildi og sem geti varið

láglaunastéttirnar fyrir þyngstu áföllum þessarar ákvörðunar, og ákvörðunina sjálfa tel ég vera afleiðingu af því ástandi, sem skapazt hefur. Ég tel gengislækkunina ekki gerða að ófyrirsynju af hæstv. ríkisstj., alls ekki. Ég held, að hún sé gerð, þegar hæstv. ríkisstj. gerði sér ljóst, að hún átti einskis annars úrkosta. Ég tel þó, að hæstv. ríkisstj. hefði átt og ætti, þegar hún sá, að hún hafði ekki ráðið við vandamálin — þau hefðu færzt henni svo þunglega í fang, að hún réði ekki við vandamálin, stefnan dugði ekki og hæstv. ríkisstj. dugði ekki heldur til þess að leysa vandamálin — þá er það mín skoðun, að hún hefði átt að segja af sér. En um það þýðir heldur ekki að sakast. Hún virðist hafa trú á því, að hún ráði við málin með því að framkvæma gengislækkun í því formi, sem hún hefur lagt fram frv. um. Og það ber að vona í lengstu lög, að hún verði ekki fyrir vonbrigðum með það, og það segi ég þjóðarinnar vegna. Ég veit ekkert um það, hvernig hæstv. ríkisstj. hugsar sér að ræða málin við verkalýðshreyfinguna, og á meðan get ég ekki sagt um það, hvaða tökum verkalýðshreyfingin tekur þessi mál. En ég er alveg viss um það, að verkalýðshreyfingin stendur í svo alvarlegum sporum nú í dag, og í þeim vanda stöndum við núna næstu daga og vikur, að það verður einhuga verkalýðshreyfingu að mæta, og verkalýðshreyfingin verður einhuga um það að taka af raunsæi á þessum miklu vandamálum og leysa þau á þann veg, ef nokkur kostur er, að atvinnulífið verði sterkara eftir en áður, því að í raun og veru á verkafólk allt undir því, að atvinnuleysisvofan verði ekki landlæg, og hún hefur þegar minnt á sig nægilega. Hún gerði það á s. l. vetri, og hún hefur þegar gert það ekki síður á þessu hausti, því að ástandið er víða vægast sagt mjög uggvænlegt í þeim efnum. Ég teldi það ekki rétt af mér, þó að mönnum sé þungt í skapi og þó að ekki sé bjart fram undan, að hóta verkföllum í nafni verkalýðshreyfingarinnar, og ég veit, að það að hrinda atvinnulífinu út í algera stöðvun verður ekki úrræði, sem nú verður gripið til fyrr en í síðustu lög, ef hæstv. ríkisstj. fæst ekki til að ganga neinar aðrar færar leiðir. En við skulum ekki gleyma því, að það er þó alltaf síðasta vopnið, sem verkalýðshreyfing hvaða lands sem er verður að grípa til til að knýja sínn vilja fram, að beita verkfallsvopninu, og það skyldi því enginn vera of viss um það, að verkalýðshreyfingin neyðist ekki til þess, ef hún fær ekki sínum málstað framgengt, að grípa til þess vopns jafnvel nú.

En ég endurtek það, sem ég hef sagt í þessari ræðu minni: Allar okkar aðgerðir í verkalýðshreyfingunni verða að miðast við það að verja þá lægst launuðu í þjóðfélaginu áföllum af þeirri ákvörðun, sem nú hefur verið tekin með gengisfellingunni og þeirri dýrtíðaröldu, sem nú skellur yfir og virðist skella yfir, án þess að hæstv. ríkisstj. hafi enn gert neinar ráðstafanir til þess að verja láglaunastéttirnar fyrir áföllum af þessari aðgerð. Þetta mál er þess eðlis, að það væri í raun og veru ekkert unnið við það fyrir stjórnarandstöðuflokkana að tefja framgang þess. Stjórnin hefur sjálfsagt tryggt sér það, að málið á meirihlutastuðning í þinginu. Þetta er aðgerð, sem affarasælast er fyrir þjóðfélagið, að gangi fljótt fyrir sig, eins og ég hef áður drepið á, úr því að það verður að gerast. En ég hygg, að stjórnin hafi nú þegar tryggt sér það samkomulag við stjórnarandstöðuflokkana, að svo verði á málum haldið hér, að bankarnir geti hafið starfsemi sína með morgundeginum, enda sé ég ekki heldur, að neitt væri unnið við að hindra það af stjórnarandstöðunni. En það dregur ekkert úr því, að þetta mál er eitt hið alvarlegasta, sem fyrir þingið hefur komið nú um lengri tíma. Bæði er gengisfellingin stórfelld og hún er ekki gerð núna í fyrsta sinn. Þetta er í fjórða skipti á 8 árum, eins og sagt hefur verið, og það má ekki minna vera heldur en þm. gefist kostur á að ræða málið eins og þá lystir, og ég held, að hæstv. ríkisstj. hugsi sér heldur ekki að leggja neinar hömlur á það. Allt er undir því komið, hvernig framkvæmdin verður á þessari hrikalegu gengislækkun, og við eigum eftir að sjá, hvernig hæstv. ríkisstj. snýst við því, bæði í viðræðum við verkalýðshreyfinguna og aðra aðila í þjóðfélaginu, að milda framkvæmdina á þann hátt, að hún verði framkvæmanleg, því að sýni hæstv. ríkisstj. ekki góðan vilja í því, þá er ég alveg viss um það, að þessi leið reynist ekki framkvæmanleg.

Björn Pálsson: Herra forseti. Það voru þrír menn í eftirleit einu sinni á Auðkúluheiði, ég á þar upprekstur. Það var logndrífa og jörð orðin hvít. Þeir tóku stefnu á eða ætluðu að taka stefnu á skála, sem þeir ætluðu að gista í, gengu stundarkorn, en þá kom sá, sem hafði forystu fyrir þeim, á slóðina sína aftur. Hann horfði um stund á slóðina, en sagði svo við félaga sinn: „Takt þú hæsta hring.“ En sá, sem á eftir gekk, hafði séð þegar hann beygði og tók ekki næsta hring, heldur tók stefnuna á skálann og náði áfanga.

Nú er það, sem skeð hefur í efnahagslífi okkar, dálítið hliðstætt þessari villu. Það er alltaf farinn sami hringurinn. Þetta er búið að gera jafnvel svo áratugum skiptir. Það er byrjað að greiða uppbætur á útflutningsafurðirnar. Þegar það er búið að ganga nokkurn tíma, þá er farið í gengislækkun. En mönnunum dettur aldrei í hug, að þeir hafi ekki stefnt í rétta átt, þeim, sem stjórna. Þetta var ekki lærður maður, sem var þarna í eftirleitinni, hann hafði aldrei tekið háskólapróf, var ekki hagfræðingur eða lögfræðingur, en hann hafði þó vit á því, þegar hann var búinn að fara hringinn, að segja við félaga sinn, að hann skyldi taka næsta hring, hann hafði sjálfsgagnrýni. Ég sé ekki annað en að það sé komin nokkurn veginn reynsla á, að þessi aðferð dugar ekki, við stefnum ekki í rétta átt. Það er alveg öruggt einkenni á efnahagslega sjúku þjóðfélagi að vera alltaf að lækka gengi. Gegnum mannkynssöguna finnum við, að einstaka fjármálaglópur hefur gripið til þess að þynna út verðgildi peninga. Það komst ofan í 2% hjá Rómverjum á þriðju öld. Þá voru eitthvað þrír og fjórir keisarar í ríkinu í einu, og við vitum, hvernig það hefur gengið stundum eftir stríðin, og alls staðar hefur þetta haft hrun og erfiðleika í för með sér. Þetta er eitt öruggasta sjúkdómseinkenni, sem til er í efnahagslífi einnar þjóðar, og alveg öruggt, að þeir, sem sitja við stjórn, þegar það gerist og endurtekur sig, hafa ekki vald á fjármálunum. Það er öruggt einkenni. Þess vegna furða ég mig á, að þeim ráðh., sem nú sitja, skuli ekki detta í hug að reyna að leita að öðrum leiðum. Ég skal játa, að hér er mikið alvörumál á ferðinni. Það má segja, að það sé ekki til neins að vera að koma með þessar

reglur til okkar. Því hafa þeir þetta ekki allt uppi í Seðlabanka, allar ráðstafanir viðvíkjandi gengislækkun, fyrst gengislækkun er ákveðin þar? Það er til lítils að koma til okkar og fara að tala um þetta mál, þegar búið er að ákveða það. Það er eiginlega furðuleg ráðstöfun að taka alveg ákvörðunarvaldið um vexti og gengi af Alþ. og flytja það í aðra stofnun. Vitanlega ræður ríkisstj. þessu, en valdið er tekið af þinginu. Við vitum, að Seðlabankinn framkvæmir ekkert án þess að hafa samþykki ríkisstj. Þetta er í raun og veru furðulegt, þegar þetta eru þýðingarmestu málin, sem við höfum með að gera, og ég held, að það sé komin dálítil reynd á, að þetta séu ekki neinir spekingar, sem ávallt hafi rétt fyrir sér, ég held, að það sé komin nokkurn veginn reynsla á það. En í árferði eins og í ár er stórhættulegt að lækka gengið, og það er þungamiðja málsins. Það er einfaldlega af því, að atvinnuvegirnir eru reknir með tapi, og við verðum að koma í veg fyrir það tap, og það gerum við ekki með gengislækkun, eins og nú horfir. Fiskibátarnir í ár hafa ekki getað borgað vexti og afborganir, það vitum við, og þar að auki eru þeir reknir með allmiklu tapi, þeir stórsafna skuldum sumir. Ég átti tal við vanan útgerðarmann, og hann sagði, að sumir sinna báta mundu hafa tapað allt að milljón í ár. Læknast þetta við gengislækkun? Ég segi nei. Það er aðeins það, að hann þarf þriðjungi fleiri krónur til þess að borga þetta tap. Hvar á hann að taka þær krónur? Bankarnir eru tæmdir af fé, því að það fylgir alltaf gengislækkun, að fólk eyðir peningunum. Það trúir ekki ríkinu fyrir þeim. Við vitum hvernig það hefur gengið hér. Í allan vetur hefur fólkið verið að reyna að festa peninga sína í einhverju. Þið getið spurt Ásbjörn Ólafsson, hvernig honum hafi gengið að selja ísskápana sína, frystikisturnar o. s. frv. Bankarnir eru orðnir peningalausir. Við vissum, hvernig það gekk í fyrravetur, þegar fólkið vissi af gengislækkuninni. Mér hefur verið sagt, að það hafi verið rifnar 200 milljónir út úr bönkunum og eytt, og hvar eiga atvinnuvegirnir að fá rekstrarfé? Hæstv. bankamrh. kom hér upp og hélt stutta ræðu, sagðist ætla að gæta hagsmuna fyrir flokk sinn, skildist mér, láglaunafólk og bótaþega. Hæstv. forsrh. lét liggja að því, að það ættu að ganga um 150 milljónir til trygginga, ef ég hef tekið rétt eftir. En hvað þýðir þetta? Það eru minnkaðar krónur. Ég hef hlustað hér á ræður fulltrúa jafnaðarmanna í öll skiptin eftir gengislækkanirnar. Þeir hafa komið brosandi upp í ræðustól og tilkynnt, hvað mikið hærri upphæð þessir bótaþegar fengju. En þetta þýðir ekkert annað en lækkað verðgildi hverrar krónu, þetta eru ekki raunveruleg verðmæti, sem fólkið fær, og að láglaunafólkið græði á gengislækkun, það er nýtt fyrirbrigði. Og mér skilst nú, að það hafi verið látið liggja að því, að þetta væri gagnslaus gengislækkun, ef kaupið ætti að hækka hliðstætt, sem og satt er. Vænlegasta leiðin til að auka atvinnu, sagði þessi hæstv. ráðh. Ég hélt, að það væri svo þrengt að atvinnuvegunum með rekstrarfjárskorti nú, að það mundi ekki verða til bóta, að þeir þyrftu þriðjungi fleiri krónur til að geta rekið sína atvinnu, bæði verzlunarfyrirtæki og yfirleitt öll fyrirtæki í landinu, sem hafa einhvern rekstur. Hvar eiga fyrirtækin að taka peningana? Ekki er hægt að fá fyrirgreiðslu í nokkrum banka. Það er þannig, að ég hef ekki skýrslur um tap bátanna, og ég efast um, að við fáum þær, en ég fullyrði, — þó að við reiknum með, að bátur, sem getur borgað vexti og afborganir — við reiknum það 100%, og við skulum reikna vexti og afborganir og það, sem ekki tilheyrir gengi, sem svarar 20%. Við skulum reikna vinnulaun 50%, og við skulum reikna aðra gjaldeyriseyðslu um 30%, olían hækkar, veiðarfærin hækka, vélahlutar hækka og kaupið hækkar við viðgerðirnar. En nú hafa þessi 20% ekki verið greidd í ár og þar að auki er stórtap á bátunum, þannig að ég fullyrði, að bátarnir að meðaltali fiskuðu ekki nema 60—70% af því, sem þeir þurfa til þess að geta borið sig, og þetta þýðir þá það, að útgerðin tapar fleiri krónum við gengislækkunina. Eru nokkrar líkur til, að hlutirnir breytist sérstaklega til hagræðis fyrir útveginn, þó að gengið sé lækkað? Ég álít, að það sé ekki. Sannleikurinn er sá með venjulega daglaunamenn og háseta, að það þýðir ekkert að tala um kauplækkun við þá. Þeir þurfa þessa peninga til þess að svelta ekki. Við vitum það ósköp vel. Þetta vita allir, sem hafa haldið heimili nú. Það þýðir ekki að tala um það. Eina leiðin til þess að fá hagstæðari hlutaskipti er því að lækka aukahlutina. Nú er það þannig t. d. á dragnót, að þeir munu hafa upp í 60%, þegar aukahlutirnir koma, því að af 5 manna áhöfn hafa allir aukahlut, og kaupið er 50% af aflaverðmæti. Á togveiðum er það 32%, það hafa allir aukahlut á 5 manna bát, þeir eru 16%, þá eru komin 48%, við það bætist orlof og allar aukagreiðslur, öll tillög til sjóða og allt slíkt, og ef hlutirnir fara upp í 50—60%, er vonlaust að láta bát bera sig. Það þarf því að gera allt aðrar ráðstafanir en að lækka gengi til þess að bjarga útvegi, sem er rekinn með tapi. Ætlar ríkisstj. að binda með lögum að lækka hlutaskiptin? Ég fyrir mitt leyti er algerlega á móti því að lækka við háseta, ég álít, að það sé ekki hægt. En ég álít, að það sé hægt fyrir yfirmennina að lækka sína hluti. Ætlar ríkisstj. að gera það með lögum, eða ætlar hún ekki að gera það? Og ég er sannfærður um það, að ef ríkisstjórnin hefði ekki farið í að lækka gengið nú, hefði margur verið fús til að hjálpa henni. Þjóðinni er það alveg ljóst, að við höfum orðið fyrir stóráfalli hvað síldveiðar snertir og að útflutningurinn er mikið minni en vanalega. Við getum gert okkur það alveg ljóst, að við getum ekki leyft okkur það sama og undanfarin ár, og fólkið skilur það, en það er ekki hægt að lækka nauðþurftir fólks, það verður að lifa. Við verðum að fara inn á aðra leið til þess. Ég skrifaði grein um þetta fyrir fáum dögum, ég vildi setja fram mínar skoðanir, jafnvel þótt ég vissi, að það yrði ekki farið eftir þeim, gat ekki betur gert. Það, sem við þurfum að gera, er að búa þannig í haginn fyrir útveginn, að hann geti nálgast það að bera sig, en það hefur ekki þessi hæstv. ríkisstj. gert. Vextirnir hafa verið hækkaðir um þriðjung, það var hlaðið ótal aukasköttum á útveginn; launaskatti, aðstöðugjaldi á tap, þeir fundu það nú út að fara að leggja á tapið, og fjölda marga aðra skatta. Ég hef sagt hvað eftir annað úr þessum ræðustól, að þetta yrði til þess, að útgerðarmenn gæfust upp. Ég hef líkt þessu við hest, sem eru lagðir of þungir baggar á. Og þetta hefur rætzt. Þeir eru lagztir. Útgerðarmenn reyna ekki að borga vexti og afborganir af lánum, þeir geta

það ekki, þess vegna er óhjákvæmilegt, og það er byrjað á því, að taka vissa prósentu af útflutningsverðmætunum, ríkið leggi fram á móti, sjóður sé stofnaður og annist um vaxta- og afborganagreiðslur. Það er búið að hlaða svo byrðum á útgerðina, að hún hefur gefizt upp við að borga vexti og afborganir. Það á að létta öllum aukaútgjöldum af útveginum, sem mögulegt er. Ég álít ekki, að það eigi að afnema tryggingasjóðinn. Þessar hliðarráðstafanir þurfum við fyrst að gera og þrýsta kostnaðinum á þennan hátt eins niður og mögulegt er. Þetta gengur svo fáránlega langt, að það var lagður 7½% söluskattur á tryggingagjöld bátanna, sem eru ef til vill ½ milljón. Þessi upphæð nemur þá um 40 þús. Þetta átti þátt í því að hækka tryggingagjöldin. Þetta verða menn að borga sjálfir, ef tryggingagjöldin hækka vegna tjóna. Ég sagði við einhvern, að það væri ómögulegt að vera reiður út af þessu, því að mennirnir vissu ekkert, hvað þeir væru að gera, þegar þeir væru með slíkar álögur. Í fyrra var fyrst létt af þessum skatti af tryggingagjöldunum. Það er ekki nóg að ætla sér að sópa fé í ríkissjóð, það verða að vera einhverjir mögu leikar til að greiða þetta fé. Þegar búið er að gera þessar hliðarráðstafanir, átti ekki að fella gengið, heldur átti að segja við útgerðarmenn og sjómenn: Þið verðið að skipta aflanum á milli ykkar, eftir því sem sanngjarnast er. Þið fáið ekki frekari aðstoð nema í gegnum Aflatryggingasjóð, sem yrði þá að taka verstu áföllin, ef veiði brygðist fyrir bátana, eins og hann hefur gert, og þá er það mál út af fyrir sig að efla hann á einhvern hátt. En lengra var ekki hægt að ganga. Og þá urðu menn að gera þetta upp við sig, sjómennirnir urðu að hafa vinnu, útgerðarmennirnir að reka sína báta, og segja svo við útgerðarmennina: Ef þið getið ekki rekið bátana, þegar búið er að búa þannig í haginn fyrir ykkur, þá verður að taka af ykkur skipin. Það yrði vitanlega að losa útgerðarmenn við lausaskuldir — og segja svo við þá: Nú verðið þið að bjarga ykkur sjálfir, og þeir hefðu reynt það, ég er sannfærður um það. Ef skerða varð kjör skipshafna þá varð að lækka aukahlutina en ekki við háseta, því að þeir hafa ekki meira en þeir þurfa til að lifa á. En nú er þannig með reksturinn á þessum blessuðum skipum, að þau fá eitthvað 300 þús. kr. í rekstrarfé — þrjú til fjögur hundruð þús. kr. fá bátarnir nú, og þetta er lítið meira í krónutölu heldur en þeir fengu áður en allar þessar mörgu gengislækkanir voru gerðar. Og það er þannig með öll lán, að það þarf að greiða þau, þannig að þau eru vafasöm hlunnindi. En þegar talað er um það, að þetta sé til að auka atvinnu, gera atvinnuvegunum auðveldara fyrir, að fella gengið, þá er það út í loftið. Þetta svo að segja stöðvar fjölda fyrirtækja. Rekstrarfé er ekki fyrir hendi. Verzlunin þarf þriðjungi fleiri krónur fyrir sama verðmæti. Það er því um grundvallarmisskilning að ræða að halda, að þeir geti bætt útgerð, sem er rekin með tapi, með gengislækkun. Þetta er alveg ámóta og ætla að fara að slökkva eld með því að hella í hann olíu í staðinn fyrir vatn, það er alveg hliðstætt. Enda eigið þið eftir að sjá, hvers konar endemis öngþveiti verður út af svona ráðstöfunum. Það er ekki gaman, þegar þeir, sem ráða, skilja ekki þessi grundvallaratriði atvinnurekstrarins. Og ef útgerðin væri rekin með gróða, græddi hún fleiri krónur, en ekkert meira verðmæti. Þetta er ekkert nema fals og blekkingar. Það verður að taka á meinsemdinni á réttan hátt. Eins og atvinnuástandið er í landinu nú, er óhjákvæmilegt að hafa skuldaskil hjá skuldugum bændum, ef til vill einhverjum iðnaðarmönnum, einhverjum hluta af þeim og útgerðarmönnum. Það er óhjákvæmilegt að gera ráðstafanir til þess, að það sé ekki gengið að þessum mönnum. Þeir hafa varla frið fyrir rukkurum og kröfum, og víxlarnir hlaðast upp, sem eru ógreiddir. Og ætla svo að lækna þetta með gengislækkun, það er eins og hver önnur vitleysa. Við verðum að gera okkur það alveg ljóst, að við getum ekki veitt okkur það, sem við höfum gert, og viðreisnarstefnan er gjaldþrota. Það þýðir ekkert fyrir menn að reyna að blekkja sig.

Það var rétt hjá manninum, sem fór hringinn í snjómuggunni. Hann var ekki að blekkja sig á því að hann hefði ekki farið í hring. Það er ekki hægt að fara eins með gjaldeyrismálin og gert hefur verið. Fyrsta skilyrði fyrir því að rétta við fjárhag okkar er að koma á greiðslujöfnuði við útlönd. Við getum það ekki nema að fara á annan hátt með gjaldeyri okkar en við höfum gert undanfarin ár. Við eigum ekki að gera það með því að fara til verkamannsins, sem vinnur fyrir börnum sínum, eða hásetans, sem rétt berst í bökkum til þess að geta lifað, og segja: Þú átt að lækka kaupið þitt. Við eigum að draga úr eyðslunni. Mér var sagt af kunnugum manni, að það mundi hafa farið í Spánarferðalög um 300 millj. á ári undanfarið, þar í reiknuð fargjöld. Þetta er sennilega hvergi gefið upp. Þessi maður þóttist vera kunnugur þessu. Menn eru að ferðast út um allan heim og ráðherrarnir ekkert síður en aðrir og eyða miklum peningum frá gjaldeyrislausri þjóð. Það er ekkert vit í öðru en taka fyrir þetta. Við eigum að takmarka innflutninginn við það, sem nauðsynlegt er. Það þýðir ekki að ætla að neita um varahluti í vélar, hvorki í skip eða landbúnaðarvélar, iðnaðarvélar né annað. Við verðum að takmarka eyðsluna á öðrum sviðum meðan við erum að komast yfir þessa erfiðleika, sem við erum í nú. Við getum ýmislegt takmarkað, við getum takmarkað ferðalög, sem ekki eru nauðsynleg, við getum vel komizt af án þess að kaupa bifreiðar í tvö ár, við getum notað þær bifreiðar, sem við eigum, og væri til sóma fyrir marga opinbera starfsmenn, ef þeir hættu að láta ríkið eiga bifreiðarnar og ættu þær sjálfir, fengju einhvern styrk til þess að reka þær, ef þeir þyrftu mikið að nota bifreiðar í þágu þess opinbera. Það eiga allir að búa við svipuð kjör í okkar þjóðfélagi og engin ástæða að fá einum embættismanni bifreið og öðrum ekki. Bændur gætu vel komizt af næstu 2—3 árin, án þess að kaupa mikið af heyvinnuvélum, það eru margir búnir að birgja sig upp af þeim. Þannig má spara á ótal mörgu. Ef við þurfum að byggja skip, getum við byggt þau innanlands. Sannleikurinn er sá, að skip okkar eru ekki nærri því fullnýtt fyrir rekstrarfjárskort. Jafnvel þó að skip smíðuð innanlands séu eitthvað dýrari, þá mundi það draga úr atvinnuleysi og borga sig fyrir þjóðfélagsheildina. Við gætum einnig minnkað fóðurvörukaup okkar um ⅓. Við gætum tekið fyrir ýmsan iðnaðarvarning, sem er fluttur inn í landið og er óþarfur að nokkru leyti. Að ganga í efnahagsbandalag nú og flytja inn iðnaðarvörur frá háþróuðum iðnaðar-

þjóðum án allra verndartolla, það væri til að eyðileggja mikið af okkar iðnaði og auka atvinnuleysið. Það þýðir ekki að vera að tala um, að við getum flutt út iðnaðarvörur, félausir menn og engan veginn tæknilega þróaðir á við hinar þjóðirnar. Ég nefni bara þessa liði, en það má spara á ýmsan hátt, ef þjóðin er samtaka um það. Og þarna eigum við að spara en ekki svo að segja að taka brauðið frá börnum fátæka mannsins. Það er ekki hægt. Að sjálfsögðu mundu útgjöld ríkisins lækka, ef innflutningur drægist saman, og þá væri ekki um annað að tala en draga úr útgjöldum ríkisins. Við höfum margvarað við þessari endalausu þenslu. Það skal raunar viðurkennt, að núverandi fjmrh. hefur reynt að draga úr henni, og það er honum til sóma, en hækkanirnar voru ca. 500 millj. á ári.

Hv. bankamálarh. var nú mælskari, þegar hann var að tala um að fjölga prófessorum við Háskólann, heldur en þegar var verið að leysa erfiðleika efnahagslífsins, í ræðu þeirri, sem hann hélt nú. Ég held satt að segja, að það hefði ekkert sakað okkar afkomu, þótt minna væri gert að því að fjölga prófessorum. Við þurfum fyrst og fremst að lifa. Ég álít, að við eigum að ganga að því hlíðarlaust að lækka útgjöld ríkisins. Það er ekki vinsælt, og það kemur við einhverja, en það er ekki hægt að innheimta þessi gjöld. Ef við getum lækkað framlög til atvinnuveganna, og það getum við, ef rétt er á haldið, þá á það sinn þátt í að lækka útgjöld ríkisins. Sannleikurinn er sá, að gengislækkunin síðasta var gerð ríkissjóðsins vegna en ekki útvegsins. Það var hirt af útveginum allur gengishagnaðurinn 1967, ca. 400 millj., sem hann átti. Ég skal játa, að það var ekki gengið að bátunum, en það var miklu betra að láta þetta ganga upp í vexti og afborganir fyrir bátaeigendur og hjálpa frystihúsunum heldur en hirða það í ýmislegt annað. Ætli eigi ekki að leika sama leikinn nú? Sannleikurinn er sá, að útvegurinn hefur aldrei verið jafnhörmulega staddur og eftir síðustu gengislækkun. Rekstrarfjárlausir bankar og búið að taka gengishagnaðinn, hirða hann. Á ekki að leika sama leikinn nú? Ég efast ekkert um, að það verði gert. Og þá verður það sama sagan, sem endurtekur sig. Hásetarnir vilja hafa sama kaup, yfirmennirnir á skipunum líka. Enginn trúir því, að þetta lagist með þessu áframhaldi, sem ekki er von. Og ekki minnkar erl. kostnaðurinn. Þetta hefur ekkert í för með sér nema aukna erfiðleika. Þetta er hryggileg ráðstöfun. Þjóðin hefði verið fús til þess að leggja ýmislegt á sig nú, ef það hefði verið skynsamlega tekið á hlutunum. Það þarf að gera allt, sem unnt er, til þess að láta atvinnuvegina bera sig, fyrst og fremst lækkun á ríkisútgjöldunum til að þurfa ekki að íþyngja fólkinu með of háum sköttum, og að því fengnu að gera allt til að treysta gengið. Og þegar við erum búnir að treysta gengið, þá ættum við að hækka verðgildi krónunnar, en ekki lækka það. Ætli við séum ekki komin ofan í 2½ gulleyri með hverja krónu? Þegar Rómverjar voru vitlausastir, þá voru þeir komnir ofan í tvö %, við erum í 2½. Þetta heldur prýðilega áfram, alveg prýðilega. Þegar menn villast, þá þrengist alltaf hringurinn, og síðast snúast menn bara um sjálfa sig. Það er ekki nema tæpt ár á milli þess, sem hringurinn er tekinn. Nei, þetta er alvarlegur hlutur, þegar menn, sem eiga að ráða í þjóðfélögunum, skilja ekki undirstöðuatriðin. Að skella gengislækkun ofan á taprekstur atvinnuveganna er eins og að hella olíu í eld. Þetta er voðalegur hlutur. Það er ekki nóg, að menn hafi háskólapróf. Þeir verða að skilja hlutina. Það er engin tilviljun, að aumingja fólkið hérna í húsunum er farið að tala um það, að það þyrfti að taka þessa hagfræðinga og lögfræðinga úr þinginu og flytja bændur og sjóara þangað. Það er farið að spjalla um þetta. Það er búið að gefa upp alla von um, að það verði gert nokkuð af viti. Ég satt að segja er búinn að gefa upp alla von líka, ég verð að segja það. Hitt er svo annað mál, að ef við gætum komið okkar atvinnuvegum í heilbrigðara ástand, þá er það mál út af fyrir sig, við gætum þá samræmt betur greiðslugetu þjóðfélagsins og greiðslugetu atvinnuveganna og kaup launþegans. Mér datt í hug, að sú leið væri athugandi, hvort ekki væri hægt að miða kaupgjaldsvísitölur við verðmæti útflutnings, verðlag á útflutningsafurðunum, og miða kaupgjaldsvísitöluna við það yfir allt launakerfið, jafnt opinbera starfsmenn sem aðra, og þá myndaðist þarna samræmi á milli þess, sem atvinnuvegirnir gætu borgað og milli þess, sem fólkið fengi. Ef til vill mætti taka tillit til magnsins líka, og þá þyrfti ekki sífellt að vera að deila um þetta, og þetta mundi styrkja gengið. Það þýðir ekki að taka á þessu neinum vettlingatökum, það verður okkur að vera ljóst. Við verðum að færa fórnir, og fólkið er fúst til þess, ef það trúir að það komi að gagni, en þeir geta ekki fært fórnir, sem tæpast hafa að borða.

Ég hef kynnt mér það hjá matvörukaupmönnum hér í bænum, sem selja kjöt og smjör og vörur, sem eru tiltölulega dýrar, að það er minna keypt en vanalega, eingöngu af því að geta fólks er minni. Það þýðir þess vegna ekki að ætla að nota þá aðferð að fella gengið til þess að lækka kaup þessara manna, það er ekki hægt. Þeir þurfa þetta til þess að lifa á. Við verðum að taka þetta allt öðrum tökum. Við verðum að spara óþarfann, og við verðum að stjórna, það er engin stjórn á fjárfestingarmálum og hefur aldrei verið hjá þessari stjórn. Það er ekki til þess að bæta hag atvinnulífsins að hækka vexti um þriðjung, eins og gert var, hrúga sköttum á atvinnuvegina og stytta afborgunartíma lána. Þetta miðar allt að því að gera þeim erfiðara fyrir. Ekki græða bændur á gengislækkuninni, þeir tapa vitanlega á henni, þeir þurfa að kaupa áburð og fóðurvörur. Hverjir græða á gengislækkun? Það var gert fyrir ríkissjóðinn í fyrra, það var eini aðilinn, sem græddi. Nú á aftur að fella gengið, ég sé ekki að það muni neinn aðili græða á því nema ríkissjóðurinn. Það er bezt að vera ekki að blekkja sig á því, að útgerðarmaður, sem rekur útgerð sína með tapi, þarf þriðjungi fleiri krónur til þess að borga þetta tap, og það er ekki hægt að fá þær. Og afleiðingin af þessari ráðstöfun verður sú, að fleiri og færri fyrirtæki lenda í algjöru öngþveiti með rekstur sinn. Það er stefnt í öfuga átt. Í staðinn fyrir að átta sig á, að það er búið að fara í hring og villast, og í stað þess að taka stefnu í rétta átt, þá á bara að þrengja hringinn, villan á að halda áfram.

Forseti (SB): Ég vil endurtaka það, sem sagt var fyrr í dag, að stefnt er að því að hafa lokið 2. umr. fyrir kl. 8,

áður en matarhlé verður gert, það er að þessu stefnt, hvort sem það tekst eða ekki.

Sigurvin Einarsson: Herra forseti. Þegar menn virða fyrir sér þessar efnahagsráðstafanir, sem ríkisstj. hefur nú boðað, þá held ég, að það hljóti að brenna þessi spurning á vörum hvers hugsandi manns: „Á hverju eiga nú láglaunabarnafjöldskyldur að lifa?“ Og ég er hér um bil viss um það, að á flestum heimilum í þessu landi verður þessi spurning lögð fram: „Á hverju eiga nú láglaunabarnafjölskyldur að lifa, þegar afleiðingar af þessari gengislækkun eru komnar fram til fulls?“ Það hafa nokkrir hv. þm. minnzt á láglaunamenn, og hvernig þeir muni fara út úr þessum ráðstöfunum, en þó aðeins talað um það almennum orðum. Ég held, að hv. þm. ættu að leggja það alveg niður fyrir sér, hvað nauðsynjarnar kosta núna og hvaða þarfir menn verða að neita sér um, sem þeir hafa þó getað fullnægt áður.

Það er ekki nema síðan í fyrra, eitt ár liðið, að hv. þm. fengu í hendurnar mjög fróðlega skýrslu um neyzlurannsókn, sem fór hér fram á árunum 1964—1965. Sú skýrsla er grundvöllurinn undir því vísitölukerfi, sem við höfum núna. Þar er greint frá því, hvað þessar nauðsynjar manna kostuðu á verðlaginu eins og það var 1. ágúst í fyrra. Þetta voru háar upphæðir. Þær voru reyndar ekki eins háar 1965, í ársbyrjun, því að á þessu tímabili hækkaði verðlagið hér um bil um 20%, frá 1. janúar 1965 til 1. ágúst 1966. Ef menn virða nú þessa skýrslu fyrir sér, held ég, að þeir ættu að gefa því gaum, hvað fólk muni nú helzt geta skorið niður, hætt að kaupa, neitað sér um, því að engum blöðum er um það að fletta, að nú verður fólk að neita sér um hlutina, ef á að framfylgja þeim boðskap hæstv. ríkisstj., að fólk eigi ekki að fá kauphækkun eftir 1. desember n. k.

Ég hef athugað nokkuð þessa skýrslu um neyzlu fjögurra manna fjölskyldu, eins og hún var birt í fyrra. Þetta eru ákaflega margir liðir að vísu og mjög misjafnlega stórir. Og ég tók saman þá liðina í þessari skýrslu, sem ég held, að engin fjölskylda geti neitað sér um. Og það eru 5 liðir. Það er maturinn, það er húsnæðið, það er fatnaður, það er nauðsynleg heilsuvernd og rafmagn og hiti. Mér datt nú í hug að taka þessa liði saman og athuga, hvort láglaunafólk, láglaunafjölskylda, gæti ekki veitt sér þessa 5 liði af öllu því, sem talið er upp í þessari skýrslu, ef hún sleppti öllu hinu.

Ég fór allnákvæmlega yfir þetta. Ég sé, að í 1. liðnum, matvörur og drykkjarvörur, má sleppa nokkrum liðum, ekki þó stórvægilegum, sem ekki geta talizt nein nauðsynjavara. Þar nefni ég sælgæti, ís, aldinmauk, áfengi og óáfenga drykki. Ég tók þetta allt frá, dró þessa liði frá. En þegar ég svo lagði hina saman, kemur það í ljós, að þessir 5 liðir kostuðu á verðlaginu 1. ágúst í fyrra um 155 þús. kr. Og er þó húsnæðisliðurinn ekki reiknaður hærra en um 3500 kr. á mánuði. Ég þekki reyndar ekki þær fjölskyldur í þessu landi, sem búa við þau kjör í húsnæðismálum. Samt er nú þetta svona. En svo hafa komið hækkanir síðan. Gengislækkunin í fyrra og ráðstafanir, sem henni fylgdu, höfðu í för með sér hækkanir og þær ekki litlar, og síðan um áramót hafa einnig orðið hækkanir. Við höfum þetta nokkuð veginn glöggt í hagtíðindum, hvað þessar hækkanir munu vera miklar. Og eftir því, sem ég get bezt séð, munu þessar hækkanir vera milli 15—16% á þessum fimm liðum. En þá er þess að gæta, að húsnæðisliðurinn stendur svo að segja í stað. Hann er ekki látinn hækka. Hann var settur af handahófi inn í þennan vísitölugrundvöll eins og fyrri daginn, og hann er ekki látinn hækka, sem neinu nemur, er núna um 3700 kr. á mánuði. En þegar þessar hækkanir eru komnar, er verðlagið á þessum 5 nauðsynjaliðum hverrar fjölskyldu orðið um 179 þús.

Nú koma nýjar aðgerðir, ný gengislækkun og nýjar verðhækkanir á öllum sviðum, og enn þá sér maður ekki neitt votta fyrir því, að það eigi að draga neitt úr þessum hækkunum sérstaklega, þó að fólk sé lágt launað. Það sagði einhver hv. þm. í ræðu hér í dag, að hann gerði ráð fyrir því, að hækkanirnar, sem núna kæmu, gætu orðið 18—20%. Ætli megi ekki taka á betur? Það er nefnilega komin fram 18—19% hækkun, ef húsnæðisliðurinn er ekki tekinn með, sem ekkert er að marka, 18—19% hækkun frá því 1. ágúst í fyrra og þangað til 1. ágúst í ár, og þó ekki frá 1. ágúst í fyrra, heldur frá 1. október í fyrra er þessi hækkun komin. Og gengislækkunin í fyrra var þó ekki nema helmingur af því, sem nú á að framkvæma. Halda menn þá, að verðhækkanir af þessum ráðstöfunum verði ekkert meiri en þær, sem þegar eru komnar fram af ráðstöfunum í fyrra? Við skulum gera ráð fyrir því, að það verði nú ekki meiri hækkanir, til þess að sýna enga ósanngirni í þessum áætlunum, að afleiðingarnar af þessum ráðstöfunum verði ekki nema 18% hækkanir. Það er reyndar ekki hægt að ímynda sér, að svo vel, ef vel má kalla, geti farið, þegar gjaldeyririnn hækkar um 54.4%, en í fyrra hækkaði hann þó ekki nema um 32.6%, sá sem hækkaði mest, en sterlingspundið hækkaði minna, ef ég man rétt eitthvað um 13—14%. Það eru því held ég engar ýkjur, að þessi gengislækkun er a. m. k. helmingi þungbærari en sú, sem kom í fyrra. Hafði hún þó þessar afleiðingar. En hvað kosta nú þessir fimm liðir í nauðsynjavörum og þjónustu fólks, ef þeir eiga að hækka um 18%, aðeins um 18%? Þá virðist mér, að þeir kosti 211 þús. kr. En auðvitað skiptir máli, hver laun fólksins eru, þess fólks, sem á að búa við þessar hækkanir. Ég hef veitt því athygli, hver laun Dagsbrúnarverkamanna eru, eins og þau eru núna. Og tek ég þá ekki 1. taxta Dagsbrúnar, þann lægsta, ég sleppi honum. Ég tek 2., 3. og 4. taxta Dagsbrúnarverkamanns. Þetta kaup er núna á 2. taxta 51.18 kr. í dagvinnu, en 53.74 kr., ef verkamaður hefur unnið í tvö ár. Hjá þeim, sem vinna á 3. taxtanum, eru það kr. 53.10, en kr. 55.74, hafi menn unnið í tvö ár. Og þeir, sem eru á 4. taxta Dagsbrúnar, hafa 53.97 kr., en 56.61 kr., ef þeir hafa unnið 2 ár. Hvað eru nú þetta mikil árslaun? Ég ætla, að árið sé eitthvað nálægt 2200 vinnustundir, ef maðurinn vinnur alla virka daga. Þá verða árslaun þessara manna, sem ég nefndi, frá 112.6 þús. kr. upp í 124.5 þús. kr. Þá verður maður að segja, að útlitið er ekki gott fyrir þetta fólk, ef maður með 112 eða 125 þús. kr. árslaun, á að borga lífsnauðsynjar, bara þessa 5 liði, þessa 5 útgjaldaliði vísitölugrundvallarins, sem kosta kannske yfir 200 þús. kr. En það eru ekki aðeins verkamenn, sem eiga erfitt eftir þessar aðgerðir. Það eru líka opinberir

starfsmenn. Laun þeirra núna eru ekki hærri en það, að þeir, sem eru í 4. launaflokki, fá eftir þriggja ára þjónustu rúmar 110 þús. kr. í árslaun. Þeir, sem eru í 6. launaflokki, fá eftir þriggja ára þjónustu tæpar 120 þús. kr. í árslaun. Þeir, sem eru í 8. launaflokki, fá eftir þriggja ára þjónustu 125.7 þús. kr. í árslaun. Þeir, sem eru í 10. launaflokki, fá tæpar 133 þús. kr. Þeir, sem eru í 12. launaflokki, fá rúmlega 143 þús. kr.,og þeir, sem eru í 14. launaflokki, fá 154.5 þús. kr. 14 launaflokkar opinberra starfsmanna eru svo langt fyrir neðan það, að unnt sé að kaupa þessar nauðsynjar, sem ég nefndi áðan, hvað þá meira. Fari svo, að verðhækkanir vegna þessara ráðstafana verði ekki nema 18%, mundu matvörurnar einar, sem ég nefndi áðan, kosta um 88.5 þús. kr. hjá fjögurra manna fjölskyldu, 88.5 þús. kr. Er ég þá búinn að draga frá þessar óþarfa vörur, sem ég nefndi. Hafi nú maðurinn ekki nema 125 þús. kr. árslaun eins og margir þeirra, sem ég nefndi áðan, þá á hann ekki eftir nema 36 þús. kr. Við skulum segja, að hann noti það í húsnæðiskostnaðinn. En hann má þá ekki borga nema 3 þús. kr. á mánuði í húsnæðiskostnað, þá eru árslaunin búin — maturinn og 3 þús. kr. í húsnæðiskostnað, þá eru árslaunin búin. Enginn fatnaður, enginn hiti eða rafmagn. Hann má engu eyða í heilsuvernd eða sjúkrasamlag eða læknishjálp af neinu tagi. Því síður má hann hafa síma, útvarp eða sjónvarp. Hann má ekki kaupa bækur. Auðvitað má hann ekki eiga bifreið. Hann má heldur ekki kosta upp á nokkra flutninga af neinu tagi, og hann má ekki borga skatta, hvorki tekjuskatt né útsvar. Þetta er það, sem blasir við okkur núna. Ég held, að ég muni það rétt, að stjórnarblöðin og hæstv. ráðh. hafi verið margorðir um það núna undanfarna mánuði, að það þurfi að leggja byrðar á alla, en það sé jafn sjálfsagt að leggja þær sem réttlátast á alla þegna landsins. Og hæstv. viðskmrh. lagði á það áherzlu hér áðan, í þessari stuttu ræðu sinni í dag, að Alþfl. hefði alveg sérstakan áhuga á því að gæta hagsmuna láglaunafólksins í landinu, eins og hann orðaði það. Ég hef sýnt hérna sýnishorn af því, hvernig hann og þeir hæstv. ráðh. eru að gæta hagsmuna láglaunafólksins í landinu. Þegar hann sagði þetta áðan, og ég gerði mér grein fyrir því, hvernig þetta væri nú gert með þessum væntanlegu ráðstöfunum, þá datt mér í hug heildsalinn, sem vildi ekki selja kaffið, nema hann fengi greiddan þann hugsanlega tapreikning, sem hann kynni að koma með á eftir. Og hann fór upp í stjórnarráð, sjálfsagt til bankamálaráðh., og hefur að því er manni skilst farið fram á það, að hann borgaði þann reikning, sem hann kæmi með yfir tap, sem hann hefði af því að selja kaffi í nokkra daga, sem hann ætti eftir að borga erlendis. Og hann fór út frá ráðh., ég held mjög fljótlega og greiðlega, með þau svör, að hann fái þetta allt borgað.

Er nú ekki ráð fyrir þessar fjölskyldur, sem geta kannske ekkert keypt nema matinn, að fara líka með sinn tapreikning upp í rn. til hæstv. viðskmrh. og biðja hann að borga hann? Á fjölskyldan ekki jafnmikinn siðferðilegan rétt á því, að ráðh. borgi þann reikning eins og hinn? Ég verð í fáum orðum að segja það sem mína skoðun, að þessar ráðstafanir, þessar byrðar eins og á að dreifa þeim á þjóðina, í þeim felst meira mannúðarleysi en ég hef orðið nokkurn tíma var við fyrr í þessu landi.

Þeir eru sennilega komnir heim til sín að borða, hæstv. ráðh. Þeir þurfa ekkert að hafa áhyggjur af því, að þeir geti ekki keypt sér í matinn. En hafa þeir engar áhyggjur af því, hvernig öðrum gengur að kaupa í matinn, þar sem fjölskyldan er kannski 6 eða 8 manns, eftir að þessar ráðstafanir eru komnar í framkvæmd?

Eðvarð Sigurðsson: Herra forseti. Ég skal ekki eyða um of tíma þingsins, enda má segja það, að það sé kannske til lítils að vera að tala um orðinn hlut. En ég vil þó ekki láta þessa 1. umr. fara svo hjá án þess að segja hér nokkur orð.

Það er kunnara en frá þurfi að segja, að tekjur almennings hafa minnkað verulega á undanförnum tímum sökum margs konar samdráttar í atvinnulífinu og þar af leiðandi minni atvinnu. Svo er nú einnig komið, að atvinnuleysi hefur gert vart við sig um allt land. Og núna blasir við okkur ömurlegra útlit í þeim efnum en við höfum upplifað í sennilega meira en tvo áratugi. Ég fullyrði, að það hefur bókstaflega ekkert verið gert til að koma í veg fyrir þetta. Það blasir nú við öllum, hver þróunin er í þessum málum, og af hálfu stjórnvalda er ekkert að gert annað en það, sem þau hafa talið vera bezt allra ráða, þ. e. að hleypa hér útlendingum inn í landið með stórfelldan atvinnurekstur, sem þó ekki skilur neinn hagnað eftir sig í landinu sjálfu. Og nú er svo komið, að gripið er til stærstu gengisfellingar, sem framkvæmd hefur verið í þessu landi, og sagt er, að hún eigi að auka atvinnuna. Þetta eigi að vera sú blóðgjöf fyrir atvinnulífið, að það geti hresstst við og orðið annað en nú blasir við. Það má vera, að í einstökum greinum hafi þetta jákvæðar afleiðingar og þá alveg fyrst og fremst sennilega í iðnaðinum. Sjávarútveginum er ég ekki mjög trúaður á, að það skilji eftir sig stór spor til aukinnar atvinnu, í það minnsta ekki fyrsta kastið og ekki eitt út af fyrir sig. Hún opnar ekki þau hraðfrystihús, sem nú eru lokuð. Bátarnir, sem liggja við land og ekki eru gerðir út, fara ekki frekar út, vegna þess að þeirra vandamál eru allt önnur og þurfa aðrar ráðstafanir, til þess að svo verði. Hins vegar blasir við, að í öðrum greinum og alveg sérstaklega í byggingariðnaðinum, þar sem er um að ræða fjölmennustu atvinnustéttina, þar hafa þessar ráðstafanir beinlínis neikvæðar verkanir. Þær leiða til enn meiri samdráttar heldur en nú er. Þetta sýnist mér í mjög fáum orðum vera sú mynd, sem blasir við okkur hvað snertir sjálft atvinnulífið. Og síðan er ætlazt til þess, að launafólk upp til hópa, hvort sem það er í lægstu launaflokkum eða þeim hæstu, skuli taka á sig þessar ráðstafanir bótalaust. Ég held, að það sé rétt, að menn geri sér alveg grein fyrir, að með þessum hugmyndum eru menn að föndra við það ómögulega. Hæstv. forsrh. sagði hér í inngangsorðum sínum í dag, að kauphækkanir mættu ekki verða afleiðing þessara ráðstafana og þær bæru ekki árangur, nema laun ekki hækkuðu í það minnsta eitt ár. Ég ætla ekki hér að fara að tíunda það, hver eru laun láglaunafólksins nú, hins almenna verkafólks. Þar á ég líka við iðnaðarmenn marga hverja. En þessi laun eru nú þannig, með þeim tekjumöguleikum, sem þetta fólk hefur, að það hefur alls ekki nema rétt til hnífs og skeiðar. Kjör þessa fólks er ekki hægt að skerða. Nú er okkur sagt, að þessar

ráðstafanir séu gerðar til þess að tryggja rekstrargrundvöll atvinnuveganna. Út af fyrir sig er það ákaflega göfugt verkefni og auðvitað mjög aðkallandi. En þessar ráðstafanir hafa það í för með sér hins vegar fyrir launafólk í mjög ríkum mæli, að því verður óbærilegt að öðru óbreyttu, gersamlega óbærilegt, að standa undir þeim skuldbindingum, sem það hefur tekið á sig, einkanlega varðandi húsnæðismálin. Það eru þúsundir manna nú í þeirri aðstöðu, að þeir verða að hafa tekjur, ríflegar atvinnutekjur, til þess að geta haldið sínu húsnæði. Það blasir við, að ef fram fer eins og nú horfir í atvinnumálunum og með þeirri gífurlegu kjaraskerðingu, sem hlýtur að verða afleiðing þessara ráðstafana, þá hlýtur þetta fólk í tugatali að missa sínar íbúðir. Það verður að því gengið, þegar það ekki getur greitt, og eignatilfærsla í þjóðfélaginu frá hinum fátæku til hinna ríku verður mun meiri og miklu meiri heldur en sjálf þessi ráðstöfun felur þó í sér. Ég ætla ekki að fara að endurtaka það, sem hér hefur verið áður sagt varðandi þau efni. Ég vil undirstrika það, sem áður hefur komið hér fram, að þær ráðstafanir, sem nú er verið að gera og eru sagðar eiga að mæta þeim gífurlega halla, sem hefur orðið á okkar þjóðarbúskap út á við — ég ætla út af fyrir sig ekki að segja, að það sé neitt annað heldur en satt er. Ég vil undirstrika það, að það er búið að gera áður ráðstafanir, sem áttu að mæta verulegum hluta þess halla, sem hér var nefndur í dag í inngangsorðum forsrh. Ég ætla ekkert að draga úr því, að vandinn, sem blasir við, er mikill. En ég er alveg sannfærður um, að hann væri ekki eins mikill í dag, ef í tíma hefðu verið gerðar ráðstafanir til þess að draga úr alveg sérstaklega gjaldeyriseyðslunni. Mér liggur við að segja, að hæstv. ríkisstj. hafi í þessum efnum hagað sér svipað og læknir, sem horfir á sjúklingi blæða út án þess að aðhafast nokkuð. Og svo koma nú þessar harkalegu aðgerðir. Frá sjónarmiði verkalýðshreyfingarinnar hafa atvinnumálin á síðustu mánuðum verið þýðingarmesta málið. Og við höfum talið, að það hafi þurft að gera ráðstafanir til þess að bægja frá þeirri vofu atvinnuleysis, sem við höfum talið okkur sjá á ferðinni. Los*aralegar yfirlýsingar hæstv. forsrh. hér í dag og að ég nú* ekki tali um skrúðmælgi þá, sem hæstv. viðskmrh. var með, segja ekkert í þessum efnum, ekki nokkurn hlut. Það er allt annað og miklu meira, sem þarf að gera. Verkalýðshreyfingin mun nú gera kröfu til þess, að fullri atvinnu verði haldið uppi í landinu og mun ekki láta af þeirri kvöð, og hún gerir einnig kröfur til þess, að kaup láglaunafólksins verði ekki fyrir neinni skerðingu. Það er alveg augljóst mál, að það er ekki hægt og verður ekki liðið, það væri sama, hvað við forystumenn í verkalýðshreyfingunni segðum við því. Fólkið getur ekki tekið þetta á sig. Þetta verða menn að gera sér ljóst. Það mun leita sér þá annarrar útrásar. Hæstv. forsrh. sagði hér í dag, að hann teldi, að þessar ráðstafanir mundu draga svo mikið úr innflutningi, að það yrði ekki þörf á neinum sérstökum ráðstöfunum til þess að takmarka gjaldeyriseyðsluna. Ósköp blátt áfram sagt þýðir þetta það, að kaupgetan yrði svo mikið minni heldur en hún hefur verið, að stórlega hlyti að draga úr neyzlu, þ. e. a. s. í staðinn fyrir það að hafa vitlega stjórn á gjaldeyrismálum á að láta skortinn ráða. Hann á að verða skömmtunarstjórinn. Ég vil endurtaka það, að það er vonlaust að reikna með því, að láglaunafólk geti tekið þessa hluti á sig bótalaust. Og ef ástandið virkilega er svona slæmt að dómi ráðamanna þjóðarinnar, þá verð ég að segja það, að það hefði verið alveg sjálfsagt að gera aðrar ráðstafanir áður eða a. m. k. jafnhliða, ráðstafanir til þess að virkilega kanna það, hvar þjóðarauðurinn er niður kominn. Og ég held, að það væri alveg sjálfsagt. Hlýtur það að vera siðferðileg krafa allra þeirra, sem nú á svo harkalega að níðast á, að það verði gert, það verði farið í vandlega eignakönnun í þessu landi. Ég held, að það sé algert lágmark þess, sem við hljótum að gera kröfu til, þegar svona harkalega er gengið á kjör þeirra, sem minnst bera úr býtum í þjóðfélaginu, að það verði virkilega skoðað, hverjir það eru, sem hafa getað veitt á undanförnum árum. Það er ekki það fólk, sem vinnur á lægstu töxtum verkalýðshreyfingarinnar eða yfirleitt á hennar töxtum. Það er síður en svo. Það hefur aðeins með þrotlausu erfiði getað aflað sér sæmilegra tekna á undanförnum árum, en menn mega heldur ekki gleyma því, að það er þetta þrotlausa erfiði, sem hefur skapað þær miklu þjóðartekjur, sem *við höfum haft úr að spila.* Og það er alveg áreiðanlegt, að þar hefur launafólkið ekki borið stærstan hlut frá borði. Ég held þess vegna, að það sé rétt að reyna að gá betur niður í kjölinn í okkar þjóðfélagsbyggingu allri og síðan verði þeir, sem þá kynnu að hafa efni á því, fyrst og fremst látnir bera byrðarnar, en það verði ekki reynt það ómögulega, að skerða hlut láglaunafólksins svo grimmilega, sem hér er nú stefnt að.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 18:13 atkv. og til fjhn. með 22 shlj. atkv.

Á 13. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 2. umr. (A. 59, n. 65 og 66).

Of skammt var liðið frá 1. umr. og útbýtingu nál. — *Afbrigði leyfð og samþ. með* 20:2 atkv.

Frsm. meiri hl. (Guðlaugur Gíslason): Herra forseti. Eins og fram kemur í nál. meiri hl., varð n. ekki sammála um afgreiðslu málsins, og mun minni hl. skila séráliti. Meiri hl. taldi ekki aðstöðu eða ástæðu til að skrifa langt nál. eða grg. Frv. er að mestu leyti um tæknileg atriði, sem nauðsynlegt er að lögfesta vegna ákvörðunar um breytt gengi íslenzku krónunnar, og gerði hæstv. forsrh. ýtarlega grein fyrir efni frv., þegar hann lagði það fyrir d. hér í dag. Ég hygg, að ekki verði um það deilt, að staða sjávarútvegsins nú sé þannig, að ekki verði komizt hjá róttækum ráðstöfunum, ef hann á að geta haldið áfram með eðlilegum hætti. Menn greinir á um ástæðuna fyrir þessu, en ég hygg þó, að flestum liggi hún ljós fyrir, þar sem hjá því verður ekki komizt að viðurkenna, að við höfum því miður orðið fyrir verulegu verðfalli á erlendum markaði á framleiðsluvörum sjávarafurða, og einnig hefur verið um minnkandi aflamagn að ræða nú hin tvö síðari ár. Þetta hvort tveggja hlýtur að sjálfsögðu að leiða til þess að skapa þessari atvinnugrein mikla örðugleika, og þegar

þannig er komið, hlýtur að koma að því, að allróttækar ráðstafanir verður að gera, ef sjávarútvegur og fiskframleiðsla á að geta haldið áfram með nokkuð eðlilegum hætti. Ég hygg, að um það atriði greini menn ekki mikið á, heldur sé ágreiningurinn aðallega og kannske eingöngu um, hvaða leiðir eigi að fara til úrbóta í þessu sambandi.

Sú ákvörðun, sem nú hefur verið tekin um að breyta gengi íslenzku krónunnar, hefur verið rædd hér ýtarlega á þingi í dag í umr. um það frv., sem hér liggur fyrir, og stjórnarandstaðan hefur talið, að sú leið væri ekki sú heppilegasta eða réttasta, sem átt hefði að fara. Vissulega komu til athugunar fleiri leiðir heldur en gengisfellingin. Var þar um að ræða þá leið, sem oft hefur verið farin áður, þ. e. uppbætur án gengisfellingar. Einnig hygg ég, að athugaðir hafi verið allir milliliðir, uppbætur með minni gengisfellingu, og einnig sú leið, sem nokkuð hefur verið rædd, niðurfærsluleið og uppbætur og bein kaupskerðing. Mönnum getur að sjálfsögðu sýnzt sitt hvað um þessar leiðir. A. m. k. tvær þeirra hafa verið reyndar áður, og ég hygg, að flestir séu nú sammála um það, að uppbætur í jafnstórum stíl og hér hefði þurft með, hefði ekki verið heppilegri leið heldur en gengisfelling. Ég hygg, að margir telji, að sú leið, sem valin hefur verið, muni frekar verða til þess að örva atvinnulífið í landinu heldur en ef farin hefði verið sú leið að halda sjávarútvegi og fiskvinnslu gangandi eftir einhvers konar uppbótakerfi. Það hefur komið hér fram hjá hv. Alþ., og reyndar mun það öllum ljóst, að í framtíðinni hlýtur að koma til þess, að sjá verður því vinnuafli, sem árlega kemur á markaðinn í vaxandi mæli, fyrir atvinnu, og ég hygg, að öllum sé orðið ljóst, að þær tvær aðalatvinnugreinar, sem nú eru í sambandi við útflutning, aðallega sjávarútvegur og landbúnaður einnig að nokkru, þessar tvær atvinnugreinar munu ekki verða til þess að taka við öllu því vinnuafli, sem á markaðinn kemur næstu árin. Ef gengisbreyting sú, sem nú hefur verið ákveðin, getur orðið til þess að örva nýjar atvinnugreinar, hvort heldur er í sambandi við frekari úrvinnslu á sjávarafurðum eða iðnað, þá verður að telja, að þar sé stefnt í rétta átt, því að það eitt getur orðið til þess að forðast atvinnuleysi hér í framtíðinni. Reynslan verður að sjálfsögðu að skera úr um það, hvort þetta tekst eins og til er ætlazt. Ég hygg þó, að allir aðilar, sem þetta hafa skoðað mest og skoðað bezt, séu sammála um það, að sú leið, sem valin hefur verið, sé líklegust til úrbóta fyrir sjávarútveg og fiskvinnslu og líklegust til úrbóta um, að hér verði sköpuð frekari atvinna og að til komi nýjar atvinnugreinar í sambandi við iðnað, sem gætu orðið að einhverju leyti undirstaðan undir gjaldeyrisöflun þjóðarinnar í framtíðinni.

Herra forseti. Eins og fram kemur í nál., leggur meiri hl. n. til, að frv. verði samþ. óbreytt.

Frsm. minni hl. (Vilhjálmur Hjálmarsson): Herra forseti. Það þarf sjálfsagt engum hv. alþm. að koma það á óvart, þó að rekið sé á eftir þessu máli hér, enda fundir í því aðeins til málamynda, ekki hægt að fá fram neinar upplýsingar á nefndarfundum o. s. frv. Það þarf sjálfsagt engum að koma það á óvart, þeim, sem fylgdust með gangi mála á þingi s. l. vetur, þó alveg keyrði um þverbak í þinglokin, þegar fleygt var inn ótal stórmálum, jafnvel málum, sem viðurkennt var af hæstv. ráðh., að hefði átt að fylgja fjárlagafrv., þegar það var fram, og þetta allt afgreitt í einni kássu í kringum páskahelgina. Það þarf engum að koma það á óvart, þó að þetta mál verði nú afgreitt á þann hátt, sem meiningin er að gera hér í kvöld.

Íslendingar standa frammi fyrir miklum vanda. Það hefur oft verið sagt í þessum umr. Hæstv. forsrh. sagði það sjálfur og lagði á það þunga áherzlu. Þær yfirlýsingar koma í framhaldi af því, sem sagt var í fréttum nú fyrir fáum kvöldum, að gjaldeyriseign þjóðarinnar væri gengin til þurrðar. Þess háttar fréttatilkynningu hefur áreiðanlega enginn heyrt fyrr í íslenzka útvarpinu frá því, að það tók til starfa. Enda hefur aldrei þurft að birta slíkar yfirlýsingar frá íslenzka ríkinu fyrr né síðar. Hæstv. forsrh. sagði, að Íslendingar hefðu aldrei á þessari öld staðið frammi fyrir öðrum eins vanda. Það er þess vegna hans mat og ríkisstj. hans, að þannig sé þessum málum komið nú í dag. Það er háttur stjórnarliða að verja sitt skinn með verðfalli á erlendum mörkuðum og aflatregðu, sem vissulega hvort tveggja er til staðar. En það tekur engu tali, og það er vonlaust fyrir hæstv. ríkisstj., að ætla að telja nokkrum heilvita manni trú um það, að með eðlilegri stjórn á hlutunum á undangengnu góðæristímabili væri svo illa komið nú þegar, þó að nokkuð hafi bjátað á um hríð. Það er ofætlan að telja nokkrum lifandi manni trú um, að það sé eðlilegt.

En menn eru sammála hæstv. ráðh. um það, að ástandið sé alvarlegt, sjálfsagt bæði alþm. og þjóðin öll. Því hefur þegar verið lýst hér, hvernig ástandið er, hvernig komið er fyrir sjávarútveginum, að jafnvel beztu fyrirtæki og þær útgerðir, sem rekið hafa toppbáta á undanförnum árum, hvernig þau nú berjast í bökkum og liggur við stöðvun hjá vinnslufyrirtækjunum mörgum hverjum. Því hefur verið lýst og það eru stöðugt að berast fréttir um það, hvernig margar greinir íslenzks iðnaðar dragast saman, og að er alllangt síðan byrjað var að segja upp fólki í ýmsum greinum. Það er og kunnugt öllum og hefur einnig verið drepið á hér, hvernig landbúnaðurinn berst í bökkum. Það sést augljóslegast á þeirri skuldasöfnun, sem þar hefur orðið og okkur er vel kunnugt um í stórum dráttum, þó að ekki hafi enn fengizt um það nákvæmar skýrslur, en unnið er að söfnun fyllri upplýsinga, eins og kunnugt er. En þannig sem sagt standa málin og það nálega hvar sem litið er í íslenzku atvinnulífi nú í dag. Og þá fylgir auðvitað með, að ástandið er einnig bágborið á öðrum sviðum. Ríkissjóður er rekinn með halla. Hann hefur yfirdregið meira en nokkru sinni í Seðlabankanum. Hann hefur og, sumpart samkv. sparnaðarfjárl., sem samþ. voru hér seint á þingi í fyrra, gert æ meira af því en áður að standa undir framkvæmdum innanlands með lántökum, og allur hagur ríkisins er þannig mjög bágborinn. Gjaldeyrisstaðan er eins og fyrr var að vikið, og atvinnuleysi er skollið á sums staðar og annars staðar fyrirsjáanlegt.

Það er stundum sagt, að það skipti ekki máli, hverjum það sé að kenna, að svo er komið í íslenzku þjóðlífi og íslenzkum efnahagsmálum. Og það má vel vera, að það sé satt að nokkru leyti. En það er a. m. k. ekki sama,

hverju það er að kenna, því ef gera skal úrbætur, hvort það er í efnahagsmálum eða á öðrum sviðum, þá þurfa menn að komast fyrir orsakirnar, áður en hægt er að búast við, að gerðar verði ráðstafanir, sem að haldi koma. Það kemur sjálfsagt mörgum á óvart, að þannig er komið nú. En ég held þó, að þeim, sem hafa fylgzt með þróuninni undir stjórn núverandi hæstv. ríkisstj., komi þetta ekkert á óvart. Við fengum að vísu margra ára góðæri og stundum alveg veltiár í útflutningsframleiðslu landsmanna. En þjóðin hefur á þessum tímum verið í mjög þýðingarmiklum atriðum forystulítil ef ekki forystulaus og þó fyrst og fremst í tveimur greinum, í tvíþættum skilningi. Annars vegar hefur skort forystu um uppbyggingu íslenzks atvinnulífs til frambúðar og hins vegar hefur *skort allar raunhæfar aðgerðir í efnahagsmálum.* Á þessum sviðum virðist mér, að forystuleysið hafi verið algert og um það vitni glöggt og einfaldlega ástandið eins og það er í dag, því eins og ég sagði í upphafi, það er engan veginn hægt að koma því heim og saman, að eftir 7 góðærisár og aðeins tvö erfið þá sé svo komið, að sjálfur hæstv. forsrh. lýsi því yfir á Alþ., að Íslendingar hafa aldrei verið verr staddir fjárhagslega á þessari öld. Þessu verður ekki komið heim og saman.

Það sé fjarri mér að gera lítið úr þeim erfiðleikum, sem verðfall á erlendum mörkuðum og minnkandi sjávarafli hafa valdið Íslendingum. Þó er ekki hægt að loka augunum fyrir því, að verð á afurðum okkar er ekki lægra nú en það hefur oft og einatt verið áður, og mikill afli er dreginn að landi, þó hann sé minni en á metárunum. *Aflabrestur og verðfall segir því aðeins* brot af sögunni. Stjórnleysið í fjárfestingarmálunum og í gjaldeyrismálunum, sú ótímabæra aðför, sem gerð var að íslenzkum iðnaði með breyttri tollalöggjöf og á fleiri vegu, og engin raunhæf forysta um alhliða uppbyggingu atvinnulífsins, þetta eru að mínum dómi stærstu þættirnir, óumdeilanlega mjög mikilvægar forsendur þess, að svo er komið sem komið er. Og það má minna á það, og það gefur líka glögga bendingu um það, hvernig stjórnin hefur verið á þessum málum öllum við núverandi forystu, að á aflaárunum, meðan allt var í toppi, hver var þá afkoma útgerðarinnar? Eins og þá aflaðist gífurlega, hefði það verið eðlilegt, að hæstu skipin hefðu skilað ofsagróða og velflestar útgerðir komið vel út. En það var ekki þannig. Það var ekki um það að ræða. Og það er hægt að leiða mörg vitni að því frá forystu hinna ýmsu atvinnustétta, hvernig atvinnuvegirnir stóðu raunverulega á ýmsum sviðum áður en fór verulega að þrengja að vegna minnkandi afla og fallandi verðlags. Og hvað var það þá á þeim árum, sem olli því, að ekki stóð með meiri blóma atvinnureksturinn heldur en var? Fyrst og fremst sú verðbólgustefna, sem ríkisstj. fylgdi þvert ofan í gefin loforð.

Þegar vinstri stjórnin fór frá, hafði hún án árangurs glímt við vandamál verðbólgunnar í landinu. Hún hafði sett sér það mark að gera í þeim málum raunhæfar aðgerðir í samráði við hinar vinnandi stéttir og þeirra samtök. Henni tókst það ekki. Hún náði ekki samstöðu um aðgerðir og þá baðst hún lausnar, eins og siður er ríkisstjórna í lýðræðislöndum og gaf kost á því að aðrir glímdu við vandann. Það var vitanlega myndað ný ríkisstj. „Viðreisnarstjórnin". Og samkv. hennar stefnuyfirlýsingum var höfuðviðfangsefni hennar, eitt af hennar stærstu viðfangsefnum að koma atvinnuvegum landsmanna á traustan og öruggan grundvöll. En síðan hafa liðið ár, og það hafa liðið heil kjörtímabil, og það hefur alltaf þokazt fjær þessu marki en ekki nær því og við höfum aldrei verið fjær því en nú í dag, á þeim degi, þegar gengi íslenzku krónunnar hefur verið fellt um nærri 35%. En framkoma þeirrar stjórnarsamsteypu, sem tók við völdum, þegar vinstri stjórnin fór frá og setið hefur æ síðan að völdum, framkoma þessarar stjórnarsamsteypu í efnahagsmálunum er í engu samræmi við lýðræðisvenjur í nálægum löndum. Ýmis stærstu áföllin, sem hent hafa þessa stjórnarsamsteypu varðandi efnahagsmálin og atvinnuvegina, hafa verið *það stór, að eðlilegt og sjálfsagt hefði verið, að ríkisstj.* legði málin í dóm þjóðarinnar þá og þá. En það gerði hún ekki. Þess í stað var setið. Og við tvennar kosningar hefur öllum blaðakosti stjórnarflokkanna — og blaðakostur Sjálfstfl. er eins og kunnugt er margfaldur á við aðra flokka — öllum blaðakosti flokkanna og útvarpinu eftir því, sem fært var, yfirleitt öllum ráðum var beitt til þess að blekkja og reyna að dylja fyrir þjóðinni, hvernig ástatt hefur verið. Og þetta hefur tekizt í tvennum kosningum. Einkum er sú blekkingarsaga ljót í síðustu alþingiskosningum, vegna þess að þá sáu allir sjáandi menn, hversu komið var. En einnig þá var reynt með öllum tiltækum ráðum að leyna sannleikanum fyrir kjósendum. Og það er mikið hægt að gera með nútímatækni á þessu sviði, eins og á svo mörgum öðrum.

Síðan síðustu kosningar fóru fram, hefur raunverulega ekkert óvænt gerzt í efnahagsmálum þjóðarinnar, heldur hefur orðið framhald á þeirri þróun, sem þá var byrjuð og að verulegu leyti a. m. k. fyrirsjáanleg. En nær allt árið eftir kosningarnar og raunar allt fram á þennan dag hefur hver vandræðaráðstöfunin rekið aðra hjá hæstv. ríkisstj. Sá loddaraleikur, sem þessi hæstv. ríkisstj. hefur löngum leikið, hefur að mínu viti náð hámarki sínu á síðustu vikunum eða frá því í haust, að núverandi stjórnarflokkar boðuðu aðra stjórnmálaflokka til viðræðna um vandamálin og um hugsanlegt samstarf um lausn þeirra. Þær viðræður byrjuðu raunverulega með því, að ríkisstj. skellti á 20% innflutningsgjaldinu. Aftur á móti hafði hún ekki fyrirliggjandi neinar nothæfar upplýsingar um ástandið, hvernig það var, og að mati ríkisstj. sjálfrar mundi það taka hálfan til heilan mánuð að afla nauðsynlegra upplýsinga, sem og reyndist. Hvað höfðu hæstv. ráðh. fyrir stafni í sumar, meðan óðfluga stefndi að því, sem nú er komið fram, svo nauðsynlegt, að þeir ekki gætu látið undirbúa og hafa tiltækar nauðsynlegar upplýsingar til þess að vinna úr þegar í haust? Það er svo margt, sem fram hefur komið á þessum síðustu vikum, sem vekur furðu manna, að það yrði of langt að rekja það allt saman, en nefna má dæmi. Það var einhvern tíma snemma á þessu tímabili, sem Sjálfstfl. hélt sinn stórráðsfund hér í Reykjavík, og sá fundur samþykkti margt um nauðsyn þess að breikka grundvöllinn og fól sínum forystumönnum að halda áfram viðtölum og vottaði þeim traust til þeirra hluta. Nokkru síðar heldur Alþfl., hinn stjórnarflokkurinn, flokksþing sitt og birtir

langa stjórnmálaályktun eins og venja er á flokksþingum. En í stjórnmálaályktun flokksins kom ekki fram einn stafkrókur um viðræðurnar. Aftur á móti er tekið þar fram með fögrum orðum, hversu ánægjulegt og árangursríkt samstarf stjórnarflokkanna hafi orðið á undangengnum árum og hversu mikil nauðsyn það sé fyrir Alþfl. og alla alþýðu manna í þessu landi, að það samstarf geti haldið áfram. Þar með var raunverulega annar stjórnarflokkurinn búinn að stöðva þær viðræður, sem fram höfðu farið, því að það er varla hugsanlegt, ef sá flokkur, þm. hans, hefðu hugsað sér að halda áfram viðræðum í alvöru um samstarf á breiðari grundvelli, þá hefði ekki eitthvað verið vikið að þeim málum í ályktum flokksþingsins. Samt er málamyndaviðræðum haldið áfram. Nei, svona virðist þetta hafa verið, allt einn loddaraleikur frá upphafi vega. Og eftir því, sem ég bezt fæ séð, hafa raunverulega engar samningsumleitanir um samstarf á breiðari grundvelli átt sér stað. Eftir að loksins var búið að safna þeim upplýsingum, sem bæði stjórnarliðar og stjórnarandstæðingar töldu nauðsynlegan grundvöll undir frekari samningaviðræður, þá voru tiltölulega mjög fáir fundir haldnir og mjög stuttir. Ég hef áður, og oftar en einu sinni, haft tækifæri til þess að fylgjast með því, þegar samið hefur verið um stjórnarmyndanir á milli flokka. Þau vinnubrögð, sem þá voru viðhöfð, voru með allt öðrum hætti heldur en þau, sem nú áttu sér stað. Enda er það, eins og ég hef þegar tekið fram, augljóst orðið, að stjórnarflokkarnir hafa aldrei meint neitt með þessum viðræðum. Þegar það fréttist út um land, að stuðningsflokkar núv. ríkisstj. hefðu óskað eftir viðræðum um samstarf og stjórnarmyndun við fulltrúa frá öðrum stjórnmálaflokkum, þá tóku menn þeirri frétt með ýmsu móti. Ýmsir töldu, að þetta væru tilgangslausar viðræður þar sem svo mikið bæri á milli. En þeir voru líka margir, sem tóku þessu sem merki um það, að nú vildu stjórnarflokkarnir raunverulega endurskoða sína stefnu og þá um leið freista þess að fá, á alvarlegum tímum, samstarf við aðra flokka, samstarf á breiðari grundvelli en áður um lausn vandamálanna. En þeir, sem þannig hugsuðu, hafa sjálfsagt orðið fyrir vonbrigðum nú, þegar það er komið í ljós, að meiningin hefur aldrei verið önnur en sú, að vinna tíma, fá örlítið meira næði til þess að undirbúa nýjar ráðstafanir, en í nákvæmlega sama forminu og áður. Það hefur sem sagt komið í ljós, að ríkisstj. hefur enn ekkert lært af mistökum sínum. Hún hefur verið einráð í 10 ár og löngum í einhverju mesta góðæri í útflutningsframleiðslu, sem hér hefur komið. Hún hefur raunverulega alveg ráðið stefnunni. Það er ekki vitað til, að verulegur ágreiningur hafi verið milli stjórnarflokkanna á undangengnum árum. Og stjórnin hafði það rífan meiri hl. á Alþ., að hún þurfti um ekkert að sækja til stjórnarandstæðinga til þess að koma fram sínum málum. Og það var löngum tiltölulega betri starfsfriður en oft áður, og það byggðist náttúrlega m. a. á því, að gott var í ári. En það er sama, það er engin stefnubreyting sjáanleg. Það eru sömu úrræðin, fjórða gengisfellingin og sú stærsta og væntanlega sömu hliðarráðstafanir, a. m. k. hefur hæstv. ríkisstj. ekki enn boðað neinar nýjungar að því leyti. Það er þess vegna útilokað að reikna með því, að núv. hæstv. ríkisstj. njóti lengur þess trausts og þess álits meðal þjóðarinnar, sem nauðsynlegt er hverri ríkisstj. og ekki sízt á alvarlegum og erfiðum tímum. Undir svona kringumstæðum hefði stjórnin auðvitað átt að gera það eitt að leggja málin undir dóm þjóðarinnar. Síðar hefði mátt vænta þess, að freistað hefði verið að leysa vandann á breiðari grunni en verið hefur nú um sinn, e. t. v. undir nýrri forystu, en þó fyrst og fremst, að leitað hefði verið nýrra úrræða.

Það þyrfti langan tíma til þess, ef rekja ætti öll afglöp þessarar ríkisstj. í efnahagsmálum og greina frá ringulreiðinni, eins og hún hefur verið, og það verður ekki gert hér. En ég vil aðeins minna á það, hvernig þetta hefur gengið til síðustu 12 mánuðina. Þeir skera alveg úr um þetta. Þá hefur ringulreiðin komizt á hærra stig og hraðinn orðið meiri en nokkru sinni áður. Í október í fyrra kom fram efnahagsfrv. Það var rætt hér og rætt af töluverðri hörku á þinginu þá og varð raunar aldrei komið í gegn, þegar Bretar felldu gengið, og ríkisstj. gat þar fengið sér nokkra afsökun í því að fella einnig gengi íslenzkrar krónu. Og það var gert og okkur var sagt, að það hefði verið gert að vandlega athuguðu máli og eftir vandlegan undirbúning, enda tók það viku að koma gengisbreytingunni í kring, en aðrar þjóðir, sem breyttu gengi síns gjaldeyris, eftir að Bretar felldu pundið, komu því í verk á örstuttum tíma. Síðan fóru þm. heim í jólaleyfi, og strax þegar komið var til þings aftur, var gengislækkunin orðin ónóg að dómi ríkisstj., og voru gerðar viðbótarráðstafanir í janúar vegna útgerðarinnar. Síðan ráku aðgerðirnar hver aðra. Mánaðarlega komu fram ný og ný vandræðafrv. frá hæstv. ríkisstj. allan veturinn: Málamyndasparnaður á fjárl., hækkun á vegaskatti, nýr skattur vegna vátrygginga fiskibáta, og svo þegar sumraði nýjar aðgerðir vegna síldveiðanna. Síðan byrjar á þessu hausti svipuð saga og í fyrra. Núna kemur 20% gjaldið á sama tíma og „efnahagsfrumvarpið" þá og svo gengislækkunin áður en ár er liðið frá þeirri síðustu, aðeins allt í stærri og stærri skömmtum. Það verður aldrei nógsamlega undirstrikað, að svona getur engin ríkisstj. í lýðræðisþjóðfélagi unnið. Hún á að leggja málin undir dóm þjóðarinnar, þegar svona er komið, og leita nýrra úrræða. Og bara þetta, þessi ringulreið, bara það eitt út af fyrir sig, að enginn veit, hvar hann stendur í fjármálalegu tilliti, hlýtur auðvitað að grafa undan öllu heilbrigðu fjármálalífi í hvaða landi sem væri, enda hygg ég, að það væri erfitt að finna fordæmi eða hliðstæðu fyrir þessari þróun í öðrum nálægum löndum og hjá þjóðum, sem eru okkur skyldar. Og alveg sérstaklega vil ég segja það, að háttalagið í haust er ljótur blettur á íslenzku stjórnarfari og sá ljótasti á lítið lánsömum ferli hæstv. ríkisstj. Þegar stjórnin gaf út sinn boðskap í haust og innflutningsskattinum var skellt á og reyndar nokkru áður, hófst kaupæði hér í höfuðborginni og kannske víðar um land. Og það er rétt, sem kom hér fram hjá einhverjum hv. þm. áður í dag, að menn hafa haft tvo til þrjá mánuði til umráða, þeir, sem einhver fjárráð höfðu, til þess að gera sínar ráðstafanir. Á þessum tíma hefur sparifé flætt út úr bönkunum í stríðara straumi en nokkru sinni áður og í síharðnandi straumi, því að aldrei mun það hafa verið meira en síðustu vikurnar og síðustu dagana. Menn hafa gert allt, sem þeim var unnt, til þess að klófesta á

einhvern hátt lánsfé til þess að eignast eitthvað, sem menn töldu að hefði varanlegra gildi en peningarnir. Verzlanir, sem selja tiltölulega dýra hluti, hafa keppzt við að auglýsa góð afborgunarkjör og sumar tekið upp alveg ný kerfi til þess að ýta sem mest undir söluna, í því trausti, að menn þá síðan mundu, þó að erfiðlega gengi, reyna að standa í skilum. En það mun nú þeirra reynsla, sem þannig verzla, að það geri menn í lengstu lög. Nú, á sama tíma hefur svo að sjálfsögðu, eins og hefur verið margtekið fram, gjaldeyririnn flætt út úr bönkunum og út úr landinu, þangað til hún kom, hin einstæða yfirlýsing, að gjaldeyriseign þjóðarinnar væri með öllu til þurrðar gengin.

Þetta er ljót saga, ég endurtek það, og þannig er hvergi unnið í víðri veröld, að hafa þannig undirbúningstímabil undir gengislækkanir og önnur slík bjargræði í efnahagsmálum, ég held, að það sé hvergi gert. Og það er nokkurt vorkunnarmál, þótt maður heyri stundum að því spurt, hvort þetta hafi verið með vilja gert hjá hæstv. ríkisstj.

En samhliða þessari alröngu stefnu í efnahagsmálum þjóðarinnar kemur svo það, sem ég nefndi áðan, vanmat hæstv. ríkisstj. á innlendri framleiðslu og innlendu framtaki og vanræksla hennar við að stuðla að uppbyggingu og endurnýjun innlendra bjargræðisvega. Þetta ásamt alrangri stefnu í efnahagsmálum að öðru leyti álít ég vera stærstu syndir hæstv. ríkisstj. Á fjölmörgum sviðum hefur stjórnarstefnan verið íslenzkum atvinnuvegum fjötur um fót. Það er svo margt, sem þar má til nefna fleira en það almenna, þ. e. verðbólguþróunina, sjálfa verðbólgustefnuna. Það hefur oft og mörgum sinnum og ár eftir ár verið rætt um vaxtaokrið. Þegar ríkisstj. hækkaði vextina, var það gert svo hressilega, að hún þurfti um leið að breyta lögum um okur. Það þurfti að breyta lögum um okur, sem höfðu verið í gildi árum saman, til þess að það væri hægt að framkvæma vaxtahækkunarpólitík ríkisstj. Og það var þá auðvitað gert. Maður hefur stundum séð útreikninga frá hálfu stjórnarliðsins um vextina, útreikninga, sem eiga að sýna fram á það, að vextirnir séu svo lítill hluti í rekstrarkostnaði atvinnuveganna, að þeir skipti þar engu meginmáli. En sannleikurinn er sá, að slíkir útreikningar eru meira og minna falskir, vegna þess að vextirnir hafa áhrif í gegnum svo margt og margt. Það eru ekki aðeins vextir af beinum lánum til atvinnuveganna sjálfra, af stofnlánum þeirra og af rekstrarlánum, sem þar koma til greina, heldur verka háir vextir til ógagns fyrir framleiðsluna eftir mörgum hliðarleiðum. Vaxtaokrið grípur alls staðar inn í. Rekstrarvörurnar hækka fyrir það og öll þjónusta. Það er augljóst mál, þegar nánar er að gætt.

Þá hefur einnig hér, eins og svo oft áður, verið á það minnzt, hvernig haldið hefur verið á lánamálum atvinnuveganna, rekstrarlánum þeirra og raunar stofnlánum líka í mörgum greinum. Hvernig halda menn, að það hafi verið fyrir landbúnaðinn t. d. og fyrirtæki hans að búa við það, að rekstrarlán væru óbreytt að krónutölu árum saman frá 1958, á sama tíma og allur tilkostnaður stórhækkaði, dýrtíðin bókstaflega flæddi yfir á öllum sviðum? En þetta var það, sem var gert, og alveg sama gildir auðvitað um annan atvinnurekstur, að ónóg rekstrarlán eru ævinlega fjötur um fót. Það hefur sannarlega ekki verið við lamb að leika sér, t. d. fyrir þá, sem útgerð stunda, að koma bátum sínum á flot og búa þá á þann hátt til þess, að þeir gætu hafið veiðar með eðlilegum hætti.

Það hefur verið bent á margs konar ringulreið og stjórnleysi. Það hefur verið minnt á olíudreifinguna, sem er á höndum þriggja aðila hér í þessu fámenna landi og hlýtur því að vera óhagkvæm. Og vátryggingar fiskiskipa hafa líka verið nefndar hér til. En það er vissulega margt og margt fleira. Það hefur t. d. áreiðanlega bakað íslenzkum útvegi mikla erfiðleika, að ekki hefur verið neitt gert til þess, að skipasmíðastöðvarnar gætu haft næg verkefni og eðlileg verkefni með því að gera þeim mögulegt að vinna að byggingu nýrra fiskiskipa. Um árabil hafa þau nálega öll verið byggð utanlands. Og af þessu leiðir það, að verkefni hefur oft og tíðum skort hjá þessum stöðvum á þeim tíma, þegar ekki er unnið að viðhaldi skipanna, með þeim afleiðingum að sjálfsögðu, að rekstur þeirra allur hefur orðið fyrir það óhagkvæmari og erfiðari en ella.

Þannig mætti lengi rekja hér fjölmörg atriði, sem sýna það, hversu stjórnarstefnan hefur vanmetið íslenzkan atvinnurekstur, sýna það, að á þessum árum hefur ekki verið sérstaklega mulið undir íslenzka atvinnuvegi, hvorki útveg eða landbúnað. Og ekki er iðnaðurinn bezt leikinn. Það er fásinna að halda það, þó að hér hafi verið rekinn ýmis iðnaður um áraskeið, að íslenzkur iðnaður sé nú í dag kominn á það stig, að hann geti keppt við háþróaðan iðnað milljónaþjóða. Það er fásinna.

Eins og ég hef komið að áður, hefur, til viðbótar við það, algerlega lagzt undir höfuð að fullnægja því meginloforði þessarar stjórnarsamsteypu, sem gefið var, þegar hún tók við völdum, að koma atvinnuvegunum á traustan rekstrargrundvöll. Til viðbótar við það hefur svo vantað raunverulega forystu frá hæstv. ríkisstj. um uppbygginguna. Við eigum nú engan nýtízku togara. Við áttum þá á sinni tíð, skip, sem þá hentuðu vel. En það er eins og stjórnarvöld hafi álitið það, að upp á þá atvinnugrein þyrfti ekki framar neitt að púkka. Og það hefur ekkert teljandi átak verið gert af hálfu stjórnarvalda til þess að greiða fyrir endurnýjun og að koma á hagkvæmari rekstri hinna ýmsu vinnslustöðva, sem vinna úr innlendum hráefnum. Það hefur engin forysta verið höfð um þetta af hálfu ríkisvaldsins. En hvort sem litið er á iðnað, sem vinnur úr hráefnum landbúnaðarins eða sjávarútvegsins, þá eru þau fyrirtæki velflest byggð upp fyrir tveim til þrem áratugum, oft án teljandi reynslu. Og það er engin von til þess, að ekki þurfi að gera stórátak til þess að endurbyggja þau og auka hagræðingu í rekstri þeirra. En forystu í þeim efnum hefur skort.

Hæstv. ríkisstj. hefur stært sig af því að hafa komið hér á erlendri stóriðju. Það er kunnugt, að við samninga um þá hluti voru hinum erlendu aðilum gefin loforð um fríðindi, um lægra rafmagnsverð o. fl., fríðindi, sem innlendir aðilar áttu ekki kost á. Og það er einnig kunnugt, að í þeim samningum eru ákvæði um málsmeðferð þannig, að slík þekkjast ekki í hliðstæðum samningum sömu hringa við aðrar þjóðir. Annars ætla ég ekki að fara að ræða hér stóriðjumál. Við þurfum að sjálfsögðu á erlendu fjármagni að halda til að byggja

upp okkar atvinnuvegi, eins og við höfum raunar alltaf gert meira og minna nú um langt árabil. En það er áreiðanlegt, að við verðum að ganga uppréttir til slíkra samninga allra og gæta þar í hvívetna hagsmuna Íslendinga. Það líður nú að því, að álbræðslan taki til starfa. Og eru þá ekki þessar áhyggjur allar óþarfar? Leysast þá ekki vandamálin, þegar álbræðslan við Straumsvík verður tekin til starfa? Verður þá ekki nóg atvinna í landinu á eftir og myndast þá ekki sjálfkrafa nýr gjaldeyrisvarasjóður o. s. frv.? Það skyldi nú vera, að það yrði svo. Ég veit, að þar fær hópur manna atvinnu og, eins og ég sagði, ég ætla ekkert að fara að ræða um þá hluti út af fyrir sig. En þetta nægir bara skammt eitt saman. Það sjá allir, hvað yfir vofir og hversu uggvænlega horfir á mörgum sviðum. Og enginn hefur lýst því með sterkari orðum en hæstv. forsrh. sjálfur. Þetta er sem sé ekki nóg.

Nei, það er dýrt að hafa við völd í áratug stjórnarsamsteypu með alranga efnahagsmálastefnu, stjórn, sem hefur vikizt undan því að hafa forystu um uppbyggingu íslenzks atvinnulífs.

Það hefur mörgum virzt, að núv. hæstv. ríkisstj. byggði stefnu sína í efnahagsmálum allt of mikið og gagnrýnislaust á erlendum kennisetningum og hagfræðiformúlum. Ég hef heyrt sögu um mann einn, sem hér var uppi fyrir nokkrum árum. Hann var maður fjöllesinn og fróður og vissi margt og reyndi að tileinka sér allt það, sem hann sá og heyrði. Viljann vantaði ekki, en skilningurinn var takmarkaður. Hann var bóndi, þessi maður. Hann hafði séð í Búnaðarritinu ráðleggingar ráðunauta um það, hvernig fóðra ætti búfé, og hann tók upp þá fóðrun. Hann fóðraði nákvæmlega eftir töflunni. Nú, það bar ekkert til tíðinda framan af. En undir vorið fóru ærnar að verða þunnar og einhverjar geispuðu golunni, þegar fór að nálgast sauðburð. Og menn fóru að athuga málið. Hinn fjöllesni maður bar fyrir sig bókstafinn, töfluna. Það var farið að skoða töfluna, en það var þá í henni prentvilla, ærnar höfðu sem sagt drepizt úr prentvillu. En það er nú bara, að það hafi ekki verið prentvilla í þeirri uppskrift að aðgerðum í efnahagsmálum, sem hæstv. ríkisstj. hefur farið svo dyggilega eftir og er ákveðin í að fara eftir áfram, hvað sem tautar og raular? Þetta frv., sem hér liggur fyrir, segir út af fyrir sig lítið. Þar er að mestu fylgt þeim venjulegu formum, sem notuð eru, þegar gengislækkun hefur átt sér stað. Þó eru þar atriði, sem kunna að þurfa nánari athugunar við. En eins og ég gat um áðan, var ekki hægt á nefndarfundi að fá neinar nánari upplýsingar um málið, en það má vera, að hægt verði að skoða einhver þessara atriða nánar á milli umræðna. En það er óhjákvæmilegt, að reyna að gera sér nokkra grein fyrir því, af hvaða rótum ráðstafanir hv. ríkisstjórnar eru runnar og hverjar orsakir eru til þess, að svo er komið sem komið er.

Mér þóttu ræður hæstv. ráðh. beggja, sem töluðu hér, þegar þetta frv. var lagt fram hér í dag, næsta merkilegar, og þó hvor á sinn hátt. Hæstv. forsrh. bað um gott veður. Hann hét á menn að ganga nú til samstarfs við ríkisstj. Maður hefur heyrt áður þann tón frá hæstv. forsrh. og ekki sízt um áramót og á hátíðum og tyllidögum. En í framkvæmdinni virðist hann ekki hafa mikinn hug á því að laða til samstarfs stjórnarlið og stjórnarandstöðu, heldur að knýja fram sín sjónarmið af lítilli tillitssemi í krafti meirihlutavalds.

Hæstv. viðskmrh. talaði hér fyrir sinn flokk, enda er hann formaður Alþýðuflokksins. Það var óhugnanlegt að heyra þá ræðu frá formanni Alþfl., sem einu sinni var flokkur hinna lægst launuðu í þjóðfélaginu. Hv. ráðherra kynnti fjórðu gengisfellinguna, boðaði óbreytta stefnu, og klykkti svo út með því, að þetta væri áreiðanlega það bezta, sem hægt væri að gera fyrir þá lægst launuðu! Já, hæstv. forsrh. bað um samstarf. Það má ekki taka upp stjórn á fjárfestingarmálum. Gjaldeyriseyðslan verður að vera hömlulaus áfram, nema að svo miklu leyti sem neyðin dregur úr eyðslu þeirra fátækustu, þegar fram í sækir. Og línun á vaxtaokri eða breyting á lánastefnu til atvinnuveganna kemur heldur ekki til greina. Innlendan iðnað má helzt ekki styðja. Ef hann ekki getur borið sig án stuðnings, á hann ekki rétt á sér. Ég held þess vegna, að það verði stutt í samstarfi ríkisstj. og stjórnarandstöðu um þetta mál, eins og nú er komið, eftir að stjórnarflokkarnir hafa haldið uppi fölskum viðræðum í tvo mánuði og eftir að það er komið berlega í ljós, að þeir eru gersamlega lokaðir fyrir breyttri stefnu.

Þetta frv. verður áreiðanlega samþ. Ríkisstj. hefur vafalaust tryggan þingmeirihluta fyrir því, þó að e. t. v. hafi ekki allt stjórnarliðið verið sammála um málið í upphafi. Nú, það segja ýmsir, að þegar svo er komið sem nú, þá sé gengislækkun raunverulega ekki annað en það, að menn viðurkenni staðreyndir, viðurkenni það, sem orðið er. En það er nokkurn veginn víst, það sýnir okkur reynslan frá löngu árabili, að með óbreyttri stefnu sækir enn í sama farið. Það var sagt hér í fyrra við umræður um gengislækkunina þá, að ef ríkisstj. breytti ekki stefnu sinni, væri hún þegar byrjuð að safna í nýja gengislækkun. Sú spá er nú orðin augljós staðreynd.

Ég held hins vegar, og ég er ekki í nokkrum vafa um það, að Ísland er nú, eins og það hefur áður verið, land möguleikanna, og það er hægt að búa vel í þessu landi, ef skynsamlega er á málum haldið og tekizt á við erfiðleika, hvort sem þeir mæta mönnum úti í náttúrunni eða í stjórnarsölum. En það verður ekki gert nema með nýrri stefnu. Við getum ekki, það er reynslan búin að sýna, við getum ekki rekið okkar þjóðfélag án þess að hafa stjórn á fjárfestingarmálum og peningamálum yfirleitt sem og gjaldeyriseyðslu. Og við verðum að ganga í það að létta byrðum af atvinnurekstrinum, eftir því sem mögulegt er og með ýmsu móti, eins og hér hefur aðeins verið vikið að. Það verður vafalaust að horfast í augu við það, nú eða alveg á næstunni, að ganga til uppgjörs í skuldamálum atvinnuveganna, bæði til lands og sjávar. Það verður að ganga til uppgjörs og nákvæmrar athugunar á þeim málum. Og þá er það einnig eðlilegt, að athugað verði um eignir, gerð verði eignakönnun og á þann hátt reynt að gera sér grein fyrir því, hvar arður hinna góðu ára hefur saman safnast. Það verður óhjákvæmilegt að ganga til gagngerðra aðgerða í ríkiskerfinu. Það er í sjálfu sér svo augljóst mál, að um það þarf ekki að fara mörgum orðum, að þjóð eins og Íslendingar, sem ekki telur nema 200 þúsund manns, hlýtur að verða að sýna aðgát, og það mikla aðgát, í byggingu síns stjórnkerfis og gæta ýtrustu hagsýni við margháttaða þjónustustarfsemi, sem rekin

er í sérhverju nútímaþjóðfélagi. Það hlýtur að vera miklu meiri vandi á höndum fyrir svo fámenna þjóð að fara með sín efnahagsmál heldur en þær þjóðir, sem telja tugmilljónir og að mörgu leyti standa á gömlum merg með sína atvinnuvegi og með sinn iðnað og markaðsmál o. fl. o. fl. Við höfum ekki — og þar eigum við kannske allir hlut að máli að meira eða minna leyti – við höfum ekki á undangengnu árabili sýnt nægilega aðgát í þessum efnum og það er ekki hugsanlegt annað en að að því komi, að við verðum að gera það. Við þolum ekki þunga yfirbyggingu í þessu fámenna þjóðfélagi. Og það mun einnig sýna sig, að eins og kringumstæður eru hér hjá okkur, þá getum við ekki haldið uppi stórum hópi manna, sem hefur aðstöðu til að sópa að sér fjármunum og eyða þeim í óhófi, en slíkrar þróunar hefir gætt í vaxandi mæli í þjóðfélagi okkar um árabil. Það verður að horfast í augu við þennan vanda, það er áreiðanlega enginn barnaleikur, eins og hæstv. ráðh. oft lýsa, að skera niður ríkisútgjöld, það er enginn hægðarleikur, því að víða er þá komið nærri því, sem kalla mætti þjónustu og snertir fjölda manna, en enginn vafi er þó á því, að þetta er hægt og þó er enn þá augljósara, að það verður að gera þetta að vissu marki.

Það verður einnig að ganga til þess og vinna að því á skipulegan hátt og markvíst að efla atvinnulíf í þeim byggðarlögum, sem höllustum fæti standa; samtímis því, sem gerð verði stórátök til þess, að atvinnutækin almennt séu endurnýjuð og að byggðar séu upp nýjar starfsgreinar. Það er vissulega hægt að útfæra þetta allt miklu nánar. Og þó að ég ekki geri það nú, þá verður það vafalaust gert síðar. En það hlýtur a. m. k. alltaf að verða meginstefnan og það, sem aldrei má víkja frá að keppa að því að næg atvinna sé fyrir alla landsmenn, og að allir þegnar þjóðfélagsins búi við lífvænleg kjör. Starfslausar hendur eru í senn einhver mesta sóun og eitthvert versta böl, sem hent getur eitt þjófélag. Það á alls staðar við, en þó kannske hvergi fremur en þar sem þjóðfélagið er smávaxið og þegnarnir fáir. Og ég vil líka segja það, að Íslendingar standa á það háu menningarstigi, að skortur og eymd fleiri eða færri einstaklinga, slíkt ástand í því landi allsnægta, sem Ísland vissulega er, þegar á allt er litið, það verður ekki þolað hér til lengdar. Það er útilokað.

Gengi ísl. kr. hefur ennþá verið fellt, erlendur gjaldeyrir hækkaður um hvorki meira né minna en 54,4%, en gengið lækkað um nær 35%, og dollarinn er nú kominn upp í 88 kr. Þjóðin veit vel, hvað kemur á eftir svona ráðstöfunum, hún veit það vel af reynslu undangenginna ára. Það koma og fyrr en varir nýjar og stórfelldar hækkanir, ný dýrtíðarskriða skellur yfir landsfólkið. Menn geta sjálfsagt ekki sagt um það með vissu, hversu miklar hækkanirnar verða almennt, en það er álitið, að í heild verði kjaraskerðing ekki undir 20%, en hækkanir einstakra vara verði allt að 50%. Og það er ætlazt til þess af hálfu ríkisstj., að þessar hækkanir taki menn á sig með litlum bótum. Ég vil taka undir það, sem fram kom hér hjá síðasta ræðumanni við 1. umr., hv. 2. landsk. þm., að þetta er eitt af því, sem ekki er hægt, og ég held, að hæstv. ríkisstj. ætti að hugsa sig vel um, áður en hún heldur lengra. Því að enn þá á hún eftir að leggja hér fram mörg mál, og hún getur vel gefið sér tíma til þess að hugsa sig aðeins um. Hún gerði það í fyrra. Ef ég man rétt, var hún að tína fram fylgifrv. með gengislækkuninni í margar vikur. Þetta frv., sem hér liggur fyrir, er sem sagt aðeins fyrsta mál ríkisstj. í sambandi við þá gengislækkun, sem nú hefur verið gerð. Þetta mál verður áreiðanlega knúið hér fram og síðan hvert af öðru. Og eftir því, sem okkur hefur verið boðað, situr svo allt í sama farinu og áður, allt verður framkvæmt með óbreyttri stjórnarstefnu. Minni hluti fjhn. er á móti þessum aðferðum og á móti þessari stjórnarstefnu og leggur til, að þetta frv. verði fellt.

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. Í framsöguræðu sinni með þessu frv. í fundarbyrjun í dag lét hæstv. forsrh. svo um mælt, að þjóðin hefði orðið fyrir meiri áföllum en nútímamenn hefðu áður kynnzt. Þar átti hann við þá lækkun, sem orðið hefur á tekjum þjóðarinnar fyrir útfluttar vörur. Þetta hafa þeir endurtekið æ ofan í æ, hæstv. ráðh. og aðrir forystumenn stjórnarflokkanna, og látið málgögn flokka sinna flytja þennan boðskap. En þessi boðskapur er rangur. Það er að vísu rétt, að árið 1967 var verðmæti útfluttrar vöru hér frá landinu allmiklu minna heldur en 1966, en þá var það líka meira en nokkru sinni áður. Það var algjört metár. 1967 var útflutningurinn um 30% lægri í krónutölu heldur en árið 1966. Hvernig útkoman verður á þessu ári, er ekki enn vitað, því að árið er ekki liðið. En síðustu skýrslur, sem birtar hafa verið í Hagtíðindunum, sýna innflutning og útflutning til septemberloka í ár, og í septemberlok var útflutningurinn nokkru hærri heldur en 1967. Það kemur á daginn síðar, hver hann verður, þegar árið er liðið.

En það er bara ekki rétt, að þetta séu meiri áföll heldur en þjóðin hefur áður komizt í kynni við. Árið 1929 voru útfluttar vörur frá Íslandi fyrir 74 millj. kr. Árið 1930 lækkaði útflutningurinn niður í 60 millj. Það var 19% lækkun á einu ári. En meira átti eftir að koma. Árið 1931 fór útflutningurinn niður í 48 millj. Var þá 35% lægri heldur en 1929. Og árið 1932 var útflutningurinn enn 48 millj. eða 35% lægri heldur en 1929. Annað árið í röð. 1933 var útflutningurinn 52 millj. eða 30% lægri heldur en 1929. Þannig var þetta þá. Þrjú ár í röð var útflutningurinn 30—35% lægri á árunum upp úr 1930 heldur en hann var 1929. Þarna var um miklu meiri skerðingu á útflutningstekjum þjóðarinnar að ræða, heldur en nú hefur orðið, miklu meiri. En það var önnur stjórnarstefna hér þá og önnur ríkisstj. Þá var þessum vanda mætt með margs konar ráðstöfunum. Á þeim árum og þeim, sem á eftir fóru. Þá var t. d. lagður grundvöllur að hraðfrystiiðnaðinum hér á landi, sem hefur verið helzta stoðin í okkar atvinnulífi nú um lagt skeið. Ég vildi aðeins benda á þetta til að sýna fram á það, að þarna fara stjórnarflokkarnir með rangt mál, eins og á mörgum fleiri sviðum.

Nú er ný gengislækkun skollin yfir. Einn bandarískur dollar kostar nú 88 ísl. kr. Þetta er fjórða gengislækkunin á valdatíma núv. ríkisstj. Sú fyrsta var í upphafi stjórnartímabilsins í febr. 1960, þá lækkuðu þeir gengi krónunnar mjög mikið og þá ákváðu þeir gengi á Bandaríkjadollar 38 kr. En núna 88 kr. Í grg. með frv. stjórnarinnar um efnahagsmál í febr. 1960 segir stjórnin, að hún telji það höfuðverkefni sitt að koma at-

vinnulífi þjóðarinnar á traustan og heilbrigðan grundvöll. Stjórnin boðaði nýja stefnu og sagði, að það væri megintilgangur þeirrar stefnubreytingar, sem ríkisstj. legði til, að framleiðslustörfum og viðskiptalífi landsmanna væri skapaður traustari, varanlegri og heilbrigðari grundvöllur en atvinnuvegirnir hefðu átt við að búa undanfarin ár. Þannig hljóðaði þetta þá. Síðan hafa þeir fellt gengið þrisvar og svo þess á milli stöðugt verið að gera ráðstafanir til að greiða uppbætur á útflutning. Og alltaf hefur þetta verið túlkað á sama hátt hjá þeim. Í ræðu sinni í dag um þetta mál sagði hæstv. viðskmrh., að með þessum ráðstöfunum, gengisbreytingunni og því, sem henni fylgdi, mundi færast nýtt líf í sjávarútveg og iðnað, og með þessu væri skapaður nauðsynlegur grundvöllur aðhliða uppbyggingar atvinnulífsins. Þetta ef alveg sami boðskapurinn eins og var fyrir tæpum níu árum, alveg nákvæmlega sá sami. Hann sagði, að þetta ætti að stuðla að söfnun fjár í gjaldeyrisvarasjóðinn á nýjan leik. Ég veit það ekki, hvort þeim tekst einhvers staðar að herja út lán í útlöndum og leggja eitthvað af því fyrir í bili og kalla það gjaldeyrisvarasjóð. Ég skal ekki segja um það, en skuldir þjóðarinnar við útlönd eru orðnar það geigvænlega miklar, að maður gæti haldið, að færi að þrengjast um lántökumöguleika hjá öðrum þjóðum.

Hæstv. viðskmrh. segir, að með þessu sé lagður nauðsynlegur grundvöllur alhliða uppbyggingar atvinnulífsins. Hverjir trúa þessu nú orðið, eftir þá reynslu, sem fengin er af sams konar yfirlýsingum ríkisstj. við gengisbreytingar, eða í sambandi við gengisbreytingar á liðnum árum? Hverjir verða til þess að trúa þessu? Ég held að þeim hljóti að fara fækkandi, sem trúa slíkum yfirlýsingum frá núv. ríkisstj. Og hvað skyldi verða langt þangað til þeir fara að ákveða uppbætur í einhverju formi til viðbótar við þessa miklu gengislækkun? Ég geri ráð fyrir því, að þeir grípi til þess ráðs, eins og áður, frekar en að fella gengið enn eftir einn eða tvo mánuði. Skyldi það geta dregizt fram yfir næstu áramót, að þeir setji lög um uppbótargreiðslur? Ég veit það ekki. Það kemur í ljós næstu mánuðina. Ég skal engu spá um það.

Það var sagt fyrir ári síðan, þegar gengislækkun stjórnarinnar nr. 3 var hér á ferðinni, að stjórnin mundi strax byrja að safna í nýja gengislækkun. Þetta hefur komið fram. Hún byrjaði strax að efna í nýja gengislækkun og hefur verið að því síðan, og nú er árangurinn af því starfi kominn í ljós. Hann kom í ljós í dag með hinni nýju gengisskráningu. Það er með ýmsu móti, sem stefnt er að gengislækkunum. Einn liðurinn í því starfi er það að byggja hús, íbúðarhús, handa fólki langtum dýrari heldur en þau þurfa að vera. Það hefur lengi verið svo hér eða í mörg ár, að byggingarnar hafa verið alltof dýrar, miklu dýrari heldur en þær þurfa að vera og verð þeirra hefur verið hærra en svo, að þjóðin fái undir því risið. En þegar ríkisstj. og ráðamenn Reykjavíkurborgar mynduðu félagsskap um íbúðarhúsabyggingar nú fyrir skömmu, þá fyrst komst vitleysan í algleyming. Ég gerði fyrirspurn í upphafi þings nú í haust um kostnaðinn við þessar íbúðarhúsabyggingar ríkisins og Reykjavíkurborgar, og hæstv. félmrh. svaraði þessum spurningum 23. okt. í haust. Þar kom fram, að litlar íbúðir, þriggja herbergja íbúðir, í sambýlishúsum hafa kostað um eina millj. kr. hver íbúð. Íbúð, sem var 92 ferm., kostaði 1 millj. og 16 þús. kr. og svo var flutt inn nokkuð af tilbúnum timburhúsum frá nágrannalöndum okkar. Verðið á þeim var, eftir því sem upp var gefið, 1 millj. og 370 þús. og upp í 1 millj. og 490 þús. eða rétt um 1½ millj., hús, sem var 112,2 ferm. að stærð. Og það hefur tekið upp undir ár að reisa þessi timburhús.

Hvað segja þessir menn, sem fyrir þessu standa, um það, hvað þarf sá verkamaður að hafa mikil laun, sem býr í þessum nýju íbúðum, hvað þarf hann að hafa mikil laun, til að geta risið undir þeim kostnaði sem er því samfara að búa í íbúð, sem kostar 1–1½ millj. kr.? Hafa þeir leitt hugann að þessu? Hvaða atvinnuvegur getur borgað slíkt kaup? Og hvað þarf að lækka krónuna mikið, til þess að atvinnuvegirnir, útflutningsatvinnuvegirnir, geti borgað það kaup, sem menn þurfa að hafa, til þess að geta staðið undir þessum íbúðarkostn.? Eru þeir búnir að láta reikna þetta út, láta sína sérfræðinga og reiknimaskínur finna þetta út? Er ekki þarna verið að efna til enn meiri gengisfellingar áður en langt líður? Ég gæti trúað því. Þessi íbúðarkostnaður er langtum hærri en hann þarf að vera. Það er hægt að byggja sómasamlegar íbúðir fyrir meðalfjölskyldur fyrir langtum, langtum lægri upphæðir heldur en hér er um að ræða, ef þessu er stjórnað af einhverju viti. Það hefur sýnt sig, að einstaklingar geta það. Einn alþm., sem hér á sæti í þessarri hv. d., byggði íbúðarhús fyrir sig uppi í Borgarfirði í sumar, það tók ekki nema einn mánuð að koma þessu húsi upp, og það kostaði fullfrágengið 700 þús. kr. Þetta var timburhús, smíðað í verksmiðju hér í Reykjavík. Það var þannig um það bil helmingi ódýrara heldur en innfluttu timburhúsin, sem ríkisstj. og Reykjavíkurborg fluttu til landsins.

Hvenær koma næstu ráðstafanir núv. ríkisstj. til þess að koma atvinnuvegunum á heilbrigðan grundvöll, sem þeir kalla svo? Þess verður tæplega langt að bíða. Þetta hefur alltaf hvað rekið annað, ýmist uppbætur eða gengisfellingar, og þannig mun þetta ganga, meðan núv. ríkisstj. verður við völd. Hún sagðist í febr. 1960 telja það sitt höfuðverkefni að koma atvinnulífi þjóðarinnar á traustan og heilbrigðan grundvöll. Það vita allir, hvernig henni hefur tekizt þetta á þeim árum, sem síðan eru liðin. Þannig er ástandið nú í málum atvinnuveganna, að flest atvinnufyrirtæki, a. m. k. þau fyrirtæki, sem vinna að framleiðslu á vörum til útflutnings, eru á heljarþröminni. Og erlendar skuldir þjóðarinnar hafa margfaldazt á valdatíma núv. stjórnar, munu nú vera 8—9 milljarðar króna miðað við hið fyrra gengi, en 13—14 milljarðar króna miðað við nýja gengið, sem skráð var í dag. Og ríkissjóður er rekinn með gífurlegum halla. Atvinnuleysi er skollið á víða um land. Þannig er ástandið, þrátt fyrir það, að árferði hafi verið mjög gott sum árin að undanförnu, hafi verið metaflaár, og verðið á útflutningsvörunum hærra en nokkru sinni áður. Það eru engar líkur til þess, að núv. ríkisstj. muni nú frekar en áður leysa þann vanda, sem við er að fást. Vandinn í efnahags- og atvinnumálum okkar hefur stöðugt farið vaxandi, þrátt fyrir allar gengisbreytingar og aðrar ráðstafanir núv. ríkisstj. Og hann mun enn halda áfram að aukast, meðan slíku er fram haldið. Þess vegna á stjórnin að fara, hún átti að

vera farin fyrir löngu. Það er engin von til þess, að nokkuð rætist úr í okkar málum, fyrr en hún er farin og tekizt hefur að mynda nýja stjórn. Það þarf grundvallarstefnubreytingu í málefnum þjóðarinnar, og það þarf nýja stjórn og nýjar aðferðir til þess að framkvæma hina nýju stefnu.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 67) leyfð og samþ. með 32 shlj. atkv.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Ég hef leyft mér að flytja hér litla brtt. við þetta frv. Hún er um það, að ný málsgr. bætist við 5. gr. frv., svo hljóðandi:

„Gengismismunur, sem myndast kann við kaup á gjaldeyri eftir gildistöku þessara laga vegna verksamninga við erlenda aðila, að því leyti sem verkin hafa verið unnin fyrir setningu þessara laga, skal færður á gengisreikning ríkissjóðs í Seðlabankanum, sbr. 4. gr."

Hliðstæð ákvæði við þetta voru í þeim lögum um ráðstafanir í sambandi við gengisákvörðun, sem ákveðin var, eða fyrir þeim lögum, sem sett voru hér við gengisbreytinguna 1960 og aftur 1961. En þetta ákvæði féll hins vegar niður síðast, þegar lög voru hér sett um ráðstafanir í sambandi við nýja skráningu á krónunni. Ég tel alveg nauðsynlegt að taka af öll tvímæli í þessum efnum. Þeir aðilar, sem gera verksamninga við erlenda aðila í erlendri mynt, eru raunverulega að flytja út verðmæti á svipaðan hátt og þeir eru að gera, sem framleitt hafa útflutningsvöru. Þeir, sem framleitt hafa útflutningsvöru og selja hana úr landi, eiga ekki að fá að eiga þann hagnað, sem fram kemur við gengisbreytinguna, og það er vitanlega eðlilegt, að eins fari með verktaka, sem gert hafa samninga í erlendri mynt og fram kemur gengishagnaður hjá. Það sýnist vera réttmætt, að sá gengishagnaður fari sömu leiðina og gengishagnaðurinn í hinu tilfellinu af útfluttum afurðum, renni í sama sjóðinn, sem síðan er gert ráð fyrir, að verði ráðstafað með sérstakri lagasetningu hér síðar. Það er varla ætlazt til þess, að þessir verktakar eigi að hagnast að þessu leyti á gengisbreytingunni umfram það, sem venjulegir útflytjendur eiga að gera. Ég vil sem sagt með þessari till. fá úr því skorið, hvort það sé ætlunin að láta þessa verktaka hagnast á þessari breytingu og fá þarna annan rétt heldur en t. d. þá, sem standa að því að framleiða venjulega útflutningsvöru. Ég gerði um þetta fsp. á nefndarfundi og fékk það upplýst síðar frá einum af bankastjórum Seðlabankans, að þetta ákvæði hafi að vísu ekki verið sett inn núna í l. vegna þess, að það mundi ekki vera mikið um þetta að ræða. Það skal ég að vísu ekkert um segja, hversu mikið um þetta kann að vera að ræða nú, en mér sýnist þó mjög líklegt, að Aðalverktakar, sem jafnan gera samninga við hernámsyfirvöldin suður á Keflavíkurflugvelli um allmikil verk og semja venjulega í erlendri mynt, gætu fallið undir þetta. Og ekki þykir mér ólíklegt, að einhverjir innlendir aðilar kunni að hafa samið um einhver verk í sambandi við byggingu alúmíníumverksmiðjunnar í Straumsvík á þessum grundvelli og þeir gætu á þennan hátt fengið þarna allverulegan gengishagnað, ef engin ákvæði eru sett um þetta í l. En þarna tel ég eðlilegt að hafa sama hátt á varðandi þessa aðila eins og er að finna í frv. um útflytjendur almennt.

Ég skal svo ekki tala hér frekar um þetta mál. Ég hef þegar rætt hér allýtarlega um það fyrr í dag og skal ekki lengja þessar umr. að þessu sinni. Ég hef lýst afstöðu minni til frv. Ég er andvígur málinu. Ég er andvígur þeim ráðstöfunum í efnahagsmálum, sem ríkisstj. nú hefur boðað, og þetta frv. er einn þáttur í þeirri aðgerð, en eigi að síður flyt ég þessa brtt. til þess að fá úr því skorið, hver meiningin er hjá þeim, sem að frv. standa, í þessum efnum.

ATKVGR.

Brtt. 67 tekin aftur til 3. umr.

1. gr. samþ. með 19:17 atkv.

2.–7. gr. samþ. með 20:17 atkv.

Ákvæði til bráðabirgða samþ. með 20:17 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 21:18 atkv.

Á 14. fundi í Nd., 12. nóv., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 21 shlj. atkv.

Forsrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Hv. 4. þm. Austf. bar fram brtt., sem hann tók aftur til 3. umr. Efnislega sýnist ekkert vera við þessa till. að athuga, en þetta ákvæði var á sínum tíma sett vegna varnarliðsins eða samninga við það og var ekki tekið upp í l. í fyrra, vegna þess að þá var ekki talið, að slíkir samningar væru á ferðinni, sem þýðingu hefðu í þessu sambandi og aðstæður aðrar. Nú hafa menn ekki athugað þetta til hlítar, en sjálfsagt er, að þessi heimild sé fyrir höndum og þá með hliðstæðum hætti eins og í 4. gr. frv. nú, þar sem um afurðir segir. að ríkisstj. kveði nánar á um, til hvaða afurða þetta ákvæði skuli taka, og er ákvörðun hennar þar að lútandi fullnaðarúrskurður. Þetta er því varðandi afurðirnar í höndum ríkisstj., og einstakar afurðir voru í fyrra felldar undan þessu ákvæði í framkvæmd. Till. mín er því sú, að till. hv. 4. þm. Austf. verði samþ. með þessari breytingu, að í upphafi komi: „Ríkisstj. er heimilt að ákveða, að gengismunur, sem myndast kann við kaup á gjaldeyri". Að sem sagt „Ríkisstj. er heimilt að ákveða, að" bætist framan við till. og hv. flm. till. hefur fallizt á þessa breytingu. Vonast ég til þess, að þannig verði samkomulag um málið.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 68) leyfð og samþ. með 30 shlj. atkv.

Brtt. 68 samþ. með 31 shlj. atkv.

— 67, svo breytt, samþ. með 33 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 21:18 atkv. og afgr. til Ed.

Á 11. fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 69).

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. og útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11:1 atkv.

Forsrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Frv. þetta, sem hlotið hefur samþykki hv. Nd. Alþ., er flutt vegna þeirrar gengisbreytingar, sem nú hefur verið ákveðin. Frv. fjallar um þær tæknilegu ráðstafanir, sem gera þarf vegna breytingarinnar, og hygg ég, að um engin meginatriði frumvarpsins a. m. k. sé nokkur ágreiningur út af fyrir sig, þó að menn, eins og vitað er, hafi misjafna afstöðu til sjálfrar gengisbreytingarinnar. Í öllum höfuðatriðum eru ákvæði frv. sams konar og hafa verið í fyrri lögum, þegar gengisbreyting hefur verið gerð. Það er þó nú tekið tillit til þess, að 20% gjaldið, sem lagt var á í haust, fellur niður eftir gengisbreytinguna, og þarf að samræma fyrri ákvæði framkvæmdinni nú, og fjalla nokkur ákvæði frv. um það. Eins er ákveðið í annarri greininni, að tillit skuli tekið til vissra atriða við verðlagningu í verðlagsnefnd, og er það gert í því skyni að greiða fyrir að hægt sé að kveða á um verðlagninguna tafarlaust og ekki verði bið, sem getur leitt til vandræða. Að öðru leyti hygg ég, að ákvæðin séu ekki þess eðlis, að ástæða sé til þess að fjölyrða um þau. Og eins og ég segi, að þó að menn væru skiptrar skoðunar um sjálft meginmálið í Nd. þá var ekki út af fyrir sig ágreiningur um þessi fyrirmæli, sem nú eru í frv. Um sjálft meginmálið verða innan skamms flutt frv., a. m. k. tvö; ef til vill fleiri, sem ég vona að geti komið til umræðu á Alþ. innan fárra daga, og gefst þá færi á því að ræða málin í heild.

Og þar sem ég hef lagt á það höfuðáherzlu, að þetta frv. gengi fram svo snemma, að afgreiðsla geti hafist í bönkum og í tolli strax í fyrramálið, þá sé ég ekki ástæðu til að rekja frekar málsatvik, orsakir gengisbreytingarinnar eða þann ágreining um ráðstafanir í sambandi við hana, sem mest er uppi. Ég vil þó einungis geta þess, að það er ætlun ríkisstj. að leggja fram frumvarp, sem gerir það að verkum, að verðlagsuppbót á laun umfram það, sem verður samkv. gildandi samningum hins 1. des., verði ekki greidd nema því aðeins, að nýir allsherjar samningar á milli verkalýðs eða launþega og atvinnurekenda komi til. Og ríkisstj. hyggst jafnframt beita sér fyrir, að sem fyrst hefjist viðræður um slíka samningsgerð milli verkalýðs, vinnuveitenda og fulltrúa ríkisvaldsins. Og að einnig verði efnt til samninga við bændasamtökin í því skyni að reyna að fá neytendur til að taka á ný fullan þátt í verðákvörðun á búvörum og til að tryggja, að hún sé ætíð í samræmi við almenna launaþróun í landinu. Í öllum þessum samningum verði höfuðáherzlan lögð á, að halda verðlagsþróun í skefjum og gera raunhæfar ráðstafanir til þess að koma í veg fyrir atvinnuleysi. Þetta tvennt er svo nátengt, að nú er vonlaust að ná hinu síðar talda nema hið fyrrnefnda takist. Ríkisstj. lýsir sig fúsa til þess í samráði við verkalýðshreyfinguna að beita sér fyrir beinum framkvæmdum til atvinnuaukningar, þar sem þess reynist þörf, eftir því sem fjár reynist unnt að afla í því skyni. Í sambandi við þetta hlýtur fjáröflun til nauðsynlegra íbúðarbygginga að verða í fremstu röð. Þá lýsir ríkisstjórnin sig fúsa til þess að athuga, hvort unnt sé að breyta skattalögum eða gera aðrar ráðstafanir, sem leiðir til tekjujöfnunar á meðan núverandi erfiðleikar vara. Ríkisstjórnin hefur nú þegar ákveðið að beita sér fyrir hækkun bóta almannatrygginga, sem nemur 150 milljónum króna, og verði síðan leitað samkomulags um og ákveðið, hvaða bætur verði hækkaðar, enda sé að því stefnt að bæta helzt hag hinna lakast settu. Þá er einnig talin þörf á því að setja sérákvæði um frádrátt frá fiskverði, áður en til venjulegra hlutaskipta komi, því að eins og bent hefur verið á, þá er það ljóst, að gengisbreytingin hefur í för með sér mjög aukinn kostnað fyrir útgerðarmenn og kemur þess vegna ekki að gagni, nema því aðeins, að sá kostnaður sé dreginn frá, áður en til hlutaskiptanna kemur.

Þetta eru þau helztu ákvæði, sem löggjöf þarf að koma til um, umfram það, sem sagt er í því frv., sem hér um ræðir, og skal ég ekki rekja það frekar, vegna þess, eins og ég segi, að ég vonast til þess, að innan fárra daga gefist færi til þess og meiri tími að ræða þessi mál í heild. Ég vonast til þess, að málið fái hér greiðan framgang, ég hygg, að hv. fjhn. d. hafi athugað frv. í samvinnu við fjhn. Nd. Það er að sjálfsögðu í valdi deildarinnar, hvort hún telur formlega rétt að vísa málinu til fjhn. hér. Sannast að segja er mér ekki ljóst, hver venja er, þegar þessi vinnubrögð eru viðhöfð. En forseti og þdm. hafa það auðvitað í hendi sér.

Björn Jónsson: Herra forseti. Það er nú orðið ljóst, að ný kollsteypa er hafin í efnahagsmálum þjóðarinnar, kollsteypa, sem mun hafa örlagaríkar afleiðingar fyrir allt efnahags- og atvinnulíf landsmanna í næstu framtíð, og hvort tveggja mun búa að nokkuð lengi. Áhrif hennar munu smjúga um allt þjóðlífið, utanríkisviðskiptin, atvinnuvegina, kjör fólksins í öllum starfsgreinum þjóðfélagsins, hún mun setja mark sitt á vinnumarkaðinn og öll samskipti atvinnurekenda og verkalýðssamtaka um fyrirsjáanlega framtíð, og hún mun móta samskipti þessara aðila við ríkisstjórn og ríkisvald.

Um alllangt skeið hefur það verið augljóst, að óhjákvæmilegt væri að grípa til áhrifamikilla aðgerða í efnahagsmálum þjóðarinnar, ef algert hrun ætti ekki að blasa við, en menn og flokka hefur greint á um hvort tveggja, hverjar væru orsakir vandamálanna og hvernig við þeim skyldi brugðizt. Ríkisstjórnarflokkarnir hafa viljað því einu um kenna, að mikið verðfall hafi orðið á útflutningsafurðum okkar og aflabrestur tilfinnanlegur, efnahagsstefna þeirra hafi hins vegar verið rétt, a. m. k. í öllum aðalatriðum, og við hana sé því ekki að sakast um það, hversu illa horfi nú. Stjórnarandstaðan bendir aftur á móti á það, að bæði verðlag og aflabrögð hafi á þessu og næstliðnu ári verið sambærileg við mörg þau ár, t. d. frá 1960, sem talin eru hafa verið fremur hagstæð að verzlunarárferði og aflafeng, þó að þau jafnist ekki á við metárin 1965 og '66. Orsaka vandans sé því fyrst og fremst að leita í rangri stjórnarstefnu, sem hafi magnað svo verðbólgu, að við ekkert fáist ráðið, þegar nokkuð hallar undan fæti um verðlag og aflabrögð, enda þótt hvort tveggja hafi batnað um hærri hundraðshluta á undangengnum góðærum en áfallinu, sem síðar kom, nemur.

Meðan þessar deilur hafa farið fram hafa hinar köldu staðreyndir þróunarinnar í efnahagsmálum tekið

að tala æ skýrara máli og að flestu á einn veg, þann, að á flestum sviðum hefur stefnt til þrots og öngþveitis. Í gjaldeyrisbúskapnum hefur nú um tveggja ára skeið stefnt beint í algert þrot, án þess að nokkur rönd hafi verið reist við. Á þessum tveim árum hafa hjá þjóðinni eyðzt á þriðja þús. millj. kr. í gjaldeyri umfram það, sem hún hefur aflað á sama tíma. Í byrjun þessa árs var hinn svo kallaði gjaldeyrisvarasjóður raunverulega þrotinn með öllu, þar sem hann nam þá ekki hærri upphæð heldur en þeim skuldum, til skamms tíma, sem innflytjendur höfðu fengið leyfi til að stofna til, og nú í dag er hann ekki einasta þrotinn með öllu í raun og veru, heldur, ef skuldir innflytjenda eru taldar með, er um raunverulega neikvæða gjaldeyrisstöðu að ræða, sem þeim skuldum nemur. Á síðustu árum hafa svo skuldir þjóðarinnar út á við vaxið ákaflega ört og munu nú vera tæpir 9 milljarðar króna, og greiðslubyrðin af þessum skuldum er nú slík, að flestum mun ógna. En þær eru taldar, eftir því sem gefið hefur verið upp, yfir 13 hundruð millj. króna á ári í vexti og afborganir. En það mun svara nokkurn veginn til þeirrar upphæðar, sem við fáum fyrir okkar stærstu framleiðslugreinar, þ. e. a. s. afurðir frystihúsanna. Þær fara allar í skuldasúpuna og verður það að teljast geigvænlegt, þegar svo er komið. Hæstv. ríkisstj. hefur horft aðgerðarlaus á þessa geigvænlegu framvindu í gjaldeyrismálunum og á sér í raun og veru þá eina afsökun, sem að vísu er oft borin fram, að hún hafi vonað, að verðfall og aflabrestur væru tímabundnir erfiðleikar, sem úr kynni að rætast án aðgerða og afskipta, enda þótt ekkert benti til þess að svo færi. Þetta stjórnleysi í gjaldeyrisbúskapnum tel ég að hafi verið svo ábyrgðarlaust, að hliðstæðu sé naumast að finna, og raunverulega engri ábyrgri ríkisstj. sæmandi. Þegar svo er komið fram á þröm gjaldþrotsins á haustnóttum í ár, þá er gripið til þess ráðs að leggja á 20% gjaldeyrisskatt, sem varð ásamt öðru í reyndinni, þó að önnur kunni að hafa verið ætlunin, eins konar allsherjar merki um væntanlega gengisfellingu, sem hefur nú um tveggja mánaða skeið ýtt af stað holskeflu kaupæðis og gjaldeyriseyðslu og hvers konar spákaupmennsku. Öll skuggaöfl fjármálalífsins hafa á þessum tíma lifað blómatíma á kostnað almennings og á kostnað þjóðarinnar sem heildar, og á kostnað stöðu hennar í utanríkisviðskiptum. Þessi öfl geta nú vissulega fagnað góðri uppskeru, þegar kollsteypa gengisfellingarinnar er orðin að staðreynd. En það er á fleiri sviðum en sviði utanríkisviðskiptanna sem vandamálin hafa verið að hrannast upp að undanförnu. Hraðari skuldasöfnun ríkissjóðs en nokkur dæmi eru áður um talar sínu máli um öngþveitið. En þar hefur þróunin verið sú, að á einu ári hafa skuldir ríkisins vaxið úr 1.9 milljörðum í 3.4 milljarða. Þetta þýðir meðal annars það, að ríkissjóður þrengir með hallarekstri sínum og skuldasöfnun æ meira að bankakerfinu og gerir það ófærara um að greiða úr rekstrarfjárþörf atvinnuveganna. Og skuldasöfnunin vegna framkvæmda, sem þjóðin hefur alltaf áður staðið undir með samtíma tekjum, er líka eftirtektarvert tímanna tákn. Þegar litið er svo til atvinnuveganna og atvinnumálanna, blasir fyrst og fremst tvennt við: Annars vegar það, að afkoma sjávarútvegs og fiskiðnaðar er slík, að ýmist er komið í algjört þrot og stöðvun eða slíkt er þá á næsta leiti. Og hins vegar er mikil aðstöðubreyting til hagsbóta fyrir þessar atvinnugreinar óhjákvæmileg og þ. á m. fjármunatilfærsla til þeirra frá öðrum aðilum í þjóðfélaginu. Í öðrum atvinnugreinum eru samdráttareinkennin augljós, sérstaklega í ýmsum greinum iðnaðarins og þá ekki sízt þeim, sem einna flesta hefur í þjónustu sinni, byggingariðnaðinum. Allt þetta hefur svo leitt til samdráttar í atvinnulífinu, atvinnuleysis, sem þegar er skollið yfir í einstökum byggðarlögum, þar sem nú í dag ríkir algert neyðarástand, og einnig í einstökum atvinnugreinum. Og fyrirsjáanlegt er, að enn leiðir til stórfellds atvinnuleysis á þessum vetri, ef ekki er gripið til gagngerðra, skjótra og áhrifamikilla úrræða. Það er í þessu sambandi athyglisvert, að nú hefur á einu ári, á síðustu tólf mánuðum, verið greitt meira fé í atvinnuleysisbætur í landinu heldur en allan tímann samanlagðan frá því að Atvinnuleysistryggingasjóður tók til starfa, og segir það þó ekki alla sögu um ástandið í atvinnumálunum.

Af þeim aðgerðum, sem ríkisstj. nú hefur framkvæmt, þ. e. a. s. gengisfellingunni og öðrum, sem hún boðar, og ekki eru í einstökum atriðum alveg augljósar, verður þó sæmilega séð í meginatriðum, hvernig hún hyggst mæta þeim vanda, sem nú er við að glíma. Og í þeim viðræðum, sem undanfarnar vikur og mánuði hafa staðið yfir um vandamálin og hugsanlega samstöðu um lausn þeirra, þá hafa skoðanaskipti skýrt verulega í hverju ágreiningur um leiðir út úr vandanum er fólginn, og að hann er slíkur, að ekki reyndust möguleikar á því, að samstaða næðist. Meginstoðir úrræðanna, sem ríkisstj. beitir sér nú fyrir, eru tvær, annars vegar gengisfelling, sem svarar til hækkunar gjaldeyris um milli 54—55% og mun að sjálfsögðu á örskömmum tíma leiða til gífurlegrar hækkunar á öllu verðlagi í landinu, jafnt tilkostnaði atvinnuveganna sem allri framfærslu almennings. Hins vegar er svo lítið dulbúin almenn kaupbinding, sem á að hindra hækkun launa til samræmis við það verðlag, sem ráðandi verður að gengisfellingunni afstaðinni. Allt annað, sem fram hefur komið í afsleppum – vil ég segja – yfirlýsingum ríkisstj., er fullkominni óvissu háð, og þar á meðal allt, sem kynni að geta orðið til þess að létta þær þungu byrðar, sem með þessu eru lagðar á herðar almennings.

Það er mín skoðun, að gengisfellingin, svo stórfelld sem hún er, sé engin allsherjar lausn á þeim vanda, sem nú er fyrir hendi og viðurkenndur er af öllum — og allra sízt eins og að henni er staðið. Það sannar raunar strax reynsla okkar af þrem sams konar aðgerðum í stjórnartíð núv. valdaflokka, því að allar hafa þær runnið út í sandinn á örskömmum tíma. En margt ber hér fleira til en fyrri reynsla. Fjárhagsstaða mjög mikils hluta fyrirtækja, ekki sízt í þýðingarmestu greinum, sjávarútvegi og fiskiðnaði, er nú slík, að gengisfelling fær ekki þokað þeim úr sjálfheldunni, sem þau eru nú komin í. Skuldir hafa vaxið þessum fyrirtækjum yfir höfuð og það svo, að mörg eiga þar ekki eignir á móti, jafnvel þó að miðað sé við hæsta hugsanlegt matsverð, og munu jafnvel vera dæmi til þess, að einstök fyrirtæki, sem þó eru enn starfandi, munu þurfa lánsfé, sem svarar tvöföldu matsverði. Nýir lánamöguleikar standa á núlli, aukið rekstrarfé er ófáanlegt, sem þó þyrfti að stórauka,

jafnvel þó að gengið væri ekki fellt, hvað þá eftir að gengisfellingin er ráðin. Hér hefði því þurft að koma til sem fyrsta aðgerð allsherjar skuldaskil, og ég vil segja skuldaeftirgjöf, til þess að koma þessum grundvallarfyrirtækjum á rekstrarhæfan kjöl, og hefði slíkt verið gert, áður en til fjármunatilfærslu yrði gripið með gengisfellingu eða eftir öðrum leiðum, þá leikur mér ekki a. m. k. vafi á því, að slík tilfærsla hefði bæði getað verið miklum mun minni og almenningi léttbærari heldur en að nú verður raunin á. Við hlið almennra skuldaskila — a. m. k. í sjávarútvegi og fiskiðnaði og jafnvel einnig í landbúnaði og að einhverju leyti í iðnaði — hefðu svo þurft að koma til margvíslegar aðrar hliðarráðstafanir til þess að draga úr tilkostnaði og bæta hag fyrirtækjanna, með því höfuðmarkmiði að minnka höfuðvandann og gera lausn hans léttbærari. Þar vil ég nefna til verulega lækkun vaxta, a. m. k. á afurða- og stofnlánum, lengingu lána og breytingu lána í föst lán til langs tíma, endurskoðun á útflutningsgjaldi, á vátryggingakerfinu, niðurfellingu ýmissa gjalda, sem á atvinnurekstrinum hvíla, og jöfnun á aðstöðumun fyrirtækja, sem fyrir hendi er, eftir því hvar þau eru í sveit sett í landinu. Í þessum sama tilgangi, að reyna að draga sem mest úr ónauðsynlegri millifærslu fjármuna og tekna, tel ég, að hefði verið nauðsynlegt að leita eftir erlendum lánum, t. d. í Noregi eða V.-Þýzkalandi, þar sem þau trúanlega eru fáanleg, auk þeirra gjaldeyrislána, sem er opinbert leyndarmál að eigi að taka hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum og Evrópusjóðnum, og yrði þeim lánum fyrst og fremst varið til að tryggja fulla atvinnu í landinu og auka framleiðslu þjóðarinnar.

Ég tel, að þó að það sé ef til vil góðra gjalda vert að bjóða upp á samninga um þessi mál, úrlausn í atvinnumálunum við verkalýðssamtökin, þá sé engin nauðsyn á því né ástæða til að gera úrlausn í þeim málum að óljósu samningamáli við verkalýðshreyfinguna einhvern tíma í framtíðinni. Vandamálin eru til staðar, og þau eru svo augljós, að það hefði verið og er skylda ríkisstj. að reyna að leysa þau, og það verður ekki gert með viðhlítandi hætti nema með því að útvega til þess mjög verulegt fjármagn. Samningar einir breyta þar litlu um. Og slíkar ráðstafanir þola enga slíka bið, sem greinilegt er, að stjórnarflokkarnir og ríkisstj. ráðgera. Atvinnuleysið er þegar orðið staðreynd og verður það í enn ríkara mæli, eftir því sem róttækar aðgerðir bíða lengur. Hér dugir því engin tilraunastarfsemi, sem eigi að skera úr um það, hvort gengisfellingin dugi hér sem eina úrræðið, því öllum má vera ljóst, að það gerir hún ekki, og mun raunar í ýmsum tilvikum auka á þennan stóra þátt vandans en ekki draga úr honum. T. d. að því er þær greinar atvinnulífsins snertir, sem háðastar eru kaupgetu almennings, og hljóta að draga saman seglin í beinu framhaldi af almennri skerðingu launa. Og þar er raunverulega um að ræða mjög mikinn hluta af okkar iðnaði, bæði framleiðsluiðnaði og þjónustuiðnaði, sem byggir eingöngu á innlendum markaði og þeirri kaupgetu, sem fyrir er í landinu. Sé hún skert, þá verður ekki um neitt blómatímabil að ræða fyrir íslenzkan iðnað, hvorki framleiðsluiðnaðinn né þjónustuiðnaðinn.

Ég hef í viðræðum stjórnmálaflokkanna látið í ljós þá skoðun, að svo uggvænlega horfi nú í atvinnumálum, að setja beri þegar í stað upp sérstaka stofnun eða nefnd með þátttöku aðila vinnumarkaðsins, sem hefði það hlutverk að tryggja fulla atvinnu allra vinnufærra manna, og að slíkri stofnun yrði séð fyrir verulega miklu fjármagni, sem ég tel líklegt, að unnt væri að fá, ef ákveðinn skilningur og vilji væri fyrir hendi.

Ég hef áður minnzt á gjaldeyrisbúskapinn og hvernig honum er nú komið. Þar blasir við, að það þarf að bæta árlega afkomu okkar í gjaldeyrisbúskapnum um nokkuð á annan milljarð á ári, ef áframhaldandi á ekki að stefna til nýrra þrota, þrátt fyrir óveruleg gjaldeyrislán, sem talin eru fáanleg og munu nema innan við tveggja mánaða neyzluþörf okkar á erlendum gjaldeyri. Í þeim efnum lýsi ég andstöðu minni við þau einhliða samdráttar- og kjaraskerðingarúrræði, sem mér virðast efst á baugi, og tel, að það vandamál verði fyrst og fremst að leysa eftir jákvæðum leiðum, samhliða því, að upp verði tekin stjórn á gjaldeyrismálunum í stað þess stjórnleysis, sem hefur verið ráðandi. Þær jákvæðu leiðir eru að mínu viti þær m. a., að stórfelld ný gjaldeyrisöflun komi til, svo sem með allsherjar átaki og löggjöf um vöruvöndun útflutningsafurða, sem nú eru að þarflausu að meiri hluta í lakari gæðaflokkum og gefa þar með miklu lægra verð en ástæða væri til. Með aukinni og efldri markaðsöflun og endurskipulagningu útflutningsverzlunarinnar, með aukinni fjölbreytni í útflutningsframleiðslu, með eflingu íslenzks iðnaðar til útflutnings, og ég nefndi síðast en ekki sízt með stóraukinni ferðamannaþjónustu, sem vafalaust getur fært okkur margfaldar gjaldeyristekjur frá því, sem nú er, ef réttar ráðstafanir eru gerðar í þá átt. En aukin gjaldeyrisöflun eftir þessum leiðum mundi jafnframt bæta hag útflutningsatvinnuveganna og enn draga úr þunga efnahagsaðgerða þeim til framdráttar.

Það hefur líka komið fram sem sameiginleg skoðun allra talsmanna stjórnarandstöðunnar í undanfarandi viðræðum flokkanna, að heildarstjórn fjárfestingarmála sé óhjákvæmileg nauðsyn. En því áliti hefur ekki verið mætt af miklum skilningi af hálfu stjórnarflokkanna. Happa- og glappastefnan virðist eiga að verða ráðandi í þeim efnum áfram, svo dýrkeypt sem hún hefur þó reynzt þjóðinni á undanförnum árum. Þó að ekki sé lengur rakið að sinni, má af því, sem ég hef hér sagt, strax nokkuð ráða, hver munur er á þeim viðhorfum, sem annars vegar ráða nú gerðum stjórnarflokkanna og þeirra, sem móta afstöðuna núna, og vafalítið hins vegar þorra stjórnarandstæðinga. Þetta kann þó að verða enn ljósara, þegar að þeim þætti kemur, sem alveg beint snýr að kjaramálunum í þrengri merkingu, þeim þætti, sem snýr að því, hvernig þeim byrðum, sem nauðsynlegt er, að þjóðin í heild taki á sig, meðan við erum að feta okkur út úr mesta vandanum, verði jafnað niður. Mitt viðhorf er það, og mér þykir næsta líklegt, að það sé einnig viðhorf manna í verkalýðshreyfingunni almennt, hvar sem þeir hafa skipað sér í stjórnmálum, að hinir lægst launuðu í landinu, að ég ekki tali um bótaþega almannatrygginga, geti ekki tekið á sig skert kjör, frá því sem nú er, og að því beri að kappkosta, að óhjákvæmilegum byrðum verði jafnað niður af réttlæti og þeim, sem betur mega, verði gert að taka meginþunga þeirra á sínar herðar.

Í þeim efnum er ég alveg sammála því, sem um þetta segir í stjórnmálaályktun flokksþings Alþfl., sem þar var samþykkt fyrir skömmu. En þar segir m. a., með leyfi hæstv. forseta, þegar rætt er um væntanlegar aðgerðir: Þar eru taldar fyrst, ráðstafanir til að tryggja öllum vinnufærum fulla atvinnu.

„Í öðru lagi: aðgerðir í efnahagsmálum miðist við það eitt að mæta aðsteðjandi vanda og að þeim byrðum, sem óhjákvæmilegt reynist að leggja á þjóðina, verði dreift réttlátlega á stéttir þjóðfélagsins og sérstakt tillit verði tekið til hagsmuna láglaunafólks, barnafjölskyldna og bótaþega almannatrygginga."

Sú nakta gengisfelling, sem verkalýðsstéttin og þjóðin öll standa nú frammi fyrir, ásamt yfirlýsingunni um kaupbindingu, er að mínu viti algerlega andstæð þessari ályktun og því viðhorfi verkalýðshreyfingarinnar, sem liggur þar að baki. Að þeim ráðstöfunum gerðum er kjaraskerðing, sem svara mundi trúlega til 15—20 óbættra vísitölustiga, orðin staðreynd, sem hvílir með þeim mun meiri þunga á þeim, sem við minnstu eða engu mega, en öðrum, sem hafa meira að bíta og brenna. Og þessi stórfellda skerðing mun reynast því þungbærari, nái hún fram að ganga, sem gjaldþol láglaunamanna hefur minnkað vegna atvinnusamdráttar og atvinnuleysis. Og ég held, að þessi lífskjaraskerðing muni ekki aðeins reynast þungbær, heldur einnig óframkvæmanleg, eins og nú er komið hag láglaunafólks, og þau úrræði, sem á slíkri skerðingu eru byggð, öllu öðru fremur dæmi til þess að missa þess marks, sem þeim þó væntanlega er ætlað að ná.

Ég hef ekki farið dult með þá skoðun mína, að á meðan við erum í mestum vanda staddir með að halda atvinnuvegunum á floti, ættu að koma til eftir leiðum frjálsra samninga og eftir leiðum breyttra skattalaga veruleg jöfnun launa og takmörkun bæði á hærri launum við ákveðin mörk og ekki síður á gróða, ekki síður á gróðaviðskiptum og atvinnurekstri. Það er bæði skömm og hneyksli að skerða laun verkamanna, sem í fullri atvinnu ná ekki yfir 120—130 þús. kr. árstekjum og með skertri atvinnu oft og tíðum miklu lægri tekjum, að skerða þau um 15—20 vísitölustig, meðan hálaunamenn komast unnvörpum í margfaldar eða jafnvel tugfaldar þær tekjur, án þess að missa nokkuð sem heitir við þær aðgerðir, sem eru ákveðnar eða fyrirhugaðar. Og enn aðrir hópar hirða ómældan gróða gegnum hlunnindi frá fyrirtækjum og jafnvel frá því opinbera eða geta dregið út úr atvinnurekstrinum stórar fjárfúlgur til óhófseyðslu.

Eins og hér hefur verið vikið að, hafa viðræður um efnahagsmálin milli stjórnmálaflokkanna staðið yfir undanfarna rúma tvo mánuði, til s. l. laugardags, þegar þeim var slitið án árangurs. Það voru ríkisstjórnarflokkarnir, sem áttu frumkvæðið að þessum viðræðum, og hinn yfirlýsti tilgangur þeirra var og hét, hvort reyna mætti að ná allsherjar samstöðu um lausn vandamálanna og þá með þeim hætti, að ný ríkisstj. allra flokka yrði mynduð til að standa fyrir þeim ráðstöfunum og aðgerðum, sem samstaða kynni að nást um. Þessu algerlega nýja viðhorfi ríkisstjórnarflokkanna var vel tekið af stjórnarandstöðunni og sú skoðun virtist almenn meðal þjóðarinnar, að nú stefndi í þann háska fyrir atvinnuvegunum og í viðskiptum þjóðarinnar út á við, að þjóðareining um lausn vandamálanna væri ekki aðeins æskileg, heldur nauðsynleg. En það var vitanlega auðsætt frá upphafi, að slík samstaða gat ekki verið hugsanleg, hvað þá raunveruleg, nema stjórnarflokkarnir væru reiðubúnir til að taka mikið tillit til og mæta með skilningi viðhorfum stjórnarandstöðunnar og verkalýðshreyfingarinnar, væru reiðubúnir til að breyta á marga grein stefnu sinni, þeirri, sem þeir hafa í meginatriðum fylgt nú um áratugs skeið. Ég tel, að reynslan af þessum viðræðum, að því leyti sem þær hafa raunverulega snúizt um stefnuna varðandi lausn aðsteðjandi vanda, hafi sýnt, að þessu grundvallarskilyrði voru stjórnarflokkarnir aldrei tilbúnir til þess að fullnægja. Og niðurstaða þeirra, eins og hún birtist með gengisfellingunni nú og þeim augljósu aðgerðum öðrum, sem greinilegar yfirlýsingar liggja fyrir um, sanna þetta, að því er ég fæ bezt séð, fullkomlega. Það eru gömlu, margreyndu úrræðin frá 1960, 1961 og 1967, sem í öllum aðalatriðum er enn haldið fast við, í stað þess að viðurkenna það, hve illa þau hafi gefizt, og breyta samkvæmt því. Það er rokið í stórfelldustu gengisfellingu sögunnar, án þess áður að þrautkanna aðrar færar leiðir til þess að minnka vanda atvinnuveganna, eins og stjórnarandstaðan hefur lagt til. Afnám verðlagsbóta á laun er boðuð, rift frjálsum samningum verkalýðssamtakanna og vinnuveitenda og árás boðuð á ævagamlan, helgaðan og samningsbundinn eignarrétt sjómanna á aflahlut sínum, allt án þess að áður hafi nokkurt samkomulag verið reynt við verkalýðshreyfinguna. Enn er hafnað allri mótaðri stjórnun í fjárfestingar- og gjaldeyrismálum, þótt flestum sé nú orðið ljóst, að í stjórnleysi þessara mála er ein höfuðmeinsemd stjórnarstefnunnar á undanförnum árum fólgin. Happa- og glappastefnan á áfram að ríkja í atvinnumálunum og nauðsynlegri samfélagslegri forystu í þeim málum hafnað í aðalatriðum, jafnvel þegar svo stendur á, að vofa kreppu og atvinnuleysis stendur í dyragættinni. Og síðast en ekki síst: Það á enn að leysa vandamálin fyrst og fremst á þann veg, að hlutfallslega þyngstu byrðarnar lendi á bökum þeirra, sem í dag hafa naumast til hnífs og skeiðar og margir hverjir knapplega það.

Ég segi aðeins að lokum: Þetta er ekki stefna, sem samstaða og þjóðareining getur tekizt um. Hún býður heim sundrungu og baráttu á vinnumarkaðinum og raunar í öllu þjóðlífinu. Og ég fullyrði, að þessi stefna á ekki neinum meiri hluta að fagna á meðal þjóðarinnar, og ég dreg reyndar mjög í efa, að hún eigi nokkurn raunverulegan meiri hluta hér á hv. Alþingi, þó að sterku flokksvaldi kunni kannske að takast að knýja hana hér í gegn. En eins og nú er komið, held ég, að sú krafa, að þing verði rofið og efnt til nýrra alþingiskosninga, svo fljótt sem stjskr. og lög leyfa, hljóti að rísa hátt bæði utan þings og innan. Þjóðin stendur vissulega á örlagaríkum tímamótum og hún á fyllsta rétt á því að kveða upp sinn úrskurð um það, hvernig við þeim vandamálum verði brugðizt, sem nú steðja að. Hún á rétt á því að skapa í almennum kosningum þá þjóðareiningu, sem ríkisstjórnarflokkarnir hafa nú í reynd hafnað.

Ólafur Jóhannesson: Herra forseti. Það má segja, að

þetta frv. sem slíkt út af fyrir sig gefi ekki tilefni til mikilla umræðna. Hins vegar er þess að gæta, að þetta frv. er þáttur í efnahagsaðgerðum ríkisstj., sem hún hefur ýmist framkvæmt eða boðað. Þess vegna er ástæða til þess að ræða þetta mál allt í heild, og ég sé ástæðu til þess að rifja upp fáein atriði varðandi málið í þessari hv. d., enda þótt henni sé óhæfilega þröngur stakkur skorinn til þessara umræðna.

Það er sannast að segja eðlilegt, að það fari fram málefnalegar umræður, málefnalegar rökræður á Alþ., áður en mál sem þessi eru afgreidd. En sá háttur er raunar ekki á hafður lengur, því að hæstv. ríkisstj. hefur þann hátt á að fylgja máli sem þessu aðeins úr hlaði með örfáum orðum, og síðan anzar hún ekki þeim röksemdum, sem fram koma af hálfu stjórnarandstöðunnar. Hún virðist lifa eftir þeirri reglu, að fæst orð hafi minnsta ábyrgð. Sannarlega hefðu ýmsir af hæstv. ráðh. betur fylgt þeirri reglu fyrr. Það mundi sannast, ef maður gæfi sér tíma til að rifja upp ýmis þau ummæli, sem þeir hafa áður látið falla um gengislækkun.

Því neitar enginn og um það er ekki deila, að í efnahagslífi og atvinnumálum er nú við hrikaleg vandræði að eiga. Ég held, að það megi segja, að þau vandamál séu fyrst og fremst þrenns konar eðlis. Það er í fyrsta lagi vandamál atvinnuveganna. Það er í öðru lagi vandamál varðandi gjaldeyrisstöðu landsins. Það er í þriðja lagi greiðsluhalli ríkissjóðs og fjárhagsleg vandræði ýmissa fjárfestingarsjóða. Öll þessi vandamál eru stór og erfið úrlausnar. Það er ekki deilt um það, að það sé þörf á ráðstöfunum nú. Það þarf ekki að fara mörgum orðum um þessi atriði, það liggur ljóst fyrir og hefur komið fram í þessum umr. og hefur verið vitað áður og hefur glögglega komið fram í viðtölum stjórnmálaflokkanna, að vandamál atvinnuveganna eru mjög mikil. Landbúnaður hefur átt við ýmsa örðugleika að stríða að undanförnu, sem sumpart eiga rætur að rekja til erfiðs árferðis, og enn fremur til ófullnægjandi verðlagsákvörðunar að undanförnu. Þess vegna er svo komið, að landbúnaðurinn á að ýmsu leyti í vök að verjast, t. d. varðandi skuldamál. Um iðnaðinn hefur nokkuð verið rætt líka, og það er vitað mál, að iðnaðurinn hefur á margan hátt dregizt saman að undanförnu og mörg iðnaðarfyrirtæki eiga í miklum vandræðum og ekki sízt vegna rekstrarfjárskorts og svo og vegna sívaxandi samkeppni frá innfluttum vörum. En vandamál sjávarútvegsins eru þó langsamlega stærst. Um það er engum blöðum að fletta. Frá því hefur verið skýrt í þessum umræðum, að á þessu ári mundi stuðningur við sjávarútveginn væntanlega nema 700—800 millj. kr. Það hafa verið lagðar fram spár um það af sérfræðingum, að á næsta ári mundi þessi upphæð að öllu óbreyttu verða mörg hundruð milljónum króna hærri. Og það er reyndar kunnugt öllum hv. þm. af ýmsum staðreyndum, sem hvarvetna blasa við um landið, hvernig þessi atvinnuvegur er kominn. Það er kunnara en frá þurfi að segja, að ýmis þau fyrirtæki, sem eru aðaluppistaðan í atvinnulífi margra staða úti um landið, frystihúsin, eru sums staðar lokuð þegar, mjög víða í þann veginn að loka, vegna ýmiss konar fjárhagserfiðleika. Af þessum sökum er þegar á þessum stöðum byrjað atvinnuleysi, og á öðrum blasir það við á næsta leiti.

Varðandi stöðuna út á við er það einnig ljóst, eins og hér hefur reyndar verið rakið og var á drepið af hv. síðasta ræðumanni, að gjaldeyrisvarasjóðurinn margumtalaði er algerlega þrotinn, meira að segja á pappírnum. En lengi vel hefur hann í raun og veru aðeins verið til á pappírnum vegna þess, að á móti gjaldeyrissjóðnum, sem upp var færður, höfðu safnazt skuldir fyrirtækja í útlöndum, þannig að það er þó nokkuð síðan gjaldeyrissjóðurinn var í raun og veru úr sögunni. Og enn fremur er þess að gæta varðandi uppbyggingu þess sjóðs, sem kallaður hefur verið gjaldeyrisvarasjóður, að hann hefur að verulegu leyti verið byggður á lántökum erlendis, þannig að það er langt frá því, að hann hafi verið raunverulegur. Samt sem áður er það svo, að hvað sem um það má segja, er það staðreynd, að hann er algerlega úr sögunni nú. Og þá er það ekki síður alvarlegt, að það er ekki nóg með það, að ráðstöfunargjaldeyririnn sé þannig þrotinn, heldur hafa skuldir við útlönd stórkostlega aukizt, og það hefur verið sagt frá því hér, að heildarskuldir við útlönd muni nú nema nær 9 milljörðum króna, þ. e. á hinu gamla gengi, sem verður um 13½ milljarður eða nálægt því á hinu nýja gengi. Á sama tíma hafa einmitt líka skuldir ríkissjóðs sjálfs hækkað og nema nú víst nær því 3½ milljarði króna og hafa einmitt, eins og síðasti ræðumaður hv. drap hér á, vaxið á einu ári um það bil um 1500 millj. kr., eða frá 1900 millj. og upp í 3400 millj. Þessi skuldasöfnun er óskaplega iskyggileg, vægast sagt, og greiðslubyrðin af þessum erlendu skuldum er orðin geigvænleg. Og það dæmi, sem hv. 4. þm. Norðurl. e. nefndi hér áðan í því sambandi, er vissulega sláandi, þar sem hann benti á það, að greiðslubyrðin af þessum erlendu skuldum, þ. e. a. s. afborganir og vextir, mundi á einu ári nema framleiðslu hraðfrystihúsanna. Þetta eru svo mikil alvörumál, að ég hygg, að þeir séu margir, sem ekki gera sér þau ljós. Ég hygg, að þeir séu margir, sem gera sér ekki grein fyrir því, hvílíkir baggar hafa hér verið lagðir á framtíðina, og ég veit satt að segja ekki, hvernig þessi þjóð verður fær um það á næstu árum að standa undir þessari byrði.

Varðandi þriðja atriðið, sem ég nefndi, ríkissjóð og fjárfestingarlánasjóðina, þá hygg ég, að hæstv. fjmrh. hafi á sínum tíma gert grein fyrir því, að væntanlegur greiðsluhalli á ríkissjóði þetta ár mundi líklega nema 300—350 millj. kr. og því til viðbótar kemur svo það vandamál, að fjárfestingarlánasjóðir, sem hafa staðið undir ýmsum nauðsynlegum framkvæmdum, og þar á meðal líka átt sinn þátt í því að halda uppi nauðsynlegri atvinnu, eru mjög fjárvana, þannig að það skortir fleiri hundruð millj. í þá, og hafa í því sambandi verið, ef ég man rétt, nefndar eitthvað 450 millj. kr. Þarna vantar mikið fjármagn.

Það er alveg augljóst af þessu, sem ég hef hér lauslega drepið á, að þau vandamál, sem við er að glíma í efnahags- og atvinnulífi þjóðarinnar, eru mörg og stór. Það má sjálfsagt tala langt mál um það, hvaða orsakir liggi til þessara vandamála og sjálfsagt geta skoðanir manna verið skiptar um það. Ég efast ekki um, að það eru margar og margþættar ástæður, sem liggja til þess, að svo er komið. En ég hygg, að það séu þó fyrst og fremst fjórar höfuðorsakir til þess, að svo er komið, sem komið er. Og það er í fyrsta lagi innanlandsverðbólgan, sem er

algerlega númer eitt í öllum þessum vanda, sem við er að glíma. Það er í öðru lagi óskynsamleg stefna stjórnarvalda gagnvart framleiðsluatvinnuvegum þjóðarinnar. Sú óskynsamlega stefna hefur birzt í mörgum myndum. Meðal annars í því, að atvinnuvegunum hefur verið haldið í óhæfilegri lánsfjárkreppu og það hefur valdið mörgum fyrirtækjum alveg óumræðilegum vanda, enda þótt þau að öðru leyti hafi verið sæmilega efnahagslega á vegi stödd. Þau hefur algerlega skort rekstrarfé og laust fé til þess að koma sínum rekstri áfram með eðlilegum hætti.

Það er í þriðja lagi verðfall á útflutningsafurðum og það er í fjórða lagi minnkandi aflamagn. Við þessar tvær síðast töldu ástæður hefur ríkisstj. auðvitað ekki ráðið og við þær getur engin ríkisstj. ráðið og það er enginn, sem sakar ríkisstj. í því sambandi. En þó er það svo, að það er á fullkomnum misskilningi byggt, að þessar tvær ástæður, sem vissulega eru þungbærar og tilfinnanlegar miðað við það ástand, sem áður var, séu jafnmikils háttar og jafnmikill þáttur í þeim vanda, sem við er nú að glíma, eins og hæstv. ríkisstj. og hennar málgögn hafa viljað vera láta. Það verður ljóst, þegar það er athugað og krufið til mergjar, sem reyndar hefur verið drepið á í umr. hér í dag í hv. Nd., að upplýsingar um viðskiptakjörin sýna það, að þau eru í raun og veru miðað við þetta ár svipuð og á árunum 1962—1963. Þau eru ekki lakari en það. En þrátt fyrir það skal því á engan hátt neitað, að sé þjóðarbúskapurinn miðaður við þann topp, sem kom 1965, 1966, þá veldur þetta auðvitað vandræðum. En þá er þess líka að gæta, að verðfall átti sér að verulegu leyti stað á árinu 1967 og var þá fyrirsjánlegt, ýmist komið fram eða fyrirsjánlegt, þegar kosningarnar fóru fram 1967. Hins vegar má segja það, að aflamagnið á vissum veiðum hefur orðið minna heldur en menn þá gátu gert sér grein fyrir. En samt er það svo, eins og líka hefur verið bent á í þessum umr., að heildaraflamagnið, jafnvel á þessu ári, er fullkomlega sambærilegt við meðalár. En hvað sem um það er, þá er hitt þó allavega ljóst, að ef ríkisstj. hefði tekizt að standa við það fyrirheit, sem hún gaf á sínum tíma, að halda verðbólgunni í skefjum, þá hefði verðfall og aflabrestur á engan hátt orðið neitt viðlíka vandamál, eins og það hefur orðið nú, og þá mundi ekki vera við að glíma neitt svipuð vandamál þeim, sem nú er við að fást.

En það, sem ég tel hæstv. ríkisstj. alveg sérstaklega ámælisverða fyrir í sambandi við þessi mál, er að hafa ekki hafizt fyrr handa en raun ber vitni og gert raunhæfar ráðstafanir til þess að mæta þessum vandamálum fyrr en hún hefur gert, vegna þess að þessi vandi hefur í öllum meginatriðum legið lengi fyrir og verið fyrirsjáanlegur. Og vissulega hefði verið auðveldara á margan hátt að fást við hann, ef fyrr hefði verið snúizt við honum og viðeigandi ráðstafanir gerðar í tæka tíð. En þar hefur hæstv. ríkisstj. látið reka á reiðanum um of og trúað, að því er virðist, á happdrættisvinning, sem ekki hefur komið. Það er líka mjög aðfinnsluvert í sjálfu sér og mjög athugavert, hversu lengi það hefur verið augljóst, að hverju mundi draga í þessu efni og þarf ég ekki að fara um það mörgum orðum, vegna þess að það kom greinilega fram í ræðu hv. síðasta ræðumanns. En það má segja, að þegar frá því, að innflutningsgjaldið var á lagt, hafi almenningur í þessu landi reiknað með því, að þetta mundi enda með þeim ósköpum, sem nú er fram komið, að það mundi enda með gengislækkun og þess vegna hafa menn hagað sér í samræmi við það og það orðið undirrót óhæfilegs kaupæðis, óhæfilegrar gjaldeyriseyðslu og ýmiss konar óheppilegrar spákaupmennsku.

Ég ætla aðeins að víkja að því, hvernig Framsfl. hefði viljað snúast við þessum vanda. sem hér er við að glíma og sem vissulega er mikill, eins og ég hef tekið fram. Við höfum ekki haldið því fram, að þessi mál væri hægt að lækna eða lagfæra með einu pennastriki. Við höfum alltaf haldið því fram, að það þyrftu margar og margvíslegar ráðstafanir til að koma. Við höfum bent á ráðstafanir, sem hafa verið til þess fallnar að okkar dómi að minnka þann vanda, sem við er að glíma, og sem hafa verið til þess fallnar að gera þá kjararöskun, sem ég býst við, að sé óhjákvæmileg eins og komið er, sem allra minnsta. Við viðurkennum það sem sagt, að þær ráðstafanir, sem við höfum bent á í þessu sambandi, leysi ekki allan þennan vanda, sem við er að fást, og að til viðbótar þeim hefði þurft einhverja aðgerð. Ég segi það hreinlega, að það er mín skoðun, að eins og komið er, muni það vera erfitt að komast hjá því að leggja einhverjar byrðar á menn í einu eður öðru formi. En við höfum lagt áherzlu á, að það væru gerðar allar tiltækar ráðstafanir til að gera byrðarnar sem allra minnstar, og við höfum í öðru lagi lagt á það megináherzlu, að byrðunum væri skipt sem réttlátlegast niður. Á þessi almennu sjónarmið höfum við lagt áherzlu í þeim viðtölum, sem fram hafa farið á milli stjórnmálaflokkanna. Þau atriði, sem við höfum lagt megináherzlu á í þessu sambandi, eru fyrst og fremst þessi: Það er nauðsynin á því að bæta stöðu framleiðsluatvinnuveganna og koma þeim í rekstrarhæfan grundvöll. Það er í öðru lagi nauðsynin á því að tryggja fulla atvinnu, hvar sem er á landinu og það er í þriðja lagi nauðsynin á því að stuðla að atvinnuuppbyggingu í þeim landshlutum, sem dregizt hafa aftur úr að undanförnu.

Þessum markmiðum viljum við reyna að ná með því að gera vissar ráðstafanir, sem við teljum, að miði að eflingu atvinnuveganna og stuðli að atvinnuöryggi. Jafnframt höfum við bent á ráðstafanir, sem væru fallnar til þess að minnka fjárhagsvanda ríkissjóðs og bæta stöðu landsins út á við. Ég hygg, að flestar af þessum ráðstöfunum, sem ég ætla að nefna hér á eftir, hafi borið á góma í viðtölum stjórnmálaflokkanna, að við höfum þar minnzt á þær hugmyndir a. m. k. flestar hverjar.

Við höfum í fyrsta lagi lagt áherzlu á það, að það væri nauðsynlegt eins og nú væri komið að veita atvinnuvegunum, a. m. k. sumum, greiðslufrest á skuldum til bráðabirgða. Og við höfum lagt áherzlu á, að það þyrfti að breyta lausaskuldum atvinnuveganna í föst lán og það þyrfti jafnvel að framkvæma skuldaskil í vissum tilvikum. Til þess að greiða fyrir þessum aðgerðum, viljum við koma á fót sérstökum aðstoðarlánasjóði til styrktar atvinnuvegunum og jafnframt höfum við alltaf lagt áherzlu á, að það þyrfti að breyta lánapólitíkinni, það þyrfti að leysa rekstrarfjárvandamál atvinnuveganna og breyta að öðru leyti lánapólitíkinni, þannig að fyrirtækin væru ekki að því leyti til í öðru eins skrúf-

stykki eins og þau hafa verið að undanförnu. En það er alveg áreiðanlegt, að þessi aðgerð er höfuðnauðsyn, eins og nú stendur, og mér þótti það athyglisvert, að í þeim annars nokkuð afsleppu yfirlýsingum, sem hæstv. forsrh. gaf, þegar hann fylgdi þessu frv. úr hlaði, þá var ekki minnzt á breytingu lausaskulda í föst lán eða skuldaskil eða önnur þau atriði, sem ég drap á nú í þessu sambandi. Þau voru ekki talin á meðal þeirra aðgerða, sem væru til íhugunar hjá hæstv. ríkisstj. í sambandi við þessi mál.

Í öðru lagi höfum við bent á nauðsyn þess að lækka vexti af stofnlánum og rekstrarlánum atvinnuveganna. Við höfum í þriðja lagi bent á nauðsyn þess að lækka eða fella niður ýmsa sérskatta, sem á undanförnum árum hafa verið lagðir á atvinnuvegina og eru þeim þungbærir og þeir eru ekki eins og stendur færir til þess að standa undir. Það er að sjálfsögðu rétt að geta þess, að þessir skattar renna að talsverðu leyti aftur til atvinnuveganna í ýmsum myndum, en ég held, að eins og sakir standa séu atvinnuvegirnir ekki færir um að bera þessar álögur og að fyrirgreiðsla sú, sem þeir hafa notið úr þeim sjóðum, sem sérskattarnir renna til, verði til þeirra að koma með öðrum hætti og eftir öðrum leiðum. Þá höfum við og orðað og lagt áherzlu á, að reynt væri að lækka eða fella niður tolla af framleiðslutækjum, hráefni og rekstrarvörum. Við leggjum áherzlu á, að rekstrarlán til iðnaðar verði veitt með hliðstæðum hætti og til annarra atvinnugreina. En það er einmitt svo, að iðnaðurinn hefur, eins og ég drap á, búið við mikil rekstrarfjárvandamál að undanförnu og hann hefur af þeim sökum verið í talsverðri og reyndar mikilli kreppu. En hitt er öllum ljóst, sem um þessi mál hugsa, að iðnaðurinn í þessu landi verður að vaxa. Það er höfuðnauðsyn vegna þess, að það hlýtur að verða höfuðhlutverk hans að taka við vaxandi fólksfjölda í landinu og skapa honum atvinnu og lífsskilyrði. Af sama toga er það spunnið, að við leggjum áherzlu á það, að innflutningur iðnaðarvara verði takmarkaður á þeim sviðum, þar sem vörur til sömu notkunar eru framleiddar í landinu sjálfu. Sá óhefti innflutningur á ýmsum vörum, sem átt hefur sér stað að undanförnu til þess að keppa við iðnaðinn, nær auðvitað engri átt. Og við höfum auðvitað engin efni á því að haga okkur á því sviði eins og við höfum gert að undanförnu. Þá leggjum við áherzlu á, að framleiðnisjóðir atvinnuveganna verði efldir, eins og t. d. framleiðnisjóður landbúnaðarins og framleiðnisjóðir annarra atvinnuvega. Áherzla hefur einnig verið lögð á það, eða ég vil leggja áherzlu á það sem þátt í þessum ráðstöfunum, sem nauðsynlegt hefði verið að gera, að iðnaðarfyrirtækjum, sem keppa við erlend fyrirtæki, sem bjóða greiðslufresti — en það mun nokkuð hafa tíðkazt að undanförnu — að þeim iðnaðarfyrirtækjum sé veitt alveg sérstök lánafyrirgreiðsla. Enn fremur til þess að stuðla að útflutningsiðnaði eða stuðla að útflutningi á iðnaðarvörum þá væri greitt fyrir því með sérstöku lánakerfi. Það er náttúrlega alveg sérstök nauðsyn og alveg höfuðnauðsyn, ef það á að hugsa til þess að ganga í Fríverzlunarsamtökin, að með einhverjum slíkum hætti sé greitt fyrir þeim iðnaði, sem gæti komið til greina sem útflutningsframleiðsla.

Þá höfum við lagt áherzlu á það, að hið opinbera hefði forystu um ráðstafanir til uppbyggingar og eflingar atvinnulífinu, m. a. með því að láta gera framkvæmdaáætlanir fyrir einstaka landshluta, og það hefði um þá uppbyggingu og gerð þeirra áætlana samstarf við sveitarfélög og stéttarsamtök. Í því sambandi vil ég sérstaklega benda á, hvort ekki sé rétt og hægt að nota fé Atvinnuleysistryggingasjóðs í því skyni meira en gert hefur verið að undanförnu. En Atvinnuleysistryggingasjóðurinn er einn öflugasti sjóður, sem hér á landi er. Það er auðvitað dýrmætt, að þeir, sem atvinnuleysi verða að þola, geti átt rétt á bótum úr honum, en hitt er þó að mínum dómi miklu heppilegri pólitík að reyna að fyrirbyggja það, að atvinnuleysi eigi sér stað og nota fé sjóðsins einmitt í því skyni að byggja upp atvinnufyrirtæki á hinum ýmsu stöðum. Það er sjálfsagt að játa það, að ýmiss konar lánafyrirgreiðsla úr sjóðnum hefur á undanförnum árum verið veitt í þessu skyni, en þetta þyrfti að gerast í enn ríkara mæli að mínum dómi, heldur en átt hefur sér stað til þessa.

Þá er það svo, að við höfum lagt á það áherzlu, að tekin væri upp heildarstjórn á gjaldeyris- og innflutningsmálum, fyrst og fremst með hliðsjón af gjaldeyrisöflun á hverjum tíma og þörfum framleiðsluatvinnuveganna. Það er alveg auðsætt mál, að það verður ekki haldið svo fram á því sviði, sem gert hefur verið að undanförnu, og þar mun sannast, að neyðin kennir naktri konu að spinna. Hvað sem líður öllum yfirlýsingum hæstv. ríkisstj. um, að hún sé andvíg höftum, þá skal það ásannast á næstunni, að hún verður að grípa til margvíslegra ráðstafana á sviði gjaldeyris- og innflutningsmála. Hjá því verður ekki komizt. En það er ekki sama, hvernig það er gert. Það er betra að taka upp heildarstjórn á þeim málum heldur en grípa til einhverra handahófsaðgerða í þeim efnum, þegar í algert óefni og öngþveiti er komið. Slík heildarstjórn þarf ekki að eiga neitt skylt við höft eða réttara sagt, leyfakerfi, heldur geta það verið almennar reglur, sem þarna geta að mjög miklu leyti komið til greina. Eins og vikið hefur verið að í þessum umr. áður af öðrum ræðumönnum, kæmi það vitaskuld mjög til greina að banna um sinn, og á meðan vandræðin eru, innflutning á tilteknum vörum, sem landsmenn geta hæglega komizt af án um skeið. Það væri t. d. alveg hægt að ósekju að banna innflutning á bifreiðum um eins eða tveggja ára skeið. Að vísu er mér ljóst, að það kemur til greina í sambandi við það vandamál ríkissjóðs, af því að þar er um hátollavörur að ræða. En það verður ekki á allt kosið í því sambandi og verður að laga sig eftir þeirri getu, sem er til staðar til innflutnings og eyðslu á gjaldeyri, því að það held ég, að öllum hljóti að vera ljóst, að það er ekkert vit í því að stofna framvegis og áfram til stórkostlegrar skuldasöfnunar erlendis. Greiðslubyrðin er orðin svo gífurleg af þeim skuldum, sem þegar hafa verið þar stofnaðar, að ég held, að það geti enginn séð fram úr því og sagt fyrir um það, hvernig þjóðin á að fara að því að standa undir þeim byrðum á næstu árum. Það er þess vegna fullkomið glæfraspil að halda þannig á málum, að haldið verði áfram að eyða og spenna gjaldeyri umfram getu og að það þurfi að taka áfram stórfelld gjaldeyrislán og eyðslulán.

Hitt er annað mál, að það getur verið réttlætanlegt að taka lán til framkvæmda, þó að það sé mín skoðun, að

eins og málum nú er komið, verði að fara mjög varlega í öllum erlendum lántökum. En jafnframt því, sem þyrfti að taka upp heildarstjórn á gjaldeyrismálunum, þá þyrfti auðvitað jafnframt, og það má ekki gleymast, því að það er auðvitað höfuðatriði í þessu sambandi, að leggja áherzlu á aukna gjaldeyrisöflun með fullnýtingu afurðanna, fullvinnslu afurðanna hér innanlands og með fullnýtingu framleiðslutækjanna, sem eru fyrir þegar í þessu landi, t. d. hjá ýmsum iðnaðarfyrirtækjum, fullnýtingu þeirra framleiðslutækja og þess vinnuafls, sem hér er fyrir hendi. En síðast en ekki sízt þyrfti að leggja margfalda áherzlu á bætt markaðskerfi og markaðsöflun og það er alveg áreiðanlega kominn tími til að taka skipulag sölumálanna á afurðunum til rækilegrar endurskoðunar. Og það er brýn nauðsyn á því að leggja stóraukna áherzlu á það að afla nýrra markaða. Ég er ekki í nokkrum vafa um það, að við höfum ekki sinnt þeim málum af nándar nærri nógu miklum áhuga. Við höfum verið allt of vanabundnir í þeim efnum og fastir í skorðum, sem við höfum alizt upp við, og ekki lagt inn á þær nýju leiðir, sem þarf að gera í þeim efnum. Þessi mál verður áreiðanlega að taka til rækilegrar skoðunar á næstunni, og ég vil nú vona, að þó að ég hafi takmarkað traust á þessari hæstv. ríkisstj., þá muni hún reyna að sinna þeim málum meir á næstunni en gert hefur verið og styðja að því, að það verði gert stórátak í þeim efnum, því að það er ekki nokkur vafi á því, að það getur orðið landinu til mikils gagns. Það þarf að fá nýja menn, unga menn, til þess beinlínis að leggja sig eftir þeim málum og það þarf í sambandi við utanríkisþjónustu okkar að skipuleggja hana miklu meira en gert hefur verið miðað við markaðsleitina og markaðsöflunina. Ég veit, að ýmsir þeir mætu menn, sem eru starfandi í utanríkisþjónustunni, hafa reynt að sinna þessum efnum, en þeir eru kannske sumir hverjir ekki þannig staðsettir, að þeir geti unnið að þeim eins og þyrfti að vera og í annan stað eru þeir, a. m. k. í fæstum tilfellum, nokkrir sérkunnáttumenn í viðskiptamálum, en það þyrftu einmitt að vera ungir menn með viðskiptafræði- og hagfræðimenntun og þekkingu á þeim vörum, sem við höfum að bjóða, sem legðu sig alveg sérstaklega eftir þessum málum á næstunni. Og ég er alveg sannfærður um það, að sá kostnaður, sem í þetta yrði lagður, mundi borga sig á stuttum tíma.

Þá leggjum við áherzlu á, að það verði tekin upp skipuleg fjárfestingarstjórn og áætlunarbúskapur. Ég vil enn fremur leggja áherzlu á það, að það sé látin fram fara rækileg endurskoðun á ýmissi þjónustustarfsemi við framleiðsluatvinnuvegina. Ég nefni í því sambandi t. d. tryggingarnar. Við vitum það vel, og við höfum kynnst því í þessari hv. d., að þau mál eru langt frá því að vera í því lagi, sem þau ættu að vera, og enn hefur ekki tekizt að kippa þeim málum í lag. Enn dregur Vátryggingarsjóður fiskiskipa á eftir sér stóran og vaxandi skuldahala. Það er áreiðanlega hægt að gera ráðstafanir í þeim efnum, sem gætu sparað þessum atvinnuvegum stórmikið fé og þannig er það á ýmsum öðrum sviðum, t. d. varðandi olíudreifinguna, olíusöluna og margt fleira.

Þá held ég, að ýmsar tekjuöflunarleiðir ríkissjóðs þurfi endurskoðunar við og þá með það sérstaklega fyrir augum, að ýmiss konar óþarfa eyðslu, sem svo má kalla, þó að það sé nú að vísu alltaf teygjanlegt, hvað kallað er óþarfa eyðsla, mætti skattleggja miklu meir en nú er gert. En lífsnauðsynjum fólksins ætti aftur á móti að hlífa eftir því, sem kostur er. Það er auðvitað nauðsyn í sambandi við alla skattheimtuna, eins og kunnugt er, að skatteftirlitið sé hert og að því sé fylgt eftir, að menn komist ekki upp með það að svíkja undan skatti. Það er vægast sagt andstyggilegt framferði og fordæmanlegt siðferði, sem býr því að baki, því að það leiðir til ranglætis, því að þá verða aðrir að borga skattana fyrir þá, sem svíkja undan. En því miður held ég, að það verði að horfast í augu við það, að þessi mál hafa ekki verið í því lagi, sem æskilegt er.

Þegar svo árar sem nú, er það auðvitað nauðsynlegt, að öll útþensla í rekstri ríkisins sé stöðvuð og þegar farið er fram á það að leggja byrðar á allan almenning í landinu, verður auðvitað ekki með nokkurri sanngirni komizt hjá því að lækka rekstrarútgjöld ríkisins.

Ég hygg, að vandamál fjárfestingarsjóðanna og fjárþörf þeirra verði eins og sakir standa að leysa að verulegu leyti með lánum og þá fyrst og fremst á þann veg, að bankakerfið verði að leggja fé til þeirra sjóða, en þó gæti verið réttlætanlegt eftir atvikum að leita einhverra erlendra lána til slíkra framkvæmda, sem þar gæti verið um að ræða.

Þegar þessar ráðstafanir, sem ég hef hér drepið á, hefðu verið gerðar, ætti að koma til athugunar og hefði átt að koma til athugunar, að okkar dómi, hverjar frekari ráðstafanir hefði þurft til þess að koma atvinnuvegunum á rekstrarhæfan grundvöll, rétta við hag ríkissjóðs og bæta viðskiptahallann út á við. Ég geri mér ekki vonir um það, eins og ég hef áður sagt, að þessar ráðstafanir hefðu leyst allan vandann í þessu efni, þess vegna hefði það komið til skoðunar, hvaða frekari aðgerð hefði þar þurft til. Og þá hefðu auðvitað getað komið til greina ýmsir valkostir eins og minnzt hefur verið áður á, gengisbreyting, uppbótarleið eða niðurfærsla. Ég skal engan dóm á það leggja, hver þessara leiða hefði verið hagkvæmust, en ég hefði viljað velja leiðina út frá því sjónarmiði, sem ég drap á snemma í mínu máli, út frá því sjónarmiði, hver legði minnstar byrðar á og hver hefði minnsta kjararöskun í för með sér. En það vil ég taka skýrt fram, að það lá aldrei fyrir í þeim viðtölum, sem fóru fram á milli stjórnmálaflokkanna. Af hálfu sérfræðinga, sem unnu fyrir þá viðræðunefnd, var aldrei lögð fram nein greinargerð um þessar mismunandi leiðir og kom því ekki til álita þar að meta það, hverjar af þessum leiðum bæri helzt að velja.

Hæstv. ríkisstj. hefur valið gengislækkunarleiðina. Hún hefur valið þá gengislækkun, sem hér liggur nú fyrir, sem er stórkostleg gengislækkun, og það er, eins og minnzt hefur verið á, fjórða gengislækkunin, sem þessi hæstv. ríkisstj. stofnar til á sínum valdaferli. Þegar hún tók til starfa, var skráð gengi á Bandaríkjadollar 16.32 kr., en eftir þessa gengislækkun er verðið á honum 88 kr. Að sjálfsögðu er rétt að geta þess, að hið skráða gengi 1960, þegar stjórnin tók við, var ekki fullkomlega rétt vegna þess, að þá giltu sérstök yfirfærslugjöld, sem ég skal ekki segja, hversu miklu hafa numið, en það er augljóst mál, að þessi þróun eða þessar stökkbreytingar, sem átt hafa sér stað í gengismálunum

á valdatíma þessarar stjórnar hafa verið mjög miklar, þar sem hinu skráða gengi var breytt 1960, þannig að dollarinn var þá færður úr 16.32 kr. upp í 38.10 kr. og næsta ár var hann svo færður upp í 43.06 og í fyrra var hann svo færður upp í 57.07 og nú á hann svo að verða 88 kr. Það þarf hér ekki að fara að eyða orðum að því, hverjar verkanir gengislækkun hefur. Það vita allir, að hún er tilfærsla, að hún færir frá einum yfir til annars. Hún færir fyrst og fremst frá launamönnum og leggur byrðar á þá. Hér er að sjálfsögðu um geysilega kjararýrnun að ræða. Það blandast engum hugur um það. Það er talið, að þegar verkanir hennar allar eru komnar fram, þá muni hún valda hækkun víst upp á 15 eða jafnvel frá 15 og upp í 20 vísitölustig. Það er ekkert smáræði. Það er alveg auðvitað mál, að þessi stórkostlega gengislækkun hlýtur að koma af stað nýrri verðhækkunaröldu. Þá verðhækkunaröldu og þá kjararöskun, sem hún hefur í för með sér, er mönnum, öllum launþegum, hvort sem þeir hafa há laun eða litlar tekjur, ætlað að taka á sig án þess að nokkur kauphækkun komi til greina, þar sem það er boðað, að vísitalan verði bundin og gildandi kjarasamningar verði þannig í raun og veru felldir úr gildi. Það þarf nú ekki, held ég, mikinn spámann til þess að spá því, að vinnufriður muni ekki verða mikill hér á landi, eftir að þessar ráðstafanir hafa verið gerðar. Það er ákaflega hætt við því, að þessi gengislækkun verði eins og fyrri gengislækkanir fljót að renna út í sandinn. Og það er nú líka svo í sambandi við þessar gengislækkanir, að gengislækkun er náttúrlega aldrei neitt bjargráð út af fyrir sig, gengislækkun er alltaf neyðarúrræði. Hún getur þó verið óhjákvæmilegt neyðarúrræði. Þannig getur staðið á. Hún er aldrei neitt einfalt mál. Hún er ekkert einfalt mál að þessu sinni heldur, vegna þess að þó að sé talað um það, að með henni sé fært svo og svo mikið til og þá fært til útflutningsatvinnuveganna, þá er þess að gæta, að þar kemur margt til greina, fyrst og fremst það, að kostnaðarhluti sjávarútvegsins er að svo verulegu leyti í erlendum gjaldeyri, að það er talið, að þeir kostnaðarliðir muni jafnvel nema upp undir ⅓ af öllum kostnaði hans. Og sjá menn þá í hendi, að hann getur ekki haft hag af gengislækkuninni að því leyti til. Í annan stað er það svo, eins og hæstv. forsrh. benti hér á, að að því er útgerðina varðar eru hásetar þar upp á hlut, og því næst ekki sá hagnaður útgerðinni til handa, sem til er ætlazt með þessari aðgerð, nema kjör hlutasjómanna séu með einhverjum hætti skert. Þá er það ekki lítið vandamál. að mörg af þessum fyrirtækjum, sem á að bjarga með gengislækkuninni, og þá sérstaklega útgerðin, skulda geysifé í erlendum gjaldeyri, og það er t. d. ekkert vafamál, að skuldir vegna skipa og báta hækka sennilega vegna þessara aðgerða nú um 350 millj. kr. Það er ekkert smáræði, sem greiðslubyrði þeirra eykst við það. Þetta eru vandamál, sem gengislækkunin skapar, og sannleikurinn er sá, að það hefur mikið til síns máls, að gengislækkun ein út af fyrir sig og óstudd af öðrum nauðsynlegum hliðarráðstöfunum, skapi kannske fleiri vandamál en hún leysir.

Ég held, að þegar litið er til reynslunnar og hvernig hefur farið um þær gengislækkanir, sem hæstv. ríkisstj. hefur áður beitt sér fyrir, þá muni sú ályktun ekki fjarri, að þessi gengislækkun muni renna út í sandinn. Til hennar er stofnað með þeim hætti. Það er stofnað til hennar án alls samráðs við launþegasamtökin, eins og drepið var á af síðasta ræðumanni, og þess vegna hætt við því, að ófriður muni skapast á vinnumarkaðinum innan tíðar og kauphækkanir muni koma til greina, enda er það náttúrlega svo, eins og hann sagði, og það sér hver maður, að þeir, sem lægst laun hafa, þeir, sem hafa tekjur upp á 120—130 þús. á ári, eru ekki færir um að taka á sig neinar viðbótarbyrðar. Ég held, að þessar stéttir, sem þarna eiga mikið í húfi, hafi ekki nægilegt traust á hæstv. ríkisstj. og hæstv. ríkisstj. hefur ekki til þessa gert þær hliðarráðstafanir, sem nauðsynlega ættu að fylgja gengislækkun og nauðsynlega þurfa að fylgja gengislækkun, og óákveðnar yfirlýsingar um visst hagræði í því sambandi duga ekki til. Ég held þess vegna, að það hefði verið nauðsyn að skapa breiðari grundvöll undir ríkisstj., og það hefði verið æskilegt, ef þess hefði verið nokkur kostur, að mynda stjórn allra flokka. Og það er mín skoðun, að sú stjórn hefði haft meiri möguleika til þess að koma þessum málum öllum á viðunandi grundvöll, af því að hún hefði haft mun víðtækara og meira traust heldur en núverandi stjórn hefur. En til þess að slíkt hefði getað átt sér stað, hefði núverandi ríkisstj. auðvitað þurft að segja af sér. Það hefði þurft að mynda nýja stjórn og síðan hefði sú nýja stjórn, stjórn allra flokka, þurft að taka upp viðræður við stéttasamtökin og reyna að leita samstarfs við þau og glæða skilning þeirra á þeim ráðstöfunum, sem nauðsynlegar væru taldar og reyna að öðru leyti að koma til móts við þau og sýna þeirra viðhorfum fullan skilning. Þessi leið hefur því miður ekki verið farin, og ég óttast það, að það eigi eftir að verða þjóðinni dýrt, því að það er alveg augljóst mál, að ef þessi ráðstöfun mistekst með sama hætti eins og hinar fyrri sömu tegundar, þá verður það til þess, að vandamálin verða innan tíðar miklu óviðráðanlegri en þau hafa verið áður. Ég held þess vegna, að þessi gengislækkun, eins og til hennar er stofnað, sé fullkomið glæfraspil. Ég held, að það hefði þurft að eiga sér stað hér alger stefnubreyting í grundvallaratriðum, og ég harma það, að núverandi ríkisstj. skyldi ekki sýna skilning á því atriði, vegna þess að það liggur fyrir, og þýðir ekki að vera að stangast á við reynsluna og staðreyndir í því efni, hvert stefna hennar hefur leitt. Staðreyndirnar, sem við blasa nú, sýna það, þó að þar komi að vísu fleira til, eins og ég hef líka drepið á. Vegna þess hvernig til þessarar ráðstöfunar er stofnað, þá munum við ekki fylgja þessu frv., sem hér liggur fyrir.

Tómas Árnason: Herra forseti. Eins og öllum er kunnugt, tók núv. ríkisstj. við völdum í landinu seinni hluta árs 1959 og skömmu síðar, eða 19. febr. 1960, framkvæmdi hún sína fyrstu gengislækkun. Var hún afgreidd með lögum frá Alþingi þann dag. Áður hafði gengi íslenzkrar krónu gagnvart Bandaríkjadollar numið 16.32 kr. og var nú lækkað niður í 38 kr. Eins og tekið hefur verið fram af öðrum hv. ræðumanni, er þess þó að geta, að þá var í gildi allvíðtækt uppbótarfyrirkomulag, sem auðvitað þýddi það, að raunverulegt gengi krónunnar, 16.32 kr., gagnvart Bandaríkjadollar var ekki alls kostar rétt. Þetta er skylt að taka fram. Þann 1. ágúst 1961 setti ríkisstj. brbl., sem ákváðu, að

vald Alþingis til að ákveða gengi krónunnar væri tekið af því og afhent Seðlabankanum. Þetta var í sjálfu sér e. t. v. ekkert óeðlileg ráðstöfun með hliðsjón af því, hvernig þessum málum er komið fyrir hjá mörgum öðrum þjóðum, en hún var óvenjuleg að því leyti til, að hún skyldi gerð með brbl., án þess að Alþingi fengi tækifæri til þess að fjalla um það mál á annan hátt en þann að standa frammi fyrir gerðum hlut.

Nokkrum dögum síðar, eða 4. ágúst 1961, lét svo ríkisstj. Seðlabankann ákveða lækkun á gengi íslenzkrar krónu, sem svaraði til rúmlega 13% hækkunar á söluverði erlends gjaldeyris, en lækkunin varð rúmlega 11% frá því gengi, sem var í gildi. Hið nýja stofngengi gagnvart dollar var þá ákveðið 43 kr. Var það önnur gengislækkun núv. ríkisstj.

Þriðja gengislækkunin var svo gerð, eins og kunnugt er, í nóvembermánuði 1967, og var þá gengi íslenzku krónunnar gagnvart dollar lækkað um 24.6%, og stofngengið var þá ákveðið 57 kr. Var þetta þriðja gengislækkun núv. stjórnarflokka.

Og nú er hér til umr. frv. til l. um ráðstafanir vegna ákvörðunar Seðlabanka Íslands um nýtt gengi íslenzkrar krónu, sem ríkisstj. hefur auðvitað beitt sér fyrir. Þessi þróun í gengismálum þjóðarinnar á undanförnum árum frá 16.32 kr. upp í 38 kr., síðan upp í 43 kr., upp í 57 kr. og nú síðast upp í 88.10 kr., segir auðvitað sína sögu um það, sem verið hefur að gerast í íslenzkum efnahagsmálum á undanförnum árum. En það var í upphafi höfuðmarkmið viðreisnarstjórnarinnar að stöðva verðbólguna. Á gamlaárskvöld 1960 sagði forsrh. þáverandi í ávarpi til þjóðarinnar, að framundan væri tímabil stöðugs verðlags og um áramótin 1962 og 1963 sagði hann: „Takist ekki að sigrast á verðbólgunni, gleypir hún fyrr eða síðar ávexti þess, sem bezt hefur tekizt. Er þá unnið fyrir gýg og beinn voði fyrir höndum."

Hvernig hefur þetta grundvallaratriði viðreisnarstefnunnar gengið til? Um það talar sagan í gengismálunum skýrast. Við í Framsfl. höfum haldið uppi harðri gagnrýni á stjórnarstefnuna frá upphafi. Við höfum talið, að ríkisstj. hafi ekki stjórnað. Hún hafi látið undir höfuð leggjast að stjórna, og það er bjargföst sannfæring okkar, að núverandi stjórnarstefna henti ekki íslenzkum aðstæðum og íslenzku atvinnulífi. Ef litið er á þetta 9 ára tímabil og athugað um aflabrögð og árferði mætti segja, að tímabilið til ársins 1966 hafi verið frábærlega hagstætt. Síðan hefur aftur, eins og kunnugt er, sigið á ógæfuhlið og þjóðfélagið hefur orðið fyrir áföllum vegna verðfalls á útflutningsafurðum, minnkandi aflabragða og að sumu leyti erfiðs árferðis. Um þetta vil ég ekki deila. En þess er þó að geta í þessu sambandi, að árin 1965 og 1966 voru sérstæð að því leyti til, að þá var einstæður afli og alveg ágætt viðskiptaárferði gagnvart útlöndum.

En þetta er ekkert nýtt í íslenzku efnahagslífi. Auðvitað hafa orðið stórar sveiflur til eða frá. Það er ekkert nýtt og síður en svo, að Íslendingar verði að búa við margs konar sveiflur í sambandi við árferði, aflabrögð og viðskiptakjör gagnvart útlöndum. Áróður stjórnmálaflokkanna hefur verið með ýmsum hætti í þessu sambandi. Ég man t. d. vel eftir því, að Morgunblaðið hefur oft skrifað um stjórnina frá 1934—1937 og talið hana mikla eymdar- og kreppustjórn. En ég man aldrei eftir því, að Morgunblaðið hafi minnzt á það, þegar það skrifar um þá stjórn, að þá var heimskreppa, og þá var verð á útflutningsafurðum þjóðarinnar gífurlega lágt, eins og kunnugt er, og aflaleysi með eindæmum meira og minna um landið. Þess vegna verður auðvitað ríkisstj. að sætta sig við það, að hún sé minnt á það, þegar stórfelldar ráðstafanir eru gerðar í efnahagsmálum, eins og nú er, að árferði undanfarinna ára yfirleitt, aflabrögð og viðskiptakjör hafa verið góð, þó að þau hafi verið misjafnlega góð á þessu tímabili. En þegar litið er til þess, hve sérstaklega árin 1965 og 1966 voru Íslendingum hagstæð, þá undrast menn það, hvernig á því standi, að atvinnuvegir þjóðarinnar skuli eftir svo mikið samfellt góðæristímabil ekki vera betur undir það búnir, en raun ber vitni að mæta þeim erfiðleikum, sem að steðja. Um þetta hefur verið rætt fram og til baka, og við höfum lagt á það áherzlu, að ein af ástæðunum fyrir hinum miklu erfiðleikum sé röng stjórnarstefna.

Þegar Alþ. kom saman haustið 1967 þá var öllum ljóst, að staða atvinnuveganna var mjög tvísýn og versnandi. Stöðvun útgerðarinnar og fiskvinnslustöðva blasti þá við, bændur horfðu þá fram á versnandi kjör og sama má segja um iðnaðinn. Það mætti orða það svo, að þá hafi brostið hin svo kallaða verðstöðvun, sem ríkisstj. kom á yfir kosningarnar vorið 1967. Það varð að afla mikilla viðbótartekna, ekki minna en 750—800 millj. kr., til að koma í veg fyrir stórkostlegan halla á ríkissjóði, til þess m. a. að greiða verðstöðvunina. Og ekkert af þeirri tekjuöflun fór til atvinnuveganna, flóðgarðurinn brast, verðstöðvunin var raunverulega aldrei annað en stífla. Hún var í raun og veru svipuð því, ef reynt væri að stífla á. Það hlýtur að koma að því, að stíflugarðurinn brestur. Stuttu síðar kom svo gengislækkunin, eins og allir muna, um 25%. Lagaákvæði um verðtryggingu launa voru felld úr gildi, þrátt fyrir aðvaranir launþegasamtakanna og stjórnarandstöðu. Eftir áramótin, eða fyrst á þessu ári, var ljóst, að vandi atvinnuveganna var óleystur, þrátt fyrir gengislækkunina í nóv. á s. l. ári. Útgerðarmennirnir vildu ekki hefja róðra, nema þeir fengju hærra verð fyrir fiskinn, og fiskvinnslustöðvarnar vildu ekki taka til starfa, nema þær fengju fiskinn á lægra verði. Ríkisstj. hét atvinnuvegunum nýrri aðstoð, sem kostaði 3—4 hundruð millj. kr. Ég hygg, að það sé einsdæmi í íslenzkum efnahagsmálum, að það hafi þurft að grípa til svo stórkostlegra aðgerða við undirstöðuatvinnuvegi þjóðarinnar svo stuttu eftir, að gengislækkun hefur verið framkvæmd. Og menn spurðu strax eftir þessar ráðstafanir. Hvenær kemur næsta gengisfelling? Það var svo snemma á þessu ári, sem menn voru almennt farnir að spyrja hver annan, hvenær kemur næsta gengislækkun? Og það er enginn vafi á því, að hræðsla manna við nýja gengislækkun fór að gera vart við sig snemma á þessu ári og hefur vaxið, eftir því sem tíminn hefur liðið.

Þegar fjárl. voru afgreidd á síðasta þ. þá hét ríkisstj. því að skila aftur 250 millj. kr. af tolltekjuauka ríkissjóðs, til að draga úr kjaraskerðingaráhrifum gengisfallsins. Þetta urðu aldrei nema um 150 millj. í framkvæmdinni. En á þinginu í fyrravetur, eftir áramótin, komu í ljós ýmis fleiri vandkvæði í sambandi við efna-

hagsmál og fjármál. Það kom t. d. í ljós, að fjármál vegasjóðs voru komin í algjört þrot. Skuldir vegna vegaframkvæmda voru orðnar 3—400 millj. kr. Nýbyggingar vega á þessu ári voru ákveðnar 57 millj., samkvæmt vegamálaáætlun, en afborganir og vextir af lánum, sem þegar hafa verið tekin til vegaframkvæmda, nema um 60 millj. kr. á þessu ári. Og þá greip ríkisstj. til þess ráðs að leggja á stórfelldar álögur á umferðina, m. a. hækkun á benzínskatti og fleira. Enginn vafi er á því, að þessar ráðstafanir, sem áttu að gefa 109 millj. króna tekjur á þessu ári, en um 160 millj. kr. á heilu ári, hafa farið talsvert út í verðlagið almennt.

Rétt fyrir páskana kom nýr vanskilahafi upp úr kafinu. Það var nær því 100 millj. kr. halli á Vátryggingarsjóði fiskiskipa á árinu 1967 og mundi verða að óbreyttu yfir 100 millj. á þessu ári. Ríkisstj. greip þá til þess ráðs að hækka útflutningsgjald á saltsíld, sem mun nema um 42 millj. kr. Um 50—60 millj. kr. komu úr gengishagnaðarsjóði frá því seinasta gengislækkun var gerð. Um 60—70 millj. ætlaði ríkisstjórnin að ýta á undan sér. Það er engin launung á því, að skuldahali hins opinbera hefur farið vaxandi, og má nefna í því sambandi t. d. sjúkrahúsbyggingar, skólabyggingar, hafnarframkvæmdir, vegamál, félagsheimili o. m. fl. Nema þessar skuldir nú mörgum hundruðum millj. króna. En eitt er víst, að einhverjir þurfa einhvern tíma að greiða þessar skuldir.

Ég hef rakið þessa sögu til þess að leggja áherzlu á það, að ráðstafanir ríkisstj. síðasta ár hafa einkennzt í raun og veru af varnarráðstöfunum, sem flestar hafa komið of seint til og fengið of litlu áorkað. Ef þróunin í gjaldeyrismálum þjóðarinnar er athuguð, hefur hún verið hrikaleg á undanförnum mánuðum. Það er enginn vafi á því, að ríkisstj. hefur gripið alltof seint í taumana í þessum efnum. Gífurleg gjaldeyriseyðsla og óþarfur innflutningur hafa mjög aukið á þessa óheillaþróun, og nú eru gjaldeyrisskuldir þjóðarinnar taldar um 9 milljarðar kr. Um síðustu áramót var notað lánsfé fastra lána 6½ milljarður, en ónotað lánsfé en umsamið um 1.3 milljarður, eða samtals tæplega 8 milljarðar. Lausaskuldir erlendar nema nú ca. 800—900 milljónum kr., þannig að samtals nema skuldir landsins út á við nær 9 milljörðum króna. Greiðslubyrðin er nú ca. 15% af útflutningstekjum, sem lætur nærri að séu um 9 milljarðar. Greiðslubyrðin hefur verið áætluð fyrir árið 1969 um 1350 millj. kr., og mun verða á hinu nýja gengi um 2 milljarðar. Auðvitað er fyllsta ástæða til þess að vara við svo gífurlegri skuldasöfnun við útlönd. Ég er nú ekki svo fróður, að ég viti, hvað talið er vera eðlilegt í þessum efnum, en ég er sannfærður um það, að við teflum talsvert tæpt eins og nú er komið.

Halli á greiðslu við útlönd getur stafað af ýmsu. Hann getur m. a. stafað af því, að þjóðin notar of mikið til neyzlu og fjárfestingar og að orsakanna sé að leita af innlendum rótum, m. a. af óstjórn, — stjórnleysi, heildareftirspurn innanlands verði meiri en eðlilegt er, og við þetta myndist meiri eftirspurn eftir erlendri vöru og þjónustu, heldur en það, sem hægt er að kaupa fyrir útflutning þjóðarinnar og greiðslur frá útlöndum fyrir þjónustu. Svona þróun er auðvitað óæskileg og hættuleg. Henni er hægt að mæta með gjaldeyrisvarasjóði, eins og gert hefur verið, og með lántökum. Gjaldeyrisvarasjóðurinn, sem safnaðist á góðu árunum, er nú uppurinn, eins og upplýst hefur verið, og risaskuldir hafa hlaðizt upp. Þess er auðvitað skylt að geta, að ýms nytsöm tæki og búnaður hafa, sem betur fer, verið keypt til landsins á þessu tímabili, en skuldasúpan, 9 milljarðar króna, er óhuganlega mikil. Í sambandi við gengislækkunina, sem nú hefur verið gerð, vil ég taka undir það, sem hér hefur komið fram hjá öðrum, að menn óttast, að hún beri ekki tilætlaðan árangur. Ástæðan fyrir því, að menn óttast það, er sú reynsla, sem menn hafa haft af gengislækkunum núverandi ríkisstj., en þessi gengislækkun er byggð á sama grundvelli og aðrar þær gengislækkanir, sem núverandi ríkisstjórnarflokkar hafa staðið fyrir. Við óttumst, og teljum okkur hafa fulla ástæðu til þess, að með óbreyttri stefnu í efnahagsmálum að öðru leyti, renni þessi gengislækkun út í sandinn, eins og hinar fyrri. Ef á að meta ríkisstjórnina og störf hennar, mætti kannske segja, að bezti mælikvarðinn á stjórnarstefnuna væri sá, að þrátt fyrir meðalárferði, bæði hvað snertir viðskiptakjör og aflabrögð, er gífurlegur glundroði í efnahagslífi þjóðarinnar. Það hefur verið kvartað yfir því, að það sé erfitt að stjórna í góðæri. Það getur þurft að rifa seglin eða sigla með varúð í góðum byr. Það er kannske að sumu leyti dálítið erfitt að stjórna í góðæri, ef menn sleppa öllum skynsamlegum tökum. En ég hygg, að það sé nú ekki fært fyrir ríkisstjórn að kvarta undan góðærinu. Það hefur komið fram, t. d. í dag, að það er beinlínis kvartað undan góðæri, það sé ómögulegt að stjórna í góðæri, góðærið hafi sett allt úr skorðum. Þetta er nú að sumu leyti dálítið broslegt.

Ég hygg, að stjórnin hafi glatað því trausti, sem henni tókst að halda í seinustu kosningum. Henni tókst að halda nægilegu trausti í seinustu kosningum. Hún fékk meiri hl., eins og kunnugt er. En ég er sannfærður um það, að þegar við í Framsfl. vorum ásakaðir fyrir að vera bölsýnismenn í kosningunum, fyrir það að vera hrunstefnumenn, fyrir það að vera með barlómsvæl o.s. frv., þá álít ég, að ríkisstjórnarflokkarnir hafi með sínum áróðri verið að blekkja þjóðina að því leyti til, að þeir hafi komið þjóðinni til þess að trúa því, að ástand efnahagsmálanna væri í raun og veru miklu hagstæðara og traustara og betra heldur en raun var á. Ég er þess vegna þeirrar skoðunar, að þó að ríkisstjórnin hafi fengið meiri hl. í seinustu kosningum og þar með sitt traust, hafi hún nú glatað því trausti. Ég er raunar sannfærður um það, að ef hún gengi nú til kosninga, mundi hún ekki halda meiri hl. sínum. Það hafa raunverulega fáir trú á því, að ríkisstjórninni takist að gera það, sem gera þarf nú í íslenzkum efnahagsmálum. Þessar stórfelldu ráðstafanir ríkisstj. reisa vafalaust öldur meðal launþega í landinu, og það er allt á huldu um viðbrögð verkalýðshreyfingarinnar og engin trygging er fyrir vinnufriði. Sennilegt er, að þessar ráðstafanir renni út í sandinn eins og fyrri ráðstafanir ríkisstj., af því að þær eru reistar á sama grunni og áður. Reynslan bendir ótvírætt til þess. Það hefur verið reiknað út, að ríkisstjórnin hafi hækkað verð á erlendum gjaldeyri um 441,3%, síðan hún tók við völdum. Er ekki nóg komið? Ég hygg, að það verði margir, sem telji, að nóg sé komið af svo góðu og vilji,

að ríkisstjórnin fari frá völdum og reynt verði að ná breiðara samstarfi um traustari efnahagsráðstafanir heldur en hér er stofnað til. Og þess vegna held ég, að það sé ríkisstj. fyrir beztu og þjóðinni fyrir beztu, að hún fari frá völdum sem allra fyrst.

Gils Guðmundsson: Herra forseti. Ég ætla nú ekki að *ræða hér um efnahagsmálin almennt, enda þótt full* ástæða sé til í sambandi við það mál, sem hér er til umræðu. En hvort tveggja er, að það hefur nú verið gert rækilega af öðrum ræðumönnum og er nú orðið áliðið nætur, svo að ég mun ekki fara að ræða efnahagsvandann í heild.

En ég tel ástæðu til að minnast á eitt atriði sérstaklega, þó að það sé nú raunar svo, að þegar um stórfellda gengisbreytingu er að ræða, veldur hún að sjálfsögðu verulegri röskun hjá mörgum þjóðfélagsþegni og mörgum einstökum hópum innan þjóðfélagsins. En þó hygg ég, að það sé einn hópur manna, sem mikil gengisfelling kemur ef til vill meira við heldur en flesta aðra, hún raskar högum ákveðins hóp meira en flestra annarra, og þá á ég við þá námsmenn, sem stunda nám sitt erlendis og eru í mjög mörgum tilfellum að berjast við það, ásamt vandamönnum sínum, að halda áfram eða ljúka námi, sem þeir hafa þegar lagt í mörg ár ævi sinnar og alla sína fjármuni og gjarnan fjármuni venzlamanna sinna í ríkum mæli.

Það er viðurkennt af öllum nú, að ég hygg, að ein af undirstöðum nútímaþjóðlífs er það, að um sé að ræða vel menntaða menn, vaxandi fjölda vel menntaðra manna, manna, sem hafa yfir margvíslegri þekkingu að ráða á ýmsum sviðum. Og því er ekki að leyna, að við verðum enn um sinn að sækja þessa menntun og þekkingu í töluvert ríkum mæli til annarra landa, annars er ekki kostur enn sem komið er. Æðri skólar hér á landi og framhaldsskólar ýmsir fullnægja okkur ekki í þessu efni, og það tekur vissulega sinn tíma að breyta þessu. Við höfum þess vegna orðið, og verðum enn um sinn, að sækja allverulegan hluta af hinni æðri menntun til annarra landa og það væri þess vegna mjög mikið óheillaspor, ef ákvörðun eins og gengisfelling yrði nú mjög erfiður þröskuldur á vegi þeirra manna, sem eru að leita sér þessarar nauðsynlegu þekkingar og menntunar erlendis.

Ég held, að það sé ekki ofmælt, að gengisfellingin í fyrra hafi orðið ýmsum námsmanni og aðstandendum námsmanna nokkuð þung í skauti. Þá var íslenzkum námsmönnum erlendis að vísu veitt sú fyrirgreiðsla, að framlag ríkissjóðs til lánasjóðs námsmanna var hækkað nokkuð, vegna gengisfellingarinnar þá, eða eitthvað nálægt því, sem gengisbreytingunni nam á þann hluta námskostnaðarins, sem hið opinbera hefur lánað fé til. En nú er þess að gæta, að þetta lánsfé, sem ríkið hefur veitt með tiltölulega góðum kjörum, er yfirleitt ekki nema einn þriðji eða í hæsta lagi 2/5 hlutar námskostnaðar, eins og hann hefur verið undanfarin ár, og hækkun námskostnaðarins að öðru leyti er allt að 2/3 hlutum í ýmsum tilfellum. Þessa hækkun námskostnaðar urðu námsmenn á s. l. hausti að þola algerlega bótalaust. Þetta veit ég, að hefur reynzt mjög örðugt fyrir marga, og í fyrra skeði þetta jafnhliða minnkandi tekjumöguleikum námsmanna og raunar ýmissa vandamanna þeirra einnig. Nú vil ég spyrja, ef einhver hæstv. ráðh. heyrir mál mitt. Hvert verður hlutskipti þeirra mörgu námsmanna, sem stunda nám við erlenda skóla? Hvert verður það nú í sambandi við þá stórfelldu gengisfellingu, sem nú hefur verið ákveðin?

Ég hef ekki nákvæmar tölur um fjölda þessara manna, námsmanna, sem segja má að séu í alvarlegu og nauðsynlegu námi, bæði háskólanámi og ýmsu öðru framhaldsnámi, tækninámi o. s. frv., en hygg, að það sé ekki mjög fjarri, að þeir séu að minnsta kosti um 700, sennilega fremur fleiri en færri. Ekki tel ég ólíklegt, að námskostnaður að meðaltali hafi verið fyrir þessa gengisfellingu að minnsta kosti 100 þús. kr. á námsmann á ári, sennilega nokkuð hærri. Þarna er þá um að ræða 70 milljónir, ef maður gerir ráð fyrir, að námsmennirnir séu 700. Nú virðist mér, að þessi upphæð hækki í íslenzkum krónum úr ca. 70 milljónum í 107—108 millj. kr. Þetta yrði vitanlega gífurlegt áfall fyrir námsmennina og fyrir aðstandendur þeirra þá, sem reyna að hjálpa þeim til þess að kljúfa hinn mikla námskostnað.

Ég vil aðeins taka dæmi. Að ef að svo færi nú, sem mér þætti nú ef til vill ekki ólíklegt, að hæstv. ríkisstj. gleymdi ekki námsmönnunum alveg heldur leiðrétti þeirra mál á svipaðan hátt og í fyrra, þ. e. a. s., að hún hækkaði eitthvað þann hluta námskostnaðar, sem ríkissjóður lánar til, en léti hitt eiga sig, þá kæmi dæmi, sem ekki er fjarri lagi, einhvern veginn þannig út: Að námskostnaður, sem hefur verið 100 þús. kr. á s. l. ári, ríkið hefur lagt þar fram fyrst og fremst með lánum úr lánasjóði væntanlega allt að 2/5 hlutum eða 40 þús. kr. þá hefur námsmaðurinn sjálfur eða vandamenn hans orðið að afla 60 þús. kr. Nú verður þessi upphæð eftir gengisfellinguna 154 þús. kr. Ef ríkið skyldi nú áfram lána 2/5 hluta námskostnaðar, ef framlag til lánasjóðsins skyldi hækka það, væri þar um að ræða 62 þús. kr. en sá hluti námskostnaðar, sem námsmaðurinn yrði sjálfur að afla fjár til, hækkaði þá úr 60 þús. kr. í 92 þús. kr.

Annað dæmi, sem einnig er nálægt veruleikanum, vildi ég nefna. Námskostnaður í öðru og dýrara landi hefur verið 120 þús. kr., lán frá ríkinu 1/3 hluti námskostnaðar eða 40 þús. kr., þessi námsmaður hefur sjálfur orðið að afla 80 þús. kr. Eftir gengisfellinguna nú verður námskostnaður þessa manns, sem áður var 120 þús. kr. á ári, að mér skilst, 186 þús. kr. Ef ríkið lánaði viðkomandi áfram 1/3 hluta námskostnaðar, væru það 62 þús. kr., en þá verður námsmaðurinn og vandamenn hans eftir gengisfellinguna að afla hvorki meira né minna heldur en 124 þús. kr. í stað 80 þús. áður.

Ég vil benda hv. ríkisstj. á þetta atriði. Þetta er ekki smátt mál fyrir þjóðarheildina, þó að það taki ekki til fleiri heldur en kannske 700 námsmanna. Það er stórmál, hvort að einhver verulegur hluti þessara manna, sem hefur verið að berjast við að kljúfa eða ljúka kannske löngum námsferli, — hvort verulegur hluti þessara manna verður hreinlega að gefast upp. Og ég tel, að á því sé mikil hætta, ef ekki verður verulega að gert í þeim hliðarráðstöfunum, sem væntanlega fylgja þessum gengismálum. Það er vitað, að tekjuöflun námsmanna hefur verið erfiðari að undanförnu heldur en á tímabili áður, og ég sé ekki annað en að ýmsir þeirra verði að hætta og hitt sé næstum því víst, að

öðrum, sem ætluðu sér og vildu fara utan til framhaldsnáms, sé leiðin algerlega lokuð, nema að verulegt tillit verði tekið til sérstöðu þessara manna, tillit tekið til þess, hversu gengisfellingin kemur harkalega við og raskar stórlega þeirra högum.

Ásgeir Bjarnason: Herra forseti. Fyrir 8 árum síðan kostaði dollarinn 16.26 ísl. kr., en á morgun kemur hann til með að kosta 88.10 kr., eða hann hefur hækkað í verði, þessi erlendi gjaldeyrir, í tíð núverandi stjórnar um 442%. Þá var viðreisnin hin svo nefnda að hefja innreið sína hér á landi. Ný stefna er mörkuð, sögðu stjórnarherrarnir, um leið og þeir tóku við völdum í landinu. Þetta voru fyrstu orðin í þeirri nýju biblíu, sem þeir voru að semja á þeim árum og sendu inn á hvert heimili í landinu. Þá átti að framkvæma algera kerfisbyltingu í efnahagslífi þjóðarinnar samhliða víðtækum ráðstöfunum í félagsmálum, skattamálum og viðskiptamálum. Þá var því lofað að skapa traustari, varanlegri og heilbrigðari grundvöll fyrir atvinnuvegi þjóðarinnar en nokkurn tíma hafði áður þekkzt. Bótakerfið átti að afnema. Það hefur samt sem áður verið sú hækjan, sem reist hefur verið við viðreisnina og ráðh., þegar hvort tveggja hefur riðað til falls, sem skeður nú ótt og títt, ekki sízt upp á síðkastið. Það kemur fyrir þótt árað hafi allvel, eins og á þessu tímabili, sérstaklega framan af þessu stjórnartímabili núv. hæstv. ríkisstj., að þurft hefur á hækjum að halda. Stjórnleysi á þessu 10 ára tímabili hefur verið meira en nokkurn tíma áður í sögu þjóðarinnar. Sívaxandi aflamagn samfara hækkandi verðlagi erlendis, hefur fallið í hlut landsmanna lengst af á þessum tíma. Þessi auðæfi og fjármunir, sem því hefur fylgt, hafa ekki fallið í hendur hygginna húsbænda, þannig að þeir sköpuðu þjóðinni meira atvinnuöryggi en áður var. Því miður ekki.

Það, sem blasir nú við hvert sem litið er, er atvinnuleysi og gjaldþrot atvinnuveganna og fyrirtækja atvinnulífsins. Ekki liggur neitt fyrir um það, hvað gert verður til þess að tryggja frystihúsunum rekstrarhæfan grundvöll eða útgerðinni eða hvernig gjaldeyris verður aflað, eða hvort hægt verður að afla gjaldeyris, enda þótt genginu sé breytt, því að ljóst er, að ýmislegt þarf að gera samhliða gengisbreytingunni, ef hún á að koma að nokkrum notum.

Ég vil minna á það, að þegar gengisbreytingin var framkvæmd fyrir ári síðan, var talið, að það mundi verða lyftistöng fyrir atvinnuvegina í landinu og ekki síður útflutningsvörur landbúnaðarins heldur en aðrar útflutningsgreinar í landinu. En staðreyndin er hins vegar sú, að innan landbúnaðarins verkaði gengisbreytingin síður en svo til bóta, því að hækkun á rekstrarkostnaði innanlands varð meiri heldur en hagnaðurinn hjá landbúnaðinum á útflutningsafurðunum. Ostur, sem var fluttur til Bandaríkjanna, hækkaði í verði um 7.20 kr. kg. Þar hækkaði reksturskostnaður innanlands í sambandi við þá framleiðslu um 10 kr., þannig að ekki var það hagnaður. Kjöt, sem flutt var á brezkan markað, hækkaði í verði um 7 kr. pr. kg, en verðhækkun aftur á móti innanlands í sambandi við framleiðsluna var um 10—12 kr. á kg. Það er því sýnilegt, að landbúnaðurinn hefur ekki grætt á gengisbreytingunni í fyrra og þannig mun það verða nú. Stofnlánadeild landbúnaðarins, sem stjórnarherrarnir þóttust vera búnir að koma á traustan grundvöll, býður með hverju ári, sem líður, hærri lán, sem háð eru gengisáhættu, en nokkurn tíma hefur áður þekkzt. Ekki verður það til þess að lækka verðlag eða efla fyrirtæki bænda, svo að ekki sé nú talað um efnahag bændanna sjálfra, sem margir hverjir verða að berjast í bökkum sakir verðbólgunnar og gengisbreytinganna frá undanförnum árum. Eða hvernig er það með vélakaupin til landbúnaðarins? Dráttarvél, sem kostaði fyrir 1 ári síðan 148 þús. kr., kemur til með að kosta nú eftir þessa gengisbreytingu 264 þús. kr. Hún hækkar um 116 þús. kr. við þær gengisbreytingar, sem orðið hafa á árinu eða nálægt því, sem bóndinn fær fyrir 100 dilka, sem hann leggur inn á þessu hausti. Hvaða áhrif hefur þetta á verðlagið? Það hlýtur að orsaka stórfelldar hækkanir. Sama máli gegnir um byggingarframkvæmdir allar, hvort heldur er í landbúnaði eða annars staðar. Einn nýlegur sjóður, sem hefur verið stofnaður hér á landi og kallaður er Lánasjóður sveitarfélaga, lánaði í fyrra eingöngu íslenzkt fjármagn, en í ár býður hann upp á lán, sem að hálfu leyti eru háð gengisáhættu. Hvernig er það fyrir fátæk sveitarfélög að taka lán til umbóta, þegar svo skammt er á milli gengisbreytinga, sem verið hefur nú í fyrra og aftur í ár? Má heita, að þau séu útilokuð frá því að taka lán til sinna framkvæmda hjá Lánasjóði sveitarfélaga með þessum kjörum, gengisáhættu, þó að ekki sé nema að hálfu leyti, og 9½% í vexti, auk þess sem lánstíminn er mjög stuttur. Þannig er það nú, að erlenda fjármagnið er að síast meira og minna inn í allar framkvæmdir í landinu, það er að síast inn í, og það kemur til með að síast meira með hverju ári, sem líður, inn í verðlagið og inn í afkomu hvers einasta einstaklings í landinu. Og er það illa farið, og höfum við Íslendingar þó talið okkur hafa allmikið af innlendu fjármagni, þar sem sparifjáreign landsmanna mun vera nálægt því um 11—12 milljarðar. En hún kemur kannske ekki til með að vega upp á móti erlendu skuldunum nú eftir þessa gengisbreytingu. Það væri fróðlegt að fá vitneskju um það við þessar umr., hvaða hliðarráðstafanir verða gerðar samhliða gengisbreytingunni. Verða almenn skuldaskil og breyting á lausaskuldum í föst lán hjá atvinnuvegum og fyrirtækjum þeirra? Verður sköttum létt af atvinnuvegum? Verður vaxtakjörum breytt? Verða fjárfestingarmál þjóðarinnar skipulögð með hagsmuni heildarinnar fyrir augum? Eða á sama sleifarlagið að vera áfram í þessum málum eins og verið hefur að undanförnu? Verður nokkur breyting á innflutnings- og gjaldeyrismálum þjóðarinnar?

Þetta væri allt gott að fá upplýsingar um og svör við, því aðeins getur gengisbreyting komið að einhverjum notum, að víðtækar hliðarráðstafanir verði gerðar, og það væri æskilegt, að þetta yrði upplýst nú við þessar umr., annað hvort við þessa umr. eða þær umr., sem eftir eiga að fara fram um þetta mál hér í deildinni.

Tómas Karlsson: Herra forseti. Það er greinilegt, að hæstv. ríkisstj. leggur mikið kapp á að afgreiða þetta mál, áður en dagur rís. Enn fremur er ljóst, að hæstv. forseti hefur metið þau rök gild, sem hafa verið færð fyrir því, að slíkan ofsahraða verði að hafa á afgreiðslu

þessa máls. Rök, sem réttlættu það fyllilega, að hv. þdm. fengju hvorki tóm né næði til að kanna þetta mál til hlítar og undirbúa sinn málflutning og væru þar að auki rændir nætursvefni. Ég tel, að þau rök, sem hæstv. forsrh. færði hér fyrir því, að æskilegt væri að hraða þessu máli svo mjög séu ekki fullnægjandi.

Það er nú svo, að hv. Alþ. er nú orðið nokkuð vant því nú hin síðustu ár, að fást við gengisfellingar núv. hæstv. ríkisstj. Það er ekki liðið ár síðan síðasta gengisfelling hæstv. ríkisstj. var gerð. Við síðustu gengisfellingu í fyrrahaust var öll gjaldeyrisafgreiðsla stöðvuð í heila viku, meðan verið var að reikna út fullkomnustu gengislækkun, sem gerð hafði verið á Íslandi, að sagt var. Hvers konar spákaupmennska og kaupæði ríkti þessa viku, á haustmánuðum í fyrra, viku, sem kölluð hefur verið gengisvikan. Og enginn vafi er á því, að sá dráttur þá, með kaupæðinu og spákaupmennskunni, sem drættinum fylgdi, varð til tjóns og dró úr bætandi áhrifum gengislækkunarinnar á efnahagslífið. Samt sem áður og þrátt fyrir þennan langa drátt, og stöðvun gjaldeyrissölu í heila viku, var Alþ. þó þá gefið tóm í tvo daga til að afgreiða algerlega hliðstætt frv. hér og hér er til umr. nú, algerlega hliðstætt frv. Það var gefinn einn dagur þó til afgreiðslu í hvorri þd. í fyrra. Nú liggur hins vegar lifið við, að því er virðist, þótt kaupæði hafi ríkt í landinu og hvers konar spákaupmennska blómstrað hátt á 3. mánuð og engra frekari tíðinda að vænta af því tagi meira en þegar er fram komið. Enn fremur hefur komið fram úr herbúðum ríkisstj. sjálfrar, að allur gjaldeyrir sé á þrotum og af þeirri ástæðu einni mætti vel gefa bönkunum eins dags tóm til að skrapa eitthvað saman í hina tómu sjóði, áður en þeir hæfu gjaldeyrissölu að nýju, því að sé það rétt, að enginn gjaldeyrir sem heitið geti sé til, hvað á þá að selja að morgni þessa dags eftir nokkra klukkutíma.

Eftir því, sem ég hef komizt næst, munu það hafa verið boð frá Seðlabankanum, að Alþ. skyldi afgreiða þetta mál á einum degi. Bankarnir auglýstu látlaust í allan dag, að gjaldeyrissalan skyldi hafin á nýju gengi á þessum morgni. Það er samkv. þeim boðum, að mér skilst, að hv. þdm. eru rændir svefni nú. Þessi boð munu formuð á þann veg, að það mundi vera bönkunum til álitshnekkis, út á við í viðskiptabönkum þeirra erlendis, ef hér getur ekki hafizt gjaldeyrissala eftir nokkrar klukkustundir. Ég hélt nú, að gengi íslenzkrar fjármálastjórnar og fjármálastofnana stæði ekki ýkjahátt um þessar mundir í erlendum bönkum. Það er því varla úr mjög háum söðli að detta í því sambandi. En er þetta ekki táknrænt um það, að hið háa Alþ. er orðið afgreiðslustofnun hæstv. ríkisstj. eða kannske öllu heldur afgreiðslustofnun sérfræðinga og embættismanna hæstv. ríkisstj.? Það eru þessi rök þeirra, sem hér hafa verið tekin gild, og er það ekki táknrænt líka, að þessir háttsettu sérfræðingar voru ekki einu sinni kallaðir til að svara spurningum þeim, sem hv. þm., er sæti eiga í fjhn. þessarar hv. d., vildu fá svör við, er fjhn. beggja deilda komu saman til stutts fundar í kvöld til að taka afstöðu til þessa máls? Það þykir sjálfsagt ekki fært að ónáða slíka herra á óguðlegum tímum, þó að þeir hafi sjálfsagt samið þetta frv., sem hér er til umr. En það er sjálfsagt að ræna hv. alþm. nætursvefni og bjóða þeim upp á þau vinnubrögð, sem hér hafa verið viðhöfð að boðum hinna háu herra. Það kann kannske að þykja nokkuð mikið í fang færzt af mér sem algerum nýgræðingi og grænjaxli hér að hefja jómfrúarræðu mína á hinu háa Alþ. með slíkum ákúrum eða að vera að steyta görn um framkvæmd þingstarfa. En ég leyfi mér að mótmæla þeirri ákvörðun hæstv. forseta að boða hér fund um miðja nótt, þegar enga nauðsyn rak til. Hæstv. forseta bar að standa vörð um virðingu þessarar hv. d. og gæta hagsmuna allra þdm., jafnt hv. þm. þeirra flokka, sem styðja hæstv. ríkisstj. sem hinna, sem eru í andstöðuflokkum hæstv. ríkisstj. Ég lýsi þessi vinnubrögð óhæfu, þar sem þau eru gersamlega ónauðsynleg og hæstv. forseti hefði vel getað ætlað þessari d. einn dag til afgreiðslu þessara mála, eins og hv. þd. fékk þó í fyrra undir hans stjórn við afgreiðslu á svo til nákvæmlega sams konar máli, og þá hafði þó verið stöðvuð gjaldeyrissala í heila viku í landinu áður, með miklu skaðvænlegri áhrifum á efnahagslífið en nú gæti verið um að ræða, þó að hún yrði stöðvuð í einn dag til viðbótar.

En hvað um það, afbrigði hafa verið hér samþykkt margföld og meiri hl. þessarar hv. d. er fús að fórna sér fyrir sína menn, þótt segja megi, að það, sem hér er um að ræða í þessu frv., sé beiðni um það, að menn skuli láta sem þeir hafi ekkert lært á því að reka sig á, þótt ekki sé liðið fullt ár síðan hv. þingmeirihl. samþykkti svona frv., nákvæmlega svona frv. með fram komnum afleiðingum. Kenningin er sem sagt þessi: Undir viðreisn rekum við okkur á til þess eins að reka okkur á aftur. Og því sitjum við nú hér, hv. þdm., árla morguns hinn 12. nóvember 1968.

Þegar hæstv. ríkisstj. fann, þegar leið að kosningunum 1967, að happa- og glappastefna hennar og stjórnleysi ásamt þeirri verðbólgu, sem óhjákvæmilega fylgir þessari stefnu, fann ekki lengur hljómgrunn með þjóðinni, var sett á svið hin vísindalega stöðvunarstefna, sem fullyrt var í kosningabaráttunni, að ekkert væri til fyrirstöðu að fylgja mætti fram um mörg ókomin ár. Stöðvunarstefnan var þó í því einu fólgin að stöðva sig rétt í bili í hrapinu, leyna með öllum tiltækum ráðum þeim vanda, sem þá var þegar orðinn í efnahagslífinu og fyrirsjáanlegt var, að fara mundi vaxandi að óbreyttri stefnu, en stöðvunarstefnunni var ekki ætlað annað en blekkja þjóðina til að framlengja umboð hæstv. ríkisstj. enn um 4 ár. Og þessi sviðsetning tókst. En vandanum var ekki unnt að leyna lengi eftir kosningar. Unnt hefði þó verið að leysa vandann við rétt vinnubrögð með tiltölulega litlum fórnum fyrir þjóðina, ef reynt hefði verið að komast fyrir rætur meinsins í tíma. En það var ekki gert, heldur látið reka á reiðanum allt sumarið 1967, enda fannst víst ríkisstj. af skiljanlegum ástæðum varla fært að upplýsa kosningablekkingarnar of snemma.

Í októberbyrjun á síðasta ári lagði hæstv. ríkisstj. loks till. sínar í efnahagsmálum fyrir hv. Alþ. Hún lagði þá til, að meginstoðir hinnar vísindalegu verðstöðvunarstefnu væru lagðar niður. Það átti að hætta stöðvunarstefnuniðurgreiðslunum, en hins vegar sagði hæstv. ríkisstj., að það væri með öllu óvíst, hvort gera þyrfti nokkuð fyrir atvinnuvegina, þótt flestum væri ljóst, sem þar höfðu innsýn í málin, að atvinnuvegirnir væru að þrotum komnir. Taldi hæstv. ríkisstj. þá, að atvinnu-

vegunum mundi sennilega, eins og það var orðað, duga vel áfram á þessu ári 1968 sams konar stuðningur og þeir höfðu haft á árinu 1967. En svo kom gengisfelling Breta og í kjölfar hennar fylgdi hin fræga gengisvika, sem ég gerði hér að umtalsefni áðan, og þá var reiknuð út fullkomnasta gengislækkun á Íslandi. Og eins og margoft hefur verið bent á, var gengislækkunin hér miklu meiri heldur en gengislækkun Breta gat gefið tilefni til vegna áhrifa hennar beint á þjóðarbúskap *Íslendinga og fáránlega mikil saman borið við þá yfirlýsingu* ríkisstj. nokkrum vikum áður, að sennilega þyrfti ekkert að gera, eins og hún sagði, meira til styrktar atvinnuvegunum. En gengislækkuninni fylgdu yfirlýsingar um, að hún mundi leysa vandamálin til frambúðar og tryggja atvinnuvegunum heilbrigðan rekstur. Þetta var í nóvember í fyrra og í desember voru fjárlög afgreidd og allt virtist leika í lyndi og mönnum var lofuð 250 millj. kr. lækkun tolla til að draga úr áhrifum gengislækkunar á heimilin í landinu. Svo kom janúar og ekki fór atvinnulífið í gang þrátt fyrir hina miklu gengisfellingu, bátar réru ekki og frystihús tóku ekki á móti fiski og varð að auka uppbótarkerfið um 320 millj. kr. beint í kjölfarið á hinni miklu gengisfellingu, hinni fullkomnu gengisfellingu, sem átti að koma atvinnuvegunum á heilbrigðan grundvöll og var vandaðasta gengislækkun á Íslandi, eins og ég sagði.

Í febrúar kom svo nýtt áfall. Þá kom í ljós, að tollalækkunin gat ekki orðið nema 160 millj. í staðinn fyrir 250 millj., sem lofað hafði verið. Í næsta mánuði, marz þessa árs, varð að hækka ýmsa tekjustofna ríkissjóðs. Enn fremur var ákveðið að fresta ýmsum ríkisútgjöldum til framkvæmda og stofna til nýrrar lántöku á vegum ríkisins. Í aprílmánuði komu svo skattahækkanir vegna vegamála um tæpar 200 millj., eða 160—190 millj. kr. að áætlað var þá. Þegar kom fram í júní varð að gefa út óuppfyllta ávísun til að koma síldarflotanum af stað og enn er ekki vitað, hve mörg hundruð millj. er þar um að ræða. Þegar kom fram á sumar varð að greiða viðbótaruppbætur til frystihúsanna í landinu, sem námu nokkrum tugum millj. Svo kom september og þá var lagður 20% innflutningstollur á vörur og 20% skattur á ferðagjaldeyri. Og nú er enn ein kollsteypan fullkomnuð með því máli, sem hér er *um að ræða, sem hér er til umr., erlendur gjaldeyrir á að* hækka í nóvember um 54.5%.

Þessi stutta lýsing mín á ráðuneytisfálminu, sem ríkt hefur í efnahagsmálastjórn landsins eftir kosningarnar og eftir að hin fullkomna gengislækkun hafði tekið við af hinni vísindalegu stöðvunarstefnu, þessi stutti útdráttur sannar, að hér hefur ríkt, og ríkir enn, fullkomið stjórnleysi í efnahagsmálum. En nú mun hæstv. viðskmrh. líklega búinn að gleyma þeim formúlum, sem hann kynnti hér í eina tíð um það, hvaða mörk hagfræðivísindin töldu, að fara þyrfti yfir til að unnt væri að tala um fullkomna óstjórn í efnahagsmálum. Hann mun áreiðanlega ekki kynna þessar formúlur að nýju á næstunni. Ríkisstj., sem á sér slíkan feril og hér hefur stuttlega verið rakinn eftir aðeins 11 1/2 ár frá því að hún markaði nauman meiri hl. til að framkvæma stöðvunarstefnu og gaf þá úttekt á þjóðarbúinu fyrir kosningar, að allt væri með felldu í þjóðarbúinu, og það þyldi meira að segja, án þess að almenningur þyrfti verulega fyrir að finna, talsverð áföll, slík ríkisstj. er nú rúin öllu trausti. Menn munu ekki trúa henni enn eða treysta, ekki veita henni stuðning til annarrar kollsteypu á einu ári og fjórðu stórfelldu gengislækkunarinnar á valdatíma hennar. Menn gera sér nú ljóst, að þessi gengisfelling mun renna út í sandinn eins og hinar fyrri, því að það er ljóst, að það á nú að halda áfram óbreyttri stjórnarstefnu, sem er rót þeirrar meinsemdar, sem hér er við að fást, eins og bent hefur verið rækilega *á hér í þessum umr. í hv. d.* Það er öllum að verða það ljóst, að þessi stjórnarstefna fær ekki staðizt og hæstv. núv. ríkisstj. er alls ófær um að stjórna málefnum þjóðarinnar. Það liggur jafnframt fyrir, að þessi hæstv. og veika ríkisstj. hefur raunverulega hafnað breiðri samstöðu um lausn þessa vanda, sem hún hefur sjálf skapað með sinni stefnu, og hún hafnaði breiðri samstöðu og samvinnu einmitt vegna þess, að hún er óláanleg að víkja frá þeirri stefnu, sem vandann hefur skapað, en hún vill halda áfram. Nú þegar þetta allt liggur fyrir, hlýtur það að verða krafa fólksins í þessu landi, að þessi hæstv. ríkisstj. fari tafarlaust frá, þing verði rofið og þjóðinni, sem svo herfilega var blekkt í síðustu kosningum, verði gefinn kostur á að kveða upp dóm sinn að nýju, og að afloknum kosningum verði mynduð ríkisstj., sem meiri von er til að geti leyst þann mikla vanda, sem við er að etja, á viðunandi hátt. Þessi hlýtur að verða krafa fólksins.

Það er að vísu rétt, að þessi stjórnarstefna, sem fylgt hefur verið, virtist lánast sæmilega á yfirborðinu a. m. k. í mestu góðærunum á stjórnarferli hæstv. ríkisstj. Það, sem fleytti þessu áfram, var hvert metárið af öðru í aflabrögðum og verðlagi á útflutningsvörum. Þessi hagstæða þróun hlaut hins vegar að eiga sér takmörk og þá var ljóst, að þessi stefna fengi með engu móti staðizt, því að samfara þessari hagstæðu þróun metáranna voru tekin í sífellu stórfelld lán og stórfelldum vanda þar með raunverulega velt yfir á framtíðina og í rauninni yfir á yngri kynslóðirnar og næstu. Og þannig býr þessi hæstv. ríkisstj. í haginn fyrir eftirkomendurna. Á núgildandi gengi nema skuldirnar við útlönd 13½ milljarð, hvorki meira né minna. Ríkislántökur munu nú komnar á 4. milljarð kr. Viðskiptahallinn við útlönd er geigvænlegur og stærri hluti af gjaldeyristekjum þjóðarinnar *á næstu árum mun fara beint í afborganir* og vexti af lánum en nokkru sinni fyrr. Þannig hefur þessi ríkisstj. í mesta góðærinu einnig lifað í veizlu, sem næstu ríkisstj. og næstu kynslóðum er ætlað að greiða.

Og nú kemur stóra gengisfellingin, sú fjórða, og ætli hæstv. ríkisstj. hyggist ekki taka meira af erlendum lánum til að fleyta sér áfram enn um sinn, ef lánstraustið er þá ekki allt þrotið. En er hæstv. ríkisstj. virkilega svo blind í trú sinni, að hún haldi, að hún muni hafa nokkurn stuðning þjóðarinnar til að gera þær ráðstafanir nú, sem hún hyggst gera, og þjóðin hefur fengið dýrkeypta reynslu af, hvaða áhrif hafa? Eða er hennar viðhorf það eitt að sitja meðan sætt er í ráðherrastólunum, hvernig sem allt veltur? Enn heldur ríkisstj. því fram, að það, sem hér sé við að etja, séu aðeins tímabundnir erfiðleikar vegna alveg óvenjulegra áfalla þjóðarbúsins, vegna verri aflabragða og lækkandi verðlags á útflutningsvörum. Hv. 3. þm. Norðurl. v. hefur sýnt fram á það hér í umr., að hér er um falsrök

að ræða, þótt enginn neiti því að vísu, að minni afli og lægra verð en á árinu 1966, er var algert metár, hefur auðvitað aukið á vandann og gerir erfiðleikana torleystari. En hitt er ljóst, að viðskiptaárferðið er þó ekki lakara en það hefur verið að meðaltali nokkur undanfarandi ár og má teljast með nokkuð eðlilegum hætti, þegar á allt er litið. En hinu verður ekki komizt fram hjá, að einnig í þessu tilliti er hægt að færa fyrir því sterk rök, að afli, nýting aflans og verðlag hans væri mun hagstæðara þjóðinni nú, ef fylgt hefði verið hér skynsamlegri stjórnarstefnu undanfarin ár, stjórnarstefnu, sem hefði fyrst og fremst beinzt að því að efla atvinnulíf og framleiðslu og framleiðni fyrirtækjanna. En ömurlegar eru þær rústir á þessu sviði, sem stjórnarstefnan hefur skilið eftir sig, og nægir þar að nefna togaraútgerðina í landinu, rekstur frystihúsanna og hráefnisöflunina til þeirra og allt það skipulagsleysi og glundroða, sem ríkjandi er í þeim málum. En þótt ríkisstj. haldi því enn fram, að ekkert sé að stefnu hennar, hér sé aðeins um að ræða utanaðkomandi, óviðráðanlega erfiðleika, held ég nú samt, að jafnvel hún sé farin að efast sjálf. Það mun hún hins vegar aldrei viðurkenna, og það er m. a. fullreynt, tel ég, í þeim samningaviðræðum, sem áttu sér stað milli fulltrúa stjórnmálaflokkanna. Það er ljóst, að ríkisstj. ætlar að berja höfðinu við steininn áfram og hafa það eitt markmið að streitast við að sitja og halda áfram út í ófæruna, hvað sem tautar.

Það er sagt, að oft ratist kjöftugum satt orð á munn, og ég tók eftir því, er sjónvarpið hafði viðtöl við stjórnmálaleiðtogana hér á hv. Alþ., er till. hæstv. ríkisstj. um aðildarumsókn að Fríverzlunarbandalagi Evrópu var til fyrri umr. í Sþ., að hæstv. viðskmrh. sagði í sínu spjalli í sjónvarpinu, að þeir efnahagsörðugleikar, sem við væri að etja í íslenzku efnahagslífi, væru langtímavandamál, eins og hann orðaði það, og EFTA ætti aðeins að vera einn þátturinn í að leysa það langtímavandamál. Ég held, að hæstv. viðskmrh. hafi notað þetta orð, langtímavandamál í efnahagsmálum, einum þrisvar sinnum í þessu sjónvarpsviðtali. Ég tók eftir þessu, vegna þess að mér fannst, að þarna væri ráðh. í rauninni að segja það, sem raunverulega væri farið að búa innra með honum, en hann hafði þó sagt þetta óvart vegna ákafans í að fá að hefja samninga við útlendingana sem fyrst. Það, sem ráðh. í rauninni sagði með þessu, var það, að hér væri ekki við tímabundna erfiðleika að etja vegna aflabrests og verðfalls, heldur væri viðreisnarstefnan orðin langtímavandamál í íslenzku efnahagslífi. Og það er rétt. Viðreisnin og afleiðingar hennar eru orðnar að langtíma efnahagsvandamáli og því lengur dregst það, að það vandamál verði leyst með viðunandi hætti, sem hæstv. núv. ríkisstj. situr lengur að völdum. Því ber henni að segja af sér, rjúfa þing og leyfa þjóðinni að kveða upp sinn dóm, því að það þarf nýja stefnu, ný vinnubrögð og nýja menn, ef von á að vera til þess, að íslenzk þjóð geti rifið sig upp úr þeim heimatilbúnu erfiðleikum og ráðleysi, sem er einkenni þess öngþveitis, sem nú ríkir í málefnum þjóðarinnar.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11:7 atkv. og til fjhn. með 16 shlj. atkv.

Á 12. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 2. umr. (A. 69, n. 70 og 71).

Of skammt var liðið frá 1. umr. og útbýtingu nál.— Afbrigði leyfð og samþ. með 13:1 atkv.

Frsm. meiri hl. (Ólafur Björnsson): Herra forseti. Hér hafa farið fram langar almennar umr. um efnahags- og stjórnmál, en þó að ég sé flestu mjög ósammála af því, sem hv. stjórnarandstæðingar hafa sagt við þá umr., þá mun ég með tilliti til þess, hvernig á stendur nú, leiða hjá mér að ræða efnahagsmálin almennt, og að því leyti er e. t. v. heldur ekki ástæða til þess, að flest þau atriði, sem máli skipta og fram hafa komið í ræðum hv. stjórnarandstæðinga sem gagnrýni á hæstv. ríkisstj. og efnahagsmálastefnu hennar, hafa verið marghrakin við fyrri umr. um þessi mál, enda mun síðar hér í hv. d. og hv. Alþ. gefast tilefni til þess að ræða þessi mál meira almennt.

Frv. það, sem hér liggur fyrir, ætti út af fyrir sig heldur ekki að gefa tilefni til langra umr., því að auðvitað er ekki um það að ræða að samþykkja gengisfellingu eða taka afstöðu til hennar. Því máli hefur þegar verið ráðið til lykta. Frv. fjallar aðeins um ákvæði tæknilegs eðlis, sem nauðsynlegt er að setja lög um við framkvæmd gengisfellingarinnar, þannig að gjaldeyrissala geti sem fyrst hafizt með eðlilegum hætti. Samt sem áður, eins og nál. þau, sem útbýtt hefur verið, sýna, hefur orðið ágreiningur í n. um afstöðu til frv., þannig að við 4, sem erum í meiri hl. n., leggjum til í nál. okkar á þskj. 70, að frv. verði samþ. óbreytt, en þrír hv. nm., sem eru í minni hl., taka afstöðu gegn frv. í nál. sínu á þskj. 71.

Frsm. minni hl. (Bjarni Guðbjörnsson): Herra forseti. Frv. það, sem hér liggur fyrir, var tekið fyrir á sameiginlegum fundi í fjhn. Ed. og Nd. og athugað þar. Nefnt frv. var svo tekið fyrir á fundi hér í d., en samkomulag um afgreiðslu málsins varð ekki.

Með l. frá 29. marz 1961 var gengisskráningarvaldið tekið frá Alþ. og fengið í hendur Seðlabanka Íslands að fengnu samþykki ríkisstj.

Ríkisstj. hefur nú í fjórða sinn á 9 árum fellt gengi krónunnar. Nemur verðhækkun á erlendum gjaldeyri nú um 54.4%.

Afleiðingar af gengisfellingunni koma fram á flestum sviðum þjóðlífsins og margvísleg lagasetning verður því óhjákvæmileg afleiðing hennar.

Í hvert skipti sem gengi krónunnar hefur verið breytt, hefur ríkisstj. lýst því yfir, að gengisfellingin mundi hleypa nýju fjöri í útflutningsatvinnuvegina og leysa þar með vanda efnahagslífsins. Þegar gengið var fellt á síðasta ári, skyldi endurreisa allt athafnalíf. En hver varð svo raunin? Erfiðleikar útflutningsatvinnuveganna hafa aldrei verið meiri en einmitt eftir síðustu gengisfellingu. Þegar höfð er í huga reynsla af gengislækkunaraðgerðum ríkisstj. á undanförnum árum og þó alveg sérstaklega frá s. l. ári, verður að telja það mjög furðulegt, að enn á ný skuli gripið til sams konar ráða, án þess að nokkuð bendi til þess að grundvallarstefnubreyting í efnahagsmálum eigi sér stað. Augljóst er, að afleiðingar af gengislækkuninni verða þær, að kaup-

máttur launa hlýtur að minnka, m. a. sérstaklega ef sú ætlun ríkisstj. að ógilda ákvæði gildandi kjarasamninga um vísitölubætur á laun og breyting á reglunum um hlutaskiptakjör sjómanna sjómönnum í óhag nær fram að ganga. Það verður að teljast mjög ótrúlegt, að ríkisstj. komi fram þessum kjaraskerðingarákvæðum gagnvart launafólki og sjómönnum. Enn fremur er það augljóst, að afleiðingar af þeirri gengislækkun, sem nú hefur verið ákveðin, hljóta óhjákvæmilega að verða miklar verðhækkanir á vörum og þjónustu. Till. ríkisstj. um enn eina gengislækkun eru óraunhæfar og eru ekki líklegar til að leysa vanda atvinnuveganna. Gengisfellingin nú að óbreyttri stefnu mun valda fleiri vandkvæðum og vekja upp fleiri vandamál en hún leysir. Reynslan hefur sýnt, að þrátt fyrir allar gengisbreytingar ríkisstj. hefur vandinn í efnahags- og atvinnumálum stöðugt farið vaxandi. Það, sem nú þarf að gera í efnahagsmálum, er fyrst og fremst að breyta í grundvallaratriðum þeirri stefnu, sem fylgt hefur verið í atvinnu- og efnahagsmálum undanfarið. Þjóðarbúið þolir ekki skipulagslausa fjárfestingu né þá gegndarlausu sóun á gjaldeyri, sem átt hefur sér stað undanfarið. Við undirritaðir teljum, að stefnan í efnahagsmálum hafi í grundvallaratriðum verið röng og sé það enn. Reynsla undanfarinna ára sannar, að hún fær ekki staðizt. Minni hl. fjhn. Ed. leggur því til, að frv. verði fellt. Þetta er nál. minni hl. fjhn. Ed.

Sparnaður hlýtur alltaf að verða meginuppistaða fjármunamyndunar í landinu, en þær ráðstafanir, sem núv. hæstv. ríkisstj. hefur framkvæmt, hafa allar hnigið í þá átt að torvelda sparifjármyndun. Gengisfelling hefur alltaf bitnað mjög harkalega á sparifjáreigendum, ungum og gömlum, og það er ekki beinlínis til að auka trúna á verðgildi peninganna, að búið er að framkvæma 4 gengisfellingar á valdatíma þessarar hæstv. ríkisstj. Þrjár þær fyrstu hafa runnið út í sandinn, svo sem raun ber vitni um, en samt er ekki hætt við og þykir mörgum ekki fullreynt fyrr en sú fjórða hefur einnig runnið út í sandinn, því að engar líkur eru nú, nema síður sé, að þetta lánist betur en áður. Hér er um mjög alvarlegt mál að ræða, ef það á að vera öruggt merki um, að gengi hinnar íslenzku krónu verði að breytast, ef hið minnsta dregur úr aflafeng. Jafnvel með afla, sem að magni til er hinn þriðji eða fjórði hæsti, verður að grípa til gengislækkunar, sem þó er alls ekki í reynd nein lækning, nema síður sé, fyrir þann atvinnuveginn, sem á að njóta hennar fyrst og fremst.

Á undanförnum árum hafa allir verið að tapa. Verkalýðurinn hefur borið skarðan hlut frá borði. Iðnaðurinn hefur verið rekinn með halla, sjávarútvegurinn með halla og ríkið sjálft hefur verið rekið með halla. Alls staðar hefur verið halli. En þrátt fyrir allt þetta skal haldið áfram sömu stefnu og virðist sem í algert óefni sé nú stefnt. Þegar síðasta gengisfellingin átti sér stað 1967 sögðu sérfræðingar ríkisstj., að þá væru öll gögn á borðinu. Það væri nú einhver munur nú eða áður, þegar ekkert hefði verið fyrir hendi og allt verið reiknað á hnjám sér. Samt þurfti nú margar vikur til að safna gögnum um sjávarútveginn til að halda út í sömu ófæruna með óbreytta stefnu að leiðarljósi.

Á undanförnum árum hafa æðimargir bátar verið keyptir hingað til landsins. Fyrir síðustu gengisfellingu í fyrrahaust námu skuldir vegna bátakaupanna 580 millj. kr. Þá hækkuðu þær skuldir um 188 millj. Nú munu þær vera tæplega 800 millj. Veiðarfæraskuldir útvegsmanna, síldarnætur, sem búið er að taka í notkun og önnur veiðarfæri, sem keypt hafa verið með greiðslufresti, skuldir vegna þeirra, nema eigi lægri upphæð en 200 millj. Þannig munu þessar skuldir aðila í sjávarútvegi vera nú um 1 milljarður. Þessar skuldir munu því hækka um a. m. k. 540 millj. kr. og verða um 1½ milljarður. Það er alveg óhugsandi, að það sé unnt að standa undir slíkum skuldbindingum. Meðan bátar, sem keyptir hafa verið hingað til lands á síðustu þremur árum, hækka um 7–11 millj. eða jafnvel enn þá meira á einu ári, liggur það í augum uppi, hversu gersamlega vonlaus útgerðin hlýtur að vera. Og auk þess hefur svo gengisfellingin þau áhrif á erlendu skuldirnar vegna bátanna, að kostnaðurinn við lánin heldur sífellt áfram að vaxa, þar sem bátaeigendurnir verða að borga 1% af erlendu skuldinni eins og hún er á hverjum tíma í þóknun vegna ábyrgðar. Það er alveg gersamlega vonlaust, að útgerðin geti risið undir þessum sköðum.

Þessi gengisfelling, hin fjórða í röðinni, sem núverandi stjórnarflokkar standa að, er nokkuð sérstæð. Þrjár fyrstu, eins og ég gat um áðan, hafa allar mislánazt og þætti sumum nóg komið. En hæstv. ríkisstj. virðist eigi telja þetta fullreynt fyrr en í fjórða sinnið, enda þótt málum sé nú svo komið, að sízt sé von til þess, að gengisbreyting lánist frekar nú en áður. Undanfarnar vikur hafa stjórnmálaflokkarnir setið að viðræðum um hugsanleg úrræði í efnahagsvandamálum, sem talin eru geigvænleg. Ýmsir töldu, að til þeirra viðræðna væri stofnað af heilindum og vilja til að fá samstarf um lausn vandamálanna. Daginn, sem viðræðurnar hófust, var ástandið orðið þannig, að ríkisstj. taldi óumflýjanlegt að framkvæma bráðabirgðaúrræði meðan málin væru betur skoðuð. Það var komið svo fram á elleftu stundu, að ekki þoldi neina bið. Þetta fannst mörgum fyrirboði þess, að viðræðurnar væru aðeins yfirskin en engin alvara, og nú, þegar samningum er slitið, liggja fyrir sömu, gömlu úrræðin: Gengisfelling. Og virðist það benda til þess, að stjórnin hafi aldrei ætlað sér neitt með þessum viðræðum.

Það hefur verið minnzt á það hér, að vextir og afborganir af erlendum skuldum á árinu 1969 muni nema svipaðri upphæð og fæst fyrir allan útflutning á frystum fiskflökum. Það er dökk mynd, sem dregin er upp, og hæstv. viðskmrh. gat þess í útvarpinu í kvöld, að stjórnarandstæðingarnir máluðu myndina enn þá dekkri en ríkisstj. vildi gera. Þær tölur, sem nefndar hafa verið, eru þó beint frá sérfræðingum ríkisstj., en enginn tilbúningur stjórnarandstöðunnar. Og ástand atvinnuveganna er svo bágborið, að jafnvel þeir, sem bjartsýnastir eru um árangur gengisfellingarinnar, jafnvel þeim hrýs hugur við efnahagsstöðu útflutningsatvinnuveganna, eins og nú er komið. Viðskmrh. Noregs mun hafa verið spurður að því, hvað hann áliti um gengisfellingu íslenzku krónunnar nú. Hann mun hafa látið þá skoðun í ljós, að engin þjóð bætti efnahagsaðstöðu sína með sífelldum gengisfellingum. Reynslan hefur sýnt, að þrátt fyrir allar gengisbreytingar og aðrar ráðstafanir ríkisstj., hefur vandinn í efnahags- og atvinnumálum stöðugt farið vaxandi, og

engar líkur benda til þess, að núv. ríkisstj. muni frekar nú en áður leysa vandann, sem við er að fást. Við í fjhn. d., sem skipum minni hl., leggjum því til að frv. það, sem hér er til umr., verði fellt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 11:9 atkv.
2.—4. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
5. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
6.—7. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Ákvæði til bráðabirgða samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11:8 atkv.

Á 13. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11:1 atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 11:9 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A.72).

---

2. Vörumerki.

Á 1. fundi í Sþ., 14. okt., var útbýtt frá Ed.:
Frv. til l. um breyt. á l. um vörumerki, nr. 47 2. maí 1968 [13. mál] (stjfrv., A. 13).

Á 4. fundi í Ed., 21. okt., var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv. og til allshn. með 17 shlj. atkv.

Á 10. fundi í Ed., 11. nóv., var frv. tekið til 2. umr. (A. 13, n. 45).

Frsm. (Jón Þorsteinsson): Herra forseti. Á Alþ. í fyrra var samþ. nýr lagabálkur um vörumerki, sem fól í sér margar og mikilvægar breytingar á eldri lögum um það efni. Þau mistök urðu þó við þessa lagasetningu, að gildistími laganna var ákveðinn þegar í stað, eða síðasta gr. þeirra laga hljóðaði á þá leið, að lögin öðluðust þegar gildi, en við nánari athugun kom í ljós, að þarna þurfti á alllöngum fyrirvara að halda.

Þetta frv., sem samþ. var í fyrra, var lagt fyrir Nd. Alþ. skömmu eftir að þing kom saman, og í því frv., sem tilbúið var af hálfu iðnmrn., var lagt til, að lögin öðluðust gildi 1. jan. 1968. Þetta frv. var síðan ekki afgr. úr Nd. fyrr en komið var fram á árið 1968, þá fór það að sjálfsögðu til Ed., og þegar það kom hingað í þessa deild, þá sáum við þennan annmarka á, að þar stóð, að lögin skyldu öðlast gildi 1. jan. 1968, en sá dagur var þá alllöngu liðinn og auðvitað útilokað að láta slík lög verka aftur fyrir sig, þannig að þessu var breytt hér í meðförum Ed. á þá lund, að lögin öðluðust þegar gildi. En þau mistök urðu við þetta, að rn., sem hafði látið frumvarpið fara frá sér þannig úr garði gert, ætlaði að benda þingnefnd og þd. á, að þessu þyrfti að breyta, þeir sáu það síðar, en þetta láðist nú þeim í rn., að koma þessu á framfæri, og þess vegna fór sem fór, að lögin voru samþ. hér, þegar leið á veturinn, með því ákvæði, að þau öðluðust þegar gildi. Þessu varð svo að breyta af illri nauðsyn með brbl. á þá lund, að lögin öðlist gildi 1. jan. 1969, og það er til staðfestingar þessum brbl., sem þetta frv. er hér fram borið, og felur sem sé ekkert annað í sér heldur en breyt. á gildistöku áður greindra laga, þannig að henni er frestað til 1. jan. árið 1969.

Þessu frv. var vísað til allshn., og var n. sammála um að mæla með því, að frv. yrði samþykkt óbreytt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Á 15. fundi í Ed., 18. nóv., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 17 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 16. fundi í Nd., s.d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á 17. fundi í Nd., 19. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Dómsmrh. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Þetta frv., komið frá Ed., er staðfesting á brbl., en lög um vörumerki voru afgr. frá síðasta Alþ., en það þótti ekki fært, þegar til kom, að gildistaka þeirra gæti hafizt fyrr en 1. janúar 1969 af ýmsum ástæðum, sem snertu undirbúning mála til þess að svo gæti vel farið. Það er efni þessa frv., og leyfi ég mér að vænta þess, að það gæti fengið skjóta afgreiðslu hér í hv. þd.

Ég vil svo leggja til, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og allshn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 30 shlj. atkv. og til allshn. með 30 shlj. atkv.

Á 22. fundi í Nd., 3. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 13, n. 110).

Frsm. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Síðasta Alþ. samþ. lög um vörumerki, sem staðfest voru 2. maí 1968, og samkv. þeim lögum áttu þau að öðlast gildi þegar.

Í ljós kom, að mikil vandkvæði eru á að framkvæma þau lög, aðallega vegna ákvæða laganna um að skrásetja skuli og endurnýja vörumerki fyrir ákveðna vöruflokka, sem mun taka nokkurn tíma, og því voru brbl. gefin út um það, að þessi lög öðluðust gildi 1. jan. 1969. Þetta frv. er til staðfestingar á þeim brbl. og mælir allshn. með því, að frv. verði samþ.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 23 shlj. atkv.

Á 23. fundi í Nd., 5. des., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 21 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 130).

---

3. Breyting á lausaskuldum iðnaðarins í föst lán.

Á 17. fundi í Sþ., 4. des., var útbýtt frá Nd.:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 36 15. maí 1964, um breyt. á lausaskuldum iðnaðarins í föst lán [99. mál] (stjfrv., A. 123).

Á 23. fundi í Nd., 5. des., var frv. tekið til 1. umr.

Dómsmrh. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Frv. það, sem hér liggur fyrir til l. um breyt. á l. nr. 36 frá 1964 um breytingu á lausaskuldum iðnaðarins í föst lán, er ákaflega einfalt, en það er þess eðlis, að þegar lög fyrst voru sett um breytingu á lausaskuldum iðnaðarins í föst lán, nr. 36 1964, var miðað við það, að stofnað hefði verið til lausaskuldanna fyrir árslok 1962, ef hægt ætti að vera að hagnýta sér ákvæði laganna. Þessu var svo aftur breytt með l. 1965, sem þá fólst eingöngu í því að flytja markið fram, þannig að til skuldanna mátti vera stofnað fyrir árslok 1963. Á þessum grundvelli var svo sett árið 1965 reglugerð um vaxtabréfalán Iðnlánasjóðs í þessum tilgangi, sem gefin var út 10. maí 1965. Og meginefni þeirrar reglugerðar var um það, hvernig þessi vaxtabréf skyldu vera útbúin, lánstíma, vaxtakjör og annað slíkt og ýmis nánari ákvæði, eins og um þær upplýsingar, sem viðkomandi aðili, sem sótti um þessa breytingu á lausaskuldum í föst lán, þyrfti að láta í té um eignir sínar, um veðbókarvottorð, vátryggingarskírteini, rekstrar- og efnahagsreikninga og aðrar slíkar upplýsingar, einnig um matsnefnd til þess að meta eignir og annað slíkt, en um samningu þessarar reglugerðar, sem var allítarleg, vegna þess að lögin voru fyrst og fremst rammalög, hafði verið haft samráð við Seðlabankann og viðskiptabankana.

Samkv. þessum heimildum í lögum og reglugerð var svo Iðnlánasjóði heimilað að gefa út 1. lánaflokk í þessum tilgangi, sem nam 60 millj. og 50 þús. kr. Þessum lánaflokki er nú að mestu leyti lokið, en ýmis iðnfyrirtæki hafa óskað eftir því við Iðnlánasjóðinn, að hann breytti ýmsum lausaskuldum þeirra nú í föst lán, og er talið af hálfu sjóðstjórnar, að það geti verið til verulegs hagræðis í sambandi við lánamál iðnaðarins nú. Þess vegna var það, að stjórn Iðnlánasjóðs óskaði eftir því við rn. með bréfi dags. 16. nóvember s. l., að sjóðnum heimilaðist að gefa út nýjan flokk vaxtabréfa að fjárhæð 40 millj. kr. Viðræður hafa farið fram milli rn. og fulltrúa Iðnlánasjóðs og Seðlabankans um útgáfu þessara nýju bréfa, vaxtabréfa, og það er talið, að útgáfa þeirra geti haldið áfram að hvíla á reglugerðinni frá 10. maí 1965, nema að því leyti sem tímamörkin, sem ég vék að áðan, eru fyrir hendi, þá þyrfti að vera búið að stofna til skuldanna fyrir árslok 1963, en lausaskuldum, sem eftir þann tíma eru til komnar, væri þá ekki hægt að breyta í föst lán með þeim hætti, sem hér er um að ræða. Þetta mundi setja allt of mikla hindrun varðandi framgang málsins þannig að það er lagt til með þessu frv., að þessi tímamörk séu numin úr lögunum og ef þetta frv. nær fram að ganga, er það bara á mati Iðnlánasjóðs, hvaða lausaskuldum hann telur sér fært að breyta með þessum hætti í föst lán og óháð því, hvenær til þeirra hefur verið stofnað. Þetta er efni frv.

Ég vil svo í sambandi við þetta aðeins leyfa mér að gefa þær upplýsingar fram yfir það, sem ég sagði áðan, að við þá athugun, sem fram hefur farið um útgáfu þessara bréfa, gæti komið til álita að hafa tímalengd lánanna styttri heldur en áður og talið, að það gæti auðveldað sölu þeirra nú. Það er hægt að ákvarða á grundvelli reglugerðarinnar, sem ég vitnaði til áður, og mun verða ákveðið um það af hálfu rn. í samráði við stjórn Iðnlánasjóðs og stjórn Seðlabankans, sem haft hefur verið samráð við um þetta mál eins og við útgáfu fyrri bréfa. Ég hef getið þess, að fyrri lánaflokkurinn er að mestu leyti alveg seldur, 60 millj. kr. Það er enginn vafi á því, að það hefur orðið iðnaðinum til verulegs hagræðis. Það var svo um síðustu áramót, að þá voru nokkur vanskil á greiðslum á þessum lánum vegna þeirra erfiðleika, sem iðnaðurinn átti við að búa fjárhagslega eins og ýmsar aðrar atvinnugreinar, og munu þær hafa numið að upphæð um 6 millj. kr., og varð Iðnlánasjóður að leggja fram þá upphæð af ráðstöfunarfé sínu, en þetta er nú að mestu leyti alveg greitt, þessar vanskilaskuldir, svo að það mun bara aðeins vera eitt lán af þessum 6 millj. kr. lánum í vanskilum enn að upphæð 200 þús. kr. Nú eru á þessum tíma, og verður eitthvað líkt á um þessi áramót, í vanskilum 41 lán, sem að upphæð eru 8 millj. 350 þús. kr., og það eru því allar líkur á, að Iðnlánasjóður verði um áramót að leggja fram þessa upphæð af ráðstöfunarfé sínu, en skuldir þessar munu svo, eins og gerzt hefur í ár, innheimtast langt fram á næsta ár.

Ég held, að ég þurfi ekki að hafa fleiri orð um þetta frv., en ég vildi mega beina þeim tilmælum til hv. iðnn., að hún reyndi að haga afgreiðslu málsins þannig, að það gæti komið sem fyrst aftur til meðferðar hér í deildinni, og mundi ég sérstaklega leggja áherzlu á, ef hún gæti lokið athugun málsins þannig, að við gætum tekið málið hér fyrir til 2. umr. á mánudag og reynt að ljúka afgreiðslu þess e.t.v. þá eða næsta dag hér í hv. deild, þannig að málið geti gengið til Ed. og afgreiðzt sem fyrst, því að á þessu veltur töluvert nú, að iðnaðurinn geti fengið þessa löggjöf sem fyrst afgreidda, því að það mundi verða einn þátturinn í því að létta undir með iðnaðinum núna og ýta undir örari starfrækslu hans heldur en ella væri.

Ég vil svo leyfa mér, herra forseti, að óska eftir því, að málinu að lokinni þessari umr. verði vísað til 2. umr. og hv. iðnn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til iðnn. með 22 shlj. atkv.

Á 24. fundi í Nd., 9. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 123, n. 131).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 26 shlj. atkv.

Frsm. (Sigurður Ingimundarson): Herra forseti. Iðnn. hefur haft þetta mál til athugunar. Með l. frá 1964 var Iðnlánasjóði heimilað að gefa út sérstakan flokk vaxtabréfa í þeim tilgangi að breyta lausaskuldum iðnaðarins í föst lán. Var þá miðað við þær lausaskuldir, sem safnazt höfðu fyrir árslok 1962. Þetta tímatakmark var síðan lengt til ársloka 1963 með sérstakri breytingu á l., en nú hefur Iðnlánasjóður óskað eftir því að fá þessi tímatakmörk afnumin, og miðar frv. það, sem hér liggur fyrir, að því. Heimildin frá 1964 hefur þegar orðið iðnaðinum að nokkru liði. Á sínum tíma voru gefin út vaxtabréf, um 60 millj. kr., sem nú munu öll vera seld, og hefur Iðnlánasjóður nú óskað eftir því við iðnmrh. að fá heimild til að gefa út sérstakan flokk vaxtabréfa allt að því 40 millj. kr. í sama tilgangi.

Mönnum blandast varla hugur um það, að iðnaðurinn hefur vaxandi hlutverki að gegna í íslenzkum þjóðarbúskap. Hin öra fólksfjölgun á vinnumarkaðinum verður fyrst og fremst að byggja afkomu sína á aukningu og eflingu iðnaðarins. Hann hefur tekið miklum tæknilegum framförum á undanförnum árum og er nú þjóðhagslega sterkari en nokkru sinni fyrr.

Gengisfellingin bætir væntanlega samkeppnisaðstöðu hans og má vænta mikillar aukningar á iðnaðarframleiðslu og aukinnar atvinnu, ef lánsfjárskortur ekki hamlar þróuninni. Þótt margt hafi verið gert til þess að efla lánastöðu iðnaðarins á undanförnum árum, verður enn að vinna að endurbótum á því sviði, eftir því sem frekast er unnt. Eftir áföllin á sviði sjávarútvegs verður að hefja sókn í iðnaði til atvinnuaukningar og bættra lífskjara. Eins og nú standa sakir, er sennilega ekkert vænlegra til atvinnuaukningar en öflun lánsfjár til iðnaðarframleiðslu.

Það frv., sem hér liggur fyrir, er spor í rétta átt. Iðnn. leggur samhljóða til, að frv. verði samþ. Einn nm. var að vísu fjarverandi afgreiðslu málsins. Lagt er til, að frv. verði samþ. og því vísað til 3. umr. að lokinni þessari umr.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 22 shlj. atkv.

Á 25. fundi í Nd., s.d., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 22 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 22 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 23. fundi í Ed., s.d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 24. fundi í Ed., 10. des., var frv. tekið til 1. umr.

Dómsmrh. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Frv. þetta um breyt. á l. um Iðnlánasjóð er komið frá Nd., og fékk þar skjótan framgang og ágreiningslausan, en það er í sjálfu sér heldur ekki flókið í sniðum. En meginefni þess er að nema úr lögum tímamörk, sem verið hafa gegn því, að Iðnlánasjóður eða stjórn Iðnlánasjóðs geti breytt lausaskuldum iðnaðarins í föst lán með vaxtabréfum Iðnlánasjóðs, en tímamörkin hafa verið þau, að til lausaskuldanna þurfi að vera stofnað fyrir árslok 1963. Þessi tímamörk eru felld niður. En tilefnið til þess, að frv. er flutt og með þessari efnisbreytingu á lögunum, er það, að stjórn Iðnlánasjóðs hefur skrifað iðnmrh. og gert grein fyrir því, að sá fyrsti lánaflokkur, sem þeim var heimilað að gefa út, að upphæð 60 milljónir og 50 þús. kr., er að mestu leyti uppgenginn. En hins vegar segir í bréfi stjórnar Iðnlánasjóðs frá 16. nóv. s. l., að mörg iðnfyrirtæki óski nú eftir, að Iðnlánasjóður breyti ýmsum lausaskuldum þeirra í föst lán til lengri tíma og fari því fram á heimild til að gefa út nýjan flokk vaxtabréfa að fjárhæð 40 milljónir króna. Um útgáfu þessara vaxtabréfa mundu gilda reglur samkv. reglugerðinni frá 10. maí 1965, en þar voru sett allítarleg ákvæði um þessi vaxtabréf Iðnlánasjóðs í samráði við Seðlabankann og reyndar viðskiptabankana líka. Ég held, að það sé óhætt að slá því föstu, að það hafi verið töluvert gagn að þessu og hagræði fyrir iðnaðinn, þessum breytingum á lausaskuldum í föst lán til lengri tíma, sem fram hafa farið, og einnig geri ég ráð fyrir því, að það gæti komið sér vel fyrir iðnaðinn núna að fá þessa nýju heimild, 40 millj. kr. Að vísu er það svo, að með þessu móti er ekki nýtt fjármagn, sem kemur á vettvang til hagræðis fyrir iðnaðinn, en engu að síður getur það verið nokkuð mikils virði í skiptum ýmissa iðnfyrirtækja við peningastofnanirnar og banka að eiga þess kost að lengja lán sín, og sérstaklega ef þau eiga þess kost nokkuð almennt í peningastofnununum að skipta á vaxtabréfum Iðnlánasjóðsins og lausum skuldum, sem stofnað hefur verið til, en óumsamdar eru, og mundi það þá greiða fyrir, eðli málsins samkv., venjulegum viðskiptum viðkomandi fyrirtækja við þá banka, sem hlut eiga að máli.

Ég vil leyfa mér að mega vænta þess, að málið fái hér skjótan framgang, eins og í hv. Nd., og teldi mjög æskilegt, ef hægt væri að hraða því sem verða má, og vildi mega beina þeim tilmælum til þeirrar n., sem fær málið til meðferðar, og leyfi mér að svo mæltu, herra forseti, að leggja til, að málinu verði vísað til 2. umræðu að lokinni þessari umr. og hv. iðnn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til iðnn. með 15 shlj. atkv.

Á 25. fundi í Ed., 12. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 123, n. 144).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

Frsm. (Sveinn Guðmundsson): Herra forseti. Frv. til l. um 99. mál Nd. um breyt. á l. um lausaskuldir iðnaðarins í föst lán, flutt af hæstv. iðnmrh., hefur verið sent frá Nd., þar sem það var samþ. shlj.

Iðnn. þessarar hv. þd. hefur á þskj. 144 mælt eindregið með, að þetta frv. nái fram að ganga.

Með lagafrv. þessu er Iðnlánasjóði heimilt að gefa út sérstakan flokk vaxtabréfa án tímatakmarka, sem fyrri lög kváðu á um. En tímatakmark þeirra skulda var, að til skuldanna hafi verið stofnað fyrir árslok 1962. Síðar var þessu nú breytt þannig, að stofnað hefði verið til skuldarinnar fyrir árslok 1963.

Lög um lausaskuldir iðnaðarins voru fyrst sett 1964 en síðan breytt 1965. Lausaskuldir iðnaðarins, sem breytt hefur verið til þessa í föst lán samkv. þessum l., eru nú um 60 milljónir og 40 þús. kr. Af því eru um 35 millj. 12 ára lán, en 25 millj. 5 ára lán. Þessi lánaflokkur var að fullu upp genginn samkv. upplýsingum frá Iðnlánasjóði í dag. Nú er gengið út frá, að lánstíminn verði 6—7 ár, og er það gert í samráði við Seðlabankann. Reiknað er með, að reglugerð, dags 10. maí 1965, verði einnig látin gilda fyrir þessum lánaflokki nú. Eins og segir í grg. fyrir frv., er þessarar heimildar óskað samkv. mjög ákveðinni beiðni frá stjórn Iðnlánasjóðs vegna sérstakra þarfa iðnaðarins nú og ítrekaðra óska iðnaðarmanna og iðnfyrirtækja um að lengja lánstíma óumsamdra lána.

Eins og hæstv. iðnmrh. tók fram, þegar hann talaði fyrir þessu frv., skapar þessi heimild ekki nýtt fjármagn til handa iðnaðinum. En hins vegar getur það létt undir með þeim fyrirtækjum, sem breyta þannig skuldum sínum, svo fremi að lánastofnanir geti t. d. fengið Seðlabankann eða ákveðna sjóði til að kaupa bréfin. Á þann eina hátt gæti þetta orðið að auknu fjármagni til handa iðnaðinum.

Bréfin bera að sjálfsögðu hæstu, leyfilegu fasteignavexti, sem nú eru 10%, og mætti ætla, eins og nú háttar til með atvinnu, að t. d. Atvinnuleysistryggingarsjóður ætti að aðstoða með kaup á verulegum hluta af þessum bréfum.

Hæstv. iðnmrh. upplýsti einnig í framsögu, að nokkur vanskil væru nú þegar orðin á þeim lausaskuldalánum, sem þegar hafa verið gefin út. Nemur sú vanskilaupphæð nú yfir 8 milljónum króna, og má búast við, eins og högum iðnaðarins er háttað, að eitthvað af þeirri upphæð lendi á Iðnlánasjóði að greiða til bráðabirgða af öðru ráðstöfunarfé sjóðsins. Þarf ekki að lýsa, hversu margar iðngreinar hafa átt í miklum erfiðleikum undanfarið og margar verið reknar með stórtapi, þannig að eðlilega hafa safnazt fyrir miklar, óumsamdar skuldir hjá slíkum aðilum. Rekstri slíkra fyrirtækja, þótt þau að öðru leyti séu vel stæð, verður ekki haldið áfram nema með margs konar ráðstöfunum, sem einmitt verður að gera nú sem allra skjótast, einmitt nú, þegar rétt gengi hefur verið skráð og hugsanlegt er, að þeir sömu aðilar geti aukið framleiðslu sína, m. a. með því að hefja nú loks útflutning á iðnaðarvarningi.

Í þessu sambandi er sérstök ástæða til að gleðjast yfir yfirlýsingu, sem hæstv. forsrh. gaf í umr. í Sþ. í gær, að nú væri nauðsynlegt, að iðnaðurinn fái fjármagn til reksturs síns, þannig að hann geti notað sér tækifæri þau, sem nú gefast. Þetta er sannarlega mál málanna í dag, og á þann eina veg verður bjargað við þeirri atvinnuleysisvofu, sem við blasir.

Þetta lagafrv. er aðeins byrjun á því, sem koma þarf. Það er staðreynd, að fjármagnsaukning til handa iðnaðinum verður nú að nálgast 500 milljónir á næstu tveimur mánuðum. Og áframhald verður að fást fljótlega á næsta ári, takist iðnaðinum að hasla sér völl á erlendum markaði og viðhalda fullri atvinnu í landinu. Ef hæstv. þm. blöskrar þessi upphæð, má snúa henni yfir í dollara, en hér er aðeins um 5—6 millj. dollara að ræða.

Ég vænti, að hv. þdm. geti verið sammála um að samþykkja þessa beiðni um útgáfu lausaskuldabréfa.

Einar Ágústsson: Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð um þetta frv. um breyt. á lausaskuldum iðnaðarins í föst lán, því að eins og hv. frsm. iðnn. reyndar tók fram, erum við nm. allir sammála. Þess vegna verður hér ekki um neinar aths. frá mér að ræða.

En ég vil mjög eindregið taka undir orð hv. frsm. iðnn., þegar hann ræddi um fjármagnsþörf iðnaðarins. Og ég vil fullvissa hann um það, að sú tala, sem hann nefndi, 500 milljón krónur, blöskrar mér ekki. Því að það er enginn vafi á því, að ef hér á að endurreisa atvinnuvegina, kemur iðnaðurinn þar í fremstu röð, og til þess að hann fái starfsgrundvöll, ekki síst með tilliti til þeirra breytinga, sem hugsanlegar eru í samskiptum okkar við aðrar þjóðir, þarf áreiðanlega mjög stórt átak til að koma, og ég veit, að hv. frsm. er manna kunnugastur þessum málum. Þess vegna vil ég undirstrika það, að mér blöskrar sú upphæð ekki neitt.

Hv. frsm. minntist á það, að nú væri einmitt rétti tíminn til að endurskipuleggja iðnaðinn. Ég veit nú ekki, hvort þessi tími er nokkuð réttari en sá tími, sem liðinn er, og hefði þurft að vera búið að gera þetta fyrir löngu. Hann talaði um það, að einmitt núna væri það rétta gengi skráð. Ég vil aðeins minna á það í þessu sambandi, að í fyrra fyrir réttu ári síðan vorum við hér í þessari hv. þd. líka að samþ. rétta gengisskráningu. Og mætti kannske ætla, að líka þá, og ekki síður þá, hefði verið tilefni til þess að taka mál iðnaðarins fastari tökum en gert hefur verið í tíð hæstv. núv. ríkisstjórnar.

Það er ekki vegna þess, að till. um endurskipulagningu mála iðnaðarins hafi ekki verið bornar hér fram, því að allan tímann, a. m. k. síðan ég kom á þing, sem er raunar ekki langt, og sjálfsagt miklu lengur, hafa verið hér uppi till. einmitt um það, sem hafa satt að segja litla áheyrn fengið. En ég sé ástæðu til að fagna því, að nú skuli þó eiga að taka þessi mál til gagngerðrar endurskoðunar, og ég lýsi ánægju minni yfir, eins og hv. frsm. iðnn., þeirri yfirlýsingu, sem hæstv. forsrh. gaf í Sþ. í gær, að nú skyldi hjól atvinnulífsins sett í gang með auknu fjármagni.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Á 28. fundi í Ed., 14. des., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 15 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 181).

---

4. Eiturefni og hættuleg efni.

Á 4. fundi í Ed., 21. okt., var útbýtt:
Frv. til l. um eiturefni og hættuleg efni [27. mál] (stjfrv., A. 27).

Á 6. fundi í Ed., 28. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Dómsmrh. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Frv. þetta til laga um eiturefni og hættuleg efni er mjög sérfræðilegs eðlis, og það er ekki á mínu valdi að skýra hv. deild í raun og veru meira frá einstökum þáttum þess heldur en fram kemur í grg. frv. Eins og fram kemur í aths., er þetta sniðið eftir fyrst og fremst danskri löggjöf og frv. undirbúið undir handleiðslu landlæknis, og fyrst og fremst er það Þorkell Jóhannesson læknir, sem haft hefur það starf með höndum að semja frv., og einnig, eins og vikið er að, hefur Erling Edwald, yfirlyfjafræðingur Lyfjaverzlunar ríkisins, aðstoðað við starfið. Ég býst við, að það sé venju samkvæmt, að n. sú, sem fær það til meðferðar, fái til viðræðna við sig til frekari upplýsinga og grg. um málið þá sérfræðinga, sem öðrum fremur hafa unnið að undirbúningi málsins.

Ég vil svo leyfa mér, herra forseti, að leggja til, að málinu verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og til hv. heilbr.- og félmn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 19 shlj. atkv.

Á 22. fundi í Ed., 5. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 27, n. 114).

Frsm. (Jón Þorsteinsson): Herra forseti. Hér á landi hefur skort almennar lagareglur um eiturefni og önnur hættuleg efni, þ. e. a. s. um framleiðslu slíkra efna, meðferð þeirra, notkun og varðveizlu. Og úr þeim annmarka er ætlað að bæta með því frv., sem hér er til umr.

Meginefni frv. er:

1. Skilgreining á því, hvað séu eiturefni og hættuleg efni. Fylgja frv. listar yfir þessi efni.

2. Ákvæði um stofnun eiturefnanefndar, sem skal vera ráðgefandi aðili um framkvæmd l. og gerir m. a. till. um breytingar og viðauka við listana yfir eiturefni og hættuleg efni.

3. Reglur um framleiðslu, sölu, varðveizlu og notkun eiturefna og hættulegra efna, en þessar reglur eiga að fyrirbyggja, að þau valdi skaða.

Ákvæði frv. taka ekki til eiturefna og hættulegra efna, ef þau eru notuð samkv. ákvæðum lyfsölulaga eða l. um eyðingu á minkum og refum, l. um öryggisráðstafanir á vinnustöðum og l. um innflutning, sölu og meðferð á skotum, vopnum og skotfærum o. s. frv. og l. um öryggisráðstafanir gegn jónandi geislum frá geislavirkum efnum eða geislatækjum.

Þetta frv. hefur hlotið allrækilegan undirbúning og hefur verið mörg ár í smíðum. Frv. er samið undir umsjón landlæknis og af Þorkeli Jóhannessyni lækni og Erling Edwald yfirlyfjafræðingi, og er þetta frv. að allverulegu leyti sniðið eftir tilsvarandi dönskum lögum. Þessu frv. var vísað til heilbr.- og félmn. Nefndin kvaddi á sinn fund landlækni og Þorkel Jóhannesson og ræddi við þá um frv., og skýrðu þeir ýmis ákvæði þess og gáfu nm. ýmsar upplýsingar. Það varð svo niðurstaða heilbr.- og félmn., svo sem í ljós kemur á þskj. 114, að mæla með því, að frv. verði samþ., en einn nm. var fjarverandi, þegar málið var afgreitt, það var hv. 4. þm. Norðurl. e.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
4.—9. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
10.—12. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
13.—23. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
24.—25. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Á 23. fundi í Ed., 9. des., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.
ATKVGR.
Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 25. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á 26. fundi í Nd., 10. des., var frv. tekið til 1. umr.

Dómsmrh. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Frv. þetta til l. um eiturefni og hættuleg efni hefur hlotið meðferð og afgreiðslu í Ed. og varð enginn ágreiningur um meðferð málsins þar. Frv. er mjög sérfræðilegs eðlis, og eins og fram kemur í aths. var það að verulegu leyti sniðið eftir tilsvarandi dönskum l., en með breytingum, sem eðlilegt þótti að gera miðað við íslenzkar aðstæður og íslenzka staðhætti, en l. um eiturefni og hættuleg efni hafa eigi áður gilt hér á landi. Frv. er, eins og segir í grg., árangur af undirbúningsstarfi, er hafið var á árinu 1962 og síðan haldið áfram 1965 og síðan, en Þorkell Jóhannesson læknir hefur haft þetta starf með höndum í umsjá landlæknis, og Erling Edwald, yfirlyfjafræðingur Lyfjaverzlunar ríkisins, verið til aðstoðar við þetta starf. Ég tel eðlilegt, að n., sem hér fær málið til meðferðar, geti fengið þær nánari og sérfræðilegu upplýsingar, sem hún óskar eftir, af hálfu rn. og þeim sérfræðingum, sem um málið hafa fjallað. Ég

tel ástæðulaust að fara fleiri orðum um frv. að svo komnu, en vil leyfa mér að leggja til, herra forseti, að því verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. heilbr.- og félmn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 26 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 28 shlj. atkv.

Á 30. fundi í Nd., 16. des., var frv. tekið til 2. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 31. fundi í Nd., 17. des., var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 27, n. 155).

Frsm. (Guðlaugur Gíslason): Herra forseti. Frv. það, sem hér liggur fyrir, er sent þessari hv. deild frá Ed. og fékk athugun þar í heilbr.- og félmn, sem fékk það til meðferðar. Nd. hefur einnig haft það til athugunar. Frv. er mjög sérfræðilegs efnis, og kynnti n. sér það eftir föngum og leggur til, að það verði samþ. óbreytt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
4.—9. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
10.—12. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
13.—23. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
24.—25. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 29 shlj. atkv.

Á 32. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 28 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 28 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 196).

---

5. Kjarasamningar opinberra starfsmanna (stjfrv. um lengingu á frestum).

Á 31. fundi í Ed., 18. des., var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 33/1967, um bráðabirgðabreyting á l. nr. 55/1962, um kjarasamninga opinberra starfsmanna [125. mál] (stjfrv., A. 198).

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 16 shlj. atkv.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Ég verð í rauninni að biðjast afsökunar á því, að þetta frv. kemur svo seint fyrir Alþ. og með þeim hætti, að það er óskað eftir skjótri afgreiðslu þess áður en þinghlé nú hefst, en það stafar eingöngu af því, að til síðustu stundar var vonast til, að ekki þyrfti að reka eftir þeirri lagabreyt., sem hér er um að ræða. Með l. nr. 33 frá 1967 bráðabirgðabreyt. á lögum um kjarasamninga opinberra starfsmanna var lögfest samkomulag milli fjmrh. annars vegar og Bandalags starfsmanna ríkis og bæja hins vegar um það, að fram skyldi fara heildarathugun á skipun starfsmanna í launaflokka og ætti þeirri athugun að vera lokið eigi síðar en í árslok 1968. Yrði þeirri athugun ekki lokið þá eða ekki orðið samkomulag um þá athugun, skyldi málið sjálfkrafa ganga til kjaradóms. Að þessu máli hefir verið unnið síðan, en það hefur komið í ljós, að þetta starfsmat hefur reynzt miklu umfangsmeira og erfiðara heldur en gert hafði verið ráð fyrir. Það er hins vegar komið að síðustu stundu, en mun ekki reynast auðið að ljúka því nú fyrir árslok. Úr því að það ekki tekst, þá mundi að óbreyttum l. málið ganga sjálfkrafa til kjaradóms, sem báðir aðilar telja mjög óheppilegt að verði, nema ef á reyni að ekki takist samkomulag.

Það sem því hér er farið fram á, er ekki nein efnisbreyting á því, sem áður hefur verið ákveðið, heldur eingöngu að fá framlengingu á þessum fresti, þannig að fresturinn verði til janúarloka, í stað þess að hann í l., eins og þau eru í dag, verði til desemberloka og kjaradómur fái því málið ekki til meðferðar fyrr en eftir þann tíma og skuli þá hafa lokið sínum úrskurði 1. marz 1969 í stað 1. febr. 1969. Ég vænti þess, að málið sé það einfalt, og þar sem liggur fyrir, að þetta er flutt með samþykki beggja málsaðila, þá megi vænta þess, að hv. þd. geti fallizt á að afgreiða það, án þess að það þurfi sérstaklega að fara til n. Ég mun að sjálfsögðu ekki mótmæla því, ef það koma fram um það óskir, en það eru ekki till. um., að málið skuli fara í n., þar sem þetta er svo einfalt formsatriði eingöngu, sem hér er um að ræða, og með algjöru samþykki málsaðila. Ég leyfi mér því að leggja til, herra forseti, að málinu verði vísað til 2. umr.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv.

Á 32. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 2. umr.
Of skammt var liðið frá 1. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 16 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frvgr. samþ. með 17 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 18 shlj. atkv.

Á 33. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 17 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 18 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 35. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Ed. — Afbrigði leyfð og samþ. með 23 shlj. atkv.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Með l. nr. 33 frá 1967 var staðfest samkomulag, sem gert hafði verið milli stjórnar Bandalags starfsmanna ríkis og bæja annars vegar og fjmrh. hins vegar. Þetta samkomulag fól í sér, að aðilar settu á laggirnar athugun á heildarskipun starfsmanna í launaflokka, þ. e. a. s. að koma á svo kölluðu kerfisbundnu starfsmati, eins og það er nefnt, og var í samkomulaginu stefnt að því, að þessari heildarendurskoðun yrði lokið í árslok 1968, þ. e. a. s. eigi síðar en 31. des. n. k. Það hefur verið unnið af kappi að þessari athugun, en hins vegar hefur komið í ljós, að henni getur með engu móti verið lokið á þessum tíma, og þess vegna er farið fram á það með því frv., sem hér liggur fyrir, að Alþ. fallist á að breyta nefndum l. á þann hátt, að frestir samkv. þeim lengist um einn mánuð. Hér er um sameiginlega ósk að ræða frá rn. og stjórn Bandalags starfsmanna ríkis og bæja, og vona ég, að hv. þdm. geti á það fallizt. Hér er ekki um eina né neina efnisbreytingu að ræða á nefndum lögum, og af þeim sökum vænti ég einnig, að hv. þd. geti fallizt á að afgreiða málið, án þess að það þurfi að fara til n. Ég bið afsökunar á því, að frv. skuli eigi koma fram fyrr en svo seint sem raun ber vitni um, á allra síðustu dögum þingsins, en það stafar af því, að það var sameiginleg stefna rn. og stjórnar BSRB að reyna að freista þess að ljúka þessari heildarathugun og þess vegna að bíða fram á síðustu stundu í von um, að það gæti orðið. Nú hefur þetta því miður ekki tekizt, og þess vegna hef ég leyft mér að flytja þetta frv. með beiðni um, að hv. Alþ. fallist á að lengja þessa fresti, því verði þeir ekki lengdir mun það leiða af samkomulaginu, að kjaradómur muni sjálfkrafa taka málið til meðferðar þegar um áramót, án þess að á það reyndi, hvort samkomulag gæti orðið.

Ég leyfi mér, herra forseti, að leggja til, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr., en eins og ég áðan sagði, að miðað við það, að hér er aðeins um einn smávægilegan tímafrest að ræða, en enga efnisbreytingu á gildandi l., þá vildi ég leyfa mér að vænta þess, að hv. þm. gætu fallizt á að samþykkja það án n.

Hins vegar, ef svo er ekki, þá verður það að sjálfsögðu að ganga sinn gang á þann hátt, en það er höfuðnauðsyn, að frv. geti orðið að lögum nú, áður en þingi lýkur fyrir jól.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv.

Á 36. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 2. umr.

Of skammt var liðið frá 1. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 29 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frvgr. samþ. með 26 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 23 shlj. atkv.

Á 37. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. – Afbrigði leyfð og samþ. með 26 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 27 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 203).

---

6. Námslán og námsstyrkir.

Á 15. fundi í Sþ., 27. nóv., var útbýtt frá Nd.:

Frv. til l. um breyt. á l. nr.7 31.marz 1967, um námslán og námsstyrki [87. mál] (stjfrv., A. 107).

Á 20. fundi í Nd., 28. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Í þessu frv. felst það, að nýjum hópum námsmanna á Íslandi er veitt aðild að Lánasjóði íslenzkra námsmanna. Er hér um að ræða nemendur í kennaradeild stúdenta, menntadeild og framhaldsdeild Kennaraskóla Íslands og nemendur í 1. hluta Tækniskóla Íslands. Um þessa nemendur gildir, að þeir eru stúdentar eða hafa að baki sér jafnlangt nám og stunda nám, sem er hliðstætt námi á 1. ári við Háskóla Íslands eða erlenda háskóla og erlenda tækniskóla. Gildandi lög gera ráð fyrir því, að heimilt sé að veita námslán og styrki stúdentum við Háskóla Íslands og námsmönnum við erlenda háskóla og tækniskóla. Að því er nám á Íslandi snertir, er því aðild að Lánasjóði íslenzkra námsmanna bundin við stúdenta við Háskóla Íslands. Kennaraskóli Íslands og Tækniskóli Íslands eru hins vegar nýir skólar, og við þá báða er nú stundað nám, sem er hliðstætt 1. árs námi í háskólum eða tækniskólum erlendis. Þeir stúdentar, sem stunda nám í kennaradeild stúdenta eða framhaldsdeild Kennaraskólans, gætu að sjálfsögðu eins verið við nám á 1. ári í Háskólanum og mundu þá eiga aðild að Lánasjóðnum. Þeir, sem stunda nám í menntadeild Kennaraskólans, hafa að baki sér nám, sem er jafnlangt menntaskólanámi, þ. e. a. s. fjögurra ára nám eftir landspróf eða hliðstætt gagnfræðapróf. Þeir, sem stunda nám í 1. hluta Tækniskóla Íslands, hefðu getað fengið inngöngu sem námsmenn á 1. ári í tækniskóla erlendis og hefðu þá getað orðið aðilar að Lánasjóðnum, enda eru ýmsir stúdentar í þessum hópi. Öll rök virðast því mæla með því, að þessir námsmenn á Íslandi fái aðild að Lánasjóðnum, enda hefur stjórn Lánasjóðsins einróma mælt með því, að svo yrði. Var gert ráð fyrir þessum breytingum á lánakerfinu, þegar fjárlagafrv. var samið, þannig að fjölgun aðila að Lánasjóðnum skerðir ekki hlut þeirra, sem fyrir eru.

Síðan ákvörðun var tekin um gengislækkun íslenzku krónunnar hafa námsmenn og aðstandendur þeirra, sérstaklega námsmenn erlendis og þeirra aðstandendur, mjög um það spurt, hvaða ráðstafanir ríkisstj. hyggist gera í lána- og styrkjamálum námsmannanna. Ríkisstj. hefur þegar tekið ákvarðanir sínar í þessum efnum, og viðræður hafa farið fram við bankana um þátt þeirra í lausn málsins. Munu verða fluttar till. um

breytingar á fjárlagafrv. í samræmi við þetta. Skal ég nú skýra frá niðurstöðum í þessu máli.

Fyrir gengisbreytinguna var gert ráð fyrir því, að lán, styrkir og útgjöld Lánasjóðs íslenzkra námsmanna yrðu sem hér segir: Lán áttu að nema 34 millj. 182 þús. kr., þar af 20 millj. 499 þús. kr. til námsmanna erlendis, en 13 millj. 683 þús. kr. til námsmanna hér heima. Til hinna svo nefndu stóru styrkja áttu að ganga 1 millj. 776 þús. kr., þar af 1 millj. 66 þús. til námsmanna erlendis, en 710 þús. kr. til námsmanna hér heima. Til ferðastyrkja áttu að ganga 4 millj. 475 þús. kr. og til kandidatastyrkja 1 millj. Rekstrarkostnaður sjóðsins og afborganir lána áttu að nema 1 millj. 60 þús. kr. Ákveðið hefur verið að hækka allar þær fjárhæðir, sem ganga til íslenzkra námsmanna erlendis, um 54,4%, eða sem svarar hækkun erlenda gjaldeyrisins, þannig að lán og styrkir til íslenzkra námsmanna erlendis verða á næsta ári jafnhá í erlendum gjaldeyri og þau voru fyrir gengislækkunina. Lán og styrkir til íslenzkra námsmanna hér heima munu á næsta ári hækka um 18% frá því, sem ráð var fyrir gert. Lánin hækka því alls í 47 millj. 796 þús. kr., þar af til námsmanna erlendis í 31 millj. 650 þús., en til námsmanna hér heima í 16 millj. 146 þús. Stóru styrkirnir hækka í 2 millj. 484 þús., þar af til námsmanna erlendis í 1 millj. 646 þús. og til námsmanna hér heima í 838 þús. Ferðastyrkirnir hækka í 6 millj. 909 þús. kr. og kandidatastyrkirnir í 1 millj. 544 þús. kr. Útgjöld til rekstrarkostnaðar og afborgana lána haldast óbreytt.

Eins og kunnugt er, hefur stjórn Lánasjóðs íslenzkra námsmanna fylgt vissum reglum við úthlutun námslána, og hefur upphæð námslánanna verið misjafnlega hár hundraðshluti af námskostnaði eða réttara sagt þeim hluta námskostnaðarins, sem eigin tekjur námsmannanna hafa ekki nægt til að greiða. Hafa lánin verið lægstur hundraðshluti á fyrsta ári, en síðan farið stighækkandi. Hafa lánin numið frá 30—80% af áætlaðri fjárþörf nemenda erlendis, en 25—80% af fjárþörf stúdenta við Háskóla Íslands. Þar eð gengislækkunin bitnar að sjálfsögðu þyngst á þeim, sem lægstan hundraðshluta fá að láni, þ. e. a. s. námsmönnum á 1. og 2. ári, hefur ríkisstj. ákveðið að leggja til, að Lánasjóðurinn fái nokkra viðbótarfjárveitingu, auk þeirra hækkana sem ég hef þegar getið um, að upphæð 1 millj. 659 þús. kr., til þess að gera Lánasjóðnum kleift að létta sérstaklega undir með þessum námsmönnum eða öðrum, sem hún telur brýnasta þörf á að hjálpa. Samkv. þeim till., sem ríkisstj. mun leggja fram í sambandi við afgreiðslu fjárlagafrv., mun því ráðstöfunarfé Lánasjóðsins á næsta ári verða alls 61 millj. 552 þús. kr. Lánasjóðurinn fær fé sitt úr þrem áttum. Meginhlutinn er beint framlag ríkisins á fjárl. Þá hafa bankarnir sýnt starfsemi Lánasjóðsins sérstaka velvild með því að lána honum fé og að síðustu hefur sjóðurinn, sem þegar er orðin öflug stofnun, nokkrar eigin tekjur. Áður en gengisbreytingin var ákveðin, var gert ráð fyrir því, að ríkisframlagið næmi 31 millj. 745 þús. kr., bankalán 9 millj., en tekjur af eigin fé 4.2 millj. Nú er gert ráð fyrir því, að ríkisframlagið hækki í 44 millj. 752 þús. og bankalánin hækki í 12 millj. 600 þús. Hækkunin nemur því samtals 16 millj. 607 þús. kr. Þessar ráðstafanir hafa verið gerðar í samráði við stjórn Lánasjóðsins, en í henni eiga sæti fulltrúar stúdenta við Háskóla Íslands og erlendra stúdenta, Háskólans og fjmrn., auk formanns skipaðs af menntmrn. Ég vona, að um þessar ráðstafanir megi segja, að þær beri vott um, að íslenzk stjórnarvöld hafi fullan skilning á gildi æðra náms, bæði hér heima og erlendis, fyrir íslenzkt þjóðfélag. Ég vona líka, að hið háa Alþ. líti á það aukna verksvið Lánasjóðsins, sem þetta frv. gerir ráð fyrir, sem endurbót, þannig að frv. fái skjóta afgreiðslu á hinu háa Alþ.

Að svo mæltu leyfi ég mér, herra forseti, að leggja til, að að lokinni þessari 1. umr. verði málinu vísað til 2. umr. og hv. menntmn.

Ragnar Arnalds: Herra forseti. Hæstv. menntmrh. gerði hér grein fyrir þeim breytingum, sem felast í frv. því til l., sem hér liggur fyrir til umr. Breytingin, sem í því felst, er ekki mjög stórvægileg, enda þótt hún sé tvímælalaust til bóta. Við Alþýðubandalagsmenn höfum lengi bent á nauðsyn þess, að námslánakerfið verði útvíkkað. Þegar lög um námslán og námsstyrki voru afgreidd frá Alþ. fyrir tveimur árum tæpum, lögðum við á það sérstaka áherzlu, að þetta kerfi næði ekki nema til hluta af nemendum í framhaldsnámi. Við vildum, að þetta kerfi næði einnig til 1. hluta Tækniskólans, til kennaraskólanema og menntaskólanema og jafnvel víðar, svo að við töldum fyrir tveimur árum mikla nauðsyn á því að veita nemendum í t. d. menntaskólum námsstyrki, og það má tvímælalaust segja, að nauðsynin sé enn brýnni nú, eftir að atvinnuástand hefur stórversnað og fjöldamargir menntaskólanemar hafa litla atvinnu eða enga á sumrin. Það er sem sagt komið aftur það ástand, sem einu sinni var, að börn lágtekjumanna hafa talsvert minni möguleika að ganga menntaveginn en börn efnaðra foreldra, a. m. k. ef börnin eru fleiri en eitt, sem vilja ganga menntaveginn. Jafnrétti til menntunar er tvímælalaust lágmarkskrafa í síðuðu þjóðfélagi. Þetta var ekki svo áberandi vandamál fyrir nokkrum árum, er unglingar gátu fengið mikla atvinnu 4 mánuði ársins, en nú, þegar atvinnuleysið hefur haldið innreið sína, verður að reisa þá kröfu af fullum þunga, að nemendur í menntaskólum, kennaraskólum og öðrum framhaldsskólum fái námsstyrki, ef þeir þurfa þess með eða a. m. k. foreldrar þeirra eigi kost á vaxtalausum lánum. Ég vil sem sagt ítreka það, að þó að það sé góðra gjalda vert, að hér sé námslánakerfið útvíkkað, þá þarf betur, ef duga skal. Annars vil ég í tilefni af framkomnu frv. ræða hér alveg sérstaklega um námslán og námskostnað stúdenta erlendis, eins og viðhorfin eru nú, eftir þá stórfelldu gengisfellingu, sem nýlega var framkvæmd, og með sérstöku tilliti til ræðu hæstv. menntmrh. hér áðan.

Í leiðara Alþýðublaðsins nú fyrir skömmu gat að líta fáein orð um námsaðstoð við stúdenta, og ég vil leyfa mér að lesa upp þessi fáu orð, með leyfi forseta. En þau voru þannig:

„Margir hafa haft áhyggjur af hlutskipti íslenzkra námsmanna, sem eru erlendis, eftir gengislækkunina. Er augljóst, að þeir mundu verða fyrir miklu skakkafalli, ef ekkert væri að gert. Gylfi Þ. Gíslason menntmrh. hefur á undanförnum árum gengizt fyrir stórfelldri aukningu á lána- og styrkjastarfsemi fyrir námsmenn, komið upp nýju kerfi til að gegna því

verkefni. Nú hefur hann unnið að því, að námsmenn verði skaðlausir af gengislækkuninni, ef þess er nokkur kostur. Er málið komið vel áleiðis og verður birt um það tilkynning innan skamms."

Þetta sagði það ágæta blað, Alþýðublaðið, fyrir fáum dögum. Og þessi tilkynning, sem Alþýðublaðið boðaði í leiðara, hefur sem sagt séð dagsins ljós núna, en ég er hins vegar anzi hræddur um, að þessi málalok, sem hæstv. menntmrh. kynnti hér áðan, eigi eftir að vekja talsvert mikil vonbrigði meðal námsmanna og aðstandenda þeirra. Alþýðublaðið lofaði, eins og ég tók hér fram, að námsmenn skyldu vera skaðlausir af gengislækkuninni. En það er svo sannarlega komið í ljós, að það mun víst vera býsna fjarri lagi, að svo verði. Allt það, sem ríkisstj. hyggst gera til hjálpar námsmönnum, virðist samkv. ræðu hæstv. menntmrh. vera það að hækka lánin í hlutfalli við gengisbreytinguna, svo að lánin haldi áfram að vera eins og þau hafa verið, að meðaltali um 30% af meðalfjárþörf stúdenta erlendis, á sama hátt og raunar var gert eftir seinustu gengisfellingu. Ég held, að það hljóti að vera öllum heilvita mönnum ljóst, hve hróplegt öfugmæli það er, að námsmenn séu skaðlausir af gengisfellingu, þótt lán séu hækkuð í hlutfalli við gengisbreytinguna. Lán og styrkir eru, eins og ég tók fram hér áðan, yfirleitt aðeins þriðjungur af námskostnaði, og þótt ríkið hækki lánin, svo að þau haldi áfram að nema ⅓ námskostnaðar, er hitt auðvitað aðalatriðið, að ⅔ hlutar námskostnaðar hækka í hlutfalli við gengisbreytinguna. Það mun nú víst flestum landsmönnum vera ljóst, að gengisfellingin felur í sér gífurlega kjaraskerðingu fyrir almenning á Íslandi. 54% hækkun á erlendum gjaldeyri er talin skerða lífskjör manna hérlendis um 15—20% að áliti hinna vísustu hagspekinga. En áfallið, sem íslenzkir stúdentar erlendis verða fyrir, er hins vegar þrefalt meira, 54% gengisfelling táknar hreinlega 54% hækkun á námskostnaði þeirra, og ef lánin væru ekki hækkuð til jafns við gengisbreytinguna, væru lífskjör stúdenta erlendis skert um meira en nemur gengisbreytingunni. Áfallið, sem þeir yrðu fyrir þá, væri sem sagt um það bil fjórfalt meira en almenningur á Íslandi verður fyrir, en þökk sé hæstv. menntmrh., þá stendur nú til, að þetta áfall verði ekki meira heldur en þrefalt meira en það, sem almenningur á Íslandi verður fyrir.

Erlendur gjaldeyrir hefur almennt hækkað í verði síðan um miðjan nóvember í fyrra um 104%. Þó hefur danska krónan, pundið og nokkrar fleiri myntir hækkað aðeins minna eða rétt um 100%. Þrátt fyrir hækkun lána á seinasta ári og þessa fyrirhuguðu hækkun, sem menntmrh. hæstv. hefur boðað, er sem sagt óhætt að segja, að á einu ári hefur aðstaða stúdenta erlendis versnað um meira en 100% á einu ári, þó að með talin sé sú aðstoð, sem hæstv. menntmrh. hyggst veita þeim. Námskostnaður í hinum ýmsu löndum er mjög mismunandi, en meðalnámskostnaður fyrir einu ári mun hafa verið á 9 mánaða námstíma um 90 þús. kr. Við gengisfellinguna í fyrra fór meðalnámskostnaður upp í á að gizka 120 þús. kr., og eftir seinustu gengisfellingu er hann kominn upp fyrir 180 þús. kr., og ég tek það fram, að þetta er meðalnámskostnaður, hann er lægri í sumum löndum og hærri í öðrum. En sem sagt þetta meðaltal námskostnaðar, sem ég hef að vísu ekki nákvæmlega fyrir framan mig, en ég held, að það sé tala, sem ekki sé fjarri lagi — meðalnámskostnaður hefur þannig hækkað um 90 þús. kr. á einu ári. Ef fyrirhuguð hækkun lána er meðtalin, má hins vegar gera ráð fyrir, að meðallán og styrkur sé kominn upp í 60 þús. kr. á ári. Það sem sagt er að gerast núna þessa dagana, að allt lánið og styrkurinn nægir ekki einu sinni til þess að greiða þá hækkun, sem orðið hefur á námskostnaði á einu ári, breytingin, sem orðið hefur á þessu eina ári, jafngildir því, að öll lán og allir styrkir, sem áður voru veittir, væru afnumdir með einu pennastriki og námskostnaður þar að auki hækkaður um þriðjung, og þetta er það, sem Alþýðublaðið leyfir sér að kalla „að námsmenn muni verða skaðlausir af gengisfellingunni". Ég held, að annað eins öfugmæli hafi ekki lengi sézt í nokkru íslenzku blaði. Ég er sannfærður um, að verði ekki gerðar frekari ráðstafanir til styrktar stúdentum erlendis en þær, sem hæstv. ríkisstj. hefur ákveðið að gera, mun stór hluti stúdenta flosna upp frá námi. Það var hugsanlegt í fyrra, að menn réðu við 60 þús. kr. námskostnað, þegar lánin voru frá dregin, en hvernig eiga menn — ég spyr — hvernig eiga menn að halda sér úti við nám, þegar þeim er ætlað að útvega á eigin spýtur að meðaltali um 120 þús. kr. á ári? Mér er það algerlega óskiljanlegt. Um 600 námsmenn munu uppfylla skilyrði til lánveitinga úr Lánasjóðnum og stunda núna nám erlendis. Þetta fólk er erlendis, vegna þess að Háskóli Íslands er enn of einhæfur, býður ekki upp á menntun nema í tiltölulega fáum greinum. Ég tel það hörmulega þróun, ef ríkisstj. ætlar að stuðla að því, að íslenzkir stúdentar leiti í enn ríkara mæli en nú er í þær tiltölulega fáu greinar, sem hægt er að leggja stund á við Háskólann. Íslenzkt þjóðfélag hefur þvert á móti þörf fyrir, að stúdentar hljóti miklu fjölbreyttari menntun en núna er, það verður ekki gert öðruvísi en þeir eigi þess kost að stunda nám við erlenda háskóla. Ef þjóðfélag okkar þykist ekki hafa efni á að styrkja áfram til náms þá, sem búnir eru að vera erlendis í nokkur ár og verða nú að gefast upp í miðju námi, má sannarlega segja, að það sé nokkuð seint séð. Það hefði áreiðanlega verið betra, að þessir ungu menn hefðu aldrei farið utan og aldrei fengið eina einustu krónu að láni, heldur en að vera nú slegnir niður í einu höggi og neyðast svo til að snúa heim próflausir með nokkurra ára námsskuldir á bakinu. Eða ég spyr: Hafa Íslendingar ekki efni á að láta námsmenn sína sitja í skólum erlendis? Erum við tilneyddir vegna ástandsins í sjávarútvegsmálum og vegna gjaldeyrisvandræða að leggja slíkar drápsklyfjar á stúdenta erlendis, sem nema yfir 100% hækkun námskostnaðar á einu einasta ári?

Ég get upplýst, um hve mikla fjármuni hér er að tefla. Námsmenn erlendis eru um 600, og meðalhækkun á námsmann með seinustu gengisfellingu er sennilega ekki fjarri því að vera einhvers staðar í kringum 60 þús. Upphæðin, sem gengisfellingin tekur frá námsmönnum erlendis og færir íslenzkum atvinnurekendum, er því sennilega einhvers staðar yfir 30 milljónir, ég gæti gizkað á, að það væri nálægt 36 milljónum. Þar af hefur nú hæstv. menntmrh. lýst yfir, að hann ætli að bjarga með hækkuðum lánum svona á að gizka 12 milljónum. Mér sýnist því, að það, sem til þarf til þess að stúdentar erlendis losni við áhrif gengisbreytingarinnar og til að

koma í veg fyrir að verulegur hluti af íslenzkum námsmönnum flosni upp frá námi, sé ekki mikið meira en svona 24–25 millj., en ég tek það fram að þetta eru að sjálfsögðu ágizkanir, en sennilega ekki mjög fjarri lagi, ágizkanir, sem sýna, að hér er svo sannarlega ekki um stóra fjármuni að tefla. Við Alþýðubandalagsmenn álítum, að þetta fjármagn verði að útvega. Það er unnt að gera það með ýmsum leiðum, en kannske væri einfaldast, að ákveðið væri sérstakt námsmanna-gengi, sem væri talsvert hagstæðara en núverandi gengi. Það væri sem sagt tekinn upp sérstakur námsmannagjaldeyrir til þeirra, sem uppfylltu viss skilyrði, og þeir fengju sem sagt gjaldeyrinn á eitthvað lægra verði heldur en almennt væri. En hvaða leið, sem valin væri til stuðnings námsmönnum, þá held ég, að hitt sé ljóst, að stuðningurinn fyrir íslenzka námsmenn verður að vera margfalt meiri en það eitt, að námslán séu hækkuð í réttu hlutfalli við gengisbreytinguna. Sú ráðstöfun er ekki nema sjálfsagður hlutur, sem í raun og veru þarf varla að ræða um. Mér datt ekki annað í hug en að þær ráðstafanir, sem gera ætti, væru eitthvað veglegri en bara þessi sjálfsagði hlutur, að lánin væru hækkuð til jafns við gengisbreytinguna eða í hlutfalli við hana. Nei, ég spyr enn: Hafa Íslendingar ekki efni á að láta námsmenn sína sitja í erlendum skólum? Þessar gífurlegu byrðar, sem lagðar eru á íslenzka námsmenn, eru á þá lagðar vegna þess að ríkisstj. gat ekki hugsað sér neitt annað úrræði til bjargar íslenzku efnahagslífi en að fella gengi íslenzku krónunnar.

Hæstv. menntmrh. fjallar einnig um viðskiptamál. Hann gat ekki hugsað sér að skerða óskabarn sitt, viðskiptafrelsið margrómaða, á nokkurn hátt eða setja hömlur á eyðslu erlends gjaldeyris aðrar en þær að hækka gjaldeyrinn svo í verði, að menn treystu sér ekki til að kaupa hann. Fyrstu fórnardýr þessarar stefnu eru auðvitað námsmenn okkar erlendis. Þeir verða að gefast upp, og þjóðin sparar dýrmætan gjaldeyri. Síðan geta Íslendingar haldið áfram að flytja inn í landið fisk í dósum fyrir nokkrar milljónir á ári í erlendum gjaldeyri, eins og við höfum gert á undanförnum árum.

Formaður stjórnar Lánasjóðs íslenzkra námsmanna hefur til skamms tíma, ef ég man rétt, verið dr. Jóhannes Nordal, bankastjóri Seðlabankans. Þótt Jóhannes Nordal hafi ekki lengur yfirstjórn sjóðsins með höndum, mun víst óhætt að segja, að hann beri nú nokkra ábyrgð á því, að tekjustofnar sjóðsins hafa verið nokkuð visnir, svo að sjóðurinn stefndur nú algerlega févana gagnvart þeim verkefnum, sem við honum blasa. Ég nefni nú þetta fyrst og fremst vegna þess, að seðlabankastjórinn og hæstv. menntmrh. hafa starfað mikið saman á öðru sviði, og þegar þeir hafa lagt saman, dr. Gylfi Þ. Gíslason bankamálarh. og dr. Jóhannes til stuðnings öðrum skjólstæðingi sínum, Seðlabankanum, þá hefur ekki verið að því að spyrja, að nógir peningar hafa verið fyrir hendi. Það eru ekki nema 7 ár síðan Seðlabankinn kom í þennan heim úr móðurkviði Landsbankans og varð að sjálfstæðri stofnun. En þetta afkvæmi doktoranna Jóhannesar Nordal og Gylfa Þ. Gíslasonar hefur dafnað býsna vel á uppvaxtarárunum. Nú þegar bankinn hefur starfað í 7½ ár, munu starfsmenn hans vera orðnir nokkuð á 2. hundrað talsins. Þessi stofnun, sem ekki var til fyrir fáeinum árum, hefur nú fleiri starfsmenn en öll ráðuneytin samanlagt. Ég nefni þetta aðeins sem eitt dæmi af mörgum. Það hefur líka verið upplýst hér á Alþ., að á 9 árum hafa 4 ríkisbankar fjárfest til eigin þarfa 328 millj. kr. Það vantar sem sagt ekki fjármagnið, þegar skjólstæðingar hæstv. bankamálarh. eiga í hlut.

En ég spyr: Hvers eiga skjólstæðingar menntmrh., námsmennirnir, að gjalda, að á þá skuli vera lagðar meiri byrðar með seinustu efnahagsráðstöfunum en alla aðra íslenzka þegna?

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Ég kveð mér ekki hljóðs vegna þess, að ég undrist það nokkurn skapaðan hlut, að hv. síðasti ræðumaður, þm. Alþb., vanþakki það, sem gert er fyrir íslenzka námsmenn bæði heima og erlendis. Ég hefði aldrei látið mér detta annað í hug en úr þeirri átt kæmi vanþakklæti fyrir hvað eina, sem gert er, enda yrði mér engin ánægja að þakklæti úr þeirri átt. Ég kveð mér aðeins hljóðs til þess að taka það fram eða benda á það, að hann fór algerlega rangt með grundvallarstaðreyndir varðandi þetta mál, þ. e. a. s. um það, hvern þátt lánin og styrkirnir eiga í því að greiða námskostnað námsmannanna. Hann sagði, að lánin næmu 30% af námskostnaðinum. Ég tók það skýrt fram í ræðu minni, og það hélt ég, að allir, sem þessum málum eru eitthvað kunnugir eða vilja kynnast, geri sér ljóst eða eigi að vita, að lánin eru 30—80% — 30% á fyrsta ári og upp í 80% á 6. ári — af svo kölluðum umframkostnaði námsmannanna, þ.e.a.s. þeim námskostnaði, sem þeir greiða ekki með framtöldum vinnutekjum. Og hér í Háskólanum hafa lánin numið 25—80% af námskostnaðinum. Ég hef ekki handbærar upplýsingar um það, hvert meðaltalið sé. Það er auðvelt að útvega þær, en ég átti ekki von á því, að hér mundu slíkar fjarstæður bornar á borð, að ég þyrfti á þeim upplýsingum að halda við þessar umr. En augljóst er, að þegar þær reglur, sem námsmennirnir sjálfir hafa sett sér — þessar reglur eru settar af stjórn Lánasjóðsins, ekki af rn., og að því er ég bezt veit með samróma atkv. þar, þó að þær hafi verið nokkuð umdeildar í hópi stúdenta — þá gefur alveg auga leið, að þegar lánin eru 30–80% hjá erlendum stúdentum af kostnaðinum og 25—80% af kostnaðinum hjá stúdentum við Háskóla Íslands, þá er meðaltal einhvers staðar þarna á milli, en auðvitað ekki 30%, eins og hv. þm. hélt fram.

Sú staðhæfing hans, að gengislækkunin bitni á ⅔ hluta kostnaðarins, er því algerlega út í bláinn. Hann endurtók staðhæfingu, sem oft hefur verið við höfð af hans flokksmönnum undanfarið, að lífskjörin muni skerðast á næsta ári vegna gengisbreytingarinnar um 15—20%, og bar vísa menn fyrir því, vísir menn telja, að þetta sé svona. Enginn vís maður hefur látið sér þetta um munn fara. Það eru einungis áróðursmenn Alþb., sem svona hafa talað. Ef vitna á í vísa menn um þetta efni, þá hafa þeir sagt, áætlað, að lífskjaraskerðingin mundi á næsta ári verða einhvers staðar á milli 10 og 12%, og hér ber greinilega á milli þess, sem áróðursmenn Alþb. segja, og þess, sem hann kallaði vísa menn.

Það er enn fremur rangt hjá honum, að það, sem hér er verið að gera, sé aðeins það að hækka gengið, hækka lánin og styrkina sem svarar gengislækkuninni. Ég tók

það skýrt fram í ræðu minni áðan, að það er gert meira. Lánasjóðurinn fær 1.7 millj. kr. til viðbótar þessu öllu saman til þess að rétta hlut þeirra, sem eru á 1. og 2. ári og fá minnstan prósenthluta af sínum námskostnaði greiddan með lánum eða styrkjum. Stjórnin tjáði mér að vísu, að hún vildi ekki binda sig við það að nota alla þessa upphæð 1.7 millj., til þessara manna. Það gæti verið, að hún teldi æskilegra að rétta öðrum en mönnum á 1. og 2. ári hjálparhönd með þessu fé, sem hún var mjög glöð yfir að fá og þakklát fyrir. Og það er henni auðvitað að sjálfsögðu frjálst. Og þá vil ég taka það fram enn, sem ég gat um áðan, að þessar breytingar eru gerðar í samráði við stjórn Lánasjóðsins, og mér er óhætt að segja það, að í þeim hópi ríkti almenn ánægja með þessar ráðstafanir. Ég segi auðvitað ekki, að stjórn Lánasjóðsins hefði ekki viljað fá enn þá meira fé. Hún hefði auðvitað viljað fá sem allra, allra mest fé. En þar eru ábyrgir menn, sem gera sér grein fyrir því, að ekki er hægt að verða við öllum óskum, bókstaflega öllum óskum. Og ég endurtek það, að í stjórn Lánasjóðsins var engin rödd, sem ekki taldi þetta vera sanngjarna, skynsamlega og réttláta lausn á miklum vanda, því að sannarlega er það mikið átak að auka þessa stofnun, auka starfsgetu hennar um 17 millj. kr. í einu lagi, eins og nú hefur verið gert, og það er sannarlega mikið, að stofnun fyrir námsmenn í landinu, 600 námsmenn erlendis og 700—800 námsmenn hér við Háskóla Íslands, skuli fá til ráðstöfunar í lánum og styrkjum hvorki meira né minna en 62 millj. kr. á næsta ári. Það hefði þótt saga til næsta bæjar fyrir nokkrum árum, ef það væri vitað, að slíkar fjárhæðir rynnu til þess að styrkja og lána námsmönnum á einu ári.

Að síðustu svo örfá orð varðandi Seðlabankann og vöxt hans. Það er rétt, að starfsmenn Seðlabankans munu vera eitthvað örlítið á 2. hundrað, en þess verður að geta, að Seðlabankanum hefur verið falinn fjöldi nýrra verkefna á undanförnum árum, og hann tók með sér frá Landsbankanum ýmis þeirra verkefna, sem eru hvað frekust á starfskrafta, t. d. ófaglærða starfskrafta stúlkna. Verulegur hluti þessa starfsmannafjölda eru stúlkur, sem annast seðlatalningu og mynttalningu, mjög einfalt starf, en samt sem áður mjög tímafrekt, svo að það er auðvitað að gera algerlega rangan samanburð að bera saman þessa rúmlega 100 starfsmenn Seðlabankans og t. d. starfsmenn stjórnarráðsins. Starfsmenn stjórnarráðsins eru, ef ég svo mætti segja, hákvalifiseraðir starfsmenn bókstaflega allir, en starfsmenn Seðlabankans vinna margir hverjir mjög einföld og stöðluð verk. Ég nefni sem dæmi um það t. d. þessa seðlatalningu og myntvörzlu. En fjmrn. hefur falið Seðlabankanum myntútgáfu, sem áður var í höndum fjmrn. Ef teknir eru sambærilegir starfsmenn í Seðlabankanum við starfsmenn ráðuneytanna, þ. e. a. s. menn með háskólapróf eða mikla starfsreynslu, þá er tala þeirra ekki nema hluti af þessari tölu, sem hv. þm. nefndi.

Ragnar Arnalds: Herra forseti. Hæstv. ráðh. taldi það mikla fjarstæðu, sem ég færi hér með, og kom með ýmsar tölur máli sínu til sönnunar. Ég held nú, að flestum sé ljóst, að hæstv. ráðh. á fáa sína líka í meðferð talna. Hann er einstakur snillingur á því sviði, og honum brást nú sannarlega ekki bogalistin í því að snúa út úr mínu máli hér áðan og gera það hvítt, sem ég sagði svart. Ég sagði, að lánin væru um það bil 30% af námskostnaði. Hann segir: „Þetta eru bara ósannindi. Annaðhvort veit maðurinn ekki, hvað hann er að segja, eða hann hefur ekki kynnt sér — hann er með hrein ósannindi. Hér er um að ræða lágmarkstöluna 30 og allt upp í 80%.“ Hér stendur sem sagt staðreynd gegn staðreynd og ekki svo auðvelt að hrekja slíkan málflutning með ekkert í höndunum. Hins vegar sá ég, held ég, hver er mergurinn málsins í þessu efni. Það er það, að við miðum ekki við sömu hugtökin. Það, sem ég talaði um, var námskostnaðurinn almennt, námskostnaðurinn, eins og hann er hjá stúdentum, það, sem þeir verða að greiða erlendis yfir allt árið. En það, sem hæstv. ráðh. kemur með, er ekki sú tala, þó að hann færi þent með það og léti lítið bera á því. Hann er ekki að tala um námskostnaðinn almennt. Hann er að tala um hugtak, sem er kallað umframnámskostnaður. Og hvað er þessi umframnámskostnaður? Jú, það er námskostnaðurinn, þegar búið er að draga frá honum alla þá fjárhæð, sem telja má líklegt, að nemandinn geti náð upp á árinu í vinnu. Það er búið sem sagt að draga alla tekjumöguleika nemandans frá. Og þá segir Gylfi Þ. Gíslason: „Ja, við lánum 30—80% af þessum umframfjárkostnaði“, umframnámskostnaði heitir það víst. En eftir stendur það, sem ég sagði hér áðan — ég nefndi að vísu bara meðaltal og þar af leiðandi mundi allt svo lægri talan hjá mér vera langt undir 30. Meðaltalið, hið rétta meðaltal mun vera nærri 30% af námskostnaði. Lánin og styrkirnir nema ekki miklu meira heldur en því. Og það stendur þar af leiðandi óhaggað, sem ég sagði hér áðan, að þeir ⅔ hlutar, sem eftir eru, hækka um 54% af völdum gengisfellingarinnar. Ég get ekki séð, að hæstv. ráðh. geti hrakið það með nokkrum skynsamlegum rökum. Svo bætti hæstv. ráðh. því við, að þar að auki væri nú ekki öll sagan sögð hjá mér, því að þar að auki ætti að koma til greina 1.7 millj. til viðbótar. Ég get ekkert um það annað sagt en að hver sá, sem lítur á þá tölu og litur svo á þörfina á þessu sviði, veit, að þörfin, sem þarna er um að ræða, nemur milli 20—30 millj. kr. Hann veit, að 1.7 millj. er aðeins dropi í hafið.

Nýlega hefur stjórn Lánasjóðsins látið framkvæma rannsókn á því, hver er orðinn námskostnaður í ýmsum löndum, og ég hygg, að þm. geti þótt það nokkuð lærdómsríkt að frétta um niðurstöður þeirrar rannsóknar. Nokkur dæmi. Samkv. þessari rannsókn, sem miðuð er við verðlag erlendis í nóvembermánuði í ár, síðasta mánuði, og gengi, sem ákveðið var 12. nóvember s. l., er námskostnaður í Danmörku fyrir einhleypan pilt kominn upp í 174 þús. kr. miðað við námstíma, sem er 9½ mánuður á ári. En verði maðurinn að vera þar við nám allt árið, 12 mánuði, eins og mörg dæmi eru um, er kostnaðurinn kominn upp í 191 þús. kr. Í Sviþjóð er kostnaðurinn 211 þús. Í Bandaríkjunum er hann 293 þús. fyrir einhleypan pilt.

Þriðji hluti námsmanna erlendis er kvæntur, og þar verður kostnaðurinn auðvitað miklu meiri. Í Danmörku er hann fyrir barnlaus hjón 305 þús. kr. á ári, í Svíþjóð 336 þús. og í Bandaríkjum Norður-Ameríku 448 þús. kr. á ári. Og þar við bætist, að talsverður hluti þessara námsmanna hefur börn á framfæri sínu einnig,

og þá fer kostnaðurinn enn hækkandi. Ég held, að hæsta dæmið í þessari bók sé um tilkostnað, sem kominn er upp í ½ millj. kr. á ári. Það hlýtur að vera á vitorði allra hv. þm., að verulegur hluti námsmannanna erlendis er þannig settur, að hann getur ekki ráðið við þennan tilkostnað af eigin rammleik. Því er mikil hætta á því, að ekki aðeins tugir, heldur hundruð námsmanna verði að hætta við nám í miðjum klíðum og hverfa heim. Hér er ekki aðeins um að ræða stórfellt persónulegt vandamál fyrir þessa námsmenn, heldur einnig vandamál fyrir þjóðfélagið í heild, og mér finnst það vera siðferðileg skylda Alþ. að gera ráðstafanir til þess að koma í veg fyrir, að til slíkra stóráfalla komi. Ég flutti till. við 2. umr. fjárl. um beint framlag í þessu skyni, 25 millj. kr. Sú till. var felld. Hins vegar flyt ég hér nú ásamt tveimur öðrum nm. úr hv. menntmn., hv. 1. þm. Vestf. og hv. 9. þm. Reykv., till. á þskj. 184. Hún er svo hljóðandi, að á eftir 2. gr. komi ákvæði til bráðabirgða:

„Á árinu 1969 er ríkissjóði heimilt að taka 20 millj. kr. lán og nota það sem aukaframlag til Lánasjóðs íslenzkra námsmanna."

Ég vil vekja athygli á því, að hér er aðeins um að ræða lánsheimild, þ. e. a. s. hæstv. ríkisstj. hefur þá heimild Alþ. til þess að taka slíkt lán og nota það á þennan hátt, ef í ljós kemur það, sem ég óttast, að mjög stór hluti námsmanna verði að hætta námi og hverfa heim. Þarna er ekki verið að skuldbinda hæstv. ríkisstj. Þarna er verið að opna fyrir henni þessa leið til þess að bjarga mönnum út úr miklum vanda. Og ég vil vænta þess, að bæði hæstv. ríkisstj. og hv. alþm. líti á þessa till. af fullri velvild. Komi það í ljós, að slíkrar aðstoðar sé ekki þörf, yrði slíkt lán að sjálfsögðu ekki tekið. Mér virðist, að með þessari hugmynd sé stigið það varlegt skref í þessu máli, að það ætti ekki að geta verið andstaða gegn því. En ég held, að okkur sé það skylt, bæði vegna þess að okkur ber að hugsa sérstaklega um hag þessara u. þ. b. 500 Íslendinga, sem bera alveg óvenjulegar byrðar, og eins vegna þjóðfélagsins í heild. Mér skilst af viðtölum við sérfróða menn um þessi mál, að sá baggi, sem lagður hefur verið á þessa 500 námsmenn, muni vera um 40 millj. kr. á ári. Sú hugmynd, sem ég er með um lántöku, er um helmingur þessarar upphæðar. Till. er að öllu leyti mjög varleg.

Vilhjálmur Hjálmarsson: Herra forseti. Það er ekki furða, þó að hæstv. viðskmrh. sé hróðugur, þegar hann er að tala um aðstöðu íslenzkra námsmanna erlendis núna. Hv. þm. tóku eftir því, að hann sagði með áberandi gleðibragði, að það hefði þótt saga til næsta bæjar fyrir nokkrum árum, ef þetta og þetta hefði verið gert. Það vill nú svo til, að ég þekki nokkuð inn á það, hvað það kostar fyrir menn að nema erlendis, og hvernig aðstaða hefur verið til þess að greiða það, bæði nú og eins áður fyrir 10 árum eða þar um bil. Þá var það svo, að dugandi maður, sem hitti á góða sumarvinnu, fór langt með að vinna fyrir því, sem þurfti umfram námslán. Og ef það var mjög duglegur maður og lenti í sérstaklega góðri sumarvinnu, þá gerði hann það fyllilega. Ég vil leyfa mér að fullyrða, að slíkt sé útilokað nú. Það almenna er, að menn fá litla, mjög takmarkaða, vinnu á sumrin til þess að vinna fyrir sínum námskostnaði á þeim stutta tíma, sem menn yfirleitt hafa til umráða, þeir, sem nám stunda í öðrum löndum.

Ég ætla ekki að lengja þessar umr. neitt, en mig langar bara til þess að fá að vita það, hvort það er rétt skilið hjá mér, að efndirnar á því fyrirheiti sem lesa mátti í grein Alþýðublaðsins, sem hér hefur áður verið vitnað til, felist í því einu saman að gera nokkrar lagfæringar eða leiðréttingu á lánamálunum, hvort þær felist í því einu saman, sem hér er fram komið, eða hvort von er á leiðréttingum eða aðstoð varðandi þann hluta námskostnaðar, sem ekki fæst í gegnum lánin. Ef það er svo, að það er eina leiðréttingin, þá fæ ég ekki annað séð heldur en ummæli Alþýðublaðsins um það, að erlendir námsmenn skyldu sleppa skaðlausir, séu fleipur eitt. Hæstv. ráðh. hefur hagrætt hér tölum, þó að lítið beri á, í fleiri greinum heldur en þeim, sem hv. þm. Ragnar Arnalds vék að áðan. Það var hægt að lesa það út úr hans ummælum, að sú upphæð, sem nú á að bæta við Lánasjóðinn, væri bein leiðréttting, hreinn viðauki við það, sem verið hefur. En það er ástæða til þess að gera sér grein fyrir því, að um leið og bætt er við fé eru stórkostlega aukin verkefni sjóðsins, og þau nýju verkefni hljóta, að mér skilst, einnig að kosta fjármagn.

En erindi mitt í ræðustól var nánast það að fá að vita ákveðið, hvort þetta eru efndirnar á því fyrirheiti, sem blað hæstv. ráðh. gaf.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð. Hv. þm. vitnaði einnig í grein Alþýðublaðsins um þetta mál fyrir nokkrum dögum. Ég hef hana ekki við hendina, en ég tók svo eftir, að hv. fyrri ræðumaður hafi sagt, að í greininni hafi verið svo kveðið að orði, að unnið væri að því að rétta hag íslenzkra námsmanna erlendis, eftir því sem kostur væri, eða eitthvað því um líkt. Þannig heyrðist mér hann lesa, og það er þetta, sem ríkisstj. hefur verið að gera og mun leggja fram till. fyrir hið háa Alþ. um. Á öðrum ráðstöfunum en þessum er ekki von í þessu sambandi.

Þann misskilning vildi ég hins vegar leiðrétta hjá hv. síðasta ræðumanni, að hin nýju verkefni, sem þetta frv. gerir ráð fyrir, rýri hag hinna, sem fyrir eru. Ég tók það einmitt fram, að þessi ákvörðun um stækkun, fjölgun á aðild að sjóðnum, var tekin í sumar, áður en fjárlagafrv. var samið, og það var tekið tillit til þessarar stækkunar sjóðsins, þegar fjárlagafrv. var samið. Útgjaldaaukning vegna fjölgunarinnar er inni í fjárlagatölunum, og þess vegna þurfti ekki að taka tillit til þess aftur, þegar leiðrétting var gerð vegna gengisbreytingarinnar og afleiðinga hennar.

Að síðustu vildi ég svo segja, að síðasti ræðumaður var annars hógvær í sínum ummælum. Þó sagði hann hluti, sem valda því, að ég neita mér ekki um að segja, að sú var tíðin, að ég var í stjórn með Framsfl. Ég var menntmrh., og Framsfl. hafði fjmrh., og ég verð að segja það, að ég minnist með lítilli ánægju viðskipta minna við þann fjmrh. um málefni námsmanna.

Vilhjálmur Hjálmarsson: Herra forseti. Já, ég vil aðeins þakka hæstv. ráðh. fyrir svör hans varðandi fyrirheitin í Alþýðublaðinu. Það mál liggur þá alveg ljóst fyrir eftir þetta. Þær fjölskyldur, sem eiga námsmenn erlendis og vilja greiða fyrir þeim, vita þá alveg, hvað til

þeirra friðar heyrir. Ég vil enn fremur segja það, úr því að ég er kominn hér upp, að nú vantar það til viðbótar frá hæstv. ráðh., að hann taki sér tíma til þess að útlista það, hvernig íslenzkir námsmenn erlendis eiga að kljúfa það að stunda þar nám eins og nú er komið. Það hefur farizt fyrir hjá þessum hæstv. ráðh. sem og öðrum talsmönnum hæstv. ríkisstj. að gera grein fyrir því, hvernig íslenzkt alþýðufólk á yfirleitt að lifa, eftir að kjaraskerðing gengisbreytingarinnar er komin að fullu til framkvæmda. Þetta hefur ekki verið skýrt almennt. Og nú bætist það við, þegar þessar upplýsingar liggja fyrir, að skýra þetta, hvernig námsmenn erlendis eiga að komast áfram. Og ég held, að hæstv. ráðh. hefði varið ræðutíma sínum betur við útvarpsumr. síðustu með því að skýra þetta fyrir mönnum heldur en að flytja þá ræðu, sem hann flutti þar þá.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 28 shlj. atkv. og til menntmn. með 29 shlj. atkv.

Á 31. fundi í Nd., 17. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 107, n. 182, 184).

Frsm. (Benedikt Gröndal): Herra forseti. Frv. til l. um breytingar á l. um námslán og námsstyrki er þess efnis að auka þann hóp námsmanna, sem njóta fyrirgreiðslu hjá Lánasjóði íslenzkra námsmanna. Er bætt við þann hóp nemendum í kennaradeild stúdenta, framhaldsdeild og menntadeild Kennaraskóla Íslands og fyrsta hluta Tækniskóla Íslands. Stjórn Lánasjóðs ísl. námsmanna hafði áður um þetta frv. fjallað, og var samþ. efni þess.

Menntmn. hefur athugað frv. og er sammála um efni þess, svo langt sem það nær.

N. barst erindi frá Bændaskólanum á Hvanneyri varðandi framhaldsdeild þess skóla. Erindið var sent til umsagnar stjórnar Lánasjóðsins, sem átti að halda fund síðdegis í dag. En því miður var svo illa mætt á þeim fundi vegna anna, að hann gat ekki farið fram á eðlilegan hátt. En þeir stjórnarmenn, sem þar voru viðstaddir, sáu ekki ástæðu til að amast við þessu erindi frá Hvanneyri, þó þannig, að það næði aðeins til 3. árs framhaldsdeildarinnar. Nemendur, sem fara í framhaldsdeild Bændaskólans, eru ýmist stúdentar eða þeir hafa landspróf og hafa síðan lokið búnaðarskóla, sem tekur flesta tvo vetur, og nokkru aukanámi þar til viðbótar. Þetta er ekki sambærilegt við þá aðila, sem nú fá þessi réttindi, en ef l. og 2. ár framhaldsdeildarinnar eru reiknuð með, hygg ég, að verði varla um það deilt. Með því að þessar upplýsingar hafa borizt síðdegis í dag og eftir að menntmn. hafði afgreitt málið, höfum við ekki gert till. um þetta efni og gerum ekki við 2. umr., höfðum gert okkur vonir um, að unnt yrði að taka afstöðu til þess við 3. umr.

Í menntmn. kom fram till., sem hefur verið flutt á þskj. 184 af þremur þm. stjórnarandstöðunnar. Þar er tekið upp annað mál en felst í frv., en þó viðkomandi Lánasjóði íslenzkra námsmanna. Það er um vandamál, sem skapazt hafa fyrir námsmenn erlendis vegna gengislækkunarinnar. Stuðningsmenn ríkisstj. í n. sáu sér ekki fært að taka afstöðu með þessari till., þar sem ríkisstj. hefur tilkynnt sérstakar ráðstafanir og mikla hækkun á fjárveitingum og fjárútvegun til sjóðsins í tilefni af gengislækkuninni.

N. mælir sem sagt með frv., eins og það liggur fyrir, og áskilur sér rétt, ef tækifæri gefst á síðara stigi, til að taka afstöðu til erindis Bændaskólans, en einstakir nm. áskilja sér einnig rétt til þess að flytja eða fylgja brtt.

Magnús Kjartansson: Herra forseti. Eins og hv. frsm. menntmn. tók fram, varð n. sammála um þetta frv., svo langt sem það nær, þ. e. a. s. nm. voru sammála því, að þeir aðilar, sem taldir eru upp í frv., skyldu fá jafnrétti við aðra til þess að njóta aðstoðar frá Lánasjóði íslenzkra námsmanna. Hins vegar erum við því aðeins að opna þarna nýjan rétt, að sjóðurinn sé þess megnugur að standa undir þeim rétti. Ef hann megnar það ekki, erum við í rauninni að gera bjarnargreiða, bæði þeim sem átt hafa aðild að þessum sjóði, og þeim sem verið er að bæta við. En eins og allir vita, er þessi sjóður engan veginn þess megnugur að veita þá aðstoð, sem nú þarf á að halda. Ástæðan er fyrst og fremst gengislækkanir þær, sem framkvæmdar hafa verið, tvær á einu ári. Þessar gengislækkanir hafa raskað högum íslenzkra námsmanna erlendis ákaflega mikið. Kostnaður þeirra af náminu erlendis hefur yfirleitt tvöfaldazt á einu ári. Hins vegar hafa námslán og námsstyrkir úr þessum sjóði aðeins hækkað þannig, að upphæðin er óbreytt í erlendum gjaldeyri. Meginhluti tilkostnaðarins hvílir enn sem fyrr á námsmönnum sjálfum og hann verða þeir að bera af eigin rammleik eða með aðstoð aðstandenda sinna eða á einhvern annan hátt. Þarna er um ákaflega stórfellda bagga að ræða.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.

2. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.

Brtt. 184 felld með 19:14 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: VH, ÞÞ, ÁÞ, EystJ, GeirG, HS, HV, IG, JSk, LJós, MK, SE, SkG, SV.

nei: SvJ, BGr, BF, BK, GeirH, EKJ, BrS, FÞ, GuðlG, GunnG, GÞG, IngJ, JóhH, JP, MÁM, PJ, PS, SI, SB.

BP greiddi ekki atkv.

6 þm. (SP, EðS, EmJ, GíslG, JónasÁ, MB) fjarstaddir.

Einn þm. gerði svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Mér eru mjög vel ljósir þeir miklu erfiðleikar, sem steðja að íslenzkum námsmönnum erlendis vegna síðustu gengisbreytingar íslenzku krónunnar. Fjvn. hefur þegar lagt til við Alþ., að ráðstöfunarfé Lánasjóðs íslenzkra námsmanna verði aukið um því sem næst 16 millj. kr. Ríkisstj. mun halda áfram athugunum á því, hvort og með hverjum hætti tiltækilegt er að auka þessa aðstoð við íslenzka námsmenn enn frekar, og ég segi nei.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 32 shlj. atkv.

Á 32. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 28 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 23 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 30. fundi í Ed., 18. des., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 33. fundi í Ed., s. d., var frv. aftur tekið til 1. umr.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Í þessu frv. felst nokkur breyt. á lögum Lánasjóðs ísl. námsmanna, sú breyt., að bætt er við nokkrum hópum nemenda sem aðilum að sjóðnum, þ. e. a. s. heimilað er að veita nokkuð fleiri aðilum hér innanlands lán eða styrki úr sjóðnum en hingað til hefur verið heimilt. Hingað til hefur sjóðurinn eingöngu tekið til stúdenta við Háskóla Íslands, en nú er gert ráð fyrir því, að veita megi lán úr sjóðnum nemendum úr kennaradeild stúdenta, framhaldsdeild og menntadeild Kennaraskóla Íslands og fyrsta hluta Tækniskóla Íslands. Ástæðan til þessa er sú, að nemendur í þessum deildum, sem hér er um að ræða, hafa að baki sér sambærilegt nám og þeir, sem eru á fyrsta ári í Háskóla Íslands, eða á fyrsta ári í erl. háskólum, og hefur þess vegna þótt rétt að heimila sjóðstjórninni einnig að veita þessum aðilum lán úr sjóðnum til jafns við nemendur á fyrsta ári í Háskóla Íslands eða erl. háskólum eða tækniskólum. Þessi breyt. á l. er flutt í samráði við stjórn Lánasjóðs íslenzkra námsmanna og hefur einróma meðmæli hennar. Að svo mæltu leyfi ég mér að óska þess, herra forseti, að málinu verði vísað til 2. umr. og hv. menntmn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv. og til menntmn. með 18 shlj. atkv.

Á 36. fundi í Ed., 19. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 107, n. 205).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 16 shlj. atkv.

Frsm. (Auður Auðuns): Herra forseti. Þetta frv. var til 1. umr. hér í þessari hv. þd. í gær, og fylgdi þá hæstv. menntmrh. því úr hlaði. Ég sé þess vegna ekki ástæðu til þess að fjölyrða um efni frv., en í stuttu máli er það það að víkka hóp þeirra, sem geta átt aðild að lánum úr Lánasjóði íslenzkra námsmanna, og þá miðað við það, að það séu nemendur, sem við bætast, sem hafa að baki námsferil, sem svarar til náms á 1. ári í Háskólanum hér eða við erlenda háskóla og erlenda tækniskóla.

Menntmn. hefur athugað þetta frv., og eins og fram kemur í nál. á þskj. 205, mælir n. með samþykkt frv., en einstakir nm. áskilja sér hins vegar rétt til þess að flytja brtt. við frv. og að fylgja brtt., sem fram kunna að koma.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 16 shlj. atkv.

Á 38. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 15 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 15 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 222).

---

7. Skólakostnaður (stjfrv.)

Á 21. fundi í Sþ., 13. des., var útbýtt frá Nd.:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 49 29 apríl 1967, um skólakostnað [116. mál] (stjfrv., A. 166).

Á 29. fundi í Nd., 14. des., var frv. tekið til 1. umr.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Í apríl 1967 samþykkti Alþ. nýja löggjöf um skólakostnað, þ. e. a. s. um greiðslu kostnaðar við byggingu skóla, sem reknir eru sameiginlega af ríki og sveitarfélögum. Meðal nýmæla í þeirri löggjöf var það, að framlög ríkisins til nýrra skólamannvirkja skyldu skiptast í tveggja til þriggja ára greiðslutímabil vegna hverrar framkvæmdar, en í eldri lögum voru ákvæði um það, að fjárveitingar ríkisins skyldu greiðast á 5 árum. Var tilætlunin, að þessi nýja skipan tæki gildi um næstu áramót, þ. e. a. s. fjárveitingar til nýrra skólamannvirkja í fjárlögum fyrir árið 1969 skyldu miðaðar við þriggja ára tímabil. Við meðferð fjárlagafrv. í fjvn. og ríkisstj. hefur sú skoðun orðið ofan á, að það væri of skyndileg breyting að lækka greiðslutímabil ríkissjóðs úr 5 árum niður í 3 ár. Þess vegna hefur þetta frv. verið flutt, en í því er gert ráð fyrir því, að á árinu 1969 skuli framlög til skólamannvirkja skiptast á fjögurra ára greiðslutímabil. M. ö. o., það er gert ráð fyrir því, að framkvæmd ákvæða stofnkostnaðarákvæða í nýju skólakostnaðarlögunum að þessu leyti skuli ekki koma til framkvæmda skyndilega á einu ári, heldur skuli vera eins árs millibil, þar sem greiðslutímabilið sé 4 ár. Til fullra framkvæmda að þessu leyti mundu því skólakostnaðarlögin koma 1. janúar 1970. Þetta er efni þess einfalda frv., sem hér er flutt.

Ég leyfi mér að leggja til, herra forseti, að að lokinni þessari umr. verði frv. vísað til 2. umr. og hv. menntmn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til menntmn. með 25 shlj. atkv.

Á 31. fundi í Nd., 17. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 166, n. 183 og 185).

Frsm. meiri hl. (Benedikt Gröndal): Herra forseti.

Samkv. l. frá 1967 um skólakostnað var ætlunin að breyta greiðslu á ríkisframlögum til skólabygginga á þann veg, að í stað þess, að ríkið inni greiðslurnar af hendi á 5 árum, skuli það gerast á 2—3 árum. Þegar að því kemur, að þessi lög komi til framkvæmda, hefur komið í ljós í störfum fjvn., að miklir annmarkar eru á því að færa greiðslurnar alla leið úr 5 árum niður í 3 ár. Ef þriggja ára reglan ætti að gilda, mundu framlög til þeirra skóla, sem byrjað er á, þurfa að vera það mikið hærri, að vart mundi verða hægt að byrja á nýjum skólum. Af þessum sökum hefur þótt óhjákvæmilegt að leggja til við Alþ., að það samþykki, að á árinu 1967 skuli framlög til nýrra skólamannvirkja skiptast á fjögurra ára greiðslutímabil. Samkv. 1. gr. frv. er þetta bundið við árið 1967.

Menntmn. hefur athugað þetta mál og ekki orðið sammála um afgreiðslu þess. Meiri hl. mælir með því, að frv. verði samþ. óbreytt.

Frsm. minni hl. (Sigurvin Einarsson): Herra forseti. Eins og hv. frsm. meiri hl. menntmn. hefur skýrt frá, varð ekki samstaða í menntmn. um afgreiðslu þessa frv. Við erum þrír, sem skipum minni hl. n., ásamt mér hv. 6. þm. Reykv. og hv. 9. þm. Reykv. Það er ekki langt síðan lög um skólakostnað voru sett. Það er eitthvað um 1½ ár, og þau eru ekki komin til framkvæmda enn, en eiga nú að gera það að mér skilst eftir nokkra daga. En þá kemur hæstv. ríkisstj. með frv., sem breytir einu veigamiklu atriði í hinni fyrri skólakostnaðarlöggjöf, því atriði, að fjárveitingar ríkisins komi heldur með fyrri skipunum til framkvæmdanna en áður hafði verið. Ég man vel eftir því, þegar við sátum í því lengi að vinna að því frv. fyrir 1½ ári, að okkur þótti þetta framför, að þá fengist framlag ríkissjóðs til skólabygginga á þremur árum í lengsta lagi frá því sem áður var, sem var reglan, 5 ár. Og ég held, að við höfum svona í hjarta okkar heldur lofsungið hæstv. ráðh. fyrir þá breytingu, sem hann beitti sér þá fyrir, að hraða þessum framlögum til skólanna. En við lofsyngjum ekki þetta frv. alveg eins, þar sem á að færa til baka, áður en lögin koma til framkvæmda, þessa reglu, að framlagið skuli greitt a. m. k. á þremur árum. Ég held, að ég muni það rétt, að hæstv. menntmrh. hafi orðað það eitthvað á þá leið við 1. umr. þessa máls, að þetta þætti heldur mikið stökk úr 5 ára reglunni niður í 3 ára regluna og þá hefði verið skynsamlegra að fara ekki nema hálfa leiðina og fara í fjögurra ára reglu.

Ég veit ekki, hvort stökkið hefur verið ákaflega stórt þarna um árið, því að flestir, sem koma sér upp húskofum, reyna að koma þeim upp á dálítið skemmri tíma en 5 árum og þykir ekkert afrek yfirleitt. En þrátt fyrir það, hún var til bóta sú breyting, sem þá var gerð. En ég verð að harma það, að reglan skyldi ekki standa lengur en þetta og ekki einu sinni fram að þeim tíma, að hún kæmi til framkvæmda. Það sjá allir, að þessi breyting þýðir það, að framlög ríkisins minnka á næsta ári. Frv. gildir aðeins fyrir næsta ár. Þau eiga að minnka frá því, sem þau hefðu orðið að vera, ef fylgt hefði verið núgildandi lögum og minnka um ¼. Við skulum hugsa okkur, að heildarframlag ríkissjóðs til skólabygginga í landinu hefði átt að vera, svo að ég nefni dæmi, 48 millj. á næsta ári. Eftir þriggja ára reglunni, sem enn er í lögum, er svo allt í einu breytt í fjögurra ára reglu. Nú, þá þýðir það, að sú upphæð, 48 millj., hefði þá lækkað verulega eða um einar 12 millj., að ég ætla. 48 millj. eftir þriggja ára reglunni hefðu þá lækkað niður í 36 millj. við að taka upp fjögurra ára regluna.

Þegar á það er litið, hversu ákaflega vantar skólahúsnæði í landinu, þá er þetta ekki viðunandi að mínum dómi. Það er kunnugt, að um allt land skortir meira og minna skólahúsnæði og skólaheimavistir og þess konar byggingar í sambandi við skólahald. Það er því fjarri öllu lagi að ætla svo að fara að draga úr því, áður en sjálf l. koma til framkvæmda.

Það er sagt í grg. með þessu frv.: „Við meðferð fjárlagafrv. hefur komið í ljós, að það mundi valda óeðlilegri röskun að stytta greiðslutímabilið skyndilega úr 5 árum í 3.“ — Hvaða röskun veldur þetta? Það veldur engri annarri röskun en þeirri, að það verður að leggja heldur meira á næsta ári til skólanna en gert hefði verið. Hefðu engin lög verið sett fyrir 1½ ári síðan, þá hefði reglan ekki verið tekin upp, þessi þriggja ára regla. Það er engin önnur röskun. Og ég geri fastlega ráð fyrir, að hæstv. ríkisstj. hafi reiknað með því þá, að þessi röskun yrði að verða. Það gat ekki komið neinum á óvart, ef átti að greiða til skólanna á þremur árum það, sem áður var gert á 5 árum, þá hlaut það að valda þeirri röskun.

Þá er sagt í grg., að þetta snerti skóla, sem byrjað verður að byggja á næsta ári, það framlag lækki. Mér skilst, ef að 4 ára reglan á að koma til framkvæmda nú um áramót, raski hún líka fjárframlagi til þeirra skóla, sem byrjað er á, því að ef á að deila með 4 í staðinn fyrir 3 í upphæðina, hlýtur það líka að valda röskun hvað þá skóla snertir.

Við, sem myndum minni hl. n., erum því andvígir því, að þetta frv. verði samþ., viljum ekki fallast á, að það séu nokkur rök fyrir því að fara að draga úr fjárveitingunni í þessu skyni á næsta ári, þar sem skorturinn á skólahúsnæði er svo sár, vil ég segja, eins og raun er á víða um landið.

Hitt er öllum sjálfsagt ljóst, hvers vegna þetta frv. er flutt. Það er af því að 3. umr. fjárlaga er ekki um garð gengin og frv. er til þess að auðvelda hv. fjvn. að leggja til lægri upphæð í frv. til skólabygginga en hún hefði orðið að gera, ef l. væru óbreytt, eins og þau voru sett fyrir 1½ ári. Það er ekkert annað. Ég sé því ekki ástæðu til að fjölyrða um þetta sérstaklega meira en ég hef gert. Þetta liggur alveg ljóst fyrir, hvað hér er um að ræða, því að frv. er mjög einfalt í sniðum og öllum augljóst og þm. gera það sjálfsagt upp við sig við atkvgr., hvort þeir vilja minnka framlag ríkisins til skólabygginga á næsta ári frá því, sem gildandi lög segja til um. Það er ekki um neitt annað að ræða.

Ég held, að ég hafi þá fært rök að því, að ástandið í byggingarmálum skólanna í landinu er ekki með þeim hætti, að það sé með góðu móti hægt að fallast á þessa breytingu.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Hv. frsm. minni hl. sagði, að þetta frv. væri mjög einfalt í sniðum. Efni þess væri mjög einfalt. Þetta er rétt. En þetta var því miður það eina, bókstaflega það eina, sem rétt var í ræðu hans. Þótt frv. sé einfalt í sniðum, hefur honum samt tekizt að misskilja bókstaflega öll atriði

frv. og það held ég, að sé alveg einsdæmi um ræðuflutning hér á hinu háa Alþ., og skal nú sýna fram á það, að þessi staðhæfing, þó að mjög óvenjuleg og undarleg sé, er rétt.

Hv. þm. sagði, að ákvæði frv. hefðu áhrif á fjárveitingar til þeirra skóla, sem byrjað er á. Þetta er alrangt og það kemur greinilega fram í frv., ef hann vill lesa það aftur, að þetta er rétt, sem ég segi. Frv. hefur eingöngu áhrif á greiðsluskyldu ríkissjóðs gagnvart þeim skólum, sem byrjað verður á 1969. Þetta er fyrsta atriðið.

Þá sagði hann, að samkv. frv. mundu framlög eiga að minnka til nýrra skóla frá því, sem ella hefði verið. Í fjárlagafrv. er gert ráð fyrir 12 millj. kr. fjárveitingu til nýrra skóla. Það er sama upphæð og var í frv. í fyrra. Samkv. brtt. meiri hl. fjvn. er gert ráð fyrir 33.1 millj. kr. fjárveitingu til nýrra skóla. Það liggur við, að það sé þreföldun á því fé, sem gert er ráð fyrir, að gangi til nýrra skóla á árinu 1969, miðað við tölur fjárlagafrv. Þetta hefði þm. átt að geta kynnt sér, ef hann hefði haft nokkurn áhuga á því að segja satt, þegar hann hélt þessa ræðu sína.

Þá sagði hv. þm., að þetta mundi hafa þau áhrif, að færri skólar yrðu byggðir heldur en ella hefði átt sér stað, og þetta var þriðja aðalatriðið í hans ræðu. Þessu er í raun og veru svarað með því, sem ég sagði áðan. En þessu til viðbótar vildi ég geta þess, sem hv. þm. ætti að vera kunnugt, að afgreiðsla fjárlaga eða meðferð þeirra í fjvn. fer þannig fram, að rætt er um það, hvaða heildarfjárveiting skuli ganga til helztu liðanna. Það var um það rætt, hversu miklu væri hægt að ráðstafa af takmörkuðum tekjum ríkissjóðs til nýrra skólabygginga. Hitt er reikningsdæmi, hversu mikið þarf að ganga til gömlu skólabygginganna. Þar stendur ríkið auðvitað við sínar skuldbindingar, greiðir sinn kostnaðarhluta á 5 árum samkv. upphaflegum áætlunum og kostnaðarhækkanir, sem orðið hafa frá því, að þær voru gerðar, á þremur árum. Sá hluti fjárl., að því er skólabyggingarnar varðar, er reikningsdæmi og það reikningsdæmi er áreiðanlega rétt reiknað í því fjárlagafrv. eins og það liggur núna fyrir eftir 2. umr.

Spurningin er um það, hversu miklu á að verja til nýrra skóla. Þegar ríkisstj. samdi fjárlagafrv. í haust, tók hún þá ákvörðun að hafa sömu tölu til nýrra skóla og var í fjárlagafrv. í fyrra, þ. e. a. s. 12 millj. kr., og ætlaði Alþ. að taka ákvörðun um það, hver endanleg tala skyldi verða. Og niðurstaða fjvn. varð sú — og fyrir það er ég henni mjög þakklátur, því að mér finnst n. hafa sýnt mikinn skilning á því, að stóraukið fé er nauðsynlegt til nýrra skólabygginga — n. ákvað, að hún skyldi fallast á, að notaðar yrðu 33.1 millj. kr. í nýjar skólabyggingar á árinu 1969. Ég skal ekki aðeins bera saman við tölu fjárlagafrv. eins og kom frá stjórninni í haust, sem var bara bráðabirgðatala, þinginu var síðan ætlað að fjalla um þetta. Stundum tala menn um það, að þingið hafi engin áhrif og því sé ekki ætlað nokkurt verk. Það er svo fjarri því, að það sé, að því er skólabyggingarnar varðar. Það er einmitt þingið, sem alltaf er látið taka endanlega ákvörðun um það, í hvað skuli lagt af nýjum skólum. Hitt er verkefni menntmrn. og þess starfsmanna að reikna út, hvað þurfi til þess að halda áfram gömlum skólum samkv. gildandi lögum. En þingið hefur alveg síðan ég kom í mitt núverandi starf alltaf ákveðið endanlega þá tölu, sem fara skyldi til nýrra skóla. Og nú er ákvörðun þingsins þessar 33.1 millj. kr. Ef við berum þetta saman við meðaltal þriggja síðustu ára við nýjar skólabyggingar, er það 16.7 millj. kr. Á árunum 1966, 1967 og 1968 voru að meðaltali veittar á hverju ári 16.7 millj. kr. til nýrra skóla og það er hærri tala en meðaltal þriggja eða tíu áranna á undan, að ég nú ekki tali um fjárveitingar til nýrra skóla á tímum stjórnar Hermanns Jónassonar, jafnvel þó að reiknað sé með breytingum á byggingarvísitölu og skal ég gjarnan upplýsa það, ef ég nenni að hrella hv. þm. meira heldur en orðið er með þessu. (**SE:** Hver var menntmrh. þá?) Hann var sá sami, en fjmrh. var Eysteinn Jónsson og það gerði allan muninn.

Sem sagt, fjárveitingar til nýrra skóla eru svo að segja nákvæmlega tvöfalt hærri 1969 en þær voru að meðaltali s. l. 3 ár. Og samt getur hv. þm. haldið ræðu í þá átt, að þetta frv., sem hér er um að ræða, þýði það, að það sé verið að draga úr fjárveitingum til nýrra skóla.

Þegar mér var gert kunnugt um þessa niðurstöðu hv. fjvn., sem ég veit ekki betur en hún hafi verið sammála um, ég vona það a. m. k., því að ég get gjarnan unnt stjórnarandstöðunni þess að eiga þátt í þeim heiðri, sem þessi ákvörðun ber vott um. Svo illa er mér ekki við stjórnarandstöðuna, að hún megi ekki gjarnan njóta heiðurs af því að hafa tvöfaldað framlög til nýrra skólabygginga á árinu 1969 miðað við meðaltal þriggja s. l. ára. En þegar ég hafði séð þessa ákvörðun, kom til minna kasta sem embættismanns að hafa hönd í bagga um, hvernig þessu fé skyldi ráðstafað. Og þá komst ég að raun um það og minir embættismenn og þeir trúnaðarmenn í n., sem sérstaklega um þetta fjalla, að ef þriggja ára reglan yrði látin gilda strax á árinu 1969, yrði byrjað á færri nýjum skólum en nákvæm athugun sýndi, að sækilegt væri. Þess vegna var um tvennt að ræða. Sumir sögðu: Við skulum láta nýju skólakostnaðarlögin gilda. Það er heilbrigður andi í þeim, miðað við það að ljúka byggingunum á skemmri tíma heldur en ella, en þá komast mjög fáir skólar að. Munurinn, þar sem um er að ræða að ráðstafa þessum 33.1 millj. kr. á næsta ári, er ákveðin tala, sem þingið hefur ákveðið af miklu veglyndi, að því er ég tel. Spurningin var eingöngu um það: Á að byggja marga skóla, mjög marga skóla? Á að byggja mjög fáa skóla — eða á að fara milliveg? Og reynslan sýndi, að það var hægt að ná, að ég held, samkomulagi. Mér kemur það alveg á óvart, ef ég stend í rangri trú um það. Það var hægt að ná samkomulagi í fjvn. hjá þeim mönnum, sem eitthvað fjalla um skólabyggingarnar, og hægt var að taka tillit til allra skynsamlegra og rökstuddra óska, ef þessi meðalvegur væri farinn að fara inn á fjögurra ára regluna. Hún þýðir þá það eitt, að það er byrjað á fleiri skólum á næsta ári en ef nýju skólakostnaðarlögin hefðu verið komin til framkvæmda á árinu 1969 strax. Þýðing frv. er m. ö. o. sú — og það er síðasta kórvillan, sem ég varð að leiðrétta hjá hv. þm. — þýðingin er sú, að það er byrjað á fleiri skólum en ella mundi hafa átt sér stað og ég hygg, að ég gæti auðveldlega sýnt fram á, ef ég nennti að standa í frekara stappi við hann, að nýr skólakostnaður mundi bitna á þeim skólaframkvæmdum, sem hann og hans flokksmenn hafa sérstakan áhuga á, þannig að breytingin er gerð til þess að koma í

gang skólum úti á landi í dreifbýlinu, sem sérstök áherzla hefur verið lögð á að koma í gagnið. Og samt sem áður verður maður að hlusta á skæting hér frá fulltrúa Framsfl. út af þessu. Haldi hann áfram, getur vel verið, að ég endurskoði afstöðu mína við 3. umr. málsins. Það er gott nok, að fulltrúinn í fjvn. óski eftir því að fá fleiri skóla inn heldur en fjárveitingin annars rúmar, og svo verður maður að hlusta á fulltrúa sama flokks hér vera með skæting út af málinu byggðan á algerum misskilningi og algerri fáfræði á eðli málsins og efni málsins.

Að síðustu vildi ég svo taka það fram eða benda á það, sem hann tók auðvitað ekki eftir, en meiri hl. n. auðvitað veit um, að það ákvæði nýju skólakostnaðarlaganna að taka á tillit til væntanlegrar hækkunar byggingarkostnaðar á næsta ári, sem er áætlaður 185%, það helzt. Og þetta var eitt af merkustu nýmælum nýju skólakostnaðarlaganna. Hingað til hefur það aldrei verið gert. Reglan, sem gilt hefur í áratugi hingað til, er sú, að miðað við upphaflegar kostnaðaráætlanir borga þær þann kostnað á 5 árum. Ef kostnaður hækkar á byggingartímanum, hvort sem hann er 3, 4 eða 5 ár, er viðbótin greidd á þremur árum, þannig að raunverulegur greiðslutími hefur verið 8 ár á hlutdeild ríkisins til skólabygginganna. Þessu var líka breytt með nýju skólakostnaðarlögunum, þannig að nú á árlega að taka tillit til þessarar hækkunar, sem verður á byggingarkostnaði vísitölu, og miða greiðslu ríkissjóðs við það. Þetta ákvæði helzt, þó að greiðslutímanum sé breytt á þessu eina ári úr 3 árum í 4 ár. Þetta munar mjög verulegum fjárhæðum. Sem sagt, það er tekið tillit til væntanlegrar 18.5% hækkunar á byggingarkostnaði nýrra skóla á árinu 1969, sem aldrei hefur verið gert áður. Það svo sem er eftir öðru, að þm. líklega hefur ekki vitað þetta, því að hann hefur kynnt sér málið svo illa, þó að hann eigi sæti í n. Þess vegna er rétt að upplýsa þetta til viðbótar.

Frsm. minni hl. (Sigurvin Einarsson): Herra forseti. Ég held, að ég verði að byrja á að þakka hæstv. ráðh. fyrir lesturinn. Hann var alveg sérstakur. Ég veit ekki, vegna hvers hann er svona óskaplega viðkvæmur fyrir þessu máli. Það er eins og þetta sé einhver heilög belja, sem ekki má anda á. Ég átta mig ekki á þessu. Hann hafði sitthvað að segja: Ég hefði ekki hugmynd um, hvað stæði í frv., þekkti ekkert inn á þetta og vissi yfirleitt ekki nokkurn hlut, hvað gerðist í fjvn. Ég skal með ánægju játa það, að ég veit ekkert, hvað er að gerast núna í fjvn., því að það er ekki komin fram ein einasta till. um skólamál frá fjvn. Það er ekki von, að ég viti það.

Hann segir, að þetta sé svoleiðis hreinasti misskilningur, að þetta sé nokkur samdráttur á framlögum ríkisins til skólanna á næsta ári. Það er nú eitthvað annað. Ég held, að hann hafi sagt, að nú ætti að leggja til nýrra skólabygginga 33.1 millj. á móti 12 millj., sem hefði verið að meðaltali á þremur s. l. árum. (**Menntmrh.:** Nei, 16.7.) Einhvers staðar var hann með 12. (**Menntmrh.:** 12 var í frv.) Það hefur þá ekki verið burðugt þetta frv. Það getur vel verið, að frv. hafi verið svona úr garði gert, ég skal ekki rengja það. En hver fór með stjórnina á öllu saman undanfarin 3 ár? Ef það hefur verið eitthvað heldur lítið og núna eigi að verða meira, þá má segja, að það séu framfarir, en frá litlu og hann meira að segja vitnaði í ríkisstj. Hermanns Jónassonar, hvað þetta væri margfalt meira núna. Sami menntmrh. í báðum stjórnunum! Ég kann ekki við þetta, að núv. hæstv. menntmrh. sé að lítilsvirða alltaf þennan fyrrv. menntmrh. í ríkisstj. Hermanns Jónassonar. Mér er vel við báða!

Út af þessum 33 millj., sem nú eigi að verja til skólabygginga á næsta ári, sem mér er ekki kunnugt um og ég geri ekki ráð fyrir, að þm. sé neitt kunnugt um, því að það er enginn stafur um það kominn hingað fram eða hingað í d., vil ég spyrja: Til hvers er frv. þá flutt? Til hvers þarf hæstv. ráðh. nú að fara að deila með 4 í staðinn fyrir 3 áður? Er þá ekki frv. gersamlega út í loftið, ef það á að fara að veita svona miklu meira núna? — Hann segir, að það sé verið að ráðgera það í fjvn. að veita svona miklu meira til skóla en hefur verið. Samt þarf hann að fara að deila með 4 í staðinn fyrir 3. Ég verð að segja honum alveg eins og er, þetta skil ég ekki. Ef á að fara að auka fjárveitingarnar eins og hann segir, þá er líklega óhætt að deila með 3 en ekki 4. Það er nefnilega ómögulegt að finna botn í þetta. Ég skal viðurkenna það, að hæstv. ráðh. hefur betri aðstöðu til þess að dæma um þetta hvað deilinguna snertir, þar sem hann hefur allar till. í fjvn. fyrir framan sig og veit, hvað þar á að gerast. En það vitum við ekki, hinir. Og hann segir, að það muni verða samkomulag í fjvn. um þá upphæð, sem veitt verði til skóla. Þetta getur vel verið alveg hárrétt hjá honum. Ég veit ekkert um það. En til hvers frv. er, veit ég ekki, fyrst svona er. Ég hélt í minni einfeldni, að það væri verið að draga úr heildarframlögum ríkissjóðs á næsta ári með því að deila með 4 í staðinn fyrir 3. Ég fæ alltaf út lægri tölu, þegar ég deili með 4 en með 3, hvað sem hæstv. ráðh. fær. Og ef hann er að auka framlögin í heild til skólabygginga í landinu núna eins og hann segir: Ég ætla að tvöfalda þau — eða eitthvað þess háttar, jafnvel þrefalda miðað við þriggja ára meðaltal og margfalda það frá því, þegar hann var ráðh. hér fyrir 10 árum. Hvers vegna er hann þá að deila með 4? Það veit ég ekki.

Það fer að verða flókið málið hvað snertir útskýringar á þessu frv., fyrst svona er.

Ég held, að hann hafi komizt að þeirri niðurstöðu, eftir því sem mér skildist, að ég væri með þessu og við, sem höfum þessa afstöðu til frv., værum að koma í veg fyrir, að það yrði byrjað á fleiri skólum. Ég held meira að segja, að hann hafi sagt það eitthvað á þann hátt, að þar sem við viljum fá heldur meira framlag á næsta ári en gert er ráð fyrir með þessu frv., þá viljum við koma í veg fyrir, að byrjað verði á fleiri skólum. Nú er það ekki aðalatriðið í skólabyggingum að byrja á mörgum skólum, heldur er það aðalatriðið að koma skólunum upp. Það er ekki ákaflega mikið fengið með því að byrja t. d. á 20 skólum og láta það taka 20 ár. Ég held, að það sé miklu betra að byrja á einum skóla og ljúka honum á árinu.

Þá nefndi hann eitt, sem aldrei var minnzt á í hv. menntmn. og ég veit eiginlega ekki, hvað kemur þessu máli við, þ. e. að núna eigi að taka tillit til þeirrar hækkunar á byggingarkostnaði, sem muni verða 18½%. Það er merkilegur hlutur. Datt ráðamönnum kannske í

hug að taka ekkert tillit til þess eða hvað? Hann sagði, að á undanförnum árum hefði það alls ekki verið gert. Það er hann, sem hefur ráðið ferðinni, en ekkert tekið tillit til þessa á undanförnum árum. Ég hélt, að þetta hefði alltaf verið gert og mér finnst það engar fréttir, þó að það sé gert núna.

En það breytir ekki nokkrum hlut, hvort það á að deila með 3 eða 4. Ég vil ekki vera að teygja þessar umr., en ég vil helzt spyrja hæstv. ráðh., sem alltaf er liðlegur og greiður í svörum, að mér finnst — a. m. k., þegar ég hef spurt hann að einhverju, þá hef ég alltaf fengið svar — spyrja hann að því, hver er meiningin með frv., þar sem á að deila nú með 4 í staðinn fyrir 3? Það er það eina, sem ég þarf að fá að vita núna, það er þetta. Og hann verður að útskýra það ákaflega rækilega, af því að ég er svo lengi að skilja það miðað við ræðuna hans áðan. Ég geri ekki aðrar kröfur en þetta: Yrði þá framlag ríkissjóðs á næsta ári nákvæmlega jafnhátt, þótt það væri deilt með 3? Þetta er ósköp einföld spurning og vona ég, að ég fái svar.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Hv. þm. var nú svo hógvær og elskulegur í seinni ræðu sinni, að það liggur við, að ég sjái eftir því að hafa verið svona hastur við hann í fyrri ræðu minni. Og ég skal sitja alveg á strák mínum í þessari ræðu og svara honum eins og ég hef áður gert, eins og hann hefur sagt, að ef hann hefur spurt skynsamlegra spurninga, þá hef ég alltaf reynt að svara þeim af réttlæti eða á réttan hátt og af skynsemi. En sannleikurinn var sá, að í fyrri ræðu sinni fannst mér hann spyrja og staðhæfa svo óskynsamlega, að ég gat ekki á mér setið að svara honum heldur höstuglega.

En nú spurði hann alveg beinnar spurningar í lok ræðu sinnar: Yrði framlag ríkisins til nýrra skóla alveg það sama, þó að ákveðið yrði að deila með þremur á næsta ári, en ekki fjórum? Og svarið er: Já. Styttra og lagbetra getur það, held ég, ekki verið. Fjvn. er búin að ákveða þá tölu, sem á að ganga til nýrra skóla á næsta ári og sú tala er 33.1 millj. kr., og mér kemur það mjög á óvart, ef hann veit ekki, hvað gerist í fjvn. um jafnmikilvæg atriði og þessi. Þá er fornvini mínum, formanni þingflokks Framsfl. brugðið, Eysteini Jónssyni, ef hann lætur slík mál fá endalok, raunveruleg endalok í fjvn., án þess að skýra sínum þingflokki frá jafnstórkostlega mikilvægri ákvörðun og þessari. Einn flokksbróðir hv. þm. hefur, átt sæti í undirnefnd sem um málið hefur fjallað, jafnduglegur og merkur þm. og Halldór E. Sigurðsson. Hann veit nákvæmlega, hvað hér hefur verið á ferðinni. Ég skil bara ekkert í þessu, ef það er orðið eitthvert leyndarmál í Framsfl., eitthvert pukurmál, hvernig umr. í fjvn. lýkur um jafnstórkostlega mikilvægan hlut og fjárveitingar til nýrra skóla, ekki hvað sízt þegar um er að ræða jafnstórkostlega breytingu og hér á sér stað frá því, sem var í fjárlagafrv. og frá því, sem verið hefur á undanförnum árum, stórkostlega breytingu til hækkunar. Og það þykir kannske ekkert fréttnæmt í Framsfl., þó að meiri hl. Alþ. ákveði það að tvöfalda framlög til nýrra skólabygginga frá því, sem verið hefur s. l. þrjú ár. Kannske það þyki engar fréttir.

Nei, ég á bara eftir að vekja athygli á því, herra forseti. (**SE:** Er málið búið í fjvn.?) Málið er afgreitt í fjvn., en það var ákveðið þar að geyma þessar till. til 3. umr. og ég veit ekki, hvort allt er búið fyrir 3. umr., en skólamálin eru búin fyrir mörgum dögum. (Gripið fram í.) Já, afgreitt. Ég veit ekki, hvort formleg atkvgr. endanlega hefur farið fram, um það skal ég ekki segja. En mér er tjáð það, að n. hafi lokið efnisafgreiðslu á málinu, þó að kannske formleg afgreiðsla fyrir 3. umr. hafi ekki endanlega farið fram, það náttúrlega skiptir ekki máli.

Annars sagði hv. þm. oftar en einu sinni í ræðu sinni: Þetta skil ég ekki, mér er ekki ljóst, hvað er á ferðinni, og þar fram eftir götunum, og ég bara endurtek þetta sem hans orð. Hann skilur auðsjáanlega alls ekki, hvað hér er á ferðinni, og við því get ég bara ekki gert. Ég er búinn að reyna að skýra þetta einu sinni í stuttri ræðu og ég er viss um, að allir aðrir þm. eða a. m. k. næstum allir aðrir þm., a. m. k. allir þm. utan hans flokks áreiðanlega hreint — ég skal ekki taka ábyrgð á öllum þm. Framsfl. í þessu efni — en þeir hafa áreiðanlega skilið þetta, hvað hér er um að ræða. Þeir hafa skilið, hvers vegna nú er lagt til að deila með 4 í staðinn fyrir það að deila með 3. Það er gert til þess að koma fleiri nýjum skólum að á árinu 1969 en ella hefði orðið, fyrir þessar 33.1 millj. kr.

Þetta læt ég nægja til þess að upplýsa málið. Ef hv. þm. vill fá enn frekari upplýsingar, hafi hann ekki skilið þetta enn, þá skal ég fúslega ræða við hann einslega til þess að reyna að koma honum í skilning um, hvað hér er á ferðinni.

Magnús Kjartansson: Herra forseti. Ég ætla ekki að blanda mér inn í þessar sérkennilegu umræður, sem fram hafa farið að undanförnu, ég vil aðeins gera grein fyrir afstöðu minni til þessa frv. Ég held, að það sé algerlega augljóst, hvað í frv. felst. Í því felst það, að þær fjárveitingar, sem hæstv. ríkisstj. ætlar sér að verja til nýrra skóla á næsta ári, nægja ekki til þess að veita fé til þeirra skóla, sem nauðsynlegir eru, ef fylgt væri ákvæðum þeim, sem voru í skólakostnaðarlögunum. Hæstv. ráðh. lét mikið af því, að þessi upphæð væri fjarskalega há, 33 millj. rúmar, sagði hann. Sízt get ég kallað það háa upphæð á fjárl., sem nema í allt yfir 7 milljörðum kr. Enda þótt þessi upphæð sé hærri en verið hefur, er hún augljóslega allt of lág, og mér finnst það ákaflega undarlegt hjá hæstv. menntmrh., að þegar hann sem fulltrúi menntamála á Íslandi ætti að ýta á samstarfsmenn sína um auknar fjárveitingar til þeirra verkefna, kemur hann hér aftur og aftur upp í ræðustól fullur af sjálfumgleði og reynir að afsaka hluti, sem ekki er hægt að afsaka.

Hæstv. ráðh. talaði um nýja skóla, sem nauðsynlegt væri að hefja framkvæmdir við á næsta ári. Og hæstv. ráðh. hefði auðvitað átt að leggja áherzlu á það að fá þá fjármuni, sem dygðu til þess, að hægt væri að hefjast handa við alla þessa skóla, án þess að hverfa frá löggjöfinni um skólakostnað. En þetta er ekki hægt. Þær 33 millj., sem um er að ræða, nægja ekki til þess, að hægt sé að leggja fé til allra þeirra skóla, sem nauðsynlegir eru, og þess vegna er þetta frv. flutt um að lækka hlutinn til hvers skóla úr 1/3 niður í 1/4. Þarna er um að ræða skerðingu frá raunverulegum þörfum og hæstv. ráðh.

ætti að líta á þarfirnar, þegar hann er að mæla fyrir slíkum málum hér á þingi. Þetta hefur oft komið fyrir áður hjá hæstv. ráðh. í vetur, þegar minnzt hefur verið á menningarmál, að hann hefur verið í stöðugri varnarstöðu og raunar í sjálfhólsstöðu. Þetta er sjúkdómur, sem vill leggjast á ráðh., þegar þeir eru búnir að vera nokkuð lengi í störfum, að þeir fyllast af ánægju með sjálfa sig og gerast næsta áhugalitlir um nýjar framkvæmdir.

Ég hef þá afstöðu, að átt hefði að halda við ákvæði skólakostnaðarlaganna og það hefði þurft að hafa fjárveitinguna það ríflega, að hún nægði til þess á næsta ári að leggja í þá nýja skóla, sem nauðsynlegir eru. Þetta er í fáum orðum sagt afstaða mín til þessa frv. Þetta er frv., sem á að réttlæta skerðingu á þeim áformum, sem menn höfðu í huga, þegar skólakostnaðarlögin voru samþykkt, og ég er á móti því, að sá samdráttur sé framkvæmdur. Ástandið í skólamálum er þannig, að það er ekki rétt að ráðast í slíkan niðurskurð.

En fyrst ég stend hér og tala um skóla, þætti mér vænt um, ef hæstv. ráðh. vildi svara fsp. um skóla af öðru tagi en hér er um að ræða. Ég minntist á það hér við 2. umr. fjárl., að vandamál Kennaraskólans væru orðin ákaflega alvarleg. Helmingi þess skóla komið upp 1962 og síðan hefur ekki verið haldið áfram byggingarframkvæmdum þar. Í þessum helmingi skólans áttu samkv. áætlunum arkitekta að vera um 150 nemendur. Fullgerður átti skólinn að rúma 250—300 nemendur. En í þessu húsnæði, sem ætlað er 150 nemendum, eru nú um 1000 nemendur, yfir 800 kennaraefni og yfir 100 börn, sem eru þar við æfingakennslu. Þrengslin eru orðin svo mikil, að það er ekki hægt að halda uppi neinu eðlilegu skólastarfi og hefur þó skólinn leigt sér húsnæði utan veggja þessa nýja skóla. Skólastjórinn hefur skýrt frá *því í viðtali, að það þurfi 100 millj. kr. til þess að* fullgera þennan skóla. Það er þrisvar sinnum hærri upphæð en sú tala, sem hæstv. ráðh. var að hæla sér af hér áðan. Mér er kunnugt um það, að skólastjórinn fór fram á það að fá fjárveitingu á fjárl., sem næmi 6 millj. kr. Við 2. umr. fjárl. sáust þess engin merki, að ætlunin væri að verða við þessari ósk skólastjórans. Ég bar þá fram till. um fjárveitingu, sem nam aðeins 5 millj. kr., vegna þess að ég vildi ekki ganga fram af hæstv. ráðh. eða fjvn. Ég dró þó till. til baka til 3. umr. og ég vildi leyfa mér að spyrja hæstv. ráðh., hvort ekki megi vænta þess, að við 3. umr. verði gert ráð fyrir einhverjum fjárframlögum, til þess að hægt verði að undirbúa frekari byggingarframkvæmdir við Kennaraskólann?

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Það er sá munur á því að eiga orðastað við hv. síðasta ræðumann og ýmsa framsóknarmenn, sem hér láta mikið til sín heyra, að hann skilur ræðu annarra manna og hann veit sjálfur, hvað hann er að segja. Og þetta er út af fyrir sig mjög mikils virði. Hv. þm. sagði í upphafi ræðu sinnar, að það væri hans stefna, að það ætti að halda ákvæðum skólakostnaðarlaganna og hafa fjárveitingar í væntanlegum fjárlögum þeim mun hærri. Í þessu er auðvitað fullt samræmi. Í þessu er heil hugsun, og það ber út af fyrir sig að virða. En staðreynd málsins er sú, að ekki hefur orðið samkomulag um hærri fjárveitingu til nýrra skóla á næsta ári en 33.1 millj. kr. Og hvernig svo sem verður um tillöguflutning um það mál við 3. umr. málsins, — ég get búizt við honum í framhaldi af þessum umr., — þá veit ég ekki betur en almenn samstaða hafi orðið um það hjá þeim mönnum í fjvn., sem *um málið fjölluðu, að þetta væri* vel viðunandi lausn á málinu, enda stórkostleg aukning á fé frá því, sem átt hefur sér stað á undanförnum árum. Svo mikil aukning, að ég sá ástæðu til þess áðan tvívegis að þakka fyrir skilning hv. fjvn. á þörfunum fyrir nýjar skólabyggingar, sem vissulega eru mjög miklar, sem vissulega eru stórfenglegar. En hins vegar verða a. m. k. stjórnarstuðningsmenn að gera sér grein fyrir því, að því eru takmörk sett, hversu hægt er að auka fjárveitingar til einstakra flokka framkvæmda, þótt nauðsynlegar séu. Mér kemur ekki til hugar að ætlast til þess, að stjórnarandstæðingar sýni yfirleitt sama skilning á því, eins og stjórnarsinnar verða að gera. Þess vegna er ég í sjálfu sér ekkert hissa á því, þó að hv. 6. þm. Reykv. hafi þá skoðun, sem hann hefur. Ég hef ekkert við það að athuga í sjálfu sér. Mér er engin launung á því, að ég persónulega hefði kosið, að þessi fjárveiting hefði orðið enn hærri. En ég beygi mig fúslega fyrir þeim rökum, sem fjvn. og fjármálastjórnin færir fyrir því, að eins og á stendur, sé ekki hægt að fá meira fé til þessara framkvæmda en þessar upphæðir, og ég vek athygli á því, að ég held, að enginn einstakur málaflokkur við afgreiðslu fjárlaga hafi fengið jafn jákvæða afgreiðslu og einmitt skólamálin, bókstaflega enginn flokkur við afgreiðslu fjárlaga hafi fengið eins jákvæða afgreiðslu og skólamálin. Þetta sýnir skilning þess þingmeirihluta, sem ber fjármálaábyrgð í landinu, á því, að hér sé um sérstaka þörf að ræða, sem reynt er að taka tillit til eftir fremsta megni. Einhvers staðar verður hámarkið að vera, og það verður 33.1 millj. kr. nú í ár, og mér eru það vonbrigði, *ef það er talið mér til sjálfhælni, þó að ég víki að* þessu. Ég hef ekki vikið að þessu að fyrra bragði. Ég hef ekkert tilefni gefið til þess, að ég fengi tækifæri að koma hér í pontuna og segja frá þessu. Ég hefði steinþagnað um þetta, ef hv. þm. Sigurvin Einarsson hefði ekki haldið hér jafnfurðulega ræðu og hann hélt. Ég vil láta þetta koma fram með eðlilegum hætti við 3. umr. fjárl. og ekki vera að eigna mér þetta frekar en nokkrum öðrum. Meira að segja, og það vona ég, að geti talizt nokkur rök gegn því, að hér sé um einhverja sjálfhælni hjá mér að ræða, tók ég það sérstaklega fram í fyrri ræðu minni, að ég vildi eigna stjórnarandstöðunni fyllilega sinn þátt í þeim góða skilningi, sem afgreiðsla skólamálanna hefur fengið eða væntanlega fær við þessa fjárlagaafgreiðslu.

Um Kennaraskólann er það að segja, að ég viðurkenni það fúslega, að hann á við mikla húsnæðiserfiðleika að etja. Þeir eiga rót sína að rekja til þess, að vöxtur Kennaraskólans, eftir að ný löggjöf um hann var sett 1963, hefur verið með fádæmum. Engum manni, bókstaflega engum manni, datt þá í hug, að sú löggjöf mundi leiða til þeirrar byltingar í aðsókn að Kennaraskólanum og aðsókn að kennaramenntun yfir höfuð að tala, sem raun hefur á orðið. Mér er engin launung á því, að það er mjög líklegt, að áætlanir um byggingarframkvæmdir hefðu orðið allt öðruvísi á sínum tíma, ef okkur hefði rennt grun í það, að sú nýskipan, sem gerð var með nýju kennaraskólalöggjöfinni, mundi leiða til

jafnstórkostlegrar aðsóknar að skólanum eins og raun hefur borið vitni um. Mér er nær að halda, þó að ég muni ekki tölurnar nákvæmlega, að nemendafjöldi skólans núna sé eitthvað átt- eða nífaldur við það, sem var, áður en nýju kennaraskólalögin tóku gildi. Ég þekki ekkert dæmi um vöxt nokkurs skóla á Íslandi jafnöran og átt hefur sér stað í Kennaraskólanum. Það má hver, sem vill, lá menntmrn. eða fræðsluyfirvöldum það að hafa ekki séð þessa geysilega öru þróun fyrir. Hitt er aftur á móti ekki rétt hjá hv. þm., að ekkert hafi verið gert í byggingarmálum Kennaraskólans, síðan þessi nýja löggjöf var sett. Það er verið að byggja æfingaskóla fyrir Kennaraskólann, sem væntanlega kemur í gagnið á næsta hausti og mun leysa að nokkrum hluta, — ég vil ekki segja meira heldur en ég tel vera rétt, — sem mun leysa vandamál Kennaraskólans að nokkrum hluta. Ástæða þess, að ekki hefur verið talið hægt að gera enn meira en þetta í byggingarmálum Kennaraskólans, er það, að fyrir nokkrum árum voru gerðar framtíðaráætlanir í byggingarmálum menntaskólanna, byggingaráætlanir, sem ég legg megináherzlu á, að verði staðið við. En þær eru svo fjárfrekar, að ekki hefur þótt fært að gera nýja framtíðarbyggingaráætlun fyrir Kennaraskólann, fyrr en séð er fyrir endann á a. m. k. sumum af þeim byggingum, sem nú eru á döfinni fyrir menntaskólastigið. En það eru byggingarnar á Laugarvatni. Það stendur til að tvöfalda Laugarvatnsmenntaskólann að húsnæði á þremur árum, og það er verið að byggja nýjan menntaskóla á Akureyri, sem er stærri en gamli skólinn, og þeirri byggingu á að ljúka á 2—3 árum. Og þetta kom í framhaldi af því, að byggður var nýr menntaskóli í Reykjavík, sem er stærri en gamli skólinn. Og enn fremur er verið með í byggingu langstærsta menntaskóla á Íslandi, sem er Hamrahlíðarskólinn. Þetta eru svo stórkostlegar framkvæmdir á menntaskólasviðinu, að því miður hefur ekki þótt fært enn sem komið er að bæta byggingaráætlun fyrir Kennaraskólann inn í þessa menntaskólaáætlun, því að Kennaraskólinn er núna orðinn að raunverulegum menntaskóla. Ástæðan til þess, að svo mikið hefur þurft að gera á skömmum tíma í menntaskólamálum á undanförnum árum, er sú, að um áratugaskeið voru byggingarmál menntaskólanna algerlega vanrækt, um áratuga skeið. Það voru hér allan áratuginn 1950—1960 deilur um það, hvar nýr menntaskóli í Reykjavík skyldi rísa. Það var ákveðinn einn staðurinn, hætt við hann, annar staðurinn, hætt við hann og þriðji staðurinn, hætt við hann. Og þetta gerði það að verkum, að alger stöðnun var í byggingarmálum Menntaskólans næstum um 15 ára skeið, raunar allar götur frá því í stríðinu, að þáverandi rektor Menntaskólans átti sæti hér á hinu háa Alþ. og hreyfði málinu, kom því nokkuð áleiðis hér, en það strandaði síðan allt saman á pexi og ómerkilegum deilum um staðsetningu skólans, þannig að í raun og veru var það mál á döfinni í 15 ár, án þess að nokkuð væri að gert.

Þegar ég kom að þessum málum, voru menntaskólamálin í fullkomnu óefni, svo miklu óefni, að vandamálið virtist næstum því óleysanlegt. Og ég segi ekki, að það sé mitt verk, því fer víðs fjarri, en þó má segja, að — já, ég biðst enn undan því, að það sé um nokkra sjálfhælni að ræða hjá mér í þeim efnum, en ég kemst ekki hjá því að skýra frá staðreyndum í þessu, fyrst vakið er máls á þessu, — að á undanförnum árum hefur sem betur fer verið gert stórkostlegt átak í byggingarmálum menntaskólanna, þó að enn sjái ekki fyrir endann á því, og fyrst og fremst við Hamrahlíðarskólann, sem er með byggingarframkvæmdir upp á 100 millj. kr. Og þess er að vænta, að því verki verði lokið eftir gerðum áætlunum. En mín von er sú, að þegar byggingarframkvæmdum á Laugarvatni og byggingarframkvæmdum á Akureyri er lokið, verði hægt að hefjast handa af fullum krafti við það að ljúka Kennaraskólanum og sjá honum fyrir nauðsynlegu húsnæði. Ég held, að það sé rétt, að það komi fram í þessu sambandi, fyrst verið er að ræða þessi mál. Ég hef ekki skýrt frá því opinberlega áður, að forráðamenn Kennaraskólans eru þeirrar skoðunar og hafa gert um það tillögu, að takmarkaður verði aðgangur að Kennaraskólanum, ekki fyrst og fremst af húsnæðisástæðum, heldur vegna þess, að þeir telja aðsókn að Kennaraskólanum of mikla. Þessu hef ég neitað, neitaði því á s. l. hausti, og verði ég í minni stöðu áfram, mun ég enn neita því. Það vil ég, að komi algerlega skýrt fram, að húsnæðisvandræði Kennaraskólans, sem vissulega eru mikil núna, mikil og alvarleg, munu ekki verða látin verða til þess, að þeir fái ekki inngöngu í Kennaraskólann, sem þangað óska að komast inn, meðan ég sit í embætti. Ef ekki reynist hægt að kenna þeim nemendum, sem þangað vilja koma, í gömlu byggingunni og æfingaskólanum og gamla skólanum, sem enn er í notkun, og smávegis leiguhúsnæði öðru, þá verður tekið annað leiguhúsnæði til bráðabirgða, til þess að allir geti fengið að komast í Kennaraskólann, sem þangað eiga rétt á að koma eftir þeim reglum, sem nú um það gilda. Ég vil, að enginn misskilningur geti komizt að um þetta.

Að allra síðustu vildi ég svo segja, að auðvitað er skortur á skólahúsnæði hér á Íslandi. Það er öllum mönnum ljóst, mér eins og öllum öðrum hv. þm. og eins og öllum öðrum skólamönnum. En það vildi ég láta verða mín síðustu orð að benda á, að það er ekkert einsdæmi um Ísland. Á árunum og áratugunum eftir seinni heimsstyrjöldina hefur gengið slík menntunaralda yfir allar vestrænar og austrænar þjóðir — eða allar þjóðir í Vestur-Evrópu og Norður-Ameríku a. m. k. að þörf hefur verið á stórauknu skólahúsnæði, meiri þörf en víðast hvar hefur verið hægt að fullnægja. Þetta á jafnvel við um langríkasta ríki veraldar, Bandaríkin. Þar er verulegur skortur á skólahúsnæði, ekki væntanlega vegna þess, að Bandaríkin séu ekki nógu rík til þess að sinna því, heldur vegna þess sama og hér, að það er alltaf deila um það, í hvað skuli nota auknar þjóðartekjur, í hvað skuli nota aukin ríkisútgjöld, og þar hefur ekki niðurstaðan orðið sú að nota bókstaflega allan tekjuauka til að fullnægja allri eftirspurninni eftir skólahúsnæði, heldur hefur þar orðið að fara, eins og alls staðar annars staðar, bil beggja, þó að þeir hafi gert mjög mikið í þessum efnum. Þetta á líka við um öll Norðurlöndin, jafnvel Svíþjóð, sem er langríkust Norðurlandanna. Og í sumum Norðurlandanna er skortur á skólahúsnæði svo mikill, að það er takmarkaður aðgangur að fjölmörgum skólum, bæði háskólum og óæðri skólum. Hér á landi er ekki takmarkaður aðgangur að neinum skóla og verður ekki, meðan ég sit

í mínu embætti. Það hafa komið tillögur um það alltaf öðru hverju. Það eru líka tillögur um það uppi núna í Háskólanum um eina deildina þar, læknadeildina, að takmarka aðgang að henni. Það voru uppi tillögur um það á s. l. hausti, og þær eru boðaðar enn. Þær verða ekki samþykktar, meðan ég sit í embætti. Þau mál verður að leysa öðruvísi en með því að loka aðgangi að einstökum deildum í Háskólanum eða einstökum skólum.

Sá misskilningur, sem stundum bólar á í þessu efni, er það, að það sé skortur á skólahúsnæði, sem valdi því, að ekki hafi allir nemendur fengið aðgang að heimavistarskólum. Það er rétt og það er síður en svo einsdæmi, jafnvel í hinum allra ríkustu löndum, að það þurfi að takmarka aðgang að heimavistarskólum. M. ö. o., ríkið getur ekki séð öllum, sem óska eftir því, fyrir fæði og húsnæði í sambandi við þeirra skólavist og það er fullkomin ósanngirni og beinlínis rangt að taka það sem berandi vott um það, að skortur á skólahúsnæði hamli því, að menn geti fengið nauðsynlega menntun. En þeir, sem eiga rétt á að komast í háskóla, hafa allir fengið setu í háskóla. Þeir, sem eiga rétt á því að komast í menntaskóla, hafa allir, bókstaflega allir, fengið sæti í menntaskóla. Um skyldunámsskólana tala ég auðvitað ekki, það er sjálfsagður hlutur.

Það er rétt að geta þess líka, að víða í sveitum er skólaskyldu ekki fullnægt. Þeir menn, sem taka það sem dæmi um það, að ríkið vanræki að sjá fyrir lögboðinni skyldu, hafa algerlega rangt fyrir sér. Menntmrn. hefur óskað eftir því við öll skólahéruð á landinu, við öll sveitarfélög á landinu, að þau kæmu sem fyrst upp lögboðinni skyldufræðslu. Þetta var gert fyrir 2—3 árum. Þá sendi menntmrn. dreifibréf til allra skólahéraða á landinu með ósk um þetta, vegna þess að það hafði komið fram hér á Alþ., að jafnvel ýmsir alþm. héldu það, að ríkisvaldið bæri ábyrgð á því, að skólaskyldu í ýmsum sveitarfélögum væri ekki fullnægt. Það er alger misskilningur. Það er á valdi sveitarfélaganna. Það var hafin hér upp fyrir nokkrum árum heilmikil ádeila á mig eða ríkisstj. fyrir það, að hún bæri ábyrgð á því, að skólaskylda væri ekki framkvæmd í ýmsum skólahéruðum. Ég svaraði því með því að hefja skipulega herferð á öll sveitarfélög í landinu um það að koma sem allra fyrst á lögboðinni skólaskyldu og hét framlögum ríkisins til greiðslu reksturskostnaðar við það að halda skólaskyldunni uppi. Og það hefur borið stórkostlegan árangur á undanförnum 2—3 árum og er að gera það enn í dag. Síðast í morgun lá fyrir mér bréf frá einu skólahéraði, sem var að lengja sína skólaskyldu og fullnægja ákvæðum fræðslulaga, sem að vísu eru ekki fyrirmæli, heldur heimild til undanþágu um að lengja skólaskylduna upp í það, sem tilskilið er með lögum. Það stendur því ekki á ríkisvaldinu í þessum efnum.

Ég er með þessu síður en svo að deila á sveitarfélögin fyrir að vera ekki búin að koma þessum hlutum enn þá í fullkomið lag, þó að ákvæðin um 8 ára skólaskyldu hafi verið í gildi síðan 1946. Ég veit, að það er erfitt, það er mjög erfitt og það er mjög dýrt að halda uppi lögboðinni skólaskyldu í strjálbýlinu. En ríkið er fúst til samvinnu við öll þau sveitarfélög, sem þess óska og treysta sér til þess að koma á lögboðinni skólaskyldu, og fyrir þeim liggja skýlausar yfirlýsingar, skuldbindingar af hálfu ríkisstj. um það að taka þátt í lögboðnum rekstrarkostnaði við slíkt skólahald. Og enn fremur vildi ég segja, hvað sem menn annars segja, þótt menn auðvitað óski eftir enn þá meiri fjárveitingu til nýrra skóla heldur en nú er ráðgert, þá vildi ég segja, að á seinni árum hefur af hálfu ríkisvaldsins verið stóraukinn skilningur á því, hversu nauðsynlegt er að leggja áherzlu á nýjar skólabyggingar, bæði í kaupstöðum og til sveita.

Þórarinn Þórarinsson: Herra forseti. Ég hafði í sannleika sagt ekki ætlað mér að taka þátt í þessum umr. og skal játa, að ég hlustaði ekki á þær nema miðlungi vel lengi framan af. En það, sem veldur því, að mér finnst rétt að leggja hér orð í belg, er sá tónn, sem mér finnst, að hafi einkennt ræðuhöld hæstv. menntmrh. og það yfirlæti, sem yfirleitt hefur skinið út úr öllum orðum hans um það, hve mikið hafi verið gert í skólabyggingum á undanförnum árum og hve ágætt ástandið hljóti þess vegna að vera í skólamálunum.

Ég held, að ef menn líta á þessi mál af fullkominni sanngirni, geti menn ekki verið neitt stoltir af því eða neitt hrifnir af því, hvernig ástandið er nú í skólabyggingamálunum hjá okkur. Ég held, að hin óleystu verkefni á því sviði séu víða svo mikil og aðkallandi, að við getum síður en svo verið stoltir yfir því ástandi. Hæstv. ráðh. talaði um það sem einhvern stóran atburð, að það mundi verða gert ráð fyrir því í næstu fjárlögum að leggja 33 millj. kr. af mörkum til nýrra skólabygginga. Hann talaði um þetta eins og þetta væru einhver stór og mikil tíðindi. En við verðum að gera okkur grein fyrir því, að fjárlög eru sennilega nú komin upp í 8 milljarða eða jafnvel rösklega það. Og þegar við athugum, hvernig ástatt er í skólamálunum, getum við ekki talið það neitt stóran atburð eða neitt mikið framlag, þó að það séu veittar 33 millj. kr. til þessara framkvæmda.

Það birtist í blaði Alþfl. á Akureyri á s. l. sumri yfirlit yfir þá skóla, sem vantaði á Norðausturlandi. Og það var langur og óglæsilegur listi. En þannig er ástandið víða í byggðarlögunum úti um landið og ástandið er það sama hér í fjölbýlinu, að það er stórkostlegur skortur á skólahúsnæði. Hæstv. ráðh. vék að því í lok ræðu sinnar, að það væri fyrst og fremst sveitarfélögunum eða sýslufélögunum að kenna, að ekki hefði verið betur leyst úr skólamálunum úti um land en gert hefur verið. Heldur hann, að það verði sveitarfélögunum eða sýslufélögunum einhver hvatning til að gera meira í þessum efnum, ef sú breyting verður samþykkt á skólakostnaðarlögunum, sem hér liggur fyrir, að ríkið greiði framlagið til þeirra á 4 árum í staðinn fyrir 3? Að sjálfsögðu verður þetta til þess, eins og getu sveitarfélaganna og sýslufélaganna er háttað, að draga úr því, að þau treysti sér til þess að ráðast í nýjar framkvæmdir.

Það er rétt hjá ráðh., að það hefur sitthvað verið gert í skólabyggingarmálunum á undanförnum árum. En það er ekki neitt einsdæmi hjá okkur, vegna þess, eins og hann minntist á í öðru sambandi, að á síðasta áratug hefur gengið yfir heiminn eins konar bylting í þessum efnum og það var óhjákvæmilegt, að hún næði að einhverju leyti til okkar eins og annarra. En ég vil alveg hiklaust halda því fram, að við höfum hvergi nærri gert nógu mikið til að fylgjast með þróuninni eins og annars

staðar hefur orðið í þessum efnum. Og við höfum frekar verið að dragast aftur úr síðasta áratuginn heldur en við höfum verið að vinna á í samanburði við aðra. Svo stórfelldar hafa framfarirnar orðið í þessum málum þar, þó að ráðh. geti bent á það, að framlög til þessara mála hafi kannske eitthvað aukizt og kannske margfaldazt á undanförnum árum, þá þori ég að fullyrða það, þó að ég hafi ekki beinlínis tölur um það hér við hendina nú, að sú margföldun hefur ekki orðið eins mikil hjá okkur og flestum öðrum þjóðum á þessum tíma, því að á síðasta áratug hefur orðið alveg stórfelld bylting í þessu bæði vegna þess, að fólki hefur fjölgað og svo vegna þess, að menntunarkröfurnar hafa aukizt stórkostlega. Hinn nýi tími krefst þess, að menn fái miklu meiri menntun á ýmsum sviðum heldur en áður og þess vegna hefur það verið óhjákvæmilegt að byggja nýja skóla til þess að fullnægja þessari þörf. Og það er víst, að hér hafa ekki orðið eins stórar framfarir í þessum efnum og víðast hvar annars staðar, þrátt fyrir það, að við á undanförnum árum höfum haft meiri möguleika en nokkru sinni áður til þess að gera vel í þessum efnum, vegna þess að fjárhagsástand þjóðarinnar hefur verið það hagstætt. En það ástand, sem blasir við okkur núna í skólamálum, er í stuttu máli það, að það er víða mjög mikil þörf á nýjum barnaskólum bæði úti um land og eins hér í fjölbýlinu. Stórlega skortir á, að það sé hægt að fullnægja húsnæði fyrir barnaskólafræðsluna á þann hátt, sem æskilegt væri, M. a. í okkar kjördæmi er í mörgum bæjarhverfum stórkostlega mikil vöntun á skólahúsnæði fyrir barnaskólana og gagnfræðaskólana. Það má minna á það í þessu sambandi, að fyrir nokkrum árum síðan voru samþykkt hér mjög merkileg lög um nýja iðnfræðslu. Og það er sjálfsagt eitt af mikilvægustu málum í okkar þjóðfélagi, að iðnfræðslan sé stórkostlega aukin frá því, sem nú er. En ég held, að það sé alveg rétt frá sagt, að það sé sama og ekkert gert af opinberri hálfu, enn sem komið er, af hálfu menntmrh. til þess að framkvæma þessa löggjöf. Þó er hér mjög stórfelld þörf fyrir skjótar athafnir. Við erum að tala um það, Íslendingar, að verða mikil iðnaðarþjóð og þurfum að vera það. Það er verið að tala um það, að við þurfum að auka okkar útflutning og annað þess háttar á iðnaðarvörum. En ég er hræddur um, að okkur miði miklu seinna í þeim efnum en skyldi, ef ekki verður hafður meiri hraði á því að auka iðnfræðsluna heldur en gert hefur verið á undanförnum árum þrátt fyrir þau ágætu lög, sem um það mál voru sett fyrir nokkrum árum síðan.

Það er rétt, að það hefur nokkuð verið unnið að menntaskólabyggingum á undanförnum árum, en þó er skorturinn á húsnæði fyrir menntaskóla mjög stórfelldur og tilfinnanlegur í dag og virðist vera, að það sé um allt of takmarkaðar fjárveitingar að ræða til þeirra framkvæmda á næstu árum miðað við það, sem nú er ætlað. Ég held þess vegna, að dæmið standi þannig þrátt fyrir allt gort og sjálfshól ráðh., að þó að eitthvað hafi verið byggt af skólahúsnæði í landinu á undanförnum árum, stöndum við nú tiltölulega verr í þeim efnum, þ. e. skorturinn er meiri heldur en var fyrir áratug síðan, vegna þess hve gífurlegar breytingarnar hafa orðið í þessum efnum. Fólkinu hefur fjölgað og menntunarkröfurnar eru orðnar miklu meiri hér en þær voru fyrir 10 árum síðan, eins og víðast hvar annars staðar. Það eru afleiðingar af þeirri þróun, sem nú hefur orðið í heiminum á þessum tíma. Og það er mjög hörmuleg staðreynd, vil ég segja, að eftir mesta góðæri, sem hefur gengið yfir þetta land, skuli okkur ekki hafa tekizt að halda í horfinu í þessum efnum, því að til þess að við getum staðizt þá samkeppni við aðrar þjóðir, sem við eigum fyrir höndum, skiptir ekkert meira máli heldur en það, að fræðslumálin hjá okkur séu í hinu fullkomnasta lagi. Það er svo kapítuli út af fyrir sig, sem er ekki síður alvarlegur og sem ég tel, að sé einhver mesta og stórfelldasta vanræksla, sem hefur átt sér stað í þjóðfélaginu á undanförnum árum, að það hefur nær ekkert verið hafizt handa um það að endurskoða skólakerfið og gera þær breytingar, sem eru nauðsynlegar á því miðað við þær breyttu kröfur, sem nú eru gerðar um uppeldi og menntun. Þar hefur hæstv. ráðh. og hans flokkur eða hans stuðningsflokkar svo að segja algerlega haldið að sér höndum. Mér finnst rétt að viðurkenna það, að einn hópur manna, sem hefur stutt ríkisstj., ungir sjálfstæðismenn, hafa sýnt lofsverðan áhuga fyrir ýmsum framförum og breytingum á því sviði og sýnt menntamálunum athyglisverða rækt, en mér virðist, að það hafi verið mjög lítið tillit tekið til þess, sem þeir hafa haft fram að færa í þessum efnum.

En hvað sem verður um það frv., sem hér liggur fyrir, þá held ég, að það hljóti að liggja í augum uppi og ég trúi ekki öðru en jafnglöggur maður og ráðh. skilji það ákaflega vel, að það verður til þess að draga úr framtaki sveitarfélaga og sýslufélaga, sem þurfa að ráðast í nýjar skólabyggingar, að nú á að borga tillag ríkisins á fjórum árum í stað þriggja. Og það er ekki neitt stórfellt átak í þessum efnum, þó að af 8 milljörðum kr., sem ríkið kemur til með að hafa handa á milli á næsta ári, fari 35 millj. til nýrra skólabygginga. Það verður ekki gert neitt stórátak fyrir þá upphæð eins og kaupmætti íslenzkrar krónu er nú komið. Og ég held, að ráðh., ef hann beitir sinni skynsemi og íhugar málin á þessum grundvelli, geti hann ekki verið neitt stoltur af því eða hrifinn af því, að það skuli ekki vera veitt hærri upphæð til þessara framkvæmda heldur en sú, sem hér um ræðir. Og það má líka athuga málin frá því sjónarmiði, að atvinnuhorfur í landinu eru nú þannig, að það ætti frekar að auka opinberar framkvæmdir að ráði heldur en halda í horfinu eða draga úr þeim. Það er orðin regla hjá mörgum þjóðum, að þegar illa gengur hjá atvinnuvegunum og dregur úr atvinnustarfsemi hjá einstaklingunum, sé það einmitt rétti tíminn fyrir ríkisvaldið að grípa inn í og auka sínar framkvæmdir og tryggja þannig aukna atvinnu. Og það eru áreiðanlega fáar framkvæmdir, sem væri réttara að framkvæma frá þessu sjónarmiði, heldur en auknar skólabyggingar. Þess vegna er það, vil ég segja, að það er óheillaskref að leggja dauða hönd á framtak sveitar- og bæjarfélaga eins og raunverulega er gert með þessu frv. með því að dreifa greiðslunni á ríkisframlaginu yfir lengri tíma heldur en gert er ráð fyrir í núgildandi lögum. Og ég verð að segja það, að ég er undrandi yfir því, að hæstv. menntmrh. skuli ekki hafa meiri stórhug í þessum efnum heldur en þann, sem birtist í þessu frv., sem er augljóslega skref aftur á bak. Ég held, að það stafi m. a. af því, að hann er búinn að vera lengi í þessu embætti,

og þegar menn eru búnir að vera mjög lengi í embættum, verður oft niðurstaðan sú, að menn fara að þreytast, og menn fara að telja það ágætt, sem er, una því vel, og það þurfi ekki neitt meira að gera heldur en gert hefur verið á undanförnum árum, og ef eitthvað örlítið meira sé gert, sé það mjög gott. Mér finnst, að í sjálfshóli ráðh., í öllum málflutningi hans, komi þessi ellimerki mjög greinilega fram. En skólamálin eru tvímælalaust í því ástandi hjá okkur, að ef við ætlum að halda í horfinu til jafns við aðrar þjóðir, þurfum við að gera miklu betur í þeim efnum heldur en hefur verið *gert á undanförnum árum og þá þurfum við alveg sérstaklega* að fara að hefjast handa um það að koma fram endurbótum á skólakerfinu, sem er í dag jafnúrelt og það er á mörgum sviðum. Það er mjög hörmulegt til þess að vita, að hjá hæstv. ríkisstj. sjást ákaflega fá lífsmerki á þessu sviði. Ég held, að það væri ástæða til þess fyrir Alþ. að taka skólamálin alveg sérstaklega til meðferðar og sérstakrar umr., fullkomnari heldur en þeirrar, sem hægt er að gera undir þeim kringumstæðum, sem nú eru, þegar verið er að fresta þingi rétt fyrir jólin. Það er tvímælalaust það ástand að skapast í þessum efnum, vegna þess að ekki hefur nægilega verið gert á undanförnum árum, að hér er þörf fyrir mjög stórt, nýtt og stórfellt átak. Og við megum ekki festast í því fari, sem við höfum verið í í þessum málum um skeið.

Ég vil í tilefni af því, sem hæstv. ráðh. sagði um það, sem hefði verið fyrirhugað um framlag til nýrra skólabygginga, láta koma fram þá áskorun mína til hans og þeirra, sem um þessi mál fjalla, að fjárveitingin til nýrra skóla verði ekki skorin eins við nögl eins og hann var að boða, að til þessara framkvæmda yrðu ekki veittar nema 33 millj. á næsta ári. Það hrekkur skammt til að bæta úr þeirri miklu þörf, sem hér er fyrir hendi, og það samrýmist ekki heldur þeirri stefnu, sem við þurfum að fylgja á næsta ári, að við eigum að auka verklegar framkvæmdir ríkisins til þess að sporna gegn atvinnuleysi og alveg sérstaklega með því að auka framlagið til skólabygginga verulega frá því, sem nú er. Og frá mínum sjónarhóli eru það engin rök í þessu máli, þó að framlagið til nýrra skóla kunni að vera tvöfalt hærra eða þrefalt hærra heldur en það hefur verið þrjú síðustu árin. Það sýnir ekkert annað heldur en það, að þetta framlag hefur verið allt of lágt á undanförnum árum, og þess vegna ekki á neinn hátt rétt að miða við það. Það er ákaflega einkennilegt af hæstv. ráðh. að vera að miða við það, sem hefur verið sérstaklega lítið gert eða illa gert, eins og hefur átt sér stað í sambandi við nýjar skólabyggingar á undanförnum árum. Við eigum að setja markið miklu hærra heldur en það.

En ég vil svo að síðustu segja það, ég vil alveg beina sérstaklega máli mínu til þeirra manna, sem eru staðsettir í þeim héruðum úti um landið, þar sem vantar nýja barnaskóla og gagnfræðaskóla, því að þar er ástandið jafnvel enn þá verra heldur en er þó í höfuðstaðnum, hvort þeir treysti sér virkilega til þess að vera með því frv., sem gerir ráð fyrir því, að greiðslu á ríkisframlaginu til skólabygginga verði dreift yfir miklu lengri tíma heldur en áður, því að það hlýtur óhjákvæmilega að hafa það í för með sér, að héruðin geta miklu síður ráðizt í nýjar framkvæmdir heldur en ella. Með þessu frv. er í reynd verið að leggja dauða hönd á framtak héraðanna í kennslumálum og vinna gegn því, að þau geti hafizt handa í þessum efnum eins og þau vildu. Ef væri tekin upp sú stefna, sem yrði til þess að hvetja héruðin til aukinna aðgerða í þessum efnum, ættum við að stytta greiðslutímann en ekki lengja. Og ef fara má eftir því, sem hæstv. menntmrh. sagði hér áðan, að það væri tregða hjá héruðunum til þess að hefjast handa í þessum efnum, ættum við að sjálfsögðu miklu frekar að rétta þeim örvandi hönd með því að stytta greiðslutímann, en ekki lengja hann eins og hér er gert *ráð fyrir. Ég vil þess vegna vænta þess*, að það verði niðurstaðan af þessum umr., að hæstv. menntmrh. og þeir flokkar, sem að honum standa, íhugi þetta mál að nýju og láti það verða til þess, að ekki verði lagt neitt ofurkapp á það að hraða afgreiðslu málsins núna fyrir jólafríið, lofa frv. að liggja hér óafgreiddu í þinginu fram á framhaldsþingið og sjá til, þegar menn fá tíma til að hugsa um jólin og hugsa meira í ró og næði heldur en þessa daga, sem eftir eru fram að jólum, hvort það verði ekki til þess, að það fáist fram skynsamlegri stefna í þessum málum eða jafnvel verði niðurstaðan sú, að við stefnum frekar að því að stytta greiðslutímann heldur en að lengja hann.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Ég skal reyna að lengja ekki þessar umr. úr hófi fram, enda eru þær satt að segja ekki svo innihaldsríkar af hálfu ræðumanna, að sérstök ástæða sé til þess að lengja þær verulega. En nokkur atriði voru þó í ræðu hv. síðasta þm., sem ég tel mér ómögulegt annað en að leiðrétta. Ég hef fullan skilning á því sjónarmiði stjórnarandstöðu, að aldrei sé nógu fé veitt til nokkurra þarfa og alveg sérstakan skilning hef ég á því, að þeir telji ekki nógu fé veitt til skólamála og annarra menningarmála. Það er ekkert við þetta sjónarmið að athuga í raun og veru. Það eina, sem ég vildi þá gjarnan bæta við eða óska eftir í því sambandi, að ef gerðar eru tillögur eða settar fram hugmyndir um tugmilljóna aukningu til þarfa eins og skólabygginga, þá sé líka bent á það, hvernig afla ætti fé til þess arna. Fyrir því fer nú afskaplega lítið af hálfu þeirra manna, sem sérstakan áhuga hafa á því að auka fé t. d. til skólabygginga. En þetta er í mínum augum alls engin hneykslunarhella. Þetta gerist hér á Alþingi Íslendinga og hefur gerzt í áratugi allar götur síðan Alþ. var endurreist, að þeir, sem eru í stjórnarandstöðu, vilja fá meira fé til allra mögulegra þarfa og ég mundi segja, þeim mun minna óskynsamlegt er talið, sem þeir nefna skynsamlegri þarfir og ég er nú einu sinni á þeirri skoðun, að það sé varla hægt að nefna skynsamlegri þarfir í þessu þjóðfélagi en skólamálin og menningarmálin yfir höfuð að tala, svo að ég hneykslast ekkert á hv. þm. fyrir að halda ræðu um þetta. Ég vildi gjarnan, að hann hjálpaði okkur líka til þess að benda á skynsamlegar fjáröflunarleiðir til að fullnægja því og þá er ég fullkomlega til viðtals um það fyrir mitt leyti.

Ég stend alls ekki upp til þess að svara almennum aróðri um þetta. Hann er aldagamall hér á Íslandi, og hann er uppistaða í málflutningi stjórnarandstöðu í öllum lýðræðisríkjum. Við þetta er ekkert að athuga í sjálfu sér. Ég vek bara athygli á því, að þetta get ég allt

saman fúslega fyrirgefið og það er ekki neinn ásteytingarsteinn af minni hálfu. En þegar að því kemur beinlínis að rangflytja mál og afflytja mál, fara með villandi staðhæfingar, jafnvel rangar, það þykir mér aftur á móti verra og því finnst mér ástæða til þess að andmæla. T. d. þegar hv. þm. heldur því fram, að það sé skref aftur á bak, sem nú sé að gerast varðandi byggingu nýrra skóla á næsta ári, þá er þetta röng staðhæfing. Það er stórt spor fram á við. Það getur vel verið, að honum finnist sporið hafa mátt vera enn þá stærra. Það má honum gjarnan sýnast. Því skal ég ekki andmæla, og það hneykslar mig ekki nokkurn skapaðan hlut, þó að hann vilji það. En það hneykslar mig, ef hann heldur því fram í hverri ræðunni á fætur annarri og hverri greininni á fætur annarri, að þegar ákveðið hefur verið að hafa fé til nýrra skólabygginga á næsta ári 33.1 millj., þegar það hefur verið 16.7 millj. að meðaltali 3 s.l. ár, sé um spor aftur á bak að ræða. Þetta er það, sem menn almennt kalla ranga staðhæfingu. Og auk þess talar hv. þm. þannig, að það gat skilizt — ég vil ekki segja, að hann hafi farið með svo alvarlega blekkingu — það gat skilizt, að þetta væri allt það fé, sem yfirleitt færi í allar nýjar skólabyggingar, kannske bara skólabyggingar yfir höfuð að tala. Sannleikurinn er sá, að það verður byrjað að byggja skóla á næsta ári fyrir mun meira fé en þetta, því að ýmsir skólar hafa fengið fjárveitingu á undanförnum árum, sem ekki hafa byrjað framkvæmdir, fyrst og fremst af því, að það hefur ekki verið til fé heima fyrir til þess að byggja þá fyrir. Þessir skólar munu líka fara í gang á næsta ári. Ef við tökum fjárveitingar í skóla, sem raunverulega verður byrjað á framkvæmdum við á næsta ári, þá er það mun meira fé, — að ég nú ekki tali um, ef við tökum það fé, sem veitt er í allar skólabyggingar, þá er það margfalt meira. Ég man ekki töluna, en hún er hátt á annað hundrað millj. kr., mjög hátt á annað hundrað millj. kr., sem varið verður til skólabygginga á árinu 1969. Þetta vildi ég bara segja til þess að fyrirbyggja allan misskilning.

Þá er það önnur staðhæfing, sem er algerlega röng líka og ég tel alveg nauðsynlegt að leiðrétta. Hann telur skortinn á skólahúsnæði eða skólaaðstöðu vera mun meiri en hann var fyrir áratug. Þetta er algerlega rangt, og það væri ekki nokkur vandi fyrir mig við annað tækifæri að sýna fram á það, að þetta er rangt. Sem betur fer hefur aðstaðan stórkostlega batnað, þó að ég hefði ekkert við það að athuga, að hann segði, að hún ætti að batna enn þá meira. Það getur hann sagt. En hitt getur hann ekki sagt, að hún hafi ekki batnað, því að það er rangt.

Þá sagði hann enn fremur og það er það þriðja, sem er algerlega rangt hjá honum, að ekkert hafi verið gert undanfarið af því að endurskoða skólakerfið. Ég segi bara, guð almáttugur, hvernig getur maður, sem setið hefur á Alþ. í mörg ár, sagt annað eins og þetta? Því að ég veit ekki betur en hann hafi tekið þátt í því, síðan hann kom á þing, að fjalla um endurskoðun á allri sérskólalöggjöfinni íslenzku, nema menntaskólalöggjöfinni. Það hafa verið sett ný lög um hvern einasta sérskóla á landinu nema menntaskólana. Og það hefur líka verið mín meining að setja löggjöf um menntaskólana. Ég skipaði nefnd fyrir einum þremur árum. Sú nefnd lauk störfum fyrir mánuði og nú liggur til athugunar hjá menntmrn. og hjá ríkisstj. frv. þeirrar nefndar. Það hefur verið mjög ákveðinn vilji minn að leggja þetta frv. fyrir þetta þing. Og ef það tekst að koma því fyrir þetta þing og þingið afgreiðir það, hefur öll sérskólalöggjöf íslenzk verið endurskoðuð á undanförnum árum. Eina löggjöfin, sem hefur ekki verið endurskoðuð, er grundvallarlöggjöfin sjálf um fræðsluskylduna og framkvæmd hennar. Ástæðan til þess er sú, eins og ég hef margsagt frá opinberlega áður, að í stjórn Hermanns Jónassonar skipaði ég nefnd til þess að endurskoða þessa löggjöf eða gera till. um endurskoðun löggjafarinnar. Fulltrúi Framsfl. átti sæti í henni ásamt fulltrúa kennarasamtaka og embættismanna, og nefndin varð á einu máli að einum manni undanskildum, fulltrúa Sambands íslenzkra sveitarfélaga, um það, að ekki væri þörf á grundvallarbreytingum á þessari löggjöf, vegna þess að hún væri rammalöggjöf og hægt væri að gera þær breytingar á framkvæmd skólakerfisins, sem æskilegar væru taldar. Og á undanförnum árum hafa stórfelldar breytingar verið gerðar á framkvæmd skólakerfisins bæði að því er snertir námsefni og að því er snertir kennsluaðferðir og próf. Ef við berum saman námsefni, kennsluaðferðir og próf, t. d. fyrir 10 árum og í dag, þá er um stórkostlegar breytingar á öllum sviðum að ræða. 1961 var gefin út ný námsskrá fyrir allt skyldustigið, og hún hefur smám saman verið að koma til framkvæmda á undanförnum árum, og hvernig í ósköpunum er svo hægt að segja það, með hliðsjón af þessu, að bókstaflega ekkert sé að gerast, ekkert hafi verið gert varðandi framkvæmd skólamálanna? Það er ekki meira en bara nokkrir mánuðir síðan, 3—4 mánuðir síðan að tilkynnt var um tvær stórkostlegar grundvallarbreytingar, sem undirbúnar hefðu verið með margra ára athugun og rannsóknum, þar sem er annars vegar samræming á gagnfræðaprófi, þ. e. a. s. ákvæðum um nýtt gagnfræðapróf, sem ég játa, að málefni þess voru komin í fullkomið óefni. Nú á þessum vetri fer fram kennsla í öllum gagnfræðaskólum landsins undir nýja tegund af gagnfræðaprófi. Gagnfræðaprófið er einn af hyrningarsteinum íslenzka skólakerfisins. Þetta hefur verið hægt að gera og var gert að óbreyttri gömlu rammalöggjöfinni frá 1946. Hin breytingin er veruleg breyting á landsprófinu, sem mjög hefur verið umdeild á undanförnum árum og þess vegna hefur verið skoðuð mjög vandlega fram og til baka. Það er líka að verða mjög veruleg breyting á því, og hún kemur til framkvæmda við næsta landspróf á næsta vori. Hitt er svo annað mál, að ég er ekkert ánægður yfir því að liggja undir eilífum ásökunum um það, að hér sé starfað eftir 20 ára gamalli fræðslulöggjöf. Þó að hvert einasta orð, sem um þetta er sagt, sé misskilningur og í raun og veru út í bláinn, stundum sagt viljandi og stundum óviljandi, þá hugsa ég mér ekki að liggja lengi undir því og þess vegna er sú löggjöf líka í endurskoðun. Ég veit ekki, hvort mér tekst að koma henni fyrir þetta þing, en í öllu falli fyrir það næsta eða eftirmaður minn, ef ég verð ekki þá í þessari stöðu. En ég hef undirbúið það. Ég geri ekki ráð fyrir því, að á fyrri löggjöfinni yrðu stórkostlegar breytingar, því að þess er ekki þörf. Löggjöfin er þannig upp byggð, og það var mjög viturlega gert af þeim mönnum, sem sömdu fræðslulöggjöfina frá 1946. Ég tel hana vera

einhverja beztu og skynsamlegustu löggjöf, hvað lagateknisk atriði snertir, sem hér hefur verið sett, einmitt vegna þess að höfundar hennar sáu fram á það, að það á ekki að binda í löggjöf um fræðsluskyldu einstök atriði um framkvæmdir. Þetta skildu þeir ágætu menn, sem þá löggjöf sömdu, og þeir höfðu það þannig, að það má gera — ég vil segja svo að segja hvað sem er að því er snertir kennslu, kennsluefni, kennslutilhögun og próf, sem yfirvöldum á hverjum tíma sýnist rétt að gera. Og það vildi ég fullyrða, að einkum á allra síðustu árum, eftir að skólarannsóknadeildin tók til starfa, hefur verið stórmikið gert í þessum efnum eins og hver sá getur kynnt sér, sem nokkurn minnsta áhuga hefur á því að vita hið sanna og rétta í þessu máli. Svo að ég tek ekki við neinum ádeilum um það, að ég sé orðinn gamall og þreyttur í embætti og ennþá síður nokkrum ásökunum um það, að ég telji allt ágætt, sem er. Ég tel mig hafa sýnt það í störfum mínum, í orðum mínum og skrifum um þessi mál undanfarið, að í sjálfu sér er ekkert skólakerfi nokkurn tíma ágætt í þeim skilningi, að það eigi að haldast óbreytt hvert einasta ár, enda hefur ekkert ár liðið undanfarinn áratug, að ekki hafi meiri og minni breytingar verið gerðar í raunverulegri framkvæmd skólamálanna.

Hv. þm. kvartaði yfir tóninum í minni ræðu. Þá held ég, að ég geti nú ekki stillt mig um að svara obbolítið í sömu mynt í allra síðustu orðum mínum. Tveir flokksmenn hans hafa verið menntmrh. áður undanfarið. Eitt aðalafrek fyrri menntmrh. var það að loka menntaskólanum, loka honum, að banna fleiri en 25 unglingum inngöngu í menntaskólann. Það var eitt af aðalafrekum fyrri framsóknarmannsins í stöðu menntmrh. Þegar seinni framsóknarmaðurinn var menntmrh., Eysteinn Jónsson á árunum 1947—49, voru menntaskólabyggingamálin í Reykjavík á döfinni. Ég átti sæti í nefnd þá, ég var þá þm., ég átti sæti í nefnd þá, sem fjallaði um það mál og við gerðum ákveðnar tillögur, en ráðh. gerði ekki neitt. Það var á hans valdatímum, sem byggingamál menntaskólans var einna mest á döfinni. Hann lenti í því, að það voru skiptar skoðanir milli flokksbróður hans, þáv. rektors menntaskólans, og annarra manna hér í þinginu, og hann gafst upp fyrir vandanum og lét engan menntaskóla byggja. Og hans dugnaðarleysi, hans uppgjöf í því máli gerði það að verkum, að ekkert var í því gert fyrr en 1961.

Magnús Kjartansson: Herra forseti. Það vakti ekki fyrir mér, þegar ég tók til máls áðan, að hefja almennar umr. um skólamál og menntamál. Ég beindi smá-fsp. til hæstv. ráðh. um tiltekið atriði í skólamálum, og það varð honum hins vegar tilefni þess að hefja hér mjög langan fyrirlestur um alla stjórn sína á kennslumálum og menntamálum. Það hefur síðan leitt til þess, að hér eru fjölmargir menn komnir á mælendaskrá. En ég ætla sem sagt ekki að hefja neinar almennar umræður um þetta efni.

Tilefni þessara umræðna er frv. ríkisstj. um að takmarka þau ákvæði, sem samþykkt höfðu verið í skólakostnaðarlögunum. Ég benti á það í ræðu minni áðan, að ég teldi, að það ætti að standa við þau ákvæði og að það ætti að hafa fjárveitingar á fjárlögum það háar, að hægt væri að fullnægja þeim. Hæstv. ráðh. sagðist skilja þetta sjónarmið, og hann sagðist í rauninni virða það, en menn yrðu að gera sér grein fyrir því, að það væri munur á ríkisstj. og stjórnarandstöðu. Þeir flokkar, sem væru í ríkisstj., yrðu að vera ábyrgir, en við hinir gætum leyft okkur að flytja ábyrgðarlausar till. En hvað er það eiginlega, sem skilur þarna á milli ábyrgðar hæstv. ráðh. og ábyrgðarleysis míns? Það skilur þarna á milli, að ef ætti að fullnægja skólakostnaðarlögunum, þyrfti upphæðin á fjárlögum að vera 44 millj. í staðinn fyrir 33. Það munar 11 milljónum. Það er allt og sumt, og mér finnst, að það hefði ekki verið ofverk hæstv. ráðh., ef hann vildi standa við það, sem hann sagði um skólakostnaðarlögin og gildi þeirra á sínum tíma – þau voru tvímælalaust spor til framfara. Ef hann hefði viljað standa við þau lög, þurfti hann að leggja áherzlu á það, að framlögin hefðu verið 44 milljónir í staðinn fyrir 33. Þetta er allur munurinn. Og það er ekki hægt að færa nokkur rök að því, að í fjárlagafrv., sem er á áttunda milljarð króna, hefði ekki verið hægt að hnika þannig til liðum, að hægt hefði verið að finna þessa upphæð, án þess að erfiðleikar hefðu af hlotizt. Ég er sannfærður um það, að hæstv. menntmrh. hefði tekizt það, ef hann hefði ýtt á eftir af fullum þrótti. Og ef hæstv. ráðh. hefur hug á því, að á þessu verði breyting og að menn leggi ráðin á um það sameiginlega að hnika til fjárlögunum í þessu skyni, skal ég mjög gjarnan verða til aðstoðar við það að finna tekjuliði á móti þessum 11 milljónum, sem þarna er um að ræða. En munurinn er ekki meiri en þetta. Þetta er allt ábyrgðarleysið.

Ég spurði hæstv. ráðh. um Kennaraskólann áðan, vegna þess að vandamál hans eru mjög stórfelld og alvarleg eins og ég hef bent á, og mér urðu það nokkur vonbrigði, að hæstv. ráðh. kvaðst ekki leggja til neinar fjárveitingar til að fullgera skólann, fyrr en lokið væri tilteknum framkvæmdum við menntaskólana. Það er vissulega rétt, að nú standa yfir miklar og ákaflega mikilvægar framkvæmdir við menntaskólana, og það er full ástæða til að meta það að verðleikum. En ég held, að engin ástæða sé til þess að draga framkvæmdirnar við Kennaraskólann, þangað til þar eru orðin vandræði, sem ekki verða leyst með nokkru góðu móti.

Hæstv. ráðh. hefur haft tvo málaflokka á sinni könnu. Hann hefur haft menntamálin, og hann hefur haft viðskiptamálin. Fyrst hæstv. ráðh. er að tala um byggingar, held ég, að þjóðfélag okkar beri það með sér, á hvoru sviðinu hefur verið meira byggt. Verzlunarhallirnar hafa risið upp eins og gorkúlur, og þar hefur ekki þurft að vega eina höllina á móti annarri. Þar hafa risið margar hallir á sama sviði, jafnvel án þess að fyrir þeim væri nokkur skynsamlegur rekstrargrundvöllur. En munurinn er sá, að þarna var svo kallað frelsi. Fjárplógsmenn, sem töldu mikilsvert að koma fjármunum sínum í fasteignir á verðbólgutímum, höfðu fullt frelsi til að byggja slíkar hallir, en til þess að byggja skóla og menningarstofnanir þurfti frumkvæði af hálfu ríkisstj. og sérstaklega af hálfu hæstv. menntmrh., og það frumkvæði hefur ekki verið nægilegt. Ef hæstv. ráðh. ber saman þessa tvo málaflokka sína, hallast ákaflega mikið á.

Hæstv. ráðh. hældi sér af því, að hann hefði neitað kröfum ráðamanna Kennaraskólans um að takmarka

aðgang að skólanum og hann hefði neitað sams konar hugmyndum hjá forstöðumönnum Háskólans. Ég er algerlega sammála hæstv. ráðh. að því er þetta sjónarmið varðar. Við verðum að halda skólakerfi okkar opnu. En það verður ekki gert með orðum einum. Það verður ekki gert með því, að hæstv. ráðh. neiti að fallast á slíkar hugmyndir. Það verður einnig að búa þannig að skólunum, að þeir geti tryggt þá menntun, sem þeir eiga að tryggja. Ef húsnæði er lélegt og ef aðbúnaður er lélegur í skólum, gegna þeir ekki hlutverki sínu, jafnvel þótt þeir eigi að heita opnir að nafninu til. Og raunar hygg ég, að raunveruleg lokun eða takmörkun hafi verið í framkvæmd, þrátt fyrir þetta, oftsinnis. Hún er framkvæmd á ýmiss konar hátt. Meðan þrengslin voru hvað mest hér í Menntaskólanum í Reykjavík, virtist það um tíma vera orðið allt að því sport að reyna að fella eins marga nemendur og hægt var í vissum bekkjum í skólanum. Ég hef spurnir af því, að slíkt hið sama sé nú að gerast einmitt í læknadeild Háskólans, sem hæstv. ráðh. minntist á. Mér skilst, að þar sé fallprósenta, sem er óeðlilega há, og ég held, að takmörkun af þessu tagi sé eitthvað það allra háskalegasta, sem við getum gert. Það er betra að loka dyrunum strax en láta menn eyða 1 eða 2 eða mörgum árum í nám, sem þeir fá svo ekki að komast í gegnum, vegna þess að það eru gerðar til þeirra annarlegar kröfur.

Hvað skólakerfið sjálft snertir, er ég sammála hæstv. ráðh. um það og hef verið það lengi, að umræður um ágalla sjálfs kerfisins, sjálfs rammans, séu á miklum misskilningi byggðar. Ég held, að þessi rammi sé þess eðlis, að það þurfi ekki að breyta honum mikið í sjálfu sér. Vandinn er allt annar. Hann kom m. a. fram í viðtali, sem skólastjóri Kennaraskólans átti við Morgunblaðið fyrir skömmu. En þar sagði skólastjórinn svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Ef mönnum er alvara og þeir hafa einlægan vilja á að leysa vandamálin betur en verið hefur, er það óviða, sem skólakerfið sjálft hindrar það, enda þótt fjárskortur geri það. Ef ráðamenn vilja sýna vilja sinn í að koma fram bótum, er það fyrst og fremst með auknum fjárframlögum."

Það er þarna, sem skórinn kreppir að, og einmitt þess vegna finnst mér það vera mjög háskaleg stefna, þegar hæstv. ráðh. flytur hér eða gengst fyrir því, að hér er flutt frv. um takmörkun á þeim framkvæmdum, sem ákveðnar höfðu verið með löggjöfinni um skólakostnað. Ég held, að það sé ekki nokkur vafi á því, að skólakerfi okkar hefur dregizt aftur úr í samanburði við aðra. Ég held, að það sé ekki nokkur vafi á því, að alls konar nýjungar, sem verið er að framkvæma í skólastarfi, t. d. á Norðurlöndum og annars staðar, eiga langt í land hér. Og þetta er mál, sem er ekki aðeins þröngt kennslumál, þetta er tengt allri framtíðarþróun þjóðfélagsins, einnig atvinnumálunum sjálfum. Við lifum á tímum, þegar þekkingin sker úr og ef við ætlum að iðnvæða Ísland, verðum við að lyfta þjóðinni á mun hærra þekkingarstig og mun nútímalegra þekkingarstig en okkur hefur tekizt til þessa, og þessa held ég, að hæstv. ráðh. verði að minnast. Og ekki sízt verður hann að minnast þess, að Háskóli Íslands er orðinn langt á eftir hliðstæðum háskólum. Þar er m. a. að verða húsnæðisskortur til trafala. Ég fæ ekki betur séð, en það sé algerlega óhjákvæmilegt fyrir hæstv. ráðh., ef hann verður áfram í starfi sínu, að hann verður að fara að gera framkvæmdaáætlun um mjög verulegar byggingar í þágu Háskólans. Það er vissulega margt, sem kallar að, ég veit það. En það er verkefni þessa hæstv. ráðh. að tryggja það, að kennslumálin verði ekki hornreka við þróun hins íslenzka þjóðfélags.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð. Ég get ekki annað en látið því mótmælt, sem hv. þm. sagði, þar sem hann gaf í skyn — ég vil ekki segja, að hann hafi fullyrt það, en það mátti skilja orð hans þannig, að kennarar höguðu prófum í sumum skólum, mér skildist í menntaskólum og háskóla, vísvitandi þannig, að það væri til þess fallið að bægja nemendum frá námi, jafnvel gert í því skyni að bægja nemendum frá námi. Þetta finnst mér, að manni í minni stöðu sé skylt að andmæla. Þetta hefur komið fram í blöðum áður, og ég lét það verða tilefni til þess, að ég gerði það að sérstöku athugunarefni og hef fyrir mér skýlausar yfirlýsingar þeirra skóla, sem í blaðagreinunum var vikið að, og þ. á m. forstöðumanna læknadeildar Háskólans, að þessar ásakanir séu fullkomlega tilhæfulausar. Ég veit ekki, hvað hv. þm. hefur við átt, en mér kæmi það ekki á óvart, að hann hafi átt við það sama, sem komið hefur fram opinberlega í blöðum oftar en einu sinni, að prófkröfur í 3. bekk sumra menntaskólanna séu viljandi hafðar svo strangar, að tilgangurinn með því sé að bægja nemendum frá áframhaldandi menntaskólanámi. Gegn þessari staðhæfingu, sem ég hef aldrei séð rökstudda með neinum rökum, eru fyrir hendi alger andmæli yfirvalda og kennara þeirra skóla, sem hlut eiga að máli. Og af því er læknadeildina snertir — sú ásökun hefur einnig komið fram hér á hinu háa Alþingi — þar mér að sjálfsögðu sérstök skylda til þess að kanna, hvað kynni að vera rétt í þessu. Það gerði ég og var fullvissaður um það, að prófkröfur, sem gerðar væru í læknadeild, væru að öllu leyti eðlilegar og sízt strangari en gerðist í læknaskólum á Norðurlöndum. Þó er það þannig, að ég held, að í flestum læknaskólum á Norðurlöndum eru gerðar sérstakar inntökukröfur. Hér eru allir teknir inn í læknadeildina, sem fullnægja almennum kröfum um það að stunda nám í Háskólanum. Þetta á sér ekki stað á hinum Norðurlöndunum. T. d. er svo komið í Noregi, að því er mér skilst, eða var, þegar ég síðast frétti til, að til læknanáms í Noregi er enginn maður tekinn, sem ekki hefur ágætiseinkunn á stúdentsprófi. Samt sem áður eru kröfur þar, að því er mér er tjáð — hér verð ég að segja annarra manna skoðun, án þess að geta myndað mér sjálfstæða eða rökstudda skoðun á því sjálfur — samt sem áður eru kröfur hér í öllum aðalatriðum svipaðar og þær gerast í læknadeildum Norðurlandanna og námstími í raun og veru alveg sá sami og þar er.

Hv. þm. sagði, að Háskóli Íslands væri langt á eftir öðrum háskólum. Þetta tel ég rétt að mjög mörgu leyti og verður að standa til bóta. Ég skýrði þetta með smæð Háskólans og þeim erfiðleikum, sem á því eru að reka jafnlitla stofnun og Háskóli Íslands er, en þetta hefur íslenzkum stjórnarvöldum verið ljóst. Hvað það snertir, sem hv. þm. drap á, að nauðsyn bæri til þess að gera framkvæmdaáætlun í þágu Háskólans, er það full-

komlega rétt. Þetta var stjórninni ljóst fyrir tveimur árum og þess vegna var skipuð stór nefnd, sem fékk tveggja ára starfstíma og hálfan starfsmann til umráða í 2 ár til þess einmitt að gera framtíðaráætlun fyrir Háskólann næstu 20 árin. Hún átti að skila áliti fyrir þessi áramót. Starfið hefur því miður reynzt svo viðamikið, að það tekst ekki, en mér er lofað niðurstöðum nefndarinnar fyrir vorið. Svo að þessu leyti er ég alveg sammála hv. þm., að hér er stórkostlegt verkefni á ferðinni. Ég hef haft náið samband við formann nefndarinnar og fleiri, sem í nefndinni eru, og þeir hafa sagt mér, að verkefnið sé í raun og veru enn þá stærra heldur en þeir hefðu gert sér grein fyrir, þegar þeir tóku við störfum, og afsaka með því, að ekki hafi verið hægt að standa við starfsáætlun nefndarinnar, hvað tímann snertir.

Frsm. minni hl. (Sigurvin Einarsson): Herra forseti. Ég ætla nú ekki að eyða meiri tíma í að ræða stærðfræði hæstv. ráðh. Ég efast um, að margir skilji hana hér inni. Ég lagði fyrir hann ósköp einfalda spurningu: Hvort hann fengi sömu fjárveitingu út á næsta ári, hvort sem það væri deilt með 4 eða 3 samkv. skólakostnaðarlögunum? Hann svaraði hreinlega játandi.

Hv. 6. þm. Reykv. hefur þó sýnt fram á það, að þarna munar æðimörgum milljónum, en ef þetta er svona hjá hæstv. ráðh., að það er alveg sama, þá er líka sama, hvort þetta frv. er samþ. eða fellt. Þá getur það ekki breytt neinu. Ég skal ekki fara fleiri orðum um þetta atriði.

En það var annað, sem kom fram í ræðu hans hér áðan. Mér þykir alveg merkilegt á þessum takmarkaða tíma, sem þingið hefur núna fyrir jólin, hvað hæstv. ráðh. getur leikið sér að því að vaða elginn um hluti, sem koma ekkert þessu máli við, eins og t. d. að vera að lesa upp nokkurs konar lífshlaup sitt í kennslu- og menntamálum. Það var ekki til umræðu. En hann var ekkert að spara tímann, og þá þarf ég víst ekki að spara hann heldur. En það, sem ég vildi sérstaklega minnast hér á, er það, hvað hann undirstrikaði það rækilega, að skólahúsnæðisskortur í sveitunum væri engin sök hins opinbera, hans eða ríkisstj. Nei, heldur allt á ábyrgð sveitarfélaganna í landinu. Ef nokkurs staðar vantar skólahús, er það á ábyrgð þeirra. Ég held, að þetta þættu nú tíðindi, ef fólk almennt um landið heyrði þetta. Ég ætla að minna hæstv. ráðh. á eina grein, 9. gr. í skólakostnaðarlögunum, sem enn er í gildi, með leyfi hæstv. forseta:

„Eigi má hefja framkvæmdir (skólabyggingarframkvæmdir), fyrr en fé hefur verið veitt í fjárlögum og fyrir liggur skriflegt samþykki menntmrh."

Það er stranglega bannað með lögum, að nokkur byggi skóla í landinu, fyrr en í fyrsta lagi búið er að veita fé til hans á fjárlögum og í öðru lagi, að hæstv. ráðh. er búinn að samþykkja það. Og svo segir hann nú, að það sé á ábyrgð sveitarfélaganna, ef ekki eru byggðir skólar í landinu. Og meira að segja, í þessari lagagrein stendur: „Ef hafnar eru framkvæmdir án samþykkis rn., verður stofnkostnaður ríkissjóði óviðkomandi." Efnislega er þetta: Þið skuluð fá að borga sjálfir, þið sveitarstjórnarmenn, sem vogið ykkur að fara að byggja skóla, án þess að ég samþykki hann og Alþ. sé búið að samþykkja fjárveitingu til hans. Þetta er ekki í góðu samræmi við það, sem hv. ráðh. sagði áðan: Allt á ábyrgð sveitarfélaganna, ef þar vantar skólahús. Svona málflutningi ætla ég að leyfa mér að mótmæla harðlega. Það er ekki á ábyrgð sveitarfélaganna. Það er á ábyrgð ríkisstj., Alþ. og fyrst og fremst menntmrh., ef skortir skólahúsnæði í landinu, hvar sem er, líka hér í Reykjavík. Það eru komin svo ströng fyrirmæli í lög um þetta, að það getur enginn hreyft sig, nema stjórnarvöldin leyfi þeim það. Eða ætli það liggi ekki beinir fyrir Alþ. um fjárveitingar til ýmissa skóla. Ég er hræddur um það. Alþ. þarf ekkert að gera annað en neita um fjárveitinguna. Þá verður ekki byggt. Og þetta hefur verið gert. Ég vil minna hæstv. ráðh. á einn skóla, sem með harðri baráttu fékkst loksins inn í lög. Það er menntaskóli á Ísafirði. Hvar er hann? Ég man ekki betur en Vestfirðingar sendu þessum hæstv. ráðh. áskorun um að stofna til menntaskóla á Ísafirði. Áskoranir, sem voru frá um 2000 kjósendum á Vestfjörðum úr öllum flokkum. Þá fyrst fékkst ákvæði sett í lög um þennan menntaskóla. En hann er lágur í loftinu enn þá. Málamyndafjárveitingar, sem ekkert hafa að segja, hafa verið á nokkrum fjárlögum. En að það megi byrja á skólanum, er mér ekki kunnugt um. Svona er það víðs vegar.

Þá sagði hæstv. ráðh., að heimavistarhúsnæði heimavistarskólanna kæmi ekkert ríkisstj. við. Það vantaði reyndar húsnæði þar, en hver á að kosta heimavistirnar í heimavistarskólunum? Ríkissjóður á að kosta þær að fullu. Hefur þá verið sinnt öllum beiðnum um slíkar byggingar? Hafa fjárveitingar fengizt fyrir öllum þeim beiðnum? Hefur hæstv. ráðh. skrifað upp á leyfi til að hefjast handa? Nei. Þó að hæstv. ráðh. víti mig og mína líka fyrir það að hafa verið of harðir í dómum um sig og sínar framkvæmdir, gerir það ekki svo mikið til, við þolum vítur, en ég þoli illa, að sveitarfélögin í landinu fái þann dóm, sem hæstv. ráðh. kvað upp hér áðan, vitandi, hvað stendur í lögunum um þessi atriði.

Mér er kunnugt um nemendur, börn og unglinga, sem fá sáralitla kennslu og unglingar enga, í sveitum, af því að ríkisvaldið og Alþ. hefur ekki fengizt til að samþykkja fjárveitingu til byggingar skóla í viðkomandi héraði. Og ég skal nefna hérað, t.d. Reykhólasveit. Það hefur verið beðið um fjárveitingar í skóla á Reykhólum. Þar fá unglingarnir, sem eru búnir í barnaskólanum, enga kennslu, af því það fæst ekki fé, hefur ekki fengizt ennþá til þess að byggja þarna unglingaskóla til að fullnægja nokkrum sveitum. Ég þekki unglinga þarna, sem verða að sitja heima í vetur, komast hvergi að, ekki í neinum skólanna, sem til eru. Er þetta á ábyrgð sveitarstjórnanna þar? Ég held, að hæstv. ráðh. hljóti að finna það, hvað sem hann kann að segja, að þessi dómur um sveitarstjórnirnar í landinu var óréttmætur, svo að ekki sé meira sagt. Og ég vona, að hann leiðrétti þetta, bókstaflega leiðrétti þetta. Þær eiga ekki skilið þennan dóm.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Það getur verið mjög stutt aths., en ég hef þann sið að leiðrétta villurnar jafnóðum og þær koma fram, svo að þær fyrnist ekki og ég þurfi ekki að safna miklu í

sarpinn. En enn verð ég að segja, að mig undrar á því, hvað hv. þm. er fáfróður um þau mál, sem verið er að tala um, og endurtekur hvað eftir annað í hverri ræðunni á fætur annarri algjörlega staðlausa stafi. Það, sem ég sagði í minni ræðu áðan — og það getur hann auðvitað gengið úr skugga um, þegar ræðan verður lögð fram fjölrituð á lestrarsal Alþ. — var það, að ríkissjóður og menntmrn. hefðu tilkynnt öllum skólahéruðum á landinu, að þau mundu standa við sínar skuldbindingar lögum samkv. um greiðslu rekstrarkostnaðar við framkvæmd skyldustigsins, sem er auðvitað allt annað en hlutdeild ríkisins í byggingu nýrra skólahúsa. Þetta sagði ég alveg skýrt og greinilega, og við þetta hefur verið staðið í hverju einasta tilfelli, sem sveitarfélagið hefur óskað eftir því að lengja skólaskyldu frá því, sem áður var, þá á ríkið að greiða meginhluta kostnaðarins af aukningunni eftir nýju lögunum, allan kennslukostnað, bókstaflega allan. Við þetta hefur verið staðið í hverju einasta tilfelli. Svo hér hef ég ekkert að leiðrétta. Þetta bara sýnir fáfræði hv. þm. enn um gildandi skólakostnaðarlög, eins og þau hafa verið í marga áratugi, og auk þess, að hann kann ekki að hlusta á ræður manna hér, hann tekur rangt eftir hvað eftir annað. Nú, það er náttúrlega algjörlega ástæðulaust að láta bjóða sér það svona trekk í trekk.

Hitt er auðvitað alveg vitað, að ríkið hefur ekki getað sinnt öllum beiðnum, sem fram hafa komið, um óskir um nýjar skólabyggingar. En ég þekki ekkert dæmi þess, að komið hafi beiðni frá sveitarfélagi um lengingu á framkvæmd skólaskyldu, sem víða var mjög ábótavant, án þess að tekizt hafi með sameiginlegu átaki ríkis og sveitarfélagsins að sjá fyrir húsnæði, venjulega bráðabirgðahúsnæði, mjög oft bráðabirgðahúsnæði. En það hefur tekizt í öllum tilfellum. Það hefur engin beiðni komið til menntmrn., síðan þetta dreifibréf var gefið út fyrir 2 eða 3 árum, um lengingu skólaskyldu, svo að henni hafi ekki verið hrundið í framkvæmd. Þess vegna eru öll svigurmæli hv. þm. um þetta byggð á — ekki aðeins á algjörri fáfræði, heldur á því, að hann hlustar illa. Og það ber nú enn vott um hundavaðshátt-inn í málflutningnum, að hv. þm. talar um það, hvað hefði orðið — ja, satt að segja, mönnum þykir kannske ég vera óvenjulega hvassyrtur í þessum umræðum, og það er alveg eðlilegt, en sannleikurinn er sá, að einhvern tímann þreytist maður á framsóknarmönnum hérna í þessari deild. Það kemur að því, að jafnvel þolinmóðustu menn missa gjörsamlega þolinmæðina á málflutningnum og hundavaðshættinum og skilningsleysinu, sem þessir menn sýna af sér hér.

Og nú skal ég færa þessum orðum mínum stað. Hv þm. talaði í fleiri en einni setningu um það, að sett hefðu verið lög um menntaskóla á Ísafirði, sett hefðu verið lög um menntaskóla á Ísafirði. Hvar væru framlög ríkisins til þess að byggja menntaskóla á Ísafirði? Hvað er þetta eiginlega? Er ekki hv. þm. fulltrúi fyrir Vestf.? Er þessi maður virkilega í þeirri trú, að það hafi verið sett lög um byggingu menntaskóla á Ísafirði? (SE: Ég sagði „í lög um menntaskólann á Ísafirði".) Nei, ja við skulum bera það saman á eftir á lestrarsalnum. Þm. talaði um lög um menntaskóla á Ísafirði. Það, sem Alþ. hefur ákveðið um það, eru nokkrar fjárveitingar, ein millj. og tæpl. ein millj. Mundi þm. byggja menntaskóla á Ísafirði fyrir — ja, e. t. v. 3 til 4 millj. kr.? Mundi hann gera það? Mér sýnist hans ræðumennska hér ekki bera vott um, að hann gæti gert kraftaverk. Það er síður en svo. Sannleikurinn um menntaskólamálið á Ísafirði er sá, að það er kominn yfir áratugur síðan að menntmrn. heimilaði menntaskóladeild á Ísafirði í gagnfræðaskólanum þar, heimilaði gagnfræðaskólanum á Ísafirði að reka 3. bekk menntaskóla gegn því skilyrði, að í deildinni væri ákveðinn fjöldi nemenda, 15 nemendur á ári, og að gagnfræðaskólinn semdi við annan menntaskóla um að annast prófin, sem skyldu fara fram á Ísafirði. Þetta hefur verið í gildi allan tímann síðan, þó að gagnfræðaskólinn hafi nær aldrei fullnægt settum skilyrðum. Nemendur hafa venjulega verið færri, en skilyrði menntmrn. hafa verið um 15 nemendur, og eru þó alls ekki óeðlileg. Engu að síður hefur þó Ísfirðingum verið sýnd sú velvild að fá að halda áfram að reka þessa menntaskóladeild á Ísafirði. Það er starfandi 3. bekkur menntaskóla á Ísafirði og hefur verið í rúman áratug. En ef svo á að gera það að ádeiluefni á mig, að ég hafi ekki byggt menntaskóla á Ísafirði fyrir þriggja millj. kr. fjárveitingu, sem búið er að veita, þá er það í samræmi við annað hjá þessum hv. þm.

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. Ég var nú eiginlega staðráðinn í að falla frá orðinu, en svo hætti ég við það eftir þessa síðustu ræðu hæstv. menntmrh. Hann segist vera farinn að þreytast á okkur framsóknarmönnum, en ég verð aldrei þreyttur á honum. Hann er nefnilega svo skemmtilegur, þ. e. a. s. á sinn hátt. Hann var að segja áðan í síðustu ræðu, að það hefði aldrei komið fyrir, að það hefði verið neitað um rekstrarframlög til unglingaskóla úti í héruðunum. En hvernig er það, hæstv. menntmrh., þarf ekki að byggja skólana áður en farið er að reka þá?

Stefán Valgeirsson: Herra forseti. Það gladdi mig mjög, þegar hæstv. menntmrh. lýsti því yfir áðan, að ef þessi breyting yrði gerð á skólakostnaðarlögunum, sem hér liggur fyrir, þýddi það það, að hægt yrði að veita á þessum fjárlögum fjárveitingar til allra þeirra skóla, sem rökstuðningur væri fyrir að hefja framkvæmdir nú þegar á. Og ég geri nú ráð fyrir því, að þessi yfirlýsing hafi glatt fleiri en mig. Ég er anzi hræddur um a. m.k. — ég veit þó ekki, hvernig þessar tillögur verða, sem koma frá fjvn., en ég er nú anzi hræddur um, að þær verði ekki alveg í samræmi við þessa yfirlýsingu, en ég ætla nú að geyma það að ræða það að öðru leyti, þangað til að fjárlög koma hér fram. En ég vil bara í þessu sambandi minna á það, að ég fór til hæstv. menntmrh. með skólanefndarmönnum norðan úr Eyjafirði og ég veit ekki annað en að það sé fullur rökstuðningur fyrir, að sá skóli verði byggður og að það séu þar til fjármunir heima fyrir. Eftir þessu þarf ég víst ekki að vera kvíðinn um þann skóla.

Hann gat um það, að það hefði ekki staðið á ríkinu í sambandi við það, að ríkið stæði við sínar skuldbindingar í sambandi við skyldufræðsluna í héruðunum. Ég verð nú bara að spyrja um það, hvernig á að framkvæma skyldunámið, þar sem ekkert skólahús er til til þess að kenna í, eða veit

ekki ráðherrann um það, hvernig er víða í hinum dreifðu byggðum? Norður í Eyjafirði þá var í raun og veru sá skóli, sem við áttum, hann var tekinn af okkur með lögum, þ. e. a. s. að fyrstu bekkirnir af Menntaskólanum á Akureyri voru lagðir niður, þar með voru Eyfirðingar skólalausir. Við höfum staðið í striði með að fá fjármuni frá ríkinu til að byggja, og það var gengið það langt á síðasta ári, að skólanefndin og oddvitarnir í mínu héraði óskuðu eftir leyfinu og ætluðu að leggja sjálfir fjármunina til, en þeir fengu ekki leyfið, þeir fengu ekki leyfið.

Ég er dálítið hissa á þessum umræðum hjá hæstv. menntmrh., en ég ætla ekki að þreyta ykkur á löngum umræðum núna. Þessi mál verða rædd betur, þegar að fjárlög verða rædd hér til 3. umr., enda liggur þá málið ljóst fyrir.

Þórarinn Þórarinsson: Herra forseti. Ég skal nú ekki tefja þessar umræður mikið, enda mun það ekki hafa verið ætlunin, að þetta yrðu mjög langar umræður, og hefði ekki orðið það, ef hæstv. ráðh. hefði ekki gefið tilefni til þess og farið að halda langar hólræður um sjálfan sig. En ég ætla yfirleitt ekki að fara að svara því, sem kom fram hjá ráðh., nema að leiðrétta nokkrar missagnir, sem fram komu og mér finnst bera vott um, hvernig hans málflutningur yfirleitt er. Ráðh. sagði, að ég hefði haft þau ummæli, að það væri spor aftur á bak að hækka framlagið til nýrra skóla úr 16 millj. í 33 millj. Ég hafði þessi orð alls ekki um þetta atriði. Mér kom ekki til hugar að segja það, að þetta væri spor aftur á bak. Ég sagði hins vegar og segi það enn, að ég telji það frv., sem hér liggur fyrir, sé spor aftur á bak í skólamálum. Ég tel það spor aftur á bak, þegar framlagið til skólahéraðanna á að greiðast á fjórum árum í staðinn fyrir á þremur árum. Og nú vil ég gera fsp. til hæstv. menntmrh. og jafnvel frekar spyrja hann þá sem hagfræðing heldur en sem menntmrh., því hann kannske er fúsari til að svara réttara á þann hátt. Ef ráðh. tekur lán, telur hann þá hagstæðara að fá það til þriggja ára heldur en fjögurra? Vill hann þá heldur þurfa að borga það á... (Gripið fram í.) Já, ef hann tekur lán, en ef hann veitir lán, hvort vill hann þá heldur gera? Og nú er ríkið raunverulega í þeim sporum að vera lánveitandi. Mundi hann telja það sem lánveitandi betra fyrir sig að fá lánið borgað á fjórum árum eða þremur? Nei, ég held, að það þurfi ekki að velta því lengi fyrir sér, að það sé mun hagstæðara fyrir héruðin að fá þetta framlag greitt á þremur árum en fjórum og það geti í mörgum tilfellum valdið því, að þeir geti miklu frekar hafizt handa en ella, ef sá háttur er á hafður. Og þess vegna er það tvímælalaust og verður ekki um það deilt, að gagnvart skólahéruðunum er þetta frv. spor aftur á bak, en ekki fram á við. Að vísu er svo ákveðið í frv., að þetta eigi að vera til eins árs, en venjan hefur nú verið sú hjá okkur, að þegar eitthvað hefur komizt á, þó að það hafi ekki verið nema til eins árs til að byrja með, þá hefur það orðið nokkuð föst regla.

Ég vík þá að öðru atriði, sem kom fram hjá ráðh., þar sem hann sneri líka út úr mínum orðum. Hann sagði, að ég hefði sagt, að ástandið í skólamálunum væri jafnvel verra núna en var fyrir áratug síðan, og vildi jafnvel gefa í skyn, að með því hefði ég átt við það, að það hefði ekkert verið gert í þessum málum eða skólabyggingum á undanförnum árum. Það, sem ég sagði, var á þá leið, að miðað við þörfina og menntunarkröfurnar væri ástandið sízt betra nú en fyrir áratug síðan, jafnvel þó að talsvert hefði verið byggt á undanförnum árum. Þetta stafar af því, að hér, eins og annars staðar í heiminum, hafa kröfurnar um aukna menntun aukizt svo mikið og breytzt svo mikið, að þörfin fyrir skólabyggingar hefur aldrei aukizt eins á neinum tíma og einmitt á þessum áratug. Þess vegna held ég mér við það, að ef við miðum við menntunarþörfina, þá eftirspurn, sem er eftir menntun, að þá höfum við tiltölulega minna skólahúsnæði til að bæta úr henni en fyrir 10 árum, þrátt fyrir þá skóla, sem hafa verið byggðir á þessum áratug.

Þá vildi ráðh. mótmæla því, sem ég sagði, að engin heildarathugun hefði farið fram á skólakerfinu. Hann minntist á það, að það hefði verið sett löggjöf um ýmsa sérskóla. Það er rétt, en það bætir ekki úr þessari þörf að endurskoða og snertir ekki þá nauðsyn að endurskoða heildarskólakerfið eða grundvallarlögin sjálf, og síðan, þegar það hefur verið gert, þá verður að nýju að endurskoða sérskólalöggjöfina með tilliti til þeirra breytinga, sem kunna að verða gerðar á sjálfum grundvallarlögunum. Þess vegna eru þær breytingar, sem hafa verið gerðar á sérskólalögunum á undanförnum þingum, sennilega meira og minna út í loftið, vegna þess að það veit enginn um, hvernig þær kunna að henta með tilliti til þeirrar heildarendurskoðunar og breytingar, sem verður gerð á grundvallarlögunum sjálfum, en á því þarf að vera að sjálfsögðu fullkomið samræmi. Þess vegna er það, sem hefur verið gert í þessum efnum seinustu árin, meira og minna kák, vegna þess að það hefði þurft að endurskoða þessi mál öll í einu og öll í heild, en ekki taka vissa þætti út úr, án þess að nokkur athugun færi fram á því, að það væri til samræmis við þá heildarbreytingu, sem síðar væri talið nauðsynlegt að gera á sjálfum grundvallarlögunum.

Svo að við víkjum aftur að þessu frv., þá langar mig til að lesa hér upp úr blaði Alþfl. á Akureyri lítið sýnishorn af því, hvernig ástandið er í skólamálunum aðeins í einu héraði landsins og hvað vöntunin á skólahúsnæði er mikil þar. Það, sem ég les, er úr forystugrein, sem birtist í Alþýðumanninum 3. okt. s.l. Þar segir svo, með leyfi hæstv. forseta, um þörfina fyrir nýja skóla í Norðurlandskjördæmi eystra einu saman:

„Byggja þarf gagnfræðaskóla á Húsavík. Laugaskóla og Húsmæðraskólann á Laugum skortir aukið húsnæði; algert neyðarástand er í skólahúsnæðismálum Fljótsdæla og Kinnunga og Aðaldæla, Reykhverfinga og Tjörnesinga skortir skólabyggingu. Reisa þarf skóla að Hrafnagili, miðskóla eða héraðsskóla. Stækkun Þelamerkurskóla er aðkallandi. Mið- og gagnfræðaskólann á Dalvík og Ólafsfirði vantar húsnæði, og hér á Akureyri er sár þörf fyrir nýjan gagnfræðaskóla og nýjan barnaskóla, auk þess sem mikið skortir á að ljúka iðnskólabyggingu."

Hér lýkur þessari tilvitnun í Alþýðumanninn. Þetta er aðeins sýnishorn af því, hvernig ástatt er í einu héraði. Svipað ástand er um allt land, og það er sízt skárra hér í fjölbýlinu. Ég held þess vegna, að þegar ástandið í þessum málum er eins og hér er lýst, þá sé ekki hægt

fyrir hæstv. ráðh., eftir að vera búinn að vera menntmrh. í 12 ár, að koma hér upp í ræðustólinn og vera með gorgeir út af því, hvað ástandið sé gott í þessum efnum og hvað hafi mikið verið gert, og fullyrða, að við getum verið hæstánægðir með það, hvernig ástatt er í þessum efnum. Ég held, að þessi lýsing í hans eigin blaði, einmitt rétt eftir að ráðh. hafði verið á ferð í þessu kjördæmi, sýni það, hvað þörfin er mikil í þessum efnum. Og það er hart til þess að vita, að flokkur ráðh., sem hefur oft verið framfarasinnaður í félags- og menntamálum, og ráðh. sjálfur, sem var fyrir eina tíð mjög félagslyndur og umbótasinnaður maður, þeir skuli vera búnir að dragast svo aftur úr í þessum efnum, að sá hluti samstarfsflokksins, sem hefur verið talinn einna íhaldssamastur, Heimdallur og Samband ungra sjálfstæðismanna, er orðinn miklu frjálslyndari og róttækari í þessum efnum heldur en Alþfl. og menntmrh., eins og ég vitnaði í hér í minni fyrri ræðu. Ég held, að það ætti að gefa hæstv. ráðh. fullt tilefni til þess að íhuga afstöðu sína í þessum málum fullkomlega að nýju, gerast hógværari í þessum málum, leggja gorgeirinn til hliðar, en gerast í þess stað athafnasamari. Því að það er nú yfirleitt einkenni á þeim mönnum, sem eru athafnamenn og koma einhverju í verk, að þeir telja ekki þörf á að vera með svo mikinn gorgeir í því sambandi og tala hógværlega um það. Hinir aftur á móti tala á líkan hátt og hæstv. ráðh. hefur gert hér í ræðum sínum.

Ég skal svo láta þessu lokið, nema ég vil að síðustu minnast á eitt atriði, sem mér finnst vera mjög glöggt dæmi um þær aðferðir í málflutningi, sem hæstv. ráðh. hefur beitt í þessum umr. Hann fór að rifja upp athafnir eða starf Jónasar Jónssonar í skólamálunum. Og hann reyndi að beita allri sinni sögufþekkingu og niðurstaðan varð sú, að hann mundi ekki eftir nema einu einasta verki, sem Jónas Jónsson hafði gert sem menntmrh., og það var það, að hann hafði um eitt skeið takmarkað aðgang að Menntaskólanum í Reykjavík. Það er alveg rétt hjá hæstv. ráðh., að það mátti deila um þetta atriði, en ástandið var í landinu þá þannig, að við höfðum ekki mjög mikla þörf, ekki svipað því, sem nú er, fyrir háskólalærða menn og aðalrökin, sem beitt var gegn menntaskóla á Akureyri, voru þau, að stúdentar í landinu væru þegar orðnir of margir. Á þeim grundvelli var tillaga um það að setja á stofn nýjan menntaskóla á Akureyri hvað eftir annað felld hér á Alþ. Þess vegna var það, þegar Jónas Jónsson ákvað að stofna nýjan menntaskóla á Akureyri, að hann setti jafnframt til að mæta þessum áróðri, sem að sumu leyti kannske átti rétt á sér, hann setti nokkrar takmarkanir á aðgöngu að Menntaskólanum í Reykjavík. En þrátt fyrir það var hér um aukningu á stúdentsmenntun að ræða í heild, vegna þess að Menntaskólinn á Akureyri tók á móti miklu meiri stúdentafjölgun heldur en þeirri, sem samdrættinum nam við Menntaskólann í Reykjavík vegna þeirra takmarkana, sem þar voru settar, þannig að í heild urðu þessar ráðstafanir til þess, að möguleikar fyrir stúdentamenntun jukust. En það, sem mér finnst hins vegar einkennilegt og glöggt dæmi um þær aðferðir, sem hæstv. menntmrh. beitir í málflutningi sínum, er það, að þegar hann fer að minnast á störf Jónasar Jónssonar sem menntmrh., man hann ekki eftir nema þessu einasta tilviki, sem má segja, að kunni að hafa orkað eitthvað tvímælis, en horfði þó allt öðruvísi við þá heldur en það gerir nú. Hann man ekkert eftir þeirri miklu forystu, sem Jónas Jónsson hafði í menntamálunum á öðrum sviðum og gerir það tvímælalaust að verkum, að hann verður jafnan talinn athafnasamasti og merkasti menntmrh., sem við höfum haft. En því gleymir hæstv. menntmrh. Hann tekur aðeins það eina, sem hann heldur, að geti verið til áfellis, en sleppir öllu hinu. Þannig er yfirleitt allur hans málflutningur í þessu máli. Hann dregur það fram, sem hann álítur hagstætt fyrir sig, sleppir öllu öðru og gefur þess vegna jafnvillandi mynd af ástandinu eins og þar segir í frásögn hans af því, hvernig Jónas Jónsson hafi reynzt sem menntmrh.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð. Ég vildi ekki láta fundarhléið byrja án þess að taka það fram, að með ummælum mínum um þessa ráðagerð Jónasar Jónssonar, þá ákvörðun hans að loka Menntaskólanum, var ég að sjálfsögðu alls ekki að ræða störf hans almennt sem menntmrh. og enn þá síður að kasta nokkurri rýrð á þau störf, sem ég hef miklar mætur á og ber mikla virðingu fyrir. Ástæðan til þess, að ég nefndi þetta, var eingöngu sú, að það var verið að ræða um lokun skóla og tala um það, að undir minni stjórn hefðu verið gerðar ráðstafanir, sem jafngiltu því, að skólum hefði verið lokað. Því var ég að andmæla og lýsti yfir þeirri eindreginni stefnu minni, að á það mundi ég aldrei fallast. Þetta hefur verið gert aðeins einu sinni í íslenzkri skólasögu og þá var það ráðh. Framsfl., sem það gerði. Þetta taldi ég mig mega benda á, án þess að í því ætti að felast nokkur áfellisdómur um þennan merka fyrirrennara minn í starfi. Það var gert af gefnu tilefni og eingöngu á alveg takmörkuðu sviði.

Hitt er svo misskilningur hjá hv. þm., að þessi ráðstöfun hafi ekki orðið til þess að takmarka stúdentafjölda í landinu. Þó að nýr menntaskóli hafi verið kominn tveimur árum áður en þessi lokun á Menntaskólanum í Reykjavík var gerð, þá hefði hún orðið til stórkostlegrar minnkunar á stúdentafjölda í landinu, ef Reykjavíkurborg hefði ekki gripið í taumana og stofnað annan skóla, sem kom í stað menntaskólans og varð fljótlega stærri heldur en gagnfræðadeildin í Menntaskólanum. Ef Reykjavíkurborg hefði ekki sýnt framsýni og frjálslyndi í þessu máli, þá hefði ráðstöfun ráðh. tvímælalaust orðið til þess að draga stórlega úr stúdentafjölda í landinu. Um þetta þarf ég ekki fleira að segja.

En hitt vildi ég segja hv. þm., að hann var mjög óheppinn, þegar hann las upp úr mínu ágæta flokksblaði, Alþýðumanninum, úr forystugrein, þar sem lýst er mjög brýnni þörf á nýjum skólabyggingum í því kjördæmi, sem um var rætt, Norðurlandskjördæmi eystra. Við ýmsa af þeim skólum, sem voru nefndir í greininni, er verið að vinna, og þeir fá myndarlegar áframhaldsfjárveitingar. En það merkilega er, að það hefur komið í ljós við tillögugerð fjvn., að í engu kjördæmi í landinu verða gerðar tillögur um eins miklar nýbyggingar og einmitt í Norðurl. e. Það verður gert ráð fyrir, að byrjað verði á þremur nýjum skólum, einmitt þeim skólum, sem það ágæta blað, Alþýðumaðurinn,

var að benda á, að þörf væri á. Það verður byrjað á næsta ári á byggingu Stóru-Tjarnaskóla, Ljósavatnsskóla og Hrafnagilsskóla, svo að ég vona, að Alþýðumaðurinn megi mjög vel við una, og ég vona, að hv. þm. megi vel við una og mér hefur verið sérstök ánægja af því að eiga minn þátt í því að verða við óskum íbúa Norðurl. e. um þrjár nýjar skólabyggingar á næsta ári í því kjördæmi.

Frsm. minni hl. (Sigurvin Einarsson): Herra forseti. Ég skal leitast við að vera ekki langorður, a. m. k. ekki eins langorður og hæstv. menntmrh. Hann hefur nú miðlað okkur framsóknarmönnum ásökunum ríkulega lengi dags, og hafa þar margir orðið fyrir skotum, meira að segja látnir menn, svo að ég þarf ekkert að kippa mér upp við að fá minn skerf. En það eru aðeins tvær ásakanir, sem ég ætlaði að drepa hér á í þessari stuttu aths., sem hann var með í minn garð. Hæstv. ráðh. hafði látið svo ummælt í ræðu sinni þar áður, að það væri á ábyrgð sveitarstjórnanna í landinu, ef um skort á skólabyggingum væri að ræða. **(Menntmrh.:** Þetta hef ég aldrei sagt.) Ég held, að ég hafi heyrt þetta rétt hjá hæstv. ráðh., að hann hafi talað um skóla eða skólabyggingar. **(Menntmrh.:** Nei, nei, nei, nei. Það er algjör misheyrn hjá hv. þm.) Það verður þá að standa þannig, að ég skildi hann svo og hélt mig heyra það alveg hárrétt, enda er frv. um stofnkostnað skóla, en engan reksturskostnað og enginn maður hafði minnzt á reksturskostnað skóla, hvorki hæstv. ráðh. né aðrir í ræðum sínum á undan. En þegar ég svo las lagagrein, sem sýndi það, að enginn má byggja eða hefjast handa um skólabyggingar í landinu nema menntmrh. veiti leyfi til þess skriflega, þá varð hann einhvern veginn að komast út úr vandanum, sagðist hafa verið að tala um reksturskostnað, reksturskostnað skóla, sem ekki er til umræðu. Ég verð að segja það, að þegar menn lenda í sjálfheldu, verða þeir að grípa til einhverra ráða.

Hin ásökunin í minn garð var sú, að ég drap á það, að ekki hefði verið hafizt handa um menntaskóla á Ísafirði þrátt fyrir lagaákvæði þar um. Hæstv. ráðh. sagði, að ég hefði ekki hugmynd um löggjöf eða neitt þessu viðkomandi. Það eru engin lög til um menntaskóla á Ísafirði, sagði hann, og þetta sýndi nú bezt, hvers konar málflutningur þetta væri. Nú ætla ég að lofa hæstv. ráðh. að heyra aðra lagagrein, því að það dugar ekkert á þennan hæstv. ráðh. nema lagagreinar. Hún er lög um breyt. á l. nr. 58 frá 1946 um menntaskóla. 1. gr. l. nr. 58 1946 orðist svo:

„Menntaskólar skulu vera 6, 2 í Reykjavík, 1 á Akureyri, 1 á Laugarvatni, 1 á Ísafirði og 1 á Austurlandi."

Þetta eru nú lögin, sem hæstv. ráðh. segir, að séu ekki til. Ég held, að ég hafi því ekki ofmælt það, sem ég sagði, að þrátt fyrir lagaákvæði væri ekki hafizt handa enn um undirbúning að byggingu menntaskóla á Ísafirði. Ég hef því alls ekki ofmælt neitt í þessu efni, en ég gæti bezt trúað, að ég vissi eins mikið um þessi lög, skólakostnaðarlögin og þessi, eins og hæstv. ráðh. Hvað snertir skólakostnaðarlögin, sátum við í því vikum saman árið 1967 í menntmn. að breyta og fjalla um skólakostnaðarfrv. og m. a. var okkur tveimur, heldur en þremur, falið að vinna að því máli allt páskafríið 1967, auðvitað fyrir enga aukaborgun. Þetta gerðum við og svo heldur hæstv. ráðh., að ég viti ekki neitt um þessi skólakostnaðarlög. Ég veit meira um þau heldur en margur heldur eða a. m. k. meira en hann heldur. Ég veit t. d., að ýmislegt í þessum lögum er óframkvæmanlegt, bókstaflega óframkvæmanlegt, og ég sagði það þá. Og þegar þau lög voru afgreidd, átti ég aðra sennuna við þennan hæstv. ráðh. Hann ætlaði að afnema alla héraðsskólana sem ríkisskóla hér í landinu, en það stóð ekki mjög ólíkt á þá og núna, að hæstv. ríkisstj. var að komast í tímaþröng — þá voru það þingslit, nú er það jólaleyfi — og það endaði með því, þegar hann var kominn í þessa tímaþröng, að hann lét undan og féllst á, að héraðsskólarnir skyldu vera ríkisskólar áfram. En hart var barizt, og ég sé ekkert eftir mér að berjast hart fyrir góðu máli, hvort sem það er við þennan hæstv. ráðh. eða aðra, ef maður nær einhverjum árangri.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 22:7 atkv.
2. gr. samþ. með 23:1 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 25:2 atkv.

Á 32. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 28 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 26:1 atkv. og afgr. til Ed.

Á 30. fundi í Ed., 18. des., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd. eftir 3. umr. þar.

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 33. fundi Ed., s. d., var frv. aftur tekið til 1. umr.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Svo sem hv. þm. er áreiðanlega kunnugt, samþykkti Alþ. vorið 1967 ný lög um skólakostnað. Í þeim lögum voru mörg nýmæli, m.a. var í lögunum það nýmæli, að framlag ríkisins til skólabygginga, sem kostaðar eru sameiginlega af ríki og sveitarfélögum, skyldi greiðast á tveim til þrem árum. Fyrirhugað hafði verið að miða fjárveitingu til nýrra skóla á fjárlögum ársins 1969 við þriggja ára greiðslutímabil af hálfu ríkisins. Við umr. í fjvn. um framlög til nýrra skólabygginga á árinu 1969 kom í ljós, að ef fylgt væri þessu ákvæði skólakostnaðarlaga um þriggja ára greiðslutímabil af hálfu ríkisins vegna hverrar framkvæmdar, þá mundi vera hægt að hefja byggingu á færri nýjum skólum en æskilegt var talið. Sú fjárveiting, sem til ráðstöfunar er til nýrra skóla, er 33.1 millj. kr., og ef teknir eru þeir skólar, sem æskilegast var talið að hefja byggingu á 1969, þá hefðu ýmsir skólar mætt afgangi, sem mjög sterkar óskir voru um að leyfa upphaf byggingar á á árinu 1969. Þess vegna hefur sá kostur verið tekinn og ríkisstj. ákveðið að leggja til við hið háa Alþ., að stökkið frá 5 ára greiðslutímabili af hálfu ríkisins, sem í gildi hefur verið fram til þessa og í rauninni hefur verið 8 ára greiðslutímabil, vegna þess

að upphaflegur kostnaður hefur greiðzt á fimm árum en kostnaður við hækkanir, meðan á byggingu hefur staðið, á þremur árum til viðbótar — að þetta 5—8 ára tímabil niður í þrjú ár verði stigið í tveimur sporum, ef svo mætti segja, þ. e. a. s. tekið fyrir eitt millibilsár næsta ár, þar sem framlög ríkisins til nýrra skólabygginga verði greidd á fjórum árum, en fyrirhuguð regla um þriggja ára greiðslutímabil komi til framkvæmda á árinu 1970.

Til viðbótar þessu skal ég geta þess, að það ákvæði skólakostnaðarlaganna er látið haldast, sem ekki var í gömlu skólakostnaðarlögunum, að hækkun byggingarkostnaðar skuli jafnan greidd árlega, svo að gert er ráð fyrir því, að núverandi áætlaður byggingarkostnaður hækki um 18.5% á næsta ári og er gert ráð fyrir því, að sú hækkun verði greidd þegar á næsta ári, svo að aukning greiðslutímabils ríkissjóðs úr fyrirhuguðum þrem árum í fjögur ár afnemur ekki þessa reglu, svo í raun og veru er styttingin á greiðslutímabili ríkissjóðs meiri en fram kemur af því, að hún sé stytt úr fimm árum í fjögur ár, hún er stytt úr fimm til átta árum í raunveruleg fjögur ár og verður stytt í raunveruleg þrjú ár, ef þetta nær fram að ganga á árinu 1970. Efni málsins er ekki það flókið, að ég vona, að þessi fáu orð hafi skýrt það til hlítar og leyfi mér þess vegna, herra forseti, að óska þess, að málinu verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. menntmn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv. og til menntmn. með 19 shlj. atkv.

Á 36. fundi í Ed., 19. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 166, n. 204 og 213).

Frsm. meiri hl. (Auður Auðuns): Herra forseti. Það er um þetta frv. eins og það, sem síðast var hér til umræðu, að það var til 1. umr. í hv. þd. í gær og efni þess þá útskýrt í ræðu hæstv. menntmrh., þegar hann fylgdi því úr hlaði. Ég sé þess vegna ekki ástæðu til þess að fjölyrða um efni frv., sem í raun og veru er mjög einfalt, en þetta frv. hefur verið til athugunar hjá menntmn., og nefndin hefur ekki orðið sammála um afgreiðslu þess. Eins og fram kemur á þskj. 204 í nál., leggur meiri hl. menntmn. til, að frv. verði samþykkt, en minni hl. mun hins vegar skila séráliti.

Frsm. minni hl. (Páll Þorsteinsson): Herra forseti. Þetta mál var hér til 1. umr. á fundi síðdegis í gær og þá vísað til menntmn. Hún kom saman á fund í morgun og afgreiddi málið efnislega, og minni hl. skilaði nál. í prent nú rétt áður en þessi fundur hófst, svo að sannast sagna hefur verið hafður sá hraði á um afgreiðslu þessa máls, sem frekast má vænta. En nú er nál. minni hl. ekki komið úr prentun, en ég vil eigi að síður verða við þeim tilmælum forseta að gera með fáum orðum grein fyrir afstöðu minni hl., þó að nál. sé ekki komið.

Þetta frv. um breyt. á l. um skólakostnað er mjög stutt. Meginefni þess felst í tæpum tveim línum. En eigi að síður er þetta stutta frv. nokkur spegilmynd af vinnubrögðum, sem við höfum átt að venjast að undanförnu hér á hv. Alþ., einkum þegar jólahátíðin nálgast og svo þegar líður að þinglausnum. Vorið 1967 voru sett hér ný lög um skólakostnað. Þau fela í sér mjög mörg og flókin efnisatriði og þau kveða á um stórkostlegar fjárhæðir eða fjárgreiðslur, sem inna þarf af hendi bæði úr ríkissjóði og af hálfu sveitarfélaga til skólamannvirkja og til reksturs skóla, sem lögin taka til. Þegar þessi löggjöf var hér til umræðu vorið 1967, var þá þegar í frv., eins og það var lagt fram, gert ráð fyrir því, að þessi nýju skólakostnaðarlög skyldu taka gildi frá og með upphafi skólaársins 1. september 1968. Við, sem þá þurftum að fjalla um þetta flókna og viðamikla mál, töldum, að þegar gildistakan ætti ekki að verða fyrr heldur en frv. kvað á um, væri eðlilegt, að þm. gæfist nokkurt tóm til þess að athuga þetta mál og að ekki lægi á að afgreiða þessa löggjöf á fáum dögum fyrir þinglausnir vorið 1967. Hitt væri eðlilegra að kynna frv. þá, taka málið síðan upp að nýju á haustþinginu 1967 og ljúka afgreiðslu þess þá fyrir áramótin 1967—1968, því að löggjöfin átti hvort sem var ekki að öðlast gildi og koma til framkvæmda fyrr en á þeim tíma, sem ég hef þegar greint. En við þessum ábendingum og tilmælum okkar í stjórnarandstöðunni var ekki orðið, heldur var hafður mjög mikill hraði á um afgreiðslu þessa viðamikla máls. Það minnir á orðtak, sem hæstv. forsrh. minnti á fyrir fáum dögum, gamalt orðtak, sem er þannig: Fram skal ganga haukur húna hvort hann vill eður ei. Þannig var haldið á þessu máli, að þessi hv. þd. fékk eina tvo daga til þess að fjalla um skólakostnaðarlögin, dagana 17. og 18. apríl 1967.

Nú voru lögin afgreidd á þessum tíma og gildistíminn ákveðinn 1. september 1968. Þá átti að fylgja lagasetningunni bráðabirgðaákvæði, sem segir, að stofnkostnaður þeirra skólamannvirkja, sem samþykkt hafa verið áður en reglur byggingardeildar verða staðfestar, eigi að skiptast eftir eldri skólakostnaðarlögunum. Nú virðist reynslan vera sú, að þó að hraði á afgreiðslu mála sé afarmikill hér á hv. Alþ., þá verða stundum allmiklar tafir á framkvæmdinni í ráðuneytunum, og þó að þessi hv. þd. fengi aðeins tvo daga til þess að fjalla um skólakostnaðarlögin, dróst það nokkuð lengi, að reglur um byggingardeild menntmrn. yrðu settar. En eitt af því, sem tók breytingum með hinum nýju skólakostnaðarlögum, var það, að greiðslutímabilið til hvers skólamannvirkis skyldi samkv. hinum nýju lögum vera 3 ár í stað 5 ára greiðslutímabils samkv. eldri lögunum. Ég fyrir mitt leyti taldi þetta og tel eitt af þeim ákvæðum nýju skólakostnaðarlaganna, sem horfir til bóta frá eldri skipan þeirra mála. En það hlaut mönnum að vera ljóst, að með því að stytta greiðslutímabilið hlaut að hækka það fjárframlag, sem þurfti að leggja fram til hvers skólamannvirkis, því að þriðjungur heildarkostnaðarins er vitanlega miklu hærri fjárhæð heldur en 1/5 hluti og þarf ekki einu sinni hagfræðing til þess að sjá þetta. Það gat ekki verið nema um tvennt að ræða. Annaðhvort var að því stefnt með þessu nýja ákvæði í skólakostnaðarlögunum að reisa færri skóla, ráðast í færri skólabyggingar árlega eftir að þau tóku gildi heldur en áður var eða hitt, að miðað væri við að framfylgja lögunum þannig að veita árlega hærri fjárveitingu til nýrra skóla heldur en gert hafði verið. Nú er það svo með okkur, sem stöndum að áliti minni hl. í

þessu máli, að okkur hefur aldrei komið í hug að bera fram þær getsakir á hæstv. ríkisstj., að það hafi búið á bak við setningu nýju skólakostnaðarlaganna, að það ætti eftir að þau öðluðust gildi að byggja færri skóla árlega heldur en gert hafði verið áður. Því hefur okkur aldrei dottið í hug að halda fram. Og ég satt að segja geri ráð fyrir því, að svo mikill áhugamaður sem hæstv. menntmrh. er um menntamál, að það hafi alls ekki fyrir honum vakað. Og þá er ekki um annað að ræða heldur en að menn hafi gengið að því með opnum augum, þegar þessi löggjöf var knúin í gegn, að í kjölfarið á lagaákvæðunum yrðu að koma árlega hærri fjárveitingar heldur en áður var til þess að mæta þörfinni fyrir nýja skóla. En nú er gildistíminn 1. september 1968 liðinn. Og þá ber svo við, að að frumkvæði hæstv. ríkisstj. er farið að koma fram breytingum á þessari nýju löggjöf, sem sett var með hraða vorið 1967. Það fyrsta, sem gerist, er það, að við fjárlagaafgreiðslu fyrir árið 1968 var ákveðið af hæstv. ríkisstj. og þingmeirihluta að miða framlög til nýbygginga skóla á fjárlagaárinu 1968 við hin eldri skólakostnaðarlög.

Annað, sem ég vil benda á, er það, að mér skilst, að samkv. frv., sem nú liggur fyrir um skipan opinberra framkvæmda, eigi að breyta hinni nýju byggingardeild menntmrn. frá því, sem til var stofnað með skólakostnaðarlögum frá 1967.

Hið þriðja í þessa stefnu er þetta frv., sem hér er lagt fram. En efni þess er það, að nú, þegar nýju skólakostnaðarlögin hafa öðlazt gildi og eiga að koma til fullra framkvæmda, sé greiðslutímabilið gagnvart þeim skólamannvirkjum, sem byrjað verður á á árinu 1969, ákveðið fjögur ár í stað þrjú.

Afstaða minni hl. menntmn. er sú, að minni hl. telur eðlilegt og réttmætt, að fylgt sé fram hinum tiltölulega nýju skólakostnaðarlögum og þau séu látin koma til fullra framkvæmda á árinu 1969 og þess vegna leggjum við í minni hl. til, að þetta frv. verði fellt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 10:6 atkv.
2. gr. samþ. með 10:5 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10:5 atkv.

Á 38. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 15 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 10:5 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 223).

---

8. Ráðstafanir vegna landbúnaðarins.

Á 17. fundi í Sþ., 4. des., var útbýtt frá Nd.:
Frv. til l. um ráðstafanir vegna landbúnaðarins í sambandi við breyt. á gengi íslenzkrar krónu [98. mál] (stjfrv., A. 122).

Á 24. fundi í Nd., 9. des., var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 25. fundi í Nd., s.d., var frv. aftur tekið til 1. umr.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Frv. þetta er um ráðstafanir vegna landbúnaðarins í sambandi við breytingu á gengi íslenzkrar krónu. Það er gert ráð fyrir því að fá lagaheimild til þess að ráðstafa gengishagnaði, sem kemur fyrir útfluttar landbúnaðarafurðir, sem framleiddar eru fyrir 15. nóv. s. l. Gert er ráð fyrir, að landbrn. ákveði, hvernig þessu fjármagni verði varið. Það er talið, að þessi gengishagnaður geti numið allt að 150 millj. kr.

Það er tekið fram, að þessari fjárhæð verði varið í þágu landbúnaðarins. Frv. um gengishagnað var samþ. af hv. Alþ. fyrir ári síðan og var þar einnig fram tekið, að gengishagnaðinum, sem þá kom til, yrði varið í þágu landbúnaðarins. En þá var aðeins um 45 millj. að ræða, en hér er gert ráð fyrir 150 millj. Það hefur orðið nokkur breyting á í sambandi við útflutning landbúnaðarvara við gengisbreytinguna, þannig að nú munu fást 77—80% á erlendum markaði fyrir sauðfjárafurðir miðað við innanlandsverðið, þegar reiknað er með þeirri hækkun, sem hefur orðið á gærum. Ef til þess kæmi, að ullarverð hækkaði, en það hefur verið um skeið mjög lágt, þá gæti svo farið, að útflutningsverðið næmi allt að 85% á sauðfjárafurðum og er þá orðin allt önnur útkoma á því heldur en áður var meðan aðeins var um 40—45% af verðmætinu að ræða. Aftur á móti er enn mjög óhagstætt að flytja út mjólkurafurðir. Þannig mun ekki fást nema um 40% fyrir ostinn, kasein 49% og nýmjólkurduft 30%, sem ekki verður nú flutt út. Það má gera ráð fyrir því, að það verði mun minna flutt út nú af mjólkurafurðum heldur en s.l. ár vegna minnkandi mjólkurframleiðslu. Það verður hins vegar kannske áhyggjuefni á næstunni, hvernig á að fara að því að sjá þéttbýlissvæðunum fyrir nægilegri neyzlumjólk, en það er annað mál.

Ég sé ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um þetta frv. að sinni og legg til, herra forseti, að málinu verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. landbn.

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. Ég mun ekki ræða hér almennt um landbúnaðarmál eða önnur efni, en ég vil aðeins í sambandi við þetta frv., við 1. umr. þess, láta í ljósi þá skoðun, að í þessu frv. felist óeðlilega víðtæk heimild til hæstv. landbrh. Það er óeðlilegt, að ráðh. geti haft svo mikla fjármuni á sínu valdi með því móti, sem gert er ráð fyrir í frv. En í því segir, að þessum gengismun, sem gæti orðið allt að 150 millj. kr., skuli ráðstafað í þágu landbúnaðarins samkv. ákvörðun landbrn., en landbrn. er sama sem landbrh. M.ö.o., ráðh. hefur það á sínu valdi að ráðstafa allt að 150 millj. kr. með þeim einu takmörkunum, að hann telji sig geta rökstutt, að það sé í þágu landbúnaðarins.

Ég vona, að hv. alþm. fallist á, og hæstv. ráðh. líka, að þetta sé ekki eðlilegt, og þó að þetta hafi verið haft svona í fyrra, þá sé þetta ekki eðlilegt. Nauðsynlegt væri að setja í lögin sjálf ákveðnari fyrirmæli um, í hvað þetta gífurlega mikla fjármagn skuli ganga. Ég fer ekkert dult með, að ég tel, að í löggjöf eins og þessari ætti að vera ákvæði um, að af þessu fé skyldi taka það,

sem þarf, til þess að bændur fái fullt grundvallarverð fyrir afurðir sínar, sem sé það, sem kynni að vanta á útflutningsuppbætur til þess að svo geti orðið. Þetta ætti að sjálfsögðu að sitja fyrir. Gengishagnaður á útfluttum landbúnaðarafurðum renni að sjálfsögðu til þess að tryggja, að bændur fái fullt grundvallarverð.

En eins og við vitum, voru miklir erfiðleikar á þessu varðandi framleiðsluárið 1967—1968, og ég veit ekki betur en það hafi orðið að grípa til þess að taka fyrirfram af væntanlegum útflutningsuppbótum næsta árs til þess að ná endunum saman, og þar að auki varð að leggja á verðjöfnunargjald innanlands til þess að lyfta verðinu á útflutningnum.

Þegar ég tala um, að það væri eðlilegt, að af þessum fjármunum kæmi það, sem þyrfti, til þess að fullt grundvallarverð fengist til bænda, þá á ég við útflutninginn frá framleiðsluárinu 1968—1969, því að framleiðsluárið er ekki, eins og menn vita, almanaksárið, heldur talið frá vori til vors. Ég á því við þær sláturfjárafurðir t.d., sem féllu til á þessu hausti.

Þá vil ég beina því til hæstv. ráðh., að hann léti þeirri n., sem fjallar um málið, í té upplýsingar um, hvernig hliðstæðum fjármunum var ráðstafað samkv. löggjöfinni, sem sett var í fyrra um gengismismun á birgðum landbúnaðarafurða. Hann getur máske ekki svarað því á stundinni, hvernig því var varið, en að hann léti þá n. það í té, þannig að þm. gætu fengið upplýsingar um það við 2. umr. málsins.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Með löggjöfinni í fyrra var landbrh. gefin heimild til þess að ráðstafa því, sem þá féll til, en það voru ekki nema 45 millj. En ég hefði nú haldið, að traust hv. 1. þm. Austf. hefði nú vaxið í hlutfalli við það síðan í fyrra, traust hans til mín, þannig að hann gæti nú alveg eins trúað mér fyrir 150 millj. eins og 45 millj. í fyrra. Ég minnist ekki, að hann hafi þá haft neitt við það að athuga, að ég hefði þetta vald, sem tiltekið var í þeim l. En hv. þm. spyr, hvernig þeirri upphæð hafi verið varið. Það er einfalt að svara því. Það fór allt í útflutningsuppbætur til þess að drýgja þær. En hvernig með þetta verður farið, er ég ekki tilbúinn til þess að gefa neinar yfirlýsingar um. Hitt veit ég, að stjórn Stéttarsambands bænda mun ræða það mál við mig nú, eins og í fyrra, og það verður vitanlega athugað rækilega, hvernig þessi upphæð getur komið bændastéttinni að sem beztum notum.

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. Ég kannast ekki við að hafa veitt hæstv. ráðh. neitt umboð í fyrra. Það munu aðrir hafa gert. Sleppum því, hvort traust mitt á honum hafi vaxið síðan í fyrra eða vantraust. Við skulum ekkert ræða það. Honum er vel ljóst um afstöðu mína til hans og ríkisstj. og engin ástæða til þess að vera að blanda því inn í þetta.

Hæstv. ráðh. sagði, að því væri fljótsvarað, hvernig þessum fjármunum hefði verið varið í fyrra. Það hefði verið notað allt í útflutningsuppbætur, til þess að drýgja þær. Í tilefni af því vil ég spyrja hæstv. ráðh., hvort hann vill ekki lýsa því yfir núna, að af þessu fé verði notað það, sem þarf í útflutningsuppbætur, til þess að fullt grundvallarverð fáist fyrir framleiðsluna 1968. Sem sagt, að það verði hliðstæð framkvæmd á þessum málum og í fyrra. Vill hann ekki lýsa því yfir? Ef hann vill lýsa því hér hreinlega yfir, þá tel ég það talsvert þýðingarmikið atriði í málinu.

Mér finnst, að allir ættu þó sannast að segja að geta verið sammála um, að fyrsti réttur í þessu er réttur bændanna til þess að fá fullt útflutningsverð. Það er óhugsandi, að nokkrum ráðh. detti í hug að fara að taka af þessum peningum, sem er í raun og veru verðhækkun á útflutningsbirgðum landbúnaðarins, og verja í annað fyrr en búið væri að sjá um, að fullt útflutningsverð fengist. Eða kannske niðurstaðan ætti að verða sú, að bændur legðu á sig verðjöfnunargjald innanlands, og söfnuðu með því peningum til þess að bæta upp verð á útfluttum vörum, en gengishagnaðurinn á birgðunum, þeirra eigin vörubirgðum, væri samtímis tekinn af þeim og notaður í annað.

Að óreyndu vil ég ekki trúa því, að hæstv. ráðh. hafi þetta í huga, en til þess að þetta geti verið skýrt og ég þurfi ekkert að efast eða neinn annar, þá er hægt að bæta úr með því að lýsa því hér hreinlega yfir, að það verði hafður sá háttur á, að það, sem þarf, verði tekið af þessu fé til þess að tryggja fullar útflutningsuppbætur.

Annars álít ég, að telji menn horfur á því, að þetta fé gæti orðið meira en þarf til þessa, þá sé sjálfsagt, að nánari ákvæði komi í löggjöfina til viðbótar yfirlýsingu ráðherra, ef hún fæst. Þetta er ekkert spursmál um traust eða vantraust á einstökum ráðh. Það nær náttúrlega ekki nokkurri átt, að nokkur einstakur maður fái í sínar hendur heimild til þess að ráðstafa 150 millj., þannig að eingöngu sé bundið við setningu eins og þessa, „í þágu landbúnaðarins". Maður gæti t.d. jafnvel ímyndað sér, ef slíkt væri samþ., að einhverjum dytti í hug að ráðstafa þessum peningum til einhverrar ríkisstofnunar, sem væri eign ríkisins, en hefði með höndum einhverja þjónustu fyrir landbúnaðinn.

Ég vil þá einnig spyrja hæstv. ráðh. að því, hvort honum gæti dottið í hug að taka gengismismun af þessu tagi og láta hann renna til einhverrar ríkisstofnunar, þó að hægt væri að segja, að hún væri þjónustustofnun fyrir landbúnaðinn.

Ég álít, að bændur eigi þessa peninga og þeir eigi að fá þá. Þetta er verðhækkun á þeirra vörubirgðum. Ef það hefði orðið verðfall á þessum vörubirgðum, hefðu bændur orðið að bera það. Það hefði ekki verið hlaupið til og verðfallið greitt.

Ef hæstv. ráðh. vill ekki fallast á að setja um þetta nákvæm ákvæði í l., sem ég vona, að hann vilji athuga með þeirri n., sem fær málið til meðferðar, þá væri það strax í áttina, ef hann vildi gefa þessar yfirlýsingar, sem ég fer fram á.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Hv. þm. hafa náttúrlega alltaf rétt til þess að spyrja, en mér leiðist það nú, að mér heyrðist á hv. þm., að traust hans til mín hafi nú heldur minnkað, því að hann segir, að það sé nú aðeins í áttina, ef ég vilji gefa skýlausa yfirlýsingu um það, hvernig þessu skuli nú varið. Það er aðeins í áttina, og það er þá vegna þess, að hann treystir því ekki, að það yrði staðið við það, sem ég mundi lýsa hér yfir. Þar af leiðir, að það kemur auðvitað ekki til mála, að ég fari að gefa nokkra yfirlýsingu hér um, og held ég, að hv. þm. virði mér það til vorkunnar.

Hitt get ég endurtekið, það, sem ég sagði áðan, að það verður athugað mjög rækilega, hvernig þessi fjárhæð verður notuð og þannig, að hún komi að sem beztum notum fyrir landbúnaðinn, og af því að hv. þm. er búinn að leggja margar fsp. fyrir mig, þá held ég, að mér leyfist að leggja eina fsp. fyrir hann. Og ég vil spyrja hann að því, hvort stjórn Stéttarsambandsins hafi beðið hann um að framkalla yfirlýsingu þá, sem hann leitar hér eftir? Og þætti mér ákaflega gott að vita það, hvort hann talar hér í umboði Stéttarsambandsstjórnarinnar. Að sjálfsögðu þarf hann ekki að gera það. Hann hefur sem þm. fullan rétt til þess að spyrja, *en ég geri dálítinn greinarmun á því samt.*

Eysteinn Jónsson: Hæstv. ráðh. kvartaði yfir því, að ég hefði sagt, að það væri aðeins í áttina, ef hann gæfi yfirlýsingar, en ég vil þá, til þess að hæstv. ráðh. sé rórra í þessu, lýsa því hér með yfir, að ef hann lýsti þessu yfir skýlaust, þá mundi ég treysta því. Vona ég, að þetta verði þá til þess, að hann gefi þessar yfirlýsingar. Ég mundi treysta því. Það, sem ég átti við með þessu, var nú fremur hitt, að mér var ekki ljóst, hvort með því væri allri fjárhæðinni ráðstafað. Ég er ekki svo kunnugur þessu, að ég geti fullyrt, að allri fjárhæðinni væri ráðstafað, þó að hæstv. ráðh. gæfi yfirlýsingarnar, sem ég minntist á. Ég hef vanizt því, að menn treystu ráðherrayfirlýsingu á Alþ., og ég vil mega álíta, að það sé óhætt og þess vegna vil ég gera hæstv. ráðh. auðveldara að gefa yfirlýsingu með því að hafa þetta alveg skýlaust okkar á milli. Það stendur því alveg fast.

Hæstv. ráðh. spurði, hvort ég hefði spurt um þetta eða viljað fá þessa yfirlýsingu í umboði stjórnar Stéttarsambands bænda. Ég tala hér í umboði þeirra bænda m. a., sem hafa kosið mig á þing, og þarf ekki umboð frá neinum öðrum til þess að spyrjast fyrir um efni af þessu tagi eða lýsa yfir minni skoðun á þeim. Ég álít, að það sé alveg skýlaus krafa og komi algerlega af sjálfu sér frá bændum, að þeir fái þessa peninga, til þess að afurðaverðið nái tilskildu lágmarki, til þess að þeir fái grundvallarverð. Ég efast ekkert um afstöðu Stéttarsambands bænda. Þetta hlýtur auðvitað að vera fyrsta krafan. Hverjum ætli dytti í hug, sem hefur umboð fyrir bændur, að samþykkja það, að verðhækkun á *birgðum landbúnaðarafurða verði tekin og notuð í* eitthvað annað, en peningar innheimtir í staðinn af bændum með verðjöfnunargjaldi? Þetta finnst mér vera ákaflega einfalt. Það þarf ekki umboð frá neinum sérstaklega til þess að gera þá kröfu fyrir landbúnaðinn, sem er alveg eðlileg og sjálfsögð. Enda sjáum við, að í fyrra segist hæstv. ráðh. hafa látið nota allan gengishagnað á birgðum til þess að greiða útflutningsuppbætur. Hvers vegna getur hæstv. ráðh. ekki lýst því yfir, að hann ætli að fara að eins og í fyrra og nota þessa peninga í útflutningsuppbætur, eftir því sem þarf?

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til landbn. með 23 shlj. atkv.

Á 28. fundi í Nd., 13. des., var frv. tekið til 2. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.

Á 29. fundi í Nd., 14. des., var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 122, n. 152 og 162).

Frsm. meiri hl. (Pálmi Jónsson): Herra forseti. Landbn. hefur haft til athugunar frv. það sem hér liggur fyrir. N. hefur rætt frv. á tveim fundum og eigi orðið sammála um afgreiðslu þess, eins og fram hefur komið, og hún hefur skilað tveim nál. Frv. var ekki sent út til umsagnar, enda held ég að segja megi, að n. hafi út af fyrir sig verið sammála um það, að nauðsyn bæri til þess að hraða meðferð þess, svo að takast mætti að afgreiða málið, áður en þm. færu í jólaleyfi. Hins vegar barst n. bréf frá Framleiðsluráði landbúnaðarins, þar sem greint er frá því, að á fundi ráðsins 10. þ. m. hafi eftir allmiklar umræður verið samþykkt að leggja til, að 1. gr. frv. yrði breytt þannig, að við hana bættust orðin: „að fengnum till. Framleiðsluráðs". M. ö. o., greinin hljóðaði á þessa leið: „Fé því, sem kemur vegna útfluttra landbúnaðarafurða á reikning þann, sem um getur í 4. gr. l. nr. 74, 1968, skal ráðstafa í þágu landbúnaðarins skv. ákvörðun landbrn., að fengnum tillögum Framleiðsluráðs." Meiri hl. n. lítur svo á, að ekki sé ástæða til að taka ákvæði þess efnis inn í frv., enda liggur fyrir, að Framleiðsluráð hefur fulla aðstöðu til þess að koma sínum sjónarmiðum á framfæri við landbrn. og hæstv. landbrh., og breytti engu, þótt ákvæði þess efnis væru tekin inn í frv. Í frv. er skýrt kveðið á um, að því fé, sem hér er um að ræða, skuli varið í þágu landbúnaðarins, og við l. umr. málsins lýsti hæstv. landbrh. því yfir, að það yrði vandlega athugað, með hvaða hætti það kæmi landbúnaðinum að sem mestum notum. Meðan á þeirri athugun stendur, má telja sjálfsagt og nauðsynlegt, að Framleiðsluráð, og e. t. v. ekki síður stjórn Stéttarsambands bænda beint, kynni hæstv. landbrh. ýtarlega skoðanir sínar á því, á hvern hátt fénu skuli varið. Og ekki er að efa, að þau sjónarmið verða þung á metunum, þegar til ákvörðunar kemur.

Með þessu frv. er ráðgert, að gengishagnaði af landbúnaðarvörum verði ráðstafað eftir ákvörðunum landbrn., eins og gert var eftir gengisbreytinguna í fyrra, og ekki hefur komið fram mikil gagnrýni á það, hvernig með það mál var farið og hvernig gengishagnaðinum var varið þá. Meiri hl. n. treystir því, að einnig nú takist vel til um ráðstöfun gengishagnaðarins bændastéttinni til sem mestra hagsbóta, og leggur til, að frv. verði samþ. óbreytt.

Frsm. minni hl. (Vilhjálmur Hjálmarsson): Herra forseti. Frv. þetta til laga um ráðstafanir vegna landbúnaðarins í sambandi við breytingar á gengi íslenzkrar krónu er ekki langt mál, og ekki flókið mál í sjálfu sér, en n. var ekki sammála um afgreiðslu þess eigi að síður. Ef þetta frv. er borið saman við samsvarandi ákvæði í frv. ríkisstj. um ráðstafanir í sjávarútvegi, eins og það heitir á faglegu máli, þá kemur það í ljós, að hér er allt annað form á ákvæðunum, allt annað form. Og það lítur út fyrir það, að þessir tveir þættir gengismálsins, hliðarráðstafanir, sem fylgja gengislækkuninni, hafi verið undirbúnir á allt annan hátt. Frv. um ráðstafanir vegna sjávarútvegsins varðandi gengishagnaðinn ber með sér, að það hafa verið höfð mjög náin samráð við vissa aðila um það, hversu gengishagnaðinum yrði

ráðstafað, og í því frv. er þetta sundurliðað, greint í marga liði. En hér er á allt annan hátt með farið.

Nú var landbn. að sjálfsögðu sammála um meginefni frv., sem er í samræmi við og í framhaldi af því, sem segir í fyrstu löggjöfinni varðandi gengisbreytinguna, að gengishagnaði skuli ráðstafað í þágu þeirra atvinnuvega, sem leggja til andvirði viðkomandi afurða. Um þetta var enginn ágreiningur í n., en að öðru leyti gat n. ekki orðið sammála um afgreiðslu málsins. Meiri hl. n. vildi samþykkja frv. alveg óbreytt.

Eins og hv. frsm. meiri hl. skýrði frá, lá fyrir n. bréf frá Framleiðsluráði landbúnaðarins, þar sem óskað var breytinga á frv. Ekki var nú sú breyt. veigamikil. Það var till. um það, að tekið skyldi upp í frv. ákvæði um, að skylt væri að hafa samráð við Framleiðsluráð um ráðstöfun fjárins. Ég hugsa, að það séu flestir hv. þm. sammála um það, að þar hafi nú ekki verið farið fram á mikið og varla getað minna verið. Og þetta atriði, þó það gangi miklu skemmra en er í frv. um sjávarútveginn, er nákvæmlega í samræmi við það, sem þar er sagt, svo langt sem það nær, t.d. í 16. gr. a, þar sem sagt er, að stjórn Fiskveiðasjóðs annist framkvæmd greiðslna þessara samkv. reglum, sem sjútvmrn. setur, að fenginni umsögn Landssambands ísl. útvegsmanna, og hliðstæð ákvæði eru í fleiri stafliðum. Hv. frsm. meiri hl. n. sagði hér áðan, að þetta breytti engu. Eins og það breytti engu, hvort það er tekið fram í lögum, að haft skuli samráð við viðkomandi stofnun? Auðvitað breytir það máli, og það er allt annað, hvort það kemur fram í lögunum sjálfum, að viðkomandi stofnun, í þessu tilfelli Framleiðsluráð landbúnaðarins, sé viðurkenndur tillöguaðili í málinu. Og það liggur þá alveg ljóst fyrir, ef till. þessa aðila fara í bága við það, sem endanlega er ákveðið. Þegar málið ber þannig að, liggur það alveg ljóst fyrir, hvað hver hefur viljað. En þó að þarna væri ekki, að því er manni virðist, farið fram á mikið, er ekki unnt að verða við því. Það sem sagt sést, að húsbændurnir á þjóðarheimilinu hirða lítið, hvað hjúin kífa og hlusta ekki á neitt rell.

Minni hl. n. leggur til, eins og sjá má á nál. hans, að breyta þessu, taka upp ákvæði um, að samráð skuli haft við Framleiðsluráð, eða fengnar tillögur þess, hliðstætt því, sem er í 16. gr. l. um ráðstafanir í sjávarútvegi. Ég er satt að segja dálítið hissa á því, að hv. frsm. meiri hl. skuli finnast það eðlilegt að lýsa því yfir hér úr ræðustóli, að það skipti engu máli, hvort í lögum sé tekið fram, að haft skuli samráð við, í þessu tilviki, Framleiðsluráð landbúnaðarins eða ekki. Ég verð að segja það, að ég skil ekki þann hugsunarhátt. Annars er þetta ekki meginbreytingin samkv. till. minni hl. n. Meginbreyt., sem felst í okkar till., er sú að taka upp skýr ákvæði um það, hversu verja skuli gengishagnaðinum eða m. ö. o., að Alþ. ákveði það sjálft í stórum dráttum. Einnig þetta er alveg í samræmi við frv., sem ég nefndi áðan, þ. e. um ráðstafanir í sjávarútvegi. Þar er þetta nákvæmlega til tekið. Það eru ekki færri en 5 stafliðir í 16. gr., þar sem rakið er nákvæmlega, hversu verja skuli þeim gengishagnaði, sem til fellst vegna sjávarútvegsins. Sumt á að fara til greiðslu hluta af gengistapi af lánum vegna fiskiskipa, ákveðinn hundraðshluti, 34.5%. Í b-lið er ákveðið, að 16.4% gangi til þess að auðvelda síldveiðibátum, sem stunduðu veiðar á norðausturmiðum sumarið 1968, að standa í skilum o. s. frv. Og í staflið c, að 13.5% gangi til að auðvelda Síldarverksmiðjunum að koma sínum málum fyrir. Í staflið d, að 18.2% gangi til greiðslu á vátryggingariðgjöldum fiskiskipa, og e, að afgangur renni til Fiskveiðasjóðs, eða til veitingar stofnlána til bolfiskvinnslu eftir reglum, sem sjútvmrn. setur. Þannig er þetta sundurgreint og nákvæmlega til tekið, hversu með gengishagnað sjávarútvegsins skuli farið, en varðandi landbúnaðinn segir það eitt, að hann skuli nota til þarfa landbúnaðarins, skv. ákvörðunum landbrn.

Það virðist okkur í minni hl. eðlilegt og sjálfsagt, að þarna sé fullt samræmi í afgreiðslu mála frá Alþ. að þessu sinni, að því er þetta varðar. Okkur finnst það með öllu óeðlilegt, að eitt rn., sem raunverulega þýðir einn ráðh., að forminu til a. m. k., fái svo víðtæka og óskoraða heimild til þess að ráðstafa svo miklum fjármunum sem hér er um að ræða. Þó að krónan sé orðin lítil, eru samt 150 millj. kr., eða þar um bil, enginn smáskildingur, og við leggjum því hiklaust til, að Alþ. sjálft taki ákvarðanir, í grófum dráttum, en síðan setji þá rn. reglur um nánari meðferð fjárins, líkt og ákveðið er í l. um ráðstafanir vegna sjávarútvegsins. Ég held satt að segja, að það sé ástæðulaust að fara um þetta mörgum orðum, þetta virðist svo eðlilegt og sjálfsagt sem mest má vera, að hvor tveggja þessi löggjöf sé formuð á sama hátt, en þá er það hitt — til hvers skuli verja gengishagnaði. Það er vitað mál, að um það er ágreiningur. Það hefur m. a. komið fram í blöðum, að innan ríkisstj. er uppi ágreiningur um það. Hins vegar lítum við svo á, minni hl. n., að eins og þessi mál standa og ástæður eru í landbúnaði, og eins og gengisbreytingin verkar á þann atvinnuveg, sé það eðlilegt, og að okkar dómi raunar einsætt, að gengishagnaði landbúnaðarins skuli varið til þess að stuðla að því, að bændur fái grundvallarverð fyrir sína framleiðslu. Það hafa gilt um það mjög skýr lagaákvæði um árabil, að, eins og þar segir, tekjur bænda skuli vera í sem nánustu samræmi við tekjur annarra vinnandi stétta. Þetta ákvæði er búið að vera í l. um alllangan tíma, og það verður að líta svo á, að Alþ., þó að það sé ekki sjálft framkvæmdaaðili varðandi framkvæmd löggjafar, telji það nokkru skipta, að lögum sé hlýtt, og að það sé unnt að ná því marki, sem þau lög setja, er það hefur sett og enn eru í gildi. Nú hafa í seinni tíð verið birtir útreikn. frá Hagstofu Íslands, sem er, eins og ekki þarf að taka hér fram, hlutlaus stofnun, á tekjum hinna ýmsu starfsstétta þjóðfélagsins. Þessar rannsóknir benda til þess, að bændastéttin hafi aldrei náð því tekjujafnrétti, sem viðkomandi löggjöf fjallar um, hvað þá meira, og það jafnvel þótt hið skráða verð, sem sett er samkv. ákvæðum l. ár hvert, hafi fengizt. Ég lít nú svo á, að yfirleitt verði að meðhöndla með nokkurri varúð tölur og tölfræðilegar upplýsingar, já, meðhöndla þær með varúð, og ég vil ekki slá neinu föstu um það, að þeir útreikningar, sem birtir hafa verið um tekjur hinna ýmsu starfsstétta í þjóðfélaginu, gefi nákvæmlega réttan samanburð á stöðu atvinnustéttanna. Ég er ekki að halda því fram. En ég leyfi mér hins vegar að árétta það, sem ég sagði áðan, að bændur hafa ekki náð tekjujafnréttinu, og ég fullyrði það vegna þess einfald-

lega, að það hefur ár eftir ár borið svo ákaflega mikið á milli í þessu efni. Og þá er einnig á það að minna, að vegna hinnar gífurlegu verðbólguþróunar, sem orðið hefur hér á landi á löngu árabili og þó aldrei örari en á síðari tímum, hafa skapazt enn vaxandi erfiðleikar varðandi afkomu landbúnaðarins og afsetningarmöguleika á söluvörunum. Bilið á milli þess grundvallarverðs, sem ákveðið er á innlendum markaði, og þess verðs, sem fæst fyrir landbúnaðarvörurnar á útlendum markaði, þeim hluta, sem út þarf að flytja, hefur stöðugt farið vaxandi. Fyrir svona 10 árum fékkst nálægt 75% fyrir þær útflutningsafurðir, sem bezt gáfu, en þetta bil hefur stöðugt verið að breikka og áður en gengislækkunin var gerð, höfðu þessi hlutföll raunverulega snúizt við. Og þannig er komið nú, að þrátt fyrir gengislækkunina fer því svo fjarri, og ég kem aðeins nánar inn á það síðar, að lögmætar útflutningsbætur hrökkvi til þess, að endar nái saman. Og þó er þess að gæta, að fyrir atbeina bændasamtakanna og Framleiðsluráðs hefur það tekizt að draga stórkostlega úr útflutningi þeirrar vöru, sem erfiðust hefur verið í útflutningi, þ. e. a. s. mjólkurvaranna. Það er svo enn og það hefur löngum verið, að útflutningur sauðfjárafurða er þó miklu hagkvæmari en útflutningur mjólkurvaranna.

Það liggur nú fyrir, að á síðasta verðlagsári, þ. e. a. s. á verðlagsárinu 1967—1968, hafa bændur sjálfir formlega — það hefur verið gengið frá því nú þegar — tekið á sig tæpl. 50 millj. kr. lækkun frá hinu skráða verði á framleiðslu verðlagsársins 1967—1968. Og þó að það sé ekki algerlega fulluppgert fyrir þetta ár, er það þó sýnilegt, að því fer mjög fjarri, að það hafi verið komizt til botns í málinu. Því fer mjög fjarri. Og það hefur verið gerð áætlun. Það er erfitt að gera áætlanir í landbúnaði og auðvitað miklu erfiðara en t. d. í iðnaði, af því að tíðarfar grípur þar mjög inn í alveg eins og veðrátta og mismunandi afli getur gert við sjávarsíðuna. En samkv. þeim áætlunum, sem gerðar hafa verið, er ekki annað sjáanlegt en á því verðlagsári, sem nú stendur yfir, vanti svo mikið á, að grundvallarverð náist á þessu ári, að áætlaður gengishagnaður geri ekki betur en að brúa það bil eitt saman. Ég sagði áðan, að áætlunum um þetta efni væri að vísu ekki fyllilega að treysta, en ég get þó ekki ímyndað mér, að útkoman verði betri að því leyti, að minna vanti á en áætlunin gerir ráð fyrir. Ég get varla ímyndað mér það, þegar þess er gætt, sem mér er vel kunnugt um, að í þessari áætlun er gert ráð fyrir óbreyttri kjötsölu á innlendum markaði á þessu ári, óbreyttri frá því, sem var í fyrra. En því miður er það áreiðanlega of djarft að gera sér vonir um það. A. m. k. bendir allt til þess, sem vitað er um kjötsölu innanlands á síðustu vikum, að hún muni dragast saman. Það er svo komið hag þjóðarinnar nú, að hinir efnaminni verða að draga við sig kaup á þeim matvælum, sem talin hafa þó verið hingað til með þeim ágætustu, sem Íslendingar eiga völ á, og leita heldur fanga á þeim slóðum, sem hægt er að fá ódýrari tegundir matar. Og það er þannig um fleiri atriði varðandi undirbyggingu þessarar áætlunar, sem eru á þann veg, mér er vel kunnugt um það, þó að ég hirði ekki að rekja það nánar hér, – að þess er ekki að vænta, að útkoman verði betri. Þess er ekki að vænta, að minna vanti á, að grundvallarverð náist en áætlunin gerir ráð fyrir.

Ég vil enn benda á það, til frekari áréttingar, hversu þunglega horfir um, að landbúnaðurinn nái sínu tilskilda verði, hvað þá að þær tekjur fáist, sem framleiðsluráðslögin raunverulega gera ráð fyrir, sbr. ákvæðið um, að tekjur bænda skuli vera í sem nánustu samræmi við tekjur annarra vinnandi stétta. Ég vil enn fremur víkja að því, hvernig gengislækkun verkar fyrir íslenzka atvinnuvegi með mismunandi hætti eftir því, hversu mikinn hluta af framleiðslu sinni atvinnuvegirnir flytja úr landi. Því er haldið fram af hæstv. ríkisstj., að gengislækkunin hafi verið gerð fyrir atvinnuvegina og fyrst og fremst fyrir útflutningsatvinnuvegina og við skulum segja, að þetta sé rétt. Við skulum segja, að þeir hagnist á gengislækkuninni, vel að merkja, ef ekki heldur áfram sama þróunin og hér hefur átt sér stað á undanförnum árum. Og náttúrlega gerist ekki annað en það, sem gerðist hér í fyrra, er gengislækkun var gerð, að sama daginn var byrjað að safna í næstu gengislækkun. En við skulum nú sleppa því í þessu sambandi. En það er óhjákvæmilegt, þegar rætt er um landbúnaðinn og ráðstöfun gengishagnaðar til hans, að gera sér grein fyrir því, að landbúnaðurinn flytur ekki út nema lítinn hluta af sinni framleiðslu. Það er aðeins lítill hluti af hans framleiðslu, sem fær á sig verðhækkun vegna lækkunar á verðgildi íslenzkrar krónu, verðhækkun í íslenzkum krónum talið. En rekstrarvörur landbúnaðarins aftur á móti eru að langmestum hluta innfluttar og hljóta því að hækka gífurlega. Og verzlun með stærstu liðina af rekstrarvörum landbúnaðarins, eins og t. d. fóðurbæti, er þannig hagað, að innlendi kostnaðurinn er tiltölulega mjög lítill og verðhækkunin vegna gengislækkunar verður enn meiri hlutfallslega á því en á öðrum innflutningi, sem meiri innlendur kostnaður er á. Hún verður enn meiri.

Landbúnaðurinn hefur þess vegna ekki beinan hagnað af gengislækkuninni sjálfri sem slíkur, þegar á heildina er litið. Og ef þurft hefur að gera slíka harða ráðstöfun sem gengislækkunin er, til þess að rétta hluta annarra atvinnugreina í landinu, ef þess hefur þurft og ef það ber tilætlaðan árangur, hver verður þá hlutur landbúnaðarins eftir þær sviptingar, sem orðið hafa í efnahagslífinu, þegar öll kurl eru komin til grafar? Hann getur áreiðanlega ekki orðið góður. Og ég held, að það geti enginn haldið því fram, að staða landbúnaðarins nú, þegar gengislækkunin er gerð, hafi verið þannig, að hann geti tekið á sig byrðar á sama tíma og þarf að gera stórar ráðstafanir til þess að greiða fyrir öðrum atvinnurekstri. Ég held, að það geti engum dottið slíkt í hug.

Ég hef minnzt á skýrslu Hagstofunnar um tekjurnar. Við getum litið á almenna þætti eins og t. d. mannfjöldaþróunina í landinu. Hafa menn sótzt eftir því að fara inn í þessa atvinnugrein? Þróunin hefur ekki verið á þann hátt, heldur hefur fólkinu fækkað í sveitum, og menn hafa leitað á aðrar slóðir, þar sem betur hefur blásið. Og það má minna á það árferði, sem verið hefur í sumum héruðum og valdið þar mjög miklum erfiðleikum. Það liggja ekki fyrir tölur um skuldir landbúnaðarins, en það er verið að vinna að rannsókn á þeim málum. Tölur liggja ekki fyrir, en eigi að síður er það margt, sem liggur fyrir varðandi það mál, þó að heildarniðurstöður þeirrar rannsóknar séu ekki komnar. Það er vitað um miklu meiri vanskil en nokkru sinni

áður á greiðslum af föstum lánum. Og á einstökum landssvæðum er vitað um stórfellda skuldasöfnun. Og þegar litið er á þessar almennu staðreynd, held ég, að engum geti komið það til hugar, að íslenzkur landbúnaður og bændastéttin þoli að taka á sig byrðar, að landbúnaðurinn þoli það sem atvinnuvegur á sama tíma og gerðar eru róttækar ráðstafanir til þess að létta undir með öðrum atvinnuvegum, sem hafa þó búið þannig fram undir síðustu misseri a. m. k., að til þeirra hefur fólksstraumurinn legið, en frá landbúnaðinum.

Það heyrist að vísu oft um það talað, að landbúnaðarframleiðslan sé nú meiri en nota þarf innan lands, það sé sök bændanna sjálfra, og þeir geti þá sjálfir borið sínar byrðar, þegar útflutningsbætur þrýtur. En það er náttúrlega of langt mál að fara út í það, en ég vil þó árétta það, sem ég drap á áðan, að framleiðsla þeirrar vöru, sem óhagfelldust er til útflutnings, hefur minnkað fyrir tilstuðlan bændasamtakanna. Til viðbótar því vil ég einnig minna á það, að bændasamtökin hafa haft uppi ráðagerðir og leitað eftir því að fá aukið vald til handa Framleiðsluráði landbúnaðarins til þess að skipuleggja framleiðsluna á hagfelldan hátt, en það hefur ekki fengizt. Og ég vil nú einnig segja það, að íslenzkir bændur hafa lagt hart að sér við umbætur og með þeim árangri, að framleiðslan hefur vaxið þrátt fyrir það, þótt fólki hafi fækkað. Ég ætla ekkert að fara að afsaka það. En það hefur nú ekki verið til siðs hér í íslenzku þjóðfélagi, þó að misjafnlega hafi gengið í atvinnurekstri og jafnvel þó að mistök hafi átt sér stað í fjárfestingu, að refsa fyrir það.

Við leggjum það til, minni hl. landbn., að frv. verði samþ. með þeirri breytingu, að 1. gr. orðist alveg um og á þessa leið: „Fé það, sem kemur vegna útfluttra landbúnaðarafurða á reikning þann, sem um getur í 2. mgr. 4. gr. laga frá 12. nóvember 1968, um ráðstafanir vegna ákvörðunar Seðlabanka Íslands um nýtt gengi íslenzkrar krónu, skal nota til verðuppbóta á útfluttar landbúnaðarafurðir, til viðbótar því fé, sem greitt er samkv. 12.gr. laga nr. 101 1966, allt að því marki, að bændur fái greitt hið skráða verð fyrir framleiðsluna.

Landbrh. setur, að fenginni umsögn Framleiðsluráðs landbúnaðarins, nánari reglur um greiðslu fjárins."

Við lítum svo á, að þegar það blasir við, að stórkostleg vöntun verður, á síðasta verðlagsári, á því, að bændur nái hinu skráða verði, og þegar það einnig liggur fyrir, að ekki er annað sjáanlegt en sú vöntun verði jafnvel enn þá meiri á því verðlagsári, sem nú stendur yfir, þá sjáum við ekki, að með nokkru móti sé forsvaranlegt að ráðstafa hinum svo kallaða gengishagnaði af landbúnaðarvörum á annan hátt en þann, að hann komi beint í hendur framleiðendanna og að það verði á þann hátt stuðlað að því, að þeir nái hinu skráða verði. Okkur sýnist, að annað sé ekki viðhlítandi. Og ég vil aðeins að lokum láta þess getið, að enda þótt við höfum tekið inn í okkar till. „allt að því marki, að bændur fái greitt hið skráða verð fyrir framleiðsluna," þá teljum við, að því fari fjarri, að það mark náist.

Umr. frestað.

Á 30. fundi í Nd., 16. des., var frv. tekið til frh. 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 31. fundi í Nd., 17. des., var fram haldið 2. umr. um frv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Brtt. 162 felld með 20:13 atkv.

1. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.

2. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 26 shlj. atkv.

Á 32. fundi í Nd., 17. des., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. – Afbrigði leyfð og samþ. með 28 shlj. atkv.

Frsm. minni hl. (Vilhjálmur Hjálmarsson): Herra forseti. Ég hefði viljað freista þess að flytja brtt. um það eitt, að leita skuli álits Framleiðsluráðs, áður en reglur eru settar um meðferð þess fjár, sem 1. fjalla um og færa þannig ákvæði laganna til samræmis við það, sem er í frv. um sams konar ráðstafanir vegna sjávarútvegsins. En ég hef ekki haft tóm til að skrifa brtt. og vildi fara þess á leit við forseta, að hann frestaði málinu um stund.

Umr. frestað um stund.

Magnús Kjartansson: Herra forseti. Mér kom það dálítið á óvart áðan, hvað 2. umr. um þetta mál lauk með snöggum hætti; ég vissi ekki betur, þegar umr. var frestað um daginn, en að hér væru menn á mælendaskrá. Þeir virðast hafa fallið frá því að flytja ræður sínar. Ég hef haft hug á því að koma á framfæri örlítilli fsp., áður en málið færi frá okkur í þd. Einn nefndarmanna í meiri hl. landbn., hv. 5. þm. Vesturl., skrifar undir nál. með fyrirvara. Hv. þm. hefur hins vegar ekki gert neina grein fyrir því, hvað í fyrirvaranum felst. Mér er mikil forvitni á því að fá vitneskju um þetta. Og ég ber þá fsp. ekki fram að ástæðulausu; það er alkunnugt, að verið hefur verulegur ágreiningur milli stjórnarflokkanna um afstöðuna til landbúnaðarmála. Á flokksþingi Alþfl. í haust voru samþykkt eins konar skilyrði fyrir áframhaldandi stjórnarsamstarfi í 8 liðum, tveir þessara liða fjölluðu um landbúnaðarmál, og síðasti liðurinn var svo hljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Akvörðun um að breyta stefnunni í landbúnaðarmálum smám saman í það horf, að landbúnaðurinn framleiði fyrst og fremst fyrir innanlandsmarkað, þannig að útflutningsbætur sparist og sömuleiðis þeir núverandi styrkir, sem einkum hvetja til offramleiðslu."

Þegar þetta frv. kom fram frá hæstv. ríkisstj., minntust margir þess, að hliðstæð upphæð hafði í fyrra verið notuð til þess að auka útflutningsuppbætur. Og þegar þetta frv. kom fram, gerast þau tíðindi, að forystugrein birtist í Alþýðublaðinu, málgagni hv. 5. þm. Vesturl. Ég vil einnig leyfa mér að lesa upp þá forystugrein, hún er stutt, með leyfi hæstv. forseta. Hún er svo hljóðandi:

„Miklar birgðir eru nú til af landbúnaðarafurðum, aðallega kjöt, sem flytja á út. Við gengisbreytinguna hækkaði verðmæti þessara afurða í ísl. kr. verulega og skapaðist þar allmikill ágóði. Nú hefur verið flutt á þingi stjfrv. þess efnis, að gengisgróða þessum skuli ráðstafað í þágu landbúnaðarins, samkvæmt ákvörðun

landbrn. Þetta virðist harla einkennilegt frv. Hafa menn gleymt því, að ríkissjóður verður að greiða mörg hundruð millj. kr. með þessari útflutningsvöru? Er ætlunin, að ríkið haldi áfram að greiða útflutningsuppbætur, en að landbúnaðurinn eigi að taka til sín gengisgróðann? Heilbrigð skynsemi virðist benda til þess, að auðvitað eigi útflutningsuppbætur að lækka sem nemur gengisgróðanum."

Þetta er sú stefna, sem mörkuð var í Alþýðublaðinu gagnstæð tilgangi þessa frv. Og því vil ég spyrja hv. þm. Benedikt Gröndal, hvort það felist í fyrirvara hans, að hann hafi fengið tryggingu fyrir því, að þessari upphæð verði varið á þennan hátt.

Benedikt Gröndal: Herra forseti. Fyrirvari minn var um það, hvernig staðið yrði að ákvörðun um, hvað gert yrði við það fé, sem frv. fjallar um. Ég hef verið fullvissaður um, að hæstv. landbrh. hafi fallizt á, að um málið verði fjallað í ríkisstj. í heild. Eftir að ég hef fengið þá fullvissu, styð ég þetta frv. óbreytt.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Ég er nú feginn því, að fyrirvari hv. þm. byggist aðeins á þessu atriði, vegna þess, að það er ekkert nýtt, að alltaf þegar um meiri háttar mál er að ræða, þá er það venja í núv. ríkisstj., að ríkisstj. öll fjalli um þau. Að sjálfsögðu gerir sá ráðh. till. um málin, sem málin heyra undir, þannig var það einnig með gengishagnaðinn í fyrra, og ég get látið hv. fyrirspyrjanda vita af því, að um þetta mál hefur, enn sem komið er, ekki komið ágreiningur í ríkisstj.

Magnús Kjartansson: Herra forseti. Ég er ekki miklu nær eftir þetta svar frá hv. 5. þm. Vesturl. Það, sem máli skipti í þessu sambandi er, hvernig upphæðinni verður varið. Þetta eru 150 millj. kr., og ég tel, að alþm. eigi heimtingu á að fá að vita, hvernig ætlunin er að verja þessum fjármunum. Blað hv. þm. hefur borið fram þá kröfu, að upphæðin verði notuð til þess að lækka greiðslur ríkissjóðs í útflutningsuppbætur. Mér skilst, að stefna hæstv. landbrh. sé þveröfug, hann ætlist til þess, að útflutningsuppbæturnar verði auknar sem nemur þessari upphæð. Hæstv. ráðh. virtist telja, að í þessum fyrirvara þm. fælist ekkert nýtt, að hann hefði vald til þess að fara með þetta mál, eins og hann hefur gert áður. Á síðasta ári beitti hann því valdi til þess að auka útflutningsuppbæturnar, og því vil ég mjög eindregið mælast til þess að fá að vita það, hvort hæstv. landbrh. ætlar að ráðstafa þessu fé á þennan hátt og hvort hæstv. viðskmrh. er búinn að fallast á þá meðferð, eða hvort hæstv. landbrh. er e. t. v. reiðubúinn til þess, að fara að framkvæma stefnu hæstv. viðskmrh. Þessir tveir ágætu ráðh. hafa að undanförnu lýst stefnumiðum í landbúnaðarmálum á næsta gagnstæðan hátt. Þeir hafa hins vegar aldrei fengizt til þess að ræðast við, svo að aðrir menn fengju að heyra. Hæstv. viðskmrh. talar venjulega um landbúnaðarmál yfir kaupsýslumönnum í Reykjavík. Og þegar sjónvarpið er forvitið, eftir slík ummæli, og kallar á hæstv. landbrh., þá er andstæðingur hans ekki hæstv. viðskmrh., heldur tveir blaðamenn. Þetta virðist vera eitthvert feimnismál hjá hæstv. ríkisstj., en ég tel, að það sé skylda hennar að láta alþm. vita, hvernig ætlunin er að verja þessum 150 millj. kr.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 28 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 30. fundi í Ed., 18. des., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 33. fundi í Ed., 18. des., var frv. aftur tekið til 1. umr.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Frv. þetta hefur fengið afgreiðslu í Nd. óbreytt, enda þótt brtt. hafi komið fram frá hv. minni hl. landbn., en minni hl. lagði til, að það væri skýrt ákveðið, að gengishagnaði af útfluttum landbúnaðarvörum verði ráðstafað til útflutningsuppbóta, að því marki, að bændur fengju fullt grundvallarverð. Þannig var gengishagnaðinum varið frá síðasta ári. Hann fór til útflutningsuppbóta. Enn hefur ekkert verið ákveðið, hvort svo skuli gert í þetta sinn. Og ef ég ætti að svara því í dag, hvaða tillögu ég mundi gera í þessu efni, þá liggur það ekki fyrir. Hitt er svo ekki nokkrum vafa bundið, að þessum gengishagnaði verður ráðstafað til hagsbóta fyrir landbúnaðinn og að með þessum frumvarpsflutningi er verið að gera ráðstafanir til þess, að landbúnaðurinn geti fengið þetta fé, sem áætlað er að geti numið að þessu sinni 150 milljónum eða kannske meira, en við síðustu gengisbreytingu nam þessi hagnaður 45 millj.

Ég tel eðlilegt að keppa að því, að þetta frv. verði að lögum nú fyrir jólin, til þess að það sé tilbúin löggjöf jafnvel fyrir jól. Framleiðsluráð landbúnaðarins sendi landbn. Nd. bréf, þar sem lagt var til, að gengishagnaðinum yrði ráðstafað að fengnum tillögum framleiðsluráðsins. En við 1. umr. málsins í Nd. hafði ég tekið það fram, að ég mundi ræða við stjórn Stéttarsambands bænda og Framleiðsluráð um þetta mál. Það mun hafa verið þess vegna, sem ekki þótti taka því að flytja brtt. við frv., því að þótt þetta hefði verið tekið inn að ósk Framleiðsluráðs, var það ekkert bindandi um ráðstöfun fjárins, heldur aðeins ábending. Nú er það vitað, að bæði Framleiðsluráð og stjórn Stéttarsambands bænda hefur alltaf tækifæri til þess að koma tillögum sínum á framfæri og þess vegna engin þörf á því að taka það í lög. En það verður svo ríkisstjórnarinnar að ákveða endanlega um það, að nákvæmlega athuguðu máli, hvernig þessu verður varið, og mun ég á sínum tíma gera tillögur um það í ríkisstj. Þetta eru allmiklir peningar, sem munu koma landbúnaðinum að góðu gagni. Enginn er út af fyrir sig hrifinn af gengisbreytingu. En gengisbreytingin að þessu sinni mun gera útflutning landbúnaðarvara mun auðveldari en áður. Þannig er það nú, að það mun fást allt að 80% af verðmæti sauðfjárafurða á erlendum markaði, miðað við innanlandsverð, en var fyrir gengisbreytinguna innan við 50%. Þó er það enn svo, að ullin er í mjög lágu verði, og ef ullin kæmist aftur í normalverð, gæti

það orðið allt að 85% af innanlandsverðinu, sem fengist fyrir útfluttar sauðfjárafurðir. Þetta hlýtur að gefa vonir um það, að sauðfjárframleiðslan, út af fyrir sig, eigi miklu betri og meiri möguleika en var fyrir gengisbreytinguna og að það verða minni vandræði að koma sauðfjárafurðunum í fullt verð en annars hefði orðið. Aftur á móti er það enn svo með mjólkurafurðir, að það er innan við 50%, sem fæst fyrir mjólkurafurðirnar á útlendum markaði miðað við innanlandsverð, og er þess vegna enn mjög óhagstætt að flytja út mjólkurafurðir. En það er víst ekki ástæða til þess að kvíða því nú í bili a. m. k., að við þurfum að flytja út mikið af mjólkurafurðum, miðað við mjólkurframleiðsluna eins og hún er í dag, því að í haust höfum við orðið að flytja mjólk norðan úr landi, og smjörframleiðsla er sem sagt engin í haust, og þess vegna er það, að það er ekki hægt um sinn að tala um offramleiðslu á mjólk. Það hefur hins vegar hvarflað að mér, að einmitt nú geti verið komið að því, að það verði út af fyrir sig miklum vandkvæðum bundið að tryggja þéttbýlinu nægilega neyzlumjólk. En það er mál út af fyrir sig og ekki ástæða til þess að ræða sérstaklega í sambandi við þetta frv.

Ég vil, herra forseti, vegna þess hvernig á stendur, ekki lengja þessar umræður, en legg til, að málinu verði vísað til 2. umr. og hv. landbn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til landbn. með 15 shlj. atkv.

Á 36. fundi í Ed., 19. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 122, n. 206 og 207).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 16 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Steinþór Gestsson): Herra forseti. Landbn. Ed. hefur haft til athugunar frv. það, sem hér liggur fyrir til umr. Eins og nál. meiri hl. á þskj. 206 ber með sér, gat n. ekki orðið sammála um afgreiðslu þess, og ber minni hl. n. fram brtt. við frv., eins og fram kemur á þskj. 207.

Þegar gengi íslenzkrar krónu var breytt á árinu 1967, var borið fram og samþ. frv. um ráðstafanir á gengishagnaði vegna útflutningsafurða landbúnaðarins, og var það mjög samhljóða því frv., sem hér er rætt. Um framkvæmd þeirra laga hefur ekki verið deilt, svo ég viti til, og má því ætla, að óþarfi væri að hafa annan hátt á um meðferð þessara mála nú en þá var viðhöfð. Við, sem stöndum að nál. meiri hl., lítum svo á, að ekki sé ástæða til að gera þá breytingu á l., sem minni hl. leggur til, bæði vegna þeirrar reynslu, sem fékkst við samskonar aðstæður fyrir einu ári og ég gat um áðan, svo og vegna þess, að vitað er, að Framleiðsluráð landbúnaðarins hefur aðstöðu til að koma till. sínum á framfæri við hæstv. landbrh., og mundi því sú brtt., sem minni hl. hyggst koma fram, engu breyta um framkvæmd laganna. Í frv. er afdráttarlaust kveðið á um það, að því fé, sem ráðstafa skal eftir þessu frv., skuli varið í þágu landbúnaðarins. Hæstv. landbrh. lýsti því yfir við fyrstu umr. um frv. í hv. Nd., að það yrði vandlega skoðað, með hverjum hætti það kæmi landbúnaðinum bezt að notum. Þessi yfirlýsing er mjög mikilvæg, svo og það, að stjórn Stéttarsambands bænda hyggst ræða þetta mál við hæstv. landbrh., eins og hann upplýsti við 1. umr. um þetta frv.

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um frv. í heild eða einstök efnisatriði þess, en vil skírskota til fyrri reynslu á samhljóða frv., sem samþ. var fyrir einu ári, og meiri hl. n. leggur því til, að frv. verði samþ. óbreytt.

Frsm. minni hl. (Ásgeir Bjarnason): Herra forseti. Eins og fram kom hjá hv. frsm. meiri hl. landbn., þá var landbn. ekki á eitt sátt í þessu máli. Við 3 nm. flytjum hér brtt., það eru auk mín hv. 2. þm. Austf. og hv. 6. þm. Sunnl., en eins og þegar er fram komið, þá fjallar þetta frv. um ráðstafanir í landbúnaði í sambandi við þá gengisbreytingu, sem átti sér stað fyrir rúmum mánuði síðan.

Það er með landbúnaðinn eins og aðra atvinnuvegi, að hann hagnast ekki á gengisfellingunni. Útflutningur landbúnaðarvara hefur yfirleitt verið lítill þar til nú síðustu árin, að hann hefur aukizt nokkuð, en hins vegar hefur verðlagið farið heldur lækkandi á erlendum markaði samhliða því, að við höfum þurft að fá mun hærra verð fyrir okkar afurðir hérna innanlands, sakir þess hvað allur framleiðslukostnaður hefur hækkað mikið í verði. Það er líka vitað mál, að rekstrarkostnaður allur stórhækkar nú eftir gengisbreytinguna. Fóðurbætir og áburður kemur hvort tveggja til með að hækka um 50% og þótt benda megi á, að eitthvað komi þar á móti í hækkuðu verði á útlendum landbúnaðarvörum, þá verða þær ekki til að brúa það bil, sem er á milli hækkunar innanlands og þess, sem bændur þurfa að fá fyrir sínar vörur. Það er vitað mál, að framleiðslukostnaður á osti hækkar t. d. um 17 kr. nú eftir þessa gengisbreytingu, en verðhækkun á hverju kílói, sem kemur á móti, er aðeins 12,00 kr. Það er líka vitað mál, að allar vélar og tæki til landbúnaðarins hafa stórhækkað nú um eins árs skeið, og hygg ég, að sú hækkun, sem er frá því í fyrra í október, sé í það minnsta 80%. Þetta eru að verða það gífurlegar hækkanir á kostnaði við vélakaup, að bændur sjá varla fram á, hvernig þeir halda við vélakosti sínum með þeirri dýrtíð, sem orðin er í landinu. Samhliða þessu þá er það vitað mál, að ef tekið er árið 1967, þá hafa bændur ekki haft meiri meðaltekjur en tæpar 100 þús. kr., samkvæmt því sem Hagstofa Íslands upplýsir, en þeim bar samkv. verðlagsgrundvelli að hafa því sem næst 200 þús. kr. í árstekjur. Þeir hafa því orðið að taka meginhlutann af framleiðslukostnaðaraukningunni yfir á sínar eigin herðar og brúa bilið af eigin kaupi, sem þeim bar að nota til heimilisþarfa. Þar af leiðandi hafa bændur orðið lang-tekjulægsta stétt þjóðarinnar nú, eins og raunar oft áður, þó að ekki hafi orðið í jafnríkum mæli og hér hefur orðið. Það verður því að spyrna við fótum, ef vel á að fara um landbúnaðinn í framtíðinni. Þetta frv. felur það í sér að ráðstafa fjármagni, sem við flm. þessarar brtt., sem er á þskj. 207, leggjum til, að verði fyrst og fremst varið til þess, að bændur nái því grundvallarverði, sem þeim er ætlað að

fá út úr búvöruverðinu. Það er ekki hægt að ætlast til þess, að bændur lifi á jafnlágum tekjum og raun ber vitni um, að þeir hafi gert árið 1967. Það er því brýn nauðsyn á að nota þann gengishagnað, sem til fellur í þetta sinn, til að brúa það bil, sem er á milli þess, sem bændur fá fyrir framleiðsluvörur sínar, og hins, sem þeim ber að fá samkvæmt verðlagsúrskurði hverju sinni. Þá gerir okkar brtt. einnig ráð fyrir, að landbrh. setji reglur um afgreiðslu þess fjár, sem til ráðstöfunar kann að verða umfram það, sem fer til þess, að skráð verð *fáist fyrir útfluttar landbúnaðarafurðir, en leita* skal hann þó umsagnar Framleiðsluráðs landbúnaðarins um það, hvernig þessu fé skuli varið, því að Framleiðsluráð landbúnaðarins er þessum málum þaulkunnugt og veit því betur en aðrir, hvernig hyggilegast er að verja slíkum fjármunum hverju sinni. Ég vænti því þess, að brtt. verði samþ., svo að við vitum í meginatriðum, hvernig því fjármagni verði varið, sem frv. fjallar um.

Jón Þorsteinsson: Herra forseti. Ég skal fúslega viðurkenna það, að ég átta mig ekki á nauðsyn þess að ráðstafa gengishagnaði af birgðum landbúnaðarvara á þann hátt, sem hér er gert ráð fyrir og einnig er kveðið á um í nýsamþykktum lögum um ráðstafanir vegna ákvörðunar Seðlabanka Íslands um nýtt gengi íslenzkrar krónu, en í 4. gr., 2. málsgr. þeirra laga segir svo, með leyfi hæstv. forseta: „Mismunur andvirðis skilaðs gjaldeyris á eldra gengi og andvirðis hans á hinu nýja gengi samkv. 1. málsgr. skal færður á sérstakan reikning á nafni ríkissjóðs í Seðlabankanum. Fé sem á reikninginn kemur, skal ráðstafa með sérstökum l. í þágu þeirra atvinnuvega, sem eiga viðkomandi afurðaverðmæti.“ Og ég held, að það sé út af fyrir sig enginn ágreiningur um það, að landbúnaðurinn á að njóta þess gengishagnaðar, sem þarna myndast. En hinu átta ég mig ekki á, hvers vegna nauðsynlegt sé að fara með þetta, í þessum lögum um ráðstafanir vegna ákvörðunar Seðlabanka Íslands um gengi íslenzkrar krónu, á hliðstæðan hátt og sjávarútveginn, því að ég tel, að þarna sé nokkur skilsmunur á. Það er mjög eðlilegt, að ríkið taki til sín gengishagnað af birgðum sjávarafurða og ráðstafi þeim svo aftur síðan til sjávarútvegsins á einhvern hátt, því að ef þetta væri ekki gert í sjávarútveginum, mundu sumir framleiðendur, sem væru svo heppnir að eiga vörubirgðir, fá mikinn gengishagnað, en aðrir fengju ekki neitt.

Í landbúnaðinum held ég, að þetta gegni öðru máli, þar eru í raun og veru birgðirnar, ef svo má segja, sameign bændastéttarinnar í landinu. Þar er ekki nema um einn útflutningsaðila að ræða, þannig að þetta er þar miklu einfaldara, og ég tel, að það hefði átt, þó það sé nú kannske of seint sagt nú, að fara með þetta alveg á hliðstæðan hátt og ef það hefði skeð, að engin gengisbreyting hefði átt sér stað, en útfluttar landbúnaðarvörur hefðu skyndilega hækkað mjög mikið í verði á erlendum markaði, þannig að þessi gengishagnaður hefði fyrst og fremst átt að koma inn í dæmi framleiðsluársins 1968—1969. Og þá var vitanlega fyrir fram, held ég, erfitt að segja, hvernig þetta kom út. Í fyrsta lagi mundi þá þessi gengishagnaður, þessi hækkun á verðinu í íslenzkum krónum, hafa leitt til þess, að bændur losnuðu við það tap, sem þeir verða að bera sjálfir, ef 10% uppbæturnar duga ekki til, eða þeir hefðu losnað alveg við það, eða það hefði minnkað; eða þá að þessi gengishagnaður hefði orðið meiri en til þess að jafna þetta tap, þá hefði lækkað framlag ríkisins, og þá hefði ríkið ekki þurft að greiða full 10% í uppbætur. Ég hefði talið mjög eðlilegt, að þannig hefði verið að þessu staðið.

En sú varð nú ekki raunin á, og með þessum l., sem ég vitna hér til, var ákveðið, að þetta skyldi fært á sérstakan reikning, og nú kemur sá vandi, hvernig á að ráðstafa þessu, og í því frv., sem hér liggur fyrir, er svo fyrir mælt, að þessu skuli ráðstafað í þágu landbúnaðarins samkv. ákvörðun landbrn. Annað segir hér ekki um þetta.

Ég vil taka það fram sem mína skoðun, að ég tel almennt óheppilegt, að það sé raunverulega verið að greiða hærri uppbætur en 10%, eða greiða þar viðbótarfé af sérstökum reikningum. Og það álít ég líka m. a. með tilliti til þess, að ég tel, að allar hækkanir á rekstrarvörum og útgjöldum bænda, sem leiða af gengisfellingunni, muni smátt og smátt koma inn í búvörugrundvöllinn og gefa þeim hærra afurðaverð í staðinn, þegar fram líða stundir. En eins og t. d. þessi brtt. við frv. er orðuð, þá er berum orðum sagt, að þennan afgang skuli nota til að greiða verðuppbætur á útfluttar landbúnaðarafurðir til viðbótar því fé, sem greitt er skv. 12. gr. l. nr. 101/1966 allt að því marki, að bændur fái greitt hið skráða verð fyrir framleiðsluna. Nú er ekkert tekið fram um það nánar í þessari till., við hvaða framleiðsluár er átt, hvort flm. þessarar tillögu meini það þannig, að ef orðið hefur halli á þessu, eins og sjálfsagt hefur orðið á framleiðsluárinu 1967—1968, þá megi með þessum peningum greiða upp í þann halla, eða hvort þetta sé halli yfirstandandi árs, ef hann verður, eða jafnvel næsta framleiðsluárs, þannig að ég sé ekki, að þarna séu nein skýr ákvæði í því efni, þetta er svo almennt orðað. Én ég skal játa það, að úr því að þessi gengishagnaður var tekinn á sérreikning og síðar á að ráðstafa honum sérstaklega eftir ákvörðun landbrh., sé í raun og veru ekki hægt að vita það í dag, eða gera sér örugga grein fyrir því, hvernig sú ráðstöfun að lokum verður. En ég tel þó, að úr því að þetta var ekki reiknað beint inn í dæmi yfirstandandi framleiðsluárs, þá eigi einna sízt að nota þetta til þess að greiða tillag til bænda umfram þessi 10%, sem ríkið borgar, og sem bændur eiga að vita, að samkvæmt framleiðsluráðslögunum er hámark þess, sem þeir geta fengið frá ríkinu. Ég mun að vísu samþykkja þetta frv. eins og það liggur fyrir óbreytt, í trausti þess að hæstv. ríkisstj. og hæstv. landbrh. finni sanngjarna lausn á því, hvernig á að deila þessu fé út, en ég vildi sérstaklega leyfa mér að benda á eitt atriði, en það er hið mikla gengistap stofnlánadeildar landbúnaðarins, og ég teldi skynsamlegt, að einhverju af þessum fjármunum væri, úr því sem komið er, varið til þess að bæta það gengistap.

Ég vil svo að lyktum aðeins gera smáathugasemd við það, sem formælandi minni hl. landbn. sagði hér áðan, hv. 1. þm. Vesturl., þegar hann var að tala um tekjur bænda á árinu 1967, hversu langt þær hefðu verið undir því kaupi, sem bóndanum bæri samkvæmt grundvellinum. Það er alveg rétt, að tekjur bænda voru alllangt

frá því. Að vísu má ærið mikið segja um þessa útreikninga og úrtöku Hagstofunnar á tekjum bænda, sem ég skal ekki fara út í hér, en ég tel, að þessi hv. þm., þegar hann talar um þessi mál, gleymi alltaf einu atriði, sem er sleppt niður, en það er það, að í gamla búvörugrundvellinum, þ. e. '66 og '67 og eldri, var reiknað með því, að bændur hefðu atvinnutekjur utan bús, og þessi fjárhæð þessara tekna var um 10 þús. kr. á ári. En það kemur fram í úrtökum Hagstofunnar, að þessi liður var hærri en gert var ráð fyrir í grundvellinum, hann var 19 þús. kr. og er venjulega talinn vera í úrtaki Hagstofunnar utan við tekjur bóndans af landbúnaði, en samt sem áður á að taka þennan lið með, þegar hann er borinn saman við ætlaðar tekjur bóndans, sem sagt búvörugrundvöllinn, og þarna er alltaf sleppt um 19 þús. kr. fjárhæð, þegar verið er að bera þetta saman.

Frsm. minni hl. (Ásgeir Bjarnason): Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð út af ummælum hv. 3. landsk. þm., sem mér finnst ekki vera beint ástæða til að deila neitt við, en hins vegar finnst mér breyt. á þeim hv. þm. frá því hann fyrst fór að ræða landbúnaðarmál í Alþ. vera mikil og það til bóta. Ég vil líka þakka honum það, að hann reyndist mikið betur en margir bjuggust við í þeim verðlagsúrskurði, sem felldur var á s.l. hausti um búvöruverð til bænda. Ég held því, að hugur hans til landbúnaðarins standi mikið betur en maður bjóst við í fyrstu og hann kannske vill vera láta í dag. En hvað um það, hann þarf nú, enn sem fyrr, að halda sig ofurlítið við sama heygarðshornið meðan eitthvað er eftir á stabbanum og var hann að reyna að bera í bætifláka fyrir það, að við úrtakið, sem Hagstofa Íslands hafði gert á tekjum bænda fyrir árið 1967, væri ýmislegt að athuga. Það má vel vera. Sjálfsagt má leggja þessi mál fyrir á ýmsa vegu. En ég held þó, að þar sé ekki um svo mikinn mismun að ræða, hvort inn í þær tekjur bænda væru teknar 10 eða 20 þús. kr., þegar þeir áttu að hafa um 200 þús. kr. í tekjur, samkv. því verðlagi, sem var á búvörunum, en fengu aðeins 92 eða 93 þús., þannig að ef það hefði verið tekið með í reikninginn, þá hefði það aldrei komizt hærra en í 110 þús. kr., það er algjört hámark. Þarna vantar því allmarga tugi króna á það, að bændur fengju það verðlag, sem þeim bar. Svo er það annað, sem hv. þm. minntist á, er hann gat þess, að ef það hefði orðið verðhækkun erlendis á íslenzkum landbúnaðarvörum, þá ætti það vitanlega að koma beint inn í verðlagið til bænda. Hann sagði, að sér hefði eiginlega fundizt, að það væri óþarfi að vera að gera ráð fyrir, hvernig gengishagnaði væri varið, því að hann ætti að koma fram á svipaðan hátt. Í þessu er ég honum sammála, og í raun og veru fjallar þetta frv. og okkar brtt. þremenninganna alveg um það, að gengishagnaðurinn, sem kann að verða af útfluttum landbúnaðarvörum, komi inn í verðlagið og verði til þess að tryggja bændum grundvallarverð, svo þeir komist í það minnsta nær því en þeir mundu annars komast.

Þá minntist hv. þm. á það, að það kæmi ekki fram í brtt. okkar eða nál., við hvort árið við ættum, þegar brúa ætti bilið í verðlagsmálum, hvort það væri 1967—68 eða 1968—69. Frá mínum sjónarhóli skiptir þetta kannske ekki höfuðmáli, en það, sem vitað er í dag er, að bændur vantar um 130 millj. kr. á það, að verðlagsárið 1967—68 skili sér, það er vitað mál. Og það hefur verið hald manna til þessa, að því er varðar verðlagsárið 1968—69, að það muni vanta allmiklu hærri upphæð á það, að landbúnaðarframleiðslan skili því verðmæti til bænda, sem verðlagsúrskurður hv. landsk. þm. gerði ráð fyrir. Þannig að ég hygg, að þó að allur gengishagnaðurinn verði notaður til að brúa verðlagið á yfirstandandi ári og hinu sleppt, þá komi til með að vanta nokkuð á, að bændur beri úr býtum það, sem úrskurður yfirn. gerði ráð fyrir á s. l. hausti. Því miður standa dæmin svona, en ég er hv. þm. sammála um það, að það ber að greiða úr því misræmi, sem skapast, þegar um er að ræða lán, eins og hjá stofnlánadeildinni, með gengisáhættu. Ég er honum þakklátur fyrir það, ef hugur hans stendur til þess að sýna lit á því, að slíkum mismun verði komið yfir á breiðara bak, og skal ég styðja hann í því að flytja till. hér á þingi um að svo verði gert, en ég hygg, að það verði ekki hægt að taka neina fjármuni af gengishagnaði í því skyni, þótt æskilegt hefði verið.

Jón Þorsteinsson: Herra forseti. Ég vil leyfa mér að þakka hv. 1. þm. Vesturl. fögur orð um, að ég væri batnandi maður í landbúnaðarmálum og að ég hefði nú allt aðrar og betri skoðanir, að hans dómi, á þessum málum en fyrst þegar ég kom á þing. Ég held þó, að ég verði nú samt sem áður að lýsa því yfir, að þessi fögnuður hv. þm. eigi ekki alls kostar við rök að styðjast að því leyti til, að ég held, að mínar skoðanir á landbúnaðarmálum séu í grundvallaratriðum mjög svipaðar og þegar ég kom á þing. Hins vegar höfum við hv. 1. þm. Vesturl. átt hér saman sæti í landbn. Ed. í 9 ár, og við höfum þess vegna oft talað saman um landbúnaðarmál og kannske kynnzt skoðunum hvors annars betur. Og ég held, að hv. 1. þm. skilji miklu betur mínar skoðanir nú en þá, en ekki það, að þær séu eitthvað mjög breyttar.

Það er auðvitað alveg ljóst af lögum um Framleiðsluráð, að ekki er að hægt að tryggja bændur — og er ekki meiningin — með búvörugrundvöllinn, hvort sem um hann er samið í Sexmannanefnd eða hann er dæmdur af yfirnefnd, gegn tapi af völdum offramleiðslu. Hins vegar eiga bændur — þeir þekkja þessi mörk — að reyna að halda sig innan þeirra, og þá ekki sízt ættu forystumenn í landbúnaðinum að leiðbeina þeim um það, en á það hefur mikið skort, því að venjulega hafa þessir forystumenn bændanna predikað það, að þetta væri nú að lagast og þetta væri að breytast, þó að þetta hafi nú verið að nálgast þessi 10% mörk eða jafnvel farið umfram þau, þá sé þetta algjör undantekning og hjólið færi að snúast í hina áttina. Því miður hafa þessar leiðbeiningar bændaforingjanna átt við lítil rök að styðjast.

Það, sem ég var að reyna að skýra hér í minni fyrri ræðu, var, hvernig hefði átt að fara með þennan gengishagnað af búvörunni, sem á að flytja út, og setja þetta eingöngu inn í dæmið um framleiðslu ársins 1968—1969. Nú segir hv. 1. þm. Vesturl., að það sé fyrirsjáanlegt, að þarna verði tap á þessu hjá bændum, vegna þess að framleiðslan sé það mikil, að þessar 10% uppbætur dugi ekki til. Þetta kann að vera rétt, ég þori ekki að fullyrða þessa hluti. Ég er hins vegar þeirrar

skoðunar, að um þessa hluti sé ákaflega erfitt að segja nokkuð fyrirfram. Ég held, að það sé ekki fyrr en framleiðsluárið er að verða búið, sem maður getur reiknað þetta dæmi til fulls og komizt til botns í því. Munurinn á mínu sjónarmiði og hans sjónarmiði í þessu er, að ef þetta gengur inn í dæmi framleiðsluársins 1968—69 og ef það sýnir sig, að þessi gengishagnaður, eða hvað maður kallar þetta, gerir meira en að losa bændurna undan því að þurfa að bera þetta sjálfir, vegna þess að 10% uppbæturnar hrökkva ekki til, gengishagnaðurinn borgar þetta allt og það er afgangur, þá meina ég, að afgangurinn eigi að koma fram í því, að ríkið borgi minna en 10%. En hv. þm. vill þá, að þessi afgangur sé notaður til að borga það, sem á vantaði á síðasta framleiðsluári eða framleiðsluárinu þar á undan, þetta er í raun og veru, að mér skilst, það sem skilur á milli okkar. En málin þróuðust nú ekki á þennan veg, eins og ég gat um áðan, því að það var ákveðið að setja þennan gengishagnað á sérstakan reikning og ráðstafa honum í þágu landbúnaðarins. Ég er alveg sammála því, að þessu sé ráðstafað í þágu landbúnaðarins, en ég hef nokkuð aðrar skoðanir en hv. 1. þm. Vesturl. um það, úr því sem komið er, á hvern hátt þessu fé verði bezt ráðstafað í þágu landbúnaðarins.

Frsm. minni hl. (Ásgeir Bjarnason): Herra forseti. Það voru aðeins nokkur orð, sem ég vildi segja út af ræðu hv. 3. landsk. þm. Ég skal ekki deila við hann um það nú, að hann hafi hug á því að vilja lækka útflutningsuppbætur, það vildum við kannske allir, en ég hygg, að við viljum í það minnsta flestir líka, að bændurnir fái þau laun, sem þeim ber, og að þeir fái út úr verðlaginu það, sem verðlagsgrundvöllur gerir ráð fyrir hverju sinni. Það, sem hv. þm. deildi á, var það, að bændasamtökin og forystumenn bænda hefðu ekki gert neitt til þess að breyta um í búnaðarháttum, þegar sýnt var, að 10% af heildarverðmæti framleiðslunnar dugði ekki fyrir útflutningsuppbótum. Það er nú svo, að ég held, að ýmsar áætlanir, sem gerðar hafa verið hér á landi undanfarið, hafi ekki staðizt. Og ég býst við því, að 1960 og 1961 hafi kannske ekki margir búizt við því, að það mundi líða fljótlega að því, að þessi 10% dygðu ekki til þess að bæta upp mismuninn á því verðmæti, sem við bændur fáum fyrir okkar útflutningsvörur og því, sem okkur ber. En meginorsökin í því, að þetta hefur farið á þennan veg er ekki framleiðsluaukningin, heldur dýrtíðaraukningin. Við þann vanda hefur bændastéttin því miður ekki ráðið. Hins vegar held ég, að það sé óhætt að fullyrða það, að forystumenn bænda hafi gert allt, sem þeir hafa getað, til þess að takmarka framleiðsluna eins og unnt er, svo að ekki þyrfti framleiðsluaukningin að verða til þess, að verðlagið skilaði sér ekki í hendur bændanna. Og ég veit, að það er unnið að þessu á sviði landbúnaðarins hjá félagasamtökum bændastéttarinnar, og ég vænti þess áður en langir tímar líða, að það muni ekki á þeim standa í þessum efnum, ef hinn þáttur málsins, sem er miklu sterkari í þessu öllu, þ. e. a. s. dýrtíðarskrúfan, yrði tekin sömu tökum.

Jón Þorsteinsson: Herra forseti. Ég er nú hv. 1. þm. Vesturl. ekki sammála um það, að það sé nú fyrst og fremst dýrtíðin, sem hafi valdið þessu, að bændur þurfi að flytja út landbúnaðarvörur, heldur sé það fyrst og fremst of mikil framleiðsla, og það er rétt að undirstrika það í þessu sambandi, að á undanförnum árum, það hefur verið kannske svolítið misjafnt, en það má segja almennt hefur það nú verið svo, að verið hafa mjög miklar niðurgreiðslur hér innanlands á verði landbúnaðarafurða, og þetta hefur leitt til þess, að neyzlan hér innanlands hefur verið í algjöru hámarki og ekki taldar neinar líkur á því, að það sé hægt að auka innanlandsneyzluna á mann í framtíðinni, þvert á móti má jafnvel búast við, að þróunin verði gagnstæð. Ég vil líka benda á það, að fyrir nokkrum árum síðan, ég man það nú ekki, hvað það var langt síðan, en það eru um 3—4 ár, var skipuð sérstök sex manna nefnd af Stéttarsambandinu og Framleiðsluráði til þess að marka framtíðarstefnuna í landbúnaðarmálum, og m. a. sérstaklega taka afstöðu til þess, hvort íslenzkur landbúnaður ætti fyrst og fremst að framleiða fyrir innanlandsmarkað, eða hvort það ætti verulega að hugsa um útflutning. Nú, þeir fóru til útlanda og söfnuðu einhverjum skýrslum um það, hvaða uppbætur og styrki landbúnaðurinn fengi hér í nágrannalöndunum og birtu þetta í landbúnaðarritunum hér. Síðan hefur þessi n. ekkert gert, það hefur ekkert frá henni heyrzt, og þessi n. hefur algjörlega vanrækt sitt starf. Af því að hv. 1. þm. Vesturl. er nú áhrifamaður í samtökum bænda, þá vildi ég nú mælast til þess við hann, að hann ýtti nú við þessari n., svo að hún færi að skila áliti. Það er mál til komið.

Jón Árm. Héðinsson: Herra forseti. Þó hér séu nú orðnar langar umræður og nokkuð skemmtilegar, þá vil ég aðeins gera eina aths. við síðustu orð hv. 1. þm. Vesturl. vegna þess, að hann sagði, að dýrtíðaraukningin væri aðalorsökin í erfiðleikunum við útflutningana. Það er ekki langt síðan, að ég hlustaði á ágætt erindi í búnaðarþættinum, ég man nú ekki eftir hvaða ráðunaut það var, ég held Agnar Guðnason, en þar rakti hann erfiðleikana á útflutningi á dilkakjöti til Bretlands í mjög góðu erindi, sem ætti sannarlega að birtast víðar, en hann drap einmitt á orsökina. Brezkur landbúnaður er rekinn, að því er hann sagði, með allt að 70% af kostnaði frá ríkinu. Við þurfum að keppa á þessum markaði. Það er auðvitað alveg útilokað, að við náum þess vegna mjög háu söluverði þar. Við verðum að sætta okkur við það markaðsverð, sem þar ríkir, með lágu útflutningsverði héðan. Hins vegar skal ég taka undir það, að óstöðugt verðlag hér heima, hækkandi framleiðslukostnaður, þrengir að landbúnaðinum til að selja á slíkan markað. En það er engan veginn höfuðorsökin a. m. k. eins og þessi ágæti ráðunautur lagði það fyrir. Hann var með fleiri dæmi. Ég vil bara, að þetta komi skýrt fram, vegna þess að það er erfitt að selja á brezka markaðinn okkar ágæta kjöt. Auk þess eru vaxandi kröfur um eftirlit í sláturhúsum og heilbrigðisfrágang, sérstaklega á bandaríska markaðnum, og kostnaðurinn hér heima hefur orðið verulega meiri, vegna þess að við höfum orðið að mæta mjög vaxandi kröfum um hollustuhætti og frágang og hreinlæti í sláturhúsum. Þetta er mikið vandamál, ég skal taka

undir það. En ég vil lýsa þeirri skoðun minni, að ég tel eðlilegast, að megnið af þessum gengismismun svo kallaða, sem er auðvitað allt annars eðlis í sjálfu sér en hjá sjávarútveginum, þar sem um verulegar uppbætur á þessar afurðir er að ræða, að stofnfjársjóðir og þeir sjóðir, sem hjálpa bændum til að endurskipuleggja sinn rekstur, t. d. í sláturhúsum og frystihúsum og þar fram eftir götunum, fái verulega góða fyrirgreiðslu út úr þessu.

Frsm. minni hl. (Ásgeir Bjarnason): Herra forseti. Ég skal vera stuttorður. Hv. 3. landsk. minntist á, að það væri starfandi n., sem hefði átt að finna nokkurs konar rekstrargrundvöll, eins og hann kallaði það, fyrir landbúnaðinn, og að frá þeirri n. hefði ekkert komið. Það er ekki rétt, því ég hygg, að n. sé búin að gefa út nokkurn hluta af sínu áliti, enda þótt það sé ekki allt komið, og n. starfar enn þá að sínum viðfangsmálum. En hv. 5. landsk. upplýsti í raun og veru, hvaða vandamál við er að etja í okkar landbúnaði í sambandi við útflutningsmálin, því það er ekki einungis framleiðslukostnaður erlendis, heldur er það líka landbúnaðarpólitíkin í hlutaðeigandi löndum, sem við flytjum okkar afurðir til, sem þar ræður miklu um, eins og t. d. í Bretlandi. Það er vitað mál, að þar hefur ríkisframlag til landbúnaðarins farið stórhækkandi með hverju ári, sem hefur liðið, og þetta er að vísu meðvirkandi orsök í þeim vandamálum, sem við höfum við að etja í sambandi við útflutninginn til Bretlands, samhliða því sem okkar bezti markaður var útilokaður, a. m. k. á tímabili, þ. e. saltkjöt til Noregs. En eigi að síður fell ég ekki frá því, að dýrtíðaraukningin á mestan þáttinn í þessum málum og framleiðslukostnaðinum innanlands, því að ég hygg, að það sé ekki fjarri lagi, að dýrtíðin hafi vaxið um 10% á hverju ári, a. m. k. í tíð núv. ríkisstjórnar.

ATKVGR.

Brtt. 207 felld með 11:8 atkv.
1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Á 38. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. – Afbrigði leyfð og samþ. með 15 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 224).

---

9. Stofnskrá Alþjóðagjaldeyrissjóðsins.

Á 3. fundi í Nd., 17. okt., var útbýtt:

Frv. til l. um heimild fyrir ríkisstj. til að staðfesta fyrir Íslands hönd breyt. á og viðauka við stofnskrá Alþjóðagjaldeyrissjóðsins [22. mál] (stjfrv., A. 22).

Á 7. fundi í Nd., 29. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Í júnímánuði 1944 var haldinn merkur og örlagaríkur fundur í Bretton Woods í Bandaríkjunum. Þar gerðu ýmsar þjóðir, sem fulltrúa áttu á fundinum og þar á meðal Ísland, samþykkt um að koma á fót alþjóðagjaldeyrissjóði til þess að stuðla að jafnvægi og öryggi í gjaldeyris- og peningamálum aðildarríkjanna og enn fremur koma á fót alþjóðabanka. Í desember 1945 var íslenzku ríkisstj. heimilað af Alþ. að staðfesta, að Ísland gerðist stofnaðili að sjóðnum og hefur það verið aðili að honum síðan ásamt Alþjóðabankanum. Samkv. l. um Seðlabanka Íslands, sem sett voru 1961, er Seðlabanki Íslands nú fjárhagslegur aðili að Alþjóðagjaldeyrissjóðnum fyrir Íslands hönd, og fjallar Seðlabankinn nú um öll viðskipti Íslands og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. Hlutverk Alþjóðagjaldeyrissjóðsins er m. a. að stuðla að alþjóðasamvinnu á sviði peninga- og gjaldeyrismála, að stuðla að vexti frjálsra alþjóðaviðskipta og stöðugu gengi gjaldeyris. Í þessu skyni getur sjóðurinn veitt aðildarríkjum fjárhagsaðstoð, en þau ríki, sem eiga aðild að Alþjóðagjaldeyrissjóðnum, leggja fram í sameiginlegan sjóð hluta af gulleign sinni, hinn svo nefnda gullkvóta, og einnig þrefalda fjárhæð hans í eigin gjaldeyri, og er sú fjárhæð geymd í seðlabanka aðildarríkisins. Ef aðildarríki á í gjaldeyriserfiðleikum, getur það fengið yfirdráttarlán hjá sjóðnum, og er venjan sú, að þau endurgreiðast á 3—5 árum. Framlag Íslands til Alþjóðagjaldeyrissjóðsins er nú 15 millj. dollara, þar af 3.75 millj. dollara í gulli og 11.25 millj. dollara framlag í krónum. Auk þessa eiga aðildarríkin rétt á sérstökum jöfnunarlánum hjá gjaldeyrissjóðnum, allt að hálfu heildarframlaginu, ef miklar sveiflur verða á útflutningstekjum. Á ársfundi Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, sem haldinn var í Rio de Janeiro í septembermánuði 1967, voru samþykktar till., sem lengi höfðu verið í undirbúningi, um að koma á fót kerfi sérstakra yfirdráttarréttinda hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum milli seðlabanka eða hliðstæðra stofnana aðildarríkja hans. Og jafnframt var ákveðið að gera endurbætur á reglum og starfsháttum sjóðsins á grundvelli þeirrar þróunar í efnahagsmálum heimsins, sem orðið hafði, svo og reynslu sjóðsins síðan stofnskrá hans var sett árið 1945. Þetta nýja kerfi yfirdráttarréttinda, sem mjög hefur verið rætt í hinum alþjóðlega fjármálaheimi undanfarin ár og nú er lagt til, að komið verði á fót, er ætlað að vera í megindráttum í beinu framhaldi af núverandi starfsemi sjóðsins, en er samt ólíkt því kerfi, sem nú gildir í ýmsum mikilvægum atriðum. Til viðbótar heimildinni til þeirra almennu yfirdráttarlána, sem nú eru í gildi og beitt hefur verið í allríkum mæli, er nú lagt til, að aðildarríkin fái svo nefnd sérstök yfirdráttarréttindi hjá sjóðnum. Reglur um notkun þessara nýju sérstöku yfirdráttarréttinda eru talsvert rýmri en hinna almennu yfirdráttarlána, sem nú eru í gildi, og endurgreiðsluskilmálar hagstæðari. Má því með sanni segja, að óhætt sé að líta á hin nýju fyrirhuguðu sérstöku yfirdráttarréttindi sem hluta af gjaldeyrisvarasjóði þeirra ríkja, sem eiga aðild að Alþjóðagjaldeyrissjóðnum. Þátttaka í kerfi hinna sérstöku yfirdráttarréttinda leggur jafnframt þá kvöð á aðildarríkin, að aðildarríki

með hagstæða gjaldeyrisstöðu eru skyldug til þess að láta af hendi gjaldeyri gegn sérstökum yfirdráttarréttindum, sem svarar til allt að tvöfaldri fjárhæð þeirra yfirdráttarréttinda, sem því hefur verið úthlutað frá upphafi. Gert er ráð fyrir því, að hinum nýju sérstöku yfirdráttarréttindum verði því aðeins úthlutað til aðildarríkja, að yfirgnæfandi meiri hl. þeirra telji, að þörf sé aukins framboðs alþjóðlegs gjaldmiðils til þess að tryggja eðlilega efnahagsþróun. En það hefur einmitt verið höfuðáhyggjuefni alþjóðlegra fjármálafræðinga og bankamanna, að það mundi á næstu árum og áratugum standa þróun alþjóðaviðskipta fyrir þrifum, að ekki sé tryggt aukið framboð alþjóðlegs gjaldmiðils til þess að greiða fyrir alþjóðlegum viðskiptum, þar eð aukning á gullforða heimsins, sem hingað til hefur verið aðalgjaldmiðillinn í alþjóðaviðskiptum, sé mun minni en fyrirsjáanlegt sé að þróun alþjóðaviðskipta verði. Náist samkomulag um úthlutun hinna nýju og sérstöku yfirdráttarréttinda, verður yfirdráttarheimildunum úthlutað með jöfnum fjárhæðum á 5 ára tímabili og munu skiptast milli aðildarríkja í hlutfalli við framlag þeirra til Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, eins og það er nú. Fróðir menn telja ólíklegt, að aukning gjaldeyrisvarasjóða yrði nokkurn tíma meiri frá ári til árs af þessum sökum en 1—2% að meðaltali. Slík fjárhæð mundi ekki skipta miklu máli fyrir ríki, sem væri í sérstökum gjaldeyriserfiðleikum, enda er tilgangur kerfisins ekki sá að leysa úr gjaldeyrisvandræðum einstakra ríkja, heldur að skapa almenn skilyrði til efnahagslegra framfara og heilbrigðra utanríkisviðskipta í veröldinni og draga þannig úr hættu á því, að til alþjóðlegrar viðskiptakreppu geti komið. Gera má ráð fyrir því, að enn taki nokkurn tíma, kannske 1—2 ár, þar til öll aðildarríki Alþjóðagjaldeyrissjóðsins samþykki þessar nýju reglur, en þau eru nokkuð á annað hundrað, en við þetta nýja kerfi eru miklar vonir bundnar og það var samþykkt á fundinum í Rio de Janeiro samhljóða, þó að enn hafi þó verið ágreiningur um viss framkvæmdaatriði, sem stjórn Alþjóðagjaldeyrissjóðsins var falið að greiða fram úr og reyna að stuðla að samkomulagi um. Við þetta nýja kerfi eru þannig miklar vonir bundnar, og telur ríkisstj. rétt, að tími sé til þess kominn fyrir Íslendinga að staðfesta aðild sína að þessari nýju skipan, enda getur hún aldrei orðið til annars en hagræðis fyrir Íslendinga að því er gjaldeyrisviðskipti þeirra og þátttöku þeirra í alþjóðaviðskiptum snertir.

Að svo mæltu leyfi ég mér, herra forseti, að leggja til, að málinu verði vísað til 2. umr. og hv. fjhn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til fjhn. með 24 shlj. atkv.

Á 31. fundi í Nd., 17. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 22, n. 186).

Frsm. (Sigurður Ingimundarson): Herra forseti. S. l. vor voru gerðar breytingar á stofnskrá Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, sem miðuðu að því að koma á kerfi yfirdráttarréttinda til viðbótar hinum almennu yfirdráttarlánum. Ríkisstj. stóð að þessum till. á sínum tíma, með fyrirvara um samþykki Alþ., og er frv. þetta borið fram til staðfestingar á aðild Íslands. Fjhn. hefur haft málið til athugunar og leggur shlj. til, að það verði samþ.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 27 shlj. atkv.

Á 32. fundi í Nd., 17. des., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 28 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 26 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 29. fundi í Ed., 16. des., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 30. fundi í Ed., 18. des., var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 33. fundi í Ed., s. d., var frv. aftur tekið til 1. umr.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Á ársfundi Alþjóðagjaldeyrissjóðsins í sept. 1967 var ákveðið að koma á fót sérstöku kerfi yfirdráttarréttinda hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum milli seðlabanka eða hliðstæðra stofnana aðildarríkja hans, og var stjórn sjóðsins þá falið að gera till. um framkvæmd á þessu máli. Er hér í raun og veru um að ræða aukningu á starfsfé Alþjóðagjaldeyrisvarasjóðsins í því skyni að gera kleifa aukningu peningamagns í heimsviðskiptunum, til þess að hægt sé að standa undir fjármögnun stöðugt vaxandi heimsviðskipta, þó að hliðstæð aukning verði ekki á gullframleiðslu í heiminum. Alþjóðagjaldeyrissjóðnum er m. ö. o., með þessum fyrirhuguðu ráðstöfunum, heimilað að koma á hjá sér yfirdráttarkerfi, sem geti komið í stað aukinnar gullframleiðslu og aukins framboðs á nýjum varasjóðum í helztu gjaldmiðlum, sem notaðir eru í alþjóðlegum viðskiptum, dollar og sterlingspundi. Gert er ráð fyrir því, að aðildarríki Alþjóðagjaldeyrissjóðsins gerist aðilar að þessu nýja greiðslukerfi. Er enginn vafi á því, að það mundi geta orðið Íslandi, eins og öðrum aðildarríkjum Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, til hagsbóta, að þetta kerfi kæmist á. Seðlabanki Íslands er lögum samkv. fjárhagslegur aðili að Alþjóðagjaldeyrissjóðnum fyrir ríkisins hönd og mundi annast alla framkvæmd í þessu sambandi. Um framlög af hálfu íslenzka ríkisins í þessu sambandi yrði ekki að ræða.

Ég veit ekki með vissu, hversu mörg aðildarríki gjaldeyrissjóðsins hafa þegar staðfest eða tilkynnt aðild sína að þessu nýja yfirdráttarkerfi, sem veitir aðildarríkjunum aukinn rétt, misjafnlega mikinn rétt og í nokkuð misjöfnu formi, eftir ýmsum aðstæðum. En sjálfsagt virðist, að Ísland gerist aðili að þessu og hagnýti sér þar með þann aukna aðgang að alþjóðlegum

gjaldeyrisvarasjóði, sem þetta nýja kerfi skapar. Einhugur var um málið í hv. Nd., fjhn. samþykkti einróma að mæla með samþykkt frv., og vona ég, að það sama verði einnig niðurstaðan hér í hv. Ed.

Að svo mæltu leyfi ég mér að leggja til, að málinu verði vísað til 2. umr. og hv. fjhn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til fjhn. með 18 shlj. atkv.

Á 36. fundi í Ed., 19. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 22, n. 210).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 16 shlj. atkv.

Frsm. (Sveinn Guðmundsson): Herra forseti. Frv. til l. um heimild fyrir ríkisstj. til að staðfesta fyrir Íslands hönd breytingar og viðauka við stofnskrá Alþjóðagjaldeyrissjóðsins er sent til Ed. frá Nd., þar sem það var samþykkt samhljóða. Er hér um að ræða heimild fyrir hæstv. ríkisstj. til að undirrita sérstök yfirdráttarákvæði, sem eiga að verða til þess að örva alþjóðaviðskipti, þótt gullforði standi ekki fullkomlega að baki, eins og nú hefur verið regla. Við þessa breyt. laganna fá Íslendingar aukna möguleika til þess að notfæra sér yfirdráttarheimild hjá sjóðnum, og það er að sjálfsögðu mikils virði, eins og nú stendur á í gjaldeyrismálum okkar. Fjhn. Ed. hefur haft þetta frv. til athugunar og skilar n. áliti á þskj. 210. N. hefur samhljóða mælt með samþykkt frv.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.

2.—3. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Á 38. fundi í Ed., 19. des., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 15 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 17 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 225).

---

10. Verðlagsmál.

Á 28. fundi í Nd., 13. des., var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á l. um verðlagsmál, nr. 54 frá 14. júní 1960 [115. mál] (stjfrv., A. 164).

Á 29. fundi í Nd., 14. des., var frv. tekið til 1. umr.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Á síðasta Alþ. var samþ. breyting á verðlagslögum varðandi skipun verðlagsnefndar. Sú breyting var gerð, að þrír verðlagsnefndarmenn skyldu skipaðir samkv. tilnefningu Alþýðusambands Íslands, einn samkv. tilnefningu Bandalags starfsmanna ríkis og bæja, tveir samkv. tilnefningu Vinnuveitendasambands Íslands, einn samkv. tilnefningu Verzlunarráðs Íslands og einn samkv. tilnefningu Sambands ísl. samvinnufélaga. En ráðuneytisstj. í viðskmrn. var gerður að formanni n. Þessi ákvæði skyldu gilda til ársloka 1968. Engin till. hefur opinberlega verið sett fram um það, að rétt væri eða eðlilegt að gera breytingu á þessari skipan, sem fellur úr gildi um næstu áramót. Má gera ráð fyrir því, að almennt samkomulag sé um það, að þessi skipan haldi áfram. Hins vegar má segja, að tvennt geti komið til greina varðandi það, að hún verði framlengd, annars vegar til bráðabirgða, t. d. til eins árs, eða þá, að hún verði framlengd til frambúðar og þá til fjögurra ára. Í þessu frv. er gert ráð fyrir því, að þessi skipan verði til frambúðar, þ. e. a. s. gildi í næstu 4 ár. Ef hins vegar hinu háa Alþ. sýnist eðlilegt að framlengja hana til bráðabirgða, til eins árs t. d. eins og gert var í fyrra, hefur ríkisstj. ekkert við það að athuga. Ef n., sem fær þetta mál til meðferðar, vill því breyta frv. í það horf, að skipunin gildi til eins árs einungis, hefur það fullt samþykki ríkisstj. Fleiri orð þarf ég ekki um þetta að hafa og legg því til, herra forseti, að málinu verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. fjhn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 28 shlj. atkv. og til fjhn. með 31 shlj. atkv.

Á 31. fundi í Nd., 17. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 164, n. 187 og 190, 195).

Frsm. meiri hl. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Fjhn. þessarar hv. d. hefur haft frv. þetta til athugunar, en eigi getað orðið sammála um afgreiðslu málsins. Eins og fram kemur á þskj. 187, leggur meiri hl. n. til, að frv. verði samþ., en með breytingum. Það er upplýst, að það fer fram á vegum viðskmrn. athugun og endurskoðun á verðlagsmálum og mun n. sú, sem að þessum málum hefur starfað, senn ljúka störfum, og taldi meiri hl. n. í samráði við viðskmrh. því rétt, að sú skipan mála, sem samþ. var á síðasta Alþ., yrði aðeins framlengd um eins árs skeið. Flytur meiri hl. n. tvær brtt.

Við fyrri gr. frv., þar sem stendur: „Viðskmrh. skipar nefndina til 4 ára í senn," síðasti málsl. 1. málsgr., standi aðeins: Viðskmrh. skipar nefndina.

2. gr. frv. orðist þannig: Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1969 og gilda til 31. des. 1969.

Þegar málið var til umr. í n., voru gerðar fsp., eins og fram kemur á þskj. 190, þ. e. a. s. nál. frá minni hl. fjhn., hv. 1. þm. Norðurl. v. Þessar upplýsingar hefur hv. þm. fengið, og ég sé ekki ástæðu til að lesa upp svar verðlagsstjórans, læt honum það eftir, er hann gerir grein fyrir afstöðu sinni til málsins.

Meiri hl. n. leggur til, herra forseti, að frv. verði samþ. með þeim breytingum, sem hann flytur á þskj. 187.

Frsm. minni hl. (Skúli Guðmundsson): Herra forseti. Hér liggja fyrir tvö nál. um þetta stjfrv. Annað er á þskj.

187 frá meiri hl. fjhn., sem frsm. þess meiri hl. hefur nú gert grein fyrir. Og hitt er á þskj. 190, ég stend að því áliti. Ég hef nokkuð aðra skoðun á þessu máli heldur en meiri hlutinn, og vil ég gera grein fyrir henni.

Efni frv. er það að framlengja ákvæði laga um skipun verðlagsnefndar. Stærri stjórnarflokkurinn hér, Sjálfstfl., segist hafa frelsi á sinni stefnuskrá. Sá flokkur hefur 3 fulltrúa af 7 í hv. fjhn. Og þegar fulltrúar flokksins í n. sögðust vilja hafa áframhaldandi verðlagshöft, þá horfði ég rannsakandi á þá og spurði sjálfan mig: Eru þetta fulltrúar frelsisins, eins og þeir segjast vera, eða eru þetta jólasveinar komnir ofan af fjöllunum? Ja, það kemur líklega á daginn. Og þegar þeir tala um þetta áhugamál sitt, kemur mér ósjálfrátt í hug eitt lítið stef, sem stundum er raulað við börnin, einkum fyrir jólin, en það byrjar svona:

„Krakkar mínir, komið þið sæl,
hvað er nú á seyði?
Áðan heyrði ég“ o. s. frv.

Sjálfstæðismenn í fjhn. hafa einnig snotran Alþýðuflokksmann sér til stuðnings þar og geta myndað meiri hl. með honum, eins og í mörgum öðrum nefndum og ráðum. Ég ætla ekki að flytja hérna neinn þátt af honum, tek hann út af dagskrá.

Í fjhn. bar ég fram nokkrar spurningar viðvíkjandi verðlagsnefnd og hennar starfi og eins og hv. frsm. meiri hl. gat um og skýrði einnig frá, þá hef ég nú fengið svör við þeim. Fyrsta spurning mín var um það, hvað margt fólk ynni nú á verðlagsskrifstofunni og við verðlagseftirlitið. Svarið frá verðlagsstjóra er þannig:

„Alls eru nú starfandi á vegum stofnunarinnar:

a) í Reykjavík 20 fastráðnir og 1 maður lausráðinn,

b) utan Reykjavíkur 5 menn fastráðnir auk 5 manna, sem eru lausráðnir og stunda eftirlitsstörf sem aukastörf.“

Í öðru lagi spurði ég: Hve mikill heildarkostnaður varð af eftirlitinu árið 1967?

Svar: „Heildarkostnaður vegna skrifstofu verðlagsstjóra og verðlagsnefndar nam árið 1967 kr. 6.191.795.37“.

Þá spurði ég í þriðja lagi um það, hvaða vörur væru nú undir verðlagseftirliti. Því svarar verðlagsstjórinn þannig, með leyfi hæstv. forseta.

„Mikill meiri hluti innfluttra vara er háður verðlagsákvæðum. Ýmsar innlendar framleiðsluvörur eru háðar verðlagsákvæðum, svo sem smjörlíki, brennt og malað kaffi, nokkrar brauðtegundir, öl og gosdrykkir, nema pilsner og Thule-öl, sælgæti, niðursuðuvörur, svo sem fiskbollur og fiskbúðingur, málningarvörur o.fl. Ýmis konar þjónustustarfsemi er einnig háð afskiptum verðlagsyfirvalda. Má þar nefna fatahreinsun, starfsemi þvottahúsa, aðgangseyri kvikmyndahúsa, hárskurð, akstur leigubifreiða o.fl.“

Hver er nú eftirtekjan af þessu? Ég held, að það megi segja, að hún sé í mörgum tilfellum rýr, og fyrirkomulagið á þessu er vafasamt. Það er t.d. yfirleitt ákveðin álagning í hundraðshlutum af verði vörunnar. Þetta getur gert vörurnar dýrari. Vegna þessa hafa innkaupendur hvöt til að kaupa sem dýrastar vörur, því þá fá þeir meira í sinn hlut fyrir ómakið.

Ég held það sé óhætt að segja það, að menn treysti um of á opinbera forsjá, og af því verða menn andvaralausir og athuga ekki sjálfir sinn gang sem skyldi.

Ég hef orðið þess var, eða heyrt það stundum, að stéttarfélög og forystumenn þeirra heimta verðlagseftirlit og meira verðlagseftirlit. Ég held, að þetta sé á nokkrum misskilningi byggt hjá þeim góðu mönnum. Ég held þeir gætu með öðrum aðferðum náð betri árangri, fyrst og fremst með þátttöku í kaupfélögum. Þar geta félagsmennirnir beitt áhrifum sínum til að gera rekstur félaganna sem beztan, svo að þau geti veitt góða þjónustu. Auðvitað eru samvinnufélögin misjafnlega vel rekin, en víða um land eru þau langstærstu viðskiptafyrirtækin og hafa þar með sannað yfirburði sína. Kaupmenn hafa ekki talið gróðavænlegt að setja upp verzlanir við hliðina á þeim.

Hér í Reykjavík er myndarlegt kaupfélag, sem hefur verið að færa út kvíarnar. Ég hef kynnzt því nokkuð, því þar kaupi ég aðallega mínar nauðsynjar þann tíma ársins, sem ég er hérna í Reykjavík. Ég kem oft í búð þess við Skólavörðustíg, og mér sýnist hún vera vel rekin. Myndarbragur er þar á, afgreiðslufólkið lipurt og vörurnar góðar. Sjálfsagt eru fleiri verzlanir hérna í bænum – borginni, fyrirgefið – reknar með myndarbrag, en munurinn á þessum einstaklingsverzlunum og samvinnuverzlunum er sá, að félagsmenn í samvinnufélögum eiga eða geta átt þátt í stjórn þeirra. Þeir geta, hver fyrir sig og allir sameiginlega, haft viðskiptamálin í sínum höndum með því að gerast félagsmenn í kaupfélögum, og það verður affarasælast. En ef menn vilja af einhverjum ástæðum ekki ganga til liðs við þá félagsmenn, sem eru í kaupfélaginu, t.d. hér í Reykjavík, og vinna með þeim að því að gera þetta enn betra og öflugra fyrirtæki en það nú er, þá geta þeir farið aðrar leiðir. T.d. gæti verkamannafélagið hérna í borginni stofnað sitt eigið innflutnings- og vörudreifingarfyrirtæki fyrir sína félagsmenn. Þetta gæti BSRB líka gert. Þannig gætu þeir tekið milliliðastarfsemina í eigin hendur og notið beztu viðskiptakjara, sem völ er á, því sjálfs er höndin hollust.

Þetta væru að mínu áliti manndómslegri vinnubrögð og heillavænlegri en að heimta barnfóstrur handa fullorðnu fólki frá einhverri opinberri n. Hún er nú satt að segja ekki svo björguleg okkar forysta í málefnum ríkisins um þessar mundir, að gott sé að setja allt sitt traust á hana. En margir hafa oftrú á jarðneskum stjórnarvöldum, enda reyna ýmsir að innræta fólki þá trú. Það er hált á götunum suma daga núna, og lögreglan er að birta aðvaranir til fólks í morgunútvarpið. Ég gæti vel búizt við því, að þeir, sem trúa mjög á opinbera forsjá, fyndu upp á því einhvern daginn að snúa sér til doktoranna í stjórnarráðinu og hans Geirs oddvita í sveitarstjórn Reykjavíkur og færu fram á það við þá, að þeir settu nú upp stofnun til að aðstoða fólk í hálkunni. Þá þyrftu menn ekki annað en að hringja í það fyrirtæki og óska eftir að fá menn til að leiða sig á milli húsa í borginni, þegar þeir þyrftu að ferðast innanbæjar. Þetta gæti nú verið gott, en það er einmitt það, að menn gætu dottið samt á svellunum, jafnvel þó þeir fengju þessa aðstoð, eins og menn láta stundum snuða sig í viðskiptum, þrátt fyrir allar „barnapíur“ verðlagsnefndar.

Það má nefna mörg dæmi um vafasama forystu rík-

isins og sveitarstjórna. Ég get ekki stillt mig um að nefna eitt dæmi, það eru húsbyggingarframkvæmdir ríkisins og Reykjavíkurborgar á þessu ári. Ja, það átti nú að vera fyrir þá, sem höllustum fæti standa í lífsbaráttunni. Það var sett á laggirnar allfjölmenn n. til að stjórna framkvæmdunum. Ekki kannske eins fjölmenn og verðlagsnefnd, en hátt upp í það. Þeir sóttu mann til formennsku í n. norður á Blönduós. Blönduós er góður staður, ágætur. Þar er athafnasamt og gott fólk og þar eru menn, sem eru vel færir um að byggja hús, en þó auðvitað misjafnlega færir um það, eins og gefur að skilja, í nokkur hundruð manna kauptúni. Ég held, að yfirvöldin hafi orðið fyrir því óláni að finna skakkan Blönduósmann til formennskunnar. Þetta getur með fram stafað af því, að hann þurfti líka að vera alþm. í stjórnarflokki. En það er ekki um marga slíka að ræða á Blönduósi. Ekki ætla ég að lasta þennan mann, hv. 3. landsk. þm., þetta er myndarlegur og vel gefinn maður og lærður í lagavísindum. Vafalaust getur hann unnið ýmislegt gott á þeim sviðum, þar sem hans hæfileikar njóta sín bezt, en ég er hræddur um, að yfirvöldin, sem stóðu fyrir þessari byggingarframkvæmd hér, hafi ekki aðeins orðið fyrir því að velja skakkan Blönduósmann, heldur líka skakkan landsk. þm. Ég gæti bezt trúað, að það hefði betur til tekizt, ef þeir hefðu — í stað þess að velja hv. 3. landsk. þm., Jón Þorsteinsson, til formennsku í framkvæmdanefndina — fengið hv. 4. landsk. þm. Jónas Árnason, til að taka það sæti, því að hann hefur sýnt það, hv. 4. landsk. þm., að hann hefur dálítið vit á þessum málum. Hann byggði gott og fallegt íbúðarhús í sumar fyrir sig og fjölskyldu sína. Það var um það bil helmingi ódýrara en íbúðirnar, sem framkvæmdanefnd yfirvaldanna lét byggja í Reykjavík. Framkvæmdanefnd byggingaáætlunar, ég held að það sé hennar viðurkennda nafn, tókst að gera húsin svo dýr, að vafasamt er, að þeir, sem þar er ætlað að búa, geti risið undir þeim kostnaði. Ég veit ekki hvaða atvinnuvegur getur borgað það kaup, sem verkamenn þurfa að hafa til að geta búið í svo dýrum húsum. Þannig gafst forysta yfirvaldanna í þessu efni og svipaðar sögur gerast trúlega á fleiri sviðum.

Ég vil aðeins geta þess í leiðinni, í sambandi við þetta mál, að það er til hér félagsskapur, ef ég man rétt, sem nefnist, held ég, Neytendasamtökin. Ég er ókunnugur þeim samtökum, en hugsanlegt finnst mér, að þau gætu gert gagn, ef þeim væri skynsamlega stjórnað, gætu fylgzt með vöruverði og gefið almenningi upplýsingar um það. E.t.v. gætu þau auglýst, að undangenginni rannsókn, hvar hægt væri að fá hagstæðust viðskiptakjör, og mér finnst, að það gæti komið til mála að styðja þessi samtök eitthvað, ef þau starfa vel, en hins vegar er hægt að spara verulega við verðlagsmál, en til þeirra er nú eytt á 7. milljón á ári.

Eins og fram kemur í nál. mínu á þskj. 190, tel ég þörf breytinga á lögunum um þessi verðlagsmál. Einkum bendi ég á, að það sé óþarft með öllu að halda uppi opinberum verðlagsákvörðunum og opinberu eftirliti með verðlagi á vörum, sem öllum er frjálst að flytja til landsins. Það gegnir náttúrlega öðru máli með vörur, sem takmarkaður er innflutningur á. Það er enginn tími til að koma fram breytingum á l. núna fyrir þinghléið, en það er m.a. vegna þess, að þeir, sem á að heita, að gegni hér enn húsbóndastörfum, hæstv. ráðh., virðast ekki hafa löngun til að láta sópa gólfið hjá sér fyrir jólin, en vilja sitja áfram í ruslinu yfir hátíðina.

Ég hef leyft mér að flytja eina brtt. við þetta frv., sem er prentuð á þskj. mínu 190. Og hún er aðeins um það, að lögin skuli öðlast gildi 1. jan. 1969, eins og meiri hl. leggur til, en gilda aðeins til 1. apríl 1969, þ.e.a.s. gilda í næstu 3 mánuði. Með því að samþ. mína brtt. er hægt að tryggja, að málið verði tekið til nýrrar athugunar á framhaldsþinginu í febr. eða marz í vetur, og þá mætti reyna að koma fram lagfæringum á þessari löggjöf.

Meiri hl. hv. fjhn. segir við landsmenn: Við viljum verja nokkrum milljónum af almannafé til að launa menn, sem eiga að gæta þess, að ekki sé okrað á ykkur í verzlunum. En ég segi við fólkið: Takið viðskiptin í ykkar eigin hendur, hjálpið ykkur þannig sjálf, það verður heilladrýgst, það mun koma ykkur að betri notum en verðlagsnefnd og hennar lið.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Eins og ég tók fram, þegar ég mælti fyrir þessu frv. hér í hv. d., getur ríkisstj. fyrir sitt leyti vel á það fallizt, að frv. sé breytt í það horf, að það gildi aðeins í eitt ár, eins og þau lög, sem nú gilda, giltu. Tók ég það fram, að ef hv. n. kysi að breyta frv. í það horf, þá gæti ríkisstj. fyrir sitt leyti algerlega á það fallizt, og ég lýsi því fylgi hennar við þær brtt., sem hv. meiri hl. n. hefur þegar lýst og mælt hefur verið fyrir. Annars var það ekki erindi mitt hingað í ræðustólinn að taka þetta fram, það hefði í raun og veru verið óþarfi, en ég geri það fyrst ég er kominn hingað á annað borð, heldur er erindi mitt hingað, og það tel ég allmikilvægt, að gera þá fsp. til hv. minni hl. fjhn. eða öllu heldur til hv. form. þingfl. Framsfl., hvort afstaða fulltrúa Framsfl. í fjhn. sé afstaða hv. Framsfl. Það vil ég fá að vita, og það hygg ég, að fleiri vilji fá að vita af eða á, já eða nei um. Í nál. hv. þm. á þskj. 190 segir svo, með leyfi hæstv. forseta: „Minni hl. telur, að gera skuli breytingar á l. um verðlagsmál. Sérstaklega virðist óþarft með öllu að halda uppi opinberum verðlagsákvörðunum og eftirliti með verðlagi á vörum, sem öllum er frjálst að flytja til landsins.“ Ég vek athygli á því, að nú er frjálst að flytja til landsins um það bil 85% af öllum innflutningi. Þetta mundi því þýða það, ef framkvæmt væri, að svo að segja allt verðlagseftirlit á Íslandi yrði afnumið. Og nú langar mig til að fá um það algjörlega skýr svör frá hv. þm., eða ef hann vill ekki svara, þá frá form. þingfl. Framsfl., er þetta stefna Framsfl. í verðlagsmálum? Ja, það er hreint ekki út í bláinn, að spurt sé um það, hver sé raunveruleg stefna Framsfl. í þessu máli og hinu málinu, því að svo að segja samdægurs og fulltrúi Framsfl. í verðlagsnefnd lýsir þeirri skoðun sinni, að hann sé andvígur svo að segja öllu verðlagseftirliti á Íslandi, þá mælir sjálfur form. Framsfl. fyrir frv. í Ed. um Atvinnumálastofnun, sem ég sé ekki betur en sé hið gamla Fjárhagsráð endurreist í öllum aðalatriðum. Hér er í Nd. mælt af hálfu Framsfl. með afnámi alls verðlagseftirlits, en form. Framsfl. mælir síðdegis í dag með stofnun nýrrar stofnunar, sem í meginatriðum á að fá svipað vald og Fjárhagsráð sællar minningar hafði á sínum tíma. Í Ed. er það með öðrum orðum stefna Framsfl. að endurreisa Fjárhagsráð og allt það eftir-

litskerfi, sem því fylgir, en hér í Nd. er það rödd Framsfl., sem heyrist um það, að afnema skuli allt verðlagseftirlit á Íslandi. Hvers konar flokkur er Framsóknarflokkurinn eiginlega að verða? Ja, það er sannarlega von að maðurinn spyrji, og hér gerðist nýlega í hv. Nd. atvik, sem gerir það alveg fullkomlega eðlilegt, að um það sé spurt, því hér fóru fram mjög skemmtilegar umræður um daginn á milli tveggja framsóknarmanna, í tilefni af frv., sem varamaður hv. þm. Þórarins Þórarinssonar flutti hér, Kristján Thorlacius. En þeim kom ekki saman, hv. þm. Skúla Guðmundssyni og hv. þm. Kristjáni Thorlacius frekar en mér sýnist nú, að í dag komi þeim saman hv. þm. Skúla Guðmundssyni og hv. form. Framsfl. í Ed. Þetta er engin ný bóla, þetta gerðist hér fyrir fáeinum dögum, og þá fékk deila þeirra heldur sögulegan enda, og ég ætla að leyfa mér að minna hv. þm. á það, hvaða enda sú deila fékk, ef ég mætti lesa síðustu setningarnar í ræðu hv. þm. Kristjáns Thorlacius um þetta mál, með leyfi hæstv. forseta. En hann sagði um samflokksmann sinn, hv. þm. Skúla Guðmundsson, þessi orð:„Það er góðra gjalda vert hjá þessum hv. þm. að vilja styðja atvinnurekendur heldur í sínu heimahéraði og annars staðar. En ég held, að hann ætti að endurskoða sína tölu í sambandi við launamenn í þessu sambandi og reyna að rumska við og lifa í nútímanum, heldur en að koma eins og maður, sem ekki hefur lifað í nokkra áratugi."

Nú langar mig að vita: Er þetta áratuga gömul rödd, sem hljómar frá hv. þm. einum saman og enginn annar í flokknum tekur mark á, eða er þetta rödd Framsfl.? Annars er það svo um ýmsa þm. Framsfl., að um þá má segja, suma vil ég segja, ég undirstrika það sérstaklega, dálítið líkt og Goethe sagði um sjálfan sig á sínum tíma, að tvær sálir byggju í brjósti sínu. Ég átti talsverð orðaskipti í dag við einn ágætan þm. Framsfl. **(Gripið fram í:** Hver var það?) Það var bóndinn og kennarinn Sigurvin Einarsson. Það er maður, sem ég hef setið á þingi með um alllangt árabil og oft átt samræður við utan þingsalarins og alltaf líkað ágætlega, maðurinn margfróður, stórskemmtilegur og skáldmæltur að auki. Milli okkar hafa oft farið orðsendingar með ýmsum hætti, sem orðið hafa okkur báðum til mikillar skemmtunar. Bóndinn og kennarinn Sigurvin Einarsson er mesti heiðursmaður, sem ég held, að allir hafi mestu ánægju af að eiga orðaskipti og öll samskipti við. En svo er til annar maður, framsóknarmaðurinn Sigurvin Einarsson, og hann var hér að tala í dag, og það er engu líkara en að það sé allt önnur manneskja, eftir því sem fram kom í umr. í dag, og dálítið svipað má segja um þann þm., sem hér var að tala af hálfu minni hl. fjhn. Með honum er ég búinn að eiga sæti á Alþ. í meira en 20 ár. Hann er bóndi og fyrrverandi kaupfélagsstjóri og auk þess skáld, sem alveg sérstök ánægja hefur verið að eiga venjuleg, mannleg samskipti við, bæði hér utan þingsalanna og ekki hvað síst í þingveizlum og alls staðar, þar sem maður hittir hann sem kaupfélagsstjórann, bóndann og skáldið Skúla Guðmundsson. En hér í pontunni áðan var framsóknarmaðurinn Skúli Guðmundsson, og það er svolítið líkt með honum og flokksbróður hans, að það virðist vera svolítið önnur manneskja, mjög íhaldssöm, svo íhaldssöm, að hans eigin flokksbræðrum ofbýður, og telja hans rödd vera aftan úr forneskju, margra áratuga gamla. Það er mál til komið að reyna að fá hreint borð í þessum efnum, og það sé ljósara en hingað til hefur verið, hvenær þessir menn tala fyrir hönd flokksins og hvenær þeir tala fyrir hönd sjálfra sín, sem enginn maður tekur mark á, hvorki þeirra eigin flokksmenn né þá heldur nokkrir aðrir. Og ég óska skýrra svara við þeirri spurningu: Er þetta stefna Framsfl., sem kemur fram í þessu nál. fulltrúa Framsfl. í fjhn., eða er það hans einkaskoðun?

Þórarinn Þórarinsson: Herra forseti. Það er eiginlega orðið alveg sama, hvaða mál er til meðferðar hér í Nd., og það er kannske eins í Ed. líka, hæstv. viðskmrh. þarf að tala í hverju máli og lýsa vanþóknun sinni á framsóknarmönnum. En ég kvaddi mér ekki hljóðs að þessu sinni til þess að svara ummælum hans um okkur framsóknarmenn, það getur beðið annars tíma, heldur ætla ég fyrst og fremst að ræða um það mál, sem hér er á dagskrá, og þær brtt., sem liggja fyrir frá meiri hl. og minni hl. fjhn. Ég kvaddi mér hljóðs til að gera grein fyrir afstöðu minni, því að eins og á stendur finnst mér réttara að greiða atkv. með till. meiri hl. en minni hl., og skal ég gera lauslega grein fyrir því. Ég get alveg tekið undir það, sem hv. frsm. minni hl. sagði, að ég hef enga ofsatrú á verðlagseftirliti. Ég hef þvert á móti takmarkaða trú á því, að verðlagseftirlit sé neytendum og launþegum til mikils hagnaðar, þó að það geti verið til nokkurra bóta undir vissum kringumstæðum. Mér finnst sú reynsla, sem ég hef reynt að kynna mér í þessum efnum, benda til þess, að undir öllum eðlilegum kringumstæðum, sem við viljum kalla svo, gefi frjáls verðmyndun bezta raun, þar sem verzlanir, kaupmenn og kaupfélög hafa aðstöðu til að keppa undir eðlilegum kringumstæðum. Nú er hins vegar ástandið í okkar þjóðfélagi þannig, að það er ekki hægt að tala um eðlilegt ástand í þessum efnum, og ástandið er tvímælalaust þannig, að við þurfum að beita einhverjum verðlagshömlum, og þær geta sennilega komið að einhverjum notum. En ég vara bæði neytendur og launþega við því að hafa of mikla trú á því, að verðlagseftirlitið gefi mjög mikla raun, og ég segi það, að ég vara alveg sérstaklega launþega við því að trúa of mikið á verðlagseftirlitið og telja það vera eitthvert aðalatriði eða höfuðatriði í kjarabaráttunni. Ég er ekki með þessu að gera lítið úr því, að það geti gert eitthvert gagn undir vissum kringumstæðum, en það gerir áreiðanlega ekki neitt stórt gagn, vegna þess að verzlanir, sem kæra sig um það, hafa ótal möguleika til þess að komast fram hjá því, eins og oft hefur verið bent á í umræðum um þessi mál. Ég held þess vegna, að það leiki enginn efi á því, að ef hægt er að hafa eðlilegt fjármálaástand í landinu, þá sé það frjáls verðmyndun, sem gefur bezta raun. Við sjáum líka glögg dæmi um það yfirleitt í öllum eða flestum þeim löndum í kringum okkur, sem hafa undir vissum kringumstæðum búið við verðlagseftirlit, að þau hafa fallið frá því, þegar efnahagsástandið þar hefur komizt í eðlilegt horf.

Þessi lög, sem hér eru til umr., eða sem verið er að ræða breytingu á, munu upphaflega hafa komizt á vegna samkomulags milli verkalýðssamtakanna og ríkisstjórnarinnar. Verkalýðssamtökin munu hafa lagt nokkra áherzlu á það að fá verðlagseftirlit samþykkt

undir þeim kringumstæðum, sem þá voru, og ég get vel skilið þá afstöðu þeirra og tel hana eðlilega. Mér finnst hins vegar rétt í sambandi við umr. um þetta mál að vara verkalýðssamtökin við því að leggja of mikið upp úr verðlagseftirlitinu og treysta á það eitt sem kjarabótaleið í þessum efnum. Ég vil sérstaklega láta þetta koma fram í sambandi við þær viðræður, sem nú eru byrjaðar á milli fulltrúa verkalýðssamtakanna og ríkisstj. Ég tel, að í þeim viðræðum, þó að verkalýðshreyfingin leggi áherzlu á það, að verðlagseftirlitinu verði haldið áfram, eigi hún að leggja áherzlu á tvö mál önnur, sem mér finnst, að hún megi ekki undir neinum kringumstæðum víkja frá. Í fyrsta lagi verður verkalýðshreyfingin að leggja áherzlu á það, að tryggð verði næg atvinna í landinu. Það er annað höfuðatriðið, sem nú þarf að leggja áherzlu á, en hitt atriðið, sem ég tel engu þýðingarminna, og verkalýðshreyfingin má ekki undir neinum kringumstæðum víkja frá, er það, að tryggð sé verðtrygging launa, a.m.k. ekki lakari en sú, sem nú er í gildandi kaupsamningum.

Ég tel, að þeir kaupsamningar, sem náðust á seinasta ári og veita láglaunastéttunum nokkra verðtryggingu á launum þeirra, séu annað höfuðatriðið, sem verkalýðshreyfingin verður að halda fast við í samningum sínum við ríkisstjórnina og hún megi ekki undir neinum kringumstæðum hörfa frá. Það komi því aðeins til greina samkomulag milli þessara aðila, að ekki verði hörfað frá því samkomulagi, sem gert var milli verkalýðssamtakanna og atvinnurekenda á s.l. ári. Mér finnst einmitt rétt að láta þetta sjónarmið koma fram við þessar umr., vegna þess að ég tel það svo mikilvægt, að þetta atriði komi fram hér ákveðið í þinginu, einmitt um það leyti, sem þessir samningar eru að hefjast. Verðlagseftirlit getur undir vissum kringumstæðum og á takmörkuðum tíma gert nokkurt gagn, en það, sem tryggir launþegana bezt gegn verðhækkunum og gegn kjaraskerðingu, er það, að launin séu verðtryggð. Og ég tel, að það sé alveg lágmarkstrygging í þeim efnum, sem verkalýðssamtökin sömdu um við atvinnurekendur á s.l. vetri. Og vegna þess, að viðskmrh. er nú að beina ýmsum fsp. til okkar framsóknarmanna, þá vildi ég beina þeirri fsp. til hans, hvort hann sé mér ekki sammála um þetta atriði, að það sé meginnauðsyn til þess að tryggja kjör láglaunastéttanna í landinu, að ekki verði á neinn hátt hörfað frá þessu samkomulagi, sem gert var á milli atvinnurekenda og launþega á s.l. vetri. Því þó það geti verið nokkur ávinningur fyrir launþega að fá verðlagseftirlit, eins og það, sem nú er, þá er ávinningurinn af hinu margfaldur á við það, sökum þess, að ég tel, að eins og nú er ástatt í landinu, eins og ríkisstjórnin er búin að koma málum þjóðarinnar, þá sé ekki raunverulega um frjálsa verðmyndun að ræða, það sé hér óeðlilegt ástand, og þess vegna verði að beita tímabundnum verðlagshömlum, eins og gert er ráð fyrir í þessu frv., og þó sérstaklega í tillögum meiri hl.

Ég álít, að tímatakmarkið, sem sett var í brtt. minni hl., sé of stutt, það megi ekki vera öllu styttra en það, sem er ákveðið í till. meiri hl., og þess vegna mun ég greiða till. meiri hl. atkv.

Frsm. minni hl. (Skúli Guðmundsson): Herra forseti. Hæstv. viðskmrh. nefndi í ræðu sinni frv., sem nýlega hefur verið lagt fram í hv. Ed. um Atvinnumálastofnun, fjárfestingu og gjaldeyrisnotkun. 1. flm. þess er form. Framsfl., hv. 3. þm. Norðurl. v. Hæstv. ráðh. hefur skilið þetta þannig, að þar ætti að endurvekja gamla Fjárhagsráðið, m.a. með verðlagseftirliti og öðru slíku. Ég var nú að líta yfir þetta frv., ég sé ekki neitt þar um verðlagshöft eða nokkuð slíkt. Ég get ekki fundið það. Ég veit ekki, hvar hæstv. ráðh. hefur fundið ákvæði um það í frv.

En svo er nú sjálfsagt að svara hans fsp. viðkomandi minni framkomu í þessu máli. Ég skal segja honum það, að ég bar þessa brtt., sem ég hef lagt hér fram, ekkert undir minn flokk, mér fannst ekki taka því, því mér fannst ekki skipta svo miklu máli, hvort l. giltu í einn ársfjórðung eða eitt ár, en með því að láta þau gilda aðeins í einn ársfjórðung, eins og ég legg til, þá er það tryggt, að þessi l. verði tekin til skoðunar núna á framhaldsþinginu, og mér finnst full þörf á því. Nei, ég bar þetta ekkert undir flokkinn. Hitt hefur mér aldrei hugkvæmzt, að bera það undir minn flokk, hvaða skoðanir ég ætti að hafa á einstökum málum og óska eftir atkvgr. um það. En eins og þarna kemur fram, þá er þetta mín skoðun á verðlagsmálunum, sem ég var að lýsa. Ég veit, að það eru mismunandi skoðanir okkar framsóknarmanna á þessum málum, við leyfum okkur nefnilega stundum að hafa mismunandi skoðanir á einstökum málum. Það þekkist kannske ekki í flokki hæstv. ráðh.

Mér hefur heldur ekki hugkvæmzt fram að þessu að bera það undir hæstv. viðskmrh., dr. Gylfa, eða Goethe, hvaða skoðanir ég ætti að hafa á einstökum málum, mér hefur bara ekki dottið það í hug. Og ég veit ekki, hvernig mér gengur að ná til þeirra beggja, þó ég vildi nú taka upp þann sið að fá leiðbeiningar hjá þeim um það, hvaða skoðanir ég eigi að hafa á einstökum málum. Ég veit það ekki.

Ja, ég sé ekki, að ég þurfi að svara þessu meira. Þetta nál. er mitt fyrirtæki. Ég veit ekkert um það, ég hef ekkert kannað það, hvernig mínir flokksbræður í þ. líta á þessar brtt. mínar, eða hvernig þeir munu greiða atkv. um þær. Og eins og ég segi, ég veit, að það eru eitthvað skiptar skoðanir um verðlagseftirlit í mínum flokki, sumir telja það gera eitthvert gagn, og aðrir telja, að það sé vafasamt, að það geri nokkurt gagn, og ég er þeim megin.

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. Ég ætlaði ekki að taka þátt í þessum umr., en það eru aðeins örfáar setningar út af því, sem hæstv. viðskmrh. sagði. Ég vil fyrst segja, að það er ekki stefna Framsfl. að afnema verðlagseftirlit, eins og nú standa sakir, en á hinn bóginn höfum við ekki neina tröllatrú á verðlagseftirliti og teljum ýmsa ágalla á framkvæmd þess, en það er samt ekki stefna flokksins að afnema verðlagseftirlitið. Hann telur nauðsynlegt að hafa það, eins og nú er ástatt í okkar þjóðfélagi, og það kemur svo fram við atkvgr., hvernig einstakir þm. flokksins líta á þetta mál. Við höfum ekki nærri því eins miklar áhyggjur af því og hæstv. viðskmrh., þó að við kunnum að vera ósammála í Framsfl. um eitt og annað. Við höfum ekki neinar áhyggjur af því. Þess vegna grípur okkur engin skelfing, þó að það komi í ljós stöku sinnum, að við erum ekki

allir þræddir upp á sama band í öllu. En það er kannske eðlilegt, að hæstv. viðskmrh. bregði í brún, þegar slíkt kemur fram, eða undrist, því að það er vitanlegt, að hans aðalstarf er fólgið í því að þræða Alþfl.-menn nauðuga upp á eitt band í öllum málum. Það er ekkert óeðlilegt, þó að maður, sem hefur þetta aðalstarf, og hefur jafnmikið fyrir því og hæstv. viðskmrh. að þræða þá upp á bandið, sé hissa, þegar hann verður var við svona undarlegt fyrirbrigði, sem sé að það skuli vera til flokkur í landinu, sem er þannig vaxinn og skipaður, að þar séu ekki allir alltaf sammála um allt, enda heyrðum við, að hæstv. ráðh. var mikið niðri fyrir, þegar hann ræddi þetta atriði.

Hæstv. ráðh. hefur hér visst hlutverk á Alþ. nú síðustu misserin, og það er að hlaupa upp af og til og halda smáskammarræðustúfa um framsóknarmenn. Ég hef engar áhyggjur af þessu. Ég segi alveg hreinskilnislega eins og er, ekki hinar minnstu, og það er m.a. eitt, sem gerir það að verkum, að ég tek þetta svona létt. Og það er þetta: *Ég man vel, hvernig* hæstv. viðskmrh. talaði um sjálfstæðismenn hér áður á meðan hann vann með Framsfl., og fann enga leið aðra en stuðning framsóknarmanna til þess að fá ráðherrasæti. Þá voru þeir ágætir, en aftur á móti voru sjálfstæðismenn þá svo fyrir neðan allar hellur, að róttækari lýsingar á þeim hafa víst aldrei verið fluttar á Alþ. en hæstv. viðskmrh. flutti þá. Af þessum ástæðum er ég alveg rólegur, og hef engar áhyggjur af þessu, ekki hinar minnstu, og tek þetta ákaflega létt. Ég þekki sem sé hæstv. viðskmrh., við þekkjum hann allir og vitum, hvernig hann snýr snældunni sinni, hann kann það, og það er engin hætta á öðru en að hann snúi henni öðruvísi, þegar honum finnst þess þurfa, finnst þurfa að gera það næst. Þá verða það öðruvísi ræður, sem hann flytur um framsóknarmenn, en þær sem hann flytur núna. Alveg eins og ræðurnar, sem hann flytur nú um Sjálfstfl., eru öðruvísi en þær voru á sinni tíð.

Hæstv. viðskmrh. virðist vera mjög tilfinningarík maður, þannig að hann færir þetta út í dálítið skrýtilegar öfgar, en það verður bara að taka hæstv. ráðh. eins og hann er. Þessi ræðuhöld ráðh. eru eiginlega orðin eins konar fastur gamanþáttur á Alþ., sem menn *skemmta sér við, og það er raunar ekki of margt til upplyftingar* — satt að segja — í þessari stofnun, þó að þessi þáttur verði ekki frá manni tekinn, enda vona ég, að hann flytji hér á eftir einn pistil í viðbót.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Nú ætla ég að koma form. þingfl. Framsfl. mjög á óvart. Sannleikurinn er sá, að ég er þannig gerður, svo að ég víki að sjálfum mér, fyrst hann lýsti mér allrækilega, að ég hef miklu meiri ánægju af því að vera sammála mönnum en ósammála, og þess vegna þykir mér mjög vænt um það að geta tekið það fram, og það var erindi mitt í ræðustól, þó að form. þingflokks Framsfl. hefði ekki kvatt sér hljóðs, að taka það fram, að ég er í öllum aðalatriðum sammála því, sem háttv. 4. þm. Reykv., Þórarinn Þórarinsson, sagði í sinni ræðu um efni þess máls, sem hér er um að ræða.

Ég er honum alveg sammála um það, að það samkomulag, sem á sínum tíma var gert milli launþegasamtaka annars vegar og vinnuveitenda hins vegar með aðild ríkisstjórnarinnar, var skynsamlegt á sínum tíma, og það á að haldast. Ég er honum einnig sammála um, að full ástæða er til þess að vara við oftrú á verðlagseftirliti. Ég hef enga oftrú á verðlagseftirliti, og tel menn her á landi yfirleitt ekki hafa það, þannig að fyllsta ástæða er til að það komi skýrt fram, að þó að við séum andstæðingar í almennum stjórnmálum, þá erum við sammála um þetta, að verðlagseftirlit er ekkert allsherjarráð til þess að tryggja kaupmátt launþega, og þeir mega ekki hafa of mikla trú á því, að þeir með hjálp verðlagseftirlits geti tryggt sér kaupmátt launa sinna einmitt af þessu. Auk þess hefur framkvæmd verðlagseftirlits hér á landi verið mjög gölluð að mörgu leyti um áratuga skeið, og jafnvel svo, að í grundvallaratriðum er hún byggð á mjög hæpnum reglum. En við háttv. þm. erum sammála um það, að eins og nú háttar í íslenzkum efnahagsmálum og í íslenzku þjóðfélagi, þá væri það til mikils tjóns, ef verðlagseftirlit væri skyndilega afnumið, eins og fulltrúi Framsfl. í fjhn. hefur lagt til. Einmitt vegna þessa, að ríkisstj. er þeirrar skoðunar, sem ég hef nú gert grein fyrir, og mér þykir mjög vænt um það, að hv. þm. Þórarinn Þórarinsson er alveg á sömu skoðun, þá höfum við gert ráðstafanir til þess, að samið verði frv. um vörn gegn einokun og vörn gegn hringamyndun og misnotkun hringa á sinni valdaaðstöðu í verðlagskerfinu. Að þessu frv. hefur verið unnið um nokkurt skeið undanfarið, m.a. með aðstoð dansks sérfræðings í þessum málum, og fyrirmyndin er sú löggjöf, sem gildir í Danmörku um þessi efni. Hann er skrifstofustjóri í danska einokunareftirlitinu, monopolráðinu danska, einn fróðasti maður í Danmörku um þessi efni. Ákvörðun hefur ekki verið tekin um það enn, hvort eða hvenær þetta frv. verður lagt fram, en ég vona, að þingfl. *geti fengið það til athugunar og meðferðar nú* þegar á þessu þingi, þannig að það geti — hér er um mjög flókið og vandasamt mál að ræða — a.m.k. komið til athugunar hjá þingfl. áður en næsta þing kemur saman. Að þessu leyti geta þessar umr. endað ánægjulega, þegar maður, sem ég vona að mér sé óhætt að taka meira mark á sem málsvara Framsfl. en fulltrúa flokksins í fjhn., er mér og ríkisstj. í grundvallaratriðum sammála um þetta mál, og þetta kom raunar einnig fram, mér til mikillar ánægju, í ræðu sjálfs form. þingflokks Framsfl.

En í þessu sambandi get ég þó ekki látið hjá líða að geta þess að þrátt fyrir ágætar yfirlýsingar formanns Framsfl. og eins hins valdamesta þm. hans um afstöðu þeirra í verðlagsmálum, þá verð ég að láta það koma fram hér, ég segi nú því miður, að þegar opinberlega hafa birzt fregnir um afstöðu þess eina framsóknarmanns, sem á sæti í verðlagsnefnd, hafa þær verið með talsvert öðrum hætti heldur en hér koma fram, þ.e.a.s., þeir hafa báðir lýst því yfir, að þeir telji undir núverandi kringumstæðum verðlagseftirlit vera nauðsynlegt og skynsamlegt, það er einnig mín skoðun, og það er einnig skoðun ríkisstjórnarinnar. En eftir því, sem fram hefur komið opinberlega í blöðum, þá hefur fulltrúi Sambands ísl. samvinnufélaga, sem allir vita, að er framsóknarmaður, og átti að kannast við það sjálfur, því ég hef ekki skrökvað neinu upp á manninn, haft talsvert aðra afstöðu. Hann notar hvert tækifæri, sem hann fær, til þess, eftir því sem hefur komið fram

opinberlega, ég er ekki að segja frá neinu, sem er einkamál n., til þess að berjast fyrir afnámi verðlagsákvæða, og í hvert skipti, sem það kemur á dagskrá, að afnumið skuli verðlagseftirlit, þá styður þessi fulltrúi Sambands ísl. samvinnufélaga, þessi framsóknarmaður í n., þá ákvörðun. Og hann styður hverja einustu till., sem fram kemur um hækkun á álagningu, þrátt fyrir það, sem þessir menn segja hér á hinu háa Alþ., og þrátt fyrir það, sem getur að lesa í Tímanum um þessi efni. Þetta var auðvitað ein af ástæðunum til þess, að ég vildi fá að vita hér í upphafi, hver talaði fyrir hönd Framsfl., fulltrúi hans í fjhn. eða einhverjir aðrir, sem höfðu lýst yfir þveröfugri skoðun. Nú eru komnar tvær skoðanir fram hér í hv. deild af hálfu Framsfl. í málinu, en sá maður, sem völdin og áhrifin hefur af hálfu Framsfl., er á móti verðlagseftirliti og hann greiðir atkv. með hverri einustu till. til hækkunar á álagningu, ef hann fær tækifæri til.

Þetta er svar mitt við ræðu form. þingflokks Framsfl. Þetta hafði hann upp úr sínum orðum. (Gripið fram í.) Og hv. fulltrúa Framsfl. í fjhn. vildi ég kveðja með þessum orðum, að mér er ánægja, að hann fær ekki að ráða skoðun og stefnu Framsfl. í málinu, en bara segja að síðustu, að mér hefur alltaf þótt og þykir enn skoðun bóndans og skáldsins Skúla Guðmundssonar bæði skynsamlegri og skemmtilegri en skoðanir framsóknarmannsins Skúla Guðmundssonar.

ATKVGR.
Brtt. 187,1 samþ. með 25 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 26 shlj. atkv.
Brtt. 190 felld með 23:1 atkv.
— 187,2 samþ. með 26 shlj. atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 25 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 25 shlj. atkv.

Á 32. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr. (A. 195).

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 28 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 25 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 30. fundi í Ed., 18. des., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 33. fundi í Ed., s. d., var frv. aftur tekið til 1. umr.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Svo sem hv. þdm. án efa er kunnugt, gerði síðasta Alþ. þá breyt. á verðlagslögum að skipun verðlagsnefndar skyldi breytt. Var þá ákveðið til eins árs, að verðlagsnefnd skyldi skipuð 9 mönnum, þrír skyldu skipaðir samkvæmt tilnefningu Alþýðusambands Íslands, einn samkvæmt tilnefningu Bandalags starfsmanna ríkis og bæja, tveir samkvæmt tilnefningu Vinnuveitendasambands Íslands, einn samkvæmt tilnefningu Verzlunarráðs Íslands og einn samkvæmt tilnefningu Sambands ísl. samvinnufélaga. Níundi maðurinn skyldi vera ráðuneytisstjórinn í viðskmrn., og skyldi hann vera form. nefndarinnar. Þessi nýja skipan er ákveðin til eins árs, þ.e.a.s. til ársloka 1968, og falla því þessi ákvæði úr gildi um næstu áramót. Engin ósk hefur komið fram um það að breyta þessu skipulagi frá neinum þeim aðila, sem nú á fulltrúa í verðlagsnefnd. Þess vegna þótti ríkisstj. einsýnt að gera ráð fyrir því, að þessi skipun yrði framlengd. Upphaflega lagði ríkisstj. fram frv. um það í Nd., að þessi skipun skyldi framlengd til fjögurra ára, en ég lýsti yfir í framsögu, að ef hv. Alþ. eða þn. sýndist eðlilegra að hafa bráðabirgðaskipun enn um sinn á þessum málum, þ.e.a.s. framlengja þessa skipun til eins árs aðeins, þá gæti ríkisstj. samþykkt það fyrir sitt leyti. Sú var niðurstaðan í hv. Nd., að hún óskaði þess, að frv. yrði framlengt aðeins til næstu áramóta, og var það samþykkt með shlj. atkv. Þess vegna er frv. þannig breytt komið til hv. Ed., og vildi ég leyfa mér að mælast til þess, að d. afgreiddi það áður en jólafrí hefst, til þess að lögin falli ekki úr gildi um næstu áramót.

Að svo mæltu leyfi ég mér að óska þess, herra forseti, að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. fjhn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv. og til fjhn. með 19 shlj. atkv.

Á 36. fundi í Ed., 19. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 195, n. 212).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 16 shlj. atkv.

Frsm. (Sveinn Guðmundsson): Herra forseti. Frv. til l. um breyt. á l. um verðlagsmál nr. 54 frá 14. júní 1960 er komið frá Nd. Er hér einvörðungu um framlengingu nefndra laga að ræða. Gert hafði verið ráð fyrir óbreyttri skipan verðlagsnefndar næstu fjögur ár, en hv. Nd. ákvað gildistíma til loka ársins 1969 eða til eins árs, en þá er gert ráð fyrir, að lokið sé framtíðarskipan þeirra mála, sem nú er unnið að. Samkvæmt þessum lögum eiga sæti í verðlagsnefnd þrír fulltrúar Alþýðusambands Íslands, tveir frá Vinnuveitendasambandi Íslands, einn frá Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, einn frá Sambandi ísl. samvinnufélaga, einn frá Verzlunarráði og ráðuneytisstjóri viðskmrn., sem er form. n. Fjhn. d. mælir með, að þetta frv. verði samþ. óbreytt og skilar nál. á þskj. 212.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

Á 38. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 15 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 19 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 226).

11. Ferðamál.

Á 1. fundi í Sþ., 14. okt., var útbýtt frá Nd.:

Frv. til l. um breyt. á l. um ferðamál, nr. 29 30. apríl 1964 [14. mál] (stjfrv., A. 14).

Á 4. fundi í Nd., 21. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Frv. þetta er flutt til breytinga á l. um ferðamál nr. 29 30. apríl 1964. Nú, þegar liðið er á 5. ár frá því að lög um ferðamál voru sett, er nokkur reynsla fengin fyrir því, hvernig þessi lög hafa reynzt, og ekki er að efa, að samkv. þessum l. hefur margt verið unnið nytsamt í ferðamálum þjóðarinnar.

Ferðamálasjóður hefur veitt lán til lagfæringar á gisti- og veitingastöðum víðs vegar um land, þannig að það er allt annað nú heldur en var fyrir nokkrum árum að veita ferðamönnum viðtöku víðs vegar um landið. Hitt er svo annað mál, að Ferðamálasjóður hefur haft yfir of litlu fjármagni að ráða og enn er margt ógert í þessu efni til þess að uppfylla þær kröfur, sem eðlilegt er, að ferðamenn, bæði innlendir og erlendir, geri. En þetta stendur mikið til bóta.

Ferðaskrifstofur hafa verið starfandi samkv. þessum l. hér í landi, og hafa þær vitanlega átt mikinn þátt í því að skipuleggja ferðalög útlendinga til landsins og um landið. Það hefur orðið mjög mikil aukning á ferðamannafjölda til landsins hin síðari ár. Þess má geta, að fyrir 10 árum komu hingað til lands 10.111 ferðamenn, en það er talið, að á þessu ári muni ferðamannafjöldinn verða 42—43 þús. Þessir menn skila vitanlega talsverðum gjaldeyri, en það fer vitanlega eftir því, hversu lengi þeir dvelja í landinu, og einnig eftir því, hvernig þeir ferðast. Sé gert ráð fyrir, að hver ferðamaður skili í erlendum gjaldeyri sem dvalarkostnaði hér í landi 5 þús. kr., eru það 210—215 millj. kr. Auk þess ber að geta þess, að þeir útlendu ferðamenn, sem koma til landsins, ferðast svo til eingöngu með íslenzkum flugvélum, og væri gert ráð fyrir, að fargjaldið kosti 10—12 þús. kr. fram og til baka að meðaltali, er þar um að ræða 45—50 millj. kr. gjaldeyristekjur, sem útlendingarnir gefa, vegna þess að þeir ferðast með íslenzkum farkostum. Það má því áætla, að útlendir ferðamenn hafi skilað í erlendum gjaldeyri á þessu ári um 260—270 millj. kr. Það mætti gjarnan vera meira, og þetta verður vitanlega meira í framtíðinni, ef aukningin getur orðið áfram svo sem hún hefur verið nú í seinni tíð. En þetta sýnir, að það er þess virði að gefa ferðamálunum gaum, og ferðamálin geta orðið hér í landi þýðingarmikil og tekjumikil atvinnugrein ekki síður en víða annars staðar.

Það hefur að sjálfsögðu komið sér vel, að hér í Reykjavík hafa risið upp þrjú hótel á tiltölulega stuttum tíma, Hótel Saga, Hótel Loftleiðir og Hótel Holt, og menn spyrja nú, þegar þeir tala saman um ferðamál, hvernig var hægt að komast af áður en þessi hús voru tekin í notkun? Það eru þó ekki meira en 6—7 ár, 6 ár líklega, síðan Hótel Saga tók til starfa, enn skemmri tími síðan Loftleiðir komu til og enn styttra síðan Hótel Holt byrjaði. Og það mun ekki langur tími líða þangað til þetta hótelpláss hér í höfuðborginni verður of lítið. En það er ekki nóg, þótt hótelrými sé hér, það þarf einnig að verða víðs vegar úti um land. Það virðist vera mjög vinsælt og vinsælla með hverju ári sem líður hjá útlendum ferðamönnum að ferðast um landið, auk þess sem það væri hollt og jafnvel hollara fyrir Íslendinga að gera meira að því að ferðast um sitt eigið land en fara til Mallorca eða annarra landa.

Frv. þetta samkv. 1. gr. kveður á um skilyrði til þess að geta öðlazt leyfi til rekstrar ferðaskrifstofa og sjá hv. þm. það, hvaða skilyrði það eru og tel ég, að það sé sjálfsagt að hafa þau nokkuð ströng, eins og hér er kveðið á um. Það er einnig samkv. 2. gr. frv. gert ráð fyrir því að hækka tryggingarféð upp í 1½ millj., en samkv. gildandi l. er það aðeins 350 þús. En ferðaskrifstofur hafa umsvifamikinn rekstur. Þær taka við fjármunum manna, og veltan getur orðið upp á margar millj. og það er þess vegna eðlilegt, að þeir, sem með þessa starfsemi hafa að gera, leggi fram allháa tryggingu fyrir starfseminni, til þess að þeir, sem trúa ferðaskrifstofunum fyrir fjármunum sínum og fyrirgreiðslum, verði ekki fyrir tapi vegna vanhalda af þeirra hálfu.

Þá verður gert ráð fyrir því samkv. 3. gr. þessa frv., að þeir, sem reka ferðaskrifstofur, hafi nákvæmt bókhald skv. bókhaldslögum og að rekstrarreikningar og efnahagsreikningar skuli árlega sendir samgmrn., til þess að það eigi hægara með að fylgjast með rekstrinum. En það er vitanlega nauðsynlegt, að bæði Ferðamálaráð og rn. eigi þess kost á hverjum tíma.

4. gr. kveður á um það, hvenær leyfi til rekstrar ferðaskrifstofu geti fallið niður og 5. gr. um, hvernig fara skuli með, ef leyfishafi andast, að ekkju hans, sem situr í óskiptu búi, er þá heimilt að halda rekstrinum áfram í eitt ár, enda sé þá fullnægt öllum almennum skilyrðum.

Það er ekki ástæða til að fjölyrða öllu meira um þetta frv., sem hér liggur á borðum hv. þm. og skýrir sig sjálft, en ég ætla, að með því að lögfesta það verði nánar ákveðið um ýmislegt í framkvæmd l. um ferðamál og rekstur ferðaskrifstofa, og þetta frv. verði til þess að gera l. skýrari og öruggari en þau nú eru, enda er nú fengin nauðsynleg reynsla fyrir því, hvernig með þessi mál skuli fara, reynsla, sem vart var fyrir hendi, þegar lög um ferðamál voru sett 1964.

Herra forseti. Ég legg svo til, að málinu verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. samgmn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til samgmn. með 23 shlj. atkv.

Á 34. fundi í Nd., 18. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 14, n. 193).

Frsm. (Friðjón Þórðarson): Herra forseti. Samgmn. hefur haft frv. þetta um ferðamál til athugunar og rætt það á nokkrum fundum. Einnig hefur frv. verið sent

allmörgum aðilum til umsagnar, eins og getið er um í nál. Ýmis sjónarmið hafa komið fram, bæði hjá nm. og í aðsendum umsögnum, en nm. urðu að lokum sammála um að mæla með því, að frv. verði samþ. óbreytt, en hver einstakur nm. hefur þó áskilið sér rétt til að fylgja brtt., sem fram kunna að koma.

Lög um ferðamál eru nú á fimmta ári, nr. 29 frá 30. apríl 1964, og skiptast þau í 5 kafla.

1. kafli fjallar um almennar ferðaskrifstofur,
2. um Ferðamálaráð,
3. um Ferðaskrifstofu ríkisins,
4. um Ferðamálasjóð og
5. um ýmis ákvæði.

Það er aðeins I. kafli 1., ákvæði 1.—10. gr. um almennar ferðaskrifstofur, sem talin er nú þörf á að endurskoða og breyta. Í aths. við frv., eins og það var lagt fyrir Alþ. í fyrra, segir svo m.a.:

„Rekstur ferðaskrifstofu er að því leyti frábrugðinn annarri atvinnustarfsemi, að viðskiptamaðurinn greiðir oft fyrirfram þá þjónustu, sem ferðaskrifstofan veitir. Af því leiðir, að viðskiptavinurinn á þá undir heiðarleika ferðaskrifstofunnar fyrst og fremst, hvort hann fær þá þjónustu fyrir greiðslu sína, sem til er ætlazt og um var samið. Þegar við þetta bætist, að ferðaskrifstofur fá í langflestum eða öllum tilfellum gjaldfrest hjá skipafélögum, flugfélögum, hótelum og greiðasölustöðum, liggur í augum uppi, að starfsemi ferðaskrifstofa krefst ekki mikils rekstrarfjár. Nokkur freisting er því fyrir hendi fyrir einstaklinga til að hefja rekstur ferðaskrifstofu í skjóli þessa, án þess að ráða yfir nægilegu fjármagni til þess að mæta óvæntum áföllum."

Í umsögnum þeirra aðila, sem svarað hafa og sagt álit sitt á þessu frv., gætir að sjálfsögðu ýmissa sjónarmiða. Þar er fyrst að drepa á umsögn Ferðamálaráðs. Þess má geta fyrst, að aðalatriði þessa frv. er það að breyta nokkuð til um skilyrði til að öðlast leyfi til að reka ferðaskrifstofu, og í öðru lagi er tryggingarfjárhæð sú, sem ferðaskrifstofu er ætlað að setja, hækkuð úr 350 þús. upp í 1½ milljón.

Í umsögn Ferðamálaráðs er fyrst tekið fram, að það telur ástæðu til þess að lækka aldursskilyrðið úr 25 árum niður í 21 ár. Að öðru leyti tekur Ferðamálaráð fram, að fyrir því vaki fyrst og fremst það, að þröngar skorður verði ekki reistar fyrir því, að einstaklingur geti öðlazt þetta leyfi, en Ferðamálaráð og ráðuneyti eigi þess kost að meta hæfileika umsækjenda hverju sinni. Í öðru lagi bendir Ferðamálaráð á, að það sé nauðsynlegt að endurskoða einnig aðra kafla þessara laga um ferðamál en fyrsta kaflann, sem hér hefur verið gerður að umtalsefni. Umsögn Flugfélags Íslands og Eimskipafélags Íslands snúast á svipaða sveif og Ferðamálaráðs.

Þá er hér umsögn Sambands matreiðslu- og framreiðslumanna. Þeir eru hlynntir frv., en taka fram, eins og hér var raunar nefnt áðan, að þeir vilji gjarnan gerast aðilar að Ferðamálaráði, þar sem hér sé um veigamikið atriði í ferðamannaþjónustu að ræða.

Síðan er umsögn Ferðaskrifstofu ríkisins, en hún telur þvert á móti, miðað við það, sem ég áðan sagði, að það sé varhugavert að lækka aldursskilyrðið úr 25 árum niður í 21 árs aldur.

Loks eru umsagnir frá ýmsum ferðaskrifstofum, svo sem eðlilegt er. Það má heita sameiginlegt þeim umsögnum, að þær eru ekki mjög hrifnar af því, að tryggingarféð skuli hækkað með þessu frv. úr 350 þús. upp í 1½ millj., en geta þó ýmissa atriða, sem gera þetta eðlilegt. Hér segir t.d. í einni umsögninni:

„Óeðlileg samkeppni hefur ríkt á athafnasvæði íslenzkra ferðaskrifstofa undanfarin ár með þeim afleiðingum, að tvö fyrirtæki hafa orðið gjaldþrota með skömmu millibili. Hefur það valdið þessari atvinnugrein miklu tjóni og íslenzkum ferðamálum álitshnekki, sem seint verður bættur."

Það er náttúrlega ástæða til þess, að þær ferðaskrifstofur, sem starfað hafa undanfarin ár með prýði, séu ekki sérlega hrifnar af þessu ákvæði, eins og t.d. kemur fram í bréfi frá ferðaskrifstofu, sem rekur aldur sinn 112 ár aftur í tímann. Segir svo í því bréfi:

„Ferðaskrifstofa mín, sem er framhald af starfsemi, sem hófst fyrir 112 árum, er Geir Zoëga útgerðarmaður hóf 1856 móttöku erlendra ferðamanna, hefur ávallt verið rekin á þann hátt, að forðast hefur verið að taka að sér áhættusamar skuldbindingar, enda hafa meginviðskipti okkar ætíð verið móttaka erlendra ferðamanna, en þau viðskipti má áætla að séu áhættulaus."

Þannig mætti rekja þessar umsagnir áfram, en ég sé ekki ástæðu til að fara lengra út í þær.

Við vitum það, að ferðamannaþjónusta á nútímavísu er ung atvinnugrein hér á landi, sem flestir eru sammála um að styrkja beri og efla á allan veg. Ísland hefur örugglega upp á margt að bjóða sem ákjósanlegt ferðamannaland, svo sem bent hefur verið á af mörgum aðilum við ýmis tækifæri og nú síðast í Sþ. í dag. En eitt meginskilyrði þess, að slík þjónusta nái að þróast og dafna með eðlilegum hætti er það, að ferðafólkið sjálft, innlent og erlent, svo og aðrir viðsemjendur, geti notið öryggis í skiptum sínum við trausta aðila, sem skipuleggja og annast þessi mál hérlendis. Að því miða ákvæði þessa frv. og hefur samgmn., eins og áður segir, lagt til, að frv. verði samþ. óbreytt.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.

2.—7. gr. og ákvæði til bráðabirgða samþ. með 21 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 22 shlj. atkv.

Á 35. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 23 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 24 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 34. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði leyfð og samþ. með 17 shlj. atkv.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Frv. þetta skýrir sig sjálft. Það er um ferðamál. Það er í 7

greinum og hefur þær breytingar aðallega í för með sér að ákveða, hvaða skilyrði þarf að uppfylla, til þess að leyfi fáist til ferðaskrifstofurekstrar, og einnig um það, hvenær leyfi fellur niður til þess að reka ferðaskrifstofu, og það, að hækka tryggingarféð úr 350 þús. í 1½ milljón.

Ég sé ekki ástæðu til, herra forseti, að fara fleiri orðum um þetta mál til skýringar, vegna þess að því fylgir allgóð grg., og legg til, að málinu verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. samgmn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv. og til samgmn. með 17 shlj. atkv.

Á 38. fundi í Ed., 19. des., var frv. tekið 2. umr. (A. 14, n. 220).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 15 shlj. atkv.

Frsm. (Jón Árm. Héðinsson): Herra forseti. Eins og fram kemur af nál. 220, er hv. samgmn. sammála um að mæla með samþykkt frv., eins og það liggur fyrir. Aðalefnisbreytingin í frv. er sú, að svo kallað tryggingarfé í rekstri ferðaskrifstofa er hækkað úr 350 þús. í 1.5 millj. kr. Þetta er mjög eðlilegt, þegar litið er á það, að starfsemi í ferðamálum fer mjög vaxandi og ferðaskrifstofur taka að sér miklu stærri hópa og senda þá í langar ferðir, og það er vitað mál, að þegar allar greiðslur eru lagðar inn í gegnum ferðaskrifstofu, þá verður öll starfsemi hjá ferðaskrifstofunni að vera 100% trygg, annars getur illa farið, og því miður eru tvö dæmi þess hér, að miður hefur tekizt, sem bakað hefur Íslandi neikvætt álit út á við.

Til þess að koma í veg fyrir slíka þróun, er eðlilegt að setja nokkuð hærri upphæð í tryggingarfé en var, og ég tel þess vegna þetta spor í rétta átt að hækka úr 350 þús. upp í 1.5 millj. umrætt tryggingarfé.

Að öðru leyti þarf ekki að fara mörgum orðum um frv., það skýrir sig sjálft.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.

2.—7. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.

Ákvæði til bráðabirgða samþ. með 16 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 16 shlj. atkv.

Á 39. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 17 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 17 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 227).

---

12. Tollskrá o. fl.

Á 1. fundi í Sþ., 14. okt., var útbýtt frá Ed.:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 63 31. maí 1968, um tollskrá o. fl. [8. mál] (stjfrv., A. 8).

Á 4. fundi í Ed., 21. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Frv. það til breytinga á tollskránni, sem hér liggur fyrir, er töluvert fyrirferðarmikið að rúmmáli til, en hins vegar ekki svo mjög veigamikið að efni, þannig að þar er ekki um að ræða neinar grundvallarbreytingar á tollskránni.

Síðustu heildarlög um tollskrá voru sett árið 1963, og þau lög voru sniðin eftir tollskrárfyrirmynd Tollasamvinnuráðsins í Brüssel, svonefndri Brüssel-tollskrá, eins og hún var 1959. Þetta frv. er fyrst og fremst borið fram til þess að samræma íslenzku tollskrána þeim breytingum, sem orðið hafa á Brüssel-tollskránni frá þeim tíma, en alls hafa verið gerðar á henni þrettán breytingar, án þess að íslenzku tollskránni hafi verið breytt til samræmis. Þannig höfum við dregizt aftur úr og höfum þess vegna ekki fyllilega notið þess hagræðis, sem því er samfara að hafa sama tollskrárform og helztu viðskiptaþjóðir okkar, en nú munu 93 þjóðir í öllum heimsálfum hafa sniðið tollskrár sínar eftir Brüssel-fyrirmyndinni. Eftirleiðis verður stefnt að því að breyta íslenzku tollskránni jafnóðum, þannig að ekki komi til misræmis við aðrar þjóðir, sem nota sömu fyrirmynd. Má segja, að samræming þessi hafi dregizt úr hömlu, en er nú meira aðkallandi en áður, þegar við erum orðnir fullgildir aðilar að GATT-samkomulaginu, en allar aðildarþjóðir þess í Evrópu hafa hjá sér tollskrár í samræmi við Brüssel-fyrirmyndina og GATT- samþykktir eru gerðar í samræmi við hana. Eftir þá 5 ára reynslu, sem fengin er á notkun Brüssel-skrárinnar, er óþarfi að rekja í löngu máli þá kosti, sem því eru samfara að hafa tollskrá, sem byggð er upp á sama hátt og nær allar viðskiptaþjóðir okkar hafa, enda er það samdóma álit allra, sem fást við innflutning vara, að mikið hagræði hafi verið að þeim breytingum, sem gerðar voru á árinu 1963.

Með þessu frv. fylgir ítarleg grg., og eins og sést á athugasemdum við einstakar brtt., valda þessar breytingar ekki eins miklum breytingum á tollflokkum vara og tollum og ætla mætti, miðað við það, hvað breytingarnar eru margar. Stafar þetta af því, að tolltaxtar íslenzku tollskrárinnar eru ekki eins margvíslegir og víðast hvar annars staðar, og sömu tolltaxtar eru hér fyrir skyldar vörur og fyrir vörur innan sama flokks og kafla. Þó að vörur færist þannig milli flokka, kafla og númera, breytist tollurinn ekki af þeim, eða þá aðeins mjög óverulega, eins og gerð er grein fyrir með hverri brtt. fyrir sig.

Þegar samþykktin um sameiginlega tollskrárfyrirmynd var, að undirlagi Sameinuðu þjóðanna, gerð í Brüssel um miðjan desember 1950, var einnig undirrituð samþykkt sú um verðákvörðun vara til tollútreiknings, sem hér fylgir með þessu frv. sem fskj. nr. 1. Nú hafa margar þjóðir tekið í tollalög sín reglur, sem byggðar eru á verðskýringu Brüssel-samþykktarinnar, þar á meðal allar Norðurlandaþjóðirnar. Í 3. gr. þessa frv. er lagt til að leggja að öllu leyti verðskýringu Brüssel-samþykktarinnar til grundvallar við ákvörðun tollverðs hér á landi. Till. þessi, þó samþykkt yrði, hefur ekki áhrif á niðurstöðu varðandi tollverð vara, þar sem það verður eftir sem áður verð varanna á innflutningsstað hér á landi, en það, sem breytist, eru einungis

reglurnar um uppbyggingu tollverðsins. Samkv. núgildandi ákvæðum er tollverðið verð vöru í útflutningslandinu að viðbættum sendingarkostnaði og öðrum kostnaði, sem fellur á vöruna, unz hún kemur í íslenzka höfn. Samkv. þeirri breyt., sem hér er lagt til, verður tollverð vara það verð, sem mundi fást fyrir vöruna á frjálsum markaði á þeim tíma, sem vara fer til tollmeðferðar og verður, eins og áður, miðað við innflutningsstað hér á landi eða cif-verð. Er verð þetta í frv. nefnt eðlisverð, normalverð eða það verð, sem hingað til hefur verið nefnt tollverð eða tollútreikningsverð.

Ég held svo ekki, herra forseti, að öðru leyti sé ástæða fyrir mig að ræða þetta mál í einstökum atriðum, nema ef tilefni gefst til þess. Það er að sjálfsögðu eðlilegt, að það verði athugað af þeirri hv. n., sem fær það til meðferðar, hvort hér er um nokkrar þær efnisbreytingar að ræða, sem gefa tilefni til þess að taka málið til nánari athugunar. Eins og ég áðan sagði, hygg ég það ekki vera, og ég legg á það áherzlu, að það hefur með þessu frv. ekki verið ætlunin að efna til neinna sérstakra efnisbreytinga á tollskránni umfram þær samræmingar, sem hér er gert ráð fyrir að lögfesta. Það hefur komið í ljós, síðan Brüssel-tollskráin var samþykkt og innleidd hér, að það eru alltaf að koma upp ný og ný vandamál, sem ekki hafa verið höfð í huga, þegar tollskráin var innleidd, og það er að sjálfsögðu nauðsynlegt fyrir alla aðila, til þess að menn viti, hvar þeir standa í þessu efni og ekki skapist neitt ósamræmi í túlkun á tollaákvæðum, að þessar lagfæringar séu gerðar, sem hér er lagt til að gerðar verði.

Ég vænti þess vegna þess, að hv. þdm. geti fallizt á að afgreiða þetta mál án þess að blanda inn í það áhugamálum öðrum, sem menn kynnu að hafa varðandi almennar tollabreytingar. Ég skal ekki um það segja á þessu stigi, hvort frv. um það efni verður lagt fyrir þetta þing, það fer eftir ýmsum atvikum, hvort svo verður. Tollamálin öll eru mjög í deiglunni, ekki hvað sízt vegna hugsanlegrar aðildar okkar að EFTA, og það verður að sjálfsögðu að marka heildarstefnu varðandi þær tollabreytingar, ef til kemur, því þar yrði um mjög veigamiklar breytingar að ræða.

Ég legg svo til, herra forseti, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. fjhn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv. og til fjhn. með 16 shlj. atkv.

Á 23. fundi í Ed., 9. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 8, n. 124).

Frsm. (Ólafur Björnsson): Herra forseti. Fjhn. hefur haft til meðferðar mál það, sem hér liggur fyrir, og eins og nál. á þskj. 129 ber með sér, leggur n. einróma til, að frv. verði samþykkt.

Þetta frv., sem er allmikið að vöxtum, er mjög tæknilegs eðlis. Þær breytingar, sem gerðar eru á tollstigum, eru sárafáar og litlar, eins og kom fram í framsöguræðu hæstv. fjmrh. fyrir frv., og það er eingöngu sprottið af tæknilegum rótum, að slíkar breyt. eru gerðar.

Það verður nú varðandi störf n. að málinu að segja hverja sögu, eins og hún gengur. Þetta frv. er mjög tæknilegt, þannig að n. hefur ekki haft nema lítinn tíma til þess að kryfja það til mergjar, enda finnst mér, að varla verði til þess ætlazt af sanngirni, þegar slík mál liggja fyrir, að venjulegar þingnefndir, eins og þessi, geti lagt í það mjög mikla vinnu að rannsaka slík mál. Þar höfum við orðið að fara þá leið, sem ef til vill er nú of almenn hér á hv. Alþingi, að treysta á þá sérfræðinga, sem þetta frv. hafa samið. Ég tel rétt, að þetta komi fram.

En það eru tvö smáatriði í síðustu og 9. gr. frv., sem ég vildi aðeins vekja athygli hv. þdm. á. Hvað annað atriðið snertir sýnist mér, að þar sé um augljósa prentvillu að ræða, þannig að það mætti leiðrétta hana sem slíka, en það er, þegar talað er um breytingu á þeim lögum og þessum, sem í gildi kunna að vera 1. janúar 1968. Það er auðsætt af því, sem á undan kemur, að þetta á að vera 1. jan. 1969, og vænti ég, að þetta megi leiðrétta sem prentvillu.

Annað atriðið er það, að 9. gr. gerir ráð fyrir því, að lög þessi öðlist þegar gildi. En í aths. við þessa gr. er þess getið, að hagstofustjóri hafi óskað eftir því vegna verzlunarskýrslna og annarra hagskýrslna um innflutninginn, sem miðast við áraskipti, að gildistaka laganna sé bundin við áramót. Má því segja, að þetta komi nokkuð í bága við ósk hagstofustjóra. En þetta frv. mun nú varla verða afgreitt hér á hv. Alþingi fyrr en undir jól, og væri þá ef til vill möguleiki á því að fresta staðfestingu laganna þannig, að þau taki ekki gildi fyrr en um áramót, en ég mun athuga það fyrir 3. umr., hvort ástæða er til að flytja sérstaka brtt. vegna þessara smáatriða, sem ég nú hef vakið athygli á.

Herra forseti. Samkv. því, sem ég hef sagt, leggur fjhn. til, að frv. verði samþ. án breytinga.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
2.–9. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Á 24. fundi í Ed., 10. des., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 16 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 26. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 27. fundi í Nd., 12. des., var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 26 shlj. atkv. og til fjhn. með 26 shlj. atkv.

Á 38. fundi í Nd., 19. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 8, n. 202).

Frsm. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Fjhn. hv. d. hefur haft frv. þetta til athugunar. Eins og fram

kemur á þskj. 202, mælir n. með samþykkt frv., en einstakir nm. áskilja sér rétt til að flytja eða fylgja brtt., sem fram kunna að koma. N. kvaddi á sinn fund þá Hermann Jónsson, fulltrúa tollstjóra og Björn Hermannsson, deildarstjóra í fjmrn., en þeir sitja báðir í þeirri n., sem fjallar um tollskrána og endurskoðun á henni.

Eins og fram kemur í grg. með þessu frv., er hér aðeins um að ræða samræmingu á tollskránni miðað við þær breytingar, sem gerðar hafa verið á Brüssel-tollskránni, en íslenzka tollskráin var samin eftir henni og samþ. hér á Alþ. Þær breytingar, sem hér er lagt til að gera, koma fram í grg. á bls. 14 í b-lið og eru aðeins 4 og mjög smávægilegar, en það er einnig gert ráð fyrir því í frv., að ef þessar breytingar hafa í för með sér einhver vandkvæði, sem fram kunna að koma, þá er heimild í frv. til þess að lækka aftur þá tolla, sem hér er gert ráð fyrir að hækka, en hækkanirnar, eins og ég gat um áðan, eru mjög smávægilegar.

Ég tel ekki ástæðu til þess að fjölyrða um frv. Það er þess eðlis, nánast tekniskt, en eins og fram kemur í nál., mælir n. með því, að það verði samþ. óbreytt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
2.—9. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 24 shlj. atkv.

Á 39. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 24 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 25 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 228).

---

13. Ráðstafanir í sjávarútvegi vegna breytingar gengis íslenzkrar krónu (stjfrv. til heildarlaga).

Á 20. fundi í Ed., 2. des., var útbýtt:

Frv. til l. um ráðstafanir í sjávarútvegi vegna breytingar gengis íslenzkrar krónu [89. mál] (stjfrv., A. 112).

Á 21. fundi í Ed., 3. des., var frv. tekið til 1. umr.

Félmrh. (Eggert G. Þorsteinsson): Herra forseti. Það er kunnara en frá þurfi að segja, hversu miklum erfiðleikum íslenzkur sjávarútvegur hefur átt í undanfarin tvö ár. Þessir erfiðleikar hófust með hinu mikla verðfalli afurðanna sumarið 1966 og mögnuðust síðan af aflabresti, fyrst á vetrarvertíð 1967 og síðan á síldarvertíð sama ár og nú loks á síldarvertíð þessa árs, sem hefur brugðizt með öllu að heita má. Þessir erfiðleikar eru svo stórfelldir, að hreint aflaverðmæti hefur á tveimur árum minnkað um meira en helming. Alger stöðnun sjávarútvegsins hefði átt sér stað þegar á árinu 1967, ef víðtæk aðstoð ríkisvaldsins hefði ekki komið til. Sú aðstoð var látin í té á árinu 1967 með greiðslu viðbótar við fiskverð og aðstoð hraðfrystihúsa vegna verðfallsins. Gengisbreytingin í nóvember 1967 varð sjávarútveginum til mikillar hjálpar, en áframhaldandi verðfall afurða og hækkun kostnaðar innanlands eyddu áhrifum hennar fljótlega að verulegu leyti. Reyndist því nauðsynlegt að halda áfram mikilli beinni aðstoð til frystihúsa og veita síldveiðunum beina aðstoð í fyrsta sinn. Mátti því heita, að því nær allar greinar sjávarútvegsins yrðu aðstoðar aðnjótandi í meira eða minna mæli.

Með þeirri gengisbreytingu, sem nú hefur verið framkvæmd, er stefnt að því að skapa sjávarútveginum eðlileg rekstursskilyrði. Er þá ekki gert ráð fyrir, að nein teljandi hækkun verði á útflutningsverðlagi á næstunni, né heldur að afli muni batna frá því, sem verið hefur á undanförnum tveimur árum. Virðist þetta vera sá eini raunhæfi grundvöllur, sem unnt er að byggja framtíðaráætlanir á. Á hinn bóginn hefur þess verið freistað að ganga eins skammt í leiðréttingu gengisins eins og frekast var unnt. Hin nýja gengisskráning mun þess vegna ekki skapa sjávarútveginum sérlega hagstæðan grundvöll. Flestar greinar hans munu varla gera betur en að standa undir rekstrarkostnaði og vöxtum og afborgunum af stofnlánum og sumar varla það. Af þessum sökum skiptir það höfuðmáli, að ekki verði nú að nýju þær hækkanir á framleiðslukostnaði innanlands, sem á skömmum tíma mundu eyðileggja þann nýja grundvöll, sem nú hefur verið myndaður. Til þess að gengisbreytingin nái þeim tilgangi sínum að skapa sjávarútveginum eðlileg rekstrarskilyrði, þarf ýmislegt fleira að koma til en gengisbreytingin sjálf. Aðrar nauðsynlegar ráðstafanir, sem sjávarútveginn snerta, hafa verið færðar saman í það frv., sem hér er nú lagt fram, frv. til l. um ráðstafanir í sjávarútvegi vegna breytingar gengis íslenzkrar krónu. Falla þessar ráðstafanir í þrjá höfuðflokka og fjalla þrír kaflar frv. um hvern þeirra.

Í I. kafla eru ráðstafanir, sem snerta ákvörðun nýs fiskverðs, stofnsjóðsgjald, kostnaðarhlutdeild fiskkaupenda í útgerðarkostnaði. Í II. kafla eru ákvæði, er snerta útflutningsgjald, og í III. kafla ákvæði, er snerta ráðstöfun gengishagnaðar.

Ef gengisbreytingin á að koma sjávarútveginum að tilætluðum notum, er nauðsynlegt, að útgerðarmenn og útgerðarfyrirtæki geti staðið undir þeim aukna rekstrarkostnaði skipanna, er af gengisbreytingunni hlýzt. Í öðru lagi er nauðsynlegt að tryggja það, að útgerðin geti greitt vexti og afborganir af stofnlánum sínum til Fiskveiðasjóðs og annarra stofnlánasjóða. Í þriðja lagi er nauðsynlegt, að tryggingakerfi skipanna, sem rekið er á sameiginlegum grundvelli, hafi nægar tekjur til að standa undir kostnaði vegna tryggginganna, en sá kostnaður hækkar mjög vegna gengisbreytingarinnar. Ekkert af þessum atriðum getur náðst, nema sérstök lagaákvæði komi til.

Ég vil leggja sérstaka áherzlu á þýðingu allra þessara atriða fyrir rekstur sjávarútvegsins og framtíðarþróun hans og þar með fyrir rekstur og framtíð alls atvinnulífs í landinu. Það þarf ekki að fara mörgum orðum um nauðsyn þess, að útgerðarmenn eða útgerðarfyrirtæki hafi nægjanlegar tekjur til þess að standa undir mikilli

hækkun rekstrarkostnaðar, svo sem af olíu og veiðarfærum, sem óhjákvæmilega hlýzt af gengisbreytingunni. Um nauðsyn þess geta varla verið skiptar skoðanir, þar eð sízt er þýðingarminna, að vextir og afborganir af stofnlánum bátanna greiðist. Íslenzk fiskiskip eru byggð með lánum úr Fiskveiðasjóði fyrst og fremst og með erlendum lánum, sem Fiskveiðasjóður ber ábyrgð á. Mjög mikið er nú ógreitt af slíkum lánum, vegna þess hve ör uppbygging bátaflotans hefur verið á undanförnum árum. Erfiðleikar útgerðarinnar hafa leitt til þess, að útgerðarmenn hafa ekki getað staðið í skilum með þessi lán, og varð að grípa til sérstakra ráðstafana í því skyni á s. l. ári með stofnun sjóðs, Stofnfjársjóðs fiskiskipa, og framlagi ríkissjóðs að upphæð 124 millj. kr. til þessa sjóðs. Fái Fiskveiðasjóður ekki með skilum vexti og afborganir af þessum útistandandi lánum, mun hann ekki geta staðið í skilum með skuldbindingar sínar gagnvart öðrum aðilum og þá fyrst og fremst erlendum lánveitendum, og hann mun ekki hafa fé til útlána til endurnýjunar skipastólsins eða meiri háttar viðgerða á skipunum. Hér er því um framtíð sjálfs fiskiskipaflota landsins að tefla. Sé ekki gengið tryggilega frá fjáröflun til þess að greiða vexti og afborganir af stofnlánum, verða þau fiskiskip, sem nú eru í eigu landsmanna, þau seinustu, er þeir eignast. Jafnframt því sem nauðsynlegt er að sjá fyrir greiðslu aukins rekstrarkostnaðar og endurnýjun fiskiskipastólsins verður svo einnig að sjá til þess, að fiskiskipaflotinn sé á hverjum tíma nægjanlega vel tryggður og fjár sé aflað til þess að standa undir iðgjöldum af þeim tryggingum.

Gert er ráð fyrir, að greiðsla aukins rekstrarkostnaðar sé tryggð með sérstakri kostnaðarhlutdeild fiskkaupenda í útgerðarkostnaði. Er lagt til, að þessi greiðsla fari fram við fiskkaup og nemi 17% af fiskverði eins og það er ákveðið á hverjum tíma. Er þessi upphæð miðuð við þá kostnaðaraukningu, sem verður í þorskveiðum vegna gengisfellingarinnar, en er allmiklu minni en kostnaðaraukningin verður í öðrum veiðum og þá einkum á síldveiðum.

Á hinn bóginn er lagt til, að stofnfjárvandamálið verði leyst með því að halda áfram starfsemi Stofnfjársjóðs fiskiskipa, sem stofnaður var, eins og ég áðan sagði, með l. nr. 58 frá 1. maí 1968. Til þessa sjóðs mundi nú renna stofnfjársjóðsgjald, er greiddist af hráefnisverðmæti aflans. Er lagt til, að gjaldið verði yfirleitt 10%, en þó 20% fyrir síld og humar. Eðlilegt er, að fjár til greiðslu stofnlána sé aflað með gjaldi af hráefnisverði, en ekki með fullunnum vörum. Eindregnar óskir hafa komið fram af hálfu útgerðarmanna um, að slíkt fyrirkomulag verði tekið upp, þannig að tryggt væri, að vextir og afborganir af stofnlánum væru greidd og Fiskveiðasjóður og aðrir opinberir sjóðir, er stofnlán veita, hefðu nægjanlegt fé undir höndum til veitingu stofnlána framvegis.

Tekjur af stofnfjársjóðsgjöldum eru áætlaðar 300—400 millj. kr. á ári eftir aflabrögðum, en það er nokkuð lægri upphæð en vextir og afborganir af fiskiskipum, sem nema rúml. 400 millj. kr. Ef stofnfjársjóðsgjöld og kostnaðarhlutdeild eiga að koma að þeim notum, sem ætlazt er til, þ. e. a. s. að standa undir auknum rekstrarkostnaði og sjá fyrir stofnfjárkostnaði skipanna, verða þau að ganga til þessara þarfa eingöngu og geta ekki komið til skipta í hlut eða til aflaverðlauna. Þetta er ekki aðeins í þágu útgerðarmannsins. Það er einnig í þágu skipshafnarinnar og má raunar segja, að það sé ekki sízt í hennar þágu, því að án þess að skipið geti staðið undir rekstrarkostnaði, án þess að tryggt sé, að stofnfjárkostnaður skipsins sé greiddur, verður ekki um neina útgerð fiskiskipa að ræða hér á landi, hvorki nú né framvegis. Af þessum sökum eru ákvæði í þessu frv. um, að kostnaðarhlutdeildin og greiðslur úr Stofnfjársjóði komi ekki til hlutaskipta eða aflaverðlauna. Þýðingarmikið er, að sjómenn og samtök þeirra geri sér grein fyrir því, að með þessu er verið að skapa nauðsynleg skilyrði fyrir atvinnu þeirra og afkomu í nútíð og framtíð. Hins vegar er því ekki að leyna, að hér er um breytingu að ræða frá núgildandi hlutaskiptareglum.

Þá er í frv. ákvæði, um að nýtt lágmarksverð á fiski skuli ákveðið, er gildi frá og með 15. nóvember. Það er gert ráð fyrir, að Verðlagsráð sjávarútvegsins ákveði þetta verð í samræmi við lög sín og starfsreglur. Að sjálfsögðu er ekki hægt að segja fyrir um það, um hversu mikla hækkun fiskverðsins getur orðið að ræða. Óhætt mun þó að fullyrða, að þessi hækkun muni tryggja sjómönnum tekjuhækkun, er sé a. m. k. ekki minni en launahækkun verkafólks í landi hefur orðið á þessu ári.

Ég vil nú víkja nánar að tryggingarmálum fiskiskipanna og þeim ráðstöfunum varðandi þau, sem þetta frv. hefur að geyma. Sterk rök mæla með því, að fyrir greiðslum tryggingariðgjalda sé séð úr sameiginlegum sjóði. Fyrirtæki í sjávarútvegi, einkum í bátaútgerð, eru smá og dreifð. Sveiflur og áföll geta kippt grunninum undan getu þeirra til þess að inna af hendi tiltölulega háar greiðslur fyrir heildarreksturstímabilið eða reksturstímabilið í heild, svo sem til tryggingana. En alvarleg vanskil á þessum greiðslum geta riðið fjárhag fyrirtækjanna að fullu svo að leiði til rekstrarstöðvunar þessara framleiðslutækja, atvinnuskorts og truflana á gjaldeyrisöflun. Jafnframt mundi slík atburðarás raska stórlega félagslegri skipun atvinnuvegarins og stuðla að því, að framleiðslutæki söfnuðust á hendur tiltölulega fárra aðila. Mæla því sterk rök með þeirri þróun, sem átt hefur sér stað að því er snertir fyrirkomulag á iðgjaldagreiðslum tryggingana. Raunar gildir nákvæmlega hið sama einnig varðandi það fyrirkomulag um stofnfjárgreiðslur, sem tekið var upp fyrr á þessu ári og áður hefur verið minnzt á. En jafnsterk rök mæla jafnframt með því, að þessu kerfi sé þannig fyrir komið, að það dragi ekki úr ábyrgðartilfinningu manna og viðleitni til þess að halda niðri kostnaði við rekstur fyrirtækjanna. Fyrir þessu var séð, að því er stofnlán snertir, með því fyrirkomulagi, sem tekið var upp með Stofnfjársjóðnum frá byrjun, að tekjur sjóðsins skiptust í samræmi við aflaverðmæti bátanna, þannig að bátseigandi hefur hag af því, að aflaverðmætið verði sem mest. Jafnframt hefur hann hag af því, að þær greiðslur, sem Stofnfjársjóður eigi að standa undir, verði sem lægstar, þar sem hann sjálfur fær fé í sinn hlut að því leyti, sem fjárins er ekki þörf til greiðslu stofnfjárkostnaðar. Að því er tryggingariðgjöldin snertir var hliðstætt fyrirkomulag hins vegar ekki tekið upp frá

byrjun með þeim afleiðingum, að mjög dró úr viðleitni útgerðarmanna og tryggingarfélaganna til að halda niðri tryggingarkostnaði. Þrátt fyrir þá einingu, sem ríkt hefur um megindrættina í greiðslukerfi iðgjaldanna, hefur fram til þessa ekki náðst nægjanleg samstaða um leiðir til þess að bæta úr þessum ágöllum, enda þótt ítrekaðar athuganir á kerfinu hafi farið fram á undanförnum árum og þær hafi leitt til ákveðinna till. til úrbóta. Að vísu hefur stöðugt verið leitazt við að haga reglum um greiðslu tryggingariðgjalda svo, að það hvetti til árvekni og ábyrgðar að því er tekur til iðgjalda og tjóna einstakra fiskiskipa, einkum með því að miða greiðslur við meðaltal iðgjalda í hverjum stærðarflokki, en ekki við iðgjald hvers skips. Engu að síður hafa tjón haldið áfram að aukast og iðgjöld að hækka.

Þeir miklu örðugleikar, sem hafa leitt til þess, að tekjur Tryggingasjóðs fiskiskipa hafa stórlega lækkað og sjóðurinn átt í miklum greiðsluerfiðleikum, hafa fært mönnum heim sanninn um nauðsyn mikilla endurbóta á tryggingakerfinu. Í apríl s. l. skipaði ég nefnd til þess að fjalla um þetta mál. Var nefndin skipuð fulltrúum samtaka útvegsmanna, sjómanna, tryggingafélaganna og Samábyrgðar íslenzkra fiskiskipa auk tveggja fulltrúa af opinberri hálfu. Till. nefndarinnar liggja nú fyrir í höfuðdráttum, þó ekki fullunnar. Gera þær ráð fyrir víðtæku samstarfi allra hlutaðeigandi aðila um að færa tryggingar fiskiskipa að meginhluta inn í landið í stað þess, að yfirgnæfandi hluti þeirra fari í reynd fram erlendis. Jafnframt verði iðgjöldin ákveðin með samkomulagi hlutaðeigandi innlendra aðila og með rétti þeirra um málsskot til rn. Skilmálar hafa verið endurskoðaðir og þrengdir nokkuð, einkum með aukinni eigin ábyrgð á tíðum smátjónum, og þá eru fyrirhugaðar ráðstafanir einnig til þess að öruggt sé, að samræmi verði í mati tjóna og í samanburði við tryggingafjárhæð skipanna.

Framkvæmd þessara till. er tryggð með samkomulagi þeirra aðila, sem hlut eiga að máli innan nefndarinnar. Nokkurn tíma mun þó taka að koma þeim í framkvæmd og afla reynslu á hinu nýja fyrirkomulagi. Gert er ráð fyrir, að tryggingasjóðsnefnd starfi áfram að frekari ákvörðunum um greiðslur úr sjóðnum og fylgist með allri framkvæmd þessa máls. Mikil nauðsyn er til þess, að sjóðurinn hafi nægjanlegt fé til að standa undir greiðslum á iðgjöldum meðan hið nýja fyrirkomulag er að komast í framkvæmd, en það mun væntanlega smátt og smátt geta leitt til þess, að iðgjöldin lækki og tekjur sjóðsins minnki.

Eins og kunnugt er, koma tekjur Tryggingasjóðs af útflutningsgjaldi og rennur meginhluti þess gjalds, eða nær því 80%, til Tryggingasjóðsins. Eins og nú horfir við, er þess brýn nauðsyn, að sjóðnum sé aflað meiri tekna en verið hefur að undanförnu, er hann hefur verið rekinn með miklum halla, er skapað hefur stórfelld vandræði, bæði fyrir tryggingarfélögin og fiskiskip. Tekjur Tryggingasjóðs af framleiðslu ársins í ár verða sennilega meira en 100 millj. kr. lægri en útgjöldin, þrátt fyrir hækkun gjalds af birgðum vegna gengisbreytingarinnar. Er það annað árið í röð, að tekjur sjóðsins bregðast svo hrapallega. En á því tímabili hefur æ ofan í æ þurft að forða sjóðnum frá greiðsluþroti, þ. á m. með töku 66 millj. kr. láns í Seðlabankanum á miðju þessu ári, en auk þess hafa greiðslur til tryggingafélaganna verið dregnar langt úr hófi fram. Vonir standa til, að brýnustu úrbætur á greiðslustöðu sjóðsins náist nú með framlagi af gengishagnaði, sem ráð er fyrir gert í III. kafla þessa frv. Hins vegar miðast till. frv. um breytingu útflutningsgjalds við það að leggja nægilega traustan grundvöll að framtíðarrekstri Tryggingasjóðsins og þar að auki að afla Fiskveiðasjóði að nokkru meiri tekna en verið hefur og sömuleiðis öðrum þeim aðilum, er njóta góðs af útflutningsgjaldi. Er af þessum sökum lagt til, að nokkur hækkun verði á útflutningsgjaldi umfram þá hækkun í krónum, sem af gengisbreytingunni sjálfri leiðir. Verður þessi hækkun að koma niður á þorskafurðum, sem á undanförnum tveimur árum hafa greitt mjög lág gjöld. Jafnframt eru gjöld á síldarafurðum lækkuð nokkuð, en þær afurðir hafa borið mjög mikinn hluta útflutningsgjaldsins að undanförnu, eins og eðlilegt var, meðan þessar veiðar voru í hámarki. Meðalgjald af þorskafurðum mundi nú verða 4.5% af verðmæti í stað 3% áður, en af síldarafurðum 7.5% í stað 8.6% áður. Ekki hefur verið talið fært að ganga lengra í þessu efni og mun mörgum þykja of langt gengið, enda kemur hér og til greina, að við síldveiðarnar eru notuð stór og dýr skip, er stöðugt hafa verið að hækka í iðgjaldi á undanförnum árum auk þess, sem stofnlán Fiskveiðasjóðs hafa á undanförnum árum að yfirgnæfandi hluta gengið til þessara skipa. Innan meginflokks afurðanna hafa einnig verið gerðar breytingar til betra samræmis, svo sem nánar er frá skýrt í aths. með frv. Þá hefur verið gerð þýðingarmikil breyting á verðmætisgrundvelli afla, sem fiskiskip sigla með. Með henni eru afnumin sérstök fríðindi, sem komið hafa fram sem styrkur til togaraútgerðarinnar. Hins vegar liggja engin rök til þess að undanskilja fiskiskip skyldum sínum, þegar þau eru á síglingu, jafnframt því að þau halda réttindum sínum óskertum. Með þessu er þó ekki nóg að gert gagnvart því misræmi, sem gæti komið fram við sölu á nýrri síld erlendis miðað við gjald af sömu síld, sem unnin væri hérlendis, einkum væri hún söltuð. Hins vegar geta aðstæður þessa máls verið mjög breytilegar og því örðugt að setja ákveðið gjald á síldina, er jafnan ætti við. Er því lagt til, að sjútvmrn. geti ákveðið hækkun gjaldsins á þessum sölum innan hæfilegra marka.

Skipting tekna af útflutningsgjaldinu breytist aðallega við það, að til Tryggingasjóðs verði að ganga sú aukning tekna, sem lögð er til hans vegna, og mundi hlutdeild sjóðsins því nema 80%. Tekin er til greina stóraukin tekjuþörf til byggingar haf- og fiskirannsóknaskips, sem lagt er til, að fái 2% gjaldsins í stað 1.2% áður. Að öðru leyti er Fiskveiðasjóður látinn halda bezt hlut sínum, en tekjur annarra aðila af gjaldinu miðast nánast við fyrri tekjuáætlanir. Til þess að tryggja framgang till. til tryggingasjóðsnefndar um bætta skipan fiskiskipatrygginga er lagt til, að sett verði heimildarákvæði þess efnis, að sjútvmrn. geti sett reglur um endurtryggingasamtök fiskiskipatrygginga og ákvörðun iðgjalda og annarra skilmála. Þá eru og tekin upp í frv. ákvæði, er áður voru í gildi um rétt til endurskoðunar á gjaldi af afurðum, er fluttar hafa verið út og seldar og enn fremur, að útflytjendur hafa getað fengið frest á greiðslum ⅔ hluta gjaldsins þar til gjaldeyrisskil

hafa farið fram. Þetta síðara ákvæði var þó sett í formi heimildar og er ætlazt til, að það taki gildi, þá er gengið hefur verið nægilega tryggilega frá fjárreiðum Tryggingasjóðs.

Ég vil þá víkja örfáum orðum að III. og síðasta kafla frv., er fjallar um ráðstöfun gengishagnaðar á útflutningsbirgðum. Þegar gengisbreytingin kom til framkvæmda, voru allmiklar birgðir í landinu af sjávarafurðum, sem ætlaðar voru til útflutnings. Það hlýtur ávallt að vera nokkurri hendingu háð, hverjir eru eigendur slíkra birgða auk þess, sem þær eru framleiddar við þær aðstæður, sem ríktu fyrir gengisbreytinguna, og hafa framleiðendur margra þeirra notið styrkja úr ríkissjóði til framleiðslunnar. Af þessum sökum hefur þótt eðlilegt, að slíkur mismunur, sem verður með gengisbreytingu, renni ekki að jafnaði til eigenda birgðanna, sem þær eiga þá, heldur sé honum varið til hagsbóta þeim atvinnuvegi, sem birgðirnar eru komnar frá. Þessari stefnu hefur enn verið fylgt við þá gengisbreytingu, sem nýlega var framkvæmd, og var í því skyni sett ákvæði um það í 4. gr. l. nr. 74 frá 1968 um ráðstafanir vegna ákvörðunar Seðlabanka Íslands um nýtt gengi íslenzkrar krónu. Ekki er unnt að segja um það með nákvæmni, hver gengismismunurinn gæti orðið. Fer þetta að sjálfsögðu eftir því, hvernig gengur með sölu á þeim birgðum, sem fyrir voru við gengisbreytinguna. Það hefur því orðið að meta verðmæti birgðanna eftir því verðlagi, sem er í dag, og er á þeim grundvelli áætlað, að verðmæti birgða sjávarafurða gæti numið um — eða því sem næst — 1000 millj. kr. Gengismunur af þeirri upphæð yrði samkv. því 540 millj. kr. Auk þess er gengismismunur af verðmæti útfluttra, ógreiddra afurða áætlaður um 200 millj. kr., en samtals nemur þetta um 740 millj. kr. Gert er ráð fyrir að verja gengismun vegna sölu sjávarafurða til ýmissa brýnna þarfa þessa atvinnuvegar. Að meginhluta rennur mismunurinn í Gengishagnaðarsjóð, en ákvæði um ráðstöfun hans er að finna í 16. gr. frv. Áður en kemur til myndunar þess sjóðs, er þó gert ráð fyrir að greiða nokkrar upphæðir til sérstakra þarfa svo sem ákveðið er í 14. gr. frv. Sérstök ráðstöfun er jafnframt gerð vegna skreiðarinnar, enda má segja, að óvenjulegar aðstæður séu þar fyrir hendi. Meginhluti skreiðarframleiðslunnar frá árinu 1967 liggur enn í landinu og enn fremur birgðir allt frá árinu 1966 og lítils háttar frá þessu ári. Borgarastyrjöldin í Nígeríu hefur komið í veg fyrir sölu á þennan langstærsta skreiðarmarkað okkar um meira en hálfs annars árs skeið, enda þótt eitthvað hafi rætzt úr nú síðustu vikurnar er fyrirsjáanlegt, að enn líður langur tími þar til birgðirnar hafa selzt allar. Hafa eigendur skreiðarbirgðanna orðið fyrir miklu tjóni og þykir því eðlilegt, að heimild sé til þess að ráðstafa gengismun, sem verður af skreiðarbirgðum, til stuðnings skreiðarframleiðendum, en leggja hann ekki í hinn sameiginlega sjóð.

Ég hef nú lýst efni þessa frv. í megindráttum. Ég vil að lokum aðeins leggja á það áherzlu, hversu brýn hagsmunamál íslenzks sjávarútvegs og auðvitað þjóðarinnar allrar er hér um að ræða. Án þeirra ráðstafana, sem frv. felur í sér, mun gengisbreytingin ekki megna að skapa sjávarútveginum þau starfsskilyrði, sem ætlazt var til og sjávarútvegurinn þarf svo mjög á að halda. Séu sjávarútveginum hins vegar ekki tryggð þessi starfsskilyrði, mun atvinna ekki geta haldizt í landinu. Hér er því um sjálfa afkomu almennings í nútíð og framtíð að tefla og viðkvæmasta atriðið í afkomumöguleikum vinnandi fólks, þ. e. burðarás atvinnulífsins.

Ég geri það að till. minni, herra forseti, að frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. sjútvn.

Ólafur Jóhannesson: Herra forseti. Ég held, að það sé mjög misráðið af ríkisstj. að leggja þetta frv. fram nú. Mér sýnist það koma sem hnefahögg í andlit alþýðusamtakanna, sem nú nýlega hafa lokið miklu þingi, þar sem því var lýst yfir, að það væri alger forsenda samningsviðræðna við ríkisstj. um kjaramálin, að ekki væri gripið til neins konar lögþvingana. Ég held, að skynsamlegast væri fyrir stjórnina að draga þetta frv. til baka eins og á stendur. Ég vara við því, að þetta frv. sé drifið í gegnum þingið eins og sakir standa. Ég mun ekki samþykkja frv. eins og það liggur hér fyrir.

Það mál, sem frv. fjallar um, er hins vegar margþætt. Sumt í því má sjálfsagt skoða og færa til betri vegar. Þar má taka ýmislegt til athugunar eins og t. d. ákvæðin um ráðstöfun á hinum svo kallaða gengishagnaðarsjóði. Þetta frv. nefnist Frv. til l. um ráðstafanir í sjávarútvegi vegna breytingar gengis íslenzkrar krónu. Ég held nú, að þetta heiti þyrfti að betrumbæta og það væri heppilegra að tala um ráðstafanir til stuðnings sjávarútvegi eða ráðstafanir vegna sjávarútvegs. En það er nú aukaatriði. Um það dæma aðrir menn mér færari á því sviði.

Þetta frv., sem hér liggur fyrir, er óneitanlega allflókið og fjallar um æðimörg og sundurleit efni. Þó má fyrst og fremst skipta því í þrjá höfuðþætti. Fyrsti þátturinn fjallar um tilfærslu á vissum hluta þeirrar verðhækkunar, sem verður á sjávarafla vegna gengisfellingarinnar. Annar þátturinn fjallar um útflutningsgjald af sjávarafurðum. Þar er um nokkrar hækkanir á útflutningsgjaldi í heild að tefla, nokkrar breytingar gerðar á ráðstöfun útflutningsgjaldsins og sem sagt í þessum kafla er að finna nokkrar breytingar frá gildandi lögum. Þriðji þáttur fjallar svo um ráðstöfun gengishagnaðar. Ég vil nú með fáeinum orðum víkja að hverjum þessara þátta um sig, en mun þó ekki fara ítarlega út í það að ræða um þá, enda hefur tæpast gefizt enn tími til þess að skoða þetta mál niður í kjölinn eða einstök ákvæði frv.

Fyrsti kafli frv. fjallar fyrst og fremst um gjald í Stofnfjársjóð fiskiskipa. Þar er svo ákveðið í 2. gr., að þegar fiskiskip selur afla í innlendri höfn eða afhendir afla sinn til vinnslu án þess að sala fari fram, skuli fiskkaupandi eða fiskmóttakandi greiða gjald til Stofnfjársjóðs fiskiskipa, er nemi 10% fiskverðs eins og það er ákveðið af Verðlagsráði sjávarútvegsins. Þó skuli greiða 20% af verði síldar og humars. Í 3. gr. er mælt fyrir um það, að þegar fiskiskip selur afla í innlendri höfn eða afhendir afla sinn til vinnslu án þess að sala fari fram, þá skuli fiskkaupandi eða fiskmóttakandi greiða útgerðarmanni eða útgerðarfyrirtæki hlutdeild í útgerðarkostnaði, er nemi 17% miðað við fiskverð eins og það er ákveðið af Verðlagsráði sjávarútvegsins. Hið

sama gildir, þegar fiskiskip selur afla sinn til löndunar í innlendri höfn og greiðsla þessarar kostnaðarhlutdeildar kemur til framkvæmda við gildistöku nýs fiskverðs samkv. 1. gr. l. og síðan segir: „Kostnaðarhlutdeild kemur ekki til hlutaskipta eða aflaverðlauna og gildir þetta einnig um alla aðstöðu hjá Stofnfjársjóði fiskiskipa. Loks er svo í 4. gr. ákvæði um það, að þegar fiskiskip selur afla í erlendri höfn, skuli það greiða 22% af heildarsöluverði aflans til Stofnfjársjóðs fiskiskipa. Síðan segir þar, að þessi greiðsla komi til frádráttar frá heildarsöluverðmæti ásamt frádráttartölu kjarasamninga við ákvörðun aukaaflaverðlauna og hluts samkv. kjarasamningum.

Það er glöggt af þessu, að þarna er ekki um neina smámuni að tefla. Það eru tekin 10—20% plús 17% eftir atvikum miðað við 10% eða 20% og 22% af verðmæti. Og það er auðsætt, að þarna er um stórar upphæðir að tefla. Þarna er um mjög stórar fjárhæðir að tefla. Það er augljóst og enda játað af hæstv. sjútvmrh. hér áðan, að með þessum ákvæðum er verið að færa mjög mikinn hluta af þeirri verðhækkun, sem verður á aflahlut sjómanna vegna gengisfellingarinnar, yfir til útgerðarmanns eða útgerðarfyrirtækis. Í frv. felst því — eins og líka hæstv. sjútvmrh. játaði — raunverulega breyting á gildandi kjarasamningum sjómanna um hlutaskipti. Um það er engum blöðum að fletta. Það má einnig segja — og það kom líka óbeint fram hjá hæstv. ráðh. — að í þessu frv. felist viss kaupgjaldsstefna, þ. e. a. s. sú stefna, að hlutasjómenn fái ekki meiri hækkun af sínum aflahlut en sem næst því eða svarandi til þeirrar kauphækkunar, sem verkamenn í landi hafa fengið og mundu fá miðað við það, að kaupgreiðsluvísitala verði bundin miðað við 1. desember. Hér er því raunverulega um kaupbindingu að ræða. Þessar tvær staðreyndir liggja þannig alveg ljósar fyrir og skiptir búningur þessa máls ekki máli að því leyti til. Þetta er hið raunverulega efni, sem í I. kafla þessa frv. felst, þ. e. að breyta gildandi kjarasamningum um hlutaskipti og binda aflahlutinn.

Ég skal ekkert dæma um það, hvort hlutaskipti þau, sem nú gilda, eru í sjálfu sér eðlileg eða ekki. Ég tel mig ekki færan til þess að dæma um það eða meta það. Það má sjálfsagt orða það, að það hafi orðið ýmsar breytingar í því efni, þannig að skipin hafi orðið dýrari og þurfi meira til sín en áður, og því þurfi þau að fá meira í sinn hlut en áður. Þetta er atriði, sem skoðanir geta að sjálfsögðu lengi verið skiptar um. Ég hygg þó, að það sé nú nokkurn veginn sammæli þeirra, sem til þekkja, að sjómenn hafi yfirleitt nú að undanförnu ekki verið ofhaldnir af sínum aflahlut. Og ég hygg, að það megi svo sannarlega segja, að þeir hafi á þessum erfiðu undangengnu árum tekið á sig þá þegar hlut af þeirri kjaraskerðingu, sem svo mikið hefur verið um talað hér. Auðvitað batnar aðstaða þeirra við gengisbreytinguna og hlutur þeirra hækkar. En ég verð að segja það, að ég held nú einmitt, að það sé eðli hlutaskiptanna, að menn taka á sig áhættu. Þegar illa árar, bera menn skarðan hlut frá borði, en úr því að það er svo, þá verður það líka að vera þannig, að þegar betur aflast og betur gengur, eiga þeir að njóta þess. Slíkt hlýtur að vera eðli þessa fyrirkomulags. En hvað sem um það er, hygg ég nú líka, að það muni nú líka vera nokkurt sammæli manna, að viðunandi lífsskilyrði hér á landi muni nú og í næstu framtíð vera mjög undir því komin, að við eigum dugmikla og vel mannaða sjómannastétt. Og þess vegna er það auðvitað skylda og höfuðnauðsyn að búa henni sæmileg kjör. En sem sagt, ég skal engan dóm leggja á þessi hlutaskipti út af fyrir sig, hvort þau eru eðlileg eða ekki, sanngjörn eða ekki. En hitt er staðreynd, að um þau hefur verið samið — að um þessi hlutaskipti hefur verið samið. Útgerðarmenn hafa samþykkt þessi hlutaskipti. Það er að mínum dómi mjög óeðlilegt, að lög breyti gildandi samningum. Þar með er ég náttúrlega ekki að segja það, að slíkt sé með öllu óþekkt fyrirbæri hér á landi né heldur er ég að segja það, að slíkt geti ekki staðizt að lögum. En hvað sem um það má segja, er það alveg víst, að það er í fyllsta máta óeðlilegt og óheppilegt og getur haft ýmsar og ófyrirsjáanlegar afleiðingar, að löggjafinn leggi það fyrir sig að breyta gildandi samningum.

Ég minntist á það í upphafi þessara orða, að nú væri nýlokið Alþýðusambandsþingi. Á þessu Alþýðusambandsþingi voru gerðar ýmsar ályktanir og þ. á m. var gerð ályktun um kjaramál og í þessari ályktun var m. a. því lýst yfir, — að nokkru sem andsvari við vissum tilmælum, sem fram hafa komið frá ríkisstj., en ríkisstj. hefur látið í það skína, að hún vildi hefja samninga við stéttarsamtökin og hafa við þau samráð, – að á þeim forsendum einum, að fyrir liggi ótvíræðar og óyggjandi tryggingar fyrir því, að engar lögþvinganir verði á verkalýðshreyfinguna lagðar, er hún reiðubúin til samvinnu við ríkisstj. og atvinnurekendur. Á þeim forsendum einum, að fyrir liggi ótvíræðar og óyggjandi tryggingar fyrir því, að engar lögþvinganir verði á verkalýðshreyfinguna lagðar. Að þessari samþykkt, sem gerð var á Alþýðusambandsþinginu, stóðu ekki aðeins þeir menn, sem eru andstæðingar núv. ríkisstj. Það stóðu, eftir því sem ég veit bezt, allir, sem á þinginu voru, að þessum ályktunum, jafnt þeir, sem eru andstæðir núv. ríkisstj. og eins þeir, sem styðja hana leynt og ljóst, og meira að segja voru í þessum hópi, sem var á þessu Alþýðusambandsþingi, þm. eða a. m. k. þm. og varaþm. úr hópi stjórnarflokkanna, og þeir samþykktu þessa ályktun, að því er ég bezt veit, án nokkurra athugasemda. Ég hef það fyrir satt, að hún hafi verið samþykkt alveg einróma.

Í þeim hópi, sem stóð að samþykkt þessarar till., var formaður sjómannasamtakanna í landinu, sem er flokksmaður hæstv. sjútvmrh. og sem nú hefur tekið sæti í þeirri stjórn Alþýðusambandsins, sem ætlað var það hlutverk að taka upp samninga við hæstv. ríkisstj. Hvernig skyldi nú þessum mönnum lítast á þetta plagg, sem hér liggur fyrir? Hvernig skyldi formanni sjómannasamtakanna lítast á efni I. kafla þessa frv.? Ég held, að það fari ekkert á milli mála, að þarna er um lögþvingun að tefla, um það getur ekki verið deilt og sjálfsagt verður ekki heldur deilt um það, að sjómenn verði þó að teljast til verkalýðshreyfingarinnar. En þeir hafa lýst því þarna skýrt og skorinort, fulltrúarnir á Alþýðusambandsþingi, að það komi ekki til mála, að þeir gangi til viðræðna um kjaramálin, nema það liggi alveg ljóst fyrir og það séu gefnar fyrir því alveg ótvíræðar og óyggjandi tryggingar, að engar lögþvinganir verði lagðar á verkalýðsstéttina. Og daginn eftir að Al-

þýðusambandsþinginu lauk, þegar nýkjörinn forseti Alþýðusambandsins — og endurkjörinn — hv. þm. Hannibal Valdimarsson, átti viðræður við dagblaðið Vísi, sagði hann orðrétt, eftir því sem blaðið segir, með leyfi forseta:

Hann sagði, „að viðræður við ríkisstjórnina gætu þó því aðeins hafizt, að engar lögþvinganir yrðu lagðar á samningsréttinn, og ASÍ gæti mætt til viðræðnanna á frjálsum grundvelli."

Ég held, að þetta frv., sem hér liggur fyrir, eins og það er úr garði gert, sé ekki hægt að skoða öðruvísi en beina ögrun við þessar viljayfirlýsingar verkalýðshreyfingarinnar, — sem jafngildandi hreinni stríðsyfirlýsingu, því að ég fæ ekki séð, hvernig verkalýðshreyfingin ætti, eftir samþ. þessa frv. og sínar yfirlýsingar, að geta mætt hjá ríkisstj. til viðræðna við hana um kjaramálin. Og ég fæ ekki séð, hvernig hæstv. ríkisstj., sem hefur lesið þessar yfirlýsingar, getur ætlazt til þess, eftir að hún hefur lagt þetta frv. fram, að hún fái til viðræðna við sig fyrirsvarsmenn stéttarsamtakanna. Hér er þess vegna um það að ræða einfaldlega, hvort hæstv. ríkisstj. vill reyna að halda friði í kjaramálunum eða efna til ófriðar. Ég fæ ekki betur séð, en hún hafi með þessu frv. kastað stríðshanzkanum, því að ef hún hefði viljað fara samningaleiðina, eins og hún hefur látið orð að liggja, hefði hún ekki látið þetta frv. koma fram. Og hvers vegna sýndi hún þetta frv. þá ekki fyrr? Hvers vegna sýndi hún það ekki áður en Alþýðusambandsþing var haldið eða á meðan Alþýðusambandsþingið stóð yfir, svo að fulltrúarnir á Alþýðusambandsþingi gætu séð þetta frv. og tekið alveg beina afstöðu til þess? Þá hefði hæstv. ríkisstj. vissulega ekki þurft að vaða í neinni villu eða svima um það, hver viðbrögð verkalýðshreyfingarinnar og sjómannastéttarinnar yrðu gagnvart slíku frv. Það þarf hún heldur vitaskuld ekki nú, vegna þess að þær yfirlýsingar, sem liggja fyrir, eru svo ótvíræðar í þessu efni. Og það var af þessari ástæðu, sem ég lét svo ummælt í upphafi míns máls, að ég teldi það mjög misráðið af hæstv. ríkisstj. að leggja þetta frv. fram, eins og nú standa sakir, og ég teldi það rétt, að þetta frv. væri dregið til baka. Það getur aldrei orðið til þess að greiða fyrir lausn kjaramálanna. Þvert á móti hlýtur það að verða til þess að magna ófrið í kjaramálunum.

Vissulega skal ég játa, að hér er um mikið vandamál að tefla. Það er nefnilega fram komið, sem við stjórnarandstæðingar sögðum, áður en gengisfellingin var gerð, að gengisfellingin ein út af fyrir sig mundi ekki leysa þann vanda, sem við er að tefla. Sannleikurinn er sá, að þessi mál eru komin í sjálfheldu alveg eins og við spáðum. Það er þess vegna öfugmæli algert, sem hæstv. sjútvmrh. var að segja, að gengisfellingin hefði verið gerð til að skapa sjávarútveginum heilbrigð rekstrarskilyrði. Hann varð jafnskjótt og hann hafði sagt þessi orð að fara að telja það upp og tíunda, að það yrði einmitt nú að fara að gera sérstakar ráðstafanir til þess að tryggja rekstur sjávarútvegsins, vegna þess að rekstrarkostnaður hans hefði hækkað svo af völdum gengisfellingarinnar og að það yrði að gera sérstakar ráðstafanir til þess, að þeir útgerðarmenn, sem hefðu keypt skip og skulduðu erlendis, gætu staðið undir greiðslum afborgana og vaxta af stofnlánum. Og enn fremur og í þriðja lagi yrði að gera sérstakar ráðstafanir til þess að hægt væri að greiða tryggingar. Það liggur sem sagt alveg ljóst fyrir, að gengisfellingin ein hefur ekki leyst þann vanda, sem sjávarútvegurinn átti við að glíma og á enn við að glíma.

Það liggur ljóst fyrir, að það verður sjálfsagt að gera eitthvað til þess að bjarga þessum málum úr þeirri sjálfheldu, sem þau eru komin í, en hér er auðvitað um viðkvæmt hagsmunamál að tefla, þar sem um hlutaskipti er að ræða. Þar kemur til hagsmunaárekstur á milli útgerðarmanna og sjómannanna, og það lítur auðvitað hvor þessara aðila á málið frá sínu sjónarmiði. En ég held, að það sé á engan hátt sanngjarnt og að það sé á engan hátt framkvæmanlegt að ætla að leysa þessi mál jafneinhliða á kostnað sjómanna og hér er gert ráð fyrir. Ef það ætti að fara inn á þá leið að taka eitthvað til hliðar af heildarverðmæti aflans og leggja í Stofnfjársjóð til þess að standa undir afborgunum af lánum og vöxtum þeirra, ætti vitaskuld að minum dómi að leggja það þannig inn, að það væri lagt inn á reikninga viðkomandi aðila hjá Stofnlánasjóðnum í þeim hlutföllum, sem hlutaskiptin segja til um, þannig að sjómennirnir ættu líka þar í sinn hlut og að þeir þá smám saman eignuðust með sínum framlögum hlutdeild í þessu skipi, sem þeir eru að greiða niður með sínum aflahlut. Vissulega er þetta ekki flóknara reikningsdæmi og bókfærsluatriði heldur en margt annað í þessum lögum. Ég segi, að þetta ætti að vera lágmark, ef eitthvað slíkt ætti að koma til greina. Það á ekki að vera að taka af þeim þeirra eign, heldur eiga þeir þá að eiga hana eftir sem áður, sem hlutdeild í þessu verðmæti, sem þeir auðvitað hafa hagsmuni af að gangi.

Ég skal nú ekki fara fleiri orðum um þennan I. kafla frv. Ég hef lýst áliti mínu á honum. Ég veit náttúrlega ekki, hvernig sjómannasamtökin og sjómennirnir kunna að bregðast við þessu, en það er ólíklegt, að þeir sætti sig nú við svona aðfarir. Og ég tel, að það hefði verið tvímælalaust skylda stjórnarinnar að reyna að fara samningaleið í þessu efni til þess að leysa þessi vandamál í stað þess að grípa til svona lögþvingunaraðgerða til þess að breyta gildandi kjarasamningum og færa yfir frá sjómönnum til útgerðarfyrirtækisins. En það er það, sem er óumdeilanlega verið að gera með ákvæðum þessa frv., og ég spái því, að það eigi eftir að hafa óheppilegar afleiðingar. Ég spái því, að það hefði betur verið látið ógert að koma fram með þetta frv. á þessu stigi málanna.

Ég skal nú ekki fara mörgum orðum um II. kafla frv., sem fjallar um útflutningsgjöld af sjávarafurðum. Það er, eins og ég hef þegar tekið fram, að þar eru gerðar nokkrar breytingar á álagningu gjaldsins. Það er í sumum tilfellum hækkað, öðrum tilfellum nokkuð lækkað, en í heild er áætlað, að hækkun útflutningsgjaldsins nemi — burt séð frá hækkun af völdum gengisfellingarinnar — 48 millj. eða nær 50 millj. kr., og það er óneitanlega talsverður baggi til viðbótar, sem þar er lagður á útgerðina. Það hefur verið stefna Framsfl. og kom fram m. a. í þeim viðræðum, sem áttu sér stað á milli stjórnmálaflokkanna, að það ætti að reyna að létta af þessum sérstöku gjöldum, sem lögð hafa verið á atvinnuvegina. Það ætti að reyna að lækka þessi gjöld eða fella þau jafnvel alveg niður, þar sem fært þætti, vegna þess að atvinnuvegirnir og þ. á m.

sjávarútvegurinn hefur ekki verið fær um það að inna þessi gjöld af hendi á undanförnum árum, það sýnir reynslan, vegna þess að jafnframt því, sem þessi gjöld hafa verið lögð á, hefur alltaf þurft að gera sérstakar ráðstafanir til þess að bæta sjávarútveginum það upp og meira til. Þess vegna álít ég, að hér sé um alranga stefnu að ræða varðandi þetta útflutningsgjald, að það hefði átt að stefna að því að lækka það í stað þess að ganga inn á þá braut að hækka það. Að öðru leyti má náttúrlega segja, að það sé að verulegu leyti í samræmi við þá löggjöf, sem nú gildir. Þó hafa, eins og ég sagði, verið gerðar nokkrar breytingar á bæði álagningunni og ráðstöfun gjaldsins.

Um álagningu gjaldsins vil ég segja það, að á síðasta þingi var að því horfið að hækka mjög útflutningsgjaldið á síld. Það hefur nú sýnt sig, að það reyndist rétt, sem við bentum á í því sambandi, að það væri ekki hægt að gera ráð fyrir slíku hækkuðu útflutningsgjaldi þaðan eins og gert var ráð fyrir. Nú er að nokkru leyti gengið til móts við það sjónarmið og lækkað nokkuð gjaldið, sem síldarafurðunum er ætlað að greiða, en þó er það svo, að enn er það gjald, sem þeim er ætlað að inna af hendi, nokkru hærra eða talsvert mikið hærra heldur en flestum öðrum afurðum er ætlað að bera. Ég held, að hér sé vægast sagt um mjög hæpna ráðstöfun að tefla. Ég held, að það sé alveg brostin forsenda fyrir því nú eftir þetta s.l. sumar að ætla síldarafurðunum að bera hærra útflutningsgjald heldur en öðrum afurðum. Ég hygg, að hagur þeirra, sem við þann atvinnuveg fást, sé þannig, að það sé ekki sanngjarnt.

Um þá ráðstöfun á útflutningsgjaldinu, sem segir í 10. gr., skal ég nú ekki á þessu stigi gera sérstakar aths. við. Hún er í megindráttum í samræmi við það, sem verið hefur. Þó er það náttúrlega athugunarefni, að í lögum þessum um útflutningsgjaldið, sem hafa nú held ég tekið breytingum frá einu ári til annars alltaf upp á síðkastið, þá hefur alltaf sótt í sama horf, að það hefur alltaf verið hækkuð sú prósenttala af útflutningsgjaldinu, sem ætluð er til vátryggingar fiskiskipa. Á árinu 1967 — með lögum, sem samþykkt voru á árinu 1967 — minnir mig að það hafi verið ætluð 72% eða þar um bil til greiðslu vátryggingariðgjaldanna. Samkv. þeim lögum, sem við samþykktum síðast um það efni, var aftur áætluð hærri upphæð, og nú er hún komin upp í 80%. Þetta er nú aðeins merki þess, hvernig háttað hefur verið hér í vátryggingarmálum fiskiskipanna, að þau hafa sífellt þurft að fá meira og meira til sín.

Ég vil aðeins gera aths. við það, að í 1. og 7. liðnum í 10. gr. er gert ráð fyrir því, að sú ráðstöfun, sem þar er um að tefla, fari fram samkv. reglum, sem sjútvmrn. setur. Ég held, að það væri heppilegra að gefa ekki slíkt svigrúm í þessu efni sem þarna er gert og það væri æskilegra, að það væru settar fastari reglur um þetta, og það er nú eðlilegt og skiljanlegt, að við stjórnarandstæðingar a. m. k. erum ákaflega lítið hrifnir af því að fela ráðh. og rn. mjög frjálst mat um ráðstöfun stórkostlegra verðmæta eins og þarna er um að tefla, milljónaverðmæta.

Annars má það segja, að það væri ástæða til þess í þessu sambandi að víkja nokkuð að vátryggingarmálum fiskiskipa, en það hefur einmitt verið lögð á það mjög þung áherzla af okkar hálfu, að í þeim efnum þyrfti að gera sérstakar ráðstafanir. Það þyrfti að gera ráðstafanir til þess að koma þeim málum í betra horf en verið hefur og lækka þann kostnað, sem er tryggingunum samfara. En það hefur stöðugt sigið á ógæfuhlið í því efni. Hæstv. ráðh. vék nokkuð að því efni og sagðist hafa skipað nefnd s. l. vor til þess að athuga þessi mál. Hún hefði þegar skilað nokkrum till., en þó væri ekki búið að ganga alveg frá þeim. Það er skaði. Ég held, að það hefði einmitt verið endinn sem hefði átt að byrja á, þ. e. að fá fram till. um þessi efni til þess að lækka hina ýmsu kostnaðarliði útgerðarinnar og þar væru vátryggingarnar áreiðanlega ofarlega á blaði. Hæstv. ráðh. sagði, að mér skildist, að þetta fyrirkomulag, sem hér væri upp fundið, væri nú harla gott. Ég er alls ekki viss um það, að það sé harla gott að hafa þannig sameiginlegan sjóð, sem greiðir svo tryggingarnar fyrir alla. Ég er alls ekki viss um það. Ég er alls ekki viss um, að það sé heppilegt frá tryggingarlegu sjónarmiði eða frá almennu sjónarmiði. Ég hefði haldið, að það væri meira aðhald að mönnum, ef þeir ættu sjálfir að greiða iðgjöldin. Ég held, að þetta fyrirkomulag, sem þarna hefur verið tekið upp, sé einmitt eða geti haft í för með sér vissar hættur. Og eitt er víst, að tryggingarnar hafa alltaf orðið kostnaðarsamari og það hefur alltaf þurft meira og meira fé í þennan tryggingarsjóð. En nú segir ráðh., að fara eigi inn á nýja braut og það eigi að setja nýjar reglur um þetta. Gott er að heyra það, en auðvitað hefði verið æskilegra að fá að sjá þær reglur og þær hefðu hér verið lagðar fram, því að þetta er eitt mesta nauðsynjamálið, sem um er að tefla, og hér er orðið um alvarlegt mál að ræða, þegar sem sagt gert er ráð fyrir því, að um 80% af útflutningsgjaldinu, sem ekki eru neinir smámunir, fari til þess að greiða tryggingar skipanna. Ég tel sem sagt, að ákvæði, sem er í 10. gr. um þetta og á nú að vera einhver skrautfjöður og gert er nokkurt veður úr — að mér skilst í aths. með frv. — sé alls ekki fullnægjandi. Það segir að vísu í þeim reglum um greiðslu á vátryggingariðgjaldi fiskiskipa, er um getur í 1. lið — 1. málsl. — þessarar greinar, að m. a. megi setja það sem skilyrði fyrir greiðslu iðgjalds, að hlutaðeigandi tryggingarfélög séu aðili að endurtryggingasamtökum félaganna og hlíti tilteknum reglum um ákvörðun iðgjalda, tryggingarskilmála og vátryggingarfjárhæð. Ég held, að það þyrfti að ganga frá þessum málum með allt öðrum og tryggilegri hætti, og ég held, að það sé langt frá því, að það sé hægt að fullyrða jafnmikið og hæstv. ráðh. gerði, þegar hann sagði, að framkvæmd till. um tryggingarmálin væri tryggð með samkomulagi aðila.

Ég skal þá aðeins ljúka máli mínu með því að víkja örfáum orðum að síðasta kafla þessa frv., sem er um ráðstöfun hins svo kallaða gengishagnaðar. Gengisfellingin er náttúrlega staðreynd úr því sem komið er, og það er búið að ákveða það, að þessi svo kallaði gengishagnaður verði lagður til hliðar og út af fyrir sig má segja, að það sé ekki svo óeðlileg ráðstöfun, ef honum er réttilega varið og til þeirra aðila, sem hann er tekinn frá. En þarna er hreint ekki um neina smámuni að ræða samkv. upplýsingum þeim, sem eru í þessu frv. eða aths. við það, en þar er gert ráð fyrir því, að hér sé um að ræða hvorki meira né minna en 740 millj. kr., en þá er reiknað með því, að andvirði birgða sjávarafurða muni

mega áætla um 1000 millj. kr. og þessi fjárhæð Gengishagnaðarsjóðsins er miðuð við þá áætlun. Nú er það hins vegar svo, að í skýrslu, sem ég hef um þróun efnahagsmála, nokkrar yfirlitstölur, sem gefnar eru af Seðlabankanum og sem sjálfsagt eru látnar út ganga með vissum fyrirvara, þá er sagt, að birgðir í októberlok séu ekki áætlaðar að nema 1000 millj., heldur 1505 millj. Og ég verð að segja það, að á þeim stutta tíma, sem liðið hefur frá októberlokum og til gengisfellingardags, finnst mér þetta nokkuð óeðlileg breyting og því mætti nú ætla, að þarna gæti verið um talsvert mikið meiri fjárhæð að ræða heldur en gert er ráð fyrir í aths. frv. Ég veit ekki, hvort hæstv. ráðh. kann á þessu nokkra sérstaka skýringu. En hvort heldur er um að ræða, þá fer það ekkert á milli mála, að þarna er um geysilegar fjárhæðir að tefla og um ráðstöfun þessara fjárhæða eru ákvæði í 14. gr. og 16. gr., og samkv. 14. gr. á að greiða nokkrar fjárhæðir, sem þar eru taldar, áður en fé er lagt inn á hinn svo kallaða Gengishagnaðarsjóð. Um þá ráðstöfun, sem 14. gr. fjallar um, skal ég ekkert sérstakt segja. En að því er 16. gr. varðar, vil ég vekja athygli sérstaklega á því, að þar er gert ráð fyrir því, að þessum Gengishagnaðarsjóði skuli ríkisstj. ráðstafa í þágu sjávarútvegsins á þann hátt, sem þar er nánar fram tekið, en þar er um að ræða, að allt að 34.5% fari til þess að greiða hluta gengistaps af lánum vegna fiskiskipa, sem byggð eru erlendis, og allt að 16.4% til þess að auðvelda síldveiðibátum, sem stunduðu veiðar á norðausturmiðum sumarið og haustið 1968, að standa í skilum með greiðslu vaxta og afborgana af stofnlánum frá árinu 1968 með öðrum hætti en nýjum lánum og vöxtum afborgana. Og í þriðja lagi, að allt að 13.5% gangi til þess að auðvelda síldarverksmiðjum, sem starfræktar voru til móttöku síldar af norðausturmiðum á sumar- og haustvertíð 1968, að standa í skilum með greiðslu vaxta og afborgana af stofnlánum eftir nánari ákvörðun sjútvmrn. Og að höfðu samráði við fulltrúa síldarverksmiðja eiga svo allt að 18.2% að ganga til greiðslu á vátryggingariðgjöldum fiskiskipa til viðbótar því, sem áður er búið að ákveða til þeirra, og í þriðja lagi á svo afgangurinn að renna til Fiskveiðasjóðs til veitingar stofnlána til bolfiskvinnslu, eins og þar segir. En það, sem er athyglisvert við þetta, er það, að í öllum þessum tilvikum er um það að tefla, að það á að hjálpa útgerðarmönnum til þess að greiða lán, afborganir lána; það á að hjálpa síldveiðiskipum til þess að standa í skilum um greiðslu vaxta og afborgana og það á að auðvelda síldarverksmiðjum hið sama. Þetta á allt að gera samkv. nánari reglum, sem sjútvmrh. eða rn. setur: Greiðslurnar af lánunum vegna fiskiskipanna á að inna af hendi samkv. reglum, sem sjútvmrn. setur að fenginni umsögn Landssambands íslenzkra útvegsmanna. Aðstoðin við síldveiðibátana á að gerast þannig, að sjútvmrn. setur reglur um greiðslur þessar að fenginni umsögn Landssambands íslenzkra útvegsmanna og aðstoðin við síldarverksmiðjurnar á líka að fara eftir nánari ákvörðun sjútvmrn. Og afgangur Gengishagnaðarsjóðsins á að renna til Fiskveiðasjóðs til veitingar stofnlána eftir reglum, sem sjútvmrn. setur. Þarna finnst mér allt of mikið lagt á vald sjútvmrh. Og mér finnst í raun og veru alls ekki hægt fyrir hv. Alþ. að ganga frá máli á þennan hátt. Það er verið hér að baksa við það að setja fjárlög, þar sem settar eru reglur um greiðslu tiltölulega lágra fjárveitinga, en svo er komið með svona heimildir, þar sem ráðstafað er milljóna hundruðum á þann veg, að ráðh. er fengið mjög mikið svigrúm um það, hvernig þessu á öllu að koma nánar fyrir. Það er ekkert smáræðis vald, sem þarna er lagt í hendur viðkomandi ráðh. Á sama hátt mætti náttúrlega fara að flýta fyrir sér með afgreiðslu fjárlaga með því bara að fela hv. fjmrh. að skipta þessu niður svona nánar. Þetta er ekki hægt. Með svona starfsháttum er þingið á villigötum.

Herra forseti. Ég skal nú ljúka mínu máli. Ég vil endurtaka aðvaranir mínar. Ég held, að stjórnin ætti að athuga sinn gang, áður en hún leggur í það að knýja þetta mál í gegnum þingið. Ég held, að hún hefði verið betur á vegi stödd, ef hún hefði aldrei sýnt það, en það verður nú ekki aftur tekið, sem gert er, og ég held, að mál þessi öll hefðu verið á betri vegi stödd, ef þetta frv. hefði ekki verið sýnt. En úr því að það hefur verið gert, þá held ég að bezt fari á því, að þetta frv. sé sett í frystingu og geymt þar. Ég held, að þetta frumvarp, og auðvitað umfram allt samþykkt þess, mundi verka á ástandið nú í kjaramálum og á þau mál, sem þeim eru skyld, eins og olía á eld.

Gils Guðmundsson: Herra forseti. Enda þótt frv. það til laga um ráðstafanir í sjávarútvegi vegna breytingar gengis íslenzkrar krónu sé stórmál og viðamikið á marga lund, þá mun ég ekki hafa um það ýkjamörg orð nú við 1. umr. málsins. Hvort tveggja er, að lítið tóm hefur gefizt til þess að kanna einstök atriði þessa frv., sem er — eins og ég sagði — býsna margþætt og var lagt hér fram í gær, og svo er hitt, að það má gera ráð fyrir, að ýmis atriði að því er varðar undirtektir mikilvægra aðila undir þetta mál liggi fljótlega enn þá ljósar fyrir heldur en þær gera jafnvel í dag, þó að býsna ljóst sé um mörg atriði varðandi þær undirtektir. Þá hefur hv. 3. þm. Norðurl. v., Ólafur Jóhannesson, fjallað mjög ítarlega um flesta þætti þessa frv., og er ég sammála honum í öllum meginatriðum og þeim röksemdum, sem hann flutti fram gegn ýmsum stórum og viðurhlutamiklum ákvæðum þessa frv.

Það, sem ég vildi fyrst og fremst segja og leggja áherzlu á, það eru nokkur varnaðarorð í tilefni af flutningi frv. Ég óttast það, að frv. þetta, ef að lögum verður óbreytt eða lítið breytt, þá hafi það ófyrirsjáanlegar afleiðingar, afleiðingar, sem gætu orðið hættulegar — verulega hættulegar — íslenzkri þjóð, eins og nú er ástatt. Ég á þar sérstaklega við I. kafla þessa frv., og um hann ætla ég einkum að ræða.

Það er ljóst og skal ekki á nokkurn hátt úr því dregið, að hæstv. ríkisstj. er mikill vandi á höndum í sambandi við það ástand, sem nú ríkir í efnahags- og atvinnumálum þjóðarinnar. Það er þar vissulega um að ræða mjög mikla erfiðleika í atvinnulífi landsmanna, og það er ljóst og kom raunar allgreinilega fram í ræðu hæstv. sjútvmrh., að gengislækkunin, sú ákvörðun að lækka gengi íslenzkrar krónu, er ekki út af fyrir sig einber stuðningur við útgerðina eða atvinnuvegina yfirleitt, henni fylgja margvíslegir baggar. Erlendu skuldirnar hækka, útgerðarkostnaður stórhækkar. Við þessu

verður að bregðast, á því er enginn vafi. Þann vanda eða allverulegan hluta þess vanda, sem bæði hefur skapazt af ýmsum ástæðum og — ég ætla nú ekki að fara út í að rekja nú eins og oft hefur verið gert — og sem enn bætist að vissu leyti við vegna gengisfellingarinnar, þann vanda á nú að allverulegu leyti að reyna að leysa með þessu frv. Það á m. a. að leysa hann með því að raska stórlega lögum um sjómannasamninga, lögum þeim, sem gilda, eða sjómannasamningum þeim, sem gilda um hlutaskipti á fiskiskipum. Þetta kemur sérstaklega fram í I. kafla frv., eins og þegar hefur verið rakið. Það er gert ráð fyrir að taka samtals frá 27% og upp í 37% af óskiptu aflaverðmæti og færa þá hundraðshluta frá sjómönnum og yfir til útgerðarinnar til þess að standa undir ýmsum kostnaði, eða leysa tiltekinn vanda, sem að útgerðinni steðjar. Þetta eru meginatriðin í I. kafla frv. og þau atriði, sem ég tel alveg sérstaklega háskaleg í þessu frv. Það er kunnugt, að hlutaskiptafyrirkomulagið er mjög gamalt hér á landi, og um það hefur lengi verið samið milli sjómanna annars vegar og útgerðarmanna hins vegar. Í rauninni má segja, að samningar um hlutaskipti hverju sinni séu algjörlega hliðstæðir við samninga um kaup og kjör, sem verkalýðshreyfingin og atvinnurekendur gera sín í milli. Nú á með ákvæðum þessara laga að raska stórlega þeim samningum, sem gilt hafa og gilda um hlutaskiptafyrirkomulagið. Hæstv. sjútvmrh. var mjög fáorður í ræðu sinni í dag um þetta stóra atriði málsins. Ég tel víst, að ástæðan hafi ekki sízt verið sú, að honum sé það engan veginn ljúft að ganga inn á þessa braut að raska stórlega þessu fyrirkomulagi og breyta þar með eða upphefja að mjög verulegu leyti gildandi samninga. Ég býst við, að hann hafi í þessu efni talið, að hann yrði þó að taka sem fyllst tillit til þess, sem efnahagssérfræðingar hæstv. ríkisstj. segja um þessi mál og að honum hafi þó engan veginn verið það ljúft að taka slíka ákvörðun og bera ábyrgð á henni.

En ég vil spyrja hæstv. sjútvmrh.: Trúir hann því, að þessi ráðstöfun fái staðizt? Trúir hann því, að slík þvingunarlög á sjómannastéttina fái staðizt, án þess að valda harðvítugum átökum, vinnudeilum, sem stefnt geta atvinnu og afkomuöryggi fjölda fólks í hættu? Er ekki hér verið að efna til stórhættulegra átaka í þjóðfélaginu? Ég óttast þetta, og ég hygg, að margir muni ala þann ugg í brjósti, að svo muni verða. Við megum þó sízt við því, eins og nú er ástatt, að til harðvítugra verkfalla komi eða að útgerðin stöðvist af völdum kjaradeilu við sjómenn, ef nokkur leið er að forðast slíkt. Og það ætti að vera ein af frumskyldum hæstv. ríkisstj. að gera sitt til að koma í veg fyrir þetta. Nú er það vitað, og ég hygg, að það sé viðurkennt af öllum, að sjómannastéttin hefur orðið fyrir meiri kjaraskerðingu á undanförnum misserum heldur en flestar, sennilega allar þjóðfélagsstéttir aðrar. Hún hefur orðið fyrir stórfelldri kjaraskerðingu vegna verðfalls afurða og aflabrests, alveg sérstaklega á síldveiðum. Sjómönnum er þess vegna alveg tvímælalaust mikil nauðsyn að fá hlut sinn nokkuð bættan af því hækkaða aflaverði í íslenzkum krónum talið, sem af gengisfellingunni leiðir. Þetta held ég, að sé óumdeilanlegt. En hitt er þó sízt minna atriði, að með þessu lagafrv., sem hér liggur fyrir, skuli eiga með þvingunarlöggjöf að gjörbreyta samningsbundnu hlutaskiptafyrirkomulagi og raska þannig mjög mikilvægum ákvæðum gildandi kjarasamninga. Þetta tel ég svo stórvægilegt atriði, að það sé full ástæða til að undirstrika mjög þau varnaðarorð, sem ég hef þegar mælt í sambandi við þetta mál.

Það er nú orðið nokkuð langt síðan, að fregnir tóku að berast um það, að hæstv. ríkisstj. hefði í undirbúningi einhverjar slíkar ráðstafanir, að því er þessi efni varðar — kjaramál sjómanna — sem nú liggja fyrir mótaðar í þessu frv. Og eftir að fréttir tóku að berast um það, að slíkt væri í undirbúningi, kom það einnig fljótlega í ljós, að andstaða gegn þessu var mjög mikil meðal sjómanna, eins og skiljanlegt og eðlilegt er. Sjómannasamtökin hafa þegar lýst því mjög skorinort yfir, að stórfelld röskun hlutaskipta með lögum verði ekki þoluð.

Ég veit ekki betur heldur en að sjómannastéttin standi alveg sameinuð um þetta atriði og að hún geri það alveg án tillits til þess, hvaða stjórnmálaflokkum menn fylgja, eða nokkurra annarra sérsjónarmiða. Sjómenn, sem fylgja stjórnarflokkunum að málum, eru ekkert myrkari í máli um þetta atriði heldur en aðrir. Andstaða sjómanna við þvingunarlög varðandi kjör þeirra og samninga er því ekkert pólitískt tafl stjórnarandstöðunnar, en stundum er það látið í veðri vaka, að þegar til átaka dregur um kjaramál, þá séu það fyrst og fremst sundrungaröfl stjórnarandstöðunnar, sem þar séu að verki. Um afstöðu sjómannastéttarinnar til þessa máls, þá hygg ég að ráði algjörlega stéttarleg afstaða, þar ráði sú nauðsyn, sem sjómannasamtökin telja á því að verja lífshagsmuni og þá alveg sérstaklega samningsrétt fiskimanna.

Einmitt þess vegna, þá ætti ríkisstj. að fara varlega, þá ætti hún að athuga betur heldur en hún virðist hafa gert, hverjar afleiðingar þessara laga geta vissulega orðið.

Ég veit það, að stjórnarvöldunum er mikill vandi á höndum, eins og nú er komið í íslenzkum efnahags- og atvinnumálum. Ég viðurkenni, að ýmissa og það róttækra ráðstafana er þörf til þess að tryggja útgerð fiskiskipaflotans og þar með öflun lífsnauðsynlegra útflutningsverðmæta og til þess að tryggja arðbæra atvinnu. Um þetta tjáir ekki að deila, og um þetta er í sjálfu sér ekki deilt. En eru þær ráðstafanir, sem í þessu frv. felast, og þá einkum þær, sem ég hef nú þegar rætt nokkuð um, eru þær líklegar til þess að tryggja þetta? Til þess að tryggja það, að sjávarútvegurinn geti starfað áfalla- og stöðvunarlaust? Ég held ekki. Raunar má alveg vafalaust kveða miklu fastara að orði. Ég er þess fullviss, að lausnin getur ekki verið fólgin í lögþvingun til þess að skerða kjör og samningsrétt sjómanna. Það hefði þess vegna verið brýnt og vitanlega er það brýnt enn að leita annarra og vænlegri leiða, leiða, sem líklegri væru til þess að ná árangri, sem líklegri væru til þess að leysa raunverulega vanda útgerðarinnar en ekki jafnvel að auka hann eins og gæti orðið afleiðing þessara ákvæða um hlutakjörin.

Ég fullyrði, að íslenzkir sjómenn eru sízt óþjóðhollari en aðrar stéttir þjóðfélagsins og sjómenn skilja alveg vafalaust manna bezt nauðsyn þess, að hægt sé að gera út skipaflotann. Þetta liggur svo í augum uppi, að um það þarf tæplega að hafa mörg orð. Samtök sjómanna

hafa líka bent á ýmis atriði, sem alveg vafalaust gætu orðið þættir í lausn þess vanda, sem hér er við að glíma. Og væri nú ekki skynsamlegra, áður en lengra er haldið, að stöðva meðferð þessa frv. hér á Alþ. eða þó allra helzt að draga það til baka meðan leitað væri lausnar, sem líklegri er til að bera árangur heldur en sú, sem hér er lögð fram? Væri ekki tilvinnandi að freista þess, að fulltrúar allra þingflokka gerðu slíka tilraun nú ásamt hæstv. ríkisstj. og með viðræðum við fulltrúa sjómanna og útgerðarmanna? Ég býst við, að tilraun slík sem þessi sé stórum torveldari, eftir að þetta frv. er komið fram, heldur en áður heldur en það var lagt fram. Það hefði að mínum dómi átt að gerast löngu fyrr að leita slíkrar sameiginlegrar lausnar á þessum vanda. Það hefði átt að gerast strax eftir að hin mjög svo umdeilda gengisfelling var orðin staðreynd og menn hlutu að taka afstöðu til máls eftir að svo var. En þó að þetta hefði átt að gerast án þess, að slík ákvæði sem þessi um sjómannakjörin hefðu verið sýnd í frv.-formi, þá finnst mér, að enn kynni að vera hægt að finna sameiginlegan flöt á þessu máli, sem sjómenn sættu sig a. m. k. fremur við heldur en þessi þvingunarlög.

Það er alveg ljóst, að sjómenn og samtök þeirra standa ekki ein í baráttunni fyrir rétti sínum í sambandi við sjómannasamninga og hlutaskiptakjör. Öll verkalýðshreyfingin hefur tekið mjög eindregna afstöðu gegn þvingunarlöggjöf sem þessari. Og hún hefur alveg sérstaklega, eins og fram kom í ræðu hv. 3. þm. Norðurl. v., varað við slíkri lagasetningu. Í ályktun nýlokins Alþýðusambandsþings um kjaramál er það alveg sérstaklega undirstrikað, að réttur fiskimanna til óskerts aflahlutar sé sambærilegur rétti verkafólks til verðtryggingar launa. Og í þessari ályktun sambandsins um kjaramál segir enn fremur:

„Því aðeins er verkalýðshreyfingin reiðubúin til samvinnu við ríkisstj. og atvinnurekendur um nýja stefnu í atvinnumálum, að engar lögþvinganir verði á verkalýðshreyfinguna lagðar."

Þessi ályktun eða aðalatriði hennar, mótmæli gegn því, að nokkrar lögþvinganir verði á verkalýðshreyfinguna lagðar og alveg eindregin yfirlýsing um það, að samningar við ríkisstj. geti ekki komið til greina undir slíkum kringumstæðum, þetta er undirstrikað svo sterklega, og það mun hafa verið gert af mörgum fulltrúum á Alþýðusambandsþingi og kemur fram í því, að ályktun þessi var samþykkt þar einróma, og margir helztu forystumenn alþýðusamtakanna hafa bæði á þinginu og eftir það lagt á þetta atriði alveg sérstaka áherzlu, að ekki komi til mála að taka upp samninga undir þeim kringumstæðum, að þvingunarlög hafi verið sýnd eða sett. Þessi yfirlýsing er svo eindregin og afdráttarlaus, að það fer ekkert á milli mála. Og það er útilokað, að hæstv. ríkisstj. hafi ekki veitt henni hina fyllstu athygli. Þess vegna er það óneitanlega næsta furðulegt, að þetta frv. í þeim búningi, sem það er, skuli nú komið fram, án þess að neinna annarra hugsanlegra leiða hafi verið leitað. Það er því mjög stórt og að mínu viti ákaflega háskalegt skref, sem hæstv. ríkisstj. er að stíga með þeim ákvæðum í frv. að raska hlutaskiptakjörum. Er ekki bókstaflega með þessum aðgerðum verið að útiloka samningaleiðina við verkalýðshreyfinguna um ákveðna þætti efnahags- og atvinnumála? Er ekki með þeim verið að framkalla hörð átök, miklar deilur, sem alveg tvímælalaust yrðu til mikils tjóns fyrir þjóðarheildina? Margir bera þann ugg í brjósti, að svo sé.

Um önnur atriði þessa frv. heldur en þau, sem ég hef nú farið um nokkrum orðum, ætla ég ekki að ræða við þessa umræðu. Þó mætti vitanlega sitt hvað segja um sum ákvæði í síðari köflum frv., svo sem um hækkun útflutningsgjalds af ýmsum tegundum sjávarafurða enn á ný. En þar sem ég tel, að ákvæðin um röskun sjómannasamninganna séu langvarhugaverðasti og háskalegasti þáttur þessa frv., þá ætla ég mér eingöngu að ræða um það atriði, eins og ég hef nú gert í stuttu máli. Ég skora svo á hæstv. ríkisstj. að endurskoða afstöðu sína til þessara ákvæða og taka nú upp þann hátt, sem ég nefndi hér fyrr í ræðu minni, að stöðva þetta frv. eða draga það til baka og gera ítarlega og alvarlega tilraun til þess að þoka málinu áfram með samninga- og samkomulagsleið.

Félmrh. (Eggert G. Þorsteinsson): Herra forseti. Það eru nú ekki mörg atriði, sem gefa tilefni til þess að fara sérstaklega út í ræður hv. stjórnarandstæðinga. Eitt hefur mér þó þótt merkilegt, að báðir hv. þm. gerðu mjög heiðarlega tilraun til þess að viðurkenna, að hér væri vandi á höndum — beinlínis tóku það fram báðir tveir, sem hingað til hefur verið dálítið erfitt að fá út úr hv. stjórnarandstæðingum, að við nokkra raunverulega erfiðleika væri að etja. Sú yfirlýsing liggur þó hér fyrir, að þessir erfiðleikar séu fyrir hendi. Það er staðreynd þessara umræðna. Það er einnig staðreynd, og því er ekki móti mælt, að fjárhagsvandinn, sem um er að ræða hjá íslenzkum sjávarútvegi, geti verið sem næst því, sem í þessu frv. greinir og verið er að reyna að leiðrétta með þessu frv. Ágreiningurinn er hins vegar um það, hvaðan það fé á að koma, sem til útgerðarinnar og hinna ýmsu þátta íslenzks sjávarútvegs á að renna, hvaðan það fé er fengið.

Því var lýst yfir hér í sambandi við umræður um gengislækkunarfrv. svo nefnda hér á dögunum, að gengislækkunin væri fyrst og fremst framkvæmd vegna sjávarútvegsins. Og vegna þess væri gengislækkunarleið valin, að hún gæfi meiri möguleika til að koma til móts við þann vanda og leysa þann vanda, sem við er að etja. Þess vegna hefði hún verið valin. Þetta er afleiðing þeirra ákvarðana, sem þá voru teknar með því frv. Nú tala menn eðlilega mikið um það, að þarna sé hreyft við þeim reglum, sem gilt hafa um hlutaskipti, og það er rétt. Á það dró ég enga dul í minni ræðu og gerði enga tilraun til þess að fela það. En mér finnst a. m. k. fulltrúar núverandi stjórnarandstöðuflokka leita svolítið langt yfir skammt, þegar þeir tala um sérstakar ávirðingar í þessu sambandi. Ég veit ekki betur en með lögunum um bátagjaldeyrinn 1956 hafi sú regla verið í gildi, sem að nokkru leyti er hér farið inn á líka. Það er raunverulega það, að það giltu tvö fiskverð. Það var annað fiskverð til útgerðarmanna og annað til sjómanna. Ég heyrði ekki á þessum flokkum þá — ég veit ekki, hvort þessir hv. þm. voru þá þm. — en ég minnist þess ekki, að mótmæli hafi komið frá þeim flokkum, enda var nú forystumaður þessara mála þá úr öðrum stjórnarandstöðuflokknum, sem fór þá með sjávarút-

vegsmál. Hér er því ekki verið að brydda upp á neinu, sem er algerlega nýtt. Þetta hefur sem sagt áður verið í gildi og þótti góð vísa þá.

Ég get gjarnan látið þá skoðun mína í ljós, að vitanlega hefði verið æskilegra að fá þessa peninga einhvers staðar annars staðar frá og þurfa ekki að hreyfa neitt við þessum skiptakjörum. En þrátt fyrir mikla vinnu, sem ríkisstj. hefur í þetta frv. lagt og m. a. sýnt þeim aðilum, sem hlut eiga þarna að máli, fyrir alllöngu síðan, svona a. m. k. allar útlínur þess, þó að endanlega væri ekki frá því gengið fyrr en nú um þessa síðustu helgi — það er ástæðan til þess, að frv. er ekki komið fram áður, en engar aðrar — þá voru það mörg atriði, sem erfitt var að fá niðurstöðu um, ég segi ekki, að það sé eitthvert samkomulag við hlutaðeigandi aðila, hvorki þolendur né þiggjendur í þessu máli. Um það voru þeir ekki beðnir, en þeir fengu að sjá málið eða efni þess fyrir alllöngu síðan, þannig að það hefur ekki að því leyti til verið farið með það sem neitt pukurmál gagnvart þeim aðilum, sem þarna eiga hlut að máli. Ef hv. stjórnarandstæðingar hafa á hendinni einhver önnur ráð, sem leysa þann vanda, sem þeir viðurkenna, að sé fyrir hendi, þá verða þau ráð að sjálfsögðu mjög vel þegin, og væntanlega kemur það þá fram í meðferð þeirrar hv. n., sem málið fær til meðferðar. Ríkisstj. er skylt að leggja fram sínar till. til lausnar þeim vanda, sem allir viðurkenna nú, að er fyrir hendi. Þessa skyldu sína hefur hún uppfyllt með framlagningu þessa frv. Ef aðrar betri og auðveldari lausnir eru til á þessum vanda heldur en ríkisstj. hefur hér lagt til, þá verða þær þakksamlega þegnar. En væntanlega koma þær lausnir fram, þegar málið fer til meðferðar í hv. n.

Ein spurning kom til mín — sem ég bað hér hv. þm. um að reyna að afla svara við fyrir mig, þar sem ég vildi ekki víkja frá meðan á umræðum stóð — og ég hygg, að ég hafi tekið rétt eftir því, að í fréttabréfi Seðlabankans frá því í októberlok eða í byrjun nóvember hafi verið talið, að um 1505 millj. kr. væru í birgðum. Birgðir væru metnar á 1505 millj., en í þessu frv. sé hins vegar talað um, að þær séu ekki nema 1000 millj. Davíð Ólafsson seðlabankastjóri upplýsir eftirfarandi núna fyrir 15 mínútum síðan:

Fiskifélag Íslands framkvæmdi fullkomna birgðatalningu í samráði við bankann, og samkv. þeirri niðurstöðu voru birgðir 15. nóv. þannig: Sjávarafurðir alls 1292.5 millj., mínus 217 millj. í skreið og 30.9 millj. í hvalafurðum eða 247.9 millj. Eftirstöðvar eru því nú 1045 millj., enda sagt í frv. „um 1000 millj.," að birgðirnar séu taldar nú 1045.6 millj. og samkv. fyrri reynslu er óvarlegt að ætla þetta mikið yfir 1000 millj. Skreiðin var áður metin á 360 millj., en nú á 217, ef allar útflutningsbirgðir eru taldar, þ. á m. landbúnaðurinn, sem á um 232 millj., þá kæmi út um 1500 millj. Þetta mun vera skýringin á þeim talnamismun, sem þarna hefur verið um að ræða.

Að öðru leyti skal ég ekki fara út í einstök atriði hv. stjórnarandstæðinga í þeirra ræðum. Þær voru að miklu leyti mjög almenns eðlis og knýja ekki á um sérstök svör.

Jón Árnason: Herra forseti. Frv. það, sem hér er til umræðu, er, eins og fyrirsögn frv. bendir til, um ráðstafanir í sjávarútvegi vegna breytingar gengis íslenzku krónunnar. Það hefur komið hér fram í þeim umræðum, sem átt hafa sér stað við þessa umræðu, að hér sé að ýmsu leyti farið inn á nýjar leiðir og gengið hér meira inn á rétt hlutarsjómanna, heldur en áður hafi átt sér stað, og farið að sumu leyti inn á nýjar leiðir. Um þetta tel ég, að geti verið um meiningarmun að ræða og að frv. feli nú að sumu leyti í sér nýjar leiðir í vissum tilfellum, en engan veginn að þar sé ekki um aðrar hliðstæður að ræða frá fyrri árum.

Frv. þetta er í þremur aðalköflum. I. kaflinn er um ákvörðun fiskverðs og Stofnfjársjóð. Það segir sig sjálft, að eftir að gengisbreytingin hefur átt sér stað og er orðin staðreynd, skapast nýtt viðhorf í sambandi við verðlagningu fisksins og einnig með hliðsjón af þeim öðrum ákvæðum, sem í frv. eru, um vissar ráðstafanir á andvirði fisksins, sem ganga á vissar leiðir, eins og þar er lagt til. Um Stofnfjársjóðinn má segja, að þar er raunverulega ekki um alveg nýja leið að ræða og sem heldur ekki breytir verulega frá því, sem átti sér stað á s. l. ári. Á s. l. ári voru 124 millj. greiddar raunverulega sem verðuppbætur á fiskinn til útgerðarinnar til þess að mæta þessum sömu þörfum, sem Stofnfjársjóðnum er ætlað nú að gera. Þess vegna má segja, að hér sé ekki um nýjar fjárupphæðir að ræða, sem raski frá því, sem var t. d. á s. l. ári. Það var í byrjun ársins áætlað, að þessar 124 millj. kr. mundu nema sem næst 8% af fiskandvirðinu í sambandi við bolfiskveiðarnar, en það, sem hér kemur fram, bendir hins vegar til þess, að það er ráðgert, að það verði 10% þar á móti.

Útflutningsgjald af sjávarafurðum er tekið hér upp og nokkrar breytingar eiga sér þar stað. Hv. 3. þm. Norðurl. v. taldi, að ekki mundi vera ástæða til þess að leggja meira á síldarútveginn núna heldur en á s. l. ári og það er heldur ekki gert í þessu frv. Það, sem þetta frv. felur í sér, er einmitt, að það er verið að færa á milli frá síldveiðinni, sem sýnt hefur verið, að ekki getur staðið undir þessum gjöldum í jafnríkum mæli og átt hefur sér stað, og yfir á bolfiskveiðarnar, því að það er alveg rétt eins og fram kom hjá hv. þm., að það er algerlega óraunhæft að ætla sér að ná jafnmiklum hluta af tekjum til vátryggingarsjóðsins og hefur átt sér stað í sambandi við fyrri lög, enda hefur það komið á daginn, að það hefur ekki skilað sér á neinn hátt og þess vegna stendur vátryggingarsjóðurinn svo höllum fæti sem raun ber vitni um í dag. Og það kemur einmitt fram hér í II. kafla þessara laga, að síldveiðunum er ætlað að standa undir a. m. k. rúmlega 20 millj. kr. minni upphæð heldur en ef það hefði verið óbreytt frá því, sem áður gilti. Hins vegar er ætlazt til þess, að bolfiskveiðarnar beri hér uppi verulega mikinn meiri hl. af tekjum sjóðsins eða 65 millj. kr. hærra heldur en ef um óbreyttan skala hefði verið að ræða.

III. kaflinn er um ráðstöfun á gengishagnaðinum. Þetta er í annað sinn núna í sambandi við gengislækkun, sem gengishagnaðurinn er látinn renna að öllu leyti til sjávarútvegsframleiðslunnar. Það hefur oft átt sér stað gengislækkun áður í þessu landi, en þá hefur það oft farið þannig, að meira og minna af gengishagnaðinum hefur runnið í ríkissjóð eða til annarra þarfa heldur en sjávarútvegsins sjálfs. Ég álít, að þetta sé rétt ráðstöfun og sanngjörn og sérstaklega, þegar

tekið er tillit til þeirra erfiðleika, sem sjávarútvegurinn á við að búa í dag og viðurkenndir hafa verið hér af öllum ræðumönnum.

Það kom fram hjá hv. 3. þm. Norðurl. v., að hann teldi, að það hefði verið réttara að létta útflutningsgjaldinu af sjávarútveginum heldur en hækka það og þyngja, og það hefði vissulega komið sjávarútveginum betur. Það má segja það, að þetta út af fyrir sig gæti verið æskilegt frá sjónarmiði sjávarútvegsins að létta af slíku gjaldi eins og útflutningsgjaldinu, en þá verður líka í staðinn að benda á tekjur á móti, sem geta fyllt upp í það skarð. Og meðan ekki er bent á þær, þá er hér ekki um raunhæfar till. að ræða. Hins vegar kom það fram hjá hv. þm. einnig, að hann teldi, að það væri mjög mikið spursmál eða mjög mikil spurning, hvort þessi leið, að láta einn sjóð greiða vátryggingargjöldin, væri heppileg leið, og það gæti haft ýmsar óheppilegar afleiðingar í för með sér. Vissulega er þetta rétt, að ótakmörkuð greiðsla í einstökum tilfellum getur beint einmitt þessum málum inn á óheppilegar brautir, en ef væri horfið að því, sem hann benti á, að láta útgerðarmenn ekki greiða neitt af þessu, þá er ég hræddur um, að það væri ekki heppilegri niðurstaða í sambandi við tjónabæturnar eða tjónareynsluna hjá bátunum, þegar útgerðarmenn þyrftu ekkert að hugsa um, hvernig færi í þessum málum. Mér virðist nú þetta stangast nokkuð á hjá hv. þm. Hitt er svo annað mál, að tekjur af útflutningsgjaldinu koma allar til góða í sambandi við sjávarútveginn og að því leyti hefur það og reyndar verið upplýst áður, að þessi framkvæmd er gerð samkv. eindregnum óskum útgerðarmanna. Hér er um geysilega stórar fjárupphæðir að ræða í sambandi við útgerðarreksturinn, og það er miklu stefnt í tvísýnu hjá einstaka útgerðarmönnum, ef þeir ekki geta staðið í skilum með vátryggingagjöldin, þannig að af þeim ástæðum geta skipin í vissum tilfellum farið úr vátryggingu, og það sjá allir, hvert stefnir, ef slíkt á sér stað. Þess vegna hefur það verið álit útgerðarmanna, að þrátt fyrir það, að þetta komi að sjálfsögðu að einhverju leyti misjafnlega niður á einstaka útgerðarmenn, af því að þetta er miðað við aflamagn, greiðslan í sjóðinn, þá fer það ekki alltaf saman, að þeir, sem greiða mest í sjóðinn, fái sem mest úr honum aftur. En þrátt fyrir það hefur það verið álit útgerðarmanna, að það sé svo mikið öryggi í þessu, að þeir vilja í þessum tilfellum taka á sig vissar fórnir, sem þessu eru samfara.

Hv. 5. þm. Reykn. talaði um hlutaskiptafyrirkomulagið, það væri gamalt og þess vegna væri ekki heppilegt að raska því verulega frá því, sem átt hefði sér stað. Það er staðreynd, sem fyrir liggur í sambandi við hlutaskiptafyrirkomulagið, að það hefur meira og minna farið úr skorðum á undanförnum árum, t. d. eins og hér hefur verið bent á á árinu 1956, þegar bátagjaldeyrisfyrirkomulagið átti sér stað, þá var það ekkert annað heldur en að ganga fram hjá hlutaskiptunum, þannig að færa á milli frá sjómönnum yfir til útvegsmanna. Og sama má segja í sambandi við allar niðurgreiðslurnar, hundruð millj., sem hafa verið greiddar á hverju ári í uppbætur til útgerðarinnar. Þar er ekkert um annað að ræða heldur en að þar er verið að fara með stórar upphæðir fram hjá sjómönnum, upphæðir, sem ekki hafa komið til skipta. Og það, sem hér á sér stað, er raunverulega nákvæmlega það sama — hvort það eru jafnmörg hundruð millj., sem koma þarna, það skal ég ekki um segja og veit reyndar ekki, hvort það hefur verið reiknað út, en ég tel, að að efni til sé hér um hliðstæður að ræða.

Varðandi upphæð þá, sem hér kom til umræðu og sem rynni í gengishagnaðarsjóðinn, þar sem minnzt var á, að það væri um 1000 millj. kr., sem birgðirnar hefðu átt að vera samkv. upplýsingum í þessu frv., þá er það rétt, og af þessum 1000 millj. kr. er gert ráð fyrir 540 millj. Hins vegar kemur það líka skýrt fram í þessu frv., að um verulegar upphæðir er að ræða í birgðum, sem ekki eru í landinu, búið er að skipa út, en ekki búið að greiða og þess vegna eru þar þessar 200 millj. — þær koma beint í sambandi við það, enda segir svo um þetta í grg., sem frv. fylgir, sem hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Samkv. þeim upplýsingum, sem fyrir liggja um birgðir sjávarafurða, mun mega áætla, að andvirði þeirra geti numið alls um 1000 millj. kr. Eru þá skreiðarbirgðir ekki með taldar, sbr. það, sem um það segir síðar. Gengismunur af þessum birgðum mundi nema 540 millj. kr. Við þetta bætist gengismunur af andvirði útfluttra en ógreiddra afurða."

Þetta var alveg skýrt, og það er áætlað, að af þeirri upphæð muni það, sem búið var að flytja út og þess vegna ekki í birgðum í landinu, vera um 200 millj. Þannig ætla ég, að þetta sé skýringin á því atriði.

Aðalatriðið í sambandi við þetta mál og sem mér finnst, að skipti mestu máli, er það, að menn eru almennt sammála um, að hér sé við mikla erfiðleika að etja, og það er álit ríkisstj. og stuðningsflokka hennar, að réttasta leiðin til þess að firra þjóðina þeim vandræðum, sem við blasa, ef annað hefði ekki verið að gert, sé að fara gengislækkunarleiðina og þess vegna hefur hún verið farin og vegna þess, að hún var farin, hefur verið talið nauðsynlegt að gera jafnhliða þær ráðstafanir, sem þetta frv. felur í sér.

Herra forseti. Við þessa umræðu málsins sé ég ekki ástæðu til þess að orðlengja frekar um málið.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12:2 atkv. og til sjútvn. með 15 shlj. atkv.

Á 26. fundi í Ed., 12. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 112, n. 146 og 150, 151).

Of skammt var liðið frá útbýtingu þskj. – Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Pétur Benediktsson): Herra forseti. Um mál það, sem hér liggur fyrir, hefur verið fjallað í sjútvn., sem bar nú ekki gifturu til að skila einróma áliti, þar sem minni hl. óskar að vísa málinu frá með rökstuddri dagskrá, en meiri hl. er hins vegar frv. samþykkur í öllum meginatriðum og leggur til, að það verði samþykkt með fáeinum breytingum, sem er að finna á þskj. 151, auk þess sem við höfum áskilið okkur að koma með nokkrar brtt. til viðbótar við 3. umr., en þær snerta ekki kjarna málsins frekar heldur en þær brtt., sem nú eru fram bornar.

Um málið almennt get ég nú verið heldur stuttorður. Ég hef lesið yfir nál. hv. minni hl. og er sannast sagt undrandi á því skilningsleysi á vandamálum íslenzku þjóðarinnar, sem kemur fram í nál., þar sem veifað er orðum um „gífurlega kjaraskerðingu“ hjá ákveðinni stétt manna einni saman, og á öðrum stað talað um, að gert sé ráð fyrir „auknum álögum á atvinnuvegi landsins“, þó að í því tilfelli sé aðeins um að ræða tilfærslu á fjármunum innan sama atvinnuvegar. Það er ekki tekið neitt af sjávarútveginum, sem sjávarútvegurinn fær ekki aftur. Þarna er verið að hlíðra til fjármunum, eins og okkar hlutverk er svo oft í nútímaþjóðfélagi, að koma fjármununum þangað, sem við hyggjum þá gera heildinni meira gagn heldur en ef þeim er safnað öllum á einn stað. En þetta virðast þessir menn, sem þó kenna sig við vinstrimennsku og veifa alþýðuflagginu í tíma og ótíma, þetta fá þeir ekki skilið, heldur álíta, að ef einhver geti fengið stórgróða af ráðstöfunum eins og gengisfellingu, sé um að gera að láta stórgróðann liggja þar, en gleyma heildinni. Sama er að segja um þessa „gífurlegu kjaraskerðingu.“ Hér er aðeins um að ræða það, að ein stétt manna, sem ráðin er upp á hlutaskipti, skuli ekki vera undanþegin þeirri — ja, ég veit ekki, hvort ég á að segja „gífurlegu“, en þó verulegu kjaraskerðingu, sem öll íslenzka þjóðin verður að sætta sig við í bili til að komast út úr þeim fjárhagsvanda, sem við erum nú í, sökum aflabrests og örðugra markaðshátta á undanförnum tveimur árum.

Ég læt þetta nægja um málið almennt að þessu sinni og sný mér að einstökum brtt.

1. brtt. á þskj. 151 fjallar um nýja gr., er komi á eftir 8. gr. frv. og hljóðar svo:

„Kjarasamningum milli útvegsmanna og sjómanna, sem samkv. ákvæðum þeirra var ætlað að gilda til ársloka 1969, er heimilt að segja upp án fyrirvara eftir gildistöku þessara laga.“

Það þótti mikið vafamál, hvort þörf væri á þessari brtt. Ég hygg, að það hafi verið samhljóða álit flestra meiri háttar lögfræðinga, a. m. k. allra þeirra, sem ég hef rætt málið við, að þetta lægi í sjálfu sér í augum uppi. Veruleg forsenda fyrir þessum kjarasamningum var brostin, og þess vegna hlutu aðilarnir að vera frjálsir að segja þeim upp. Hins vegar var því óspart veifað af andstæðingum frv., að hér væri um lögbindingu á kaupi einnar stéttar að ræða, sjómannanna, meðan allar aðrar stéttir væru frjálsar að taka upp nýja samninga. Og það er til þess að sýna það svart á hvítu, að það hefur ekki verið ætlan stuðningsmanna þessa frv. að koma slíku misrétti á, sem þessi till. er fram borin.

Næsta brtt. okkar er við 9. gr. frv. og er ekki stórvægileg. 9. gr. fjallar um útflutningsgjald af sjávarafurðum og er í 7 töluliðum. Þar má náttúrlega um það deila, hvort rétt sé að gera þá mismunun, sem gerð er. Sumir borga gjaldið af magni, aðrir borga mismunandi háa hundraðstölu af verðmæti, og enginn fer vel út úr þessu, nema einhverra hluta vegna eru selbitar (sbr. 8. tölul.) gjaldfrjálsir. Það hlýtur að vera í sambandi við það, að þeir eru, jafnframt því að vera sjávarafurðir, taldir til landbúnaðarafurða. En þessi litla brtt., sem við flytjum hér, er eingöngu um að flytja óverkaðan saltaðan smáfisk úr næsthæsta flokki niður í 1. flokkinn, þar sem er magntollur með hámarkinu 5% af verði. Þessi framleiðsla á söltuðum smáfiski er ekki sérlega arðvænleg, en góð atvinnubótavinna vissan hluta ársins á nokkrum stöðum á landinu, en útflutningur þessarar vöru hefur ekki getað átt sér stað nema með stuðningi hins opinbera eða verðjöfnun á milli stærðarflokka, og þykir því óeðlilegt að hafa þennan varning í næsthæsta gjaldaflokki, þegar borga þarf með honum við útflutninginn. Það er hugsanlegt, að fram komi við fyrri umr. fleiri brtt. við þessa grein, en það mál er sem sé enn í athugun.

Þá er í næstsíðustu mgr. þessarar greinar mjög smávægileg brtt. Þar er skýrt frá því, hvenær vörur skuli taldar „niðurlagðar“ og almennt er miðað við, að innihald umbúða sé ekki hærra heldur en 10 kg nettó. En þó er gerð undantekning þarna um vörur, sem lagðar eru fullverkaðar niður í stærri ílát, ef útflytjandi sannar, að hráefnisverðmæti hinnar útfluttu vöru sé minna en ¼ hluti. Við leggjum til, að því sé breytt í ⅓ hluta útflutningsverðmætisins. Mér er sagt, að þetta hafi í raun og veru ekki praktíska þýðingu fyrir nema einn vöruflokk, sem ég kann ekki einu sinni íslenzkt nafn á, en er fluttur út til Þýzkalands undir nafninu Sauerlappen og úr því eru svo búnir til síldarréttir í Þýzkalandi. Þessi breyting á, að fróðra manna sögn, að vera nauðsynleg til stoðar þeim atvinnuvegi, sem hlut á að máli, en hefur varla stóra almenna þýðingu.

Við seinustu mgr. þessarar greinar höfum við einnig gert brtt. Þar fengum við erindi frá Landssambandi ísl. útvegsmanna, sem fór þess á leit, að tekin yrðu inn í frv. ákvæði um hundraðstölu þess kostnaðar, sem draga mætti frá í sambandi við löndun og sölu, þegar íslenzk fiskiskip selja gjaldskyldar sjávarafurðir í erlendri höfn. Okkur finnst ekki eðlilegt, að þetta verði löggjafaratriði, og höfum þess vegna lagt til, að sjútvmrn. setji nánari reglur um málið.

Næsta brtt. okkar er við 12. gr. Þar er gert ráð fyrir því sem meginreglu, að útflutningsgjald falli í gjalddaga um leið og skip er afgreitt úr höfn eða áður en lagt er af stað til útlanda, ef engrar afgreiðslu er beiðzt, en þó geti sjútvmrh. ákveðið, að útflytjendur skuli greiða ⅓ hluta gjaldsins um leið og útflutningsskjöl eru afhent, en jafnframt afhendi þeir tollyfirvaldi ávísun á væntanlegt gjaldeyrisandvirði fyrir ⅔ hluta gjaldsins. Nefndinni kom saman um, að eðlilegra væri, að þetta gilti um allt útflutningsgjaldið, það sé ekki eðlilegt að skipa útflytjendum að greiða tiltölulega há útflutningsgjöld án þess að þeir hafi sjálfir tekið við andvirði vörunnar. Höfum við því lagt til, að greininni verði breytt í samræmi við þá hugsun, enda sé tryggt, að gjaldeyrisskil fari fram fyrir milligöngu íslenzkra banka og sé tollyfirvaldi fengin ávísun á væntanlegt gjaldeyrisandvirði fyrir gjaldinu.

Þá er loks ein smátillaga í viðbót. Hún er í ákvæðinu til bráðabirgða þarna strax á eftir. Þar er talað um útflutningsgjald af söltuðum hrognum samkv. 2. gr. laganna, að það skuli ekki greitt af söltuðum grásleppuhrognum af framleiðslu ársins 1968. Fróðir menn sögðu okkur í meiri hl. n., að þarna væri réttara að stæði: „af söltuðum eða niðurlögðum grásleppuhrognum.“ — Þetta er til að efna loforð, sem ríkisstj. mun hafa gefið framleiðendum þessarar vöru í sam-

bandi við gífurlegt verðfall á seinustu tveimur eða þremur árum frá því, sem áður var.

Þá eru til athugunar í nefndinni nokkrar breytingar í sambandi við ráðstöfun gengishagnaðar, bæði við 14. og 16. gr., en eins og ég sagði áður, er ekki fyllilega frá þeim gengið, og ég mun leyfa mér að skýra þær, þegar þar að kemur við 3. umr. málsins. Leyfi ég mér því að fara þess á leit, að hv. d. samþykki frvgr. og vísi síðan frv. til 3. umr.

Frsm. minni hl. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Frv. hæstv. ríkisstj. um ráðstafanir í sjávarútvegi vegna breytingar gengis íslenzkrar krónu, var til umr. í sjútvn. Ed. s.l. þriðjudag. Í nefndinni varð ekki samkomulag um afgreiðslu málsins eins og fram kom hjá frsm. meiri hl. Í ljós kom, að meiri hl. n. leggur á það mikla áherzlu að hraða málinu. Minni hl. telur hins vegar, að hér sé um svo mikilvægt mál að ræða, að kanna beri til hlítar hin ýmsu ákvæði þess. Sérstaklega telur minni hl., að sjútvn. hefði átt að ræða við þá aðila, sem eiga þarna sérstakra hagsmuna að gæta, fulltrúa sjómanna og útgerðarmanna. Meiri hl. n. taldi hins vegar ekki nauðsynlegt að verða við þeim tilmælum. Verður að telja þá meðferð þessa þýðingarmikla máls afar ámælisverða. Slíkt getur orðið örlagaríkt fyrir íslenzkan þjóðarbúskap.

Minni hl. sjútvn. hefur orðið sammála um það nál., sem hér liggur fyrir, og leggur til, að málinu verði vísað frá með rökstuddri dagskrá. Mun ég nú ræða nokkuð ýmis meginatriði frv. og aðrar forsendur þeirrar niðurstöðu.

Í I. kafla frv., sem fjallar um ákvörðun fiskverðs og Stofnfjársjóð, er gert ráð fyrir að skerða mjög verulega hlut sjómanna og breyta þar með lögum gildandi kjarasamningum. Rétt er að líta á það mál frá ýmsum hliðum. Hæstv. sjútvmrh. upplýsti í framsöguræðu sinni með þessu frv., að ráðgert væri, að sjómenn fengju sömu hækkun launa að hundraðshluta og hæstv. ríkisstj. ætlar að skammta öðrum láglaunastéttum. Þessi hækkun mun nema um það bil 11%. Ljóst er því, að fiskverð hlýtur að hækka um þá sömu hundraðstölu. Í þessu sambandi verður þó að athuga, að ríkisstj. greiðir nú uppbót á línufisk, sem nemur allt að 60 aurum á hvert kg. Nú mun ráð fyrir gert, að þessi greiðsla ríkissjóðs falli niður, en ef hlutur sjómanna á ekki að skerðast að sama skapi, hljóta aðrir aðilar en fiskkaupendur sjálfir að verða að bera þessa greiðslu. Það skal að vísu viðurkennt, að þetta er ekki nema lítill hluti af aflanum.

Ofan á hið svo kallaða fiskverð, sem Verðlagsráð sjávarútvegsins þannig ákveður, leggjast síðan 10% samkv. 2. gr. frv., og rennur sú fjárupphæð í Stofnfjársjóð fiskiskipa. Samkv. 3. gr. skal fiskkaupandi loks greiða 17% af fiskverði því, sem ákveðið er af Verðlagsráði sjávarútvegsins, beint til útgerðarmanns. Hvorugt þessara gjalda er hins vegar tekið með í fiskverði því, sem Verðlagsráð sjávarútvegsins ákveður. Þegar tekið er tillit til þess, að umræddar upphæðir leggjast á fiskverð, sem er nokkru hærra en það, sem nú gildir, og sömuleiðis til þeirrar greiðslu, sem ég nefndi áðan, að fiskkaupendur hljóta nú að verða að greiða af línufiski, sýnist mér, að hækkun á fiskverði geti numið allt að 56%. Lægri verður hækkunin fyrir annan fisk en línufisk, en fyrir síld og humar, sem greiða hærra gjald til Stofnfjársjóðs, verður hækkunin eitthvað svipuð. Hér er því um gífurlega hækkun á fiskverði til fiskkaupenda og neytenda að ræða, og sú spurning hlýtur að vakna, hvort þessir aðilar geti staðið undir þessari miklu hækkun.

Nú mætti ætla, að hlutur útgerðarmanna væri vel tryggður með þessari miklu hækkun á fiskverði. Þess ber þó að gæta, að útgerðarmönnum sjálfum er nú ætlað að taka á sig ýmislegt, sem hið opinbera greiddi áður. Í fyrsta lagi má nefna uppbótina á línufisk, sem að vísu er ekki nema af litlum hluta aflans, eins og ég sagði fyrr, en í öðru lagi og eins og fram kemur í 7. gr. frv. og í grg., hefur ríkissjóður á árinu 1968 greitt 124 millj. kr. til Stofnfjársjóðs. Ætlunin mun nú vera sú, að þessi upphæð falli niður, en útgerðarmenn greiði hana sjálfir og sjómenn að sínum hluta. Samkv. upplýsingum frá fundi Landssambands ísl. útvegsmanna munu eftirstöðvar af þeirri gífurlegu hækkun á fiskverði, sem hér hefur verið rætt um, ekki hjálpa til þess að greiða þá miklu hækkun á reksturskostnaði útgerðarinnar, sem verður vegna gengisfellingarinnar. Þegar jafnframt er tekið tillit til þess hluta gengistapsins, sem útgerðin verður sjálf að standa straum af, er ljóst, að þær ráðstafanir, sem hér er um að ræða, munu jafnvel ekki tryggja rekstur fiskiskipaflotans.

Langsamlega verstur verður þó hlutur sjómanna. Gildandi kjarasamningum þeirra er rift með lögum. Sýnist mér ljóst, að kjaraskerðing sjómannastéttarinnar verður meiri en flestra — ef ekki allra — annarra láglaunastétta í landinu. Viðurkennt hefur þó verið, að laun sjómanna væru, ef nokkuð, of lág. Á bátana verður að tryggja úrvalsmannskap. Sjómenn setja sig í miklar hættur og eru oft langtímum saman fjarri heimilum sínum. Í frv. hæstv. ríkisstj. er mjög óverðuglega að þessari mikilvægu stétt vegið.

Eins og fram kemur í nál., telur minni hl. sjútvn. ekki ólíklegt, að breyta þurfi að einhverju leyti núgildandi hlutaskiptum. Mikil breyting hefur orðið á útgerð allri á undanförnum árum. Bátar hafa orðið stærri og dýrari og sömuleiðis veiðitæki öll. Fjölmörg dýr tæki eru nú auk þess orðin fastur hluti af hverjum bát. Ætla verður, að þessi þróun hafi að vísu aukið allverulega aflagetu bátanna og arðsemi þeirra. Engu að síður má telja eðlilegt, að kostnaður við ofangreinda þróun verði greiddur að nokkru með hlutdeild í aflanum. Ef breyta verður hlutaskiptum, telur minni hl. hins vegar sjálfsagt, að slíkt verði gert með frjálsum samningum sjómanna og útgerðarmannanna. Virðist engin ástæða til þess að ætla, að slíkir samningar hefðu ekki náðst, a. m. k. að óreyndu. Sjómenn hafa sýnt, að þeim er eðlilegur rekstrargrundvöllur sjávarútvegsins mikið kappsmál. Á undanförnum erfiðleikamánuðum, þegar stöðvun sjávarútvegsins hefur blasað við víða um land, hafa sjómenn mjög oft og ef til vill víðast lánað laun sín um lengri eða skemmri tíma. Sama hafa útgerðarmenn gert. Þeir hafa lánað andvirði aflans. Eiga þessir aðilar enn þá útistandandi hjá fiskkaupendum stórar upphæðir víða um landið og í mörgum tilfellum er enn algerlega óljóst, hvernig þau mál verða leyst og skuldirnar greiddar.

Fremur en sú einhliða kjaraskerðing sjómanna, sem gert er ráð fyrir í þessu frv., telur minni hl. n. eðlilegt, að ríkisstj. hafi forystu um að lækka rekstrarkostnað og bæta afkomu útgerðarinnar á sérhvern annan máta eins og unnt reynist. Í því sambandi vil ég leyfa mér að vekja athygli á fáeinum atriðum:

Breyta mætti lausaskuldum útgerðarinnar í löng lán.

Vexti af lánum til útgerðarinnar ætti að lækka.

Kanna þarf vandlega hina ýmsu kostnaðarliði útgerðarinnar og markvisst stefna að því að lækka þá. Má í þessu sambandi benda á olíukostnað, sem er orðinn gífurlegur liður og langtum hærri, að því er upplýst er, en vera mun í nágrannalöndum okkar. Ljóst er, að þennan kostnaðarlið verður að lækka. Mætti í því sambandi athuga landsverzlun með olíu og losna þannig við hið margfalda dreifingarkerfi, sem hér ríkir nú.

Viðhaldskostnaður fiskiskipanna er mjög hár liður. Nú mun vera greiddur um 35% tollur af varahlutum, þótt sáralítill tollur sé á öðrum rekstrarvörum útgerðarinnar. Sjálfsagt virðist að fella að mestu leyti niður þennan toll. Nú tíðkast það mjög oft, að tiltölulega heilum vélum er hent, því að nýjar vélar eru með lægri toll. Þetta er ekki eðlilegt.

Útgerðarmenn eru nú iðulega nauðbeygðir til þess að lána verulegan hluta, ef ekki allt verðmæti aflans, um lengri eða skemmri tíma án þess að fá nokkrar viðunandi tryggingar fyrir greiðslu. Sjálfsagt virðist að tryggja útgerðarmönnum að sínum hluta greiðslu fyrir aflann, þegar afurðalán eru veitt og framleiðslan veðsett.

Þannig mætti eflaust nefna fleiri liði, sem bætt gætu rekstrargrundvöll útgerðarinnar. Ef dæma má af viðbrögðum hæstv. ráðh., verða svör þeirra hins vegar eflaust þau, að sérfræðingarnir telji, að úrræði eins og þau, sem hér hafa verið nefnd, séu einskis nýt og ekki umræðuhæf. Ég leyfi mér þó að fullyrða, að verulega mætti bæta hag útgerðarinnar án þess að skerða kjör sjómanna, ef skipulega og markvisst er að þeim málum unnið. Það mikilvægasta er þó e. t. v. það, að slík meðferð þessa máls mundi sýna vilja hæstv. ríkisstj. til þess að vinna með hinum ýmsu stéttum að lausn erfiðleika þeirra, sem þær eiga við að stríða í dag.

Gert er ráð fyrir því að efla verulega Stofnfjársjóð fiskiskipa, sem stofnsettur var með l. nr. 58 frá 6. maí 1968. Hér heldur hæstv. ríkisstj. áfram á þeirri braut að taka í sínar hendur forsjá sem flestra þátta íslenzks atvinnulífs. Í þessum sjóðum er fjármagninu haldið oft lengri eða skemmri tíma á meðan verðbólgan heldur áfram að rýra kaupmátt þess. Fróðlegt væri að vita, hve mikið fjármagn glatast í þessari meðferð. Það er áreiðanlega ekki lítið. Ekki virðist mér það heldur æskileg þróun, að nú þurfa útgerðarmenn ekki lengur að standa sjálfir í skilum beint við Fiskveiðasjóð með greiðslur vaxta og afborgana. Það gerir hinn opinberi Stofnfjársjóður. Mér finnst þetta óeðlileg þróun, og varla samræmist hún slagorði Sjálfstfl. um hið frjálsa framtak.

Í II. kafla frv. er fjallað um útflutningsgjöld af sjávarafurðum. Gert er ráð fyrir því að hækka gjaldið allverulega. Samtals nemur hækkunin um 48 millj. kr. samkv. áætlun í grg. frv. Mun langsamlega mesti hlutinn af þessu gjaldi renna til greiðslu vátryggingariðgjalda fiskiskipa eða um 80%. Er hér um að ræða verulega hækkun frá því, sem verið hefur. Enn er haldið áfram á sömu braut. Aukin gjöld eru lögð á atvinnuvegina. Fjármagn er lagt í sjóði, sem veita síðan hinum sömu atvinnuvegum lán af þeirra eigin fé eða taka að sér greiðslu á ýmsum sjálfsögðum gjöldum atvinnurekandans sjálfs. Eins og ég hef áður sagt, sýnist mér þessi þróun mjög vafasöm og vísa ég í því sambandi til þess, sem ég hef áður sagt um Stofnfjársjóð fiskiskipa.

Til Fiskveiðasjóðs Íslands er gert ráð fyrir, að renni 12.7% af útflutningsgjaldinu og 3.5% til Fiskimálasjóðs. Samtals er gert ráð fyrir því, að til þessara sjóða renni 60 millj. kr. ár hvert. Þannig stendur sjávarútvegurinn sjálfur undir lánastarfsemi þessara sjóða, en ekki hið almenna útlánakerfi í landinu.

Til byggingar haf- og fiskirannsóknarskips er gert ráð fyrir, að renni 2% og til byggingar rannsóknastofnunar sjávarútvegsins 0.8%. Um þessar framkvæmdir er ekkert nema gott að segja. Þær eru báðar mjög nauðsynlegar fyrir alla rannsóknarstarfsemi í þágu sjávarútvegsins. En mér sýnist rétt að vekja athygli á því, að niðurstöður nýlokinnar athugunar Rannsóknaráðs ríkisins benda til þess, að hlutdeild hins opinbera í rannsóknakostnaði hér á landi hafi lækkað frá 1957 til 1965 úr um 90% af heildarrannsóknakostnaðinum niður í rúmlega 70%. Aukin þátttaka atvinnuveganna í rannsóknastarfseminni er að vísu mjög eðlileg og æskileg. Hins vegar þyrfti slík þátttaka að stafa af vaxandi skilningi þeirra sjálfra á vísindastarfseminni fyrir atvinnulífið og framlögin að vera af frjálsum vilja. Því miður hefur þetta ekki tekizt eins og skyldi. E. t. v. stafar þetta að nokkru af þeirri tilhneigingu þess opinbera að seilast í vasa atvinnuveganna með lögum og taka þaðan í vaxandi mæli fjármagn til rannsóknastarfseminnar. Í þessu sambandi má vekja athygli á því, að það rannsóknarskip, sem við höfum nú fengið, er ekki fengið fyrir forgöngu hæstv. ríkisstj., heldur fyrir forgöngu síldarútvegsins sjálfs.

Í 6. lið 10. gr. er lögbundið framlag til Landssambands íslenzkra útvegsmanna 0.5%. Furðulegt má það vera, ef útvegsmenn sjálfir mundu ekki af frjálsum vilja greiða þátttökugjald sitt í þessum mikilvægu samtökum þeirra.

Enn hef ég þó ekki rætt um mikilvægasta liðinn í skiptingu útflutningsgjaldsins, greiðslu af vátryggingariðgjöldum fiskiskipa, sem nemur 80% af útflutningsgjaldinu, eins og fyrr segir. Eins og fram kemur í grg. með frv., er talið, að ætla verði Tryggingasjóði fiskiskipa meiri tekjur en samsvarar hækkun vegna gengisfellingarinnar. Þetta er sú sama þróun og verið hefur undanfarin ár. Tryggingakostnaður fiskiskipa hefur stöðugt hækkað. Mun þessi liður nú vera orðinn tiltölulega langtum hærri hér á landi en almennt er í nágrannalöndum okkar. Í þessu sambandi er rétt að minnast þess, að útgerðarmenn greiða enn sjálfir nokkurn hluta af tryggingaiðgjöldum. Þeir greiða t. d. kostnaðarverð tryggingar áhafnar og tryggingar afla og veiðarfæra, auk þess, sem þeir geta orðið að bera miklar tryggingaupphæðir, ef sérstök óhöpp vilja til. Samkv. reikningum þriggja báta af mismunandi stærð, sem ég skoðaði, námu eigin tryggingargreiðslur útgerðarmannanna í tveimur tilfellum 2% eða rúmlega það, en í

einu tilfelli nálægt 12% af reksturskostnaði bátsins, enda var þá um sérstakt tjón að ræða. Gert er ráð fyrir því að hækka magngjaldið úr 2% í 3.2% af fob-verðmæti ýmissa afurða. Fellur framleiðsla frystihúsanna að mestu leyti undir þetta gjald. Líklega má nokkurn veginn tvöfalda þetta gjald, ef það er reiknað af aflaverðmæti bátanna. Þannig yrði framlag sjávarútvegsins til Tryggingasjóðs um 80% af þeirri upphæð eða í þessu tilfelli um 5% af aflaverðmæti. Samanlagður tryggingakostnaður þeirra tveggja báta, sem ég nefndi áðan, verður því um 7—8% af rekstrarkostnaði. Síldarafurðirnar eru hins vegar í langtum hærri gjaldflokki. Við síldveiðarnar er þessi hundraðshluti tryggingargjalda því langtum hærri.

Öllum má vera ljóst, að umræddur tryggingarkostnaður fiskiskipa er orðinn óeðlilega hár. Kerfið allt er jafnframt orðið æðimargbrotið með tryggingasjóði, samábyrgð, stöðugt fjölgandi tryggingarfélögum með vafasama pappíra mörg hver. Því er ljóst, að hefja verður nú þegar heildarendurskoðun á öllu tryggingakerfi fiskibátanna. Má ætla, að með samræmdu átaki hins opinbera og útgerðarmanna megi stórbæta alla framkvæmd þessara mála og lækka iðgjöld verulega. Eðlilegra hefði verið, að hæstv. sjútvmrh. hefði snúið sér af krafti að því verkefni fremur en að hækka útflutningsgjald á sjávarútveginum.

Um ráðstöfun gengishagnaðar sér minni hl. sjútvn. ekki ástæðu til að fjölyrða. Það er lofsverð breyting frá fyrri gengisfellingum, að gert er ráð fyrir því að verja gengishagnaðinum í þágu þeirra aðila, sem hann skapa, í þessu tilfelli sjávarútvegsins. Eflaust má lengi deila um skiptingu gengishagnaðar. Gert er ráð fyrir því að greiða gengishagnaðarsjóði nálægt því helming gengistaps af lánum vegna fiskiskipa, sem byggð hafa verið erlendis. Þetta virðist sjálfsagt, en staðreyndin mun þó vera sú, að sá hluti þessa gengistaps, sem útgerðarmenn sjálfir verða að bera, muni reynast þeim ærið þung byrði, ekki sízt eftir nýafstaðna aðra gengisfellingu. Virðist nauðsynlegt að tryggja þessum aðilum frekari fyrirgreiðslu.

Það vekur einnig athygli, að 18.2% gengishagnaðar á að renna til greiðslu vátryggingariðgjalda fiskiskipa. Þetta er eflaust nauðsynlegt, en gefur hins vegar ástæðu til þess að undirstrika það, sem ég sagði áðan, að tryggingamál fiskiskipa verður að endurskoða hið fyrsta.

Í 15. gr. frv. er sjútvmrn. veitt heimild til að ráðstafa gengishagnaði þeim, sem inn kemur vegna sölu skreiðar, til styrktar skreiðarframleiðendum. Sömuleiðis eru rn. í öllum liðum 16. gr. veittar svipaðar heimildir, m. a. er í e-lið veitt heimild til þess að ráðstafa afgangi gengishagnaðarsjóðs. Ekki er ljóst, hver hagnaður verður af sölu skreiðarinnar, en samkv. 16. gr. verður afgangur gengishagnaðarsjóðs a. m. k. 17.4%, en getur orðið langtum meiri, ef aðrar heimildir í þessari sömu grein eru ekki nýttar til hins ýtrasta. Er hér um að ræða a. m. k. 130 millj. kr., ef heildarupphæð gengishagnaðar verður um 740 millj. kr. eins og fram kemur í grg. Ýmsir hafa þó talið, að þessi upphæð verði töluvert hærri. Ljóst er, að hæstv. sjútvmrh. fer hér fram á heimild til þess að mega ráðstafa gífurlegum fjárupphæðum án samráðs við Alþ. Er enn leitazt við að draga úr afskiptum Alþ. af mikilvægum málum. Minni hl. sjútvn. telur slíkt í hæsta máta óeðlilegt.

Ég hef nú rætt meginþætti umræddra frv. Sérstaklega hef ég séð ástæðu til að ræða nokkuð ítarlega um I. kafla frv., enda er það skoðun minni hl. sjútvn., að ákvæði þessa kafla geti orðið æðiörlagarík fyrir íslenzkan þjóðarbúskap. Ég hef leitt rök að því, að þær ráðstafanir, sem þar er um rætt, leysi raunar engan vanda. Hækkun á fiskverði mun verða svo gífurleg, að vafasamt má telja, að fiskkaupendur fái undir henni risið, hvað þá neytendur. Einnig er langt frá því, að séð sé fyrir öllum kostnaðarauka útgerðarinnar vegna genggengisfellingarinnar, en vinnufriðnum er stefnt í voða og vetrarvertíðinni. Byrðinni er hins vegar að mestu varpað á herðar sjómanna, sem lengi hafa þó verið stolt okkar Íslendinga. Staðreyndin er sú, að viðreisnarstefnan, frjálshyggjan, eins og sumir kalla hana, eða stjórnleysisstefnan, eins og hún er kölluð af almenningi í daglegu tali, hefur komið íslenzkum sjávarútvegi í slíka fjárhagslega úlfakreppu, að út úr þeim nauðum verður ekki komizt nema með gjörbreyttri stefnu og í áföngum. Vissulega er það rétt, að verðfall og aflabrögð hafa valdið sjávarútveginum miklum erfiðleikum. Staðreyndin er hins vegar sú, að undanfarin ár eru að meðaltali þau beztu, sem við Íslendingar höfum búið við. Það er einnig oft svo, að erfiðast er að stjórna í góðærinu. Það má vera rétt, sem margir telja, að þar hafi viðreisnarstjórnin brugðizt jafnvel mest.

Minni hl. hefur bent á ýmis atriði, sem athuga ætti til lækkunar á rekstrarkostnaði útgerðarinnar og í þeim tilgangi að bæta aðstöðu hennar. Mikilvægast er þó, að hugarfarsbreyting verði hjá hæstv. ríkisstj. og hún leiti eftir nánu samstarfi við þá aðila, sem hagsmuna eiga að gæta, í þessu sambandi sjómenn og útgerðarmenn, í stað þess að stofna til ófriðar. Í því felst meginmismunurinn á stefnu hæstv. ríkisstj. og stjórnarandstöðunnar.

Hæstv. sjútvmrh. hótaði því, samkv. frásögn blaða, á fundi Landssambands ísl. útgerðarmanna, að ríkisstj. mundi segja af sér, ef frv. næði ekki fram að ganga, og Heimdellingar hóta hæstv. forsrh., að þeir muni ekki styðja stefnu hans, ef niðurrifsöflin í landinu, eins og sagt er, koma í veg fyrir framkvæmd þeirrar efnahagsstefnu, sem hæstv. ríkisstj. hefur þannig markað. — Niðurrifsöflin munu vera launþegasamtökin í landinu. — Hótanir geta aldrei leitt til góðs í þessu sambandi. Reyndar grunar mig, að stærsti og vaxandi hluti þjóðarinnar í dag taki þessum hótunum með fögnuði. Fólkið sér í þeim nokkra glætu. Það gerir sér grein fyrir því, að ekkert er mikilvægara fyrir framtíð íslenzku þjóðarinnar nú en að viðreisnarstjórnin fari frá.

Í nál. vekur minni hl. sjútvn. athygli á einróma samþykkt Alþýðusambandsþings þess efnis, að ekki verði gengið til samninga við hæstv. ríkisstj. um kjaramál, nema tryggt sé, að engum lögþvingunum verði beitt. Þetta var undirstrikað á fyrsta stjórnarfundi Alþýðusambands Íslands eftir þingið, þar sem kosin var 5 manna nefnd, sem gekk á fund hæstv. ríkisstj. og gerði grein fyrir afstöðu launþegasamtakanna til þessa frv., sem hér er til umr. Er lögð áherzla á, að frv. verði lagt til hliðar, á meðan um kjaramálin er rætt. Sjómannaráðstefnan, sem Sjómannasamband Íslands kallaði saman

um síðustu helgi, og stjórn Farmanna- og fiskimannasambands Íslands samþykktu harðorð mótmæli gegn frv. Þar segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Sjómannaráðstefna haldin á vegum Sjómannasambands Íslands 8. desember 1968 og stjórn Farmanna- og fiskimannasambands Íslands mótmæla harðlega frv. til l. um ráðstafanir í sjávarútvegi vegna breytingar á gengi íslenzkrar krónu, sem liggur nú fyrir Alþ., að því leyti, er það skerðir kjör sjómanna. Í frv. er gert ráð fyrir að skerða mjög mikið með lögum samningsbundinn hlut sjómanna á fiskiskipum, er næmi um það bil ⅓ hluta af því, sem gildandi hlutaskiptasamningar ákveða. Sjómannasamtökin vilja leiða athygli að því, að fjöldi af sjómönnum á fiskiskipum hefur þegar á þessu ári og því síðasta tekið á sig mjög mikla skerðingu á tekjum með minnkandi afla og lækkuðu aflaverði, sem nemur í mörgum tilfellum helmingi tekna eða meira, auk þess, að þar sem fiskimenn eru langtímum saman fjarri heimilum sínum, verður kostnaður þeirra í mörgum tilfellum miklu meiri en ef þeir væru heima. Algengt er orðið nú, að fæðiskostnaður, er þeir greiða um borð, taki um það bil ⅓ hluta umsaminna lágmarkstekna þeirra. Og er því slík ráðstöfun, sem gert er ráð fyrir í frv., að taka stóran hluta af samningsbundnum hlut sjómanna og færa hann útgerðarmönnum, með öllu ófær og óréttlætanleg. Vandamál útvegsins verða því ekki leyst með slíkri aðför að kjörum sjómanna. Sjómannasamtökin leyfa sér því að skora á hið háa Alþ. að fella þær greinar frv., sem segja fyrir um skerðingu á hlut sjómanna. Verði hins vegar sú raun á, að Alþ. samþykki frv., telja samtökin, að fallnar séu forsendur fyrir áframhaldandi gildi hlutaskiptasamninganna og fela stjórnum sambandanna að gera nú þegar nauðsynlegar ráðstafanir til að losa gildandi samninga og jafnframt að undirbúa í samráði við önnur stéttarsamtök sjómanna, sem hlut eiga að þessu máli, að rétta hlut sjómanna á fiskiskipum með nýjum samningum eða með öðrum hætti. Sjómannasamtökin heita á öll samtök sjómanna og sjómannastéttina í heild að standa vel saman sem einn maður til varnar sínum hlut."

Niðurstöður launþegasamtakanna eru tvímælalausar, sjómenn geta ekki sætt sig við þá kjaraskerðingu, sem frv. hæstv. ríkisstj. gerir ráð fyrir. Ljóst er, að vinnufriðnum er stefnt í voða og vetrarvertíðinni. Það er því einróma niðurstaða minni hl. sjútvn. að vísa beri umræddu frv. frá með þeirri rökstuddu dagskrá, sem hér liggur fyrir.

Frsm. meiri hl. (Pétur Benediktsson): Herra forseti. Má ég fyrst óska hinum nýja og unga þingmanni, sem nú mun hafa verið að flytja frumræðu sína hér á þingi, til hamingju með þessa ræðu, og hve vel hann leikur hlutverk sitt í þeim leikflokki, þar sem hann hefur kosið sér starfssvið. Fimleikarnir eru ekki litlir, þegar ráðizt er á hæstv. ríkisstj. og stefnu hennar fyrir það að vera „stjórnleysisstefna." „Hún er alþekkt undir nafninu stjórnleysisstefnan," sagði hv. þm.,en síðan er eiginlega allt það, sem hægt er að finna að þessum stjórnleysingjum, það, að þeir séu með nefið ofan í öllu og skipti sér af öllu, taki ráðin af öllum! Það er hnýflazt við nauðsynjastofnanir eins og Stofnfjársjóð fiskiskipa, og það er talið leitt, að nokkuð af fjármunum skuli fara til að byggja upp stofnanir eins og Fiskveiðasjóð Íslands, að mönnum skuli ekki með stofnlánum til fiskiskipa vera vísað á almenna lánakerfið, eins og það og þess forstöðumenn eru nú skemmtileg viðureignar. Það er ágætt samkv. kenningu hv. þm., að það sé komið á ýmsum nauðsynjastofnunum fyrir fiskiðnaðinn, vísindastofnunum og rannsóknaskipum o. s. frv., o. s. frv., en það má bara ekki taka af aumingja útvegsmönnunum peningana fyrir þessu, framlögin eiga að vera af frjálsum vilja. En ég veit nú ekki, hvor er orðinn stjórnleysinginn, ég eða hv. frsm. minni hl., því að mér finnst hann eiginlega vera búinn að setja af stað ágæta samkeppni við mig og mína líka í þeim efnum. Og við hljótum óhjákvæmilega að vera í nokkrum vafa um, hvort verið sé að tala í alvöru, þegar á annan bóginn er sagt, að gengisfellingin og sú tekjuaukning, sem gegnum þetta frv. komi, sé ekki næg fyrir útgerðarmennina, og svo samtímis sagt, að verið sé að hjálpa ríku útgerðarmönnunum til að ræna sjómennina. Hvernig geta menn farið þannig í kringum sjálfa sig? Eyðslutekjur okkar allra verða að minnka eins og á stendur í bili, og þá er ekki hægt að láta eina stétt hafa ákveðna hundraðstölu af miklu verðhærri afla. Þm. sagði sjálfur, að þetta yrði í mörgum tilfellum upp undir 50% aukning á tekjum, og ættu þá sjómenn fyrir sömu vinnu að hafa allt að 50% tekjuaukningu, eða segjum, að það verði ekki nema 40—50%, en allir aðrir ættu að sitja nokkuð við það sama eins og áður. Þetta er meinloka, sem hefur komizt inn í suma menn, og þeir, sem betur vita, eins og hv. þm., eiga að hjálpa til að uppræta hana, en ekki hjálpa til að hamra þessari vitleysu inn í fólk. Annað dæmi — og það var nú eitt, sem ég var þm. sammála um að nokkru leyti, — það var í sambandi við tryggingagjöldin. Eitt hið þyngsta atriði viðureignar í öllu þessu máli er tryggingagjöldin. En þar er það bara þannig, að þar erum við með gamlan arf, sem við erum að burðast með, gamlan draug, get ég sagt, frá tímum vinstri stjórnarinnar, sem ekki hefur tekizt að kveða niður. En ef hann vill hjálpa mér að kveða niður drauginn, þá skal ég verða fyrstur manna til samstarfs við hann um það að hjálpa til að koma á betra og skynsamlegra kerfi í vátryggingarmálunum. Þetta kerfi, sem myndaðist að frumkvæði vinstri stjórnarinnar á sínum tíma, er ómynd, hefur alltaf verið það, og það hefur ekki enn tekizt að lagfæra það, þrátt fyrir alvarlegar og ítarlegar tilraunir, en þó hygg ég, að nú sé mjög markvisst unnið að þeim málum og nokkur ástæða til að vona, að á næsta ári megi þar sjá nokkurn árangur.

En eitt er það, að rifizt sé um það, hverjir séu stjórnleysingjar og hverjir séu þeir, sem vilji hafa opinber afskipti í öllum hlutum, en hitt er annað, að það er nauðsyn að sigla, navigare necesse est, eins og fornmenn sögðu. Við þurfum að koma flotanum út, við þurfum að koma flotanum á sjó, og ég heyrði ekki eitt einasta orð um það, ekki eitt einasta orð, sem gat verið sagt í fullri alvöru og hefði getað stuðlað að því máli í ræðu hv. frsm. minni hl. n. Það er talað um að athuga eitthvað, athuga vátryggingarnar og athuga, hvort ekki væri hægt að spara þetta eða spara hitt um borð og lækka vexti. Það er ágætt að lækka vexti, en peningarnir streyma út úr hinu almenna lánakerfi í dag í eyðslueyri fólksins. Er það tíminn til að lækka vexti? Ég hefði ekki

haldið, að það hvetti fólk til að geyma peningana, ef vextirnir yrðu stórlækkaðir. Eða kannske það eigi að reka bankakerfið á sama hátt eins og útgerðin hefur því miður víða verið rekin á þessu ári, sem nú er að líða, með halla hjá öllum aðilum? Að bankarnir með hallarekstur láni útgerð með hallarekstur, — og hver á þá að borga, hvar endar þetta? Þetta er ekkert annað en ein stór botnleysa.

Eina smáleiðréttingu vil ég gera, — en það veit ég, að þar var ekki viljandi verið að blekkja menn — er hv. frsm. minni hl. nefndi, að það fé, sem væri til ráðstöfunar samkv. 16. gr., væri 750 millj. kr., en eftir viðræður við, – ef ég svo má segja, – feður frv., eða þá, sem bera ábyrgð á tölunum í því, þá mun 550 millj. vera nær lagi; það hefur gleymzt að draga þarna frá vissa hluti, en það er náttúrlega ekki furða. Ég nefndi þetta aðeins til leiðréttingar, en ekki til að væna hv. flutningsmann um, að hann hafi verið að reyna að villa um fyrir mönnum. Þetta er heill frumskógur af tölum allt saman.

Það, sem ég sakna, er það, að þessir menn komi með tillögur um, hvernig við eigum að koma skipunum á vertíðina. Ef ekkert er að gert, ef Alþ. situr auðum höndum, leggur frv. til hliðar, sem þarf að afgreiða til þess að unnt sé að reka útveginn, hvernig eigum við þá að koma útveginum af stað? Það er þetta, sem ég vil fá að vita.

Frsm. minni hl. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Ekki skal ég tefja umræður hér um of, en ég get ekki annað en þakkað þær heillaóskir, sem hv. talsmaður meiri hl. bar fram í minn garð, og ég verð að segja það, að mér sýnast ekki allir forsvarsmenn lánastofnana vera slæmir, eins og hann vildi láta að liggja. Þeir eru ósköp mannlegir og miklu betri en hann virtist telja.

Ýmislegt er það, sem minnzt var á, sem ég verð að svara lauslega. Ég ætla fyrst aðeins að ræða þá fullyrðingu mínar að almenningur í landinu nefndi viðreisnarstjórnina nú orðið í daglegu tali stjórnleysisstefnuna. Hvernig er þessi stefna, sem nú er fylgt í þessu landi? Á yfirborðinu er fylgt stefnu kapítalismans, þar sem framboð og eftirspurn eftir fjármagni á að ráða allri efnahagsþróun. Þetta kemur margsinnis fram í viðreisnarbæklingnum fræga og í ræðum og ritum forsvarsmanna. En hvernig er svo þetta undir niðri? Undir niðri sitja fjölmargir sjóðir, Atvinnuleysistryggingasjóður, Atvinnujöfunarsjóður, Fiskimálasjóður, Fiskveiðasjóður, stofnfjársjóðir landbúnaðarins og sjávarútvegsins og ég veit ekki, hvað þeir eru margir; ég kann ekki að nefna þá alla. Fyrir hverjum þessum sjóði situr ein stjórn, sem er að reyna að stjórna; reyna að deila út fjármagninu, sem hún hefur til skiptanna, eftir stefnu jafnaðarmennskunnar, en án nokkurrar samræmingar. Er nokkur furða, þótt fjöldinn, a. m. k. þeir, sem hafa kynnzt þessari starfsemi, komist að þeirri niðurstöðu, að þessi stefna sé endaleysa ein og stjórnleysi mjög vægt sagt. Ljóst er, að hér þarf að koma á miklu meiri samræmingu, en það er ekki til umræðu nú, þó á þetta hafi verið minnzt. Mér sýnist því, að fullyrðing mín sé á allmiklum rökum reist. Og það veit ég, að hv. þm. mundi finna, ef hann ræðir þessi mál við almenning, að skoðun sú, sem ég taldi almenning hafa, er mjög almenn.

Um vísindastofnanirnar og fiskleitarskipin og rannsóknaskipin var dálítið rætt. Ég vil endurtaka það, sem ég sagði áðan. Ég efast um, að við finnum nokkra þjóð, sem á jafnmikið undir sjávarútvegi eins og við Íslendingar, sem hefur látið útveginn sjálfan borga öll leitarskip. Útvegurinn mun a. m. k. borga sjálfur „Árna Friðriksson“, og svo er ráð fyrir gert með „Bjarna Sæmundsson“, sem nú er verið að byggja. Ég leyfi mér að fullyrða, að svo sé hvergi annars staðar. Ég teldi eðlilegt, að hið opinbera legði verulegt fjármagn til byggingar þessara skipa.

Hv. talsmaður meiri hl. sagði, að ég hefði talað um 60% aukningu tekna, ég kannast ekki við það og vil leiðrétta það hér. Ég held, að það hljóti að vera einhver misskilningur. Sú eina hundraðstala, sem ég nefndi, sem kom nálægt þessu, var 56%. **(Gripið fram í:** Fiskverðs.) Já, það hlaut að vera. Ég nefndi allt að 56 af hundraði aukningu fiskverðs, en vitanlega eru það ekki tekjur útgerðarinnar, eins og ég rakti, að því er ég tel ítarlega, því að útgerðin fær á sig ýmsa aðra kostnaðarliði, sem frá þessu verða að dragast.

Það er alveg rétt, að við þurfum að koma flotanum út og við þurfum að koma sjávarútveginum í heild í gang. Það er staðreynd, og enginn veit það betur en hv. talsmaður meiri hl., að mikill hluti forstjóra og forystumanna frystihúsanna og sjávarútvegsins hefur setið í Reykjavík nú mánuðum saman einmitt til þess að finna einhverja leið til þess að koma sjávarútveginum á flot, og hann hefur ekki fengið úrlausn enn; það er langt frá því. Það hefur komið fram, sem stjórnarandstaðan hefur hvað eftir annað lagt áherzlu á, að þær efnahagsráðstafanir, sem framkvæmdar hafa verið eða verið er að framkvæma, tryggja á engan hátt, að flotinn komist út eða sjávarútvegurinn almennt í gang. Við höfum í þessu sambandi drepið á fjölmörg atriði, sem ég ætla ekki að endurtaka hér. Þau hefur form. Framsfl. rakið ítarlega, bæði í ræðu og riti, og mundi vera of langt mál að telja hér upp. Þetta eru fjölmörg atriði, sem hafa verið afgreidd af sérfræðingum hv. ríkisstj. sem einskis nýt og ekki umræðuhæf. Það eru einmitt þessi atriði, sem við teljum að ætti að taka til ítarlegrar athugunar og hefði átt að gera, áður en til gengisfellingarinnar kom og þá teljum við, að sjávarútvegurinn og flotinn væri þegar kominn á flot.

Það var rætt um það, að ekki væri tími til að lækka vexti. Ég veit ekki betur en einmitt samkv. þessari stefnu eða kenningu, sem ég nefndi áðan, að framboð og eftirspurn eftir fjármagni skuli ráða efnahagsþróun, sé það einn meginþátturinn að lækka skuli vexti, þegar erfiðlega gengur í þjóðarbúskapnum og þegar kreppa er fram undan eða er skollin á. Þetta er sú stefna, sem Þjóðverjar t. d. fylgdu fyrir fjórum árum, þegar þeir lentu í erfiðleikum, sem þó voru ekki nema smávægilegir í samanburði við það, sem við Íslendingar erum nú í. Þeir lækkuðu vexti og juku fjármagnið í umferð. Hvorugt af þessu hefur verið gert hér og þykir mönnum, að þá sé illa haldið í þessa stefnu, sem þó er boðað, að fylgt skuli vera.

Ég fagna því, ef eitthvað, sem ég sagði áðan en hefur reynzt rangt, er leiðrétt. Ég viðurkenni, að það er tölu-

verð flækja í frv., eins og hv. talsm. meiri hl. benti á. Má vel vera, að sú upphæð, sem ég nefndi um gengishagnað, sé ekki rétt. Á hitt vil ég þó benda, að samkv. upplýsingum frá Seðlabankanum sýnist mörgum a.m.k. – ég hef ekki nákvæmar tölur, – að birgðir af útflutningsafurðum sjávarútvegsins séu töluvert meiri í landinu en ráð er fyrir gert í frv.

Ég skal ekki hafa fleiri orð um þetta.

En ég vil að lokum taka undir það og vil gjarnan standa með hv. flm. ÞG, að kveða niður hvern þann illan draug, sem við fáum ráðið við.

ATKVGR.

Rökst. dagskrá á þskj. 146 felld með 10:9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÁB, StH, BFB, BA, EÁ, SGG, BjS, ÓlJ, PÞ.

nei: StG, AuA, EggÞ, JónÁ, JÁH, JÞ, MJ, ÞG, PB, JR.

1 þm. (SvG) fjarstaddur.

1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.

2.—8. gr. samþ. með 11:9 atkv.

Brtt. 151,1 (ný gr., verður 9. gr.) samþ. með 11 shlj. atkv.

Ákvæði til bráðabirgða samþ. með 13 shlj. atkv.

Brtt. 151, 2 samþ. með 11 shlj. atkv.

9. gr. (verður 10. gr.), svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.

10. gr. (verður 11. gr.) samþ. með 11 shlj. atkv.

11. gr. (verður 12. gr.) samþ. með 11 shlj. atkv.

Brtt. 151,3 samþ. með 11 shlj. atkv.

12. gr. (verður 13. gr.), svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.

13. gr. (verður 14. gr.) samþ. með 11 shlj. atkv.

Brtt. 151,4 samþ. með 11 shlj. atkv.

Ákvæði til bráðabirgða, svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.

14. gr. (verður 15. gr.) samþ. með 11 shlj. atkv.

15.—17. gr. (verða 16.—18. gr.) samþ. með 11 shlj. atkv.

Fyrirsögn frv. og fyrirsagnir kafla þess samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 11:9 atkv.

Á 27. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr. (A. 156, 157).

Of skammt var liðið frá 2. umr. og útbýtingu þskj. — Afbrigði leyfð og samþ. með 14 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Pétur Benediktsson): Herra forseti. Eins og ég skýrði frá við 2. umr. þessa máls, þá voru til athugunar nokkrar brtt. til viðbótar hjá meiri hl. sjútvn., og liggja þær nú fyrir á þskj. 157. Mun ég nú leyfa mér að útskýra þær hverja fyrir sig með örfáum orðum.

Fyrst er brtt. við 2. gr.; nokkru neðan við miðja grein byrjar ein línan á orðunum: „Greiðsla stofnfjárgjalds kemur til framkvæmda við gildistöku nýs fiskverðs samkv. 1. gr.“ — Hér þarf fyrst að leiðrétta orðið „stofnfjárgjalds,“ það mun eiga að vera „stofnfjársjóðsgjalds“, þótt það sé ekki fallegt orð; þessa þarf víst við vegna samræmis við það, sem segir annars staðar í frv. En svo er ofurlítil breyting til viðbótar. Til þess að það komi skýrt fram, að þessi fyrirmæli í 2. gr. eigi ekki jafnframt við 4. gr., óskum við að bæta inn orðunum: „(stofnfjársjóðsgjald) samkv. þessari gr.“, en 4. gr. á við það, þegar fiskiskip selur afla í erlendri höfn, og þar er ekki hugsunin, að gjaldið komi til framkvæmda fyrr en lögin ganga í gildi, — og er brtt. fyrst og fremst fram komin til þess, að þetta liggi ljósara fyrir en sumum þótti það gera áður.

Þá kemur brtt. við 10. gr., sem var 9. gr. í frv. áður. Í 10. gr., 1. lið, á að koma á eftir orðunum: „hertum þorskhausum“ orðið „skelfiski“. Ég held, að það verði enginn ágreiningur um það, að takist að flytja út skelfiskinn, eigi hann heima þarna.

Næst komum við að 15. gr., sem var 14. gr. áður. Á eftir b-lið bætist við nýr liður: „Allt að 6 millj. kr. til síldarútvegsnefndar vegna síldarflutninga af fjarlægum miðum 1968“. Svo var ráð fyrir gert, að kostnaðurinn af þessum flutningum af fjarlægum miðum yrði kringum 15 millj. kr. og skiptist að jöfnu á síldarsaltendur og eigendur skipanna, og átti síldarútvegsnefnd að jafna þessu niður á tunnu eftir réttum hlutföllum þeirra á milli. En nú fór svo, að síldaraflinn varð mun minni heldur en gert var ráð fyrir, en kostnaðurinn hins vegar nokkurn veginn sá, sem áætlaður hafði verið. Því skortir þessa fjárhæð, eða milli 6 og 7 millj. króna, á að síldarútvegsnefnd geti staðið í skilum með kostnaðinn vegna flutninganna og þykir eftir atvikum rétt, að það sé tekið af óskiptu ásamt öðrum þeim hlutum, sem nefndir eru í þessari grein. En að sjálfsögðu verður það til þess að lækka það fé, sem er til ráðstöfunar í gengishagnaðarsjóði og skipt er samkv. 17. gr., en þó ekki nema um rúmlega 1%. Því þótti ekki taka því að fara að hrófla við hlutfallinu eftir greinarliðunum þar.

Þá komum við að 17. gr., sem áður var 16. gr., fyrst málsliður a. Þar er gert ráð fyrir, að viss hundraðshluti gangi til greiðslu hluta gengistaps á lánum vegna fiskiskipa, sem byggð hafa verið erlendis og síldarflutningaskipa. Nefndinni hefur borizt erindi frá Félagi dráttarbrauta og skipasmiðja um þetta efni, þar sem farið er fram á, að skip, sem byggð eru innanlands, sæti ekki lakari kjörum heldur en skip, sem smíðuð eru erlendis, og hefur þótt rétt að verða við þeirri beiðni. Þess vegna er orðalaginu breytt þannig, að þarna kemur: „Allt að 34.5% gangi til greiðslu hluta gengistaps vegna fiskiskipa og síldarflutningaskipa.“ — Þetta breytir náttúrlega engu um það, sem segir í aths. við 16. gr. um það, hvernig fénu verði varið, en þar er gert ráð fyrir því, að unnt verði að greiða allt að helmingi gengistapsins, og er þá við það miðað, að hlutfallslega mest sé greitt vegna hinna stóru og dýru skipa, sem keypt hafa verið síðustu árin, en minnkandi eftir því, sem skip eru eldri og minna er ógreitt af lánum. Þessi aths. á að sjálfsögðu einnig við um þau skip, sem smíðuð eru innanlands.

Þá kemur næsti stafliður, b. Þar er gert ráð fyrir, að sá liður gildi aðeins fyrir þau skip, sem stunduðu veiðar á norðausturmiðum sumarið og haustið 1968, en þetta er ekki í fullu samræmi við það fyrirheit, sem síldveiðiflotanum hafði verið gefið, og þess vegna hefur orðið samkomulag um að breyta þessum staflið þannig, að þarna komi: „Allt að 16.4% gangi til að auðvelda bátum, sem síldveiðar stunduðu sumarið og haustið 1968,“

— sleppa því að nefna norðausturmið. En svo aftur síðar í mgr., þar sem segir: „Sjútvmrn. setur reglur um greiðslur þessar," — þar sé bætt við: „í samræmi við yfirlýsingu ríkisstj. við verðlagningu norður- og austurlandssíldar sumarið 1968", — og síðan eins og í frvgr. segir: „og að fenginni umsögn Landssambands ísl. útvegsmanna".

Þetta eru þær greinar, sem við óskuðum að bera fram brtt. um til viðbótar. Ég vonast til, að deildin fallist á, að þær séu allar frekar til bóta og að frv. megi hljóta afgreiðslu úr deildinni, svo breytt.

Ólafur Jóhannesson: Herra forseti. Það er nú sjálfsagt unnið fyrir gýg að fara mörgum orðum um þetta frv. úr því, sem komið er. Meiri hl. hefur tekið afstöðu í því og er ákveðinn í að knýja frv. fram, hvað sem okkar rökum líður, og ég skal þess vegna ekki tala langt mál um þetta að þessu sinni. En hitt er þó ljóst, að hér er um stórmál að ræða og allar þær mörgu brtt., sem meiri hl. hefur nú flutt við frv., bera því vitni, að það hafi ekki verið vanþörf á því að skoða þetta mál öllu betur, áður en frv. þessu var skellt fram hér á Alþ.

En eins og fram kom í framsöguræðu hjá hv. 3. þm. Vestf., töldum við í minni hl., að það væri einmitt ástæða til þess að athuga frv. þetta enn betur og leita þar umsagnar þeirra aðila, sem mestra hagsmuna hafa að gæta í sambandi við þetta frv., og þá ekki síst sjómannasamtakanna. En þess var ekki kostur að dómi meiri hl., og ekki var heldur talin ástæða til að kveðja fyrirsvarsmenn þessara samtaka á fund nefndarinnar. Efa ég þó ekki, að nefndarmenn, og þá ekki síður nefndarmenn í meiri hl., mundu hafa haft gott af því að hlýða á þeirra raddir.

Hv. frsm. meiri hl., hv. 4. þm. Reykn., var að gefa hér einkunnir áðan fyrir frammistöðu við framsöguræðuflutning. Mér finnst sanngjarnt, að hann fari ekki héðan án vitnisburðar. Ég vil segja það út af hans framsöguræðu, að mér virðist hann á tiltölulega skömmum tíma hafa náð umtalsverðum framförum og leikni í þeim línudansi, sem hv. stjórnarstuðningsmenn verða nú nauðugir viljugir að dansa hér hvað eftir annað. Honum tókst að komast hjá því í sinni framsöguræðu að hreyfa við kjarna þessa máls. Hann vék ekki að þeim höfuðröksemdum, sem við höfum haft uppi gegn samþykkt þessa frv. En höfuðröksemdin, sem við höfum haft uppi gegn samþykkt þessa frv., er sú, að með því sé brotið í bág við gildandi kjarasamninga á milli sjómanna og útgerðarmanna og lögþvingun beitt um sjómannakjör.

Það er að vísu ekki nýtt, að það séu sett gerðardómsákvæði um kaup og kjör, en ég hygg, að það hafi sjaldan eða aldrei verið gert án þess, að það hafi staðið yfir kaup- eða kjaradeila og að það hafi verið gert til lausnar á ákveðinni kjaradeilu. Ég hygg, að hitt sé fátítt, ef ekki einsdæmi, að það séu sett lög, sem fella úr gildi kjarasamninga, sem fyrir eru, án þess að það sé fyrir hendi nokkur deila um þá samninga, um kaup eða kjör. Það væri fróðlegt að heyra þau fordæmi, sem stuðzt er við í því efni. Ég hygg, að þau séu fá eða nær engin fyrir hendi. Og ég verð að segja það, að ég álít, að með þessu sé skapað ákaflega varhugavert og hættulegt fordæmi. Hvar er okkar réttarskipan, ef það á að vera hægt með löggjöf að koma og fella úr gildi samninga, sem gerðir hafa verið? Það er enginn kominn til með að segja, hver verður næstur, ef farið verður inn á þessa braut á annað borð. Ég held þess vegna, að hv. stjórnarstuðningsmenn ættu enn að hugsa sig um, áður en þeir knýja þetta frv. í gegn. Því það er áreiðanlegt, að með samþykkt þess eru þeir að skapa fordæmi, sem kann að eiga eftir að draga dilk á eftir sér.

Hv. frsm. nefndarmeirihl. var ákaflega hneykslaður yfir því, sem hann taldi vera okkar viðhorf — stjórnarandstæðinga — að við ætluðumst til þess, að ein stétt kæmist alveg hjá því að taka þátt í þeirri kjaraskerðingu, sem þjóðin yrði nú almennt á sig að taka, og átti þá við sjómannastéttina. Ég gat ekki skilið hans orð á aðra lund en þá, að hann teldi, að ef ekki væri tekið eitthvað af sjómannshlutnum með þessum eða öðrum hætti, þá bæru sjómenn ekki neitt viðlíka kjaraskerðingu eins og aðrar stéttir þjóðfélagsins. Ég held, að áður en þessu er slegið föstu, væri nú vissara að skoða málið niður í kjölinn og íhuga það t. d., hvers vegna þessar ráðstafanir, sem hér er um að ræða, hafa verið gerðar — hvers vegna var gengislækkun framkvæmd, og hvers vegna er verið að samþykkja þessar ráðstafanir um stuðning handa útgerðinni? Er það ekki af því, að því er talsmenn stjórnarinnar segja, að þessi atvinnurekstur hefur orðið fyrir stórkostlegum áföllum á tveim s. l. árum, og það er sagt, að verðfall og aflabrestur valdi því, að afurðaverðmætið í heild sinni hafi lækkað um allt að því 45%? En ég held bara, að þessi lækkun hafi komið alveg hlutfallslega við sjómenn. Þeir hafa einmitt tekið á sig þá kjaraskerðingu, sem í þessu felst. Það liggur einmitt í eðli hlutaskiptanna, að þeir hafa tekið á sig verðfallið og aflabrestinn að sínu leyti. Þetta held ég, að liggi í augum uppi. Enda býst ég við því, að þeir verði fáir, sem halda því fram, að sjómenn hafi borið meir úr býtum á undanförnum tveimur árum, eða á þessu ári og hinu síðasta, heldur en sanngjarnt og eðlilegt má teljast. Og það er vissulega rétt, eins og hv. frsm. meiri hl. sagði, að það er nauðsynlegt að sigla. Okkur Íslendingum er nauðsynlegt, að það sé gert út. En ég held, að eitt frumskilyrði fyrir því, að útgerð verði hér rekin, sé það, að sjómenn — að duglegir og góðir sjómenn fáist á skipin. Ég held, að það sé fyllilega sanngjarnt, og ég held, að það verði að vera regla hér, ef að lag á að vera á þessum málum, og það verði að vera viðurkennd regla, að sjómenn hafi mun hærri tekjur heldur en þeir, sem í landi vinna. Og það er af þeirri einföldu ástæðu, að annars fást menn ekki til þess að stunda þetta starf, áhættusamt og erfitt. Ég gæti búizt við því, að það væri ekki óeðlilegt, að sjómenn þyrftu að hafa sem svaraði — ja, kannske 40%, til þess að segja eitthvað, meiri tekjur heldur en þeir, sem í landi vinna. Þetta verða menn að gera sér ljóst, og þetta verða menn að viðurkenna. Og þetta á auðvitað ekki sízt við nú, þegar útgerðin hefur færzt í það horf, að það verður að sækja miklu lengra og á fjarlægari mið en áður. Ég held þess vegna, að það sé staðreyndin, að sjómenn hafi — að verulegu leyti — tekið á sig kjaraskerðingu. Ég held þess vegna, að það sé alvg óeðlilegt að tala eins og hv. frsm. meiri hl. gerði, að þeir yrðu ekki fyrir neinni kjaraskerðingu, ef það væri ekki tekið af þeim eitthvað, tekið af óskiptu eitthvað, og þeir fengju í sinn hlut það, sem þeir eiga að fá.

En ég vil aðeins undirstrika það, sem ég sagði við 1.

umr. þessa máls, að ég vil ekki leggja neinn dóm á hlutaskiptin út af fyrir sig, hvort þau eru eðlileg eða sanngjörn. Það getur vel skeð, að aðstæður hafi breytzt frá því að síðasti hutaskiptasamningur var gerður, sem hafi það í för með sér, að það sé eðlilegt að breyta þessum hlutaskiptum og að útgerðin þurfi að fá meira í sinn hlut. En fram hjá hinu verður ekki gengið, að þessa samninga hafa útgerðarmenn gert við sjómenn. Þetta eru frjálsir samningar, sem gerðir hafa verið, og þeir hafa gengizt undir þessi kjör, sem þessir hlutaskiptasamningar fela í sér. Og meira að segja veit ég ekki betur heldur en samkv. eldri hlutaskiptasamningum, þá hafi það einmitt verið svo, að sjómenn hafi tekið vissan þátt í rekstrarkostnaði, en það hafi verið fallið frá því og fellt niður það ákvæði í síðustu eða seinni hlutaskiptasamningum.

Þess vegna er það, að ef þessum kjarasamningum á að breyta, þá á auðvitað að fara samningaleiðina í því efni, og þessir aðilar, sem hafa samið um þessi kjör, sem nú gilda, eiga að semja um breytingar á þeim. Nú hefur hv. meiri hl. n. flutt brtt. við 8. gr. frv. Hún er á þá lund, að kjarasamningum milli útvegsmanna og sjómanna, sem samkv. ákvæðum þeirra var ætlað að gilda til ársloka 1969, er heimilt að segja upp án fyrirvara eftir gildistöku þessara laga. Verði þetta frv. samþykkt, þá þarf ekki að fara í neinar grafgötur um það, miðað við þær yfirlýsingar, sem sjómannasamtökin hafa gefið, að samningum þessum verður sagt upp án fyrirvara. Þá verður að semja um hlutaskiptakjörin miðað við þær aðstæður, sem orðnar eru eftir samþykkt þessa frv. Og nú segja menn og hafa haldið því fram, að hlutaskiptakjörin hafi verið og séu óeðlileg eins og þau eru nú, prósenta sjómanna sé of há. Hvernig halda menn, að sjómenn muni semja um þessi mál í næstu kjarasamningum, eftir að þetta frv., sem hér hefur verið samþykkt, hefur verið afgreitt? Ætli þeir fari ekki fram á eitthvað hærri prósentur? Ég held, að samþykkt þessa frv. sé vísasti vegurinn til þess að leggja grundvöll að enn óeðlilegri hlutaskiptakjörum, ef menn vilja orða það svo, en nú gilda. Það held ég sé alveg augljóst.

Ég skal ekki fara frekar út í það að ræða þetta frv. eða einstök ákvæði þess, ég vil aðeins leggja áherzlu á það, að það er augljóst og viðurkennt og var viðurkennt af hæstv. sjútvmrh. í ræðu hans, þegar hann mælti fyrir málinu, að hér væri í raun og veru um það að ræða, að gildandi kjarasamningum væri breytt og nokkuð af þeirri verðhækkun, sem leiddi af gengisbreytingunni og sem ætti að koma í hlut sjómanna, væri fært yfir til útgerðarinnar. Þetta stendur alveg óhaggað og enn fremur hitt, að í þessu frv. felst viss kaupgjaldsstefna. Þessari stefnu, sem þannig felst í þessu frv., hefur verið harðlega mótmælt af stéttasamtökunum, af Alþýðusambandsþinginu, af miðstjórn Alþýðusambandsins, af sjómannasamtökunum, eins og rakið hefur verið hér í nál. minni hl. Og í þessum ályktunum, sem þessir aðilar hafa látið frá sér fara, eru mjög alvarlegar aðvaranir, en það virðist svo sem að hæstv. ríkisstj. og hennar stuðningsmenn ætli að láta þær aðvaranir sem vind um eyru þjóta. Þó eru þeir um leið að stofna til samninga við þessa aðila. Þetta verð ég að segja, að eru óeðlileg vinnubrögð, og ég álít það, að þau vinnubrögð eigi eftir að hefna sín.

Ég ætla ekki hér að fara að ræða um þær víðtæku heimildir, sem í þessu frv. felast til handa hæstv. sjútvmrh. og sem eru auðvitað á allan hátt mjög óeðlilegar og mjög óeðlilega víðtækar. Að því vék ég við 1. umr. þessa máls og að því var vikið af hv. frsm. minni hl.

Frsm. minni hl. gerði líka grein fyrir því, hvernig við höfum viljað snúast við því vandamáli, sem hér er verið að fjalla um og sem við höfum aldrei gert lítið úr og sem ég hef enga tilhneigingu til að gera lítið úr. En það má segja, að í stuttu máli hafi okkar viðbrögð verið þau, að við höfum viljað taka til athugunar og ráðast gegn kostnaðarhliðinni og reyna að færa þar eitthvað niður, en það er eins og að það megi aldrei nefna, hvorki hjá atvinnuvegunum né heldur hjá ríkinu. Það er bara alltaf farið í það að leita að því, hvar er hægt að ná í fé til þess að brúa bilið. Aldrei má spara eða hagræða eða taka þann þáttinn til meðferðar. Ég held þó, að það sé tími til þess kominn, og við höfum bent á ýmsa þætti, t. d. í útgerðarkostnaðinum, sem mætti lækka. Við höfum bent á vextina, það er auðvitað ekki neitt vit í því að láta greiða þá vexti, sem greiddir eru. Það getur enginn atvinnuvegur staðið undir því að greiða þá vexti. Það er ekki sanngjarnt heldur að skipta þannig á milli fjármagns og vinnu, eins og gert er með þeim vaxtaákvörðunum, sem hér eru í gildi. Og við höfum bent á vátryggingar fiskiskipanna. Þar mætti spara, þar mætti lækka. En um það sagði hv. frsm. meiri hl. aðeins, að þar væri við draug að glíma frá tíð vinstri stjórnarinnar. Ég verð að segja það, að ef að svo er, sem ég skal nú ekki fullyrða um, þá hefur sá draugur setið á fjósbitanum hjá hæstv. ríkisstj. og þrifizt vel, því að svo að segja með hverju einasta ári, sem hefur liðið, hafa milljónir milljóna tugir bætzt við þá upphæð, sem varið er til vátryggingar fiskiskipa. Auðvitað veit hvert mannsbarn, að það verða stórtjón á fiskiskipum hér, það er óhjákvæmilegt, aðstæðurnar eru þannig. En það fær enginn mig til að trúa, að þessi mál séu í lagi. Það er þörf á að lagfæra þetta. Það hefur verið viðurkennt, því var lofað á síðasta þingi, þegar mál þessi voru til umræðu, að hér skyldi verða hafizt handa og gert mikið átak í því efni. En því miður hefur það hingað til, að mestu a. m. k., setið við orðin tóm, en minna orðið úr framkvæmdum. Það er gott að gefa enn fyrirheit um, að gegn þessum kostnaðarlið eigi að ráðast, en efndirnar eru það, sem máli skiptir.

Auðvitað eru það svo mýmargir aðrir hlutir, sem hv. frsm. minni hl. minntist líka á, sem mætti taka til skoðunar, þyrfti að taka til athugunar, og ætti að vera hægt að lækka. Og eins og ég hef áður sagt, þá skal ég engan dóm leggja á þessi hlutaskipti í sjálfu sér. Ég býst við því, að það geti vel komið til greina að breyta þeim á ýmsa lund. Ég býst m. a. við því, að það væri ekki fjarri lagi að hverfa aftur að fyrri reglunni, að láta sjómennina sjálfa taka að nokkru þátt í rekstrarkostnaðinum. Ég hygg, að með þeirri aðferð gæti ef til vill skapazt meira aðhald en nú á sér stað, um að halda öllum kostnaðarliðum niðri svo sem hægt er. Ég held, að það væri ágætt, að þeir hefðu beinna hagsmuna að gæta einmitt í sambandi við ýmsa þessa kostnaðarliði, eins og t. d. vátryggingar, olíukaup o. fl. En um þetta á auðvitað að semja við sjómennina, og þetta á að ákveða

með samningum á milli útgerðarmanna og sjómanna, og ég held, að það sé óeðlileg svartsýni að ganga út frá því sem gefnu fyrir fram, að það muni ekki vera hægt að komast að skynsamlegum samningum um þessi efni, því að auðvitað er sannleikurinn sá, að hagsmunir þessara aðila, sjómanna og útgerðar eru algerlega samtvinnaðir. Og því er það á engan hátt ólíklegt, að hægt sé að ná skynsamlegum samningum um þessi efni. En þá leið á vitaskuld að fara í stað þess að vera með eins konar ögranir í garð sjómannastéttarinnar, eins og óneitanlega er verið að gera með því að samþykkja þetta frv. Og það telur sjómannastéttin. Hún hefur lýst því yfir, hvernig hún mundi líta á samþykkt þessa frv. Og ég býst við því, að ef alþm. væru í svipaðri aðstöðu og sjómenn og það væri verið að setja lög, sem væri ætlað að sneiða af þeirra köku með svipuðum hætti eins og hér er gert ráð fyrir, að því er sjómenn varðar, þá mundu hv. alþm. snúast nokkuð til varnar. Ég held, að það væri hyggilegt fyrir hvern og einn að líta í eigin barm.

Páll Þorsteinsson: Herra forseti. Þetta frv., sem hér er nú til síðustu umr. í þessari hv. deild, ber þá fyrirsögn, að það sé frv. til l. um ráðstafanir í sjávarútvegi vegna breytingar gengis íslenzkrar krónu. Það er staðreynd, að gengi íslenzkrar krónu hefur verið skráð að nýju. Það vald, sem hæstv. ríkisstj. á sínum tíma tók í sínar hendur með brbl., vald, sem Alþ. hafði áður haft, hefur verið notað á þann veg sem kunnugt er orðið. Menn segja, bæði hæstv. ríkisstj. og stuðningsmenn hennar, að þetta hafi verið nauðsynleg ráðstöfun og sumir taka svo til orða, að nú sé gengið rétt skráð. En það er nú ekki lengra síðan en eitt ár, að okkur var sagt hér á hv. Alþ., að þá væri gengið rétt skráð, þá væri búið að lagfæra það eins og réttmætt væri. Ég held, að það sé ástæða til þess fyrir þm. yfirleitt, en þó ekki síst fyrir þá, sem skipa meiri hl. og bera ábyrgð á þeirri lagasetningu, sem hér er stefnt að, að íhuga það, hve lengi það gengi, sem nú er talið rétt, muni reynast það, ef fram er haldið sömu stjórnarstefnu og fylgt hefur verið að undanförnu. Þetta frv. er afleiðing að vissu leyti af þeirri staðreynd, að gengisskráningunni hefur verið breytt. Og við höfum við 2. umr. þessa máls komizt að raun um, að sú rökstudda dagskrá, sem minni hl. hv. sjútvn. bar fram og felur í sér nokkra viðvörun um það, að þessi löggjöf, sem á að setja samkv. þessu frv., kunni að leiða af sér ófrið á vinnumarkaði — að þessi dagskrá hefur verið felld. Þetta sýnir, að þau viðvörunarorð, sem sjómannasamtökin hafa látið koma fram og hér hefur verið bent á í umræðum um þetta mál, eru ekki tekin til greina af hv. meiri hl. í þessari deild. Menn segja: Sjávarútvegurinn verður að starfa, flotinn verður að sigla. Ég get tekið undir þetta. En löggjöf, sem stríðir gegn því, sem er almennt álit í sjómannasamtökunum, leiðir ekki til heilla, það höfum við dæmi um. Ég vil í því efni minna á atvik, sem gerðist fyrir nokkrum árum á stjórnartíma núverandi hæstv. ríkisstj., að sett voru brbl., sem áttu að dómi þeirra, sem þá löggjöf settu, að vera réttmæt og nauðsynleg eins og þá stóð á í sjávarútvegi, en þau lagaákvæði leiddu til þess — jú, að flotinn sigldi, en hann sigldi bara í aðra átt heldur en löggjafarnir höfðu hugsað sér, því að síldarflotinn kom hingað inn á Reykjavíkurhöfn. Og lagaákvæði eins og þau leiða áreiðanlega ekki til heilla.

Nú virðist mér eins og haldið er á þessu máli, að það muni ekki bera árangur að bera fram brtt. við þetta frv. Og ég mun því ekki gera það. En ég vildi ekki láta málið fara svo úr þessari hv. deild, að ég léti ekki í ljós þá skoðun, að það sé varhugavert að ganga mjög langt í *því, þegar slík tilfærsla fjármuna er gerð, sem ákvæði* þessa frv. miða að, að mismuna hinum einstöku þáttum sjávarútvegsins mjög mikið. Við, sem höfum setið hér á þingi alllangan tíma, höfum vitanlega á okkar þingmannsferli fjallað um löggjöf um margháttaðar ráðstafanir til stuðnings atvinnuvegunum og þá ekki síst sjávarútvegi. Stundum hefur hér verið fjallað um löggjöf, sem hefur kveðið á um uppbætur úr ríkissjóði eða uppbætur af almannafé til framleiðsluatvinnuveganna, og þegar staðið er að málum á þann hátt, að þm. setja reglur um greiðslur af almannafé, þá finnst mér ekki óeðlilegt, að því sé miðlað mismunandi eftir þörfum og aðstöðu hinna einstöku greina innan sjávarútvegsins. En hér er í raun og veru um tilfærslu fjármuna að ræða samkv. þessu frv. á miklu þrengra sviði. Hér er fyrst og fremst verið að ráðstafa fjármunum milli hinna ýmsu þátta sjávarútvegsins. Og þeir, sem segja, að nú sé gengið rétt, þeir munu sennilega telja, að þá sé lagður grundvöllur til þess, að hinir einstöku þættir sjávarútvegsins eigi að keppa sín á milli og haga rekstrinum á þann hátt, að þeir geti skilað sæmilegri afkomu á þeim grundvelli, sem lagður er með gengisskráningunni. En með þeirri tilfærslu fjármuna, sem hér er stefnt að, þá er gert ráð fyrir því að mismuna hinum einstöku greinum allmikið í þessu efni. Ég minni í þessu sambandi á ákvæði, er snerta síldveiðar. Ég minni fyrst á ákvæði í 2. gr. frv., þar sem segir, að þegar fiskiskip selur afla í innlendri höfn eða afhendir afla sinn til vinnslu án þess að sala hafi farið fram, skal fiskkaupandi eða fiskmóttakandi greiða gjald til Stofnfjársjóðs fiskiskipa, er nemi 10% fiskverðs, eins og það er ákveðið af Verðlagsráði sjávarútvegsins. Síðan segir: Þó skal greiða 20% af verði síldar og humars. Hér er greinilega mikill mismunur á milli hinna einstöku greina sjávarútvegsins. Og þar sem kveðið er á um útflutningsgjöld af sjávarafurðum, þá verður hið sama uppi á teningnum. Það eru ýmsar stórar greinar sjávarútvegsins, sem ekki bera hærra útflutningsgjald en 3% eða 5%, en síldarafurðirnar eru sumar í 6% flokki og mjög mikið af síldarafurðunum í 8% flokki. Hér er mjög mikill munur á. Nú eru samsvarandi ákvæði og þetta að sönnu ekki ný, og ég hygg, að þau hafi nú á sínum tíma komið inn í löggjöfina, þegar síldveiðarnar þóttu sérstaklega arðvænlegar. En við getum ekki lokað augum fyrir því, að einmitt á síldveiðunum og þeim afrakstri, sem þær hafa skilað, hefur orðið mjög mikil breyting til hins lakara nú á allra síðustu tímum, og ég vil láta þá skoðun koma fram hér, áður en að málið verður afgreitt úr deildinni, að ég fyrir mitt leyti tel, að hér sé of langt gengið, þó ég flytji ekki um það brtt. Það er viðurkennt, að sjómannastéttin er sú stétt, sem styður þjóðarbúið jafnvel umfram aðrar stéttir með gjaldeyrisöflun, og sjómönnum ber að hafa háar tekjur miðað við það, sem gerist meðal fólks, sem stundar aðra vinnu. Og það er einnig viðurkennt, að sjómenn leggja mikið á sig til þess

að afla þess gjaldeyris, sem þjóðarbúið nýtur góðs af. En ég hygg þó, að aðrir sjómenn leggi ekki meira í sölurnar heldur en þeir, sem hafa sótt á síldarmiðin langt norður í Íshaf að undanförnu.

Þá vil ég, áður en ég lýk máli mínu, víkja nokkrum orðum að því, hvernig þetta frv. er úr garði gert í ýmsum greinum, og vil með því taka undir og leggja áherzlu á það, sem fram hefur komið í því efni hjá hv. 3. þm. Norðurl.v. Það er mjög eftirtektarvert, þegar þetta frv. er lesið grein fyrir grein, hvað víða eru ákvæði á þá leið, að framkvæmd þessarar lagasetningar fari eftir reglum, sem sjútvmrn. setur, og sums staðar er tekið svo til orða, að framkvæmdin fari eftir nánari ákvörðun sjútvmrn. Þetta frv. eða sú löggjöf, sem kann að verða sett samkv. því, ef um breytingar verður ekki að ræða, þá er það ákaflega opið fyrir ríkisstj. að haga seglum eftir vindi, vil ég segja, með framkvæmdina. Ég skal þessum orðum til stuðnings minna á, að greiðsla vátryggingargjalda fiskiskipa á að fara samkv. reglum, sem sjútvmrn. setur. Greiðsla til samtaka sjómanna á að fara samkv. reglum, sem sjútvmrn. setur. Gengishagnaði á að ráðstafa, m. a. til Fiskveiðasjóðs vegna gengistaps skipa, samkv. reglum, sem sjútvmrn. setur. Og um greiðslur til síldveiðibáta, sem stunduðu veiðar sumarið og haustið 1968 og þurfa að fá aðstoð til að standa í skilum með vexti og afborganir, þá á sjútvmrn. að setja reglur um þessar greiðslur. Þegar talað er um greiðslur til þess að auðvelda síldarverksmiðjum, sem starfræktar voru til móttöku síldar af norðausturmiðum sumar- og haustvertíð 1968, að standa í skilum með greiðslu vaxta og afborgana af stofnlánum, þá á það að fara eftir nánari ákvörðun sjútvmrn. Og þegar kemur að Síldarverksmiðjum ríkisins, vegna reksturs leiguskipa, þá eiga þær greiðslur að fara eftir ákvörðun sjútvmrn. Og þegar kemur að síldarverksmiðjum ríkisins, vegna reksturs leiguskipa, þá eiga þær greiðslur að fara eftir ákvörðun sjútvmrn. Og svo afgangurinn af gengishagnaði — þegar hinir föstu liðir eru teknir til greina, á afgangurinn að renna í Fiskveiðasjóð, til veitingar stofnlána, til bolfiskvinnslu, eftir reglum, sem sjútvmrn. setur. Nú höfum við sérstaka löggjöf um Fiskveiðasjóð, og hann veitir lán samkv. þeirri löggjöf. Út af þessu leyfi ég mér að spyrja: Á Fiskveiðasjóður að lána þetta fé, sem hann fær til ráðstöfunar samkv. e-lið 17. gr., eftir nýjum og öðrum reglum heldur en löggjöf sjóðsins segir til um? Á að halda þessum lánveitingum aðgreindum frá öðru fé sjóðsins og lána það eftir sérstökum nýjum reglum?

Ég vil ljúka þessum orðum með því að beina þeirri spurningu til hæstv. sjútvmrh., hvernig þær reglur muni verða í stórum dráttum a. m. k., sem framkvæmd þessarar löggjafar eða þessa frv., ef að lögum verður, á að fara eftir í mjög veigamiklum atriðum. Ég vænti þess, að hæstv. sjútvmrh. geri þd. grein fyrir þessu, áður en málið fer hér út úr d.

Og af því að í þessum umræðum hefur verið minnzt á fimleika, þá vil ég segja, að ég held, að hæstv. núverandi ráðh. séu alveg sérstakir fimleikamenn í því að fella gengið og þá að ráðstafa gengishagnaði, og þar af leiðandi mun það vera auðveldara en ella fyrir hæstv. sjútvmrh. að gefa nokkur svör við þessum spurningum.

Félmrh. (Eggert G. Þorsteinsson): Herra forseti. Það er aðeins ein fyrirspurn, sem tilefni gefur til þess, að ég stend hér upp nú. Það var hv. síðasti ræðumaður, 2. þm. Austf., sem beindi þeirri fsp. til mín, hvernig þær reglur mundu verða, sem gert er ráð fyrir, að rn. setji samkv. frv. því, sem hér er nú til umræðu. Ég hélt nú sannast sagna, að þessi hv. og hófsami þm., sem er búinn að vera hér mun lengur á þingi en ég, hann hafi þekkt þá reglu betur en ég, hvernig reglugerðir eru samdar. Venjulega eru þær ekki samdar fyrr en frv. er afgreitt. Þetta veit hv. þm. Hins vegar skal ég honum til frekari stuðnings, eða fsp. hans til fullnægingar, benda á það, að hér á síðasta Alþ. voru mjög hliðstæðar heimildir eða réttara sagt kvaðir settar á sjútvmrn. um útdeilingu gengisfjár, og það hefur gengið alveg snurðulaust að koma því fyrir í samræmi við þær heimildir, sem þau lög veittu. Aðferðin til þess að móta þessar reglur hefur verið sú, að haft hefur verið samband við hlutaðeigandi aðila um þann gengiságóða og þá útdeilingu fjármuna, sem lögin gera ráð fyrir, og ég hygg, að frá þeirri reglu verði ekki vikið nú. Það muni gert nú eins og á undanförnum árum, og ferskasta dæmið er frá síðasta Alþ. Það er að minnsta kosti ákveðin skoðun mín að breyta ekki frá, enda gáfust þær leiðir vel og hefur ekki verið nein snurða á í framkvæmd.

ATKVGR.
Brtt. 157,1 samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 157,2 samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 157,3 samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 157,4 samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 157,5 samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 157,6 samþ. með 11 shlj. atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 11:8 atkv. og afgr. til Nd.

Á 28. fundi í Nd., 13. des., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A.161).

Á 30. fundi í Nd., 16. des., var frv. tekið til 1. umr.

Félmrh. (Eggert G. Þorsteinsson): Herra forseti. Frv. þetta hefur hlotið afgreiðslu í hv. Ed. og tók þar nokkrum minni háttar breytingum, frá því sem upphaflega hafði verið í frv., þegar það var fram lagt, og tel ég ekki ástæðu til að fara nánar út í einstök atriði þeirra breytinga. Veigamest mun það vera, sem fram kemur í 9. gr. frv., og er til komið vegna tilmæla frá sjómannasamtökunum. Þar var lögð á það áherzla, að kjarasamningar þeirra væru lausir, þannig að þeir gætu tekið þátt í þeim samningaviðræðum, sem fram fara, með öðrum verkalýðsfélögum.

Það er kunnara en frá þurfi að segja, hve mikla örðugleika íslenzkur sjávarútvegur hefur átt við að etja undanfarin tvö ár og margendurtekið hér á hv. Alþ. Þessir erfiðleikar hófust með hinu mikla verðfalli afurðanna sumarið 1966 og mögnuðust síðan af aflabresti fyrst á vetrarvertíð 1967 og síðan á síldarvertíð það sama ár og nú loks á síldarvertíð þessa árs, sem hefur brugðizt með öllu að heita má. Þessir erfiðleikar eru svo stórfelldir, að hreint aflaverðmæti hefur á tveimur árum minnkað um meira en helming. Alger stöðvun

sjávarútvegsins hefði átt sér stað þegar á árinu 1967, ef viðtæk aðstoð ríkisvaldsins hefði ekki komið til. Sú aðstoð var látin í té á árinu 1967 með greiðslu viðbótar við fiskverð og aðstoð til hraðfrystihúsa vegna verðfallsins. Gengisbreytingin í nóvember 1967 var sjávarútveginum til mikillar hjálpar, en áframhaldandi verðfall afurða og hækkun kostnaðar innanlands eyddu áhrifum hennar fljótlega að verulegu leyti. Reyndist því nauðsynlegt að halda áfram mikilli beinni aðstoð til frystihúsa og veita síldveiðunum beina aðstoð í fyrsta sinn. Mátti þá heita, að nær því allar greinar sjávarútvegsins yrðu aðstoðar aðnjótandi í meira eða minna mæli.

Með þeirri gengisbreytingu, sem nú hefur verið framkvæmd, er stefnt að því að skapa sjávarútveginum eðlileg rekstursskilyrði. Er þá ekki gert ráð fyrir því, að nein teljandi hækkun verði á útflutningsverðlagi á næstunni, né heldur að afli muni batna frá því, sem verið hefur á undanförnum tveimur árum. Virðist þetta vera sá eini raunsæi grundvöllur til að byggja framtíðaráætlanir á. Á hinn bóginn hefur þess verið freistað að ganga eins skammt í leiðréttingu gengisins eins og frekast var unnt. Hin nýja gengisskráning mun þess vegna ekki skapa sjávarútveginum sérlega hagstæðan grundvöll. Flestar greinar hans munu varla gera betur en að standa undir rekstrarkostnaði og vöxtum og afborgunum af stofnlánum og sumar varla það. Af þessum sökum skiptir það höfuðmáli, að ekki verði nú að nýju þær hækkanir á framleiðslukostnaði innanlands, sem á skömmum tíma mundu eyðileggja þann nýja grundvöll, sem með þessum ráðstöfunum er verið að mynda.

Til þess að gengisbreytingin nái þeim tilgangi sínum að skapa sjávarútveginum eðlileg rekstrarskilyrði, á ýmislegt fleira að koma til en gengisbreytingin sjálf. Aðrar nauðsynlegar ráðstafanir, sem sjávarútveginn snerta, hafa verið færðar saman í það frv., sem hér er lagt fram og nefnt er frv. til laga um ráðstafanir í sjávarútvegi vegna breytingar gengis íslenzkrar krónu. Falla þessar ráðstafanir í þrjá höfuðflokka, og fjalla þrír kaflar frv. um hvern þeirra. Í fyrsta kaflanum eru ráðstafanir, sem snerta ákvörðun nýs fiskverðs, stofnfjársjóðsgjald og kostnaðarhlutdeild fiskkaupenda í útgerðarkostnaði. Í öðrum kafla eru ákvæði, sem snerta útflutningsgjald. Í þriðja kafla eru ákvæði, er snerta ráðstöfun gengishagnaðar.

Ef þessi gengisbreyting á að koma sjávarútveginum að tilætluðum notum, er nauðsynlegt, að útgerðarmenn og útgerðarfyrirtæki geti staðið undir þeim aukna rekstrarkostnaði skipanna, sem af gengisbreytingunni annars vegar hlýzt.

Í öðru lagi er nauðsynlegt að tryggja það, að útgerðin geti greitt vexti og afborganir af stofnlánum sínum til Fiskveiðasjóðs og annarra stofnlánasjóða.

Í þriðja lagi er nauðsynlegt, að tryggingakerfi skipanna, sem rekið er á sameiginlegum grundvelli, hafi nægar tekjur til að standa undir kostnaði vegna tryggginganna. Sá kostnaður hækkar mjög vegna gengisbreytingarinnar, en ekkert af þessum atriðum getur náðst nema sérstök lagaákvæði komi til.

Ég vil leggja sérstaka áherzlu á þýðingu allra þessara atriða fyrir rekstur sjávarútvegsins og framtíðarþróun hans og þar með rekstur og framtíð alls atvinnulífs í landinu. Það þarf ekki að fara mörgum orðum um nauðsyn þess, að útgerðarmenn eða útgerðarfyrirtæki hafi nægjanlegar tekjur til að standa undir mikilli hækkun rekstrarkostnaðar, svo sem olíu og veiðarfærum, sem óhjákvæmilega hlýzt af gengisbreytingunni. Um nauðsyn þess geta og varla verið skiptar skoðanir, en sízt er það þýðingarminna, að vextir og afborganir af stofnlánum bátanna greiðist á réttum gjalddögum. Íslenzk fiskiskip eru byggð með lánum úr Fiskveiðasjóði fyrst og fremst eða með erlendum lánum, sem Fiskveiðasjóður ber ábyrgð á. Mjög mikið er nú ógreitt af slíkum lánum, vegna þess hve ör uppbygging bátaflotans hefur verið á undanförnum árum. Erfiðleikar útgerðarinnar hafa leitt til þess, að útgerðarmenn hafa ekki getað staðið í skilum með þessi lán og vinnulaun, og varð að grípa til sérstakra ráðstafana í því skyni á s. l. ári með stofnun sjóðs, Stofnfjársjóðs fiskiskipa, og framlagi ríkissjóðs að upphæð 124 millj. króna til að grundvalla þennan sjóð. Fái Fiskveiðasjóður ekki með skilum vexti og afborganir af þessum útistandandi lánum, mun hann ekki geta staðið í skilum með skuldbindingar sínar gagnvart öðrum aðilum og þá fyrst og fremst erlendum lánveitendum, og hann mun ekki hafa fé til útlána til endurnýjunar skipastólsins eða meiri háttar viðgerða á skipunum. Hér er því um framtíð sjálfs fiskiskipaflota landsins að tefla. Sé ekki gengið tryggilega frá fjáröflun til þess að greiða vexti og afborganir á stofnlánum, verða þau fiskiskip, sem nú eru í eigu landsmanna, seinustu skip, sem þeir eignast. Jafnframt því, að nauðsynlegt er að sjá fyrir greiðslu aukins rekstrarkostnaðar og endurnýjun fiskiskipastólsins, verður svo einnig að sjá til þess, að fiskiskipaflotinn sé á hverjum tíma nægjanlega vel tryggður og fjár sé aflað til þess að standa undir iðgjöldum af þeim tryggingum. Gert er ráð fyrir, að greiðsla aukins rekstrarkostnaðar sé tryggð með sérstakri kostnaðarhlutdeild fiskkaupenda í útgerðarkostnaði og er lagt til, að greiðsla þessi fari fram við fiskkaup og nemi 17% af fiskverði eins og það er ákveðið á hverjum tíma. Er þessi upphæð miðuð við þá kostnaðaraukningu, sem verður á þorskveiðum vegna gengisbreytingarinnar, en er allmiklu minni en kostnaðaraukningin verður í öðrum veiðum og þá einkum á síldveiðum.

Á hinn bóginn er lagt til, að stofnfjárvandamálið verði leyst með því að halda áfram starfsemi Stofnfjársjóðs fiskiskipa, sem stofnaður var fyrr á þessu ári, eða með 1. nr. 58 frá 1. maí 1968. Til þessa sjóðs mundi nú renna stofnfjársjóðsgjald, er greiddist af hráefnisverðmæti aflans. Er lagt til, að gjaldið verði yfirleitt 10%, en þó 20% fyrir síld og humar. Eðlilegt er, að fjár til greiðslu stofnlána sé aflað með gjaldi af hráefnisverði, en ekki af fullunnum vörum. Eindregnar óskir hafa komið fram af hálfu útgerðarmanna um, að slíkt fyrirkomulag verði tekið upp, þannig að tryggt væri, að vextir og afborganir af stofnlánum væru greidd og Fiskveiðasjóður og aðrir opinberir sjóðir, sem stofnlán veita, hefðu nægjanlegt fé undir höndum til veitingar stofnlána framvegis. Tekjur af stofnfjársjóðsgjöldum eru áætlaðar 300—400 millj. kr. á ári, þó breytilegt eðlilega eftir aflabrögðum, en það er nokkru lægri upphæð en vextir og afborganir af fiskiskipum, sem

nema nú um 400 millj. kr. Ef stofnfjársjóðsgjald og kostnaðarhlutdeild eiga að koma að þeim notum, sem ætlazt er til, þ. e. a. s. standa undir auknum rekstrarkostnaði og sjá fyrir stofnfjárkostnaði skipanna, verða þau að ganga til þessara þarfa eingöngu og geta ekki komið til skipta í hlut eða aflaverðlaunum. Þetta er ekki aðeins í þágu útgerðarmannsins, heldur einnig í þágu skipshafnarinnar, og má raunar segja, að það sé ekki sízt í hennar þágu, því að án þess að skipið geti staðið undir rekstrarkostnaði og verið í stöðugri drift, og án þess að tryggt sé, að stofnfjárkostnaður skipsins sé greiddur, verður ekki um neina útgerð fiskiskipa að ræða á Íslandi, hvorki nú né framvegis. Af þessum sökum eru ákvæði í þessu frv. um, að kostnaðarhlutdeildin og greiðslur úr Stofnfjársjóði komi ekki til hlutaskipta eða aflaverðlauna. Þýðingarmikið er, að sjómenn og samtök þeirra geri sér grein fyrir því, að með þessu er verið að skapa nauðsynleg skilyrði fyrir atvinnu þeirra og afkomu í nútíð og framtíð. Hins vegar er því ekki að leyna og yfir það skal ég enga fjöður draga, að hér er um breytingu að ræða frá núgildandi hlutaskiptareglum, en slíkar breytingar hafa átt sér stað öðru hvoru s. l. áratug, og vil ég gefa aðeins örstutt yfirlit yfir, hvernig tilfærslum þessum hefur verið háttað á undanförnum árum.

Á árunum 1952—1956 var um 15% munur á fiskverði að viðbættum gjaldeyrisfríðindum til útgerðarmanna og á skiptaverði til sjómanna. Hið raunverulega verð til útgerðarmanna var um 1.20 kr. fyrir hvert kg af fyrsta flokks A-þorski, og til sjómanna var greitt um kr. 1.05 á hvert kg. Á árinu 1957 var fiskverð til útvegsmanna kr. 1.15 pr. kg auk verðbóta til þeirra, sem námu um 0.475 aurum pr. kg, en skiptaverð til sjómanna var árið 1957 kr. 1.38 pr. kg. Munurinn var sem sagt um 21%. Á árinu 1958 var fiskverð til útgerðarmanna kr. 1.73 pr. kg, en til sjómanna kr. 1.48 pr. kg. Var munurinn á því ári nálægt 20%. Á árinu 1959 var verðið á fyrsta flokks A-þorski 1.57 kr. pr. kg, en verðbætur til útvegsmanna námu þá 56 aurum pr. kg. Alls var verðið til þeirra því kr. 2.13 pr. kg, en þá var skiptaverðið til sjómanna kr. 1.75 pr. kg. Munurinn var þá 24%. Á árinu 1960 var breyting á hlutaskiptum og fullt fiskverð greitt til beggja aðila. Var því ekki um að ræða neinn verðmun á því ári. Á árinu 1968 er verðið á fyrsta flokks A-þorski kr. 5.68 pr. kg. Gert er ráð fyrir, að úr ríkissjóði komi 124 millj. kr., er renni í Fiskveiðasjóð. Nemur sú fjárhæð um 8.5% af gildandi fiskverði til fiskkaupenda eða um kr. 0.48 pr. kg. Þess skal getið, að á áður greindu tímabili voru greidd vátryggingaiðgjöld fiskiskipa og einnig komu til framlög við Fiskveiðasjóð og Hlutatryggingasjóð og aðrar greiðslur sambærilegar við greiðslur af útflutningsgjaldi í dag. – Ég taldi rétt, að þetta kæmi fram hér, því að mér hefur fundizt á blaðaskrifum og umræðum um þessi mál undanfarið, að menn haldi, að með þessu frv. sé verið að fara inn á algjörlega nýjar leiðir, sem áður hafi ekki verið reyndar, og að mismunandi verð hefði aldrei átt sér stað milli sjómanna og útgerðarmanna áður.

Í frv. þessu er ákvæði um, að nýtt lágmarksverð á fiski skuli ákveðið, sem gildi frá og með 15. nóvember. Er gert ráð fyrir, að Verðlagsráð sjávarútvegsins ákveði þetta verð í samræmi við lög sín og starfsreglur. Að sjálfsögðu er ekki hægt að segja fyrir um það, um hversu mikla hækkun fiskverðsins getur orðið að ræða. Óhætt mun þó að fullyrða, að þessi hækkun muni tryggja sjómönnum tekjuhækkun, sem sé a. m. k. ekki minni en launahækkun verkafólks í landi hefur orðið á þessu ári.

Ég vil nú víkja nánar að tryggingamálum fiskiskipanna og þeim ráðstöfunum varðandi þau, sem þetta frv. hefur að geyma. Sterk rök mæla með því, að fyrir greiðslum tryggingaiðgjalda sé séð úr sameiginlegum sjóði. Fyrirtækin í sjávarútvegi, einkum bátaútgerð, eru smá og dreifð. Sveiflur og áföll geta kippt grunninum undan getu þeirra til þess að inna af hendi tiltölulega háar greiðslur fyrir heildarrekstrartímabil í senn, svo sem til trygginga, en alvarleg vanskil á þessum greiðslum geta riðið fjárhag fyrirtækjanna gjörsamlega að fullu, svo að leiði til rekstrarstöðvunar þessara framleiðslutækja, atvinnuskorts og truflana á gjaldeyrisöflun. Jafnframt mundi slík atburðarás raska stórlega félagslegri skipun atvinnuvegarins og stuðla að því, að framleiðslutæki söfnuðust á hendur tiltölulega fárra aðila. Mæla því sterk rök með þeirri þróun, sem átt hefur sér stað, að því er snertir fyrirkomulag á iðgjaldagreiðslum tryggingganna. Raunar gildir nákvæmlega hið sama varðandi fyrirkomulag um stofnfjárgreiðslur, sem tekið hefur verið upp á þessu ári. En jafnsterk rök mæla jafnframt með því, að þessu kerfi sé þannig fyrir komið, að það dragi ekki úr ábyrgðartilfinningu manna og viðleitni til þess að halda niðri kostnaði við rekstur fyrirtækjanna. Fyrir þessu var séð, að því er stofnlánið snertir, með því fyrirkomulagi, sem tekið var upp með fyrirkomulagi Stofnfjársjóðs frá byrjun, að tekjur sjóðsins skiptust í samræmi við aflaverðmæti bátanna, þannig að bátseigandi hefur hag af því, að aflaverðmætið verði sem mest, jafnframt hefur hann hag af því, að þær greiðslur, sem Stofnfjársjóður á að standa undir, verði sem lægstar. Að því er tryggingaiðgjöldin snertir var hliðstætt fyrirkomulag hins vegar ekki tekið upp frá byrjun með þeim afleiðingum, að mjög dró úr viðleitni útgerðarmanna og tryggingarfélaga til að halda niðri tryggingarkostnaði. Þrátt fyrir þá einingu, sem ríkt hefur um megindrættina í greiðslukerfi iðgjaldanna, hefur fram til þessa ekki náðst nægjanleg samstaða um leiðir til þess að draga út þessum ágöllum, enda þótt ítrekaðar athuganir á kerfinu hafi farið fram á undanförnum árum, og þær hafi leitt til ákveðinna tillagna til úrbóta. Að vísu hefur stöðugt verið leitazt við að haga reglum um greiðslur tryggingariðgjalda svo, að það hvetti til árvekni og ábyrgðar, að því er tekur til iðgjalda og tjóna einstakra fiskiskipa, einkum með því að miða greiðslur við meðaltal iðgjalda í hverjum stærðarflokki, en ekki við iðgjald hvers skips. Engu að síður hafa tjón haldið áfram að aukast og iðgjöld að hækka.

Þeir miklu örðugleikar, sem við hefur verið að etja að undanförnu og sem hafa leitt til þess, að tekjur Tryggingasjóðs fiskiskipa hafa stórlega lækkað og sjóðurinn átt í miklum greiðsluörðugleikum, hafa fært mönnum heim sanninn um nauðsyn mikilla úrbóta á tryggingakerfinu í heild. Í apríl s. l. skipaði ég nefnd til þess að fjalla um þessi mál. Var nefndin skipuð fulltrúum samtaka útvegsmanna, sjómanna og tryggingafélag-

anna, Samábyrgðar íslenzkra fiskiskipa, auk tveggja fulltrúa af opinberri hálfu. Tillögur nefndarinnar liggja nú fyrir í höfuðdráttum. Gera þær ráð fyrir víðtæku samstarfi allra hlutaðeigandi aðila um að færa tryggingar fiskiskipa að meginhluta inn í landið í stað þess, að yfirgnæfandi hluti þeirra fari í reynd fram erlendis, og jafnframt verði iðgjöldin ákveðin með samkomulagi við hlutaðeigandi innlenda aðila og með rétti hvers þeirra um málskot til rn. Skilmálar hafa verið endurskoðaðir og þrengdir nokkuð, einkum með aukinni eigin ábyrgð á tíðum smátjónum. Þá eru og fyrirhugaðar ráðstafanir, til þess að öruggt sé, að samræmi sé í mati tjóna og tryggingarfjárhæða skipa. Framkvæmd þessara tillagna er tryggð með samkomulagi þeirra aðila, sem hlut eiga að máli innan nefndarinnar. Nokkurn tíma mun þó taka að koma þeim í framkvæmd og afla reynslu um hið nýja fyrirkomulag. Gert er ráð fyrir, að tryggingasjóðsnefnd starfi áfram að frekari ákvörðun um greiðslur úr sjóðnum og fylgist með allri framkvæmd þessara mála. Mikil nauðsyn er til þess, að sjóðurinn hafi nægjanlegt fé til að standa undir greiðslum af iðgjöldum, meðan hið nýja fyrirkomulag er að komast í framkvæmd, en það mun væntanlega smátt og smátt geta leitt til þess, að iðgjöld lækki og tekjuþörf sjóðsins minnki.

Eins og kunnugt er, koma tekjur Tryggingasjóðs af útflutningsgjaldi og rennur meginhluti þessa gjalds, eða nær því 80%, til Tryggingasjóðs. Eins og nú horfir við, er þess brýn nauðsyn, að sjóðnum sé aflað meiri tekna en verið hefur að undanförnu, en hann hefur verið rekinn með miklum halla, sem skapað hefur stórfelld vandræði, bæði fyrir tryggingafélögin og fiskiskipin. Tekjur Tryggingasjóðs af framleiðslu ársins í ár verða sennilega meira en 100 millj. kr. lægri en útgjöldin, þrátt fyrir hækkun gjalds af birgðum vegna gengisbreytingarinnar. Það er annað árið í röð, sem tekjur sjóðsins bregðast svo hrapallega, en á því tímabili hefur æ ofan í æ þurft að forða sjóðnum frá greiðsluþroti, þ. á m. með lántöku upp á 66 millj. kr. frá Seðlabankanum á miðju þessu ári. Auk þess hafa greiðslur til tryggingafélaga verið dregnar langt úr hófi fram. Vonir standa til, að brýnustu úrbætur á greiðslustöðu sjóðsins náist nú með framlagi af gengishagnaði, sem gert er ráð fyrir í 3. kafla þessa frv. Hins vegar miðast till. frv. um breytingu útflutningsgjalds við það að leggja nægjanlega traustan grundvöll að framtíðarrekstri Tryggingasjóðs, og þar að auki að afla Fiskveiðasjóði nokkru meiri tekna en verið hefur, sömuleiðis öðrum þeim aðilum, sem njóta góðs af útflutningsgjaldi. Er af þessum sökum lagt til, að nokkur hækkun verði á útflutningsgjaldi umfram þá hækkun í krónum, sem af gengisbreytingunni sjálfri leiðir. Verður þessi hækkun að koma niður á þorskafurðum, sem á undanförnum tveimur árum hafa greitt mjög lág gjöld. Jafnframt eru gjöld á síldarafurðum lækkuð nokkuð, en þær afurðir hafa borið mjög mikinn hluta útflutningsgjaldsins að undanförnu eins og eðlilegt var, meðan þessar veiðar voru í hámarki. Meðalgjald á þorskafurðum mundi nú vera 4.5% af verðmæti í stað 3% áður, en á síldarafurðum 7.5% í stað 8.6% áður. Ekki hefur verið talið fært að ganga lengra í þessu efni, enda kemur hér og til greina, að við síldveiðarnar eru notuð stór og dýr skip, sem stöðugt hafa verið að hækka í iðgjaldi á undanförnum árum, auk þess sem stofnlán Fiskveiðasjóðs hafa á undanförnum árum að yfirgnæfandi meiri hluta gengið til þessara skipa. Innan meginflokka afurðanna hafa einnig verið gerðar breytingar til betra samræmis, svo sem nánar er frá skýrt í aths. frv.

Þá hefur verið gerð þýðingarmikil breyting á verðmætisgrundvelli afla, sem fiskiskip sigla með. Með þeim eru afnumin sérstök fríðindi, sem komið hafa fram sem styrkur til togaraútgerðar. Hins vegar liggja engin rök til þess að undanskilja fiskiskip skyldum sínum, þegar þau eru á siglingu, jafnframt því, að þau haldi réttindum sínum óskertum. Með þessu er þó ekki nóg að gert gagnvart því misræmi, sem gæti komið fram við sölu á nýrri síld erlendis, miðað við gjald af sömu síld, er unnin væri hérlendis, einkum væri hún söltuð. Hins vegar geta aðstæður þessa máls verið mjög breytilegar og því örðugt að setja ákveðið gjald á síldina, er jafnan ætti við. Nægir í því efni að miða við ástand þessa árs. Er því lagt til, að sjútvmrn. geti ákveðið hækkun gjalds á þessum sölum innan hæfilegra marka.

Skipting tekna af útflutningsgjaldinu breytist aðallega við það, að til Tryggingasjóðs verður að ganga sú aukning tekna, sem lögð er til hans vegna, og mundi hlutdeild sjóðsins því nema um 80%. Tekin er til greina stóraukin tekjuþörf til byggingar haf- og fiskirannsóknaskips, sem lagt er til að fái 2% gjaldsins í stað 1.2% áður. Að öðru leyti er Fiskveiðasjóður látinn halda mestum hlut sínum, en tekjur annarra aðila miðast nánast við fyrri tekjuáætlanir. Til þess að tryggja framgang till. tryggingasjóðsnefndar um bætta skipan fiskiskipatrygginga er lagt til, að sett verði heimildarákvæði þess efnis, að sjútvmrn. geti sett reglur um endurtryggingarsamtök fiskiskipatrygginga og ákvörðun iðgjalda og annarra skilmála. Þá eru og tekin upp í frv. ákvæði, er áður voru í gildi um rétt til endurskoðunar á gjaldi af afurðum, er fluttar hafa verið út óseldar og enn fremur, að útflytjendur geta fengið frest á greiðslu ⅔ hluta gjaldsins, þar til gjaldeyrisskil hafa farið fram. Þetta síðara ákvæði er þó sett í formi heimildar og er ætlazt til, að það taki gildi, þá er gengið hefur verið nægilega tryggilega frá fjárreiðum Tryggingasjóðsins.

Ég vil þá að lokum víkja að þriðja og síðasta kafla frv., er fjallar um ráðstöfun gengishagnaðar af útflutningsbirgðum.

Þegar gengisbreytingin kom til framkvæmda, voru allmiklar birgðir í landinu af sjávarafurðum, sem ætlaðar voru til útflutnings. Það hlýtur ávallt að vera hendingu háð, hverjir eru eigendur slíkra birgða, auk þess sem þær eru framleiddar við þær aðstæður, sem ríktu fyrir gengisbreytinguna, og hafa framleiðendur margra þeirra notið styrkja úr ríkissjóði til framleiðslunnar. Af þessum sökum hefur það þótt eðlilegt, að slíkur munur, sem verður við gengisbreytingar, renni ekki að jafnaði til eigenda birgðanna, heldur sé honum varið til hagsbóta þeim atvinnuvegi, sem birgðirnar koma frá í heild. Þessari stefnu hefur enn verið fylgt við þá gengisbreytingu, sem nú var framkvæmd, og var í því skyni sett ákvæði um það í 4. gr. l. nr. 74/1968 um ráðstafanir vegna ákvörðunar Seðlabanka Íslands um nýtt gengi íslenzkrar krónu. Ekki er unnt að segja um

það með nákvæmni, hver gengismunurinn gæti orðið, fer þetta að sjálfsögðu eftir því, hvernig gengur með sölu á þeim birgðum, sem fyrir voru við gengisbreytinguna. Það hefur því orðið að meta verðmæti birgðanna eftir því verðlagi, sem er í dag, og er á þeim grundvelli áætlað, að verðmæti birgða sjávarafurða gætu numið um 1000 millj. kr. Gengismunur á þeirri upphæð yrði samkv. því 540 millj. kr. Auk þess er gengismunur af verðmæti útfluttra en ógreiddra afurða áætlaður 200 millj. kr. Samtals nemur þetta því 740 millj. kr. Gert er ráð fyrir að verja gengismun vegna sölu sjávarafurða til ýmissa brýnna þarfa þessa atvinnuvegar. Að meginhluta rennur mismunurinn í Gengshagnaðarsjóð, en ákvæði um ráðstöfun hans er að finna í 16. gr. frv. Áður en kemur til myndunar þess sjóðs, er þó gert ráð fyrir að greiða nokkrar upphæðir til sérstakra þarfa, svo sem ákveðið er í 14. gr. frv. Sérstök ráðstöfun er jafnframt gerð vegna skreiðarinnar, enda má segja, að óvenjulegar ástæður séu þar fyrir hendi.

Meginhluti skreiðarframleiðslunnar frá 1967 liggur enn í landinu, og enn fremur eru til birgðir frá 1966 og lítils háttar frá þessu ári. Borgarastyrjöldin í Nígeríu hefur komið í veg fyrir sölu á þennan langstærsta skreiðarmarkað um meira en hálfs annars árs skeið. Enda þótt eitthvað hafi rætzt úr nú síðustu vikurnar, er fyrirsjáanlegt, að enn líður langur tími, þar til allar birgðirnar seljast. Hafa eigendur skreiðarbirgðanna orðið fyrir miklu tjóni og þykir því eðlilegt, að heimild sé til þess að ráðstafa gengismun, sem verður af skreiðarbirgðunum, til stuðnings skreiðarframleiðendum, en leggja hann ekki í hinn sameiginlega sjóð.

Ég hef nú lýst efni þessa frv. í megindráttum. Ég vil að lokum aðeins leggja á það áherzlu, hversu frv. er brýnt hagsmunamál íslenzks sjávarútvegs og þá um leið þjóðarinnar allrar. Án þeirra ráðstafana, sem frv. felur í sér, mun gengisbreytingin ekki megna að skapa sjávarútveginum þau starfsskilyrði, sem ætlazt er til og sjávarútvegurinn þarf svo mjög á að halda. Séu sjávarútveginum hins vegar ekki tryggð þessi starfsskilyrði, mun atvinna ekki geta haldizt í landinu. Hér er því um sjálfa afkomu þjóðarinnar í nútíð og framtíð af tefla og viðkvæmasta atriðið í afkomumöguleikum vinnandi fólks, þ. e. burðarás atvinnulífsins.

Herra forseti. Ég geri það að tillögu minni, að frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. sjútvn.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Eins og þegar hefur komið hér fram, er hér um eina af meiri háttar hliðarráðstöfunum að ræða í sambandi við gengislækkunartillögu ríkisstj. í efnahagsmálum. Með þessu frv. er lagt til að lögbinda ýmis mikilvæg ákvæði, sem snerta sjávarútveginn og þegar hafa risið allmiklar deilur út af.

Í I. kafla þessa frv. er gert ráð fyrir því að gjörbreyta þeim reglum, sem í gildi hafa verið um alllangan tíma um skiptingu á aflaverðmæti fiskiskipanna á milli skipshafnar annars vegar og útgerðar hins vegar. Það eru þessi ákvæði frv., sem sérstaklega hafa valdið deilum. Eins og fram hefur komið, þá er hér lagt til, að sá háttur verði tekinn upp að ákveða, að 10% af fiskverði fiskiskipanna, þegar að aflinn er lagður upp innanlands, 10% af aflaverðmætinu verði tekið af óskiptu og lagt í svo nefndan Stofnfjársjóð fiskiskipa, sem er ætlað það hlutverk að standa undir greiðslum á afborgunum og vöxtum á lánum fiskiskipanna. Þó er gert ráð fyrir því, að þegar um er að ræða síldveiðar og humarveiðar, þá eigi þetta gjald af óskiptum afla að nema 20%. Það er auðvitað öllum ljóst, að hér er um að ræða stórfellda breytingu, sem snertir hlutaskiptakjörin á fiskiskipum.

Þá er einnig í þessum I. kafla frv. gert ráð fyrir, að 17% af aflaverðmætinu, þegar um innanlandslöndun á afla er að ræða, skuli renna beint til útgerðaraðila og dragast frá aflaverðmætinu, áður en hlutaskipti eiga sér stað til skipshafnar. Með þessum tveim ákvæðum er því lagt til, að tekið verði af óskiptum afla á þorskveiðum sem nemur 27%, 10% í Stofnfjársjóð og 17% vegna almennrar hækkunar á útgerðarkostnaði skipanna, eða sem nemur 27% af óskiptu, og þetta mundi sem sagt koma fram í lækkuðum aflahlut sjómanna. Þegar um er að ræða síldveiðar, þá gæti þetta numið 37%, sem vitanlega raskar hér hlutaskiptakjörunum mjög verulega frá því, sem verið hefur.

Í stað þessara ákvæða er svo það að finna í þessum kafla, að þegar um er að ræða, að fiskiskip selji afla sinn erlendis, þá er gert ráð fyrir því, að á þennan sama hátt verði dregið frá óskiptu verðmæti sem nemur 22% af brúttósöluverði aflans. En með því að sú hundraðstala er nokkuð lægri en í hinum tilfellunum, þegar um innanlandslöndun er að ræða, þá byggist það á því, að hún er reiknuð af allmiklu hærra aflaverðmæti, sem fæst fyrir aflann erlendis, heldur en innlenda verðið er yfirleitt.

Það er auðvitað ekkert um það að villast, að hér er farið inn á samningakjör sjómanna við útvegsmenn. Hér er lagt til með lögum að breyta þeim samningum, sem í gildi hafa verið, og það er ekki nema von, að það kalli á hörð mótmæli af hálfu þeirra manna, sem hér eiga hlut að máli og verða fyrir verulegri tekjuskerðingu í þessu tilfelli.

Ég tók eftir því, að hæstv. sjútvmrh. gerði hér nokkra tilraun til þess að láta það líta svo út, að hér væri ekki um neina nýjung að ræða. Ráðstafanir hliðstæðar þessum hefðu verið gerðar hér áður. En það er mikill misskilningur. En af því að nokkrir fleiri hafa reynt hér í umræðum um þetta mál að halda fram svipuðu, þykir mér rétt að fara um það nokkrum orðum, hvernig þessum málum hefur verið háttað hér áður.

Það var á árinu 1951, sem upp var tekinn hér svo nefndur bátagjaldeyrir til stuðnings fiskibátaútgerðinni í landinu, og árið þar á eftir naut útgerðin ýmiss konar fríðinda, gjaldeyrisfríðinda, og stuðnings á ýmsum sviðum og í mjög margvíslegu formi. Þetta leiddi til þess, að á næstu árum á eftir voru uppi allmiklar deilur um það á milli sjómanna og útvegsmanna, hvert væri í raun og veru orðið fiskverðið í landinu, en sjómenn höfðu haft samninga við útgerðarmenn um það, að þeir skyldu hafa tiltekinn aflahlut af fiskverðinu, eins og það væri á hverjum tíma. Þessi ágreiningur leiddi til þess, að sjómenn fóru í mál við útgerðarmenn í þó nokkrum tilfellum til þess að fá úr því skorið, hvort þeir fengju raunverulega þann aflahlut, sem samningaákvæði segðu til um, af því að á þessum árum var það orðið harla óljóst, hvað það væri í rauninni orðið, fiskverðið. Það gekk eins og fyrri daginn nokkuð misjafn-

lega að fá úr þessu skorið með dómi, og þetta leiddi síðan til þess, að sjómenn tóku almennt upp þá reglu, að þeir sömdu við útvegsmenn um fast skiptaverð á fiski, samningsbundið. Þannig var samningum sjómanna og útvegsmanna fyrir komið um margra ára skeið, að í samningunum, sem í gildi voru á milli útgerðarmanna og sjómanna, þá var skiptaprósenta sjómanna miðuð við tiltekið, þar til greint fast skiptaverð. Nú hefur því verið haldið hér fram, að t. d. á vinstri stjórnar tímunum, þá hafi ég átt hlut að því, á svipaðan hátt eins og gert er í þessu frv., að raska þeim kjaraákvæðum, sem voru í gildi á milli sjómanna og útvegsmanna. Þetta er vitanlega algjör þvættingur. Það fær ekki staðizt raunveruleikann á nokkurn hátt. Það eina, sem gerðist í þessu á þessum tíma, var það, að þegar útvegsmenn leituðu eftir því að fá aukinn stuðning, þá átti ég nokkurn þátt í því og þeir, sem þá voru í ríkisstj., að tryggja það, að sjómenn fengju hækkað sitt skiptaverð frá því, sem samningar stóðu um á milli þeirra og útgerðarmanna. Málin snúa því gjörsamlega öfugt við. Það, sem gerðist á þessum tíma, var það, að ríkisstj. beitti sér fyrir því, að þegar aukinn var stuðningur við útvegsmenn, að þá skyldu útvegsmenn samþykkja það um leið að breyta þeim samningum, sem í gildi voru, sjómönnum í hag. En nú er hins vegar lagt fram frv. um það að rifta þeim samningum, sem í gildi eru á milli sjómanna og útvegsmanna. Það er sá stóri munur. Enda kom heldur aldrei til þess, að sjómannasamtökin í landinu mótmæltu því, sem gerðist á vinstri stjórnar árunum í þessum efnum. Nei, það var þvert á móti. Núverandi formaður sjómannasambandsins, Jón Sigurðsson, og aðrir af forystumönnum sjómannasamtakanna í landinu áttu samninga við ríkisstj. um það, að hún beitti sér fyrir því, að skiptaverðið, sem þeir höfðu samið um við útvegsmenn, það yrði hækkað sjómönnum í hag, um leið og útgerðarmenn fengju aukinn stuðning. Og það var það, sem gerðist. Svo að þær einu breytingar, sem urðu í þessum efnum á vinstri stjórnar árunum, voru því gerðar í fullu samráði við sjómenn og eingöngu þeim í hag, öfugt við það, sem er verið að gera nú.

En þessi saga er ekki öll sögð enn. En sem sagt, eins og ég hef sagt, þá hafði skapazt á þessum tíma sú venja í kjarasamningunum sjálfum, að hlutaskiptakjörin voru orðin miðuð við þar til tekið skiptaverð alveg án tillits til þess, hvað fiskverðið var, því það var mjög óljóst, hvað það var, þegar að einstök fríðindi höfðu verið metin. En vitað var það, auðvitað, að vegna þess, að hér var miðað við tiltekið fast skiptaverð í samningum, þá var skiptaprósentan þar af leiðandi tiltölulega há. En svo gerðist það, að núverandi stjórnarflokkar beittu sér fyrir samþykkt efnahagslaganna árið 1960, og þá settu þeir ákvæði í þau lög um það að svipta í sundur þeim hlutaskiptalögum, sem áður höfðu verið í gildi, og þeir settu þá samtökum sjómanna og útvegsmanna ákveðinn frest til þess að semja um hlutaskiptakjörin að nýju, og þá skyldu hlutaskiptasamningar miðaðir við það fiskverð, sem ákveðið yrði af Verðlagsráði á hverjum tíma, og þá skyldi það vera sama fiskverð til útgerðarmanna og sjómanna.

Það er rétt að rifja þetta upp, að það var árið 1960, sem núv. stjórnarflokkar beita sér fyrir löggjöf um það, að fyrri ákvæði skuli felld niður, svo að sjómenn og útvegsmenn verði að semja um ný skiptakjör og þau nýju skiptakjör skulu miðast við sama verð til sjómanna og útvegsmanna miðað við hinar nýju ráðstafanir í efnahagsmálum. Og þetta var gert, sjómenn og útvegsmenn tóku upp nýja samninga og hlutaskiptaprósentan minnkaði sjómönnum verulega í óhag upp úr 1960 með tilliti til þess, að nú ættu þeir að taka hlut úr sama verði og útgerðarmenn. Þetta var gert með beinum lagafyrirmælum. En nú koma þeir sömu stjórnmálaflokkar, sem beittu sér fyrir þessu, þegar á þennan hátt var búið að fá sjómenn til að lækka sína skiptaprósentu — nú koma þeir og vilja einnig afnema þetta með lögum. Slíkar ráðstafanir þýða auðvitað það í framkvæmd, að það er með lögum verið að lækka aflahlut sjómanna. Það er því ósköp eðlilegt, að sjómenn — þegar svona stendur á — að þeir komi fram með hörð mótmæli gegn þessum vinnubrögðum, sem eru auðvitað hreinar árásir á launakjör sjómanna og alveg einsdæmi, því það eru engin fordæmi um það, að á þennan hátt hafi verið snúizt að launakjörum sjómanna — engin. Því, eins og ég hef bent á, að á árabilinu frá 1951 og fram til 1960 þá giltu í þessum efnum gjörsamlega aðrar grundvallarreglur. Ég held því, að ef hæstv. sjútvmrh. og aðrir, sem um þessi mál hafa talað, vilja hafa hið rétta, þá ættu þeir að kynna sér þetta, sem ég hef verið að segja þeim frá núna, því að þetta er í samræmi við veruleikann. En hitt var aðeins út í bláinn, það sem hæstv. ráðh. sagði um þetta.

Þá er það mjög athyglisvert í sambandi við þessi ákvæði í frv., sem snerta launakjör sjómanna, að því er haldið hér fram af ýmsum, að óhjákvæmilegt sé að breyta skiptakjörunum á þann hátt, sem hér er lagt til, til þess að útgerðin fái risið undir auknum útgerðarkostnaði. Auðvitað er það reginmisskilningur, að það gerist nokkuð hjá útgerðinni út af fyrir sig við gengisbreytingu, sem raskar þessu hlutfalli. Það er rangt. Það eru auðvitað bara aðeins ein rök fyrir því, að hér þurfi að breyta þessu hlutfalli, og á þau rök hefur auðvitað oft verið minnzt í þessum umræðum líka, en það er rétt að skoða þau, hvað þau fá staðizt. Þau eru þau, að nú hafi þurft að gera gengislækkun, vegna þess að afli hafi stórminnkað og aflaverðmæti sé orðið miklu minna en það var áður. Þetta eru meginástæðurnar til þess, að nú þykir þörf á því að lækka gengi krónunnar, hækka í verði erlendan gjaldeyri útflutningnum í hag, vegna þess að afli hafi minnkað og aflaverðmæti lækkað. Jú, auðvitað þýðir þetta það í framkvæmd, að þeir aðilar, sem eiga afkomu sína undir aflaverðmætum, eins og útgerðarfyrirtæki, auðvitað þurfa þau tvímælalaust á einhverri aðstoð að halda, þegar þetta gerist. Það er auðvitað ekkert um það að villast, að þegar að afli minnkar t. d. um helming á einhverjum veiðum, ég tala nú ekki um, ef að verðmæti fellur líka, þá er gefið mál, að tekjur þessarar framleiðslu hafa minnkað og það þurfa að koma til einhverjar ráðstafanir til þess að bæta þarna úr. En ef menn skilja það, að útgerðin þurfi á auknum tekjum að halda, vegna þess, að aflahlutur hennar gefur orðið færri krónur, vegna þess að aflinn er minni og aflaverðmætið hefur lækkað, geta menn þá ekki skilið það, að hinn aðilinn, sem átti hinn hlutann af aflanum, hinn helminginn af aflaverðmætinu, sjó-

mennirnir, að þeir hafi líkað orðið fyrir áfalli, og það þurfi kannske eitthvað að gera líka fyrir þá. Það er einmitt í þessum efnum, sem menn gleyma öllu samhengi í sínu máli. Þeir geta allt svo séð það, að það muni þurfa að drýgja tekjurnar hjá útgerðinni, vegna þess að hún varð fyrir því að fá minni afla og fékk minna verðmæti út úr aflanum, en þeim sést yfir það, að skipshöfnin þurfti á þessu að halda alveg á sama hátt.

Ég tók eftir því, að form. Landssambands íslenzkra útvegsmanna, sem hér á sæti á þingi, hann skýrði frá því í sinni yfirlitsræðu á landsfundi útgerðarmanna nú fyrir stuttu, hvernig hefði verið háttað þeim aflaverðmætum, sem síldarflotinn hefur dregið á land nú síðustu árin. Hann skýrði frá því, að miðað við 25. nóvember hefði aflaverðmæti fyrir landaða síld síldveiðiflotans verið árið 1966 1118 millj. kr. Það er aðeins löndunarverðmæti aflans árið 1966 fram til 25. nóv. Á árinu 1967, sagði form. Landssambands ísl. útvegsmanna, að miðað við 25. nóvember hefði landað aflaverðmæti á síldveiðum verið 500 millj. kr., eða landað aflaverðmæti hafði reynzt 618 millj. kr. minna á árinu 1967 en á árinu 1966, 618 millj. kr. Nú, það er ekki aðeins útgerðin, sem hefur orðið fyrir áfalli á þessu ári, skipshafnir síldveiðiskipanna hafa vitanlega orðið fyrir þessu áfalli að jöfnu á við útgerðina. Í þessu tilfelli, þegar aflinn reyndist yfir 600 millj. minni en á sama tíma árið áður, þá jafngildir það því, að sjómennirnir á síldveiðiflotanum hafa fengið um 300 millj. minna í tekjur á þessum tíma.

Ég tók líka eftir því, að form. Landssambands ísl. útvegsmanna skýrði frá því í þessari ræðu sinni, að miðað við 25. nóvember á þessu ári hefði löndunarverðmæti síldaraflans verið 230 millj. kr., eða það lækkar enn um 270 millj. kr. miðað við það lága ár 1967. Og enn áttu vitanlega skipshafnirnar helminginn af aflaverðmætinu og urðu fyrir þessu áfalli líka.

Nú er okkur sagt, að það þurfi að gera ráðstafanir í efnahagsmálum, sem miðist við það, að það, sem hafi verið að gerast á árinu 1967 og á árinu 1968, að við verðum að reikna með því, að þetta sé viðvarandi, megum ekki reikna með miklu meiri afla eða meiri verðmætum en komu á land á þessum árum, og að við það þurfi að miða hinar nýju ráðstafanir útgerðinni til stuðnings. En þá segi ég, þó að sjómennirnir fengju að halda sínum aflahlut áfram, sem þeir hafa búið við, eftir að gengislækkun hefur verið framkvæmd í þeim mæli, sem nú hefur verið ákveðið, þá yrði vitanlega ekki um að ræða tekjuhækkun hjá sjómönnum, heldur aðeins um það að ræða, að tekjufall þeirra yrði ekki alveg eins þungbært og áberandi, eins og það hefur verið. Það er vitanlega hin mesta meinloka hjá þeim, sem reyndar í Ed. kölluðu það meinloku hjá öðrum að gera hér kröfur um það, að sjómenn ættu einir allra vinnustétta í landinu að fá kauphækkun vegna gengislækkunarinnar. Það er þeirra stóra meinloka, sem þetta segja, að þeir virðast ekki gera sér grein fyrir því, að einmitt vegna þess, að aflinn hefur minnkað og aflaverðmætið hefur lækkað, þá hafa sjómenn orðið fyrir miklu meira tekjutapi en aðrir vinnandi menn í landinu, og af því vitanlega á að ætla þeim nú svipaðan aflahlut og þeir hafa haft áður, og þeir mundu ekki verða ofhaldnir af því.

Ég veit það, að það mundu ýmsir segja, eins og hér kom fram hjá hæstv. sjútvmrh., að geti útgerðin ekki fengið þessar sérstöku bætur, sem gert er ráð fyrir í I. kafla þessa frv. — ef útgerðin ekki fengi þessar sérstöku bætur, þar sem stórar greiðslur eru teknar af óskiptum afla og auðvitað á kostnað sjómanna, og þessar upphæðir eru færðar yfir til útgerðarmanna, það er sagt, að ef að útgerðin fengi ekki þessar sérstöku bætur, þá mundi gengisbreytingin ekki koma að gagni fyrir útgerðina. En er það þá alveg víst, að þetta sé eini hugsanlegi möguleikinn til þess að styðja útgerðina, að ganga á hlut sjómanna á þann hátt, sem lagt er til með þessum ákvæðum? Er það alveg víst, að þetta sé eina hugsanlega leiðin til þess að bjarga útgerðinni í landinu, þ. e. að ganga á þennan hátt á hlut sjómannanna? Ég er ekki í neinum vafa um það, að það eru til aðrar leiðir. Vitanlega hefði verið réttmætt að fara þá leið, sem við höfum bent hér á áður í stjórnarandstöðunni æ ofan í æ í sambandi við umræður um þessi mál. Það hefði mátt létta af útgerðinni margvíslegum útgjöldum, sem á henni hvíla nú, með sérstökum ráðstöfunum. Vitanlega var hægt að lækka vextina, það er enginn vafi á því. Við þurfum ekki að búa hér við þá okurvexti, sem við höfum búið við, og allra sízt okkar útflutningsframleiðsla, það var með öllu ástæðulaust. En þeirri leið var bara einfaldlega neitað og sagt: Við látum sjómennina borga þennan mismun, sem á vantar. — Það var líka hægt auðvitað að lækka útflutningsgjöldin til verulegra muna frá því, sem þau eru nú. Þessi útflutningsgjöld eru alltof há, og þau eru líka lögð á á alröngum grundvelli og til þess að halda uppi starfsemi að verulegu leyti, sem er vægast sagt mjög vafasöm.

Það var auðvitað einnig hægt að gera margvíslegar aðrar ráðstafanir, sem miðuðu að því að létta af útgerðinni útgerðarkostnaði. Auðvitað var hægt að mæta kröfum útgerðarinnar í landinu, t. d. með lækkuðu olíuverði. Fyrir nokkrum dögum síðan þá upplýsti hæstv. viðskmrh. það, að verðmunurinn á olíu hér á landi og t. d. í Vestur-Þýzkalandi væri í ýmsum tilfellum 50—70% miðað við afgreiðslu til skipa. Það er enginn vafi á því, að það væri hægt að koma við hér verulegri lækkun á olíuverði, sérstaklega til skipa, frá því sem nú er, ef það væri vilji fyrir hendi. En hæstv. ríkisstj. hefur ekki fengizt til þess að athuga þessa möguleika, en telur, að hún geti farið þessa einföldu leið að ætla að leysa allan vandann á kostnað sjómanna.

Auk þess hvað hér er nú óréttilega að farið og ósanngjarnlega að farið gagnvart sjómönnum, þá er ég ekki í neinum vafa um það, að þessi leið er með öllu ófær, hún stenzt ekki í framkvæmd. Ef ríkisstj. kæmi því í gegn og gæti haldið því uppi að breyta hlutaskiptakjörunum á þann hátt, sem hér er lagt til, þá er ég ekki í neinum vafa um það, að afleiðingarnar yrðu þær á mjög stuttum tíma, að allir beztu sjómennirnir, sem þá vinnu stunda nú, þeir hyrfu í land. Það mundi ekkert halda þeim úti á sjó, eftir að þessar ráðstafanir væru komnar í framkvæmd, annað en þá allsherjaratvinnuleysi í landinu. Vilji menn fara í það að skoða kaupgjaldsnóturnar hjá sjómönnunum, eins og þær koma út á þessu ári, og vilji þeir meta það til einhvers, hverjir það eru, sem hafa lagt sig í það á þessum árum að vera

fiskimenn í okkar landi, þá ættu þeir að sannfærast um það, að þeir fá ekki þá menn, sem valizt hafa til sjómennsku, þeir fá þá ekki til þess að ráða sig á fiskiskipin með þeim kjörum, sem alveg óhjákvæmilega mundu leiða til þess, að þeir byggju við mun lægra heildarkaup en þeir gætu fengið í landi. Þetta mundi því ekki standast í framkvæmd. Þetta yrði útgerðinni ekki til góðs. En það er rétt, að það er ekkert nýtt fyrirbæri, að einstaka útgerðarmenn og forystumenn þeirra hafi gerzt svo blindir í þessum efnum, að þeir hafi haldið áfram að berjast fyrir því að lækka aflahlutinn, lækka kaupið hjá sínum starfsmönnum, svo að það hafi leitt til þess, að þeir gátu ekki fengið sjómenn. Það er ekki ýkja langt síðan, að það ástand var ríkjandi í okkar landi, að við gátum með engu móti haldið uppi eðlilegri vetrarvertíð hér, án þess að ráða erlenda sjómenn, mikið á annað þúsund talsins, frá Færeyjum og öðrum löndum, svo að nokkur leið væri til þess að halda skipunum úti. Og það var einmitt um þetta leyti, sem farið var að snúa þessari öfugþróun við, það var á tímum vinstri stjórnarinnar, þegar að lengra var gengið í því að hækka aflahlutinn til sjómanna en áður hafði verið gert. Þá fór þetta fyrst að snúast nokkuð við til hins betra, að það fór að draga úr því, að við þyrftum að sækja sjómenn til annarra landa til þess að við gætum haldið okkar fiskiskipum úti.

En nú heldur hæstv. ríkisstj. það, að það sé eitthvað auðvelt að leysa efnahagsmálin á Íslandi á þann veg að lækka aðeins aflahlut sjómanna nógu mikið. Og svo er sagt í hinu orðinu, að menn ætli að vinna að því, að það komist nú fullt fjör í útgerðina í landinu og að við getum flutt meira út en við höfum gert. En auk þess er svo það, að það eru næstum engar líkur til þess, að ríkisstj. fái ákvæði, eins og felast í þessu frv., raunverulega framkvæmd með samþykki sjómannasamtakanna í landinu. Ríkisstj. hefur þegar beitt sér fyrir því að breyta sínu upphaflega frv. á þá lund, að um leið og þetta frv. yrði gert að lögum, þá eru kjarasamningar á milli útgerðarmanna og sjómanna úr gildi fallnir. Þá þarf aðeins einfalda tilkynningu — án uppsagnarfrests — til þess að tilkynna það, að svo sé. Það er því nokkurn veginn alveg víst, að verði frv. samþykkt á þann hátt, sem það kom frá Ed., þá gerist það um næstu áramót, að allir samningar um launakjör á fiskiskipum ganga úr gildi, og þá byrjar árið með því, að það verða væntanlega uppi tilraunir um nýja samninga, um ný skiptakjör á fiskiskipunum á milli sjómanna og útvegsmanna. Ef að líkum lætur, þá fer janúarmánuður í slíkt þras á milli aðila, og menn losa sig nokkurn veginn við útgerð í þeim mánuði, en það er auðvitað í stíl við það, sem stundum hefur verið áður hjá núv. hæstv. ríkisstj. í þeim efnum. Ég hef því ákaflega litla trú á því, að þetta frv., eins og það liggur fyrir, leysi vandann, en færi þetta nú á þann veg, að sjómenn stæðu fast á sínu, og neituðu með öllu að gera samninga, sem fela í sér þessa kjaraskerðingu, sem hér er gert ráð fyrir, færi það þannig og útgerðarmenn yrðu að láta undan og fallast á svipuð skiptakjör og áður voru — ja, hvað gerist þá? Þá gerist það, að það er yfirlýst af þeim efnahagssérfræðingum, sem að efnahagsaðgerðunum standa og einnig af hæstv. ríkisstj., að þá sé þessi þáttur lausnarinnar farinn út í sandinn. Þá er það viðurkennt, að það hefur ekki verið búið þannig um mál útgerðarinnar í landinu, að hún fái staðizt.

Mér sýnist því, að menn standi frammi fyrir því að verða að viðurkenna það tiltölulega fljótlega, að þeim hefur ekki tekizt að leysa þann vanda, sem við var að glíma. Þessi hugsaða leið hún dugar ekki. Hún fæst hvorki samþykkt né framkvæmd utan þingsins. Það er kannske hægt að fá hana samþykkta hér á Alþingi, en það dugar nú ekki til, svo að róið verði og fiskað verði.

Eins og ég hef hér sagt, þá sýnist mér, að ríkisstj. hafi látið villa sér sýn í þeim efnum, að með því að leyfa sjómönnum að halda þeirri skiptaprósentu, sem þeir hafa haft í sínum samningum, að þá væri verið að tryggja sjómönnum hér almenna launahækkun, sem kynni að leiða það af sér, að aðrar vinnustéttir í landinu heimtuðu tilsvarandi launahækkun. Ég vil benda hæstv. ríkisstj. á það, að í þessum efnum, þá hefur hún alveg misskilið stöðuna, ef hún hefur haldið, að þetta væri á þessa lund. Svona er þetta ekki. Hið rétta er það, eins og ég hef hér sagt, það eru sjómennirnir, sem hafa orðið fyrir miklu meira tekjufalli en nokkur önnur vinnustétt í landinu, og það var því full ástæða til þess að haga málum þannig, að sú vinnustétt fengi hér nokkrar bætur, sem drægju úr þessu mikla áfalli.

Þessi I. kafli frv., sem ég hef gert hér aðallega að umtalsefni, hann er býsna furðulegur í ýmsum öðrum efnum heldur en varðandi þetta, sem ég hef hér aðallega rætt. Samkv. 4. gr. er gert ráð fyrir því að taka skuli 22% af heildarsöluverðmæti eða brúttósöluverðmæti afla erlendis og þessi fjárhæð skuli lögð í Stofnfjársjóð fiskiskipa. Það er auðvitað alveg ljóst mál, að hér er um svo háa fjárhæð að ræða, að ef hún er miðuð við það, að fiskiskip stundi sínar veiðar á eðlilegan hátt og á svipaðan hátt og verið hefur, þá er hér um miklu hærri upphæð að ræða heldur en þessi skip eiga í mörgum tilfellum að greiða í afborganir og vexti af sínum stofnlánum. Ég tek t. d. dæmi af venjulegum íslenzkum togara. Það er ekki mikill afli hjá togara, miðað við það gengi krónunnar, sem nú á að miða við, að reikna með að togari selji fyrir 25 millj. kr. á ári, það er ekki mikill afli, og allmargir þeirra munu selja fyrir hærri upphæð. Það er því augljóst, að það á að taka af þessu söluverði hjá togara í mjög mörgum tilfellum upphæð, sem fer yfir 5 millj. kr. Þetta er miklu hærri upphæð en þessir togarar skulda beinlínis í stofnlán og miklu hærra en þeim ber að greiða á einu ári í afborganir og vexti, miklu hærri upphæð. Og meira segja er það svo, að af ýmsum fiskibátum, sem ekki stunda nú mjög mikið siglingar út með afla, að þar mundi upphæðin líka vera miklu hærri en þeir eiga að borga í afborganir og vexti. En hvað meina menn þá með því, að það eigi að taka þessa stóru upphæð og leggja hana í Stofnfjársjóð, og svo er gefið til kynna í frv., að það eigi að gera upp þennan stofnfjársjóð með upplýsingum frá Fiskifélaginu tvisvar á ári? Á þá að halda öllum þessum fjármunum fyrir þessum útgerðaraðilum, sem annars eru stuðnings þurfi, á þá að halda þessu fé allan þennan tíma? Ja, ef það er ekki meiningin að halda þessu fé, þá ætti það vitanlega að koma hér fram í þessari löggjöf, hvernig ætlað er að fara með þetta fé.

Mér sýnist því, að í þessum tilfellum öllum sé ekki um það að ræða, að það sé verið að taka 22% til við-

bótar við það, sem nú er tekið vegna löndunarkostnaðar erlendis og tollgreiðslu erlendis af aflanum, það er ekki verið að taka 22% af brúttósöluverðmætinu vegna stofnfjárgreiðslna, vegna afborgana og vaxta, það er verið að taka þessa upphæð af brúttósöluverðinu til þess að ná því marki að hafa af sjómönnunum, sem hér eiga hlut að máli, tiltekna fjárhæð, en það er bara gert undir þessu heiti. Það á að taka fjárhæðina frá, og aflaprósentan á síðan að reiknast af lægri upphæð, og það er gert undir þessu yfirskini, en meiningin er allt önnur; meiningin er sýnilega sú, eða hlýtur að vera sú, að fá að flytja þetta fé með einhverjum hætti úr Stofnfjársjóði yfir til eigendanna, og ég get varla ætlað annað, en að það verði gert svona nokkuð eftir hendinni, því það er varla meiningin að fara að halda þessu fé fyrir mönnum í langan tíma.

Ég hef nú rætt hér alveg sérstaklega um I. kafla þessa frv., og það er ekkert um það að efast, ég er algjörlega andvígur þessum kafla. Ég tel, að þennan kafla eigi að fella niður. Hér á að leita annarra ráða til stuðnings við útgerðarfyrirtæki heldur en þeirra, sem felast í þessum kafla. Og ég tek undir þau hörðu mótmæli, sem komið hafa frá sjómannasamtökunum gegn þessum kafla, þar sem þau hafa eindregið farið fram á það, að hann verði felldur úr frv. Og ég vara ríkisstj. við að reyna að halda ákvæðum þessa kafla til streitu, því það er ábyggilegt, að það mun ekki borga sig fyrir neinn.

Ég vildi þá víkja hér nokkrum orðum að II. kafla frv., en sá kafli fjallar um útflutningsgjald af sjávarafurðum. Ég hef sagt það hér nokkrum sinnum áður, að ég væri þeirrar skoðunar, að það ætti að fella þessi útflutningsgjöld niður svo til algjörlega. Ég er algjörlega andvígur því að hafa áfram það fyrirkomulag, sem gilt hefur með greiðslur á vátryggingaiðgjöldum fiskiskipa. Ég hef margsinnis lýst því hér í umræðum á Alþ. á undanförnum árum, að þetta fyrirkomulag er hið mesta vandræðafyrirkomulag og það hefur leitt af sér stórkostleg aukaútgjöld fyrir sjávarútveginn og það er í rauninni engin leið að mínum dómi að komast hjá því, ef þetta heldur áfram, að þetta verði vandræðafyrirkomulag, ef þetta á að grundvallast í aðalatriðum á því kerfi, sem stuðzt hefur verið við. Ég veitti því athygli, að aðalefnahagssérfræðingur ríkisstj., forstöðumaður Efnahagsstofnunarinnar, viðurkenndi þetta sjónarmið, sem ég hef hér verið talsmaður fyrir undanfarin ár, í umsögn um málið til fulltrúa stjórnmálaflokkanna, sem ræddust hér nokkuð við um efnahagsmálin nú á s. l. hausti. Í þessari umsögn sagði forstöðumaður Efnahagsstofnunarinnar um þetta mál m. a. það, sem hér greinir:

„Snemma varð ljóst, að greiðsla iðgjalda úr sameiginlegum sjóði stuðlaði að hækkun iðgjalda. Þar sem útgerðarmenn báru ekki áhættu af tjónum og kostnaður þeirra sjálfra hækkaði ekki með vaxandi tjóni, urðu bæði þeir og skipsstjórnarmenn hirðulausari varðandi tjón en áður og reyndu eftir fremsta megni að koma viðhaldskostnaði undir tjónabætur. Vátryggingarfélögin svöruðu þessu hins vegar með hækkun iðgjalda, sem þau þurftu ekki að hafa fyrir að innheimta. Eins og vænta mátti, hefur þessi þróun leitt til þess, að vátryggingarkostnaður fiskiskipa er miklu hærri hér á landi en tíðkast annars staðar og miklu hærri en ástæða virðist til að ætla að hann þyrfti að vera."

Þetta voru auðvitað ýmsir búnir að sjá í langan tíma og hafa hér varað við árlega nú í mörg ár, en ég vara við því fyrir mitt leyti enn, að það krull, sem menn eru nú að tala um að taka upp í þessum efnum, að það mun ekki lagfæra þessi mál nema að sáralitlu leyti. Ég er hæstv. sjútvmrh. algjörlega ósammála um það, að það sé æskilegt að viðhalda áfram því kerfi í vátryggingarmálum, að vátryggingarkostnaður fiskiskipa sé greiddur úr sameiginlegum sjóði. Þarna er ég á allt annarri skoðun en hann. Ég er á því að sjálfsögðu, að það sé hagstætt að byggja upp eitt stórt og öflugt vátryggingarfélag fyrir fiskiskipaflotann, og teldi, miðað við okkar aðstæður, að það væri eðlilegast, að það væri ríkisrekið félag. En ég held, að það sé alveg óhjákvæmilegt miðað við það skipulag, sem er ríkjandi hjá okkur í útgerðinni, þar sem það er í aðalatriðum einkarekstursfyrirkomulag, þá sé alveg óhjákvæmilegt að viðhalda þeirri grundvallarreglu í tryggingarmálum, að hver og einn verði að bera nokkra beina ábyrgð á því, hvernig hann stendur að sínum tryggingarmálum. Þeir, sem hirða vel um sín skip og gæta vel að þeim, þeir eiga gjarnan að njóta þess í lágum iðgjöldum. Hins vegar þarf vitanlega að koma tryggingarmálunum þannig fyrir, að skipin séu tryggð fyrir öllum meiri háttar tjónum, sem þau verða fyrir. En sú leið, að ætla að innheimta af allri útgerðinni í landinu með tilteknu útflutningsgjaldi ákveðið gjald, sem á að renna í einn sameiginlegan sjóð og úr honum eigi síðan að greiða vátryggingargjöldin fyrir hina ýmsu aðila, þetta fyrirkomulag held ég að leiði alltaf af sér umframkostnað, aukakostnað. Ég veit það hins vegar, að það er uppi vilji hjá ýmsum útgerðarmönnum að hafa þennan hátt á, m. a. vegna þess, að þeir telja, að á þennan hátt geti þeir komið helmingi af kostnaðinum við vátryggingu á skipunum yfir á skipverja sína. En það er eins og ég hef sagt hér áður, að það er nú ekki eingöngu kostur fyrir einn útgerðarmann að geta haft hlut skipverja sinna sem lægstan, því fer nú víðs fjarri.

Þetta gjald, sem lagt er á útgerðina í þennan sjóð, það er svo þar að auki mjög ósanngjarnlega á lagt og þeir, sem standa fyrir því að ákveða þær reglur, sem m. a. eru settar fram í þessu frv., þeir geta ekki rökstutt þetta á neinn frambærilegan hátt, af hverju þeir ætla ákveðnum framleiðslugreinum að borga meira gjald í þennan sjóð, þennan sameiginlega sjóð, en öðrum. Hvað rök skyldu t. d. vera fyrir því að ákveða það, að það skuli greiða hærra gjald í þennan sameiginlega vátryggingarsjóð af útfluttu síldarlýsi, sem hefur lækkað meira í verði en allar okkar afurðir, — að það skuli reikna á útflutt síldarlýsi hæstu prósentu, en miklu minna prósentu af ýmsum öðrum útfluttum afurðum okkar, sem ýmist hafa lækkað lítið eða ekki neitt í verði? Hvaða rök ætli séu fyrir þessu? Þar sem áfallið hefur orðið mest, erfiðleikarnir eru mestir, og þar sem til þurfa að koma alveg sérstakar ráðstafanir til stuðnings, þar þykir sjálfsagt að leggja á aukagjald umfram það, sem lagt er á aðra. Nei, þessi gjöld eru auðvitað mjög óréttlát, eins og lagt er til í þessu frv., mjög ósanngjörn, og ég get að vísu ekki séð annað en það, að þeir, sem hafa staðið að

því að semja þetta frv., að það hafi verið þeim efst í huga að reyna að ganga þannig frá málum, að t. d. síldarútgerð í landinu skuli alltaf skattleggjast — hvernig svo sem þar gengur — mun meira heldur en öll önnur útgerð í landinu. Ef sama skip gengur til síldveiða, þá á að taka 20% af því skipi í Stofnfjársjóð, en ef það aftur á móti gengur á þorskveiðar, þá á ekki að taka af því nema 10%. Sama er þetta með útflutningsgjaldið sjálft, að það á alltaf að borga mun hærra útflutningsgjald af síldarafurðum en öðrum afurðum. Þetta er auðvitað alveg út í bláinn, nema þá að menn hafi fengið ofnæmi fyrir síldarútgerð yfirleitt og vilji leggja hana niður.

Það er sannast mála, að þau gjöld, sem nú er farið að miða hér við af ýmsum síldarafurðum, þau eru orðin svo fráleit, að það er í rauninni alveg lygilegt, að mönnum skuli hafa dottið það til hugar að ætla að leggja slíkt á útflutningsafurðir. Á s. l. sumri var t. d. ákveðið, að verð á uppsaltaðri tunnu, sem fiskiskip kemur með að landi, væri 472 kr., 472 kr. fyrir uppsaltaða tunnu. Nú er ákveðið, að taka skuli af þessu verði — sem hingað til hefur komið til skipta — taka skuli af því 37% eða um 175 kr. af hverri uppsaltaðri tunnu skuli tekið frá og á ekki að koma til skipta til sjómanna. Auk þess á svo auðvitað að leggja hér áfram á 8% útflutningsgjald af útflutningsverði saltsíldarinnar og önnur útflutningsgjöld, sem þar bætast einnig við, til Aflatryggingasjóðs og til ýmissa annarra aðila, og þau gjöld verða á hverja útflutningstunnu talsvert mikið á þriðja hundrað krónur á tunnuna, af því að það er miðað við útflutningsverð hverrar saltsíldartunnu. Auðvitað er búið að stafla hér svo sérstökum gjöldum á þennan atvinnuveg, að það er ekkert sambærilegt við það, sem gert er í ýmsum öðrum greinum. Og þar sem svo stendur nú á t. d., að vissir landshlutar eiga hér meiri hlut að máli, þar sem menn sem sagt binda sig meira við þessa framleiðslu og þessa vinnu en aðra, þá virkar þetta þannig, að það er verið að flytja fé í stórum stíl frá þessum landshlutum til annarra landshluta, af því þetta er lagt í sameiginlegan sjóð og skipt þar upp eftir allt öðrum reglum. Svona fyrirkomulag á auðvitað ekki rétt á sér, og það ber að vinna að því að breyta þessu. Samræmi er ekki hægt að finna í þessu á neinn hátt.

Eitt dæmi skal ég nefna enn. Það hefur verið svo um langan tíma hjá okkur, að við höfum alltaf fengið nokkru hærra verð fyrir fiskimjöl en fyrir síldarmjöl, en þá er því auðvitað snúið þannig við í þessu frv., að fiskimjöl er skattlagt heldur minna heldur en síldarmjöl, — af því að verðið á síldarmjöli er heldur lægra, þá þykir rétt að taka af því heldur hærri útflutningsprósentu.

Ég hefði helzt kosið, að þessi II. kafli, sem fjallar um útflutningsgjald af sjávarafurðum, yrði líka felldur niður, en mér er það ljóst, að það er ekki hægt að fella þennan kafla niður nema að koma sér þá saman jafnframt um nýtt skipulag á þessi mál, en ég álít, að það sé kominn tími og meiri en svo til þess að vinna að því að taka þar upp nýtt fyrirkomulag.

Ég vildi þá víkja hér nokkrum orðum að III. kafla frv., sem fjallar um ráðstöfun á gengishagnaði. Samkv. 14. gr. frv. er gert ráð fyrir því, að greitt verði af gengishagnaði, sem myndast við það, að þær birgðir, sem til eru í landinu af sjávarafurðum og fluttar verða út eftir gengisbreytingu, verða auðvitað seldar fyrir fleiri krónur en áður, og er gert ráð fyrir því að verja nokkrum hluta af þessum gengishagnaði til nokkurra málefna, sem snerta sjávarútveginn. Ég tel fyrir mitt leyti, að það, sem fjallað er um í a-lið þessarar greinar, sé fullkomlega réttmætt og sjálfsagt, þ. e. a. s. að taka af þessum gengishagnaði nokkra fjárhæð til þess að standa beinlínis undir hækkun á flutningskostnaði á erlenda markaði, sem leiðir af gengislækkuninni. Þetta virðist auðvitað vera alveg sjálfsagt. En samkv. b-lið og c-lið og í rauninni einnig e-lið er þar fjallað um sérstakar greiðslur, sem ég tel, að ríkissjóður hafi verið búinn að taka að sér, hafi verið búinn að veita loforð um að greiða, og var búinn að fá tekjustofna til að standa undir. Ég álít því, að það hefði verið eðlilegt að standa við fyrri loforð ríkisins í þessum efnum og greiða þessar fjárhæðir af tekjum ríkisins, en ekki af gengishagnaði. Nú, en hér er ekki um ýkjaháa fjárhæð að ræða. Það er talað um 30 millj. kr. til Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins og um 40 millj. kr. til sérstakrar uppbótar á saltfisk og um 20 millj. kr. í aukarekstrarstyrk til togara á árinu 1968. En það er enginn vafi á því, a. m. k. með suma af þessum liðum, þá var ríkissjóður búinn að gefa loforð um það að taka á sig þessar greiðslur, og hann hafði einnig fengið tekjustofna til þess að gera það. Og þegar að flokkarnir ræddu saman um efnahagsmálin í september og októbermánuði, þá lýsti beinlínis fjmrh. yfir því, að miðað við það, að ríkið fengi tekjurnar af 20% innflutningsgjaldinu og þá aðra tekjustofna, sem ríkið hafði áður fengið, þá gæti ríkissjóður staðið við allar þessar skuldbindingar sínar. En nú hefur mönnum þótt þetta léttara að hlaupast frá þessu og láta sjávarútveginn í rauninni sjálfan taka á sig þessar greiðslur með þessum hætti.

Samkv. 16. gr. frv. þá er síðan gert ráð fyrir því að ráðstafa meginhlutanum af gengishagnaðinum eins og þar segir. Stærsti hlutinn á að ganga til þess að mæta gengistöpum, sem fram koma í sambandi við erlend lán við fiskiskipakaup. Ég er fyrir mitt leyti sammála því, að varið verði fjárhæð, eins og segir í þessari grein, í þessu skyni. Það tel ég mjög eðlilegt. Það er enginn vafi á því, að útvegsmenn hafa þarna orðið fyrir verulegu tjóni og mæta þarna allmiklum erfiðleikum vegna gengisbreytingarinnar og það er réttmætt að taka nokkuð af gengishagnaðinum og verja honum í þessu skyni. En svo koma í þessari 16. gr. liðirnir b og c, og þeir eru báðir af þessu tagi, sem ég minntist á áður. Þar er um að ræða að verja gengishagnaði til þess að standa við skuldbindingar, sem ríkissjóður hafði tekið á sig og sem fjmrh. hafði lýst yfir áður, að hann hefði fjármagn til þess að greiða, en nú allt svo hefur fjmrh. komið því svo haganlega fyrir, að hann skýtur sér undan því að borga úr ríkissjóði þessar upphæðir, en vill láta útvegsmenn sjálfa borga það með sínum eigin gengishagnaði. Þetta er auðvitað vel á haldið af hálfu fjmrh., séð beint frá hans kassa, en það er ekki að mínum dómi jafn vel á haldið af hæstv. sjútvmrh., sem hefur fyrir sína umbjóðendur að þessu leyti til verið plataður um þessa upphæð að mínum dómi, því að það er ekkert um að villast, að gefin höfðu verið loforð um það að greiða

þessar fjárhæðir og ríkið hafði fengið tekjustofna til þess að standa undir þessu, en fjmrh. fer áfram með þá tekjustofna, hirðir þá, hleypur frá að greiða þetta og lætur síðan útvegsmenn borga sér þetta sjálfa af gengishagnaði þeim, sem myndast af þeim birgðum, sem í landinu voru. Ég tel út af fyrir sig, að það sé ekki hægt að víkja sér undan því að greiða þessar upphæðir, því að það er sannað mál, að útvegsmönnum höfðu verið gefin fyrirheit í þessum efnum og þeir aðilar, sem þarna eiga hlut að máli, hafa orðið fyrir miklum áföllum og geta ábyggilega ekki staðið undir þessum greiðslum. En ég álít, að það hefði átt að koma þessu fyrir á annan hátt en gert er ráð fyrir í þessu frv. Þá verð ég einnig að segja það, að í c-lið hefur verið bætt við einu viðbótarákvæði varðandi síldarflutningaskip og ég get ekki séð annað, en þar sé gert ráð fyrir því að klípa beinlínis af þeirri fjárhæð, sem búið var að lofa öðrum aðilum, það eigi að klípa af þeirri fjárhæð til þess að mæta þeim vanda, sem þarna hefur komið fram hjá Síldarverksmiðjum ríkisins.

Þá hlýt ég einnig að benda á það, að við ráðstöfun á þessum gengishagnaði er gengið þannig frá þessum málum, að vissir þættir útgerðarframleiðslunnar njóta ekki svo til neins góðs af ráðstöfun á þessum gengishagnaði. Hinir smærri fiskibátar, sem vitanlega eiga sinn hlut af þeim afla, sem á land hefur verið lagður og nú liggur í birgðum og gengishagnaðurinn kemur til með að stafa frá, hinir minni bátar eiga ekki samkv. þessu að fá svo að segja neitt í sinn hlut af þessum gengishagnaði. Það er þá aðeins sú hlutdeild, sem þeir eiga í því, að vátryggingakerfi bátanna á að fá nokkuð aukið framlag, en að öðru leyti ekki. Ég hefði talið eðlilegt, að sú grein framleiðslunnar hefði hér fengið eitthvað af þessum gengishagnaði, sem hér er til ráðstöfunar.

Ég hef hér gert nokkrar almennar aths. við þetta frv. og skal nú ekki orðlengja þetta mikið meir við þessa umræðu. En ég tel þó, að það, sem skiptir hér mestu máli, sé það, að I. kafli frv., sem gerir ráð fyrir því, að breytt verði með lögum frá Alþ. kjarasamningum milli sjómanna og útgerðarmanna, sá kafli eigi ekki rétt á sér og það beri að leita eftir öðrum ráðum útgerðinni til stuðnings heldur en þeim, sem felast í þessum kafla. Þetta álít ég að sé alveg höfuðatriði. Hinar aths., sem ég hef minnzt hér á, eru á engan hátt í mínum augum eins mikilvægar, og ég held, að hæstv. ríkisstj. hefði átt að hugsa sig betur um en hún hefur gert, áður en hún knýr það í gegn að samþykkja þennan I. kafla frv., eins og hann er.

Jón Skaftason: Herra forseti. Á engum atvinnuvegi þjóðarinnar hafa áföll síðustu tveggja ára bitnað verr en á sjávarútveginum. Og engri launastétt þessa lands hefur tekjutapið bitnað jafnillilega á og einmitt á sjómannastéttinni þar sem sannanlegt er, að tekjutap hennar á 1—2 seinustu árunum mun nema um 100 þús. á hvern starfandi sjómann. Frv. því, sem hér er til umræðu, er ætlað að leysa vanda sjávarútvegsins og fjallar það um ráðstafanir í sjávarútvegi vegna breytts gengis íslenzku krónunnar. Ég mun ekki nú á þessari stundu við 1. umr. ganga í það að rekja efni sjálfs frv. Málið kemur fyrir hv. sjútvn., þar sem ég á sæti, og gefst mér þá tóm væntanlega við 2. umr. og í nál. að gera grein fyrir mínum skoðunum á þessu frv. í smærri atriðum. Hins vegar vil ég við þetta tækifæri lýsa því sem meginstefnu, að ég er andvígur þeirri stefnu í frv. að breyta gildandi hlutaskiptum sjómanna þeim mjög verulega í óhag með lagaboði eins og því, sem frv. hefur að geyma. Ég vil minna hv. þm. á það, að hlutaskipti þessi eru fengin með samningum sjómanna og útgerðarmanna á undanförnum árum og hafa þau kjör, sem sjómenn hafa í dag, lágmarkskjör, verið ákvörðuð á þann hátt. Ég vil halda áfram að ákveða þeirra kjör með frjálsu samkomulagi. Ákvæði I. kafla frv., um ákvörðun fiskverðs og Stofnfjársjóð, hljóta að mínu viti að leiða til þess, að sjómenn, við það fyrirkomulag, sem frv. gerir ráð fyrir að verði, muni krefjast enn þá hærri hlutdeildar í skiptaverðinu en þeir hafa samkv. gildandi samningum og þeir munu fá þeirri kröfu sinni framgengt eftir skamma eða langa baráttu, sem aðeins getur skaðað þjóðfélag okkar.

Ég tel, að með frv. þessu sé hlutur útgerðarinnar verulega bættur frá því sem er, og á því er þörf. En er það ekki bæði skammsýnt og í fyllsta máta óréttlátt að ætlast til þess, að sjómenn uni því, að þessar bætur fáist með því að ganga á þeirra samningsbundnu kjör? Íslenzkir sjómenn munu vera um 5000 talsins, og þessi stétt mun vera ein sú mikilvægasta í landinu, sem flest í okkar þjóðarbúskap byggir meira eða minna á. Ég tel það eðlilegt, að þessi stétt manna sé betur launuð almennt talað en flestar aðrar stéttir, sem starfa í landi, miðað við mikilvægi starfa þeirra og sérstöðu umfram þá, sem hafa vinnu í landi. Vandamál sjávarútvegsins verða ekki leyst að mínu viti, ef ekki á að virða þessa meginstaðreynd, þegar kjör sjómanna eru ákveðin. Þegar illa árar eins og nú og tekjur útgerðarinnar skerðast, verður þjóðfélagið að hlaupa undir bagga og tryggja þessari frumframleiðslustarfsemi viðunandi aðstöðu. Í stað þess að leysa vandamál sjávarútvegsins á kostnað sjómannanna, á ríkisvaldið að gera nú gangskör að því að létta ýmsum álögum af útgerðinni, bæði í formi beinna skatta og allt of dýrrar þjónustu á mörgum sviðum við útgerðina, en ég tel, að hvort tveggja sé gerlegt.

Útgerðarmenn og sjómenn eiga óskilið mál að því leyti, að báðum er mikið í mun, að fiskveiðar verði reknar hér af fullum krafti. Á því byggist afkoma þessara aðila beggja. Ég tel það affarasælast, að þeir njóti fulls samningsfrelsis um skiptingu aflaverðmætis hverju sinni án óeðlilegrar íhlutunar annars staðar frá, eins og ég tel, að gert sé með þessu frv. Þessir aðilar þekkja vandamálin bezt og eiga meira undir því en aðrir, að þau verði leyst á friðsamlegan hátt við samningaborðið. Heildarafstaða mín til frv. mun markast af þessari grundvallarskoðun, þegar það verður rætt í nefnd, og í nál., sem ég kem til með að leggja hér fram, mun ég víkja nokkuð nánar að þessum atriðum.

Sverrir Júlíusson: Herra forseti. Frv. það á þskj. 112, sem hér er til umræðu, um ráðstafanir í sjávarútvegi vegna breytingar gengis íslenzku krónunnar hefur verið rætt hér nokkuð í þessari hv. d. Eftir að hæstv. sjútvmrh. hafði lokið máli sínu, hafa tveir hv. þm. úr stjórnarandstöðunni, þeir hv. 4. þm. Austf. og hv. 2. þm.

Reykn., talað í málinu og lýst sig að vísu ekki alveg afdráttarlaust en þó á móti málinu, a.m.k. vissum þáttum.

Frv. það, sem hér er um að ræða, er fram komið vegna þess mikla vanda, sem gengið hefur yfir íslenzkt þjóðfélag og mæðir þá að vissu leyti mest á íslenzkum sjávarútvegi. Frv. er í þremur köflum, og er það í fyrsta lagi um sérstaka ákvörðun fiskverðs; í öðru lagi um Stofnfjársjóð og um útflutningsgjald af sjávarafurðum; í þriðja lagi um ráðstöfun gengishagnaðar. Við þm. höfum allir gert okkur fulla grein fyrir því, að það var mikill vandi, er blasti við Alþ., að leiða íslenzku þjóðina í gegnum þau miklu áföll, sem hún hefur orðið fyrir nú á undanförnum tveimur árum, má segja, sem orsökuðust fyrst og fremst af aflabresti og lækkandi verðlagi á íslenzkum afurðum. Þegar farið var að rannsaka hvaða leiðir kæmu til greina út úr þessum vanda, ræddu menn um þrjár leiðir. Í fyrsta lagi verðuppbótaleið, sem við þekkjum nú mjög frá undanförnum árum, því að oftast hefur verið gripið til hennar. Í öðru lagi var rætt um niðurfærsluleiðina og í þriðja lagi stöldruðu menn við gengisbreytinguna og var sú leið farin, þegar búið var að kanna hinar leiðirnar og það kom í ljós, að talið var, að þær væru óframkvæmanlegar eins og sakir stæðu, bæði niðurfellingarleiðin og uppbótaleiðin. Frv. þetta er þess vegna nauðsynlegt til þess að tryggja það, að atvinnurekstur til sjávarins geti haldið áfram og er virðingarverð tilraun til þess að hleypa nýju lífi í íslenzkan sjávarútveg og þar með efla atvinnulíf í landinu, því að ef íslenzkur sjávarútvegur getur ekki verið rekinn á svona viðunandi heilbrigðum grundvelli, bresta aðalstoðirnar undir atvinnurekstri þjóðarinnar.

Að ég tók til máls við þessa umræðu, var vegna ummæla hv. 4. þm. Austf. og þá í sambandi við það þegar hann rakti uppbótaleiðina, sem byrjaði ekki 1951, eins og hann sagði, bátagjaldeyriskerfið, heldur er það allt frá 1947, þegar Jóhann Þ. Jósefsson var sjútvmrh. og svo kallaður hrognagjaldeyrir var settur á stofn, þ.e.a.s. útvegsmenn fengu leyfi til að fá hluta af gjaldeyrinum og selja þær vörur, sem voru fluttar inn, sem voru háðar ákveðnum lista, og með ákveðnu álagi og fengu hagnað af því. En hvers vegna var þetta? Það var vegna þess, að skiptakjörin voru þannig og viðurkennt var af stjórnarvöldum þá þegar, að nauðsynlegt væri að hlaupa undir bagga í sambandi við þessi mál. Og eins og ég segi, það var 1947 frekar en 1948, sem þetta byrjaði og það voru einmitt þau málaferli, sem hv. þm. minntist á áðan að voru einmitt í sambandi við þetta kerfi. Það voru ekki mörg mál, sem farið var í í sambandi við þetta. Vestmanneyingar fóru í eitt mál í sambandi við það, en samkomulag varð að öðru leyti um þessa hluti.

Skiptakjörin hafa breytzt mjög verulega á þessum tíma, ef við lítum til baka um 20 ár, og þó að margir tali um helmingaskiptin sem svo mjög nauðsynleg og sjálfsögð og miða þó við allt annað heldur en er í dag, þá hefur það verið viðurkennt af löggjafanum í einu eða öðru formi, að það hefur þurft að hlaupa undir bagga með útgerðinni til þess einmitt, að þeir gætu greitt sínum hásetum og öðrum, sem þeir skipta við, umsamin laun og aðrar nauðsynjar til útvegsins.

Bátagjaldeyriskerfið byrjaði samkv. ráðuneytisbréfi 24. janúar 1951 og það sýndi sig, þegar frá leið, að það var alveg nauðsynlegt að semja um ákveðið skiptaverð. Það var 1954 fyrir forgöngu Alþýðusambandsins og Landssambandsins, sem þessir samningar voru teknir upp, þ.e.a.s. þá var annað skiptaverð, en útgerðarmenn fengu uppbætur í ýmsu formi, hvort sem það var í gegnum bátagjaldeyriskerfið eða síðar með útflutningsuppbótum, sem var endurtekið af vinstri stjórninni, en áður hafði þekkzt svo kallað ábyrgðarverð og var ekkert annað en uppbætur. Vegna þess að hv. þm. vildi telja, að þetta væri allt annað fyrirkomulag og kerfi, sem nú er verið að innleiða, heldur en var á þeim árum, sem hann fór með sjávarútvegsmál, þá vil ég aðeins segja nokkur orð um það.

Það er raunverulega frá mínu sjónarmiði séð nokkuð sama, hvort millifærsluleiðin er farin eða gengisbreyting. Það eru viss undirstöðuatriði, sem þurfa að vera fyrir hendi til þess, að útgerðin geti gengið. Það er staðreynd, að á árunum 1956—1959, þegar hv. þm. fór með sjávarútvegsmál, þá varð talsverður munur á skiptaverði og því, sem útgerðarmenn fengu, og bæði sú stjórn og aðrar stjórnir, sem hafa komið nærri þessum málum, hafa viðurkennt þetta. Þær hafa vitað, að það var nauðsynlegt að gera þetta, til þess að reksturinn gæti haldið áfram.

Ég vil aðeins vitna hér í skýrslu Landssambands íslenzkra útvegsmanna í árslok 1957 eða seinni hluta ársins 1957. Það á við verðið fyrir árið 1958. Þar segir í þessari skýrslu, með leyfi hæstv. forseta:

„Samningaumleitanir stóðu yfir þar til á aðfangadagsmorgun og lauk þá með samkomulagi, sem fulltrúar L.Í.Ú. töldu sér fært að mæla með við fulltrúaráðsfundinn. Aðalefni samkomulagsins varðandi áætlun L. Í. Ú. var í fyrsta lagi, að fiskverð til skipta skyldi hækka um 10 aura pr. kg, miðað við slægðan þorsk með haus og tilsvarandi fyrir aðrar tegundir, en útgjaldaaukningu fyrir útvegsmenn, 6 aura, fengu útgerðarmenn bætta í hækkuðu fiskverði frá kaupendum, úr kr. 1.15 pr. kg í 1.21.

2. Beituverð, sem átti að hækka um 20 aura pr. kg, skyldi vera óbreytt, þó þannig, að skráð verð skyldi vera 2.55 kr. pr. kg af pakkaðri síld, en fiskkaupendur skyldu greiða það niður um 20 aura. Hækkaðar voru tekjur útvegsmanna úr útflutningssjóði úr 32% og 16% í 35.3% og 17.65% eða um ca. 10%. Hins vegar fengust ekki upp borin þau 10% af brúttóafla, sem útvegsmenn höfðu gert kröfu til vegna áhættu og sem hefur sýnt sig, að full þörf er á, og þar að auki þurftu útgerðarmenn að taka á sig fullkomlega hækkun á tryggingu og vertíðinni skyldi skipt í tvö tryggingatímabil, þegar skipt er um veiðiaðferðir, ef sjómannafélögin gerðu kröfu um það."

Þarna er einmitt verið að skýra frá niðurstöðum og þetta staðfestist einnig í bréfi frá sjútvmrn. þann 30. desember 1957. Það voru 13 liðir í þessu bréfi um það, sem gengið var til móts við útveginn, en 14. liðurinn hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Fyrirheit þau, sem að framan eru gefin, eru bundin því skilyrði, að samkomulag takist milli Landssambands íslenzkra útvegsmanna eða félagsdeildar þess annars vegar og samtaka sjómanna hins vegar um eftirgreind atriði: a. Að skiptaverð, fiskverð til sjómanna, hækki úr kr. 1.38 pr. kg í 1.48 pr. kg miðað við

þorsk og hlutfallslega fyrir aðrar fisktegundir. b. *Lágmarkskauptrygging sjómanna frá 1. janúar til 15. maí* verði kr. 2530 í grunn á mánuði og gildi þessi kauptrygging á svæðinu frá og með Breiðafirði og austur að Djúpavogi nema samkomulag verði um annað. Ef skipt er yfir á net á vetrarvertíð, skal sjómannafélögum heimilað að telja, að nýtt tryggingatímabil hefjist."

Undir þetta skrifaði núv. hv. 4. þm. Austf. ásamt ráðuneytisstjóranum.

Ég dreg þetta ekki fram vegna þess, að ég sé að álasa þessum hv. þm. Síður en svo. Hann hefur bara, eins og bæði fyrirrennarar hans og þeir, sem tóku við á eftir, viðurkennt, að það þurfti að gera þarna breytingar á. Sama er það, sem núv. hæstv. ríkisstj. hefur gert og komið til móts við útveginn í ýmsum uppbótum, vegna þess að kerfið hafði skekkzt og það mjög verulega. Ég ætla ekkert að fara að tala um það, hverjum það er að kenna eða hvaða orsakir liggja til þess, að kerfið hefur skekkzt. En það er staðreynd. Og þarna, eins og þið heyrðuð, var skiptaverð til sjómanna 1.48 kr., en endanlega mun á þessu ári hafa komið til útgerðarinnar 1.71 kr. pr. kg. Hæstv. sjútvmrh. sagði, að á þessum árum og ég efast ekki um, að það sé rétt, að hann hefur heimildina frá öruggum aðila, að það hafi verið munur frá 14—24% á þessum árum, sem hann sérstaklega talaði um.

Ég vil draga þetta fram, vegna þess að það var alltaf talsverður vandi að koma þessum málum í viðunandi horf á þessu tímabili. Bæði árið fyrir og næsta ár eftir að vinstri stjórnin var við völd, þurfti að hafa þríþætta samninga. Það voru samningar við ríkisvaldið um, hvaða fríðindi útgerðin hefði til þess, að hún gæti rekið bátana, borgað laun og annað þess háttar. Í öðru lagi voru það fiskverðssamningar við sjómenn, og í þriðja lagi voru það svo kjarasamningarnir. Það er ekki alveg rétt túlkað að mínu áliti, þegar hv. þm. sagði það, að núv. hæstv. ríkisstj. hefði knúið útvegsmenn og sjómenn til þess að gera nýja samninga eftir 1961. Þetta er ekki alveg rétt. 1959 var leitað eftir því af samtökum útvegsmanna, að samningarnir væru endurskoðaðir með það fyrir augum, að sama verð væri til skipta eða það fiskverð sem tekjur sjómanna væru reiknaðar af, væri hið sama og útgerðin fengi greitt. Og þetta var gert, þó að það tæki vissulega hátt upp í 2 ár. Það var ekki fyrr en 1961, sem þessir samningar tókust, en þá bið ég ykkur hv. þm. að gera ykkur fulla grein fyrir, að þá er *einmitt samið um þann grundvöll, sem þá var fyrir* hendi.

Til þess að gera þessar umræður ekki allt of langar, þá ætla ég aðeins að benda á, að af 824 bátum, sem komu með þennan afla að landi á árinu 1961, er meðalverðmæti hvers báts 2 millj. 570 þús. kr. En í árslok 1968, í ár, eru það 750 bátar og meðalverðmæti hvers báts er 5 millj. og 700 þús. kr. Þarna sjáið þið, að það er nokkuð á annað hundrað prósent, sem meðalverð bátanna hefur vaxið á þessu tímabili, fyrir utan svo margt annað, sem hefur breytzt. Ég vil draga fram þessa köldu staðreynd til að gera það skiljanlegt, að það er þörf á því að endurskoðun eigi sér stað í sambandi við að reikna laun sjómanna, því að vissulega eru hlutaskiptin ekki annað en aðferð til þess að finna kaupgreiðslu til sjómanna.

Og svo er það, að einmitt í gegnum auknar bætur í einu eða öðru formi, þá hefur myndin vissulega skekkzt. Það frv., sem hér liggur fyrir, á að leysa af hólmi það kerfi — ef við getum kallað það svo — það kerfi, sem hefur verið í sambandi við uppbótagreiðslurnar og er gert ráð fyrir því, að þegar er búið að ákveða fiskverð, verði fiskkaupendum og síldarkaupendum, ef við viljum skilja þá í sundur, verði þeim gert að greiða ákveðna prósentu í svo kallaðan Stofnfjársjóð, sem er vissulega ekkert annað en hluti af útgjöldum útgerðarinnar, þ. e. a. s. afborganir og vextir. Og því til viðbótar er einnig gert ráð fyrir, að ákveðin prósenta verði einnig greidd af fiskkaupendum, sem á að ganga beint til útgerðarmanna til þess að standa undir þeim kostnaði, sem af gengisbreytingunni leiðir. Ég vil segja það, að ég tel, að í frv. þessu sé farið alveg í lágkantinn á því, hver þessi prósenta er. Ég hef hér fyrir framan mig skýrslu, sem sýnir, að þessi aukni kostnaður miðað við ákveðið aflamagn á árinu 1969 muni vera frá 17.9% og upp í 29.4%. Það virðist því vera algerlega um lágkantinn að ræða, þar sem gert er ráð fyrir í þessu frv., að þetta séu 17%, en hitt er svo annar kostnaður, sem af þessu leiðir.

Það er vissulega rétt, sem hv. þm. sagði, að tekjur útgerðarinnar og sjómanna hafa lækkað verulega og vitnar hann í ræðu formanns Landssambandsins í sambandi við það. Ég vil aðeins segja það til skýringar, að kauptryggingin, þótt hún sé vissulega ekki mikil laun og ekki fyrir þá, sem eru langt frá heimilum sínum — það skal viðurkennt — langan tíma á árinu og verða að greiða sitt fæði, þá er hún ekki há í sumum tilfellum, því að það fer nokkuð eftir því, hvað menn hafa háan hundraðshluta af aflanum. Hjá vélstjórum er það hálf önnur trygging, en hjá skipstjórum er það 1⅓ trygging. En þess vegna er það, að þegar er talað um 3 millj. kr. tekjumissi hjá sjómönnum, þá held ég, að það dæmi sé ekki alveg rétt einmitt vegna þess, að hjá mörgum bátum hafi verið um kauptryggingu að ræða en ekki hlut, svo að raunverulega skekkir það dæmið. En þessu til viðbótar verð ég að segja það, að vegna þeirrar nýbreytni, sem við höfð var nú í sumar, að síld var söltuð úti á sjó, þá höfðu sjómenn tekjur af söltuninni og þá bættist það við þeirra hlut, því að í þeim upplýsingum, *sem var vitnað í, var eingöngu átt við síld upp úr sjó*, en söltunarlaunin komu til viðbótar.

Hv. þm. virðist nú ekki að mínu viti vera óánægður með ýmislegt í frv., þó að hann teldi, að suma kafla frv. ætti að fella og m.a. minntist hann á vátryggingariðgjöldin og útflutningsgjaldið. Í sambandi við það vil ég segja það, að þetta er raunverulega mjög svo svipuð aðferð og var viðhöfð í sambandi við greiðslu vátryggingariðgjalda einmitt á þeim tíma, þegar Útflutningssjóður starfaði. Þá var iðgjaldið greitt af sjóðnum, og það var að sjálfsögðu háð eftirliti, en núna er það með útflutningsgjaldi. Ég get alveg tekið undir það, að þetta kerfi geti boðið ýmsum göllum heim, en ég vil bara segja það, að hitt kerfið gat það einnig alveg á sama hátt eins og útflutningsgjaldið.

Ég vildi aðeins með því að koma hér upp árétta það, að þetta er ekki eins mikil breyting eins og menn hafa viljað vera láta, og ég vil undirstrika það, að þrátt fyrir það, þótt það yrði lögfest, að tekið yrði í Stofnfjársjóð og ákveðinn hluti yrði færður til útgerðarinnar til

greiðslu á auknum kostnaði vegna gengisbreytingarinnar, þá er sami áhugi hjá útvegsmönnum og sjómönnum að fá hækkað fiskverð. Það vitum við, sem höfum fylgzt með þessum málum, að ráðgert er, að fiskverð hækki og renni til beggja aðila, og er það nákvæmlega sama aðferðin, sem viðhöfð var, þegar þessi hv. þm. var sjútvmrh. Þá var greitt úr Útflutningssjóði beint til framleiðslunnar eða fríðindi til hennar, sem ekki komu til skipta, en í þessu tilfelli á að taka það aftur af útflutningnum, en hlutur sjómanna ætti ekki að vera mun lægri eða lakari. Að sjálfsögðu fer það eftir aflabrögðum, því það eru aflabrögðin, sem ráða algerlega um afkomu útgerðarinnar og þegar sagt er, að þetta sé árás á sjómenn og til að lækka þeirra hlut, þá vil ég segja það að síðustu, að það eru fyrst og fremst aflabrögðin, sem ráða þessu, og ég vil alveg staðhæfa, að það eru hagsmunir sjómannà alveg eins og útvegsmanna, að fleyturnar geti verið reknar á skaplegan hátt.

Matthías Bjarnason: Herra forseti. Mig langar að benda hv. sjútvn. á, sem fær þetta frv. til meðferðar hér að lokinni þessari umræðu, að í II. kafla frv. um útflutningsgjald af sjávarafurðum hefur verið gerð nokkur breyting á tegundum á milli flokka, en það er ein framleiðsla, sem hefur verið færð úr 1. flokki, magnflokknum, í 3. flokkinn, en það er fryst rækja. Ég vildi beina því til nefndarinnar, að hún verði við þeirri ósk að flytja frysta rækju aftur í 1. flokkinn, í a-flokkinn, þar sem hún hefur verið. Ég sé ekki ástæðu til að taka þessar afurðir út úr og færa á milli flokka. Hins vegar auðvitað verður að hækka útflutnngsgjaldið frá því, sem nú er, eins og gert er ráð fyrir í sambandi við magnflokka.

Þá er hér í 16. gr., e-liður, með leyfi hæstv. forseta:

„Afgangur gengishagnaðarsjóðs rennur til Fiskveiðasjóðs til veitingar stofnlána til bolfiskvinnslu, eftir reglum, sem sjútvmrn. setur."

Mér þætti vænt um, ef hæstv. ráðh. gæti gefið upplýsingar um það, hvort sem það væri nú við þessa umræðu eða 2. umr. málsins — það skiptir ekki neinu höfuðmáli — hvernig þær reglur hafi verið í sambandi við úthlutunina á lánum til frystihúsanna samkv. lögum frá 1967 um ráðstafanir vegna sjávarútvegsins, hvernig þær reglur hafi verið og hvort það sé ætlun hans, að það verði farið þá eftir svipuðum reglum nú eða hvort hann er með aðrar hugmyndir um úthlutun á þessum peningum til bolfiskvinnslunnar? Það er kannske erfitt að svara því núna hér við þessa umræðu, en ég vildi mjög mælast til þess við hæstv. ráðh., að hann svaraði þessari fsp. við 2. umr. frv. hér í hv. þd.

Hv. 4. þm. Austf. gaf nú tilefni til þess að svara mörgu, en ég ætla ekki að lengja umræðuna hér um málið, því að ég tel, að það þurfi að fara til nefndar, en mér fannst, að hv. þm. færi svona heldur á kostum í sinni ræðu og það er auðvitað ánægjulegt til þess að vita, hve mikla umhyggju hann ber fyrir sjómönnum og sannarlega eiga þm. að gera það, en þá þurfa þeir líka að bera sams konar umhyggju fyrir þessari stétt, þegar þeir eru í stjórnaraðstöðu og ég efast ekkert um það, að þessi hv. þm. hefur gert það. En það hefur verið með nokkuð öðrum hætti. Hann hefur orðið að grípa til svipaðra ráðstafana og hér er ætlazt til að gerðar séu. Hv. 10. landsk. þm. hefur svarað þessu að verulegu leyti. Ég vil aðeins minna á það, að á árunum 1952—1956 var um 15% munur á fiskverði að viðbættum gjaldeyrisfríðindum til útgerðarmanna og á skiptaverði til sjómanna. Hið raunverulega verð til útgerðarmanna var þá kr. 1.20 á 1. flokks fisk, en til sjómanna var það 1.05 kr. 1957 var fiskverð til útvegsmanna kr. 1.15 auk verðbóta til þeirra, sem námu þá 47½ eyri á kr. Er þannig samtals greitt til útvegsmanna 1.62 kr., en skiptaverðið til sjómanna var á sama tíma 1.38 kr. Munurinn var þá 21%. Árið 1958 var þessi munur 20%. Á árinu 1959 var hann 24% og á árinu 1960 varð breyting á hlutaskiptum og fullt fiskverð var greitt til beggja og það var því ekki um að ræða neinn verðmun á því ári. Á árinu 1961 breytast kjarasamningar sjómanna og ég hygg, að síðan hafi sjómenn haft í raun og veru hærri hlutdeild úr brúttóafla heldur en áður og það hefur verið fram á þennan dag.

Hitt er alveg rétt, sem hv. þm. sagði, að það hefur auðvitað engin stétt misst jafnmikið af sínum tekjum og sjómenn hafa misst, vegna þess að afli hefur minnkað verulega nú á síðustu tveimur árum og þá alveg sérstaklega hjá síldveiðisjómönnum. En það breytir ekki þeirri staðreynd, að ástandið var orðið þannig hjá útgerðinni og fiskvinnslunni í landinu, að það varð að gera róttækar ráðstafanir til þess, að útflutningsatvinnuvegirnir stöðvuðust ekki með öllu. Með þessum ráðstöfunum, sem þegar hafa verið gerðar með gengisbreytingunni og þessum hliðarráðstöfunum, sem hér liggja nú fyrir til umræðu, þá er reiknað með því, að útgerðin geti gengið áfallalaust miðað við það, að meðalafli sé. Auðvitað verður hvorki hægt að skapa útgerð eða öðrum atvinnugreinum neinn grundvöll, ef engar eru tekjurnar og afli bregzt að verulegu eða öllu leyti. Ég er anzi hræddur um það, að ef sjómenn hefðu nú fengið að njóta þessara áhrifa gengisbreytingarinnar að öllu leyti, að aðrar stéttir í þjóðfélaginu hefðu engan veginn sætt sig við það og þá auðvitað hefði þessi gengisbreyting og þessar ráðstafanir á skömmum tíma að engu orðið.

Þegar hv. 4. þm. Austf. var í ríkisstj., gerði hann marga góða hluti fyrir sjávarútveginn. Við eigum ekki neitt að gleyma því. En hann tók þá á sig slíka ábyrgð, að hann varð auðvitað að gera þar upp á milli, sem hann taldi þá réttast og sannast og ég er alveg sannfærður um það, að hvað sem hann segir, er hann alveg sama sinnis í dag í hjarta sínu — og ef hann hefði verið lítill drengur, þá hugsa ég, að sagt hefði verið við hann eftir ræðuna, að það væri svartur blettur á tungunni á honum. En það má víst ekki segja við fullorðna menn og sízt af öllu hv. þm. og fyrrv. ráðh.

Við vitum það, að þau miklu áföll, sem þjóðin hefur orðið fyrir í útflutningsverzlun sinni, að útflutningsverðmætið hefur fallið úr yfir 6 milljörðum og það er núna á 3. milljarð minna að verðmæti, þetta hlýtur að koma út yfir alla þjóðina og þá auðvitað sjómenn sem aðra. Við verðum fyrst og fremst að gera nú harðar ráðstafanir til þess að halda uppi atvinnu í landinu, halda gangandi útflutningsatvinnuvegunum og ég hygg, að það sé miklu meira virði bæði fyrir sjómenn og verkamenn og alla launþega í þessu landi að halda uppi atvinnu, þó að lífskjörin versni, því að ekkert er verra

við að glíma heldur en atvinnuleysi. Og það er víst nógu erfitt að sjá til þess, að vinna verði fyrir alla og ég hygg, að flestir sjómenn hugsi á þann veg, að þeir verði fyrst og fremst að hafa vinnu og það sé hætta að starfrækja atvinnufyrirtækin og það er það, sem mest veltur nú á, hvað sem stjórnmálaskoðunum manna líður.

Ég vil aðeins víkja að einu atriði í ræðu hv. þm. og það var það, sem hann sagði um útflutningsgjald af sjávarafurðum. Hann sagði, að útflutningsgjöldin rynnu til vafasamrar starfsemi, og hann lýsti því síðar yfir í ræðu sinni, að hann vildi algerlega hverfa frá og fella niður útflutningsgjaldið. Ég vil líka í þessu sambandi minna hv. þm. á það, að þegar hann réði þessum málum, voru vátryggingaiðgjöld fiskiskipa greidd á svipaðan hátt og nú og þá komu einnig framlög í Fiskveiðasjóð og Hlutatryggingarsjóð og aðrar greiðslur sambærilegar við greiðslur af útflutningsgjaldi eins og það er nú. Og ég hygg, að það sé enginn ágreiningur um það innan útvegsins, að útflutningsgjaldið eigi að taka með þessum hætti og standa undir þeim greiðslum, sem það gerir ráð fyrir, en eins og hv. þm. vita, er nú gert ráð fyrir því, að 80% af því fari til greiðslu á vátryggingariðgjöldum fiskiskipa og 12.7% til Fiskveiðasjóðs og í aðra starfsemi fari svo um 7.3%. Hitt er alveg rétt, sem hv. þm. benti á, að það þarf að lagfæra þessi mál og greiðslu vátryggingariðgjaldanna og það er ekki hægt sífellt að stefna að því í þessum málum, að iðgjaldaprósentan hækki vegna þess, hvað tjónareynslan er bágborin á íslenzkum fiskiskipum, heldur verður auðvitað að fara í ríkari mæli að taka tjónafrádrátt upp og hverfa frá þessum sífelldu hækkunum, sem verið hafa á undanförnum árum á vátryggingariðgjöldum. Þar er ég honum alveg sammála, en ég mundi telja það þungt áfall fyrir útveginn, ef það ætti að hverfa algerlega frá þessari stefnu og trúi því ekki, að þessi hv. þm. meini það, því að hann sagði, að það ætti að leysa þetta eftir öðrum leiðum, en hann kom ekki með neina skýringu á því, eftir hvaða leiðum ætti að leysa það. Vátryggingar eru samhjálp og það er eðlilegt, að úr sameiginlegum sjóði útvegsins sé greitt til vátrygginganna að vissu marki. Það er ekki samhjálp að öllu leyti. Það er auðvitað alger samhjálp hvað snertir algjört tjón, en það á að vera takmörkuð samhjálp hvað snertir hlutatjónin og þar vil ég segja, að skoðanir okkar fara að verulegu leyti saman.

Eins og ég tók fram í upphafi, ætla ég ekki að ræða neitt ítarlega þetta frv. hér við þessa umræðu, en vil aðeins árétta það, sem ég sagði í byrjun, að ég vonast til, að hv. sjútvn. taki þessa ábendingu mína til athugunar og afgreiðslu.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Það verður ekki dregið í efa af mér, að sjávarútvegur sé nú í miklum vanda og að það hafi verið brýn og aðkallandi nauðsyn að reyna að gefa honum blóð með fjármálalegum ráðstöfunum honum til aðstoðar, og um þetta eru sennilega allir sammála. Ég býst við, að hæstv. ríkisstj. kunni að segja sem svo: Ja, ef við hefðum ekki gert þetta, komið sjávarútveginum til aðstoðar, þá er full hætta á því, að hann hefði stöðvazt, og það hefði bitnað ekki aðeins á sjómannastéttinni heldur einnig á verkalýð landsins í minnkandi atvinnu. Allt þetta kann að vera rétt. En ég bendi hins vegar á það, að með þessu frv. er bjargráðið við sjávarútveginn einungis hugsað á kostnað einnar stéttar, undirstöðustéttar þjóðfélagsins, sjómanna. Og það álít ég, að sé ekki réttlátt, eins og sakir standa, þegar sjómannastéttin hefur orðið fyrir jafnmiklum tekjumissi, sem hún hefur orðið fyrir að undanförnu, af þeim tveimur höfuðástæðum, sem flestir ræðumenn hafa hér minnzt á: minnkandi afla og lækkuðu fiskverði. Þennan vanda sjávarútvegsins ber auðvitað að leysa á þann veg, að byrðarnar af því leggist á þjóðina alla, sízt af öllu á sjómannastéttina eina. En þó er annað mál, sem ég tel enn þá betur sýna það, að hér ekki rétt að farið til þess að leysa þessi miklu vandamál sjávarútvegsins, og það er aðferðin við lausnina. Ég er í grundvallaratriðum andstæðingur þess, að kjaramál vinnustéttanna séu leyst af löggjafanum með lagaboðum og af ríkisvaldinu. Það eru til aðrar og sjálfsagðar leiðir í þeim efnum, og það eru samningaleiðir við viðkomandi stéttir. Ég verð því miður að harma það, að sú leið hefur ekki verið farin. Mér er ekki kunnugt um það, að hæstv. ríkisstj. hafi á undanförnum vikum eða mánuðum staðið í samningum við sjómannastéttina eða samtök hennar til þess að reyna að finna lausn á þessum vanda og reyna að komast að samkomulagi um, hvaða byrðar sjómannastéttin og samtök hennar vildu af fúsum vilja taka á sínar herðar til þess að eiga þátt í lausn vandans. Slík vinnubrögð hefði ég þó eiginlega talið alveg sjálfsögð. Fyrst, þegar allar slíkar leiðir hefðu strandað, hefði verið kannske forsvaranlegt að reyna lagaboðsleiðina.

Það fer ekkert á milli mála, að verði þetta frv. að lögum, verður þar með um að ræða gífurlega röskun og skerðingu á kjörum hlutasjómannanna. Hlutaskiptin eru til orðin í frjálsum samningum á hverjum tíma milli útgerðarmanna og sjómannastéttarinnar og samtaka þeirra í fylkingarbrjósti. Það er þess vegna ekki nema eðlilegt, að sjómannastéttin uni því ekki, að þessu hefðbundna kerfi í þjóðfélaginu sé raskað og farið, án þess að reyna samningaleiðir, inn á lagaboðsleið í skiptum milli sjómanna og útgerðarmannanna. Það hefði að mínu áliti, ég endurtek það, átt að leggja allt kapp á það að leysa þessi vandamál gagnvart sjómannastéttinni eftir samningaleiðum.

En nú gera menn sér í röðum ríkisstj. og stuðningsmanna hennar sjálfsagt vonir um það, að það hafi tekizt að koma í veg fyrir stöðvun sjávarútvegsins, sem hefði getað orðið af fjármagnsástæðum, ef ekki hefði verið reynt að leysa málið og með því verði komið í veg fyrir stöðvun sjávarútvegsins. Ég vildi óska, að svo yrði, en ég óttast sannast að segja, þó að þetta frv. verði að lögum, að sjávarútvegurinn kunni að stöðvast. Ég óttast það. Það gæti vel farið svo, ef sjómannastéttin mæti það þannig, að með slíkri löggjöf væri þrengt svo að lífskjörum þeirrar stéttar, að sjómenn fengjust ekki á flotann. Og erum við nokkuð bættari með, að sjávarútvegurinn stöðvist að þeim ástæðum, heldur en vegna fjármagnsskorts útgerðarmannanna? Nei, ég held, að það komi fyrir eitt og væri þá verra að fá stöðvun af þeim sökum, að við fengjum ekki sjómenn til þess að stunda þessa grundvallaratvinnu fyrir þjóðfélagið. Ég harma því mjög, að ekki skuli hafa verið reyndar allar leiðir til þess að ná samningum við sjómannastéttina og

sjómannasamtökin til þess að leysa þessi vandamál. Það er vissulega ekki skynsamlegt að fara inn á lagaboðsleiðina, þegar nú blasir við, að á eftir verður að fara samningaleiðina, því að þá er vissulega búið að setja eitur í bikarinn, sem ekki var hyggilegt að setja í hann. Það er búið að spilla andrúmsloftinu og minnka þannig möguleika á því, að skynsamlegir, öfgalausir samningar náist við sjómannasamtökin, eftir að búið væri að setja slíka löggjöf sem þessa.

Það hefur oft verið ráðgáta hér á landi, hvernig á því standi, að fiskverð sé hér lægra heldur en í okkar nágrannalöndum. Margoft hefur verið gerður samanburður á fiskverði hér og í Noregi, og fleiri lönd hafa verið tekin til samanburðar og okkar fiskverð hefur þar ekki staðizt neinn samjöfnuð, verið miklu lægra. Mér finnst þetta frv. bregða upp eiginlega ágætlega skýrri mynd af því, hvernig í þessu liggur, sýni þarna furðuljóslega, hvar hundurinn sé grafinn. Það er búið að kroppa svo mikið utan af þeirri arðgjöf, sem sjávaraflinn veitir íslenzku þjóðinni, að það eru ekki nema roð og uggar eftir handa sjálfri framleiðslustéttinni. Og hér sjáum við nú, hvernig þetta er gert.

Nú á að taka fyrst 10% af óskiptum afla og þar með er 1/10 af aflaverðmætinu lagður í stofnlánasjóð útvegsmannanna, það lagt á sjómannastéttina að þessum hluta að standa undir endurnýjun skipastólsins, sem þeir eiga þó ekkert í og er réttmæt eign annarra. Næst eru svo tekin 17% af óskiptu aflaverðmæti og sú upphæð er einnig afhent útgerðarmönnunum. Útflutningsgjaldið af nýjum eða ísvörðum fiski er svo 7% og þá er búið að taka þarna af óskiptum afla 34%. En það er ekki allt búið enn. Enn fremur eru svo tekin gjöld af óskiptu aflaverðmæti, 1.25% til Aflatryggingasjóðs, 0.15% til Ferskfiskeftirlitsins, 0.2 eða 0.3% til síldarleitarskips og þá erum við komin þarna upp í nærri 36% af óskiptum afla, 35.93%, og við þetta breytast hlutaskipti sjómanna þeim í óhag úr 31%, sem þeir áttu að hafa á hinum venjulegu fiskibátum okkar, niður í 20.02%.

Þetta dæmi á við um okkar venjulegustu gerðir og stærðir af fiskibátum. Þegar til síldveiðanna kemur, er myndin sízt aðgengilegri, þegar litið er á málið frá sjómönnunum. Fyrst eru þá tekin 22% af óskiptu og lögð í Stofnfjársjóðinn, þá eru 17% tekin upp í útgerðarkostnað, og ef seld er síld í erlendri höfn, eru tekin 13—14% í viðbót af óskiptu, ef um síld er að ræða í bræðslu, en þetta fer upp í 20%, ef síld er seld í salt. Og svo koma öll hin smágjöldin, sem ég taldi í fyrra dæminu, einnig og er þá í þessu tilfelli komið svo, að af óskiptum afla er tekinn rúmlega helmingurinn, 55%, jafnvel 60%, upp í ýmiss konar gjöld, sem að vísu eru ekki öll óskyld sjávarútveginum, en tekin af óskiptum afla og aflahlutur sjómannsins þannig skertur stórkostlega, ég vil segja svo stórkostlega, að þess eru engin fordæmi í sögunni áður.

Þetta mál vakti auðvitað óskipta athygli verkalýðssamtakanna strax, þegar frv. var lagt fram og var þá tekið til umræðu þar, bæði í miðstjórn Alþýðusambandsins og í forystuliði sjómannasamtakanna. Alþýðusambandið kaus strax nefnd manna til þess að ganga á fund hæstv. forsrh. og bera fram þá ósk við hann — þá kröfu, getum við sagt— að afgreiðslu frv. væri frestað í sölum Alþ. á meðan eðlilegt tóm gæfist til viðræðna við sjómannasamtökin um málið til þess að freista, þótt seint væri, allt of seint, freista að ná samkomulagi um lausn málsins á annan veg heldur en í frv. fælist. Við fengum þau svör greiðlega hjá hæstv. forsrh., að afgreiðslu frv. yrði ekki frestað, en hins vegar yrði enginn óeðlilegur hraði hafður á afgreiðslu þess og nokkurt svigrúm mundi því gefast, óvíst að þyrfti nokkuð til frestunar að koma, áður heldur en málið yrði rætt við sjómannasamtökin. Þetta mun hafa verið föstudaginn 6. desember, sem við bárum þessa kröfu fram við ríkisstj. og þá var málið komið til nefndar í hv. Ed., og þar var málið fram yfir þá helgi fram á þriðjudag eða svo, að ég hygg; málið beið að því leyti og það játa ég, að það hefur ekki verið hafður á því neinn óeðlilegur hraði. En þeirri kröfu okkar var synjað, að það væri kyrrt hér í meðferð Alþingis, meðan viðræður færu fram við forystu sjómannasamtakanna. Sjómannasamtökin brugðu hart við og kvöddu saman ráðstefnu til þess að ræða einmitt þetta mál og viðhorf samtakanna til þess; það var gert fyrra sunnudag.

Niðurstaða sjómannaráðstefnunnar var á þá lund, að sjómenn tóku algerlega sem grundvallarafstöðu þá ákvörðun að mótmæla mjög ákveðið og harðlega, að kjörum sjómanna yrði ráðstafað með löggjöf og það er þessi grundvallarafstaða sjómannasamtakanna, sem ég er algerlega samþykkur. Það er þessi afstaða, sem veldur því, að sjómannasamtökin hafa ekki óskað eftir því, að það væri farið að krukka neitt í þetta frv. með brtt. við það, og áskildu sér fyrst og fremst þá aðstöðu að geta haft frjálsa samninga og málið kæmi þess vegna til meðferðar við samningaborð hið fyrsta.

Nú mun þess hafa verið farið á leit við samtök útgerðarmanna, að þau losuðu góðfúslega samninga sjómannanna, sem annars hefðu verið bundnir út árið 1969 eða fram til þeirra áramóta, og því verið vel tekið, en þó ekki verið gefið eindregið jákvætt svar um það, hvort hægt væri að koma því við á vegum sjómannasamtakanna að losa samningana. En það get ég fúslega viðurkennt, að því hefur verið mætt, þessu sjónarmiði sjómannasamtakanna um, að málið verði að vera á frjálsum samningagrundvelli undir eins og þessi löggjöf hefur verið samþykkt, því að meiri hl. sjútvn. í Ed. hefur borið fram þá brtt. við frv., að kjarasamningum milli útvegsmanna og sjómanna, sem samkv. ákvæðum þeirra hafi verið ætlað að gilda til ársloka 1969, sé heimilt að segja upp án fyrirvara eftir gildistöku þessara laga. Þarna er orðið við þeirri kröfu sjómannasamtakanna að eiga frjálsa samningsaðild um sjómannakjörin, þó ekki fyrr heldur en þetta frv. er orðið að lögum. Það harma ég, að það skyldi ekki heldur hafa verið farin, eins og ég er margbúinn að segja í þessari ræðu minni, sú sjálfsagða leið að þrautreyna samningaleiðina við sjómenn, þó að samningarnir væru bundnir, áður heldur en frv. var lagt fram um þetta efni, sem ekki getur gert annað heldur en stofna til ófriðar um þessi mál og draga úr möguleikum þess, að málin verði leyst — jafnviðkvæm og þau eru — með sanngirni við samningaborð.

Það er mikil bót í máli, að þessi till. skuli vera komin fram, og ég tel víst, að sú breyting verði á lögunum, að þegar þau hafa verið afgreidd á Alþ., þá falla samningar úr gildi fyrirvaralaust og upp hefjast samningar

milli sjómanna og útgerðarmanna, þeirra eðlilegu aðila, sem áttu að leysa þetta mál og sem ég treysti engum betur til að leysa við frjálst samningaborð. Þetta þýðir því, að ég sé ekki, hvaða tilgang afgreiðsla frv. hefur. ég sé ekki annað heldur en lögfesting frv. spilli aðeins samningamöguleikum og geti ekki bætt þá og hefði því haldið, að við ættum ekki að þurfa að bíða eftir því, að samningunum verði öllum sagt upp fyrirvaralaust nú um áramótin og þá hæfust samningar um hækkun á skiptaprósentunni, sem í raun og veru er gjörbreytt með því, sem tekið er af óskiptum afla og hlutur sjómanna þannig skertur og samningunum rift. Ég er alveg viss um það, að sjómenn hefðu teygt sig nokkuð til samkomulags, ekki beðizt undan að bera neinar byrðar í sambandi við lausn þessa máls. Ég er alveg viss um það, að þeir hefðu teygt sig nokkuð til samkomulags og tekið á sig verulegar byrðar, allar þær byrðar, sem með nokkurri sanngirni er hægt að leggja á þá, eftir að þeir hafa orðið fyrir slíku tekjuafhroði, sem þeir hafa orðið fyrir á undanförnum árum. Ég sé ekki annað, heldur en það sé full hætta á alvarlegum ófriði á vinnumarkaði að þessu frv. samþykktu og það verða frjálsir samningar um það; inn á það er búið að ganga og það verður áreiðanlega virt, en það kemur bara allt of seint. Á því átti að byrja. Ef frv. yrði nú samþykkt eins og það liggur fyrir og samningar síðan rifta niðurstöðum þess og breyta skiptakjörum á ný rétt á eftir, þá hefur sannarlega orðið skammgóður vermir af þessari ráðstöfun, og ég sé í raun og veru ekki annað, en það sé augljóst öllum mönnum, að þetta svarar engum tilgangi.

Ég skal svo ekki teygja umræður um þetta mál núna við 1. umr. annað en láta það í ljós, að ég harma það, að samningaleiðir skyldu ekki vera reyndar, tel það óvit hið mesta að ráða þessum málum til lykta með löggjöf í trássi við sjómannastéttina, því að í raun og veru er allt öryggi á íslenzkum vinnumarkaði sett í voða með þessum aðferðum. Það er enginn neinu bættari við það, að sjávarútvegurinn stöðvist vegna þess, að svo sé kreppt að kjörum sjómanna, að þeir fáist ekki á skipin og það valdi stöðvun, heldur en þótt sjávarútvegurinn hefði stöðvazt af fjármagnsskorti. Ég sé engan mun á því og ekkert betra hið síðara heldur en hið fyrra nema síður sé. Ég hef sem sé til þessa máls nákvæmlega þá sömu afstöðu og sjómannasamtökin, að prinsipielt eigi ekki að grípa til lausnar á kjaramálum vinnustéttanna með lagaboði fyrr en þá eftir að allar samningaleiðir hafa verið reyndar án árangurs. Það verður að vera síðasta úrræðið eins og það er hjá hinum vinnandi stéttum, síðasta úrræðið að beita verkfalli, ef ekki takast frjálsir samningar. Frjáls samningaleið er eina farsæla leiðin til þess að leysa ágreiningsmál atvinnurekenda og vinnustéttanna. Ég lýsi því fullri andstöðu minni við þetta frv. og tel, að mjög óhönduglega hafi til tekizt með því að reyna að leysa þetta mikla fjárhagslega vandamál sjávarútvegsins með því að ætla sjómönnum einum að bera byrðarnar af þeirri aðgerð.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð, af því að við erum komnir í tímaþröng. Það var til þess að leiðrétta nokkuð þann misskilning, sem mér sýnist, að hér sé á ferðinni hjá þeim, sem reyna að gera hér samanburð á því, sem nú er verið að gera varðandi kjaramál sjómanna og því, sem gert hefur verið í þeim málum á undanförnum árum áður. Það mun hafa verið hv. 10. landsk. þm., formaður Landssambands íslenzkra útvegsmanna, sem talaði talsvert um það hér í sinni ræðu, að hann teldi, að sá mismunur, sem fram hafi komið hér áður fyrr í fiskverði til sjómanna og fiskverði til útgerðarinnar, sanni það, að hér sé í rauninni verið að taka upp sams konar fyrirbæri aftur. En það er alveg furðulegt, að menn skuli halda sér í svona óákveðið atriði eins og þetta. Auðvitað hlýtur þessi hv. þm. eins og allir aðrir að vita það, að einnig á þessu ári, áður en þetta frv. verður gert að lögum, sem hér er til umræðu, hefur auðvitað átt sér stað mismunandi verð til útgerðarinnar og til sjómanna í gegnum alls konar fríðindi, sem útgerðin hefur notið. Það á því ekkert skylt við það mál, sem við erum hér um að ræða. Við vitum, að á þessu ári fékk útgerðin 124 millj. kr. greiddar sérstaklega til þess að standa undir afborgunum og vöxtum af skipunum. Þetta var alveg aukagreiðsla til útgerðarinnar, aukin fríðindi. Á þessu sama ári átti fiskvinnslan í landinu að fá nokkuð yfir 200 millj. kr. í sérstakar uppbætur frá ríkinu. Þetta voru vitanlega líka fríðindi. Þessir aðilar fengu þarna meira í sinn hlut heldur en gert var ráð fyrir beint út úr hinum almennu skiptakjörum. Þannig hefur þetta verið flest árin og í miklu fleiri tilfellum en þessu, sem ég var að nefna. Þetta sannar út af fyrir sig ekki neitt. Hitt er kjarni málsins, að á árunum frá 1951, eins og ég sagði, fram til ársins 1960 var það sem sjómannasamtökin í landinu brugðust þannig við mismunandi verði, að þau sömdu um það í sínum kjarasamningum við útvegsmenn, að þeirra aflahlutur skyldi miðaður við tiltekið skiptaverð. Þetta voru beinir kjarasamningar á milli þessara aðila. Vinstri stjórnin gerði ekkert í þessum efnum, sem raskaði þessum samningum nema að því leyti til, sem hún beitti sér fyrir því, þegar útvegsmenn voru að fá fríðindi, að þeir féllust á það, að skiptaverðið yrði hækkað. Af því vitanlega mótmæltu sjómannasamtökin aldrei neinu, sem gert var á þessum tíma, af því að það vitanlega snerti þá ekki neitt. Og sjómannasamtökin mótmæltu því heldur ekki á þessu ári, þegar ríkissjóður féllst á það að láta útgerðina hafa 124 millj. kr. til þess að standa undir afborgunum og vöxtum. Hér er vitanlega um alveg gersamlega óskylda greiðslu að ræða, sem ekki gekk neitt út yfir þeirra hlut. En í þessu frv. er verið að gera ráð fyrir því, að það á að láta sjómenn standa undir tilteknum kostnaði við útgerðina, sem þeir hafa haft kjarasamninga um, að þeir ættu ekki að greiða. Hér er því um að ræða löggjöf, sem stefnir að því að rifta gerðum kjarasamningum. Af því koma mótmælin og það er í því, sem nýjungin liggur.

Ég skal svo ekki lengja þetta frekar, en aðeins benda á það, að það verður ekki hægt að komast fram hjá því og af þessum ástæðum hafa viðbrögð sjómannastéttarinnar verið þau, sem raun ber vitni um, að í þessu tilfelli er um það að ræða að rífa upp gerða samninga og setja lagaákvæði, sem verða sjómönnum í óhag, en áður var ekki um neitt slíkt að ræða.

Félmrh. (Eggert G. Þorsteinsson): Herra forseti. Ég skal ekki lengja að óþörfu þessar umræður. Þær hafa svona að langmestu leyti verið málefnalegar og ekkert

yfir þeim að kvarta á einn eða annan hátt. Flest hefur verið endurtekið hér af hv. stjórnarandstæðingum, sem sagt var í hv. Ed., sem hafði málið fyrr til meðferðar.

Það eru þó hér tvö atriði, sem ég vildi aðeins minnast á og svara um leið fsp., sem hv. 4. þm. Vestf. beindi til mín. Hann spurði: Hverjar voru þær reglur, sem ráðh. setti um úthlutun fjár til bolfiskvinnslunnar á s. l. vetri samkv. heimild, sem þá var í lögum? Ég man, eins og hann gerði nú reyndar ráð fyrir, ekki nákvæmlega þessar einstöku reglur, en sú meginstefna var viðhöfð við þessa reglugerðarsamningu alla að hafa samband og samráð við hlutaðeigandi aðila, sem greiðslunnar áttu að njóta, og ég hygg, að svo hafi einnig verið gert við samningu þessara reglna. En ég skal gera ráðstafanir til þess, að þær geti legið fyrir við síðari umræðu málsins, eins og hann fór reyndar fram á.

Hv. þm. Lúðvík Jósefsson gat nú ekki neitað sér um þá ánægju að víkja örfáum orðum að mér persónulega í þessum umræðum og reyndist nú sá eini, sem sá sig knúðan til þess. En áður en ég vík að því atriði, sem hann lagði mikinn þunga á í sinni ræðu varðandi viðskipti okkar, mín og hæstv. fjmrh., þá vildi ég enn endurtaka það, sem ég sagði í minni framsöguræðu, að það stendur óhaggað, að það var og hefur um áraraðir verið stór mismunur — mismunandi mikill — á því skiptaverði, sem sjómenn hafa fengið greitt, og því, sem til útgerðarmanna hefur runnið af fiskverðinu. Það stendur óhaggað, eins og ég sagði í upphafi, enda hafði ég góðar upplýsingar um það, að munurinn er frá 15% og upp í 24% á mismunandi tímabili. Þetta er staðreynd, sem hv. þm. kemst ekki hjá að viðurkenna, enda í það vitnað af þeim, sem enn kunnugri eru þessum málum af eigin raun heldur en ég er, og ég hygg a. m. k. eins kunnugir eins og hv. þm., þannig að þetta liggur fyrir staðfest.

Það, sem hv. þm. Lúðvík Jósefsson lagði mikla áherzlu á, var það, að ég hefði látið fjmrh. hlunnfara mig í sambandi við þær tekjur, sem gert er ráð fyrir í a-, b- og c-lið 17. gr. frv., — að því hefði verið yfirlýst af fjmrh. í umræðum við stjórnmálaflokkana á þessu hausti, að hann ætti nægjanlegt fé til þess að standa straum af þeim útgjöldum, sem ríkissjóður hefði beint og óbeint boðið upp á. Ég greip tækifærið strax að þessum atriðum sögðum í ræðu hans og talaði við fjmrh. um þetta. Hann sagðist þveröfugt hafa tvítekið fram á þessum samningafundum, að eftir væri að afla fjár til þessara hluta allra. Ég verð nú að gefa þá frómu yfirlýsingu, að ég treysti yfirlýsingu hæstv. fjmrh. betur og bið með hliðsjón af reynslunni eftir frekari sönnunum af hendi hv. þm. um þetta efni. Þetta eru þungar sakir, sem hv. þm. hefur í frammi og honum er nauðsynlegt að finna þeim stað. Ég harma það hins vegar mjög, að viðræður á óbókuðum fundum séu dregnar inn í jafnalvarlegar umræður og þetta mál er hér.

Um málið almennt vildi ég segja þetta: Að sjálfsögðu er þetta frv. engin heilög kýr, sem ekki má hreyfa til, ef menn hafa aðrar till. uppi. Ég lýsti því yfir í umræðum í hv. Ed., að allar till. í þá átt að leysa þennan vanda með einhverjum öðrum hætti, yrðu vel þegnar. Þær hafa þrátt fyrir mjög rólega meðferð málsins þar ekki komið fram. Ég lýsi enn eftir þessum till., því að þrátt fyrir langa ræðu, t. d. hv. 4. þm. Austf., örlaði hvergi á neinni lausn. Það var bara síendurtekin krafan um, að málið yrði leyst með einhverjum öðrum hætti. Slíkar kröfur eru gerðar út í loftið og leysa ekki slíkan vanda, sem hér er um að ræða. Hv. þm. benti á tvö atriði, sem áttu að leysa allan vandann að því er mér skildist. Í fyrsta lagi að lækka vexti, í öðru lagi helzt að afnema með öllu útflutningsgjöldin — ég hygg nú, að það þyrfti að finna einhverja tekjustofna á móti því og veit ég þó, að þm. er ekki reiðubúinn til að leggja niður þá gjaldstofna, sem þar er um að ræða — og svo enn fremur lækkun á olíuverði. Ég hef ekki fyrir mér neinar tölur, enda nefndi hann það ekki, hvað hann legði til í hinum einstöku liðum, en ég þori að fullyrða hér á staðnum, að jafnvel þótt hann afnæmi þessa útgjaldaliði með öllu, gæfi olíuna til útgerðarinnar og legði niður útflutningsgjaldstofninn og lækkaði vexti um eitthvert smáræði, þá kæmist hann ekki hálfa leið í að leysa þennan vanda. Þetta veit þm., enda er gripið til þess arna sem hálmstrás, þegar menn skortir till. til lausnar þeim vanda, sem við er að etja.

Það er meginefni þessara umræðna allra, eins og í hv. Ed., að menn viðurkenna vandann, sem við er að etja. Það segja allir: Við skulum fúslega viðurkenna, að hér er við mikið og stórt vandamál að etja, sem með einhverjum hætti verður að leysa. En það verður bara að leysa það með einhverjum öðrum hætti. — Ég lýsi eftir till. um það.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til sjútvn. með 28 shlj. atkv.

Á 38. fundi í Nd., 19. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 161, n. 194 og 209).

Sverrir Júlíusson: Herra forseti. Frsm. og form. sjútvn. Nd. er veikur og bað hann mig nú rétt fyrir hádegi að mæla fyrir meirihlutaáliti sjútvn., sem ég vil gera með nokkrum orðum.

Ég tel ekki ástæðu til þess að fara mjög ítarlega út í frv. það, sem fyrir liggur á þskj. 112, þar sem þetta var rætt mikið við 1. umr., og ekki nema að sérstakt tilefni gefist til við umræðurnar á eftir.

Sjútvn. Nd. hafði mál þetta til athugunar og gat ekki orðið sammála. Meiri hl. mælir með því, að frv. verði samþykkt eins og það liggur fyrir eftir þær breytingar, sem gerðar voru á frv. í hv. Ed. 4 nm. skrifa undir nál., en hv. þm. Pétur Sigurðsson með fyrirvara, og mun hann gera grein fyrir sínum fyrirvara hér á eftir.

Frv. það, sem hér liggur fyrir, ber vott um, að í þeim efnahagsörðugleikum, sem þjóðin á við að stríða, var valin sú leið að gera tilraun til að rétta hlut útflutningsatvinnuveganna með því að breyta gengi íslenzku krónunnar. Það voru vissulega athugaðar aðrar leiðir, bæði niðurfellingarleiðin og svo útflutningsuppbætur, en þessi leið var farin, að breyta gengi íslenzku krónunnar, og þær ráðstafanir, sem þetta frv. felur í sér, eru taldar nauðsynlegar til þess að tryggja það, að árangur af gengisbreytingunni verði það mikill, að það örvi atvinnulífið og komi útflutningsframleiðslunni að þeim notum, sem gert er ráð fyrir með gengisbreytingunni — ég vil segja útflutningsframleiðslunni – en að mínum dómi er það ekki eingöngu gert fyrir útflutningsframleiðsluna, heldur er þetta gert fyrir alla þjóðina, því að

það er staðreynd, að ef útflutningsatvinnuvegirnir eru ekki starfandi, þá líður öll íslenzka þjóðin. Ég held, að því miður hafi íslenzka þjóðin oft og iðulega ekki gert sér fulla grein fyrir þessum staðreyndum, en mér hefur virzt nú á seinni tímum, að augu margra hafi opnazt fyrir því, að samhengið milli velmegunar í íslenzku þjóðfélagi sé einmitt háð útflutningsatvinnuvegunum og að þeir geti gengið skaplega. — Það væri í þessu sambandi ekki úr vegi að benda hv. þm. á grein í síðustu Fjármálatíðindum, sem að mínum dómi túlkar mjög þetta mál og sýnir, hversu mikilvægur sjávarútvegurinn er íslenzku þjóðfélagi og hversu mikið veltur á því, að það gangi vel hjá honum og sú uppbygging, sem hefur átt sér stað í íslenzku þjóðfélagi, hefur fyrst og fremst átt sér stað vegna þess, að sjávarútveginum hefur vegnað vel á vissum tímabilum, en ég skal ekki fara lengra út í þetta.

Frv. það, sem hér liggur fyrir, er í 3 köflum. Í fyrsta lagi er gert ráð fyrir því, að fiskverð verði ákveðið frá 15. nóvember og þar sem útflutningsatvinnuvegirnir eiga að fá greiðslu fyrir útflutningsafurðirnar miðað við nýja gengið frá þeim tíma, þá er einnig gert ráð fyrir því í þessum kafla, að viss hluti, sem er áætlaður 17% til viðbótar við fiskverðið, verði greiddur til útgerðarinnar til að standa straum af auknum kostnaði, sem leiðir af gengisbreytingunni. Það hefur komið fram við 1. umr. þessa máls, að þessi kostnaðarauki vegna gengisbreytingarinnar er fyllilega þetta og í sumum tilfellum er hann mun meiri. Þá er einnig gert ráð fyrir því, að haldið verði áfram með svo kallaðan Stofnfjársjóð, sem lagður var grunnurinn að í fyrra með framlagi úr ríkissjóði. Nú er gert ráð fyrir því, að það verði bætt ofan á fiskverðið 10% og 20% eftir mismunandi veiðiaðferðum, sem lagt verður á Stofnfjársjóð og það komi ekki til skipta frekar en þessi 17%.

Það er mjög auðvelt að telja mönnum trú um, sem ekki hafa fylgzt alveg með þessum málum, að þarna sé verið að skerða hlut sjómannanna í krónum, en ef við lítum á dæmið eins og það er, þegar útflutningsafurðirnar hækka um 54%, er þarna um að ræða hækkun vegna áhrifa, sem leiða af gengisbreytingunni og eru til þess að leysa af hólmi þær niðurgreiðslur, sem hafa átt sér stað á undanförnum misserum.

Það má vissulega um það deila, hvort þarna sé rétt að farið. Ég fyrir mitt leyti tel, eins og allt horfir nú, að þá sé vissulega eðlilegt, að þessi leið sé farin, því að ef sú gengisbreyting hefði verið gerð, sem hefði þurft til þess, að vonir stæðu til að meðalútgerð bæri sig ef allt kæmi til skipta, hefði gengisbreytingin orðið að vera 98—124% eftir hinum mismunandi starfsgreinum sjávarútvegsins, eða m. ö. o. eitthvað yfir 100% til þess að það stæðu vonir til þess, að meðalútgerð stæði undir sér. Það sjá allir heilvita menn, að þetta hefði valdið svo mikilli röskun í þjóðfélaginu, að ég býst við, að enginn þm. hefði viljað leggja það til. Þá hefðum við fengið þá mestu verðbólguöldu, sem við hefðum nokkurn tíma séð framan í, því að við skiljum það allir, að aðrar stéttir þjóðfélagsins hefðu ekki sætt sig við að fá aðeins verðlagsvísitöluna greidda, eða eitthvað nálægt því, ef þannig hefði verið. Þess vegna verðum við að gera okkur fulla grein fyrir því, að þessar ráðstafanir í sambandi við stofnfjársjóðinn og í sambandi við greiðsluna til útgerðarmanna beint, sem leiðir af gengisbreytingunni, eru tvíþættar, annars vegar er það til þess, að hægt sé að greiða af skipunum svo að þau geti haldið áfram og hins vegar til þess að vega upp á móti því framlagi, sem ríkissjóður lét í stofnfjársjóðinn í fyrra og einnig öðrum greiðslum. En það skulum við einnig hafa í huga, að það er gert ráð fyrir því í frv., að nýtt verð gildi frá 15. nóvember, þó það liggi ekki fyrir enn þá, sem ekki er von, þar sem ekki er búið að ganga endanlega frá þessu frv., en almennt er talið, að fiskverð hækki nokkuð meira en sú hækkun, sem verður á kaupi til verkamanna og annarra launþega miðað við 1. desember n.k.

Ég vildi benda á þetta alveg sérstaklega vegna þess, að ég geri ráð fyrir, að þetta sé það, sem menn hafa hnotið aðallega um og það sé raunverulega auðveldast að fá menn til að trúa, að hér sé um verulega kjaraskerðingu að ræða, en það segi ég, að bæði fyrir sjómenn og aðra landsmenn er það fyrsta hagsmunamál þeirra, að útvegurinn geti haldið áfram og ef þessar eða svipaðar ráðstafanir hefðu ekki verið gerðar eða verða ekki gerðar núna, mundum við áreiðanlega standa frammi fyrir miklum vanda, bæði í atvinnumálum og á öðrum sviðum.

Í hv. Ed. kom inn í frv. grein, sem fellir úr gildi þá kjarasamninga, sem í gildi voru við Sjómannasambandið fyrst og fremst. Það verður að segja það, að ég, sem úti í hinum ytri heimi stend í ístaðinu fyrir útvegsmenn og atvinnurekendur, ætti að vera á móti þessu ákvæði, að samningum væri riftað með lögum, en þrátt fyrir, að það sé í þessu tilfelli gert, mun ég fylgja frv., þótt þetta ákvæði sé komið inn, og ég vil segja það, að vissulega er það matsatriði, þegar um jafnmiklar breytingar er að ræða, eins og hér á sér stað, hvort þá þurfi ekki að stokka málin upp og ræða þetta saman. Því til viðbótar vil ég segja það, að það var ekki nema aðeins hluti af sjómannasamningunum, sem var í gildi, því að Farmannasambandið hafði einmitt sagt samningunum upp og á nokkrum stöðum úti á landi, bæði á Vestfjörðum og Austfjörðum, voru ákvæði um það, að ef gengisbreyting yrði, þá væri hægt að segja þeim upp. En fyrir 4—6 árum féll þetta ákvæði niður úr samningum milli Sjómannasambandsins og félaganna innan Landssambandsins. Vissulega kom fram beiðni frá Sjómannasambandinu um það, að þetta yrði endurskoðað hjá þessum samningsaðilum, að þeir gætu sagt þessu upp þó að uppsagnartíminn væri liðinn. Þessu var tekið með sæmilegri velvild, en þar voru þeir annmarkar á að svara því fljótlega, að þetta þurfti að fara fyrir allar deildir, sem áttu hlut að máli, og þar sem sjómannasamtökin höfðu lagt áherzlu á, að samningar væru uppsegjanlegir, breytti hv. Ed. frv. í þessa átt. Þótt við höfum vissulega misjafna reynslu af samningaþófi og hvað það tekur langan tíma o. þ. h., tel ég, eins og hér stóð á, hafi þetta verið nauðsynlegt og sjálfsagt að gera þetta.

Um það, hvort það greiði fyrir samningum, skal ég ekkert um segja, en ég hef fulla trú á því, að það muni gera það, þegar sjómannafélög þessi, sem ekki höfðu sagt upp — en það hefðu þau þurft að gera fyrir 1. nóvember — þau sitja við sama borð og önnur verkalýðsfélög í landinu, held ég, að það hljóti einmitt að

verða til þess, að þessir aðilar geti talað saman af fullum skilningi eins og þeir hafa yfirleitt gert, þó að misjöfnum augum líti hver á silfrið, ef svo mætti segja, og það er ekki nema eðlilegt í lýðfrjálsu þjóðfélagi, að sjónarmiðin séu misjöfn, en þá vona ég, að einmitt þessi ótvíræða afstaða sjómannasamtakanna verði einmitt til þess, að það takist giftusamlega um samninga nú í byrjun þessarar vertíðar.

Um II. kafla frv. er það að segja, að hann er aðallega um útflutningsgjöldin. Vissulega eru nokkrar breytingar þar á, þær eru í sumum tilfellum meiri heldur en svarar hækkuninni vegna gengisbreytingarinnar, en á öðrum liðum, eins og t. d. saltsíld og síldarolíum og þess háttar, er lækkun frá því, sem ákveðið var á síðasta þingi. En það, sem er fyrst og fremst höfuðsjónarmiðið með þessu, er það að fá nokkuð há útflutningsgjöld til hinnar ýmsu starfsemi fyrir sjávarútveginn og þá er það að 4/5 hlutum eða 80%, sem renna til Tryggingasjóðs og sem allir vita að starfar í þágu sjávarútvegsins, þó að um það megi vissulega deila, hvort reglurnar séu nákvæmlega réttar í sambandi við það. Ég ætla ekki að fara langt út í það mál, en fyrir forgöngu sjútvmrh. tók nefnd til starfa á s. l. vori til að endurskoða þessi mál, og vænti ég þess, að ef farið verður eftir hennar till., bæði þeim, sem hún er þegar búin að senda frá sér um breytingu á iðgjöldum og áhættu, svo og breytingu um björgunarlaun og aðstoð þess vegna, standi vonir til þess, ef við fáum meðalárferði, að Tryggingasjóðurinn fái tekjur á móti gjöldum áður en langt um líður. Hv. Alþ. mun fá að fjalla um sum þessara mála, a. m. k. björgunarlaunin, þegar komið verður saman eftir jólafríið og getur það einmitt að mínum dómi verið nokkuð mikið atriði um það, hvort Tryggingasjóðurinn stendur undir sér eða ekki, því að björgunarlaunin hafa verið þó nokkuð snar þáttur í greiðslum hinna ýmsu vátryggingarfélaga.

Svo er það um lánasjóði sjávarútvegsins, að nokkrir aðrir fá greiðslu af útflutningsgjaldinu, t. d. Fiskveiðasjóðurinn. Ég má segja það, að gegnum árin hafa tillögin, sem í gegnum útflutningsgjaldið hafa í hann komið, lækkað hlutfallslega. Það var stefnt inn á þetta 1964, en í gegnum ýmsar aðrar ráðstafanir á undanförnum þingum hefur bæði verið gerð tilraun til að tryggja honum, að greiðslur, sem honum bera, komi til hans, skili sér, og er Stofnfjársjóðurinn einmitt stór þáttur í því sambandi. Einnig hefur verið gerð tilraun til þess að tryggja hans starfsemi með ýmsum ráðstöfunum, eins og á s. l. hausti með gengisbreytingunni, sem þá var gerð. — Ég held, að það sé ekki ástæða til þess að fara nánar út í þetta.

III. kaflinn er svo um ráðstöfun gengishagnaðarins, og ég geng þess ekki dulinn, að það geta verið mjög margar tillögur uppi um það, hvernig eigi að ráðstafa gengishagnaðinum, en það, sem er staðreynd í raun og veru í sambandi við þetta, er það, að gengishagnaðurinn er gerður upptækur hjá þeim aðilum, sem eru með þær vörur, sem óútfluttar eru, eins og hefur verið gert allar götur aftur til 1939 við hverja gengisbreytingu, sem gerð hefur verið. Ég veit það, að það eru mjög skiptar skoðanir um þetta, en það, sem er meginþátturinn í sambandi við þetta, eftir að búið er að taka nokkrar fjárhæðir samkv. 15. gr., sem eru sjálfsagðar og að mestu vegna aukningar á tilkostnaði við þá framleiðslu, sem liggur í landinu svo og nokkurra annarra áfalla, að þá er gengishagnaðinum skipt samkvæmt 17. gr., eins og þar stendur, í fimm höfuðflokka. Það má segja, að það geta vissulega verið skiptar skoðanir um það, hvernig eigi að ráðstafa þessu og eitt er staðreynd, að þótt gengishagnaðurinn hefði verið tvöfaldur við það, sem hann er af þeim vörum, sem lágu í landinu þegar gengisbreytingin var gerð, að þá hefðu áreiðanlega komið nógu margar tillögur um það að skipta því, og vissulega verður að segja það eins og það er, að það hefði verið full þörf á því að verða við óskum þeirra aðila til þess að tryggja atvinnureksturinn í landinu.

En það, sem er meginþátturinn í sambandi við gengisbreytinguna, er það, að létta undir með þeim, sem harðast verða úti í sambandi við gengisbreytinguna og þá er a-liðurinn, sem er þar stærstur, til þess að létta byrðar á þeim, sem eru með erlendar skuldir vegna íslenzkra fiskiskipa svo og síldarflutningaskipa, en um þetta atriði voru vissulega miklar deilur í báðum deildum Alþ. á s. l. ári, hvort þessa leið bæri ekki einmitt að fara, sem nú er ráðgerð, en það var þá í lánsformi viss hluti til síldveiðiskipanna, sem skulduðu erlendis, en eins og á stendur þá tel ég, að þessi skipting sé sæmilega sanngjörn. Það er einnig gert ráð fyrir því, að viss hluti renni í vátryggingasjóðinn, svo og til greiðslu vegna síldveiðibátanna í sumar og síldarverksmiðjanna, sem undirbjuggu sig undir að taka síld af norðausturmiðum í sumar. Afgangurinn á síðan að renna til Fiskveiðasjóðs til lánveitinga til fiskvinnslustöðva, hvort sem það eru frystihús eða aðrar bolfiskverkunarstöðvar, til þess að létta undir þeim byrðum, sem á þeim hvíla.

Eins og ég sagði, hafa vissulega margar fleiri tillögur komið fram í sambandi við þetta, en frá mínu sjónarhorni séð — og ég vona, að ég tali fyrir hönd þess meiri hl., sem ég er hér að mæla fyrir með þessu frv. — hafi það verið, eins og á stóð, sanngjarnasta leiðin, sem hægt var að velja. Ég sagði í upphafi, að einn nm., sem skrifaði undir álitið, hv. þm. Pétur Sigurðsson, hann mun gera grein fyrir sínum fyrirvara, sem kom ekki alveg fram í nefndinni, en hv. þd. fær að heyra hans fyrirvara, áður en langt um líður.

Það dylst engum, að við þá stórfelldu gengisbreytingu, sem gerð var 12. nóvember, þá hlýtur að verða skerðing á lífskjörum þjóðarinnar, svo framarlega sem allir aðilar fá ekki bætt upp í auknu kaupi. Það veit ég, að við gerum okkur allir grein fyrir, að eins og sakir standa, þegar útflutningur landsmanna hefur þessi síðustu tvö ár lækkað eins stórkostlega og hann hefur gert, þ. e. a. s., að á þessu ári verður útflutningurinn eitthvað um það bil rösklega 50% af því, sem hann var 1966, að þá hljótum við að verða að axla byrðarnar og sníða okkur stakk eftir vexti. Það hefur aldrei verið farið dult með það í málsskjölum hv. ríkisstj. eða þingmeirihl., að þær ráðstafanir, sem hér er stílað upp á, hljóta að skerða lífskjörin. En ég fullyrði það, að svo framarlega að lífskjaraskerðingin verði ekki varanleg, að ef við sættum okkur við það í meginþáttum eftir því, sem að aðstæður eru og það, sem er fyrst og fremst takmarkið með þessu frv., er það að tryggja atvinnu í landinu, að tryggja atvinnu handa öllum, og við vinnum áreiðan-

lega þjóðhollasta verkið með því að stuðla að því, enda er það mín einlæga sannfæring, að ef við um stund sættum okkur við það, sem nú er nauðsynlegt í sambandi við þá lífskjaraskerðingu, sem af gengisbreytingunni leiðir, þá jafnar þetta sig mjög fljótt og lífskjörin geta batnað á ný.

Ég ætla ekki að fara lengra út í þetta. Því miður var hv. þm. Birgir Finnsson ekki viðstaddur til þess að mæla fyrir frv., eins og hann hafði gert ráð fyrir, en ég vona, að þetta nægi í bili a. m. k. til þess að umræður hefjist, og ég mun þá síðar skýra málið frekar, ef ég sé ástæðu til þess við þessa umræðu. Ég vil, herra forseti, ljúka máli mínu og legg til, að að lokinni þessari umræðu verði málinu vísað til 3. umr.

Frsm. minni hl. (Björn Pálsson): Herra forseti. Nál. okkar er ekki komið. Það skiptir ekki svo miklu máli, því menn nenna misjafnt að lesa þessi nál. Ég ætla ekki að halda langa ræðu og enga æsingaræðu. Satt að segja verð ég að viðurkenna það, að þetta frv. er að mörgu leyti betur samið og skynsamlegar en mörg frv., sem ríkisstj. hefur lagt fram, og á það sennilega mestan þátt í því, að sá hagfræðingurinn, sem hefur einna mest kynnzt fólkinu og lífsbaráttu þess úti á landsbyggðinni, hefur átt mestan þátt í að semja þetta. Þar fyrir erum við *engan veginn að öllu leyti ánægðir með frv., enda ekki* við því að búast að sé hægt að semja svona yfirgripsmikið frv. þannig, að ekkert megi að því finna. Hitt er svo annað mál, að við vorum yfirleitt í stjórnarandstöðunni á móti gengislækkuninni, en þessar ráðstafanir þarf eðlilega að gera, eða eitthvað svipað, einhverjar ráðstafanir þarf að gera, úr því að gengið var lækkað. En það eru nokkur atriði, sem við erum ekki ánægðir með, þess vegna sjáum við ekki ástæðu til að greiða atkv. með frv. og leggjum til, að því verði vísað frá í bili. Við gerum ekki ráð fyrir, að það verði samþykkt.

Fyrsti kafli frv. fjallar um þær ráðstafanir að taka 10% af fiskverðinu og 20% af síldarverðinu til þess að greiða vexti og afborganir af lánum bátanna. Satt að segja er ég persónulega fylgjandi þessari aðferð; ég álít, að það sé ekki um aðra leið að velja en að taka þetta þannig. Hitt er mér ljóst, að þessi 10% nægja engan veginn til þess að borga vexti og afborganir af fiskiskipum. Nú var það þannig, þegar þessi ríkisstj. hóf sína göngu, að hún hækkaði vextina um þriðjung eða að minnsta kosti um þriðjung af útgerðarlánum og fiskibátum, og þetta hefur átt sinn þátt í að auka kostnaðinn. Ég veit ekki hvað ríkisstj. ætlar sér, hvort hún ætlar sér að halda hinum háu vöxtum áfram. Við höfum alltaf verið á móti þessum háu vöxtum í stjórnarandstöðunni, ég hef oft talað á móti því persónulega og margir aðrir. Ég hef haldið því fram, að við ættum að leggja áherzlu á að halda verðgildi krónunnar stöðugu og hafa vextina hóflega, en það var farin sú leið að hækka vextina og svo hefur krónan alltaf verið að lækka.

Nú ætla ég ekki að gera ríkisstj. rangt til eða hennar fjármálastefnu. Raunverulega stóð krónan, þegar ríkisstj. tekur við, í ca. 30 kr. dollarinn. Nú er hún komin í 88 kr. eða um það bil þrisvar sinnum lægri. Ætli það hefði ekki verið betra að hafa vextina dálítið lægri og reyna að halda genginu stöðugu. En einmitt vaxtahækkunin hefur átt sinn þátt í því að auka reksturskostnað atvinnuveganna og þar með að láta þá ekki bera sig og þess vegna þurfti að fella gengið. Nú er það mín skoðun og hefur alltaf verið, að vitlausasta lausn á efnahagsvandamálum sé að lækka gengið. Þetta held ég yfirleitt, að reyndir fjármálamenn í veröldinni álíti og ég held, að þeir álíti okkur eins og hverja aðra kjána. Nú skeði það hjá okkur í vetur, að við lækkuðum gengið. Mér var sagt úti í bæ, að það hefðu bara verið mistök hjá de Gaulle, það hefði verið bilaður síminn einhvers staðar nálægt Færeyjum, þess vegna hefði hann ekki náð sambandi við Jóhannes Nordal og gert því þessa vitleysu að ákveða að fella ekki gengið — maður veit aldrei, hvað er satt í því, sem maður heyrir, — a. m. k. er það staðreynd, að hann fór ekki eftir því, sem hagfræðingarnir sögðu og allir þessir gengisbraskarar, hann bara sagði: Við fellum ekki gengið. Mér er ákaflega vel við þessa ríkisstj., af því að þetta eru drenglyndir menn og velviljaðir, og þess vegna hef ég alltaf orðið hryggur, þegar þeir hafa verið að gera einhver afglöp, m. a. átti ég von á því, að þeir ætluðu að gera eina vitleysuna í vetur og fella gengið. Ég sendi þeim því eiginlega persónulegt bréf í þeirra eigin blaði, Vísi, um það, að þetta væri það vitlausasta, sem hægt væri að gera, og þar greindi ég í 10 liðum frá því, hvað þyrfti að gera til þess að þurfa ekki að gera þessa endaleysu. En vitanlega fóru þeir ekkert eftir því. En ég gerði það, sem ég gat með því að benda á þær leiðir, sem ég áleit að ætti að fara. Og leiðin, sem átti að fara, það var ekki að fella gengið, heldur að ná greiðslujöfnuði, við áttum að setja einn punkt fastan og það var það sama og de Gaulle gerir nú, að fella ekki gengið. Til þess þurftum við að byrja á að ná greiðslujöfnuði. Og til þess að ná greiðslujöfnuði þurftum við í fyrsta lagi að framleiða eins mikið og við gátum og af eins mikilli hagsýni og við gátum. Í öðru lagi að eyða eins litlu og við gátum, – nákvæmlega sama og þegar bóndinn er að gera áætlun um sitt bú, það verða að standast á tekjur og gjöld. Og ef við hefðum getað náð þessum greiðslujöfnuði, þá hefði ekki þurft að fella gengið. Við gátum jafnað hlutina innanlands. Þetta var það, sem við þurftum að gera og þetta getum við ekkert frekar þó að við fellum gengið, enda hefur gengið ekki verið fellt fyrir útgerðina.

Ég ætlaði ekki að fara inn á gengismál nú, en hv. frsm. meiri hl. fór að tala um gengið, að það hefði þurft að fella það um 98—100% til að gera allt enn vitlausara heldur en það er nú, og er það þó full illt. Gengið var ekki fellt í fyrra fyrir útgerðina og ekki nú heldur, það er fellt fyrir ríkissjóðinn. Uppbæturnar sem sjávarútvegurinn fær eru teknar af sjávarútveginum sjálfum, 400 millj. í fyrra og nærri 800 millj. nú. Það eru notaðir peningar frá sjávarútveginum sjálfum til þess að fleyta honum áfram frá ári til árs, þetta er tekið af birgðunum og ef frystihúsin hefðu fengið þennan gengishagnað í fyrra, væru þau ekki eins illa stödd og þau eru nú. Það hefur aldrei verið eins hroðaleg útkoma á þeim. Og ef fiskútflytjendur fengju nú gengismuninn — ég kalla þetta ekki gengishagnað, heldur gengismun — þá gætu þeir rétt sig af að miklu leyti. Þeir fá hann ekki, hann er tekinn af þeim og þeir skildir eftir gjaldþrota í al-

gjörum rekstrarfjárvandræðum. Það þarf 50% fleiri kr. nú til að reka verzlun og alla atvinnu. Hvar eigum við að taka þetta? Við vorum skildir eftir í fyrra þannig, fólkið eyddi sparipeningunum sínum, ómögulegt að fá lán eftir gengislækkunina og bátarnir og útvegurinn aldrei verr staddur heldur en eftir gengislækkunina þá, sama sagan mun endurtaka sig nú. Það er ekkert ráð til annað en að reyna einhvern veginn að bjarga þeim með því að koma lausaskuldunum í föst lán.

Þetta er ekki fyrir útveginn gert, sjávarútvegurinn er styrktur með gengishagnaðinum, og það er flutt inn fyrir fleiri kr. Það á að bjarga ríkissjóði. Meinið liggur í því, að rekstrarútgjöld ríkissjóðs sjálfs eru orðin allt of mikil. Það er ekki hægt að greiða þau nema á veltiárum. Þar er meinið, og það ættum við að laga og taka miklu stærri skref og viturlegri, heldur en bent var á hjá minni hl. fjvn. nú. Það er meinið, sem við þurfum að laga og verðum að laga, ef hægt á að vera að reka ríkisbúið.

Viðvíkjandi þessum liðum hér þá vil ég benda á það, að það er ætlazt til, að það séu tekin aðeins 10% af fiskibátunum til þess að greiða vexti og afborganir, en það er allt of lítið af bátum, sem eru nýlega keyptir. Nú er mér ekki ljóst, af því að ég er ekki trúnaðarmaður hjá ríkisstj., hvort ríkisstj. ætlar að leggja fram á móti fé úr ríkissjóði, til þess að þetta jafnist, eins og gert var t. d. í fyrra. Þá voru tekin 4%, lögð á móti eitthvað ca. 4%, þannig að það voru borguð 8%. En það er alveg ljóst, að þessi 10% nægja ekki til þess. En hvað stefnuna snertir, er ég ekki á móti því, að þessi leið sé farin. Ég held hún sé óhjákvæmileg. En ég álít, að það sé líka óhjákvæmilegt að lækka vextina hjá Fiskveiðasjóði, en það er náttúrlega hægt að gera það með öðru frv.

Viðvíkjandi ákvæðunum í 3. gr., um að taka 17% af óskiptum afla, sem á að ganga til útgerðarinnar til að standa undir auknum kostnaði vegna gengisbreytingarinnar, er ég ekki að segja, að það sé of mikið. Hitt er svo annað mál, að ég álít þetta sé alveg þýðingarlaust ákvæði. Þegar ég heyrði þetta, varð ég svolítið myrkfælinn við það, að þetta yrði okkur ekki til mikilla hagsbóta, vegna þess að ég vissi strax, að það mundi skapa óánægju hjá sjómönnum. Ef ætti að fara inn á að taka af óskiptu, þá var þetta fullmikið, til þess að það stingi ekki allt of mikið í augun gagnvart sjómönnunum. Nú hefur frv. verið breytt þannig, að samningar eiga allir að vera lausir. Þegar allir samningar eru lausir þá hefur þetta ekki neina úrslitaþýðingu, vegna þess að sjómenn geta heimtað hærri prósentu til skipta og þeir geta heimtað hærri kauptryggingu. Þannig að við, sem rekum bátana, stöndum alveg jafnilla að vígi, hvorki betur eða verr, þó að þessi ákvæði séu í lögunum.

Ég efast ekkert um, að þeir, sem hafa samið frv., hafa litið svo á, að þetta væri réttlátt, þetta væri til að bera uppi kostnaðaraukann vegna gengislækkunarinnar og ég efast ekki um, að þeim hafi gengið gott eitt til. En ég hef bara ekki trú á, að þetta hafi nokkra þýðingu, þegar að samningaborðinu er komið. Það gæti orðið til að torvelda samninga, ef til vill er það þegar búið að hleypa illu blóði í sjómenn. Reynsla mín af sjómönnunum er sú, að mér hefur alltaf gengið bezt að semja við hásetana og sjómannshjartað er gott, ég hef oft reynt það, því að þegar eitthvað hefur þrengt að hjá mér — ég býzt við, að fleiri útgerðarmenn geti sagt það sama — þá hef ég alltaf fundið það, að þeir hlífast við að biðja um peninga meir en alveg fyrir brýnustu þörfum. Þannig að þeir fylgjast vel með ástæðum útgerðarmanna. Hitt er svo annað mál, að þeir vilja fá sitt kaup fyrr eða síðar og þurfa þess líka með, og ég lýsti því yfir hér í umræðum í vetur, að ég álít þá leið ekki færa að rýra kjör sjómanna. Ef vörur hækka, sem þær hljóta að gera, þá álít ég óhjákvæmilegt, að þeir verði að fá fleiri krónur til þess að geta lifað. Hitt er annað mál, að yfirmennirnir á skipunum geta í mörgum tilfellum komizt af með minna en þeir fá. Mín skoðun er sú, að annaðhvort eigum við að ákveða laun hinna ýmsu stétta í þjóðfélaginu með lögum eða hafa samningana frjálsa. En það heimskulegasta, sem gert er, er að ákveða einhvern vissan hluta af laununum lagalega og hafa svo einhvern hluta af þeim í frjálsum samningum, því að þá næst síður samræmi í hlutina en ef það er allt saman frjálst og samið um allt. Þess vegna hef ég alltaf álitið það rangt að vera að hringla með þetta orlof og gera það að pólitísku bitbeini. Ég lýsti því yfir hér í umræðunum, að þetta væri hrein heimska að fara að borga orlof á hlut, hvað hár sem hann yrði, eins og t. d. ef skipstjórnarmaður fengi borgað orlof á 1 millj. kr. tekjur, eins og þeir höfðu stundum á síldarskipunum; þetta er bara vitleysa. Það eðlilegasta er, ef um orlof er að ræða, að borga það af venjulegum launum. Og ef menn hafa margföld laun, þá þurfa þeir ekki nema á ein laun orlof. Við vinnum ekkert við þessi 17%, það yrði frekar til að gera okkur samningana erfiðari.

Viðvíkjandi II. kafla laganna — þar er talað um hina ýmsu liði, sem á að verja útflutningsgjöldum sjávarafurða til. Þetta eru þeir liðir, sem sízt má afnema, megnið af þessu fer í að borga tryggingargjöld af fiskiskipum. Það má deila um, hvort við eigum að vera að leggja í Fiskveiðasjóð. Það má líka deila um það, hvort við eigum að leggja til byggingar á hafrannsóknaskipi, því lagt hefur ríkið til einhverra hluta ónytsamlegri en þess, en aðalupphæðin af þessu fer í vátryggingargjöldin, og það álít ég vera beint til hagsbóta fyrir útveginn. Það má deila um, hversu réttlátt þetta er, þetta útflutningsgjald, en sennilega getur enginn samið frv. þannig, að það megi ekkert að því finna viðvíkjandi því atriði. T. d. stingur það dálítið í stúf með lýsið, þannig að það er mjög lágt verð á því, en aftur er hátt útflutningsgjald á því. Enn fremur má benda á það, að það virðist vera talsvert hátt útflutningsgjald á freðfisknum, það er í raun og veru tvöfalt, því að svo er það líka á fiskimjeli og karfamjeli og þá er búið að leggja á fiskflökin. En þetta er atriði, sem er ekki stórvægilegt.

Í III. kafla laganna er komið inn á þá leið, hvernig ráðstafa á gengishagnaðinum. Og það er eins og ég sagði áðan, hann gengur að allmiklu leyti til þess að létta beinum framlögum af ríkissjóði eða framlögum, sem ríkisstj. var búin að lofa — það getið þið séð í frv. með því að lesa það — bæði til síldarútvegsins og aðallega síldarverksmiðjanna, hluti af því, sem á að taka af óskiptu.

Í fyrsta lagi vekur það athygli, að samkv. 17. gr. á nær allur þessi gengismismunur að ganga til síldarútvegsins. Fiskibátarnir fá sama og ekkert af honum, sáralítið. Þeir fá þann hlut auðvitað af þessu, sem á að ganga til að greiða tryggingagjöldin og þó er það mikill minni hl.

vegna fiskibátanna, því að stóru skipin eru síldarskip. Í öðru lagi er talað um það, að þetta eigi að ganga til þess að byggja ný fiskiskip. Nú er það svo, að menn koma hér með frv. í þinginu um að byggja fleiri tugi af fiskiskipum. Við þurfum að hafa fiskiskip. En í dag eigum við marga báta og það allgóða fiskibáta, sem engar líkur eru til, að verði gerðir út í vetur og ég álít, að við verðum fyrst að nota þá báta, sem við eigum. Við verðum að nota þá til fulls, áður en við förum að eyða fé í að byggja nýja báta.

Það er talað hér um að leggja allmikla fúlgu til þess að greiða niður gengismun á skuldum báta erlendis. Ég er ekki að segja, að þetta sé óeðlilegt, en hinu skulum við ekki loka augunum fyrir, að menn, sem fara að láta byggja báta nú erlendis, verða að greiða þetta að öllu leyti, en hinir eru búnir að koma einhverjum hluta í íslenzkar krónur. En vera má, að þetta sé nauðsynlegt, en þegar til nýbygginganna kemur, verðum við að gera okkur það ljóst, að byggingarkostnaðurinn hlýtur að stórhækka. Við eigum fyrst að taka þau skip, sem eru vel nothæf og nota þau hér innanlands og svo að auka við flotann eftir þörfum. Það er ekki nein búmennska í því að henda góðum fiskiskipum eða láta þau liggja í höfnunum og verða ónýt, bæði vélar og annað og vera svo að byggja ný skip og eyða fjármagni í það. Við verðum að nýta hlutina.

Það er talað um, að sjávarútvegurinn beri sig ekki, og það er alveg rétt. En gerum við ekki undarlega lítið til þess að láta hann bera sig? Ég held einmitt, að við hér í Alþ. og ríkisstj. og hennar flokkar, sem hafa ráðið hlutunum, höfum gert furðulítið til þess og ýmsar ráðstafanir, sem gerðar hafa verið, hafa verkað í öfuga átt. Það er náttúrlega sjálfsagt að reyna að reka sjávarútveginn með eins mikilli hagsýni og hægt er, en ég held, að það hafi alls ekki verið gert. Það hefur verið fjölgað mikið sköttum á útveginn. Ég taldi hér einu sinni upp 25 útgjaldaliði, sem var hlaðið á bátana, og ég ætla ekki að fara að rekja þá skatta nú. Í fyrsta lagi hefur fjárfestingin í útveginum alls ekki verið nægilega vel athuguð. Menn héldu áfram að kaupa dýra og stóra síldarbáta löngu eftir að okkar sérfræðingar fóru að spá því, að síldaraflinn mundi fara minnkandi. Það var haldið áfram að byggja síldarverksmiðjur. Ég veit ekki betur en nú sé verið að selja vélarnar úr einni stórri verksmiðju, sem var verið að byggja á Seyðisfirði, selja þær aftur til útlanda eða reyna að láta verksmiðjuna taka þær aftur, en eftir standa veggirnir og skilrúmin. Hvaða vit er í þessu? Eins er með að hafa ekki betra skipulag á uppbyggingu flotans, láta leggja allt fjármagnið í það að byggja síldarskip, en vanrækja fiskibátana á meðan. Þetta var ekki hyggilegt.

Svo hefur ýmsum útgjöldum verið hlaðið á útveginn. Það má t. d. taka launaskattinn. Við höfum tvisvar, við Jón Skaftason, komið með till. um að afnema hann. Það eru lagðir tugir millj. á útveginn til þess að byggja hús. Ég er ekki að segja, að það þurfi ekki að byggja hús, en það er ákaflega heimskulegt að leggja beinan skatt á rekstur, í mörgum tilfellum á taprekstur frystihúsa og báta, til íbúðarhúsabygginga. Það fé átti að koma eftir öðrum leiðum og hefði átt að koma í gegnum sparifé almennings. En menn vilja ekki eiga peninga. Þeir eiga alltaf von á því, að þeir verði felldir í verði. Í öðru lagi eru aðstöðugjöldin, sem eru lögð á útveginn. Yfirleitt voru bátarnir útsvarsfríir, ef þeir voru reknir með tapi. Nú var ákveðið af þessari ríkisstj. að leggja aðstöðugjöld á og það á taprekstur. Orlof hefur verið hækkað. Lagaákvæði hefur verið sett um það, að útgerðin sé skyldug að greiða hlut, ef einhver yfirmanna verður veikur á skipi. Þetta getur í mörgum tilfellum numið geysifjárhæðum hjá stýrimönnum, skipstjórum og vélamönnum. Það þarf að taka mann í þeirra stað, ef þeir verða veikir, og greiða þeim manni fullt kaup og hlut í 3 mánuði. Það er eðlilegt og sanngjarnt, að þeim séu greidd föst laun, en það er heimskulegt að hafa hlutaákvæðin, og það hefur oft verið talað um að lækka þau, en ekki fengizt. Þá hefur ekkert verið gert til að auðvelda útgerðarmönnum og frystihúsum lánveitingar. Þeir verða að borga há stimpilgjöld og þinglestrargjöld af hverju einasta smáláni, sem þeir fá. Með skynsamlegri löggjöf væri hægt að ákveða þetta lagalega og sleppa þessum sköttum. Vextir hafa verið hækkaðir, og þegar þessi stjórn tók við, virtist hún hafa ótrú á þessu gamla kerfi, sem hefur verið búið við, lágum vöxtum og að reynt sé að hamla á móti gengislækkunum nema í ýtrustu neyð. Þetta var rifið niður. Þessu var gerbreytt. Það átti að byggja upp nýtt kerfi, sem var kallað viðreisn, þetta viðreisnarkerfi virðist liggja í háum vöxtum og endurteknum gengislækkunum. En þetta gamla kerfi var hreint ekki eins vitlaust eins og núverandi stjórn hélt, að það væri. Við bösluðum þetta áfram. Ég byrjaði að gera út árið 1957 og það var auðveldara heldur en nú. Það var ekki vitlaust að hafa vextina lága á atvinnuvegunum og á stofnlánunum. Það var rétt leið, og það var skynsamlegri leið heldur en hafa háa vexti og endurteknar gengislækkanir. Það var byrjað að rífa niður og gerbreyta öllu. Það er ekki víst, að það gamla sé eins rangt og menn halda, menn geta gert ýmsa hluti í fljótræði.

Þá má t. d. athuga, hvort það væri ekki hægt að lækka verð á olíu. Ég hef satt að segja ekki tekið afstöðu til þess máls og hef ofurlítið verið að reyna að kynna mér það og þær upplýsingar, sem ég hef fengið, benda til þess, að það muni vera hægt og fyrst og fremst liggi það í minni fjárfestingu. Það er árlega fest stórfé í olíudreifingunni og það mundi vera hægt að hafa það minna. Hitt er svo annað mál, að við höfum dálitla ótrú á ríkisreknum fyrirtækjum, þar vill oft gæta vanrækslu. En ef þetta væri rekið af dugnaði og hagsýni, hef ég trú á því, að það væri hægt að lækka eitthvað olíuverðið með því að reka félögin í einu lagi. Og yfirstjórn þessara olíufélaga er dýrari í þrennu lagi heldur en einu. Ég held, að það væri hægt að komast af með minni fjárfestingu og minni kostnað við yfirstjórn með því að sameina þau, þannig að á þann hátt væri hægt að lækka olíuverðið eitthvað. Það má vera að það yrði ekki stórkostlega.

Hafnargjöld eru víða mjög há, mjög tilfinnanlega há, t. d. eins og í Grindavík og fleiri stöðum, og þau eru misjafnlega há. Vafalaust væri eitthvað hægt að gera til þess að draga úr kostnaði á því sviði.

Rafmagnskostnaðurinn í frystihúsunum er óhóflega hár. Hann er svo þung byrði á frystihúsum, sem hafa lítið magn, að það er lamandi. Vitanlega þurfa þessar rafstöðvar að fá greitt fyrir rafmagnið, við vitum það.

En ég held, að það væri hægt að lækka verðið á því til frystihúsanna, því að það er svo lítill munur á því og rafmagninu, sem við notum til heimilanna, að rafmagnsverðið, sem frystihúsin verða að borga, er óhóflega hátt. Ég hef séð þessa reikninga og þeir eru algerlega lamandi, skipta hundruðum þúsunda á mánuði. Þegar um lítið fiskimagn er að ræða, getur verið útilokað að reka frystihúsin.

Það verður að taka til yfirvegunar, hvað hægt er að spara. Það er takmarkað gagn að því að fleygja 40 millj. t. d. í frystihúsin. Þetta kemur seint og síðar meir, og þau eru í vandræðum. Það þarf að taka kerfið allt, strika út eitthvað af skuldunum eða þá að hætta að starfrækja þau fyrirtæki, sem eru í greiðsluþroti, og koma rekstrinum á heilbrigðan grundvöll; reka eitt frystihús, þar sem það hentar, en ekki tvö. Þetta þarf allt saman að endurskoða og reka af meiri hagsýni.

En þið sannið það, að þó að það sé farið inn á þessa leið, að fella gengið nú, til að bjarga ríkissjóðnum og losa ríkisstj. við að standa við fyrirheit um ýmsa styrki, sem var lofað á þessu ári, að þetta verður samt engin varanleg lausn fyrir útgerðina. Við getum litið á hag bátanna. Það er gert ráð fyrir, að fiskverðið hækki um þessi 17%, sem á að taka af óskiptu og 8% í viðbót eða alls 25%. Svo koma sjómennirnir og heimta sinn hluta af þessu. Við skulum segja, að þeir vilji fá 12%. Nú er gert ráð fyrir, að útgerðarkostnaðurinn hækki um 17% af óskiptum afla eða sem nemur því. Þá eru bátarnir farnir að bera sig verr heldur en þeir gerðu áður, þannig að það verður ekki lausnin. Það má vera, að það greiði eitthvað úr hag frystihúsanna, en það verður ekki lengi, því að aukinn rekstrarfjárskortur mun þjarma enn meira að þeim.

En það er ekki til neins að tala um þetta nú. Það er gert, sem gert er. Vonandi verður reynt að hindra það, að þessi leið verði farin aftur. Það þarf að verja þessum gengismismun einhvern veginn og ég hef bent á nokkra punkta, sem við erum óánægðir með. Í heild erum við óánægðir með þessa fjármálastefnu og þetta fjármálakerfi, eins og það er rekið og álítum, að breytinga sé þörf, og eftir atvikum sjáum við ekki ástæðu til þess að greiða atkv. með frv., eins og það liggur fyrir, og leggjum til, að frv. verði vísað frá með dagskrá, og þeirri dagskrá verður útbýtt hér með grg. og sennilega mjög fljótlega.

Pétur Sigurðsson: Herra forseti. Ég hef skrifað undir nál. meiri hl. með fyrirvara og ég vildi nú óska eftir því, að beðið væri um nærveru hæstv. sjútvmrh.

Nú, herra forseti. Hæstv. ráðh. er sjálfsagt upptekinn við störf í Ed., þannig að ég get tjáð honum mitt mál síðar, þegar hann hefur tíma til þess að mæta hér. En ég mun ekki greiða þessu frv. atkv., fái ég ekki skýr og jákvæð svör við fsp., sem ég mun beina til hæstv. ráðh. hér síðar í minni ræðu. Og með hliðsjón af því svari er minn fyrirvari kominn við undirskrift álits meiri hl. sjútvn.

En vegna þessara miklu umræðna, sem hafa orðið um þetta frv., og miklu fullyrðinga, sem fram hafa komið, bæði í blöðum, á mannamótum og hér á hv. Alþ., þá langar mig til þess að ræða það nokkuð efnislega, ekki síst vegna þess, að ég hef þegar tekið þátt í slíkum umræðum, bæði innan stjórnar sjómannasamtakanna og á sjómannaráðstefnu, sem haldin var hérna í Reykjavík þann 8. desember s. l. Það, sem vekur athygli mína, annars vegar í þeim umræðum, sem ég hef átt við sjómenn, og hins vegar í ræðum sumra hv. stjórnarandstæðinga hér á Alþ., er, að þótt báðir þessir aðilar séu á móti I. kafla frv. eða hafi verið þangað til hv. síðasti ræðumaður hélt ræðu sína, en hann lýsti því þá yfir, að hann væri honum fylgjandi, svo langt sem hann náði og mælti þar fyrir hv. stjórnarandstöðu að því er forseti tjáði mér, þá má segja, eins og ég tók fram og reyndar er komið nú í ljós með frammíkalli hv. þm. Reykn., að þeir eru á móti I. kafla frv. og vilja láta vísa honum frá eins og öðrum og sama er að segja um afstöðu sjómannanna. Þó finnst mér, að sjómennirnir, sem ég hef átt mínar viðræður við og hlustað á, viðurkenni með mjög fáum undantekningum þann mikla efnahagsvanda, sem við stöndum frammi fyrir, en sumir hv. stjórnarandstæðingar vilja helzt láta í það skína, að við þennan vanda verði ráðið með t. d. stöðvun á tertubotnainnflutningi og fleiri sambærilegum aðgerðum og máske, eins og sumir hafa tæpt á, smávægilegri gengislækkun að slíkum aðgerðum loknum — kannske einhvern tíma í ókominni framtíð, þegar áhrifin á efnahaginn af stöðvun tertubotnainnflutningsins hafa fengið að segja til sín. Maður skyldi þó ætla, að skilningur sjómannanna á þessum vandamálum, sem dvelja langdvölum fjarri heimilum sínum, fjarri bæði blöðum og útvarpi jafnvel og þeim fréttum, sem þessum miðlunartækjum fylgja, þeirra skilningur ætti ekki að vera meiri heldur en þeirra stjórnmálamanna, sem fengið hafa allar þær upplýsingar um stöðu og horfur og áætlanir í þessum málum ekki síður en t. d. ríkisstj. sjálf og hennar stuðningsflokkar. En af hverju skyldi skilningur sjómannsins vera þessum mönnum svo miklu fremri? Skyldi sú þekking ekki vera fengin af biturri reynslu þeirra, sem fyrstir urðu fyrir áföllunum, sem þjóðin í heild hefur einnig orðið fyrir, þeirra sem á tveimur árum hafa misst allt að helmingi launatekna sinna, meðan stórar stéttir, launþegahópar og reyndar mikill hluti alls almennings, hafa haldið sínu og öllu sínu, og þá kannske ekki sízt þeir, sem á sínum tíma náðu fram miklum launahækkunum á grundvelli mikilla tímabundinna tekna þessara sömu sjómanna. Ég geri ráð fyrir, að svo sé, og undir þau orð, sem komið hafa hér fram í umræðum um þetta mál til þessa um það tilfinnanlega tjón, sem okkar fiskimenn hafa orðið fyrir, vil ég taka að fullu og öllu leyti.

Ég minnist þess, að á þessari sjómannaráðstefnu, sem ég vitnaði til áðan, sagði einn af forystumönnum sjómannasamtakanna, Tryggvi Helgason, formaður Sjómannafélags Akureyrar, eitthvað á þessa leið:

„Þá, sem bera þetta frv. fram, skortir að gera sér grein fyrir því, að lög þessi verði að veruleika."

Ég tók það fram á þessari ráðstefnu, að þetta væru nánast sömu orðin og ég hefði haft við efnahagssérfræðinga ríkisstj., þegar þeir kölluðu á mig ásamt nokkrum öðrum þm. stjórnarflokkanna til þess að ræða um þetta frv. Strax og ég varð var við, þótt þá lægi það alls ekki fyrir, hvernig þau skipti yrðu, sem nú eru komin fram í fyrstu greinum frv., hafði ég við orð, að þetta yrði aldrei liðið af sjómönnunum sjálfum. Ekki það, að bæði þeir viðurkenndu ekki, og kannske ég öllu

frekar viðurkenndi ekki, að slíkra ráðstafana og að þessu marki væri þörf, heldur vegna þess, að þeir, sem sömdu og undirbjuggu frv., gengju út frá alrangri forsendu. Þeir gengju út frá þeirri forsendu, að það væri verið að taka af mönnum — ég kem nú að því síðar. Auðvitað er alls ekki rétt að segja, að það sé verið að taka af þeim. Það er hins vegar verið að skerða samningsbundinn rétt mannanna. Þeir gerðu sér alls ekki grein fyrir því, hvað þessir menn voru komnir gífurlega lágt í sínum launatekjum. Ef þeir hefðu staðið á sama „level" eins og þeir gerðu fyrir ári síðan, að ég tali ekki um fyrir tveimur árum síðan, var allt annað að horfa framan í þetta frv. En þegar sú þróun hefur orðið, sem hefur orðið á undanförnum tveimur árum, þá er aðstaða þeirra orðin allt önnur. Ég skal viðurkenna það og viðurkenndi það við þá, að það hefur verið sú hætta og reyndar það hefur ekki aðeins verið hætta, heldur því miður höfum við bitra reynslu að því, en sú hætta hefði verið fyrir hendi núna, að ef gengislækkunin hefði komið fram í fiskverðinu og síðan til sjómannanna eftir óbreyttum hlutaskiptareglum, þá er ég viss um það, að aðrar launastéttir í landinu hefðu aldrei unað því. Og sá ótti þessara efnahagssérfræðinga er því algerlega á rökum reistur, sérstaklega vegna þess, að þessir aðilar, sjómenn og almennir launþegar í landinu, hafa aldrei komið sér saman um það, hver afstaða annars til hins ætti að vera. Það hefur aldrei fengizt viðurkenning — ekki einu sinni hjá þessum bræðrum og systrum í verkalýðshreyfingunni, hvað þá hjá allri íslenzku þjóðinni — á því, að fiskimaðurinn ætti að hafa launalega séð svo og svo mikið meira heldur en sambærilegir aðilar í landi fyrir áhættu sína í starfi, fyrir fjarvistir sínar, fyrir vinnuaðstöðu o. fl. o. fl., sem mætti upp telja. Það væri kannske tímabært að fara að fá þessa viðurkenningu einhvers staðar fram. Það má vera, að hún komi út úr væntanlegum samningum. Um það verður ekki sagt að þessu sinni.

Vegna þess að hæstv. sjútvmrh. er mættur hér í d., þá vil ég endurtaka mín upphafsorð, sem ég viðhafði í þessari ræðu minni. Ég tók það fram eins og þegar er séð, að ég skrifaði undir nál. meiri hl. með fyrirvara og ég sagði síðan, að áður en ég greiddi þessu frv. atkv., vildi ég fá skýr, jákvæð svör við fsp., sem ég mundi beina til hans síðar í minni ræðu.

Ég ætla ekki á þessu stigi að fara að ræða um eitt og annað, sem kom fram hér við 1. umr., hvorki fullyrðingar hv. 4. þm. Austf. um skiptaverð á undanförnum árum né fullyrðingar hæstv. ráðh. um, hver munurinn hefði verið á verðinu, sem sjómennirnir hafa fengið til skipta, og svo verði því, sem útgerðin hefur fengið. Hins vegar verður ekki á móti því mælt, að mismunur á þessu verði hefur verið alla tíð. Hann hefur líka verið þann tíma, sem þau orð hafa staðið í samningum sjómanna og útgerðarmanna, að sjómenn skuli aldrei fá lægra verð heldur en útgerðarmaðurinn. Það er opinberlega vitað, að útgerðin hefur fengið borgað á bak við miklu hærra verð heldur en komið hefur til skipta bæði hjá síldarverksmiðjum, síldarsöltunarstöðvum og fiskvinnslustöðvum. Meira að segja veit ég til þess, að í höfuðborg Austfirðinga, Neskaupstað, þar sem hv. 4. þm. Austf. býr, hefur þetta verið stundað og nú síðast s. l. sumar af mjög eðlilegum ástæðum. Mér er líka kunnugt um það, að á sumum skipum þaðan kom þetta allt til skipta. En mér er líka sagt frá því, að á öðrum skipum hafi ekki komið til skipta hjá skipverjum. Á þessu hefur sjálfsagt verið allur háttur, en ég held, að það sé vitað, og sjómenn hafa reyndar vitað það líka, þótt þeir hafi ekki getað náð tökum á því, að þetta hefur verið stundað allt í kringum landið í mörg ár.

Einni spurningu varpaði ég fram á þessari sjómannaráðstefnu. Ég spurði þá, sem þar voru staddir, hver hefði orðið þessi svo kallaða kjaraskerðing sjómanna, sem nú er sem mest talað um, ef gengisfellingarleiðin hefði ekki verið valin? Jú, svörin komu ekki við henni. Ég hélt áfram þessum þankagangi mínum og spurði: Ef haldið hefði verið áfram á þeirri leið, sem hefur verið upp tekin nú um nokkurt skeið, t. d. að bæta eins og 1000—1400 millj. kr. við þær 124 millj., sem borgaðar voru til útgerðarinnar úr ríkissjóði á s. l. vetri, hvaða áhrif hefði það haft á fiskimennina okkar, hvernig hefði átt að ná þessu fé, hvaðan hefði það átt að koma? Ég geri ráð fyrir því, að þrátt fyrir það, að margar till. hafi komið fram um það hér á þingi, hvernig þessir fjármunir ættu að nást, hefði fyrr eða síðar komið að því, að þeir — eins og allur almenningur — hefðu orðið að leggja í það púkk með almennum sköttum eða skattgreiðslum. Það er alveg öruggt, að að þessu hefði komið, ef hin svo kallaða uppbótaleið hefði verið farin, en ég leyfi mér að fullyrða, að það hefði orðið enn þá þungbærara fyrir þá eins og aðra launþega, ef svo kölluð niðurfærsluleið hefði verið valin. Mér er engin launung á því, að ég var lengi vel þeirrar skoðunar, að það hefði átt að reyna að sameina þessar tvær leiðir, uppbótaleiðina og svo gengisfellingu, en eftir því sem rökin hlóðust að manni og stefnt var að því enn ákveðnar heldur en nokkru sinni áður að reyna að styrkja atvinnuvegina þannig, að þeir gætu komizt í gang hið fyrsta til þess að koma um leið atvinnulífinu og vinnu í gang, þá gaf ég mig á þessu og fylgdi því, að sú leið yrði valin, sem valin var. En því er auðvitað ekki að neita, að henni fylgja ýmsir vankantar, m. a. þessi, sem fram hefðu komið í sambandi við þetta frv.

Ég geri ráð fyrir því, að það séu aðrir mér færari til þess að svara fullyrðingum eins og komu fram hjá síðasta hv. ræðumanni, þegar hann hélt því fram, að hér væri hægt að leysa þetta vandamál um 1500—1600 millj. kr. tilfærslu í þjóðarbúinu vegna sjávarútvegsins og svo kannske 500—600 millj. kr. tilfærslu þá til viðbótar vegna iðnaðarins, sem margir vilja láta sér sjást yfir, þegar talað er um þetta vandamál í heild. Ég geri ráð fyrir, að það séu einhverjir aðrir betur færir til þess að afsanna þessar fullyrðingar hans, sem ég krotaði nú að nokkru hjá mér, bæði um vextina, hvað þeir þyddu, þótt þeir yrðu felldir niður á útgerðinni; launaskattinn, lækkun olíunnar, hafnargjöldin og rafmagnskostnaðinn, sem hann auðvitað gleymir, að er ekki ríkissjóðs nema í sárafáum tilfellum, heldur viðkomandi sveitarfélaga og héraðsveitna og svo auðvitað ríkisveitnanna, þó að ríkissjóður komi inn í þá mynd. Nei, ég held, að þegar menn fara að skoða dæmið í heild og virkilega viðurkenna, hvað á ferðinni er, sjái þeir, hvað svona hjal er þýðingarlaust eins og kom fram í ræðu hv. síðasta þm.

Stjórnarandstaðan leggur til, að I. kafli frv. verði

felldur niður. Þetta var líka krafa sjómannaráðstefnunnar, sem haldin var, að hann yrði felldur niður — eða þeirra, sem með því greiddu atkv. þar. Fulltrúar Sjómannasambandsins óskuðu einnig eftir því, að frv. yrði stöðvað. Þeir óskuðu eftir þessu við ríkisstj., en höfuðáherzluna lögðu þeir á, að þeir samningar, sem bundnir væru, yrðu losaðir með löggjöfinni sjálfri. Við þessari ósk okkar var orðið við 2. umr. í Ed. En þá voru sett inn ákvæði í frv. þess efnis, að við gildistöku þessara laga skyldu kjarasamningar milli útvegsmanna og sjómanna, sem samkv. ákvæðum þeirra var ætlað að gilda til ársloka 1969, þá væri heimilt sem sagt að segja þeim upp án fyrirvara.

Þeir, sem ferðinni ráða í sjómannasamtökunum hafa ekki óskað eftir efnislegum breytingum við einstakar greinar þessa frv. Er þetta á margan hátt mjög skiljanlegt, þegar haft er í huga, að stór hluti þeirra, sem við þetta eiga að búa, sjómannskjörin, hafa verið og eru fjarverandi og eru fyrst nú hina síðustu daga að koma til sinna heimahafna. Mótun krafna þeirra og aðgerðir geta því tæpast talizt eðlileg, fyrr en meðlimir sjómannafélaganna sjálfra eiga þess kost að láta álit sitt um þær í ljós. Því hefur oft verið hreyft að undanförnu í samtökum sjómanna, að eðlilegt væri, þegar hafður væri í huga minnkandi afli, að taka upp breytt launafyrirkomulag á fiskiskipaflotanum, fara meira inn á fastakaupsfyrirkomulag með fríu fæði og aflapremíu í líkingu við það, sem er á togaraflotanum. Ég er ekki í nokkrum vafa um það, að slíkt launafyrirkomulag kemur til umræðu í væntanlegum samningum hjá sjómönnum og útgerðarmönnum. Ég hreyfði því á fundi í stjórn og á ráðstefnu Sjómannasambandsins áður en frv. var tekið til 1. umr. í hv. Ed., hvort samtökin ættu ekki að beita sér fyrir því að fá þá breytingu fram á þessum lögum, að hluti þeirrar prósentu, sem á að renna í stofnfjársjóðinn samkv. þessu frv., verði látinn renna í sérstakan verðjöfnunarsjóð fyrir áhafnir fiskiskipa. Og ég vil taka það fram, að þessi hugmynd um sérstakan verðjöfnunarsjóð fyrir áhafnir fiskiskipa, sú hugmynd er ekki ný. Henni hefur meira að segja verið hreyft á fundum í Verðlagsráði sjávarútvegsins af fulltrúum sjómannasamtakanna þar. Ég taldi líka þá rétt, að ef af slíku gæti orðið, að það væri síðan samið um ýmsar leiðir, sem fara mætti til nýtingar á því fé, sem inn í slíkan sjóð kæmi, t. d. til þess að greiða a. m. k. hluta fæðiskostnaðar, greiðslu kostnaðar við allsherjarlíftryggingu, eins og frv. liggur nú fyrir um hér á Alþ., og jafnvel til þess að greiða framlag sjómanna í lífeyrissjóði fiskimanna, en það mál hefur nú um langt árabil verið mikið baráttumál hjá þeim flestum og skal það viðurkennt, þótt ekki hafi enn orðið samkomulag um það mál innan raða sjómannasamtakanna. Þessar hugmyndir eru enn í mótun hjá sjómannasamtökunum og verða að sjálfsögðu ræddar, þegar hægt verður að hafa fundi með félagsmönnunum. Og það er ekki fráleitt að hugsa sér, að einhverjar þeirra, eða hluti þeirra, gæti náð fram í frjálsum samningum við útgerðarmenn eins og ég tók fram, í samningaviðræðum, sem hljóta að hefjast nú alveg á næstunni, ekki sízt þegar haft er í huga, að hæstv. forsrh. hefur lýst því yfir við mig, að ef samkomulag náist milli þessara aðila, skuli ekki standa á því, að ríkisstj. beiti sér fyrir nauðsynlegri lagasetningu hér á Alþ., ef þörf þykir.

Vegna þess, sem kom fram í ræðu hv. síðasta ræðumanns, frsm. minni hl., þá vil ég taka það fram, að ég hef alltaf talið, að það hefði ekki verið óeðlilegt, ef ekki hefðu fleiri breytingar verið ætlaðar á hlutaskiptafyrirkomulaginu, að sjómenn hefðu tekið þátt í af óskiptu að greiða aukinn kostnað, sem hefði orðið af gengislækkuninni, ef sú hin sama gengislækkun hefði þá fært þeim þá hækkun fiskverðs, sem samningarnir sögðu til um. Ég hefði talið það miklu eðlilegra heldur en að tekið sé af sjómönnunum til þess að borga í Stofnfjársjóð, sem síðan er varið til þess, að Björn Pálsson á Löngumýri, ýmsir rakarar og ljósmyndarar geti síðan eignazt hinar og þessar útgerðir.

En út af fæðiskostnaðinum, þá vil ég taka það fram í framhaldi af þessum vangaveltum um aukinn kostnað útgerðarinnar af gengislækkuninni, að við skulum bara hafa það í huga, að sjómennirnir hafa líka orðið fyrir auknum kostnaði af gengislækkuninni. Þessir menn, sem í ákaflega mörgum tilfellum, eins og í öðrum stéttum að sjálfsögðu, eru fjölskyldumenn, hafa sín heimili í landi og þurfa að sjá þeim fyrir nauðsynjum og verða að borga þann fæðiskostnað, sem þar kemur fram, þeir verða líka að borga hann um borð í skipunum. Og hann er ekki ódýr þar, sem mjög er eðlilegt, þegar mennirnir borga þetta sjálfir. Útgerðarmennirnir hafa engan vanda þar af annan en að ráða þann mann, sem tilreiðir matinn og kaupir inn vöruna. Í mörgum tilfellum er svo komið, ef ekki öllum — ég veit ekki, hvernig samningar skipstjóranna eru — þá eru þeir á fríu fæði hjá útgerðunum. Þeir eru það ekki, en það þekkist samt, að sumar útgerðir borgi fæði fyrir þá, og um leið auðvitað er allt það aðhald með þessum mönnum, sem eiga að fara með þessi miklu verðmæti fyrir áhöfnina, fari út í veður og vind. Útgerðin þarf ekki að hafa áhyggjur af því, matsveininnn getur farið með þetta á þann hátt, sem hann vill, og í mörgum tilfellum þarf skipstjórinn þess ekki heldur. Ég tel mjög nauðsynlegt, að á þessu yrði breyting, þannig að maðurinn, sem ræður þennan mann á skipið, hann hafi líka þá ábyrgð að fylgjast með því, að sá maður sé sínu starfi vaxinn. Nú er ég ekki að segja þetta til þess að lasta matsveinastétt fiskiskipaflotans, því að þar eru margir hinir ágætustu einstaklingar, eins og fæðiskostnaður þeirra sýnir. En því miður finnast líka dæmi hins, og þegar sjómenn þurfa af 13, 14, 15 þús. kr. kauptryggingu kannske að borga, eins og þekkjast dæmi, sem ekki eru þó, guði sé lof, mörg, upp í 10 þús. kr. í fæði yfir mánuðinn, og eiga svo að koma með 5—6 þús. kr. til sinna heimila til þess að borga húsaleigu, skatta og fæði sinnar fjölskyldu, þá sjá auðvitað allir, að þetta nær ekki orðið nokkurri átt. Og ef hinir svo kölluðu efnahagssérfræðingar ríkisstj. telja, að það sé ærin ástæða að taka einmitt af þessum mönnum til þess að styðja útgerðina, þessum mönnum, sem kannske ærið margir hafa orðið að lifa af sinni kauptryggingu núna í tvö ár, þá segi ég, að þeir eru að fara villir vegar. Enda er enginn vafi á því, að þeir komast að því og þeim verður bent á það í þessum væntanlegu samningum milli sjómanna og útgerðarmanna.

Ég kem þá að fyrirvara mínum. Skömmu eftir að gengislækkunin var ákveðin, þá kom sá ótti upp bæði hjá verksmiðjueigendum og söltunarstöðvum austanlands, og jafnvel hjá þm. þess kjördæmis einnig, að þar eð ný verðákvörðun á síld til bræðslu og söltunar vegna gengisfellingarinnar væri ekki fyrir hendi, væri ríkástæða til að óttast, að allur síldveiðiflotinn færi til veiða á Norðursjávarmiðum, jafnvel þó að síld kæmi upp á Austfjarðamiðum, vegna hinnar miklu verðmætisaukningar pr. kg, sem þeir fengju fyrir aflann í íslenzkum krónum vegna gengisfellingarinnar, þ. e. a. s. þeir, sem erlendis seldu. Ef afli hefði verið fyrir hendi á Austfjarðamiðum, hefði þetta vissulega orðið mikið áfall fyrir byggðirnar og þessi fyrirtæki og allan almenning þarna eystra, það skal viðurkennt. Það voru margs konar bollaleggingar uppi um, hvernig fyrirbyggja mætti, að til slíks kæmi. M. a. var rætt um það, hvort hægt væri að flýta nýrri verðákvörðun og láta hin nýju eða væntanlegu lög um skerðingarákvæðin, þegar landað væri erlendis, taka gildi frá 15. nóvember, eins og hið innlenda fiskverð á að gera. Ég átti marga viðræðufundi við ráðh. um þetta atriði, og mótmælti öllum slíkum hugmyndum. Ég benti m. a. á, að síldveiðiflotinn hefði nú verið fjarverandi mánuðum saman norður í hafi með tekjur áhafna í algjöru lágmarki. Væri sízt til of mikils mælzt, þó að þeir sjómenn, sem væru á skipum, er erlendis seldu á næstu fjórum til fimm vikum, fengju að njóta þess, þó að eitthvað legðist þeim til í tekjuaukningarátt á þessum mjög takmarkaða tíma, þangað til að frv. yrði væntanlega samþykkt. Eftir þessar viðræður tel ég mig hafa verið með loforð ráðh. fyrir því, að framkvæmdin yrði sú, að ef íslenzkt fiskiskip seldi erlendis á tímabilinu frá 15. nóvember til þess dags, er lög þessi öðlast gildi, skuli áhafnir þessara skipa taka laun samkv. núgildandi skiptakjörum án allrar skerðingar. Mín fsp. til hv. sjútvmrh. er því sú, hvort við þetta verði ekki staðið og hvort þetta sé ekki rétt túlkað hjá mér. Þessi fsp. er borin fram af gefnu tilefni, en þess munu mörg dæmi, ef það hefur ekki verið algilt á undanförnum vikum að útgerðir þessara skipa eða sá ágæti Seðlabanki hafi fyrst upphæðir, sem frádráttarprósentunum næmi. Þetta eru ekki fáar krónur, skipta kannske millj., ef ekki meira. Það er auðvitað öllum kunnugt um hinar miklu landanir og góðu sölur margra okkar skipa í s. l. mánuði, bæði í Noregi, V.-Þýzkalandi og Englandi. Ef svar ráðh. við þessari fsp. minni er jákvætt, þá greiði ég þessu frv. atkvæði mitt.

Félmrh. (Eggert G. Þorsteinsson): Herra forseti. Í framhaldi af þessari fsp. og öðrum, er fram komu við fyrri umr. málsins, vil ég taka eftirfarandi fram:

Að því er tekur til landana á fiski íslenzkra skipa erlendis, mun engin breyting eiga sér stað á hlutaskiptalögunum fyrr en eftir gildistöku frv. þessa, ef það verður að lögum. Við athugun á 2. gr. frv. tel ég þetta ljóst. Hins vegar gerir frv. ráð fyrir, að væntanleg hækkun fiskverðs innanlands, sem ákveðin verður af Verðlagsráði sjávarútvegsins eftir gildistöku laga þessara, gildi aftur fyrir sig frá 15. nóvember s. l., en umrædd gjöld, sem 2. gr. frv. gerir ráð fyrir, gildi þá einnig frá sama tíma.

Við 1. umr. málsins var mikið um það rætt, hve mikil áhrif hin ýmsu gjöld sjávarútvegsins eða útgerðarinnar hefðu á hag hennar og framgang. Í sambandi við það var bent á það af ýmsum ræðumönnum, sem ég hirði nú ekki um að tilgreina, nema tilefni gefist til, að nokkrir tilteknir liðir eða lækkun á þeim mundi geta jafnað það bil, sem verið er að reyna að jafna með þessu frv. Í tilefni af því vil ég segja eftirfarandi:

Í eftirfarandi yfirliti um vexti, tolla og gjöld af rekstrarvörum og gjöld af olíunotkun, sem sjávarútvegurinn greiðir samkv. áætlun fyrir árið 1968, ber að hafa í huga, að verðjöfnunargjaldið af olíunni, sem er aðalgjaldið á þeirri vöru, er ekki tollur, sem rennur til ríkisins, heldur gjald, sem stendur undir dreifingarkostnaði út á land. Það rennur því að verulegu leyti aftur til sjávarútvegsins sjálfs, þótt sjávarútvegurinn greiði sjálfsagt meira en hann fær til baka, og þó einkum togararnir.

Um vextina er það að segja, að hækkun þeirra um 20% er sjálfsagt það allra mesta, sem til greina kæmi, enda verulegur hluti þeirra erlendir vextir og vextir bundnir til langs tíma í skuldabréfum, sem fjárfestingalánasjóðir hafa selt. Slík vaxtalækkun kæmi að sjálfsögðu ekki til greina, nema með lækkun vaxta á innlánum, og lítur þá dæmið þannig út:

Heildarframleiðslukostnaður sjávarútvegsins alls 1968, að meðtöldum afskriftum og stofnvöxtum er 5861 millj., 5 milljarðar 861 millj., og er sú tala að sjálfsögðu það, sem við miðum við hér, 100%. Öll vaxtagjöld útgerðarinnar eru 375 millj. kr. eða 6.4%. (Gripið fram í.) Lausaskuldir eru þar að sjálfsögðu ekki með. Þetta eru fastalán. Allir tollar og olíugjöld eru 73 millj. kr. eða 1.2%. Upphæð vaxtalækkunar, 20% af afnámi tolla- og verðjöfnunar, það var reiknað með, að helmingur afnáms verðjöfnunargjaldsins kæmi sjávarútveginum til góða, eru 124 millj. eða 2.1%. Rekstrarkostnaður sjávarútvegsins 1968, afskriftir, stofnvextir ekki með taldir, eru 4876 millj. kr., 4 milljarðar 876 millj. kr., og er sú tala 100% í þessu tilfelli. Rekstrarvextir eru 121 millj. kr. eða 2.5%. Upphæð vaxtalækkunar, 20% afnáms tolla- og verðjöfnunargjalds, er 73 millj. kr. eða 1.5%.

Halli sjávarútvegsins 1968 er áætlaður 1640 millj. kr., sem er 100% í þessu tilfelli, einn milljarður 640 millj. kr. Öll vaxtagjöld eru áætluð 375 millj. kr. eða 22.8%. Allir tollar og olíugjöld eru 73 millj. kr. eða 4.5%. Upphæð vaxtalækkunar, 20% afnáms tolla- og verðjöfnunargjalds, er 124 millj. kr., eða 7.5%.

Af þessu sér hver sem vill sjá, að öll sú lækkun vaxta, sem framast virðist hugsanleg, 20%, ásamt afnámi tolla á rekstrarvörum og verðjöfnunargjalds á olíu, nemur aðeins um 2% af framleiðslukostnaði sjávarútvegsins og 7—8% af rekstrarhallanum öllum á árinu 1968.

Í þriðja lagi þá var um það spurt í 1. umr. málsins, með hvaða hætti ráðstafað hefði verið úthlutun bóta, sem eru hliðstæðar þeim liðum, sem eru í þessu frv., sem hér er til umræðu, hvernig þeim hefði verið ráðstafað samkv. þeim lögum, sem hefðu verið samþykkt á síðasta Alþ. Tel ég rétt að upplýsa það hér, með eftirfarandi lestri úr bréfi um það efni. Það var hv. 4. þm. Vestf., sem sérstaklega óskaði eftir því, að þetta kæmi fram, áður en umræðu um þetta mál lyki, og er það hér með gert, með leyfi hæstv. forseta:

„Með bréfi dags. 7. febr. s. l. skipaði ráðuneytið

(sjútvmrn.) nefnd til að sjá um úthlutun bóta samkv. a-lið 1. gr. l. nr. 79 frá 29. febr. 1967, um ráðstöfun á gengishagnaði af útfluttum sjávarafurðum o.fl., og í nefndina voru skipaðir eftirtaldir menn: Sigurður Stefánsson endurskoðandi, Margeir Jónsson útgerðarmaður, Úlfur Sigurmundsson framkvæmdastjóri, Sveinn Benediktsson framkvæmdastjóri og Davíð Ólafsson bankastjóri, og var hann jafnframt skipaður formaður nefndarinnar. Nefndin leitaði til Efnahagsstofnunarinnar um að henni yrðu látin í té gögn varðandi hinar ýmsu greinar sjávarafurðaframleiðslunnar, og hafa þeir Jón Sigurðsson hagfræðingur þar og Bjarni Bragi Jónsson hagfræðingur unnið að þessu fyrir nefndina. Eftir þeim gögnum, sem nefndin hefur þannig fengið, hefur hún samþykkt einróma að leggja til, að greiddar verði eftirfarandi bætur í samræmi við ákvæði fyrr nefndra laga:

1. Vegna fiskveiða:

a. Síldveiðar. Greitt verði á hverja lest síldar, sem landað var innanlands á tímabilinu 26. nóv. til 31. des. 1967, kr. 170 svo og 3.4% á kauptryggingu greidda í des. 1967.

b. Þorskveiðar. Greitt verði á verðmæti afla, sem landað var innanlands á tímabilinu 26. nóv. til 31. des. 1967, 7.6% svo og 3.4% á kauptryggingu greidda í des. 1967.

2. Saltfiskframleiðsla:

a. Verkaður saltfiskur. Greitt verði á hverja lest fisks, sem var í birgðum 26. nóv. 1967, 319 kr. og framleiðslu á tímabilinu 26. nóv. til 31. des. 1967 957 kr. á hverja lest.

b. Óverkaður saltfiskur. Greitt verði á hverja lest fisks, sem var í birgðum 26. nóv. 1967, kr. 313.50 og á framleiðslu á tímabilinu 26. nóv. til 31. des. 1967 627 kr. á hverja lest.

3. Freðfiskframleiðsla:

a. Freðfiskur. Greitt verði á hverja lest fisks, sem var í birgðum 26. nóv. 1967, kr. 75 og á framleiðsluverðmæti tímabilsins 26. nóv. til 31. des. 1967 4.25% og er þá miðað við reikningsverð sölusamtakanna til framleiðanda vegna þessarar framleiðslu, sem skv. upplýsingum sölusamtakanna til Efnahagsstofnunarinnar var kr. 23.53 á hverja lest að meðaltali.

b. Freðsíld. Greitt verði á hverja lest síldar, sem var í birgðum 26. nóv. 1967, kr. 75 og af framleiðslu á tímabilinu 26. nóv. til 31. des. 1967 269.50 kr. á hverja lest.

4. Saltsíldarframleiðsla:

a. Síld, söltuð suðvestanlands. Greitt verði vegna þeirrar síldar, sem var í birgðum 1. des. 1967, kr. 14.51 pr. tunnu að meðaltali, svo og vegna framleiðslu á tímabilinu 1. desember 1967 til 31. desember 1967 kr. 27.81 pr. tunnu að meðaltali.

b. Síld, söltuð norðaustanlands. Greitt verði vegna þeirrar síldar, sem var í birgðum 1. des. 1967, kr. 20.25 á tunnu að meðaltali, svo og vegna framleiðslu á tímabilinu 1.—31. des. 1967 kr. 31.05 pr. tunnu að meðaltali.

c. Hækkun tunnukostnaðar. Greitt verði vegna verðhækkunar á tunnum, sem fluttar voru inn og greiddar á hinu nýja gengi og notaðar við framleiðsluna í desember 1967 kr. 3 millj. 668 þús. Byggist upphæð þessi á framlögðum gögnum síldarútvegsnefndar."

Með þessum upplestri og tilvitnunum tel ég, að þeim spurningum, sem til mín hefur sérstaklega verið beint varðandi málið, hafi verið svarað.

Magnús Kjartansson: Herra forseti. Okkur var áðan fluttur hér dálítið óvenjulegur leikþáttur. Hv. 10. þm. Reykv. kom hér upp í ræðustólinn og sagðist þurfa að bera upp fsp. við hæstv. sjútvmrh. Hv. þm. hafði skrifað með fyrirvara undir nál., þar sem hann lét þess getið, að hann væri fylgjandi því, að þetta frv. næði fram að ganga, það vantaði aðeins að fá svar við einni spurningu. Og hv. þm. flutti mál sitt á býsna sannfærandi hátt, eins og honum væri mjög mikið niðri fyrir. Hins vegar er hæstv. ráðh. öllu lélegri leikari en þm. Hann varð ekkert hissa, honum kom ekkert á óvart, hann var ekkert að hugsa sig um. Hann svaraði á stundinni. **(Gripið fram í:** Ég vissi, hvað til hafði staðið hjá hv. þm.) Já, að sjálfsögðu, ég tók eftir því. En einmitt þess vegna urðu þessir áhrifamiklu leikaratilburðir ekki eins áhrifamiklir og til hafði verið ætlazt af hv. þm. Þarna voru engir óvæntir atburðir að gerast. Það gerðist ekki meðan hv. þm. stóð hér í þessum stól, að hann fengi svar við spurningu sinni. Hann vissi svarið áður. Það var algjör óþarfi fyrir hann að setja þennan leikþátt á svið.

Hins vegar skil ég mjög vel, hvers vegna hv. þm. taldi sig þurfa að gera þetta. Hann er einn af forystumönnum sjómannasamtakanna í landinu. Hann er í trúnaðarstarfi fyrir samtök, sem hafa lýst yfir algjörri andstöðu við 1. kafla þessa frv. og borið fram kröfur um það, að sá kafli yrði ekki samþykktur hér á þingi. Hv. þm. er í miklum vanda. Hann er bæði tryggur stuðningsmaður ríkisstjórnarinnar, og hann vill einnig geta komið hér fram sem málsvari sjómanna. En eins og nú standa sakir, verða þessi hlutverk ekki samrýmd, vegna þess að hæstv. ríkisstj. er hér með frv. um ákaflega stórfellda skerðingu á umsömdum ákvæðum, sem gilt hafa um hlutaskipti sjómanna. Og hv. þm. rekur sig á það, að það er ekki hægt að þjóna tveimur herrum. En hann velur þann kost, að hann þjónar ríkisstj. í staðinn fyrir þeim sjómönnum, sem hafa trúað honum fyrir að gegna forystustörfum fyrir sig.

Ég tók eftir því, að hv. þm. lýsti því á mjög skýran hátt og dró ekkert af, að hann teldi þessa árás á sjómannakjörin algerlega óréttlætanlega. Hann lagði áherzlu á það, að kjör sjómanna hefðu skerzt fyrr og harkalegar en nokkurrar annarrar stéttar, að kaupgjald þeirra hefði lækkað um því sem næst helming og að verulegur hluti þeirra hefði ekki fengið nema kauptrygginguna tvö undanfarin ár. Hann lagði líka áherzlu á það, að þetta væru kjör, sem ekki væri hægt að skerða og að það væri röng stefna að skerða þau. Engu að síður ætlar þessi hv. þm. að standa að því, að sjálf þessi skerðing verði samþykkt hér á þingi. Hann ætlar að greiða atkvæði með því. Hann hefur að vísu aðra útgönguleið, sem hann lagði áherzlu á í ræðu sinni. Hún var sú, að nú tækju við samningar. Það hefði tekizt að fá þessu frv. þannig breytt, að ef það yrði gert að lögum, þá væru þeir samningar, sem bundnir voru, lausir. Það stafar m. a. af ákvörðun þessa hv. þm., að sumir þessir samningar voru ekki lausir áður. Ástæðan var sú, væntanlega, að hv. þm. og þeir, sem með honum starfa, hafa talið, að samningarnir væru þess eðlis, að það

mundi ekki bæta hag sjómanna að segja þeim upp. Það er ríkisstj. og þessi hv. þm., sem eru að búa til það ástand, sem gerir það óhjákvæmilegt að segja upp þessum samningum.

Og það er einmitt þetta atriði, sem varð til þess, að ég vildi með örfáum orðum gera grein fyrir afstöðu minni til þessa máls, enda þótt ég ætli ekki að halda neina langa ræðu. Það er í sjálfu sér tilgangslítið að flytja langar ræður um mál eins og þetta, þar sem ríkisstj. er búin að bíta í sig alveg ákveðna lausn, þar sem hún tekur ekki mark á neinum röksemdum stjórnarandstæðinga og neinum tillögum, þar sem hún þykist hafa valdið. Hún ætlar sér að beita þessu valdi, og hún telur, að stjórnarandstaðan sé harla máttlaus í þessum átökum. En hversu mikið vald hefur hæstv. ríkisstj.? Hv. 10. þm. Reykv. minntist einnig á það. Hann sagðist hafa spurt þá sérfræðinga og ráðherra, sem stóðu að því að semja þetta frv.: Hvernig á að gera þetta að veruleika? — Til þess að gera árás eins og þessa, sem þarna á að gera á afkomu sjómanna, til þess að gera hana að veruleika, þá þarf meira en að samþykkja lög á Alþ. Það er ekki hægt að koma fram efnahagsráðstöfun eins og þessari, nema að hún njóti verulegs skilnings meðal almennings, nema menn sætti sig við hana. Ef menn sætta sig ekki við hana, nær hún ekki fram að ganga þannig, að hún verði að raunveruleika. Fyrir þessu er löng reynsla og ég held, að hæstv. ráðh. ættu að vera farnir að átta sig á henni. Einmitt þess vegna er ástæða til þess að vara hæstv. ríkisstj. við að fara inn á þessa braut. Ef þetta frv. verður samþykkt, gerist örugglega eitt af tvennu. Annaðhvort taka sjómannasamtökin upp baráttu fyrir kjörum sjómanna og fylgja henni fast eftir, svo að þau rétti hlut sjómanna fullkomlega — og hv. 10. þm. Reykv. tók það fram, að til þess að rétta hlut sjómanna fyllilega, þyrfti að tryggja þeim óskert kjör, að engin kjaraskerðing kæmi til greina hvað þá varðar. Sem sagt, það þyrfti að rifta gersamlega ákvæðum 1. gr. laganna í verki, þó að tekinn væri upp einhver annar háttur á kaupgreiðslunum, yrðu þær að standa undir óskertum kjörum. Þegar þannig er barizt, skulum við gera okkur grein fyrir því, að það getur komið til vinnustöðvunar og ég hefði haldið, að hæstv. ríkisstj. hefði hug á flestu öðru en því, að það kæmi vinnustöðvun á Íslandi ofan í það ástand, sem nú blasir við. Þjóðarheildin hefur sannarlega ekki efni á því að láta sóa tugum eða hundruðum millj. í það, að framleiðslutækjunum sé haldið stöðvuðum vegna deilu um kjör stéttar, sem heldur uppi útflutningsframleiðslunni. En ef þetta gerist ekki, ef sjómannasamtökin hafa ekki þrótt eða getu til þess að ná fram þeim réttarbótum, sem þarna eru óhjákvæmilegar, verður afleiðingin hin, að beztu og kraftmestu sjómennirnir fara í land. Og menn skulu gera sér grein fyrir því, að það er hornsteinn þess mikla aflamagns, sem Íslendingar draga í land, hvað við höfum duglega sjómannastétt, sem kann betur til verka en nokkur önnur sjómannastétt í heimi. Ef við búum ekki að þessari stétt eins og hún á heimtingu á, fáum við ekki notið starfa hennar. Þá hverfa menn í land frá þessum störfum til annarra starfa. Slíkt hefur áður gerzt hér á Íslandi. Slíkt gerðist t. d. eftir 1950 og árunum þar á eftir. Þá flykktust menn í land, m. a. til starfa á Keflavíkurflugvelli, vegna þess að launakjörin á bátunum voru svo léleg. Þá urðum við að flytja inn Færeyinga, mikinn fjölda Færeyinga. En ég hygg, að það yrði dálítið erfitt fyrir útgerðarmenn að fá Færeyinga til starfa núna, vegna þess að þau kjör, sem nú er verið að skammta íslenzkum sjómönnum, eru miklu lægri en kjör sjómanna í nálægum löndum. Þess væri enginn kostur að fá nokkurn Færeying upp á þau kjör, sem á að skammta sjómönnum með þessu frv.

Um þetta alvarlega mál held ég, að hæstv. ríkisstj. ætti að hugsa. Hún er ekki að útkljá málið, þó að hún knýi það í gegn með sínum nauma meiri hl. hér á þingi. Vandinn tekur við eftir það og það er skylda stjórnarvalda á hverjum tíma að reyna að halda þannig á ákvörðunum sínum í efnahagsmálum, að þær leiði ekki til stórfelldra vandamála í þjóðfélaginu, eins og þetta gerir alveg óhjákvæmilega. Þetta sama sjónarmið ætti ríkisstj. raunar að hafa í huga í sambandi við aðra þætti hinna svo kölluðu kjaramála. Það er alkunna, að hæstv. forsrh. hefur lýst yfir því, að það sé forsenda gengislækkunarinnar, að ekki megi hækka neitt kaup til samræmis við þá verðbólgu, sem af gengislækkuninni hlýzt. Verulegur hluti af kaupi manna á Íslandi fyrir venjulegan dagvinnutíma er fjarska lágt kaup, 10 þús. kr. fyrir ófaglærða verkamenn á 2. taxta Dagsbrúnar á mánuði um það bil. Og verulegur hópur fólks er með mun lægra kaup, m. a. allir þeir, sem hafa afkomu af tryggingabótum. Ég held, að það sé alger fjarstæða að ímynda sér, að það sé hægt að lækka lífskjör þessa fólks. Það er ekki framkvæmanlegt. Og ríkisstj., sem ætlar að reyna að framkvæma þá stefnu, er að leiða yfir sjálfa sig óleysanleg vandamál. Það er ekki nema ár síðan ríkisstj. fékk af þessu reynslu. Hún ætlaði sér að framkvæma gengislækkunina á síðasta ári á þennan hátt. Hún kallaði yfir sig viðtækasta verkfall í sögu þjóðarinnar. Það verkfall varð ákaflega kostnaðarsamt fyrir þjóðarbúið. En ég held, að það sé samdóma álit meginþorra þjóðarinnar, að kröfugerð verkalýðssamtakanna þá hafi verið slík, að hún verði ekki gagnrýnd með nokkru móti; þær kröfur, sem þá voru bornar fram, séu svo sjálfsagðar, að þær eigi óhjákvæmilegan rétt á sér í nútímaþjóðfélagi. Og í sambandi við tal manna um það, að þjóðfélag okkar standi ekki undir því kaupgjaldi, sem felst í núgildandi kjarasamningum á ég dálítið erfitt með að átta mig á þeirri einkennilegu kenningu. Fyrir tveimur árum var gumað mjög af því í stjórnarblöðunum og ekki sízt í Morgunblaðinu, að Íslendingar væru að verða eitthvert auðugasta þjóðfélag í víðri veröld. Því var haldið fram, að þjóðartekjur á mann hér á Íslandi væru þær þriðju hæstu í heimi. Á undan okkur væru aðeins Bandaríkin og olíuríkið Kuwait, en við værum með hærri þjóðartekjur á mann en nokkurt Evrópuland. Af þessu var gumað fyrir kosningarnar á síðasta ári, og það var vitnað í opinberar alþjóðlegar skýrslur frá Sameinuðu þjóðunum máli þessu til sönnunar. Nú hefur hæstv. forsrh. greint frá því hér á þingi fyrir nokkrum dögum, að þjóðartekjur á mann hafi dregizt saman um 15% síðan þetta hámark var, um 15%. Þrátt fyrir þennan samdrátt eru meðalþjóðartekjur á mann á Íslandi hliðstæðar og þær eru annars staðar á Norðurlöndum um þessar mundir. Og hvernig er kaupgjald á Norðurlöndum? Núna nýlega bar verkamannasamband Danmerkur, samband ófag-

lærðra verkamanna, fram kröfur sínar. Þar á meðal var krafa um lágmarkslaun, alger lágmarkslaun ófaglærðra verkamanna. Og þessi lágmarkslaun, sem borin voru fram af dönsku alþýðusamtökunum, voru 450 kr. danskar á viku, 5200—5300 íslenzkar kr. á viku, 23 þús. til 24 þús. kr. á mánuði. Þetta áttu að vera lágmarkslaun í Danmörku. Það átti að vera bannað að greiða minna. En þetta er tvöfalt hærra en þau laun, sem verkamenn á Íslandi fá, ef miðað er við það gengi, sem nú er búið að setja og sem hæstv. ríkisstj. og sérfræðingar hennar segja, að sé rétt gengi. Og ég spyr: Dettur nokkrum manni í hug, að á sama tíma og þjóðartekjur á mann á Íslandi eru taldar hliðstæðar og þær eru í Danmörku, að launamenn á Íslandi sætti sig þá við það að vera hálfdrættingar í kaupi? — Slík stefna er alger fjarstæða og það er ekki nokkur vafi á því, að ef hæstv. ríkisstj. ætlar að forðast stórfelld og alvarleg átök í þjóðfélaginu, kemst hún ekki hjá því að viðurkenna þessa staðreynd og viðurkenna þá lágmarkskröfu verkalýðssamtakanna, að vísitölubætur á laun verði að haldast óslitið. Vegna þess að menn tala um vísitölubætur oft og einatt sem kauphækkanir, er ástæða til þess að leggja á það áherzlu, að þar er auðvitað ekki um neina kauphækkun að ræða. Fullkomið vísitölukerfi tryggir aðeins óskert laun, óskertan kaupmátt. Ég veit ekki til þess að verkalýðssamtökin hafi farið fram á kauphækkanir, en þau sætta sig ekki við að laun séu lækkuð um allt að því 20%, laun, sem eru það lág fyrir, að þeim verður aðeins jafnað við launakjör eins og þau gerast í sunnanverðri Evrópu í löndum eins og Spáni og Portúgal og Grikklandi. Ég held, að hæstv. ríkisstj. verði að hugleiða þetta í fullri alvöru. Það er ekki hægt að útkljá málin með því að láta samþykkja frv. hér á þingi. Vandinn tekur við seinna. Og hún er sjálf að kalla yfir sig vandann, ef hún samþykkir kjaraákvæði, sem ekki er nokkur leið að fá framkvæmd og sem enginn sættir sig við og sem enginn á að sætta sig við.

Það var fyrst og fremst þetta, sem olli því, að ég kom hér upp í ræðustól. En ég sé, að hér eru tveir ráðh viðstaddir, svo að mig langar að bæta við örlítilli fsp. um atriði, sem ég hef svolítið velt fyrir mér. Við erum með þessu frv. og fleirum að ráðstafa svo kölluðum gengishagnaði. En í sambandi við þær tvær gengislækkanir, sem gerðar hafa verið á einu ári, hefur komið fram mjög verulegur gengishagnaður hjá tveimur aðilum hér á Íslandi. Þetta eru tveir stærstu atvinnurekendur hér á landi. Annars vegar er bandaríska hernámsliðið, hins vegar svissneski alúmínhringurinn. Þessir aðilar greiða verulegan hluta af tilkostnaði sínum hér á landi, vinnulaunin, í erlendum gjaldeyri. Þessi gjaldeyrir hefur tvöfaldazt að verðmæti, miðað við íslenzka krónu á einu ári. Og nú er mér spurn og vænti þess, að þessir hæstv. ráðh., sem vafalaust hafa skoðað allar hliðar gengislækkunarmálsins gaumgæfilega, geti svarað: Hvað er þessi gengishagnaður hernámsliðsins og svissneska alúmínhringsins mikill? Hvað verður hann t. d. mikill á næsta ári? Og hvað breytir þetta mikið áætlununum um þann hagnað, sem við áttum að hafa af svissnesku alúmínbræðslunni? Sá hagnaður var ekki sízt fólginn í því, að við áttum að fá greiðslu fyrir vinnu manna í verksmiðjunni. Sú vinna er orðin helmingi ódýrari en hún var, þegar samningurinn var gerður. Hún kostar helmingi minna í svissneskum frönkum eða dollurum en þá var gert ráð fyrir. Þessi gengishagnaður kemur hinum erlendu atvinnurekendum einum að gagni. Þeir stinga honum í sinn eigin vasa. En það væri býsna fróðlegt, ef hæstv. ráðh. vita það, að fá vitneskju um það, hvað hann verður mikill t. d. á næsta ári.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Eins og fram kemur á þskj. 209, vorum við, sem skipuðum minni hl. sjútvn. þessarar d., tveir fulltrúar Framsfl. og ég, á því, að rétt væri að afgreiða þetta frv. með rökstuddri dagskrá. Þessi dagskrá er á þessa leið, með leyfi hæstv. forseta:

„Þar sem ljóst er, að samþykkt frv. getur leitt til ófriðar á vinnumarkaðinum og stöðvun fiskveiða á komandi vertíð, sem mundi hafa hinar örlagaríkustu afleiðingar fyrir íslenzkan þjóðarbúskap, ályktar deildin að vísa frv. frá og tekur fyrir næsta mál á dagskrá."

Það er skoðun okkar, eins og þegar hefur komið hér fram í umræðum, bæði við 1. umr. um málið og svo aftur nú við 2. umr. málsins, að það séu allar líkur, sem bendi til þess, að samþykkt á þessu frv. leiði til stöðvunar fiskiskipaflotans núna upp úr áramótum. Hæstv. ríkisstj. hefur þegar látið undan hörðum mótmælum sjómanna gegn þessu frv. að því leyti til, að hún hefur nú tekið inn í frv. ákvæði um það, að öllum kjarasamningum á milli sjómanna og útvegsmanna, sem í gildi eru, megi segja upp án fyrirvara strax eftir gildistöku þessara laga. Það gefur því alveg auga leið, að um áramótin falla ábyggilega úr gildi allir kjarasamningar á milli útgerðarmanna og sjómanna. Enginn efi getur verið á þessu vegna þess, hvernig sjómenn hafa tekið þessu frv. og vegna þess, sem þeir hafa sent frá sér varðandi efni þess. Það er því alveg sýnt, að næsta ár byrjar með því á þessum vettvangi, að samningaviðræður hefjast væntanlega á milli samtaka sjómanna og samtaka útvegsmanna. Það er nú ekki óalgengt, þegar komið hefur til uppsagnar á slíkum samningum, þá hafi það leitt til þess, að það hafi tekið alllangan tíma að koma sér saman um nýja samninga og það jafnvel þótt deilt hafi verið um tiltölulega lítið á milli þessara aðila, stundum aðeins um leiðréttingu á samningsákvæðum, sem þótt hafa ekki að fullu ljós. En nú munu þessar samningaviðræður hefjast, eftir að búið er með löggjöf frá Alþ. að kippa öllum grundvelli undan fyrri kjarasamningum. Þá væri sem sagt búið að ákveða það með lögum, að af því fiskverði, sem í gildi er á hverjum tíma, skuli taka allstórar fjárhæðir og ráðstafa þeim til ýmiss konar greiðslna, sem hingað til hafa tilheyrt útgerðarmönnum einum. Eins og fram hefur komið, er hér að því stefnt, að tekið verði af óskiptum aflahlut sem nemur 27%, þegar um þorskveiðar er að ræða, en sem nemur 37% af verði aflans, þegar um síldveiðar eða humarveiðar er að ræða og að þessum fjárhæðum skuli varið til þess að greiða afborganir og vexti af stofnlánum útgerðarinnar og til þess að standa undir auknum rekstrarkostnaði almennt séð hjá útgerðinni.

Þegar þetta liggur fyrir, sjá allir, að í hinum nýju samningaviðræðum hlýtur að vera deilt um alveg gersamlega breytt hlutaskiptakjör frá því, sem verið hefur nú um alllangan tíma. Allar líkur benda til þess, að

sjómenn setji þá fram kröfur um stórhækkaða skiptaprósentu sér til handa, af því að það á að skipta miklu lægri upphæð heldur en áður hefur verið. Og að sjálfsögðu hljóta þeir einnig að setja nú fram kröfur um greiðslur á ýmsum hlunnindum sér til handa, sem þeir hafa gjarnan áður sett fram, en þó vikið frá í samningaviðræðum. Trúi því svo hver sem trúa vill nú á þessu stigi, að samningar á þessum grundvelli á milli sjómannasamtakanna í landinu og útvegsmannasamtakanna takist á stuttum tíma. Ég held, að það sé ekki raunsætt mat að reikna með slíku. Mér sýnist því, að allar líkur bendi til þess, að svo kunni að fara, að a. m. k. allur janúarmánuður fari í þref á milli þessara aðila og hefur þá þjóðarbúið fengið það út úr krafsinu að losna við að fá gjaldeyristekjur, sem með eðlilegum hætti hefðu getað komið í þjóðarbúið vegna útgerðar í þeim mánuði.

Hér er mjög óhyggilega að farið að minum dómi og hefði verið nær að reyna samningaleiðina, reyna að komast að samningum milli aðila með eðlilegum hætti, ef menn teldu, að grundvöllur að kjarasamningum hefði breytzt þannig, að eðlilegt hefði verið að gera kröfur um breytta kjarasamninga. En ég er líka hræddur um það, að það séu ekki miklir möguleikar til þess, þó að hæstv. ríkisstj. leggi sig þar alla fram og forystumenn útvegsmanna líka, það séu ekki miklir möguleikar til þess að fá íslenzka sjómenn, eins og nú standa sakir, til þess að fallast á verulega lækkun á sínum aflahlut, eins og þeirra hlutur hefur komið út á því ári, sem nú er að líða og á s. l. ári. Ég hef bent á það hér í umr. áður um þetta mál, að á því getur ekki leikið neinn vafi hjá neinum manni, að íslenzkir sjómenn hafa orðið fyrir meira tekjutapi á s. l. ári og á þessu ári en nokkur önnur vinnustétt í landinu, enda liggur það fyrir, að í langflestum tilfellum hafa t. d. síldveiðisjómenn orðið að láta sér nægja það að búa við lágmarkskauptryggingu sem sinn launahlut. En þessi lágmarkskauptrygging mun nú vera eitthvað í kringum 14 þús. kr. á mánuði brúttó, en frá þeirri upphæð er síðan dreginn fæðiskostnaður um borð í skipunum, sem í langflestum tilfellum mun vera um 5—6 þús. kr. á mánuði og í einstaka tilfellum mun þessi kostnaður hafa farið, eins og einn af stuðningsmönnum ríkisstj. sagði hér fyrr í umræðunum í kvöld, jafnvel allt upp í 10 þús. kr. á mánuði. En við skulum nú aðeins reikna með því, að þessi fæðiskostnaður sé almennt séð 5—6 þús. kr. á mánuði — en þar hygg ég, að ekki sé nefnd of há tala — þá sjá menn það, að það kaup, sem síldveiðisjómenn okkar, en þeir eru býsna margir, hafa búið við nú á þessu ári, er í kringum 8—9 þús. kr. á mánuði, en það er sú upphæð, sem þeir hafa haft fyrir sig og sínar fjölskyldur og haft til þess að standa undir öllum sínum sköttum og skyldum. Þetta hafa þessir aðilar fengið fyrir það að hafa gegnt þeim störfum, sem hafa kallað á það, að þeir hafa þurft að vera fjarri heimilum sínum svo mánuðum skiptir, ýmist norður í Dumbshafi eða þá úti í Norðursjó eða á öðrum fjarlægum miðum, en þar hefur síldveiðin einkum farið fram á þessu ári.

Ég vil segja það, að þeir eru ekki lítið bjartsýnir þeir útgerðarmenn eða þeir forystumenn útgerðarmanna í landinu og þeir ráðh., sem búast við því, að þeir geti fengið þessa aðila, sem svona stendur á um, til þess að fallast á það að semja á stuttum tíma um það að lækka sinn umsamda aflahlut frá því, sem verið hefur um langan tíma, að jafnmiklu leyti eins og stefnt er að með þessu frv. Ég held fyrir mitt leyti, að á því sé enginn vafi, að þessi málatilbúnaður allur af hálfu hæstv. ríkisstj. leiði óhjákvæmilega til stöðvunar fiskiskipaflotans upp úr áramótum. Og þegar menn hafa stöðvað nógu lengi til þess að hafa áttað sig á veruleikanum, er ég líka nokkurn veginn viss um það, að þá verður samið um svipaðan aflahlut og í gildi hefur verið á raunhæfan hátt. Og þá verður þessi barátta í rauninni unnin fyrir gýg. Og þá hefur svo farið eins og talsmenn hæstv. ríkisstj. hafa sagt hér, þá hefur þessi gengislækkunarleið verið unnin fyrir gýg. Þá hefur sem sagt ekki tekizt að koma því fram að bæta hag útgerðarinnar í landinu á þann hátt að lækka launahlut sjómanna, því að sannleikur málsins er sá, að undirstaðan að gengislækkunarákvæðunum nú, maður getur sagt það, að undirstöðurnar séu í aðalatriðum tvær: Útgerðinni í landinu á að bjarga á þann einfalda hátt að rýra aflahlut sjómanna og flytja þannig nokkra fjármuni yfir til útgerðarinnar. Bregðist þetta, verður auðvitað sagt, að þá standi útgerðin sig ekki og þá verði að gera eitthvað annað fyrir hana. Gagnvart útgerðinni hvílir gengislækkunaráformið á þessum grundvelli. En gagnvart fiskiðnaðinum í landinu hvíla ráðstafanirnar í gengislækkunarmálunum á því, að það takist að koma fram mjög verulegri kjaraskerðingu hjá vinnandi fólki, sem vinnur við fiskiðnaðinn í landinu. Ef verkafólk unir því ekki að taka á sig 20—30% almenna verðlagshækkun bótalaust, ef verkalýðssamtökin hnekkja nú slíkri árás og knýja það fram, að það skuli greidd verðlagsvísitala á laun eins og verið hefur, sem auðvitað eru allar líkur á, að verkalýðssamtökin knýi fram, kannske eftir hálfs mánaðar eða eins mánaðar verkfall eins og á s. l. ári — eða fyrr á þessu ári í rauninni — knýi verkalýðssamtökin það í gegn, að þau haldi verðtryggingunni á launum, þá er hinn grundvöllurinn gagnvart fiskiðnaðinum fallinn og þá munu fiskiðnaðarmenn eða eigendur frystihúsanna í landinu segja: Þá höfum við ekkert haft út úr gengislækkuninni annað en tapið. Við höfum ekki fengið þetta, sem okkur var lofað að fá, ódýrara vinnuafl. — Alveg eins og útgerðarmennirnir munu segja: Við höfum ekki fengið þetta, sem okkur var lofað, ódýrari sjómenn. Ráðstafanirnar hvíla beinlínis á þessu tvennu og engu öðru. En það er ekki í fyrsta skipti, sem núv. hæstv. ríkisstj. hefur sýnt svona veiði eins og þessa, fá útvegsmenn annars vegar til þess að trúa því í byrjun: Svona gengur það. Þarna er ykkur boðið upp á það að fá þá þessar bætur. — En svo kemur bara hin kalda reynsla og kennir mönnum það, að þetta fær ekki staðizt. Þetta gufar upp, þetta verður að engu og menn sitja eftir í sama farinu. Ég tel því, að það séu allar líkur á því, að þessar ráðstafanir, sem hæstv. ríkisstj. hefur hér ráðgert, fái ekki staðizt í reynd. Af því stend ég að því að leggja til, að þetta mál verði afgreitt með rökstuddri dagskrá og málinu verði vísað frá og það verði reynt að takast á við þann vanda, sem hér er við að glíma, eftir öðrum leiðum.

Ég tók eftir því, að hæstv. sjútvmrh. vék hér í sínu máli nokkuð að því, að við, sem erum andvígir þessu frv., kæmum hér ekki fram með neinar raunhæfar úr-

bótatillögur, og í þeim efnum endurtók hann nokkuð af því, sem oft hefur verið sagt áður af hálfu þeirra ríkisstj.-manna. Hann reyndi að færa að því rök, að þó að farið yrði að okkar ráðum, einkum varðandi lækkun á ýmsum reksturskostnaði útgerðarinnar, mundi slíkt ekki koma að neinu gagni. Við höfum bent á það, að það væri t. d. ástæða til þess að lækka vexti í landinu verulega frá því, sem verið hefur og þá ekki sízt einmitt hjá útflutningsframleiðslunni, en svar hæstv. ráðh. var á þá lund, að eftir þeirri leið væri ekki hægt að ná nema sáralítilli upphæð og það, sem hæstv. ráðh. las upp í þeim efnum, var það, að hann taldi, að helzt mætti gera ráð fyrir því að lækka vextina um 20%. En við mættum lækka vextina hér um miklu meira en 20% til þess að komast í jafnvægi við það, sem er hér í okkar nágrannalöndum, t. d. það sem er í Noregi, einu okkar aðalsamkeppnislandi í sjávarútvegi. En tölurnar, sem hæstv. ráðh. nefndi, voru auðvitað augljóslega rangar og þær verða rangar hversu oft sem þær verða endurteknar af fulltrúum ríkisstj. Hæstv. ráðh. sagði, að talið væri, að vaxtagreiðslur útgerðarinnar í landinu alls mundu nema 376 millj. kr. Það er nú svo meira að segja með þessa tölu, sem hæstv. ráðh. las hér upp nú og ég efast ekkert um, að er ein af mörgum tölum beint frá Efnahagsstofnuninni, hún er að vísu orðin nokkru lægri nú heldur en sú tala var, sem Efnahagsstofnunin gaf okkur upp fyrir stuttu síðan og ég á nú plöggin enn þá yfir. Þar taldi Efnahagsstofnunin, að þessir vextir væru 406 millj. kr., en svo vildi nú til, að ég hafði þó eitt gamalt blað hérna, reyndar þó ekki eldra heldur en frá því í októbermánuði, 29. október, nú á þessu ári, það var frá sjálfum Seðlabankanum, en þar taldi hann að áætla mætti, að vextirnir væru um 400 millj. kr. og þar af væru stofnfjárvextir eða stofnvextir 260—270 millj., en rekstrarlánavextir 130—140 millj. Nú vil ég ekki deila um það við fulltrúa Efnahagsstofnunarinnar eða Seðlabankans, að vextir þeir, sem útgerðin í landinu þarf að greiða á hverju ári af stofnlánum og af beinum rekstrarlánum, sem lánastofnanir veita, séu í kringum 400 millj. kr. á ári. Ég gerði strax, þegar ég fékk þessar upplýsingar, fsp. um það, hvað væri raunverulega fólgið í þessari vaxtatölu, hvort þarna væri t. d. um að ræða vexti af öllum lánum útgerðarinnar í landinu og því var hiklaust svarað af forsvarsmönnum Efnahagsstofnunarinnar, að hér væri aðeins um formleg, föst stofnlán að ræða, vexti af þeim hjá lánastofnuninni, en ekki vexti af margvíslegum öðrum lánum, sem útgerðin verður að standa undir til margvíslegra annarra aðila. Einnig var um það spurt, hvort hér væru taldir fram þeir vextir, sem útgerðin þyrfti að greiða sem refsivexti, en þar er um mjög verulegar fjárhæðir að ræða, vegna þess að hún hefur ekki getað staðið í skilum og í vissum tilfellum, þar sem t. d. vextirnir eru lægstir eins og t. d. af beinum stofnlánum fiskiskipa, þar sem þeir eru 6½%, þá þjóta þeir upp í 12%, þegar um vanskil er að ræða, og vanskilavextirnir eru hreint ekki lágir. Þeir voru ekki heldur taldir með í þessari upphæð.

En þetta skiptir þó ekki mestu máli. Það, sem hér skiptir mestu máli og aðalblekkingin liggur í í þessum efnum, er það, að þessir háu herrar, þeir hljóta að vita það, að vexti þarf útgerðin í landinu að borga eftir miklu fleiri leiðum heldur en beina vexti af hreinu stofnláni af fiskiskipi eða beinu stofnláni af frystihúsi, og útgerðin þarf að borga miklu meiri vexti heldur en aðeins vexti af beinum eða hreinum rekstrarlánum frá bönkum í sambandi við reksturinn. Þegar t. d. meðalsíldveiðibátur hefur einn útgjaldalið á ári, sem nemur 1 millj. kr. og heitir veiðarfærakostnaður, þá liggur í þeim lið allveruleg vaxtagreiðsla, vegna þess að þeir, sem selja veiðarfærin, þeir hafa reiknað sér vexti eða reiknað inn í veiðarfærareikninginn vexti. Þeir hafa vitanlega, þegar þeir framselja sína vinnu í sambandi við viðgerðir á síldarveiðarfærum, þá verða þeir að reikna út í sína framseldu vinnu þá vexti, sem þeir verða að greiða til lánastofnana vegna sinna mannvirkja og vegna sinna lána. Hér er því vitanlega um það að ræða, að útgerðin þarf að borga mjög verulega vexti, ekki aðeins af hinum formlegu lánum, heldur einnig í gegnum alla sína rekstursútgjaldaliði. Dettur t. d. nokkrum manni í hug, að í olíukostnaðarlið eins fiskiskips sé ekki um vexti að ræða líka. Olíufélögin þrjú munu skulda bönkum landsins, svona gegnumsneitt yfir árið um 300 millj. kr., auk þess sem þau kunna að skulda ýmsum öðrum. Þau þurfa að borga vexti til bankanna af þessum olíuskuldum, og dettur einhverjum það til hugar, að olíufélögin borgi þetta bara svona beint úr sínum vasa og framselji það ekki á neinn hátt út í það verðlag, sem þau mynda. Auðvitað láta þau útgerðina borga þessa vexti í sinni verðlagningu. Þetta vita efnahagssérfræðingar ríkisstjórnarinnar, þetta hefur þeim verið bent á æ ofan í æ. Ég hef margsinnis minnzt á þetta hér á Alþ. og annars staðar. Þeir vita það, að hvort heldur sem um er að ræða fiskibátaútgerð eða rekstur frystihúss eða annarra fiskvinnslustöðva, þá er ekki aðeins um að ræða vaxtaútgjöld, sem stafa beint af formlegum stofnlánum eða formlegum rekstrarlánum, heldur er einnig um vaxtagreiðslur að ræða af margvíslegum öðrum vanskilalánum eða skuldum, sem fyrirtækin verða að standa undir, og einnig er um að ræða vaxtagreiðslur svo að segja í öllum útgjaldaliðum fyrirtækjanna. Vextir útgerðarinnar í landinu á einu ári eru því ekki í kringum 400 millj. kr. Þeir eru ábyggilega ekki undir 800 millj. kr. Svo að ef um það væri að ræða að lækka vextina allverulega, eins og mætti t. d. gera í ýmsum sjávarútvegslánum, að lækka þá fyllilega um helming, þá er vitanlega hægt að ná hér umtalsverðri upphæð. Spurningin er aðeins sú, hvort menn eru inn á þeirri braut, að þeir vilji fara þessa leið eða ekki.

En ríkisstj. telur það hins vegar ómaksins vert að setja í lögin ákvæði um það, að nú skuli tekið af óskiptum afla 10—20% af fiskverði og síldarverði og lagt í svonefndan Stofnfjársjóð fiskiskipa. Hvað þýðir þetta í reynd? Samkv. því, sem segir í grg. frv., mun þetta þýða það, að samkv. þessu þá verður tekið af óskiptum afla í þennan sjóð fjárhæð, sem mun nema kringum 400 millj. kr. á ári — það stendur í grg. frv.: um 400 millj. kr. á ári. En það þýðir í stórum dráttum, að það er verið að láta sjómennina, sem eiga helminginn af aflaverðmætinu, þ. e. alla skipshöfnina, yfirmenn og undirmenn, sem eiga í kringum helminginn af aflaverðmætinu, það er verið að láta þá borga í þennan stofnfjársjóð eftir þessari leið í kringum 200 millj. kr. á ári. Hitt borgar útgerðin sjálf, enda átti hún hinn helminginn.

Það var ómaksins vert að sækja til sjómanna á

þennan hátt 200 millj. kr. og bjarga útgerðinni með því, en hitt var ekki ómaksins vert að lækka vexti í landinu um 2% eða eitthvað þess háttar og færa útgerðinni á þann hátt t. d. 200 millj. kr. Það var ekki hægt. Hitt var hægt, af því að þar var um beina launalækkun að ræða. Þar var kjaraskerðingarpólitíkin fyrir, sú pólitík, sem ríkisstjórnin hefur haldið sig við á undanförnum árum.

Nei, það er hægt — bæði í þessum efnum og fleirum — að ná nokkuð svipuðum árangri eftir öðrum leiðum, spurningin er aðeins sú, hvort menn vilja velja aðra leið eða hvort þeir ætla að halda sér endilega við gömlu leiðina, sem hefur mistekizt nú æ ofan í æ á undanförnum árum.

Það er líka gert ráð fyrir því í þessu frv. að viðhalda hér áfram og hækka sjálfsagt útflutningsgjöld á sjávarafurðum, þannig að það verði lögð útflutningsgjöld á sjávarafurðir, sem nema munu langleiðina ef ekki alveg upp í 400 millj. kr. Ég hef haldið því fram, að það væri hægt að fella þetta gjald niður að langmestu leyti. Að vísu verður það ekki allt hreinn sparnaður fyrir útgerðina, það er alveg rétt, en ég held, að það væri hægt að spara með því að leggja þetta gjald niður, spara mjög álitlega upphæð og taka síðan upp alveg nýtt fyrirkomulag í sambandi við vátryggingar á fiskiskipaflotanum, sem nú er almennt farið að viðurkenna að þurfi að taka upp.

Hér eru auðvitað til ýmsar aðrar leiðir. Mér dettur ekki í hug að halda því fram og hef ekki gert það í umræðum um þetta mál, að það hafi verið hægt nú, áður en gengislækkunin var ákveðin, að leysa allan vanda sjávarútvegsins aðeins með svona lækkunum á reksturskostnaði. Það hefur mér aldrei dottið til hugar. Ég hef hins vegar viðurkennt það, að svo var komið í okkar efnahagsmálum, að það mundi vera óhjákvæmilegt til viðbótar við niðurfærslu á þessum rekstrargjöldum á ýmsum sviðum, þá mundi einnig vera óhjákvæmilegt að færa með einum eða öðrum hætti allverulega fjármuni yfir til útflutningsframleiðslunnar frá því, sem verið hefur. En ég álít, að það hefði verið hægt að gera það með millifærsluleið, án þess að þurfa að fara kauplækkunarleið, og hef fært að því rök hér í umræðunum áður. Það hefði einnig verið hægt að gera það eftir gengislækkunarleið, ef staðið hefði verið að gengislækkuninni á þann hátt, að unnið hefði verið að því á ákveðinn hátt að koma í veg fyrir það, að gengislækkunin þyrfti að skerða kjör láglaunastéttanna. Það hefði líka verið hægt eftir þeirri leið. En það er bara ekki sama, hvernig að gengislækkuninni er staðið. Nú er staðið að framkvæmd gengislækkunarinnar eins og í hin fyrri tilfellin fyrst og fremst þannig, að það er gert ráð fyrir því, að ríkissjóður eigi að geta aukið sínar tekjur eftir gengislækkunarleiðinni stórkostlega frá því, sem áður var.

Það var hv. 10. þm. Reykv., Pétur Sigurðsson, sem talaði hér í þessum umr. á þann hátt, sem mjög vakti athygli mína. Hv. þm. sagði hér marga hluti í sambandi við þetta mál, þar sem skoðanir hans virtust falla saman við skoðanir mínar. Hv. þm. virtist ekki hafa mikla trú á því, að sjómenn sættu sig við þá kjaraskerðingu, sem felst í þessu frv., og hann taldi í rauninni alveg óhjákvæmilegt, að í nýrri samningagerð kæmu þessi sjónarmið sjómanna fram í kröfum um ýmsar nýjar ráðstafanir sjómönnum til góða. Ég fann það, að hv. þm. hefur kynnt sér þetta mál, og þekkir það það vel, að hann er í meginatriðum varðandi þetta atriði mér sammála. En mér fannst svo sú afsökun, sem hann hafði hér í frammi fyrir því að ætla samt sem áður að samþykkja þetta frv., mér fannst sú afsökun hans vera harla rýr. Það er að vísu alveg rétt, að það hefði verið mjög óviðkunnanlegt að gera ráð fyrir því, eins og gert er ráð fyrir í þessu frv., að ætla sér að innheimta 22% aukagjaldið af aflaverðmæti þeirra skipa, sem landað hafa erlendis á tímabilinu frá 15. nóv. og þar til að lögin taka gildi, þau verða samþykkt, vegna þess að í mörgum tilfellum hafa sjómenn verið að störfum erlendis og ekki haft aðstöðu til þess að kynna sér þessar fyrirhuguðu ráðstafanir. Ég tek því alveg undir það með hv. 10. þm. Reykv., að vissulega er það réttmætt að fallast á það að innheimta ekki þessi 22% af löndúðu aflaverðmæti skipanna á þessu tímabili, en jafnvel þó að sjómenn fengju nú það, þá breytir það nú engu um hitt, sem hann hafði sagt hér áður um meginefni þessa frv. og ég hef sagt hér líka; það breytir auðvitað engu um það, að með þessu frv. er verið að leggja grundvöll að því að skylda sjómenn til þátttöku í útgerðarkostnaði, sem þeir hafa ekki viljað fallast á í frjálsum samningum. Ég get því ekki séð, að þetta — jafnvel þótt þetta yrði nú framkvæmt á þann hátt, sem hæstv. ráðh. sagði og hv. þm. gerði kröfu um, að þá geti það á nokkurn hátt réttlætt það, að maður með hans skoðanir á þessum málum, að hann geti samþykkt þetta frv.

En svo vil ég á það minnast, að ég get ekki séð, að það sé á valdi hæstv. sjútvmrh. að framkvæma þetta á þann hátt, sem hann gaf hér yfirlýsingu um. Hann var fljótur til að lesa hér upp yfirlýsingu á þann hátt að hann bjargaði þó þessu atkv., sem þarna var í voða, og sem sagt að lýsa því yfir, að hann skyldi nú gera þetta fyrir hv. 10. þm. Reykv. og til þess þá að hann styddi frv., sem auðvitað var meginatriðið. En ég get ekki séð það, að það fyrirfinnist í frv. nokkur heimild handa hæstv. ráðh. til þess að framkvæma þetta ákvæði á þennan hátt. Ég held að það þurfi að breyta frv. til þess, vegna þess að í frv. er alveg skýrt tiltekið — það er sagt, þegar fiskiskip selur afla í erlendri höfn, skal það greiða 22%. Það er ekkert um, að það megi leggja þetta á. Það skal bara gera þetta. Og áður er búið að segja það alveg greinilega, að hér sé um að ræða gjald í Stofnfjársjóð og gjöldin í Stofnfjársjóð, sem ákveðin eru í 2. og 3. gr. frv., eiga að miðast við það fiskverð, sem ákveðið er miðað við 15. nóvember. Og í 4. gr. er aðeins um það að ræða, hvernig þessu skuli fyrir komið, sem áður er búið að segja í frv., hvernig því skuli komið fyrir, sem áður er búið að segja í frv., þegar um það er að ræða, að afla sé landað erlendis. (**Gripið fram í:** Má ég skjóta fram í?) Já, já, gjörðu svo vel. (**Gripið fram í:** Verðlagsráðið ákveður ekki verð erlendis.) Nei, nei, það er rétt, enda eru þessi 22% ekki miðuð við það verð. En ákvæðin í 4. gr. eru um framlag í Stofnfjársjóð og í 2. og 3. gr. eru ákvæðin um framlögin í Stofnfjársjóð, og þar er það ákveðið, að þetta skuli miðað við 15. nóvember. Ef slík skýring, sem hv. þm. er nú að leita eftir í þessu tilfelli, ef hún fengi staðizt, þá mætti alveg eins skýra þetta þannig, að það þyrfti ekki að fara að innheimta þetta gjald, af því það væri ekki greinilega fram tekið, fyrr en

bara að ráðh. dytti það til hugar. En slík skýring fær vitanlega ekki staðizt á neinn hátt, enda held ég að sé vissara fyrir hv. þm. að taka af öll tvímæli í þessum efnum, og þá líklega vandalaust fyrir ríkisstj. að fallast á það, ef hún ætlar að framkvæma þetta svona, því hún hefur ábyggilega stuðning hér á Alþ. fyrir slíkri breytingu, svo að það er þá einfalt að samþykkja hana og tryggja, að þetta verði með þessum hætti. Ég held, að það sé heldur ekki nokkur minnsti vafi á því, að þeir, sem sömdu frv., að þeir hafa ætlazt til þess, að framkvæmdin yrði með þessum hætti, og af því hafa þeir háu herrar niðri í Seðlabanka þegar byrjað á því að setja þetta gjald fast, og menn hafa ekki fengið þetta út. Það er rétt, þeir hafa þegar sett það fast, og útgerðirnar hafa ekki fengið það.

Þetta er þá til frekari athugunar, hvernig með þetta skuli farið, en ég tek undir það fyrir mitt leyti, að ég teldi að vísu alveg sjálfsagt, að þessi háttur yrði hafður á í sambandi við framkvæmdina.

Það var svo hér aðeins eitt atriði, sem ég ætlaði mér rétt að minnast á til viðbótar, ég skal svo ekki orðlengja þetta frekar, aðeins minnast á eitt í leiðinni. Það var í rauninni í tilefni af því, að ég hafði sagt við 1. umr. um málið, og hæstv. sjútvmrh. fann ástæðu til þess að mótmæla því, sem ég hafði sagt í þeim efnum, en þar hafði ég á það bent, að í frv. væri gert ráð fyrir því að ráðstafa gengishagnaði af birgðum sjávarútvegsvara með þeim hætti að greiða ýmsar þær skuldbindingar, sem ríkissjóður hafði tekið á sig áður og sem ríkissjóður var búinn að fá tekjustofna til þess að geta greitt. Og í þeim efnum þá lét ég þau orð falla, að m.a. í þeim viðræðum, sem átt hefðu sér stað á milli stjórnmálaflokkanna í september- og októbermánuði, að þá hefði ég um það spurt þar, hvort ríkissjóður hefði ekki tekjur til þess að standa undir þessum skuldbindingum sínum eða hvort það þyrfti einnig að reikna með því, að afla yrði fjár í sambandi við lausn vandamála útvegsins til þess að hægt væri að standa við þegar gefnar skuldbindingar. Og ég sagði hér við 1. umr., að ég hefði fengið það svar, að það þyrfti ekki að afla fjár í þessu skyni, ríkissjóður hefði fé til þess að borga þessar upphæðir, sem hér væri um að ræða, en hæstv. ráðh. sagðist hafa borið þetta undir fjmrh., og hann hefði ekki viljað við það kannast, og á meðan svo væri, þá tryði hann þessu ekki.

Það liggur nú alveg skjalfest fyrir, og er lítill vandi að sanna það, að ríkissjóður hafði tekið á sig þær skuldbindingar, sem hér er um að ræða, ríkissjóður hafði tekið á sig þær skuldbindingar að lofa síldarútvegsmönnum því strax á s. l. vori að greiða fyrir þá væntanlegar afborganir og vexti af bátunum vegna síldveiðanna á árinu. Um þetta var gefið út sérstakt bréf, sem við höfum þegar fengið afrit af, og á sama hátt hafði ríkisstj. líka fyrir síldveiðarnar á s. l. vori gefið eigendum síldarverksmiðja yfirlýsingu um það, að ráðstafanir mundu verða gerðar til þess að greiða fyrir síldarverksmiðjurnar afborganir og vexti af stofnlánum og fleiri slíkar yfirlýsingar voru gefnar um ýmsar greiðslur til útvegsins. Á einum af þessum viðræðufundum á milli stjórnmálaflokkanna þá gerði ég m. a. fyrirspurnir um þetta. Ég leitaði svo núna og fann fljótlega í mínu pússi minnisblað, þar sem skráðar eru spurningar mínar til ríkisstj., varðandi þessi mál, og fyrsta spurningin á blaðinu var þannig: Hvað vantar af fé til þess að standa við ráðgerðar styrktargreiðslur til sjávarútvegsins á árinu 1968? — Auðvitað var um það að ræða, að þegar stjórnmálaflokkarnir voru að gera sér grein fyrir því, hve þetta sjávarútvegsdæmi, sem menn hafa kallað svo, væri stórt, hvað þyrfti að afla hér mikils fjár, þá vildu menn vita það, hvort til viðbótar við þær greiðslur, sem greiða þyrfti til stuðnings á árinu 1969, á næsta ári, kæmu einnig fjárhæðir vegna þess, að ríkið gæti ekki staðið við sínar fyrri skuldbindingar frá árinu 1968. Ég fékk á þessum fundi alveg skýlaust svar um það, að með tilliti til hins nýlega álagða 20% innflutningsgjalds, þyrfti ekki að afla fjár í þessu skyni, ríkið gæti staðið við sínar skuldbindingar. Og til sannindamerkis um þetta eru svo fjölda mörg prentuð plögg eða vélrituð plögg, sem við höfum í okkar höndum, sem í þessum umræðum stóðum, sem öll vitna um það, að í öllum þeim dæmum, sem upp voru sett og afla þyrfti fjár til, var eingöngu miðað við fjárgreiðslur vegna rekstursins á árinu 1969, en ekki til þess að greiða upp skuldahala frá árinu 1968. En þegar svo ríkisstj. kom auga á það, að til mundi falla allverulegur gengishagnaður af birgðum sjávarafurða, sem í landinu voru við gengisfellingarnar, þótti auðvitað ríkisstj. það einsætt að láta útvegsmenn með þessum gengishagnaði borga sér þetta sjálfa og sem sagt vísa aðeins á þessa peninga og hæstv. sjútvmrh. hefur tekið þetta sem góða og gilda vöru, eins og ég sagði hér fyrr í umræðunum, og það, sem ég sagði því um þetta, er á allan hátt rétt.

Ég skal svo ekki fjölyrða um þetta frekar að þessu sinni, aðeins að lokum endurtaka það, að ég held, að hæstv. ríkisstj. gerði það bezt í þessu máli að fallast á að láta þetta mál liggja þar sem það er komið. Sjá síðan til, hvað kemur út úr samningaviðræðum útvegsmanna og sjómanna upp úr áramótum og setja þá löggjöf á eftir varðandi öll þessi mál, þegar það liggur fyrir, hvað hægt er yfirleitt að gera í þessum efnum. En á þennan hátt er ábyggilega verið að torvelda samninga um sjómannakjör og stefna sem sagt komandi vertíð í hættu.

Pétur Sigurðsson: Herra forseti. Það er tvennt, sem kom fram í ræðu hv. síðasta þm., sem ég vildi aðeins minnast á örfáum orðum, án þess þó að vilja verða til þess að tefja umræðurnar hér um of. Það var í fyrra lagi sá ótti hans, sem ég tel alls ekki ástæðulausan, að það gæti tekið töluverðan tíma að koma á samningum milli sjómanna og útgerðarmanna. Vegna þess vil ég enn einu sinni, — að vísu hef ég ekki lýst þeirri skoðun minni hér í hv. þingi fyrr, en vil láta hana þó koma í ljós núna, að ég hefði talið það miklu nær fyrir hæstv. ríkisstj., í stað þess að eyða tíma sínum í að ræða m. a. við þennan hv. þm. og aðra forystumenn stjórnarandstöðunnar á s. l. sumri og hausti, að snúa sér frekar beint að viðræðum við hin fjölmennu hagsmunasamtök bæði launþega og vinnuveitenda og ræða við þau strax og forystumenn þeirra til þess að leita að sameiginlegri lausn á þeim vanda, sem óneitanlega er fyrir hendi hjá okkur Íslendingum í dag.

Út af þessu atriði, sem hann minntist á í sambandi við yfirlýsingu ráðh., tel ég auðvitað sjálfsagt, að þetta sé kannað nánar, hvort yfirlýsing ráðh. geti ekki staðizt

gagnvart orðalagi frv. Hins vegar treysti ég á það, að ráðh. standi við sína yfirlýsingu, sem hann gaf hér áðan mjög skýrt og skilmerkilega.

Það voru aðeins nokkur orð, sem ég ætla að svara ræðu hv. 6. þm. Reykv. Það var engu líkara heldur en hann, meðan ég flutti ræðu mína, hafi hlustað á hana með rússneska eyranu og þegar hann svo hér kom upp, hafi hann talað með þeim helmingi tungunnar, sem telst verkalýðstunga, þegar það á við hjá honum, þessum hv. þm. Jú, honum þótti mikið til þess koma, hve ég væri mikill leikari og hæstv. sjútvmrh. lítill leikari. Til þess að friða hrellda sál þm. skal ég upplýsa það, eins og reyndar kom fram hjá ráðh., að ég tjáði honum í gær, þegar við gengum út úr þinghúsinu, að ég mundi óska eftir svari við þessu að gefnu tilefni.

Eins og kom fram í ræðu hv. síðasta ræðumanns, mun hafa verið sett fast þetta gjald af Seðlabankanum og er það upplýst núna, sem mér var alls ekki kunnugt um fyrr og bjóst satt að segja ekki við vegna þeirra loforða, sem ég þóttist hafa fengið frá ráðh. ríkisstj., þegar um þetta mál var rætt við þá. Hins vegar var ekki hægt að verða var við annað en þessi hv. þm. væri alveg öskuvondur yfir því, að mér hefði meðal annarra tekizt það a. m. k. að fá út loforð hæstv. ráðh. fyrir því, að þessum fjölmenna hópi sjómanna, sem búið hafa við þær ástæður í sumar, sem bæði hann og aðrir þm. og þ. á m. ég höfum verið að lýsa í þessum umr., að þeir gætu fengið þessa velkomnu gjöf, gætum við sagt, guðsgjöf, sem þeir munu fá vegna gengislækkunarinnar, þegar þeir hafa selt afla sinn erlendis á þessu hausti, á þessu tímabili. Það var ekki hægt að heyra á honum annað heldur en hann væri alveg sáróánægður og vondur yfir, að þetta kæmi til þeirra, því að auðvitað væri langbezt fyrir hann, að það kæmi sem minnst og þetta væri allt eins svart og vont eins og hægt væri.

Það kom einnig fram hjá honum, að hann talar um, að með frv. sé verið að lækka kaupgjald og hann talaði um, að með frv. væri verið að ráðast á þá, hverra kaupgjald hefði lækkað um helming. Ég hefði nú heldur viljað tala um launatekjur í þessu tilliti. Það hefur ekki orðið nein breyting á samningum þessara manna, þótt launatekjurnar hafi lækkað um helming. Samningarnir hafa hins vegar á þessu tímabili batnað mjög. Það hafa verið gerðir nýir samningar og þeir hafa batnað mjög og því vil ég halda því fram, að þótt ég telji hana ekki alfullkomna, hæstv. ríkisstj., þá verði henni hvorki kennt um verðfallið á erlendum mörkuðum né aflaleysið, sem við höfum búið við, t. d. á síldveiðunum s. l. 2 ár. Og það verður ekki hægt að telja það til glapa eða verka ríkisstj., þó að tekjur sjómanna hafi lækkað þess vegna um helming á þessu tímabili. Þetta er auðvitað alrangt hjá hv. þm. eins og margt annað, sem frá honum kemur.

Hann talaði um það, að það væri ákvörðun mín, að samningar Sjómannasambandsins á fiskiskipaflotanum væru ekki lausir. Nú vil ég benda honum á það, að það eru mennirnir sjálfir á skipunum, sem greiða atkv. um þá samninga, sem gerðir eru fyrir þá og þá af þeim fulltrúum, sem þeir kjósa til þess. Hins vegar var það fjölmenn ráðstefna sjómanna, sem tók ákvörðun um þetta á s. l. hausti og ég hef haft það fyrir venju á slíkum fundum og ráðstefnum, sem fjalla um launakjör sjómannanna sjálfra, að greiða ekki atkv. með eða móti, þegar slíkt á sér stað, heldur láta þá um það sjálfa, þannig að ég hef alveg óbundnar hendur um nokkra ákvörðun í því sambandi. Ég vil líka benda þessum hv. þm. á það, að ég var búinn að vera þm. hér um nokkurra missera skeið, þegar óskað var eftir því við mig, að ég tæki að mér störf í þágu eins stærsta verkalýðsfélags landsins og svo síðar í Sjómannasambandinu. Ég hef ekki notað þá leið að klifra upp pólitíska stiga á baki verkalýðshreyfingarinnar, og það ætti þessi maður að vita. En ég hef bæði sagt það þar og annars staðar, að þegar menn eru kjörnir einu sinni á þing, verða þeir oft og tíðum að taka ákvarðanir og mynda sér skoðanir, sem jafnvel gætu farið á móti óskum þeirra manna, sem þeir helzt vildu gera eitthvað fyrir. Þetta vita líka sjómenn hér í Reykjavík.

Undir þau orð hv. þm., að almenn launakjör hér á landi séu of lág, skal ég fyllilega taka. Og ég er alveg sammála honum í því, að eins og er, eru þau of lág. Ég býst hins vegar við, að að venju muni okkur greina á um leiðir til þess að ná því marki að geta hækkað launatekjur íslenzkra verkamanna og sjómanna, t. d. í dag. Ég get hins vegar verið sammála honum um ýmsar leiðir og reyndar erum við og flokksbróðir hans og flokksforingi, hv. 4. þm. Austf., að hans mati sjálfs sammála um ýmsar leiðir til þess að svo geti orðið. Meðal margra atriða er eitt, sem kannske rétt er að draga fram hér og það er atriðið, sem ég kalla stjórnun fyrirtækja. Það er satt að segja alvarlegur hlutur, að ár eftir ár og áratug eftir áratug skuli þurfa hér á Alþ. að vera að gera þýðingarmiklar og afdrifamiklar efnahagsráðstafanir, hverra orsök er oft og tíðum komin til að meira eða minna leyti af rangri stjórnun og illri stjórnun fyrirtækja. Og það eru ekki síður útgerðarmenn, sem eiga þessa skoðun mína heldur en atvinnurekendur til lands. Ég held, að ef verkalýðshreyfingin hefði á sínum tíma, þegar henni var bent á þetta atriði — og auðvitað vita forystumenn verkalýðshreyfingarinnar um þetta, þótt þeir hafi ekki snúið sér að því að laga þetta — en ég held m.a., að þegar bent var á leið hér til þess á sínum tíma á Alþingi að koma vinnandi fólki fyrirtækjanna, útgerðanna, til þess að geta haft hönd í bagga með stjórnun þeirra, að það hefði kannske verið stærsti vinningurinn, a. m. k. á þeim tíma og reyndar nú í dag líka, ef svo hefði getað orðið.

Hv. þm. minntist nokkuð á það, að hér hefði verið af stjórnarflokkunum og þm. stjórnarliðsins mikið gumað af því við síðustu alþingiskosningar, að þjóðartekjur á mann væru orðnar það háar, að þær jöðruðu við það bezta, a. m. k. í Vestur-Evrópu held ég, að ég hafi efnislega rétt eftir honum. Ég held, að þetta sé alveg rétt. En það er hins vegar ekki hægt að bera þetta saman í dag, þegar við höfum orðið fyrir þeim áföllum, eins og m.a. kom fram í ræðu hv. 4. þm. Austf. fyrr í þessum umræðum um þetta mál, að einn liður okkar útflutningsframleiðslu hefði á tveimur árum lækkað úr rúmum 1100 millj. kr. niður í milli 200—300 millj. Hjá fámennri þjóð með mjög einhliða útflutning og lítinn, þá hefur þetta auðvitað gífurlega mikið að segja. Þetta veit auðvitað hv. þm., þó að hann komi hér og setji á svið það, sem hann svo oft og tíðum gerir á þann hátt, að ef hann væri vestra í því gósenlandi, Bandaríkjun-

um, þá væri hann fyrir löngu búinn að fá Oscarsverðlaunin.

Einn misskilningur kemur fram hjá honum í sambandi við þessa samninga sjómanna og ég kom inn á það í minni ræðu. Ef gengislækkunarleiðin í þessum efnahagsráðstöfunum hefði ekki verið farin, hefðu ekki þessar deilur komið upp um breytingarnar, sem verið er óneitanlega að gera á samningsbundnum hlutaskiptum. En hins vegar, ef sá réttur sjómannanna hefði átt að halda sér og það hefði átt að koma útgerðinni á nokkurn veginn heilbrigðan starfsgrundvöll — hann verður kannske minna heilbrigður heldur en ætlað var eftir væntanlega samninga — ef það hefði verið gert, hefði gengisfellingin þurft að vera 94—124% og þá hefði auðvitað sú leið verið algerlega útilokuð.

Það var nú ekki mikið meira, sem kom fram í ræðu þessa hv. þm., sem ég sé ástæðu til að svara að þessu sinni. En eins og ég tók fram fyrr, var engu líkara en maðurinn væri öskuvondur yfir því, að það væri þá þarna lítill sólargeisli í þessu máli öllu og kom upp og lék að vanda á sinn leikræna, austræna hátt, þannig að mikla athygli vakti, eins og hann ætlaðist til, enda var blaðamaður blaðsins hans, Þjóðviljans, mættur í blaðamannastúkunni.

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. Ég hef í huga að segja fáein orð um þetta málefni. Ég ætlaði að geyma það til 3. umr., vegna þess að það, sem ég segi, er mest almenns eðlis, en hef þó hætt við að geyma það, vegna þess að ég er ekki alveg viss um, að ég geti verið við alla 3. umr. og vil því ljúka þessu af.

Þegar fyrsta frv. kom fram í þeirri frumvarpakeðju eða ráðstafanakeðju, sem eiga að verða úrræði ríkisstj. í efnahagsmálum til þess að leysa þann vanda, sem þjóðin er í stödd, lýsti ég þeirri skoðun, að þessar ráðstafanir, þegar þær verða skoðaðar í heild samkv. yfirlýsingu hæstv. forsrh., væru fásinna og mundu leiða út í enn verra öngþveiti en nokkru sinni fyrr. Það má vera, að sumir hafi efazt um það þá, að þessi dómur væri réttmætur, en ég held, að það sé leitun á þeim nú, sem efast um, að þessar efnahagsmálaráðstafanir hljóta að misheppnast gersamlega og verða til ills, því að þær eru byggðar alveg á skakkri undirstöðu, m. a. á ranglæti, sem ekki verður þolað. Hæstv. forsrh. sagði þá í fyrstu ræðunni, sem hann flutti um þetta efni og í yfirlýsingu ríkisstj., að ætlun hennar væri að setja það í lög, að ekki mætti hækka kaup samkv. vísitölu. Þessa stefnuyfirlýsingu gaf hæstv. ráðh. Síðan kom þetta frv. og í því er gert ráð fyrir að nema úr lögum gildandi hlutaskiptasamninga og stefnan, sem þar liggur til grundvallar, er hin sama, sem ráðh. lýsti yfir þá í launamálum, og að sjómenn sitji við sama borð og þeir, sem í landi búa, með því móti að þeir eigi ekki að fá nema hliðstæðar breytingar á kaupi við landverkafólkið, sem sé að nema skal úr gildi hlutaskiptasamningana. Og efnahagsmálaráðstafanirnar sjálfar, sagði hæstv. ríkisstj., að væru byggðar á því, að þetta tækist. Menn mundu líka sætta sig við þetta. Sjómennirnir mundu sætta sig aðgerðalaust við ákvæði þessa frv. og það, sem þeim væri skammtað samkv. því og landverkafólkið og launafólk mundi sætta sig við, að það yrði bannað með lögum, að kaupgjald hækkaði eftir vísitölu. Menn tækju á sig bótalaust 18—20% dýrtíðarhækkun og sjómenn byggju við hliðstætt.

Hæstv. ríkisstj. var sagt það strax og það hefur verið staðfest síðan, að það væri fásinna, að þetta geti staðizt. Þess vegna stefnir þetta frv., sem hér liggur fyrir, og allar ráðgerðir hæstv. ríkisstj. að þessu leyti öllu út í stríð. Það er ekki lausn á vandamálunum, heldur er öllu stefnt út í stríð. Þetta viðurkenna sjálfir stuðningsmenn málsins nú orðið, eins og hv. þm., sem hér var að tala áðan síðast, sem hefur fyrirvarann, því að hann tók það fram, að það væri óhugsandi, að sjómenn gætu sætt sig við þann hlut, sem þeim væri ætlaður samkv. þessu frv. Enda vitum við, að þetta liggur svona fyrir. Það er því algert ábyrgðarleysi, það er sorglegt ábyrgðarleysi af hæstv. ríkisstj., að hún skuli ofan á annað, sem hún hefur gert, leggja af stað með þetta, því að það, sem nú átti að gera í staðinn fyrir að fara að með þvílíku ábyrgðarleysi, var auðvitað að reyna að fá víðtæk samtök um skynsamlega stefnubreytingu í þessum málum og nýjar ráðstafanir. Og þá átti að leita samstarfs við alþýðusamtökin, stéttasamtökin um slíka stefnu, þ. á m. um kjaramálin og nota tímann í haust til þess að undirbúa slíkt í stað þess að fleygja fram frv. eins og þessu, sem er algerlega byggt á sandi, óframkvæmanlegt með öllu og marklaust um leið og það er komið í lög. Flytja svo stríðsyfirlýsingar á þann hátt, sem hæstv. forsrh. gerði, þegar hann lagði stefnuna fyrir varðandi kaupgjaldið í landinu. Í stað slíkra aðfara átti að taka upp samninga, breyta síðan skynsamlega efnahagsmálastefnunni í þá átt, sem Framsfl. hefur lagt til og beitir sér fyrir og í þá átt, sem Alþýðusambandið og fleiri samtök launafólks í landinu hafa ályktað, því að þessi samtök hafa ályktað mjög í sömu stefnu og Framsfl. hefur barizt fyrir undanfarin ár og hefur enn á oddinum.

Þetta sjónarmið vildi ég láta koma hér greinilega fram. Það þýðir að sjálfsögðu ekkert að flytja hér aðvaranir til hæstv. ríkisstj. Hún er búin að festa sig í þessari fásinnu og getur ekki að því er virðist fengið sig til þess að losa sig út úr þessum vanda, sem hún hefði þó átt að gera með því að draga yfirlýsingar sínar til baka og frv. og segja af sér, til þess að síðan væri hægt á þessum rústum öllum að koma á fót nýrri ríkisstj. og samtökum stéttasamtaka um hyggilegar ráðstafanir. En samt sem áður er ástæða til þess að vara stjórnina við því enn, sem hún hefur í hyggju. Ég sagði það áðan og ég endurtek það, að annar meginþáttur þessara laga, allur sá þáttur, sem lýtur að því að ákveða kjör hlutasjómanna, verður aldrei annað en markleysa, sem ekki er hugsanlegt að framkvæma, en hefur í för með sér stríð. Þessar aðfarir hæstv. ríkisstj. líkjast helzt einhvers konar dauðateygjum. Ég skal ekkert fullyrða, að það séu dauðateygjur, en það er enginn vafi á því, að mönnum blöskrar almennt, hvernig að þessum málum er unnið. Ég skal svo ekki fara fleiri orðum um þetta almennt.

Ég vil svo koma að því, að sumir eru mjög undrandi yfir því, hvernig komið er atvinnu- og efnahagsmálum landsins. En menn þurfa ekki að vera hissa, því að það er ekkert, sem hefur gerzt annað en það, sem hlaut að verða og það, sem menn hafa séð fyrir sumir og það æði margir um langa hríð. En það er á hinn bóginn ekki óeðlilegt, að sumir eru hissa á því, að eftir þessi níu

beztu ár, þegar meðaltöl eru tekin, sem þjóðin hefur nokkru sinni lifað, skuli atvinnulífið og efnahagur þjóðarinnar liggja í rúst, en þannig er það. Það er því rétt að rifja hér upp með örfáum orðum aðalkjarnann í þessu vandamáli og hvernig á þessu stendur. Það eru hagstjórnaraðferðir ríkisstj., sem eiga hér aðalsökina. Það er ekki hægt að kenna árferðinu um þetta, þó að síldveiðarnar hafi nálega algerlega brugðizt á þessu ári, þá er það ekkert einsdæmi og hefði átt að vera mjög vel bærilegt, án þess að af því yrðu nokkrar stórfelldar afleiðingar, ef skynsamlega hefði verið farið að undanfarið. Þegar þessi aflabrestur á síldveiðum nú kom eftir átta samfelld góðæri, er verðlag yfirleitt, sem þjóðin býr við, í betra lagi og hefur það ekki verið vefengt. En hagstjórnaraðferðirnar hafa verið slíkar, að það hlaut að grafast grunnurinn undan íslenzku atvinnulífi.

Það var byrjað með stórfelldri gengislækkun og skattahækkunum, sem var eins konar heljarstökk, og við sögðum það strax þá, sem mæltum gegn þeirri stefnu, sem þá var tekin upp, að slík heljarholskefla dýrtíðar mundi leiða af sér aðrar nýjar holskeflur og málefni landsins verða með öllu óviðráðanleg, enda hefur reynslan orðið sú.

Þetta var orðað þá þannig á einum stað, að heljarstökk, eins og þá var tekið, væri ekki hægt að taka og koma standandi niður, enda hefur svo farið, og ekki sízt vegna þess, að ásamt þessum aðförum var tekin upp ný lánastefna, sem var miðuð við að draga úr útlánum til framleiðslunnar í landinu, láta Seðlabankann minnka endurkaup og draga hluta af sparifjáraukningunni úr viðskiptabönkunum inn í Seðlabankann til frystingar þar. Það var sem sagt hafinn stórfelldur lánasamdráttur um leið og þessi tröllaukna dýrtíðarbylgja var reist. Á sama tíma og allur reksturskostnaður og allur kostnaður var hækkaður gífurlega, var farið að draga saman lánin og þá ekki sízt reksturslánin, en íslenzkir atvinnuvegir verða að búa meira við lánsfé en atvinnuvegir nokkurra annarra hliðstæðra þjóða. Formaður L. Í. Ú., sem á sæti á hv. Alþ., Sverrir Júlíusson, sagði um þessar ráðstafanir, að þær mundu verða eitur fyrir atvinnulífið og hliðstætt sögðu fleiri og hann hefur reynzt sannspár í þessu, en það undarlega er, að það hafa orðið hans örlög samt sem áður að styðja þessa stefnu í níu ár með þeim afleiðingum, sem hún nú hefur haft fyrir íslenzkan sjávarútveg, sem honum er falin forysta fyrir. Mega það teljast meinleg örlög. En samt sem áður ratðist hv. þm. í þessu eins konar spakmæli á munn í upphafi.

Jafnhliða þessu voru vextirnir hækkaðir gífurlega 1960 og gerðir hærri hér en í nokkru öðru nálægu landi. Það hlutu einnig að verða drápsklyfjar fyrir atvinnulífið, en í því sambandi hefur það verið eitt undanbragð ríkisstj. að láta sérfræðinga sína reikna það út, að vaxtagreiðslur hafi sáralitla þýðingu fyrir sjávarútveginn, og þessi hagspeki hefur verið borin á borð ár eftir ár og jafnvel hagfræðingar og menn í trúnaðarstöðum hafa léð máls á því að gefa um þetta skýrslur og vottorð En auðvitað eru það allt saman falsrök af þeirri einföldu ástæðu, að nálega öll vaxtabyrði í landinu yfirleitt kemur að lokum á framleiðsluna sjálfa. Sjávarútvegurinn stendur ekki aðeins undir þeim vöxtum, sem hann borgar beint inn í bankana. Hann stendur undir heildar vaxtabyrðinni að miklu leyti að lokum sem grundvallaratvinnuvegur. Vextirnir lenda inn í kaupgjaldið, því að þeir þrýsta því upp. Einhvern veginn þurfa menn að hafa tekjur til þess að borga hina háu vexti. Þeir þrýsta upp húsaleigunni og þá enn kaupgjaldinu og þá leið komast þeir inn í alla liði í framleiðslukostnaðinum. Þeir eru með í hverjum einasta lið. Alls staðar í völuverðinu eru vextirnir. Það væri miklu nær að segja, ef ætti að reikna þá vexti, sem sjávarútvegurinn verður að bera og grundvallaratvinnuvegirnir, að þá bæri að taka með allar vaxtagreiðslur í landinu, í stað aðeins þeirra vaxta, sem á pappírnum eru færðir á vaxtaliði útgerðarinnar. Þess vegna mundi það vera ein notadrýgsta aðferð fyrir framleiðsluna til þess að leysa úr vandamálum hennar að lækka vexti, ekki aðeins á beinum lánum til framleiðslunnar, heldur vexti almennt í landinu, vegna þess að það lækkar framfærslukostnaðinn og framleiðslukostnaðinn í öllum liðum.

Það er svo ekki nóg með það, að þessir háu vextir leggist á framleiðsluna að því leyti, sem þeir eru borgaðir beint af skuldum, heldur kemur og til, að þessir háu vextir verða einnig til þess, að allar eignatekjur í landinu hækka að sama skapi og vextirnir. Öll húsaleiga í landinu mótast m. a. miðað við vextina að lokum, ekki aðeins húsaleiga til þeirra, sem greiða vexti, heldur öll húsaleiga, einnig til þeirra, sem eiga eignir skuldlausar, þannig að eignavextirnir, sem leggjast inn í framleiðslukerfið og hvíla á því, fylgja vaxtafætinum.

Hér hefur því orðið alger bylting í landinu í óhag framleiðslunni með þessari nýju vaxtapólitík, sem tekin var upp af núv. ríkisstj. og stjórnarmeirihluta og það er eitt af því, sem grafið hefur svo herfilega undan íslenzkri framleiðslustarfsemi og heldur áfram að gera það.

Það var sagt, að það ætti að hækka vextina til að draga úr eftirspurn eftir lánum, en það hefur allt saman auðvitað reynzt markleysa eins og allir þeir sáu fyrirfram, sem nokkuð voru kunnugir íslenzku efnahagslífi, vegna þess að hér gilda allt önnur lögmál í því efni en víðast annars staðar. Eftirspurn eftir lánum gat vitaskuld ekki minnkað, þó að vextirnir hækkuðu, af þeirri einföldu ástæðu, að menn voru nauðbeygðir til þess að taka öll þau lán, sem hugsanlegt var að fá til þess að geta haldið áfram með framleiðsluna og reksturinn og þurftu að fá meira en þeir fengu. Vaxtahækkunin gat ekki verkað öðruvísi hér en sem skattur á framleiðslustarfsemina, en ekki sem hagstjórnartæki á sama hátt og slík vaxtabreyting getur verkað í þeim löndum, þar sem fullt er af fljótandi fjármagni, sem leitar sér samastaðar, leitar sér verkefnis. En þetta hefur ríkisstj. aldrei viljað viðurkenna eða þótzt sjá og efnahagsráðunautar hennar ekki heldur. Þess vegna eru þeir allir saman sekir menn í þessu tilliti.

Þessi nýja lánapólitík hlaut að verka eins og eitur fyrir framleiðsluna og sannleikurinn er sá, að það hefur varla nokkurt fyrirtæki á Íslandi borið sitt barr síðan stefna stjórnarinnar var tekin upp, m. a. vegna reksturfjárskorts, en það er ekki hægt að reka nokkurt fyrirtæki vel, sem þjáist af sífelldum greiðsluvandræðum eins og þeim, sem stofnað var til fyrir 8—9 árum, þegar þessi nýja stefna var upp tekin.

Öllum uppástungum framsóknarmanna um að breyta til í þessu efni, sem er grundvallaratriði, hefur

verið svarað með því, að það væru lánaðir út allir peningar, sem til væru, það væru ekki meiri peningar til. M. ö. o., menn í ábyrgðarstöðum, ráðh. og sérfræðingar, hafa talað á þennan hátt við menn eins og börn, en allir, sem nokkuð hafa komið nálægt stjórn peningamála vita, að það er alltaf matsatriði, hversu mikið fjármagn skuli sett í umferð og seðlabankarnir eru notaðir til þess að draga úr fjármagni í umferð eða auka það eftir því sem skynsamlegt þykir og þarfir atvinnulífs og staða þjóðarbúsins að öðru leyti styður að eða gerir nauðsynlegt.

Það er matsatriði hverju sinni, hversu mikið fjármagn er sett í umferð, og nú verða þeir, sem að þessu hafa staðið, þessum blekkingum, þessum mistökum, að fletta ofan af sér sjálfir, neyðast til þess, því að nú eru þeir að tala um að auka útlánin verulega, enda þótt vöxtur innlána í bankakerfinu sé miklu minni en hann hefur verið undanfarin ár, og þar með fletta þeir vitanlega alveg ofan af þessum málflutningi sínum á undanförnum árum. Það kemur sem sé í ljós, að hann var ekkert annað en blekking. Heildarútlán geta aldrei verið miðuð við það, hverjar innistæðurnar eru á hverjum tíma í bönkunum, heldur verða heildarútlánin að miðast þar að auki við hvað skynsamlegt og raunar óhjákvæmilegt er að hafa í umferð af fjármagni, til þess að atvinnuvegirnir geti gengið, og svo hvað óhætt muni vera að hafa í umferð vegna gjaldeyrisstöðunnar. Nú er meira að segja verið að ráðgera, að bankarnir þurfi að auka útlánin, enda þótt peningaráð þeirra af innlánsfé fari minnkandi og gjaldeyrisstaðan sé verri en hún var áður, en rekstursfjárþörfin knýr. Á þessu sjáum við auðvitað, að allur þessi málflutningur stjórnarinnar á undanförnum árum hefur verið hrein rökleysa, settur fram til þess að villa mönnum sýn og til þess að draga athygli manna frá þeim kjarna í stefnu framsóknarmanna, að það þyrfti að auka útlánin til framleiðslunnar, til þess að ekki skorti rekstursfé og til þess að fyrirtæki gætu gengið með eðlilegum hætti, en það er grundvöllurinn undir öllu saman.

Svo var sagt, að með þessu væri verið að safna gjaldeyrisvarasjóði. Það var ein blekkingin. En svo kemur í ljós, að þessi binding sparifjárins heldur enn áfram, en gjaldeyrisvarasjóðurinn er horfinn. En eftir málflutningnum á undanförnum árum hefði það átt að vera nóg til þess að halda látlaust áfram að safna gjaldeyrisvarasjóði, að halda áfram bindingu sparifjárins. Þá átti gjaldeyrisvarasjóðurinn að aukast vélrænt af sjálfu sér. Það var talað eins og þetta væri aðeins bókhaldsatriði, en afkoma framleiðslunnar skipti engu máli í þessu sambandi, ef menn væru bara nógu duglegir að draga sparifé inn í Seðlabankann og hækka vextina, þá kæmi allt af sjálfu sér að öðru leyti. Þessar voru hagstjórnaraðferðir ríkisstj. Við sjáum svo nú, hvaða áhrif þessar aðfarir hafa haft fyrir atvinnulífið og hvernig þessi stefna hefur beðið skipbrot, að nú er í óðakappi verið að ráðgera í neyðinni að auka útlán til atvinnuveganna, þó að bankarnir hafi enn minni fjárráð en áður var, þegar við stungum upp á því ár eftir ár, að skynsamlegri lánastefnu yrði fylgt.

Þessi stefna hæstv. ríkisstj. að reyna að lækna allan vanda í efnahagslífinu með því að láta verðlagið hækka nógu mikið, reyna að halda kaupgjaldinu niðri, draga úr útlánunum, sem kom verst niður á framleiðslunni, hækka vextina samfara algeru frelsi í fjárfestingarefnum og algeru stjórnleysi í atvinnulífinu, leiddi auðvitað til þess, að sú fjárfesting, sem mestu máli skipti fyrir þjóðarbúið, að kæmist fram fyrir, sat á hakanum, en verðbólgufjárfesting af alls konar tagi færðist fram fyrir og eyðslufjárfesting. Og það er höfuðskýringin á þessu algjöra öngþveiti, sem nú ríkir og því gjaldþroti, sem stjórnarstefnan hefur beðið, hvernig fjárfestingin hefur orðið. Fjárfestingin hefur að miklum meiri hluta til orðið í gersamlega óarðbærum framkvæmdum og sumpart í eyðsluframkvæmdum, en arðbæra fjárfestingin hefur setið á hakanum. Á þetta höfum við deilt öll þessi ár mjög hart, Framsfl.-menn í stjórnarandstöðunni og krafizt, að það yrði tekin upp stjórn á fjárfestingunni, sem tryggði, að þær framkvæmdir kæmust fram fyrir, sem mesta þýðingu hefðu fyrir þjóðarbúið og þá sérstaklega þær framkvæmdir, sem væru þýðingarmestar fyrir sjálfa framleiðsluna.

Í staðinn fyrir algert stjórnleysi í atvinnumálum höfum við krafizt, að sú stefna yrði tekin upp, að ríkisvaldið hefði öfluga forystu í atvinnumálum í samráði við samtök atvinnulífsins, þar sem menn hefðu náið samráð um það, hvaða verkefni það væru, sem mest riði á að taka til framkvæmda og tækju þannig saman höndum, menn frá ríkisvaldinu og menn frá atvinnulífinu, um að gera nauðsynlegar ráðstafanir til þess að slíkar framkvæmdir kæmust áfram, og er þá jöfnum höndum átt við þá þætti, sem ríkisvaldið yrði að taka að sér, lánveitingar og annað, sem yrði að koma fyrir áhrif frá því opinbera, og hitt, sem einstaklingar sæju um. Og það er þessi stefna, sem við leggjum megináherzlu á enn sem fyrr, að nú verði tekin. Við teljum algerlega vonlaust, að hægt sé að snúa þróuninni við í hagstæða átt, nema stefnubreyting verði að þessu leyti til. Hér er um sjálfan grundvöllinn að ræða, eins og ég veit, að hv. þm. átta sig á, hvort sem þeir játa það eða ekki, og það ánægjulega í þessu er, að skilningur manna á þessu viðhorfi okkar er ákaflega mikið vaxandi, hraðvaxandi svo að segja með hverjum deginum, sem líður, eins og bezt sést á því, að nú í fyrsta skipti hafa samtök atvinnulífsins tekið alveg eindregið í þennan streng, bæði stéttarsamtökin og önnur samtök, og hafa stuðningsmenn stjórnarinnar í þessum samtökum, margir hverjir, nú ekki þorað annað en að fylgja þessari stefnu í samtökum sínum. Þeir hafa sem sagt tekið mið af þeirri þungu öldu, sem þar rís þessari stefnu til stuðnings, þó að þeir standi enn gegn henni hér á Alþ. vegna tryggðar við hæstv. ríkisstj. En það er aðeins um stundarsakir, sem slíku viðnámi af þeirra hendi verður komið við hér, því aldan er risin svo sterk í þessu, að á móti henni verður ekki staðið til lengdar.

Það er mjög þungt áfall fyrir íslenzku þjóðina, að stjórnarliðinu skuli hafa tekizt í skjóli óvenjulegs góðæris að dylja meinsemdirnar, sem hafa verið að grafa um sig í atvinnulífinu á undanförnum árum. Þeim hefur tekizt að dylja þessar meinsemdir með blekkingaráróðri og vegna þeirra uppgripa, sem orðið hafa á síldveiðum sérstaklega, hefur þeim tekizt að hylja meinin, og jafnvel tekizt að blekkja sjálfa sig og það er sennilega verst. Þeim hefur tekizt að blekkja sjálfa sig og líklega jafnvel talið sér trú um, að allt væri í sæmilegu lagi. En

hafi svo verið, hljóta mennirnir að hafa vaknað upp við vondan draum, því það er ekki neitt gamanmál eða hégómamál, að það skuli nú vera þannig ástatt fyrir íslenzku atvinnulífi eftir þessar aðfarir þeirra, að við verðlag, sem má teljast vera yfir meðallag, eins og ég sagði áðan, að vísu við aflabrest á síld í eitt ár, en að öðru leyti venjuleg skilyrði, skuli vera þannig komið, að launþegum er ætlað í áætlun stjórnarinnar að lifa á 120—150 þús. kr. á ári. Það er áætlun stjórnarinnar, að þetta sé það, sem íslenzkur þjóðatbúskapur gefur í dag í aðra hönd og íslenzkt atvinnulíf. Auðvitað treystir enginn maður hér sér til þess að halda því fram, að hægt sé að lifa af þessu kaupi. Vextirnir einir af meðalíbúð eru um 100 þús. kr. eða svo. Þetta eru alvarlegar staðreyndir. Þetta eru dapurlegar staðreyndir. En þetta er áætlun ríkisstj. Þetta er sú lausn, sem þeir leggja fram. Þetta er sá grundvöllur, sem þeir segja, að menn verði að sætta sig við. Dettur nokkrum manni í hug, að þetta geti staðið stundinni lengur, og hvað hefur skeð? Þetta er ömurleg niðurstaða. **(Gripið fram í:** Hvað sagði hv. þm. að væru vextir af meðalíbúð?) Ég sagði, að vextir af meðalíbúð væru 100 þús. kr. eða svo. Vextirnir eru í kringum 10%, ef við reiknum með venjulegum viðskiptavöxtum. Ég veit ekki, hvort meðalíbúð kostar eina millj., kostar kannske meira. Kannske fjarstæða að tala um, að meðalíbúð kosti eina millj. Kannske mætti segja, að meðalvextir væru 8% frekar en 10% og íbúðarverðið frekar 1.2 millj. en 1 millj. Svipað kemur út. En þetta er ekkert fjarri lagi, því miður.

Það má vel vera, að bæði ráðh. og öðrum hafi aldrei dottið í hug að hugleiða svona atriði. Þetta er komið í hörmulegt óefni og menn hljóta að sjá, að það er eitthvað mjög alvarlegt að.

Það þýðir ekkert að berja höfðinu við steininn og halda, að áætlanir, sem eru grundvallaðar á þessu, geti staðizt. Þær geta ekki staðizt. Menn verða að gera svo vel og fara heim og læra betur, enda liggur það nú fyrir, að hæstv. ríkisstj. hefur ekki treyst sér til að fara alveg eftir þeirri yfirlýsingu, sem hæstv. forsrh. gaf. Hún hefur ekki lagt hér fram enn þá frv. um að banna hækkun visitölubóta, eins og boðað var. Ég veit ekkert, hvað hefur komið fyrir eða hvað gerir þetta að verkum, en ég get alveg eins ímyndað mér, að menn sjái, að þessar hugmyndir eru í raun og veru ekki framkvæmanlegar. Og þætti mér það ekkert einkennilegt. En svo er eftir að skipta um leiðir, því að þetta eru ekki þær leiðir, sem hægt er að fara. Það verður að fara nýjar leiðir út úr þessum vanda.

Ég skal ekki fara fleiri orðum almennt um þessi mál. Ég vil að lokum minnast á einn sérstakan þátt í þessu frv. og það er sá þáttur, sem lýtur að síldveiðunum. Eins og ég veit, að hv. þm. hafa tekið eftir, er ætlazt til þess, að það verði haldið áfram að borga miklu hærra útflutningsgjald af síld en öðrum fiski, af síldarafurðum en öðrum sjávarafurðum, og það er gert ráð fyrir því að taka miklu meira af sameiginlegu verðmæti síldarafurða og leggja í sjóði til að standa undir afborgunum og vöxtum en af öðrum afurðum. Og yfirleitt er á allan hátt í þessu frv. gert ráð fyrir því, að síldveiðarnar búi við önnur og lakari skilyrði en aðrar fiskveiðar. Ég vil láta í ljósi þá skoðun mjög eindregið, að þetta er algerlega röng stefna eins og nú er komið. Síldveiðarnar eiga við slík vandkvæði að búa, eins og við vitum mjög vel, að það eru engin sanngirnisrök fyrir því lengur, að þær búi við lakari skilmála að þessu leyti heldur en aðrar veiðar. Ég veit, að það þýðir ekkert að flytja brtt. nú um að koma þessu í annað horf, en ég vil lýsa andstöðu minni við þá stefnu, sem kemur fram í frv. að þessu leyti og vil halda því fram, að eins og nú er komið málum, væri eðlilegt, að allur sjávarútvegur sæti við sama borð.

Frsm. minni hl. (Björn Pálsson): Herra forseti. Mér var sagt, að hv. 10. þm. Reykv. hefði eitthvað verið að deila á mig fyrir það, að ég vildi eignast skip á kostnað sjómannanna. Það er fjarri því. En ég vildi spyrja hv. þm. að því, hvernig í ósköpunum við ættum að eignast skip, ef það væri ekki einhvern veginn greitt með andvirði afla. Hvort tekin eru 10% af óskiptu, skiptir ekki máli, því að ef tekinn er einhver hluti af óskiptu, þá geta sjómennirnir fengið fleiri prósentur af því, sem eftir er, og við það er miðað og satt að segja, eftir því sem skipin hafa stækkað, tækjum fjölgað og veiðiútbúnaður orðið dýrari, hefur engan veginn verið tekið fullt tillit til þess. Það er alls ekki verið að tala um það. Þeir vilja hafa sínar prósentur, þó að það séu keypt dýrari tæki og dýpri nætur og fullkomnari skip. Við vitum það, að á þessi ódýru skip, þessa eldri og minni báta, hafa menn ekki fengizt, nema þeir hafi átt þá sjálfir og þeir hafa ef til vill borið sig hvað bezt. En það var útilokað að reka þá nema menn ættu þá sjálfir. Annars fengust menn ekki til þess að vera á þeim.

Tilefnið til þess, að ég bað um orðið aftur, var yfirlit, sem hæstv. sjútvmrh. kom hér með. Ég er ekki í nokkrum vafa um, að það hafa verið hagfræðingarnir, sem hafa unnið þetta verk og lagt hér fram þessar tölur, sem hæstv. ráðh. las hér upp. Það er út af fyrir sig ekkert um það að segja. En við skulum athuga það, að þar eru þeir að krítisera sín eigin verk, þannig að við verðum að taka þessum upplýsingum mjög varlega. Ef þeir fara að kveða upp einhvern dauðadóm yfir því, sem þeir hafa gert, þá er það ákaflega erfitt fyrir þá. Þeir verða að deila á sjálfa sig. Þeir segja, að tapið hjá sjávarútveginum hafi verið 1640 millj. Ég vil ekki viðurkenna, að þetta sé rétt. Í fyrsta lagi eru þarna í allar afskriftir og við vitum það vel, sem gerum út báta og eigum vélar, að ef við getum afskrifað fullt, teljum við það gróða og það verulegan gróða. Við megum afskrifa skipin um 15%, ef meðaltal er tekið af heildarverðinu, og það er gróði. Um 700 millj. eru í afskriftum. Í öðru lagi á þarna eftir að draga frá styrki. Ég veit ekki, hvort á að kalla það styrki, en það er þetta, sem sjávarútvegurinn er að afhenda sjálfum sér gegnum endurteknar gengislækkanir og eitthvað kemur ef til vill frá ríkinu. Ef þetta eru þar að auki að nokkru áætlaðar tölur, gæti ég trúað, að þegar tekið yrði tillit til þessara liða, yrði ekki eftir nema 600—700 millj. kr. sem tap, enda væri það allnóg.

Þá er annað um vextina. Vextirnir, sem útgerðin borgaði, voru 375 millj. og ekki kæmi til greina að lækka þá nema um 20%. En það er bara það, að vextirnir hafa nú raunverulega hækkað um 50% frá því að þessi viðreisnarstjórn tók við völdum. Og væri nokkur glæpur að lækka þá jafnmikið og þeir hafa hækkað?

Einhvern veginn bösluðumst við við það áður. Nú eru útlánin í heild eitthvað 11—12 milljarðar, þannig að heildarvextirnir af þeirri upphæð mundu verða nálægt milljarði. Hver borgar þessa vexti? Það var alveg réttilega fram tekið hjá hv. 1. þm. Austf. áðan. Það kemur allt niður á framleiðslunni. Ef launamennirnir, sem ríkið borgar kaup, þurfa að borga hærri vexti af skuldum sínum, þurfa þeir að fá hærri laun. Ef bændur þurfa að borga hærri vexti, þurfa þeir meira fyrir mjólk og ket. Ef neytandinn þarf að borga meira fyrir mjólk og ket, þarf hann að hafa hærra kaup. Þar að auki eru þessar 375 millj. engan veginn endanleg tala, eins og hv. 4. þm. Austf., Lúðvík Jósefsson, benti réttilega á, því að þarna er ekki bara um einhver stofnlán og föst lán að tala. Það er af ótal mörgu í gegnum alla mögulega liði, olíu, veiðarfæri og allt mögulegt, sem vextir koma inn í. Það er einfaldlega þannig, að atvinnuvegirnir verða að borga þennan eina milljarð, beint eða óbeint. Við skulum ekkert vera að blekkja okkur á því. Og 50% af þessum eina milljarði eru 400—500 millj. kr. og þetta vefur upp á sig eins og snjókúla: Þetta er borgað eitt ár; það þarf að borga meira næsta ár o. s. frv. Þetta er miklu hættulegri liður en þessir gáfuðu hagfræðingar hafa nokkurn tíma reiknað með.

Annars eru þessir ráðh. okkar ágætis menn og vilja vel og ég hef aldrei verið að hnýta neitt í þá, en ég vildi nú ráða þeim eitt heilræði og það væri að losa sig við alla hagfræðinga, setja það ákvæði í stjórnarskrána, að hagfræðingar mættu ekki koma nálægt fjármálum. Ef þessir menn hefðu eitthvert vit á fjármálum, þá væru þeir ekkert að hökta í þessari hagfræði. Þeir væru fæddir hagfræðingar og þá þyrftu þeir ekkert að vera að læra neinar bókstafsteoríur í Frakklandi eða einhvers staðar annars staðar, þeir gætu bjargað sér sjálfir og þyrftu ekki að vera í þjónustu hjá ríkisstj. Þó þeir hefðu ekki nema fjármálavitið mitt, þyrftu þeir ekki að vera að vinna fyrir 200—300 þús. á ári. Ekki datt de Gaulle í hug að fara neitt eftir hagfræðingum, þegar hann ákvað að fella ekki frankann. Nú getið þið séð, hversu gáfuleg þessi hagfræði er. Þessir herrar byrjuðu á að hækka vextina um þriðjung og meira um tíma. Krónan stóð raunverulega þannig, að 30 kr. voru í dollarnum, þegar stjórnin tók við. Nú er búið að minnka verðgildi krónunnar þrefalt. Ef sparifjáreigendur hefðu enga vexti fengið af þessum peningum frá því ríkisstj. tók við og 100 kr. væru í sama verðgildi, um 30 kr. dollarinn, væru þessar 100 kr., sem þeir áttu fyrir 10 árum, orðnar nú í krónutölu eitthvað um tvö hundruð kr., en hver kr. er þrefalt minna virði, þannig að mannaumingjarnir, sem áttu sparifé, hafa tapað ⅓ auk vaxta. Það hefði verið betra fyrir þá að fá ekki einn einasta eyri í vexti og óbreytt gengi. Þetta átti að vera til að auka sparifé, en það er búið að ganga þannig frá því, að það vill enginn eiga sparifé. Er þetta viðreisnarstefnan? Er þetta kenning hagfræðinganna? Þetta er endirinn. Þetta er ekki af því að þessir menn, sem stjórna, vilji illa. Nei, það er fjarri því. En þetta er svo heimskuleg aðferð. Það á fyrst og fremst að tryggja verðgildi krónunnar, bæði gagnvart neytendunum og sparifjáreigendum. Það er frumskilyrði, en ekki hvort þeir fá háa vexti eða ekki. Kaþólska kirkjan taldi á sínum tíma vexti þjófnað. Það var ekki að öllu leyti rangt hjá kaþólsku kirkjunni á þeim tíma. Hún viðurkenndi ekki vexti. Þess vegna gátu Júðarnir orðið ríkir, af því þeir tilheyrðu ekki þeim söfnuði. Það er þannig, þegar maður gengur hér um bæinn og spjallar við ýmsa eins og ég geri, þá segja þeir: Litlu þjófarnir eru uppi á Skólavörðustígnum, en stóru þjófarnir eru þarna í húsinu og benda á þinghúsið. Fólkið veit þetta. Það er rænt. Og þessir vesalings menn, sem hafa verið að strita alla ævina og áttu 1—2 millj. í peningum, vöknuðu einn morgun við það að búið var að taka þriðjung af eignum þeirra allt í einu og helming á einu ári. Milljón orðin í raun og veru ekki nema sem svaraði ½ millj. fyrir ári síðan. Þetta er nú stjórnin hjá okkur. Það er ekki von, að við séum vel látnir hjá aumingja fólkinu, sem var að reyna að spara.

Nei, þetta er vitlaus hagfræði; það er bezt að hafa enga bókstafshagfræðinga til þess að stjórna þjóðinni, sem hafa lært einhverja hugmyndafræði úti í löndum, heldur hyggna menn og eðlisvitra, sem þurfa þá eigi að láta telja sér trú um, að vaxtagreiðslur séu mun lægri en þær raunverulega eru.

Svo er launaskatturinn, sem útgerðin verður að borga. Ætli hann hafi ekki verið lengst af um 40 millj. undanfarin ár? Svo er aðstöðugjaldið eitthvað svipað. Svo er stimpilgjald og þinglestur af lánum. Það var á síðasta ári eitthvað 97 millj. Ætli útgerðin borgi ekki allt að helming af því, það væri hægt með einföldum lögum að sleppa útgerðinni við það. Náttúrlega minnka tekjur ríkissjóðs, en skoðun mín er sú, að við eigum að búa eins vel að atvinnurekstrinum, eins og hægt er, en við eigum líka að segja við atvinnurekendurna: Þið verðið að láta hlutina bera sig. Ef þið getið það ekki, verða aðrir að taka við.

Viðvíkjandi innflutningsgjöldum og öðrum sköttum, sem lagðir eru á útgerðarvörur, eru þeir miklu meiri en þessir ágætu hagfræðingar gefa upp. Það er 7½% söluskattur á allri olíu og svo eru innflutningsgjöld á veiðarfærum. Hitt er svo annað mál, ef þetta er afnumið, þá minnka tekjur ríkissjóðs. En ég álít betra að leggja minni álögur á atvinnureksturinn og segja við atvinnurekendur: Þið verðið að láta atvinnureksturinn bera sig.

Þá er það rafmagnskostnaðurinn. Hann er ekkert lítill liður. Ég held, að 10. þm. Reykv. hafi verið að gera lítið úr því. Hann er bara ekki lítill liður, líklega svona 100—200 þús. á mánuði fyrir meðalfrystihús. Ef það væri hægt að lækka hann, þótt ekki væri nema um helming, væri það stór liður. Ætli það séu ekki 1—2 millj., sem stærri frystihúsin verða að borga fyrir rafmagn? Það gæti verið, að rekstrarhallinn hjá þeim sé ekki meiri.

Þá var hv. 10. þm. Reykv. að tala um félagsstjórn fyrirtækja — það er allt í lagi með það. En haldið þið, að það yrði betra að skjóta á fundi um hvert atriði? Ég held, að skipstjóri kunni því illa að fara að skjóta á fundi með hásetum, um hvar hann ætti að leggja net og línu o. s. frv. Það gætu orðið skrýtilegar deilur út úr því og ég held, að hv. 10. þm. Reykv. kynni því illa, ef hann ætti að stjórna skipi með félagsstjórn og ætti svo að beygja sig fyrir öllum samþykktunum. Ef ég þekki hans skaplyndi rétt, færi hann að brýna raustina. En í vissum tilfellum getur það vel komið til greina og ekkert nema

gott um það að segja, að menn fylgist með stjórn fyrirtækja og það gera sjómennirnir raunar. Þeir fylgjast nákvæmlega með, hvernig útgerð gengur í hvert skipti og taka meiri þátt í erfiðleikum okkar heldur en nokkrir aðrir.

Það er verið að tala um 18—20% kjaraskerðingu nú, sé reiknað með sama kaupi í krónutölu. Satt að segja hefur mér aldrei dottið í hug, að ríkisstj. hafi búizt við því að hafa óbreytt kaup, hvað sem um það er sagt. Það eru þessi 17%, sem verið er að tala um í frv. Þau eru orðin vitaþýðingarlaus, þegar búið er að gefa alla samninga lausa. Ef ríkisstj. vildi skipta sér eitthvað af launakjörum sjómanna, væri það eina, sem réttlætanlegt væri, að ákveða eitthvert visst hlutfall milli háseta og yfirmanna, ekki prósentuna, heldur eitthvert ákveðið hlutfall. Skipstjórinn ætti t. d. að hafa 1½ hlut o. s. frv. Hann hefur tvo nú og raunar miklu meira á síldarskipunum. Hann hefur 8% og svo hafa þeir fast kaup og alls konar fríðindi. En ég get endurtekið það, að ég álít, að hlutur hásetanna megi ekki vera lakari en hann hefur verið. Það sé alveg lágmark, sem hann hefur verið undanfarin 2 ár, og ef lífsnauðsynjar eiga að hækka, þurfa þeir að fá hærra kaup.

Það er verið að tala um það, að kaupið sé lágt og vitanlega væri æskilegt að geta borgað fólkinu hærra kaup og 1. þm. Austf. var að minnast á, hve húsaleiga væri há og mikill hluti launanna færi í hana. Það er vafalaust rétt að reikna þannig. En það er ekki hægt að búast við því, að menn geti keypt allt í skuld. Það var a. m. k. ekki svo, þegar ég var að alast upp og vinna mig áfram í lífinu, að ég gæti byggt yfir mig fullkomið hús, teppalagt o. s. frv. í byrjun. Áður en menn mynda heimili, verða þeir vitanlega að eignast eitthvað. Það er ekkert vit í því fyrir ungt fólk að fara að reisa heimili án þess að eiga fyrir hálfri íbúð og helzt allri. Við verðum aldrei svo ríkir, að við getum veitt unga fólkinu þetta, að það geti keypt alla skapaða hluti fyrsta árið, sem það er að mynda heimili, án þess að eiga neitt til áður. Hvernig er hægt að gera þær kröfur? Við verðum aldrei svo auðug þjóð. Enda er fólkið ekkert of gott til þess að vera búið að afla einhvers, áður en það myndar heimili. Við getum nú ekki beint reiknað þannig að draga vexti af heilli íbúð eða heilu húsi frá kaupi. Fólk verður að vera ráðdeildarsamt og sparsamt. En ég held, að ef við gerum allt, sem við getum, til að lækka rekstrarkostnað útvegsins, þá er ég sannfærður um, að við komumst töluvert í áttina að láta hann bera sig.

Svo er önnur hlið málsins og það er að reka útveginn af meiri hagkvæmni en við gerum. Þetta hefur verið algerlega skipulagslaust, bæði hvað veiðarfæri snertir og annað. Það er ekkert vit í því, ef útlit er fyrir litla síldveiði, að láta mikið fleiri báta stunda síldveiðar en skynsamlegt er, kaupa sér nætur fyrir 2—3 millj. o. s. frv. Það verður að vera einhver stjórn á þessu. Við þurfum að reyna að kosta minna til, leggja minni skatta á útgerðina, lækka vextina, gera reksturinn á allan hátt sem hagkvæmastan, þá komumst við langt. Ef það dugir ekki til, verða að koma einhverjir beinir styrkir. En það er lakasta leiðin, sem farin hefur verið, sem eru endurteknar gengislækkanir. Enginn trúir ríkinu fyrir sparifé sínu. Það skapar öngþveiti í efnahagsmálum okkar og svo mikinn lánsfjárskort, að ógerlegt er að reka fyrirtækin og það er þannig nú. Þeir sem reka fyrirtækin, eru að gefast upp. Það er eðlilegt. Og þessi síðasta ráðstöfun var eins og að hella olíu í eld. Hafi gengislækkun einhvern tíma verið hættuleg, var hún það nú. Það var geysilegur rekstrarfjárskortur fyrir og svo kemur gengislækkun, sem svarar til þess, að við þurfum 50% meira rekstrarfé. Það er alveg sama, hvort það er verzlunarfyrirtæki eða útgerðarfyrirtæki. Rekstrarfjárskorturinn hlýtur að verða drepandi fyrir fyrirtækin. Þess vegna varaði ég ríkisstj. við að gera þetta. Þeir áttu að haga sér eins og de Gaulle. Því miður eru þeir ekki nógu líkir de Gaulle. Þeir áttu að segja: Gengið verður ekki fellt og þá átti að miða allar ráðstafanir við það. Þá var fyrsta skrefið að ná greiðslujöfnuði með því að framleiða sem mest að við gátum með sem minnstum tilkostnaði. Eyða sem allra minnstu. Þá stóð fólkið með ríkisstj. langt út fyrir hennar flokka. Þá hefðu menn reynt að hjálpa henni.

ATKVGR.

Rökst. dagskrá á þskj. 209 felld með 18:18 atkv.

1. gr. samþ. með 19:11 atkv.

2.—9. gr. samþ. með 19:5 atkv.

Ákvæði til bráðabirgða samþ. með 19:5 atkv.

10.—14. gr. samþ. með 19:6 atkv.

Ákvæði til bráðabirgða samþ. með 19:6 atkv.

15.—18. gr. samþ. með 19:11 atkv.

Fyrirsögn frv. og fyrirsagnir kafla þess samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 19:3 atkv.

Á 39. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 24 shlj. atkv.

Þórarinn Þórarinsson: Herra forseti. Ég hafði nú gert mér vonir um, að ríkisstj. og hennar flokkar mundu sjá að sér og sækja þetta mál ekki af slíku ofurkappi og raun er á orðin og þess vegna mundu þeir fallast á þá dagskrártillögu, sem hér var flutt við 2. umr. málsins. Sú hefur því miður ekki orðið raunin á, en mér finnst þetta mál vera þannig vaxið, að það sé ekki hægt að láta það fara frá þinginu umræðulaust við 3. umr. og tel því rétt að víkja að því nokkrum orðum.

Það væri sérstök ástæða til þess, ef um rýmri tíma væri að ræða, að ræða um tilefni þess, að þetta frv. er fram komið eða ástæðuna til þess, að þetta frv. er fram komið. Það tilefni sýnir nefnilega, að hér á landi er fylgt allt annarri stefnu í efnahagsmálum heldur en í þeim löndum, sem eru næst okkur og yfirleitt í þeim löndum, sem talin eru vestræn lönd. Í öllum þessum löndum er það talið grundvallaratriði heilbrigðs efnahagslífs að tryggja sem stöðugast gildi gjaldmiðilsins. Þess vegna eru engar ráðstafanir látnar ógerðar til þess að ná þessu takmarki. Hér á landi hefur hins vegar verið ríkjandi sú stefna um skeið, að stöðugt verðgildi gjaldmiðilsins skipti ákaflega litlu máli og eiginlega væri það eina úrræði og allsherjarráð við öllum vanda í efnahagsmálum að beita gengisfellingunni. Þess vegna hefur reyndin orðið sú, að á tæpum 9 árum hafa orðið hér 4

gengisfellingar. Hliðstætt dæmi er hvergi hægt að finna í nálægum löndum. Ástæðan til þess, að annars staðar hefur verið fylgt annarri stefnu í þessum málum heldur en hér hefur verið gert um skeið, er sú, að það hefur hvarvetna gefizt illa að hafa tíðar gengisfellingar. Það hefur verið vísasti vegurinn til algers öngþveitis í efnahagsmálum þjóðarinnar. Glöggt dæmi um þetta er það, sem gerðist í Þýzkalandi eftir fyrri heimsstyrjöldina, þegar gengið var stöðugt látið falla með þeim afleiðingum, að þar skapaðist algert öngþveiti. Annað dæmi um þetta gerðist í Frakklandi eftir síðari heimsstyrjöldina, þegar frankinn var felldur ekki sjaldnar en 6 sinnum á árunum 1945—1958 með þeim afleiðingum, að það stjórnarkerfi, sem Frakkland bjó við, hrundi í raun og veru vegna efnahagserfiðleika og sett var á þar hálfgerð einræðisstjórn á tímabili. Ég held, að þó að það sé ekki ástæða til þess, að það verði ekki hægt að ræða þetta mál nánar að sinni, þá sé mikil ástæða til þess að gera sér vel grein fyrir þeim mikla mun, sem er á fjármálastefnu þeirri, sem hefur ríkt hér á landi, og því, sem á sér stað í öðrum löndum. Þess vegna er í raun og veru komið til sögunnar það öngþveiti, sem við búum nú við.

Ég sé, að hæstv. bankamálaráðh. er hér viðstaddur, en hann á að hafa það fyrir eitt af sínum aðalverkefnum að vera verndari sparifjárins í landinu, og það er fróðlegt að athuga það, hvernig gengisfellingarnar hafa leikið sparifjáreigendur og það er alveg nóg í því sambandi að nefna allra seinasta dæmið. Samkv. skýrslum Seðlabankans nam sparifjáreign landsmanna 1. nóvember s.l. um 10 milljörðum og 100 millj. kr., þegar lögð eru saman bæði spariinnlán og veltiinnlán. Miðað við það gildi eða það gengi, sem þá var á bandarískum dollar, nam þetta 177 millj. dollara. Núna eftir gengisfellinguna nemur þessi sparifjáreign Íslendinga í dollurum ekki nema 115 millj. M. ö. o., gagnvart bandarískum dollar hefur sparifjáreign landsmanna með þessu eina pennastriki, gengisfellingunni, verið rýrð eða verðskert um hvorki meira né minna en 62 millj. dollara. Þetta er tvímælalaust sú langstærsta eignataka eða ég vil segja eignarán, sem hefur átt sér stað á Íslandi. Ég minnist þess ekki, að nokkru sinni hafi ein stétt manna verið eins harðlega leikin í efnahagsmálum eins og sparifjáreigendur í sambandi við seinustu gengisfellingu, eins og þessar tölur, sem ég nú nefndi, bera vott um.

Þessi ráðstöfun virðist hafa verið gerð fullkomlega án þess, að nokkuð væri hugsað um það, hvaða áhrif það hefði á hag sparifjáreigenda og sparifjársöfnunina í landinu og menn hafa ekki heldur gert sér grein fyrir því, hversu stórfelldan fjárhagslegan vanda þetta hefur skapað, því að af þessu leiðir það, að verðgildi sparifjárins, sérstaklega þegar þarf að miða við erlendan gjaldeyri, hefur stórkostlega lækkað, jafnframt því sem þörf atvinnuveganna og verzlunarfyrirtækja fyrir lánsfé hefur stórkostlega aukizt. Enda standa stjórnarvöldin hér frammi fyrir vanda, sem er vafasamt, að þeim takist að ráða fram úr, því að lánsfjárskorturinn hjá fyrirtækjunum er að verða svo mikill, að atvinnureksturinn er í mörgum tilfellum að stöðvast. Hitt er þó enn alvarlegast í þessum efnum, hve grálega sparifjáreigendur hafa verið hér leiknir, þannig að með einu pennastriki hefur eign þeirra verið verðrýrð sem nemur 62 millj. dollara og án þess að þeim sé séð fyrir nokkrum bótum í staðinn. Það er rétt, að það er mjög harkalega gengið að launþegum með þessari ráðstöfun, allt of harkalega, en þó verð ég að segja það, að meðferðin á sparifjáreigendum er enn þá verri. Og það sorglega í þessu er það, að þessi framkvæmd er framin af þeim aðila, sem öðrum fremur á að bera hagsmuni sparifjáreigenda og sparifjársöfnunina fyrir brjósti, Seðlabankanum. Ég tel, að með þessum hætti hafi ríkisstj. og Seðlabankinn framið mesta ránsverk, sem hægt er að finna dæmi um í íslenzkri sögu, — ránsverk, sem á eftir að hefna sín með margvíslegum hætti á komandi árum, ekki aðeins á þann hátt, að það skapist stórkostlega aukin spenna í lánsfjármálum þjóðarinnar, eins og ég hef bent hér á, heldur hlýtur þetta að vekja stórkostlega ótrú á sparifjársöfnun manna í framtíðinni, a. m. k. meðan þeir menn fara með völd, sem nú ráða ríkisstj. og Seðlabankanum, því að það er auðséð, að ef eitthvað á þjátar að nýju í efnahagsmálum þjóðarinnar, sem eru miklar líkur á, svo að ekki sé meira sagt, miðað við þá stefnu, sem nú er fylgt, er þess ekki langt að bíða, að framin verði fimmta gengisfellingin. Þetta er afleiðing þess, að hér á landi hefur seinustu 10 árin verið fylgt allt annarri stefnu í efnahagsmálum en í öðrum vestrænum löndum. Hér hefur það verið úrlausnaratriðið við öllum vanda að fella krónuna, en annars staðar hefur það verið höfuðmarkmið að tryggja verðgildi gjaldmiðilsins.

Það þarf áreiðanlega ekki að lýsa því fyrir hv. þm. hvaða annmarkar fylgja gengisfellingu. Margir fleiri og stórfelldari heldur en þeir, sem ég nú nefndi, verðrýrnun sparifjárins og lífskjararýrnun hjá launamönnum. Þess vegna er það, sem allir ábyrgir fjármálamenn forðast gengisfellingar í lengstu lög en hafa það ekki fyrir sport, eins og núverandi valdhafar virðast hafa haft krónuna með því að vera að fella hana sí og æ. Sannleikurinn er sá, ef menn vilja gera sér fulla grein fyrir þessum málum, þá er það í raun og veru tvennt, sem við getum sagt, að séu megineinkenni og megintákn íslenzks þjóðarsjálfstæðis og okkur ber að bera jafna virðingu fyrir og sýna sömu umhyggju. Þessi tákn eru fáninn og krónan. En að því leyti er kannske krónan enn þá þýðingarmeira tákn fyrir okkar sjálfstæði, okkar álit út á við, að það er enn þá meira tekið eftir því á erlendum vettvangi, hvernig með hana er farið, heldur en þó að menn taki eftir íslenzka fánanum á þeim stöðum, sem þeir kunna að sjá. Þær fréttir berast hins vegar um víða veröld, þegar verið er að fella gengi krónunnar og þykja sönnun um það, hér eins og annars staðar, að það sé meira en lítið að í efnahagsmálum og stjórnmálum þeirrar þjóðar, sem þannig hagar sér.

Það mætti kannske segja í sambandi við gengisfellingar, að þær geti undir einum kringumstæðum átt nokkurn rétt á sér og það væri það, ef kaupgjaldið í landinu væri orðið mjög óeðlilega hátt í samanburði við það, sem væri í öðrum löndum, og þess vegna þyrfti að jafna þarna bilið til þess að auka samkeppnishæfni atvinnuveganna með því að breyta skráningu krónunnar. En slík forsenda hefur aldrei verið fyrir hendi hér á landi, vegna þess að á undanförnum árum hefur kaupgjaldið hér yfirleitt verið mun lægra heldur en í þeim löndum, sem við höfum þurft að keppa við á

heimsmörkuðunum. En ríkisstj. virðist hafa frá upphafi verið þeirrar skoðunar, að atvinnuvegirnir ættu ekki við nema einn vanda að stríða og það væri ekki nema eitt að í þeirra rekstri, sem væri athugunarvert og þyrfti að ráða bót á, og það væri það, að kaupið væri of hátt. Þess vegna hefur hún alltaf verið að höggva í þennan eina og sama knérunn. Þess vegna er nú komið svo, að í dag er kaupgjald á Íslandi um það bil helmingi lægra heldur en það er í nágrannalöndum okkar og lífskjörin koma til með að verða, ef engin breyting verður á þessu, allt að helmingi lakari heldur en þau eru víða annars staðar hér í nágrannalöndum okkar. Hver heldur nú, að þegar kaupgjald er nærri helmingi lægra heldur en það er í þeim löndum, sem við keppum við, að það sé því að kenna, að þannig er ástatt í efnahagsmálum þjóðarinnar, sem nú ber raun vitni? Það hlýtur hver og einn að geta sagt sér það sjálfur, að þegar svona er ástatt með samanburð á kaupgjaldi hér og annars staðar, hljóta allt aðrar orsakir að valda þeim erfiðleikum, sem við er glímt, heldur en þær, að kaupgjaldið sé of hátt. Og það hafa líka ýmsir stjórnarsinnar orðið til að játa það í umræðunum hér, m. a. í dag, þegar hv. 10. þm. Reykv., Pétur Sigurðsson játaði það, að það væri mörgu ábótavant í stjórn og starfsháttum ýmissa fyrirtækja og það hefðu ekki fengizt fram aðgerðir af hálfu stjórnarflokkanna eða ríkisstj. til að ráða nokkra bót þar á.

Því er ekki síður ábótavant, hvernig búið hefur verið að atvinnufyrirtækjunum í lánsfjármálum. Íslenzkir atvinnurekendur hafa á undanförnum árum verið látnir búa við stöðugan stofnlánaskort og rekstrarfjárskort, og það hefur háð atvinnurekstrinum svo stórkostlega, að það á sinn mikla þátt í því, að hann er á mörgum sviðum miklu lélegri hér heldur en í þeim lö.. um, sem við þurfum að keppa við. En ríkisstj. hefur alveg skort skilning á þetta. Hún hefur ekki séð neinn vanda annan en þann, að kaupið væri of hátt og þess vegna væri ekki um annað að ræða en lækka gengið, þrátt fyrir alla þá ókosti, sem því hafa fylgt og ég hef nú minnzt á, og þó sérstaklega, hvaða áhrif þetta hefur á gildi sparifjárins.

Það hefur verið sagt einmitt í sambandi við þessa gengisfellingu eins og reyndar alltaf áður, að með henni mætti leysa allan vanda í efnahagsmálum þjóðarinnar. Það hefur verið boðskapur ríkisstj. En hvað er þá hægt að lesa út úr því frv., sem hér liggur fyrir? Ber þetta frv. vott um það, að gengisfelling ein leysi allan vanda og það þurfi ekki annað heldur en gera þetta eina pennastrik til þess að allt sé komið í lag? Nei, þetta frv. fjallar einmitt um það, að gengisfellingin ein leysi alls ekki vandann. Það er meginefni þessa frv. í raun og veru að lýsa því yfir, að gengisfellingin leysi ekki vandann og þess vegna verði að gera hér nýja ráðstöfun til að hjálpa útgerðinni, það verði að taka mjög stóran hlut af því, sem sjómönnum ber, og færa það yfir til útgerðarinnar, annars verði rekstur hennar ekki tryggður. M. ö. o., þrátt fyrir þessa miklu gengisfellingu leysir hún ekki vandann meira heldur en það, að það verður að leggja nýjar álögur á sjómannastéttina sérstaklega, til þess að hægt sé að halda skipunum úti. Meiri er nú árangurinn af gengisfellingunni ekki samkv. því frv., sem ríkisstj. sjálf flytur og hér er nú til umræðu.

Efni þessa frv. er um það, að gengisfellingin sé ófullnægjandi fyrir útgerðina og þess vegna verði að leggja nýjan, stórfelldan skatt á sjómannastéttina sérstaklega, til þess að hægt sé að koma útgerðinni af stað. Það viðhorf, sem kemur hér fram gagnvart sjómannastéttinni, er talsvert annað en menn heyra, þegar hæstv. sjútvmrh. eða fulltrúar útgerðarmanna stíga í stólinn á sjómannadaginn og lýsa því yfir, að þeir séu allir af vilja gerðir til þess að gera allt fyrir sjómennina, sem hægt er að gera fyrir þá. Í þessu frv. birtist þessi umhyggja á þann veg, að það skuli lagður sérskattur á sjómennina eina til þess að tryggja rekstur útgerðarinnar. Hingað til hefur það verið stefnan, að þegar útgerðin hefur búið við sérstakan vanda, hafa henni verið veittar uppbætur, sem hafa verið greiddar úr ríkissjóði eða með öðrum hætti sameiginlega af öllum landsmönnum. Hér er hins vegar tekin upp alveg ný stefna, sem er sú, að það skuli lagður sérskattur á sjómennina eina og þeir skuli bera þá byrði, en ekki heildin eins og áður hefur þó átt sér stað.

Ég held, að það sé mikilsvert fyrir sjómannastéttina að festa sér það vel í minni, hver er framkoma ríkisstj. og stjórnarflokkanna í þessu máli. Og ég held, að það sé sérstaklega mikilsvert fyrir sjómennina að festa sér vel í minni, hver er framkoma Alþfl. hér. Því að hingað til hefur það verið svo, að verulegur hluti sjómanna hefur verið nokkuð tryggur Alþfl. og talið hann líklegastan og vænlegastan til að vera hag sinnar stéttar fyrir brjósti, enda hafa margir beztu og mestu verkalýðsforingjar Alþfl. komið úr röðum sjómannastéttarinnar. Nefni ég þá sérstaklega tvo, Sigurjón Á. Ólafsson og Jón Sigurðsson, sem hafa verið í hópi allra merkustu verkalýðsleiðtoga á undanförnum áratugum, og að mínum dómi er Jón Sigurðsson vafalítið einn skeleggasti og bezti verkalýðsleiðtogi, sem þjóðin hefur átt á undanförnum árum. Ég mundi þess vegna, ef ætti að framkvæma eitthvert mat á því, hver hefur verið einna skeleggastur í málum sinnar stéttar seinustu árin, þá mundi ég telja Jón Sigurðsson þar allra fremstan, enda veit ég það vel, að það er ekki farið að hans ráðum í þessu máli. Og ég er viss um það, að ef Jón Sigurðsson væri yngri og eins skeleggur og þegar hann var upp á sitt bezta, þá mundi sú ráðstöfun, sem felst í þessu frv., aldrei ná fram að ganga. En þetta frv. er þannig einnig yfirlýsing um það, að í Alþfl. er komin til valda ný stétt og aðrir menn heldur en réðu þar áður. Svona frv. hefði aldrei verið samþykkt hér á Alþ. á þeim tíma, þegar t. d. Haraldur Guðmundsson eða Stefán Jóhann Stefánsson sátu í ráðherrasæti. Og það hefði aldrei verið samþykkt einróma af þm. Alþfl., ef maður eins og Sigurjón Á. Ólafsson hefði átt hérna sæti. En því miður, slíka menn er ekki lengur að finna í forystusveit Alþfl. og þess vegna er svo komið, að það eru allar horfur á, að þetta frv. verði afgreitt eftir litla stund hér frá Alþ.

En það er ekki þar með sagt, að þó að málið verði afgreitt hér á Alþ., að þar með séu komnar fullar málalyktir. Sjómennirnir eiga enn eftir að segja sitt seinasta orð um þetta mál og það finnst mér vera ömurlegt dæmi um getuleysi núv. ríkisstj., hvernig hún heldur á þessu máli. Það má vel vera, að hlutaskiptum sé á þann veg háttað núna, að rétt sé að gera einhverja breytingu þar á. Ég skal ekki fella neinn endanlegan dóm um það, en ef svo er, álít ég, að það hefði verið

rétta leiðin af ríkisstj. og útgerðarmönnum að snúa sér til sjómanna sjálfra og samtaka þeirra, leggja á borðið hvernig þeir teldu ástatt í þessum málum og reyna að fá þá til samninga á þeim grundvelli. Og ég er næstum viss um það, að ef sú leið hefði verið valin, hefði því verið sæmilega tekið af sjómönnum. En málið liggur allt öðru vísi fyrir, þegar farið er af stað með slíku ofbeldi og offorsi eins og hér er gert. Þá er eðlilegt, að sjómannastéttin snúist til harðari andspyrnu en ella.

Ég sagði áðan, að þetta frv. væri lærdómsríkt fyrir sjómannastéttina, því að svo að segja öll meginákvæði þess fela það í sér að skerða hag og aðstöðu sjómannastéttarinnar, en bæta aðstöðu atvinnurekandans og láta sjómennina hvergi fá bætur fyrir það, sem af þeim er tekið. Nú er það hins vegar vel ljóst, að sjómenn hafa þörf fyrir margs konar endurbætur á sínum starfskjörum. Ég nefni það t. d., að sjómennirnir eru eina stéttin, sem vinnur fjarri heimilum sínum, og þeir verða sjálfir að borga fæðiskostnað sinn. Allar aðrar vinnandi stéttir, sem vinna fjarri heimilum sínum, fá fæðiskostnað sinn greiddan. Og ef það hefði nú t. d. í þess frv verið eitthvað gengið til móts við sjómenn í þessum efnum og tekin upp sú regla, að þeir fengju fæðiskostnað sinn að fullu greiddan, þá hefði málið strax horft nokkuð öðruvísi við. En það er líka augljóst mál, að sjómenn þurfa að fá aflatryggingar- og verðtryggingarsjóð sinn stórlega aukinn, því að margir þeirra bera mjög lítinn hlut frá borði af þeim ástæðum, að aflinn er rýr eða þá verðið hefur fallið og þess vegna er það eitt mikilvægasta mál þeirra að fá stórkostlega efldan Aflatryggingar- og Verðtryggingarsjóð. Þetta mál hefði horft öðruvísi við, ef t. d. það ákvæði hefði verið í frv., að þessum 17%, sem á að taka af óskiptum afla, hefði verið skipt þannig, að útgerðarmenn hefðu fengið helminginn og sjómenn svo fengið hinn helminginn, t. d. til þess að efla Aflatryggingarsjóð og Verðtryggingarsjóð. En slíku er ekki að heilsa. Það mun vera búið að lofa því fyrir alllöngu hér af hæstv. ríkisstj. að gera endurbætur á lögum um Aflatryggingarsjóð, en það bólar ekki neitt á því. Þetta mál, sem skerðir hagsmuni sjómannanna, er látið ganga fyrir. Og það sýnir viðhorf ríkisstj. til sjómannastéttarinnar.

Mér virðist margt benda til þess, að ríkisstj. og stuðningsmenn hennar hér á Alþ. séu að leika sama háskaleikinn og þeir léku á seinasta þingi. Þá var ráðizt í það þrátt fyrir gerða samninga við verkalýðshreyfinguna að fella úr lögum verðtryggingu á launin. Þetta var gert á fáum dögum hér á Alþ. án þess að ræða nokkuð um það við verkalýðshreyfinguna. Og það vissu allir, hverjar afleiðingarnar yrðu. Afleiðingarnar urðu allsherjarverkfall, stærsta verkfall, sem verið hefur á Íslandi og stóð á þriðju viku og hafði stórkostlegt tjón í för með sér fyrir alla aðila, fyrir atvinnurekendur, fyrir þjóðina og fyrir launþega. Mér sýnist flest benda til þess, ef ríkisstj. víkur ekki frá þeirri stefnu, sem mörkuð er í þessu frv. að einhverju leyti, þá sé hún að framkalla eitthvað svipað og það, sem gerðist á s. l. ári. Ég vil því, áður en ég lýk máli mínu, beina þeim áskorunum eindregið til ríkisstj. og stuðningsflokka hennar, að þó að þeir þrjózkist nú við og þó að þeir samþykki þetta frv. og afgreiði það frá Alþ., taki þeir með sanngirni á málum sjómanna, þegar samningar hljóta að hefjast um þeirra kjör nú næstu daga. Og þeir geri svo vel við sjómennina, þessir aðilar, að sjómennirnir geti unað vel sínu hlutskipti og þurfi ekki að láta koma til verkfalls, því að nógar eru þær skaðsamlegu afleiðingar, sem hljótast af gengisfellingunni, þó að því verði ekki bætt við, að það verði langvinn stöðvun á aðalatvinnuvegi landsmanna, þegar hann á að hefjast eftir áramótin. En það þýðir ekki að vera að bjóða sjómönnum neinar smánarbætur. Það verður að bjóða þeim heiðarlegar bætur, sem eru jafngildar því, sem útgerðarmönnum er ætlað í því frv., sem hér liggur fyrir. Sjómenn geta ekki og mega ekki sætta sig við minna en halda þeim hlut, sem þeir hafa haft, þó að það verði kannske í einhverju öðru formi heldur en verið hefur.

Ég vil svo að seinustu víkja að þeim mikla barlómi og þeirri vantrú á framtíð þjóðarinnar og aðstöðu þjóðarinnar, sem mér virðist nú einkenna allan málflutning ríkisstj. og hennar stuðningsmanna. Það er rétt, að þjóðin hefur orðið fyrir nokkru áfalli miðað við það þegar árferði hefur verið bezt hér á landi og viðskiptakjörin bezt. En þrátt fyrir það er engan veginn hægt að kalla ástandið í dag slæmt. Það má fullkomlega segja, að það hafi verið meðalárferði hjá okkur á undanförnum áratug og vel það. Og þó að þær tölur kunni að vera réttar, að þjóðartekjurnar í ár verði eitthvað 10—15% minni heldur en þær urðu árið 1966, þá eru meðaltekjurnar á mann, þ. e. þegar máður deilir þjóðartekjunum á hvern íbúa, þá eru þær þrátt fyrir þetta hærri heldur en í mjög mörgum löndum öðrum, meira að segja sumum nágrannalöndum okkar. Það hefur ekki orðið neitt það áfall, að það sé hægt að tala um, að það sé raunverulega neyðarástand hjá þjóðinni, þó að það sé verið að reyna að búa það til í áróðri ríkisstj. og stuðningsmanna hennar. Og þess vegna, ef rétt er tekið á þessum málum og rétt er skipt, þá er engin þörf fyrir það, að þjóðin sætti sig við einhver sultarkjör. Það er ekki hægt að hafa þessa röksemd þannig, að réttlæta það með því ástandi sem nú er, að þjóðin þurfi að skerða lífskjör sín um 20%, t. d. láglaunastéttirnar. Það fer fjarri því. En ég held, að ríkisstj. sé með þessum sultarsöng að vinna mjög vont verk. Ríkisstj. og flokkar hennar eru með þessum áróðri að veikja trú manna á framtíð þjóðarinnar og framtíð landsins og það kemur fram hjá ýmsu ungu fólki í dag miklu meiri óhugur og miklu meiri vantrú heldur en ég hef nokkru sinni áður orðið var við, a. m. k. um langt skeið. Og þetta birtist m. a. á þann veg, að það hefur aldrei eins margt af ungu fólki verið að hugsa um það að flytja til annarra landa heldur en um þessar mundir. Og því miður er að finna í hópi þess fólks margt af því fólki, sem væri líklegt til mjög nytsamra starfa hér á landi, bæði sakir dugnaðar og menntunar. Sá eymdaráróður, sem er rekinn af stjórnarflokkunum og sem er að miklu leyti rangur, ýtir áreiðanlega mjög undir slíkan landflótta um þessar mundir. Mér finnst ástandið vera þannig, þrátt fyrir það að það sé ekki sami gróði hér nú og var, þegar hann var mestur um skeið, að við þurfum ekki að líta neitt dökkum augum á ástandið. Það er ekki neitt slæmt, ef við bara miðum við það, sem við erum vanir að búa við upp og ofan á undanförnum árum. Og ef við tökum með manndómi á málunum og beitum öðrum úrræðum og manndómsmeiri heldur en gengisfellingum.

á okkur að vera auðvelt að sigrast á þessum erfiðleikum. Og þá eigum við að starfa þannig og tala þannig, að fólkið geti haft fulla trú á góðri framtíð hér á landi, að það þurfi ekki að sætta sig við mikið lakari lífskjör heldur en annars staðar eru og þess vegna getum við gengið fram á leiksviðið með bjartsýni og atorku. En þetta verður hins vegar því aðeins, að það verði skipt um stjórn og skipt um stefnu, því að undir þeirri forystu, sem nú er, og sé þeirri stefnu fylgt áfram, sem nú er fylgt, hlýtur að stefna áfram í öfuga átt.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Ég skal nú ekki lengja þessar umræður úr því sem nú er komið. Ég hafði hugsað mér að flytja hér tvær litlar brtt. við frv. nú við 3. umr., en þær eru við 3. gr. frv. um það, að síðasti málsl. gr., sem byrjar þannig: „Kostnaðarhlutdeild" o. s. frv., falli niður. Og 2. brtt. er við 4. gr. um það, að 3. málsl. gr., sem er þannig: „Þessi greiðsla kemur ekki" o. s. frv., falli niður.

Það, sem felst í þessum tveimur till., er einungis það, að þau ákvæði í þessum tveimur greinum, sem mæla svo fyrir, að það gjald, sem lagt er til að taka af óskiptum aflahlut, verði lagt í stofnfjársjóð m. a., það falli niður, þ. e. þau ákvæði, sem segi, að þessi hluti af fiskverðinu komi ekki til hlutaskipta.

Við 2. umr. fór hér fram atkvgr. um það að vísa frv. sem heild frá, en með atkvgr. um þessa till. fengist úr því skorið, hvort þm. séu í raun og veru á því, að það sé óhjákvæmilegt að samþykkja hér frv. um það að skerða á þann hátt launakjör sjómanna, sem gert er ráð fyrir í þessu frv. Ég tel, að það sé hægt að samþykkja frv. út af fyrir sig, þó að þetta úr frv. yrði fellt niður. En þar sem þessar till. mínar koma nú fram of seint, þá bið ég hæstv. forseta að leita eftir afbrigðum fyrir till., svo að þær geti komið hér til atkv.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 221) leyfð og samþ. með 27 shlj. atkv.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 40. fundi í Nd., s. d., var fram haldið 3. umr. um frv.

ATKVGR.

Brtt. 221,1 felld með 18:13 atkv.

– 221,2 tekin aftur.

Frv. samþ. með 19:15 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JP, MÁM, PJ, PS, SI, SvJ, BGr, BK, BBen, BGuðm, BrS, EmJ, FÞ, GuðlG, GunnG, GÞG, IngJ, JóhH, SB.

nei: LJós, MK, SE, SkG, SV, VH, ÞÞ, ÁÞ, BP, EðS, EystJ, GeirG, HS, HV, IG.

6 þm. (JónasÁ, MB, SP, BF, GíslG, JSk) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (A. 230).

14. Bjargráðasjóður Íslands.

Á 23. fundi í Ed., 9. des., var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 82 29. des. 1967, um Bjargráðasjóð Íslands [105. mál] (stjfrv., A. 134).

Á 25. fundi í Ed., 12. des., var frv. tekið til 1. umr.

Félmrh. (Eggert G. Þorsteinsson): Herra forseti. Á s. l. vori voru sett ný heildarlög um Bjargráðasjóð Íslands. Var með þeim l. sett á stofn ný deild innan sjóðsins, afurðatjónadeild landbúnaðarins. Hefur deildin það hlutverk að veita sveitarfélögum og einstökum bændum lán eða óafturkræft framlag til að afstýra óeðlilega mikilli förgun búfjár vegna grasbrests eða óþurrka, svo og vegna afurðatjóns á nautgripum og sauðfé af völdum alvarlegra smitsjúkdóma eða til að bæta stórtjón vegna dauða nautgripa og sauðfjár af völdum sjúkdóma. Deild þessari var tryggður nýr tekjustofn, sem var 0.25% gjald af söluvörum landbúnaðarins, ásamt framlagi ríkissjóðs, sem nemur jöfnu framlagi bænda. Áætlaðar tekjur þessarar deildar voru nálægt 10 millj. kr. á ári. Mikill hluti hinna nýju tekna kemur þó ekki til fyrr en á árinu 1969.

Svo sem alkunnugt er, var bændum á s. l. ári veitt stórfelld aðstoð vegna lélegrar grassprettu, kals á Vestfjörðum og á Norður- og Austurlandi. Námu veitt lán rúmlega 16 millj. kr. og styrkir rúmlega 2 milljónum króna. Með því að sjóðurinn hafði yfir litlu ráðstöfunarfé að ráða og mikill hluti hinna nýju tekna Bjargráðasjóðs kom seint til, var tekjum þeim í raun ráðstafað langt fram í tímann til að standa undir þeim skuldbindingum, sem á sjóðinn féllu í fyrra vegna harðindanna þá. Eins og menn muna, voru heyskaparhorfur mjög slæmar framan af sumri, og þótt úr rættist, var staðreyndin samt sú, að heybrestur varð hjá mörgum bændum á ýmsum svæðum. Harðærisnefnd var í vor falið að athuga hag bænda á harðindasvæðunum og aðstöðu þeirra til áframhaldandi búrekstrar. Nú fyrir nokkru var nefndinni falið að gera tillögur byggðar á tillögum nefndarinnar frá s. l. ári um nauðsynlega aðstoð við bændur á harðindasvæðunum. Hefur nefndin þegar gert tillögur um óafturkræf framlög úr Bjargráðasjóði vegna hluta af kostnaði við heyflutninga, að fjárhæð 4.7 millj. kr. Nefndin er þessa dagana að ganga frá tillögum um lán vegna vorkulda á sama hátt og í fyrra. Fyrirsjáanlegt er, að Bjargráðasjóð muni skorta fé til að veita þá úrlausn, sem um verður að ræða.

Ef frv. þetta um breyt. á l. um Bjargráðasjóð, sem lagt er fyrir Alþingi nú og hér, verður að lögum, munu tekjur Bjargráðasjóðs aukast um 6 millj. kr. á ári. Tekjur þessar munu skiptast samkv. 9. gr. laganna og renna að mestu í sameignardeild sjóðsins og séreignardeild sýslu- og bæjarfélaganna.

Með ákvæði 2. gr. frv. er lagt til, að tekinn sé af allur vafi um lögmæti þessara lána frá einni deild sjóðsins til annarrar, ef fé einhverrar deildarinnar hrekkur ekki til, svo sem gert var á síðasta ári. Er ætlazt til þess, að sú tekjuaukning, sem fengist, ef frv. verður að lögum, verði lánuð afurðatjónadeild landbúnaðarins, meðan sú deild hefur ekki nægilegt fjárhagslegt bolmagn til að standa undir þeim skuldbindingum, sem á hana eru lagðar. Er vert að leggja áherzlu á, að með frv. þessu, ef að lögum verður, er ekki sízt verið að efla sameignardeild sjóðsins og séreignardeild sýslu- og bæjarfélaga, þótt fé sé lánað í afurðatjónadeildina í bili.

Harðæri getur komið yfir af öðrum orsökum en ís og kali. Þéttbýlið getur ekki síður en dreifbýlið orðið fyrir

ýmissi óáran, svo sem snjóflóðum, jarðskjálftum, eldgosum o. fl. Er ekki úr vegi í því sambandi að minna á alvarlegt veiðarfæratjón báta fyrir Norðurlandi vegna ísa á s. l. vetri og vori.

Rétt er að benda á það að lokum, að með frv. þessu er aðeins verið að hækka framlag ríkissjóðs og sveitarfélaga til samræmis við verð- og kauphækkanir í landinu. Þótt frv. yrði að lögum, væri framlagið á hvern íbúa, samkv. ákvæðum frv., mun lægra en það var upphaflega, sé miðað við vísitölu framfærslukostnaðar eða tímakaup verkamanna.

Ég tel, herra forseti, ekki þörf á frekari útlistun þessa máls, en legg til, að því verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. heilbr.- og félmn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 14 shlj. atkv.

Á 35. fundi í Ed., 19. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 134, n. 199).

Frsm. (Jón Þorsteinsson): Herra forseti. Í frv. þessu til breyt. á l. um Bjargráðasjóð Íslands felast tvær breytingar frá gildandi l., annars vegar sú breyting, að framlög sveitarfélaga og ríkissjóðs til Bjargráðasjóðs verði hækkuð úr 10 kr. í 25 kr. á hvern íbúa og í öðru lagi er sjóðsstjórninni veitt heimild til þess að færa fé á milli einstakra deilda sjóðsins, en til þess hefur skort örugga lagaheimild. Ástæðurnar fyrir þessum hækkunum á framlögum til Bjargráðasjóðs eru tvenns konar. Þar er um að ræða að hækka þetta til þess að fylgja eftir hækkun verðlags og kaupgjalds, því að nú er auðvitað um að ræða smærri krónur heldur en þegar þetta 10 kr. framlag var ákveðið á sínum tíma og að hinu leytinu er svo ástæðan sú og ekki síðri, að ýmsar þungar kvaðir hafa lagzt á Bjargráðasjóð að undanförnu. Þar má sérstaklega nefna hið erfiða árferði í landbúnaðinum, kalið í túnunum og svo enn fremur hafísinn á s. l. vetri, sem olli bátaútgerðinni fyrir Norðurlandi verulegu tjóni á veiðarfærum, en Bjargráðasjóður ætlar að einhverju leyti að bæta.

Þetta frv. var sent til athugunar og umsagnar í heilbr.- og félmn. N. hefur fjallað um þetta mál og mælir einróma með því, að frv. verði samþ., svo sem sést á nál. á þskj. 199.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

Á 36. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 16 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 17 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 39. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá 3. umr. í Ed. — Afbrigði leyfð og samþ. með 24 shlj. atkv.

Félmrh. (Eggert G. Þorsteinsson): Herra forseti. Frv. þetta er lítið að vöxtum og þarf ekki langrar framsögu við. Hér er um að ræða að hækka það gjald af tekjum, sem til Bjargráðasjóðs renna, úr 10 kr. á hvern íbúa í 25 kr., og samsvarandi breyting gerð á öðrum liðum frv. Frv. hefur hlotið afgreiðslu shlj. og ágreiningslaust í hv. Ed., og nauðsyn mikil á því, að það fái afgreiðslu nú fyrir áramót. Þess vegna hef ég rætt við forustumenn hv. stjórnarandstöðu og þeir fallizt á það, að þetta frv. megi hvað þá áhræri fara nefndarlaust hér í gegnum þessa hv. d., ef ekki eru sérstök mótmæli gegn því. Ég legg áherzlu á það, að þau ákvæði frv., sem veita þarna auknar tekjur, er mikil nauðsyn á að fá, sér í lagi landbúnaðarins vegna og þá eins af veiðarfæratjóni, sem orðið hefur á Norðurlandi.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 30 shlj. atkv.

Á 40. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 2. umr.
Of skammt var liðið frá 1. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 25 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 28 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 31 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 30 shlj. atkv.

Á 41. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 29 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 30 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 231).

---

15. Fjárlög 1969.

Á 1. fundi í Sþ., 14. okt., var útbýtt:
Frv. til fjárlaga fyrir árið 1969 [1. mál] (stjfrv., A. 1).

Á 5. fundi í Sþ., 24. okt., var frv. tekið til 1. umr. (útvarpsumr.)

Forseti (BF): Þessi útvarpsumr. fer þannig fram, að fyrst flytur fjmrh., Magnús Jónsson, framsöguræðu, og er ræðutími hans ekki takmarkaður. Því næst verða fluttar hálfrar stundar ræður af hálfu annarra þingflokka en þingflokks ráðh. og í þessari röð: Framsfl.,

ræðumaður Halldór E. Sigurðsson, Alþfl., ræðumaður Birgir Finnsson, og Alþb., ræðumaður Geir Gunnarsson. Að lokum talar fjmrh. aftur og hefur stundarfjórðung til andsvara. Hefst nú umr., og tekur til máls hæstv. fjmrh., Magnús Jónsson.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Áður en ég geri grein fyrir fjárlagafrv. fyrir árið 1969, mun ég í stórum dráttum skýra afkomu ríkissjóðs á árinu 1967 og horfur í fjármálum ríkisins á yfirstandandi ári. Vegna breytinga á uppgjöri ríkisreiknings fyrir árið 1967, sem ég mun síðar gera nánari grein fyrir, var lokun reikningsins það síðbúin, að ég hafði ekki aðstöðu til að gera Alþ. grein fyrir afkomu ríkissjóðs það ár, áður en þingi lauk s. l. vor. Hlýt ég því að fara nokkuð fleiri orðum um reikninginn heldur en ella hefði verið, en mun þó takmarka mig við meginatriði og vísa um einstaka liði til ríkisreikningsins, sem lagður hefur verið á borð hv. þm.

Um síðustu áramót gengu að fullu í gildi lög frá 1966 um ríkisbókhald, gerð ríkisreiknings og fjárlaga. Í samræmi við þau lög voru fjárl. fyrir árið 1968 gerbreytt frá fyrri efnisskipan fjárlaga. Ríkisreikningurinn fyrir árið 1967 er í sama formi og hann hefur verið um langt árabil, en það er í síðasta sinn, sem ríkisreikningur verður gerður upp á þennan hátt, því að ríkisreikningurinn fyrir árið 1968 verður mjög breyttur til samræmis við ákvæði hinna nýju laga. Þótt reikningur ársins 1967 sé þannig hið ytra eins og hann hefur verið, ber að minnast þess, þegar hann er skoðaður, að ýmsar þær meginreglur, sem leiddar voru í lög með áðurnefndri lagasetningu um ríkisbókhald, eru notaðar við uppgjör reikningsins fyrir árið 1967. Er afleiðingin sú, að niðurstöður reikningsins eru að ýmsu leyti aðrar. En það er um bókhaldslegar aðgerðir að ræða, sem óumflýjanlegt var að gera í eitt skipti, til þess að reikningurinn fyrir árið 1968 geti í einu og öllu verið gerður samkv. nýju lögunum. Til þess að geta skoðað ríkisreikninginn fyrir árið 1967 í réttu ljósi og fengið eðlilegan samanburð við eldri ríkisreikninga verða menn að vita helztu atriði hinnar breyttu reikningsfærslu, en þau eru þessi:

1. Tekju- og eignarskattar eru færðir til tekna eins og þeir eru á lagðir á árinu í stað þess að vera færðir jafnótt og þeir voru innheimtir, svo sem var. Óinnheimtir skattar á áramótum eru þannig taldir með útistandandi skuldum og innheimtar eftirstöðvar þessara gjalda frá fyrri árum eru ekki færðar sem rekstrartekjur. Gjöld af innlendum tollvörum og söluskattur eru færð með sama hætti.

2. Sú aðferð, sem nokkuð hefur verið tíðkuð um árabil, að greiða fyrir fram af fjárveitingum næsta árs hefur verið lögð niður, þar eð hún samræmist ekki hinum nýju lögum um ríkisbókhald, og þær fjárhæðir, sem þannig voru greiddar 1967 og áttu að greiðast fyrir fram vegna ársins 1968, hafa allar verið færðar til gjalda ársins 1967. Veldur þessi aðferð umframgreiðslu á ýmsum liðum, þótt ekki sé raunverulega um neinn útgjaldaauka að ræða, því að áætlaðar fjárveitingar í fjárl. 1968 verða lækkaðar sem þessu nemur.

3. Í ýmsum tilfellum er reikningurinn fyllri en áður var, þannig að tölur færast brúttó í reikninginn, þar sem í eldri reikningum var aðeins færður mismunur fjárhæða. Getur þetta haft nokkur áhrif milli ára, t. d. í sambandi við vaxtatekjur og vaxtagjöld, sem ekki færast alltaf innan sama reikningsárs.

Tekjur á rekstrarreikningi urðu árið 1967 samtals 5153.3 millj. eða 430 millj. kr. hærri en fjárlög gerðu ráð fyrir. Rúmlega 50 millj. kr. þessarar fjárhæðar stafa af ósambærilegri aðferð við færslu vaxtatekna í fjárl. og reikningi. Tekjur af sköttum og tollum eru samkv. reikningnum 295 millj. kr. hærri en fjárlög gerðu ráð fyrir, og tekjur af rekstri ríkisstofnana urðu 85 millj. kr. umfram áætlun. Af sköttum og tollum var tekju- og eignarskattur 84 millj. kr. umfram fjárlög, sem ástæða er til að halda, að stafi að nokkru leyti af betri framtölum, en að öðru leyti af raunverulega hærri tekjum manna en hafði verið reiknað með í fjárlagaáætlun. Aðflutningsgjöld urðu rúmum 168 millj. kr. hærri en fjárlagaáætlun, að mestu leyti vegna meiri innflutnings á árinu en gert hafði verið ráð fyrir, en að nokkru leyti vegna gengisbreytingarinnar. Álagt tollvörugjald varð rúmlega 8 millj. kr. umfram áætlun og gjald af bifreiðum og bifhjólum rúmlega 15 millj. kr. hærra en fjárlagaáætlun. Að öðru leyti voru tekjuliðir mjög í samræmi við áætlun fjárl. Munaði þannig aðeins 10 millj. kr. á áætlun og rauntölu söluskatts, sem varð samtals 1232 millj. Við mat á þessum tölum saman borið við fyrri ríkisreikninga ber að hafa í huga, að álagður tekju- og eignarskattur og gjald af innlendum tollvörum er hér allt fært til tekna án hliðsjónar af því, að hve miklu leyti þessar tekjur hafa innheimzt á árinu, en eftirstöðvar þessara gjalda frá fyrri árum eru hins vegar ekki látnar hafa nein áhrif á afkomu ársins. Með auknu eftirliti og ítrekuðum áminningum til innheimtumanna hefur síðustu árin verið lögð rík áherzla á að bæta innheimtu opinberra gjalda. Hefur því miður innheimtunni verið fylgt mjög misjafnlega eftir af hinum einstöku innheimtumönnum og það valdið misræmi og raunar misrétti, einkum varðandi söluskatt og tolla. Þótt sums staðar vanti enn töluvert á, að innheimta þessara gjalda sé komin í viðunandi horf, hefur þó ótvírætt færzt í betri átt. Hafa flestir innheimtumenn verið heimsóttir nú í sumar af hálfu rn. til þess að fylgja eftir fyrirmælum þess, og nýlega hefur rn. ákveðið að beita heimild tollheimtulaga til þess að kæra til sakadómsmeðferðar, ef afgreiddar eru, teknar út eða teknar eigin hendi ótollafgreiddar vörur. Þá hafa einnig verið settar nýjar reglur um tollvörugjald, sem eiga að tryggja traustara eftirlit með skilum þess. Sums staðar hefur gengið erfiðlega um innheimtu eldri vanskila á söluskatti, einkum þar sem svo standa sakir, að aðeins er ein verzlun í byggðarlagi og sýslumaður því veigrar sér við að loka henni. En rn. telur ekki auðið að láta menn skáka í því skjólinu, þegar um vanskil á innheimtufé er að ræða. Vegna minnkandi tekna og almennra efnahagserfiðleika hefur hins vegar innheimta tekju- og eignarskatta torveldazt verulega á árinu 1967, og verður þess vart, að gjaldendur láta útsvör til sveitarfélaga sitja í fyrirrúmi, þar sem þau eru frádráttarbær við álagningu næsta árs útsvars. Innheimtur tekju- og eignarskattur á árinu 1967 varð 579 millj. kr., en óinnheimtar eftirstöðvar af álögðum sköttum 226 millj. í árslok. Tekjur af rekstri Áfengis- og tóbaksverzlunar ríkisins urðu 55 millj. kr. hærri en fjárlög gerðu ráð fyrir. Kom þar bæði til aukin

neyzla og einnig hækkaði útsöluverð hinn 10. október 1967. Reksturshagnaður Pósts og síma varð 25.7 millj. kr., en ekki hafði verið gert ráð fyrir hagnaði í fjárl.

Gjöld á rekstrarreikningi ríkissjóðs árið 1967 urðu samtals 4716.8 millj. kr. Urðu rekstrargjöld umfram fjárlagaáætlun 253.3 millj. Meginorsök umframgjaldanna eru útgjöld samkv. 1. nr. 4 1967 um ráðstafanir vegna sjávarútvegsins og svo niðurgreiðslur á vöruverði og uppbætur á útfluttar landbúnaðarafurðir umfram fjárlagaáætlun.

Að venju var ekki auðið að fá heildarmynd af afkomu sjávarútvegsins og þörf hans fyrir fjárhagsaðstoð fyrr en eftir að fjárlög höfðu endanlega verið afgreidd. Höfðu í fjárlögum verið áætlaðar 80 millj. kr. til aðstoðar við sjávarútveginn á árinu 1967 auk 40 millj. kr. aðstoðar við togaraflotann, en skipting fjárins látin bíða frekari lagasetningar. Niðurstaðan varð hins vegar sú, að sjávarútvegurinn var talinn þurfa á miklum mun meiri aðstoð að halda, og var sú aðstoð og fjáröflun til hennar ákveðin í áðurnefndum sérlögum. Þar var einnig ákveðið, að 80 millj. kr. fjárlagafjárveitingunni til sjávarútvegsins skyldi ráðstafað þannig, að 50 millj. kr. væru greiddar til hagræðingar í frystihúsum, 20 millj. kr. greiddar til verðbóta á línu- og handfærafisk og 10 millj. kr. til verðbóta á útfluttar skreiðarafurðir eða aðrar fiskafurðir. Að auki var ákveðið í l., að greiða skyldi sem svaraði 8% uppbót á fiskverð, og var ráðgert, að sú uppbót næmi 100 millj. kr. Til að mæta þessum 100 millj. kr. útgjöldum var ríkisstj. í l. heimilað að lækka greiðslu til verklegra framkvæmda á vegum ríkisins og greiðslu framlaga til verklegra framkvæmda annarra aðila í fjárlögum ársins 1967 um 10%. Var áætlaður sparnaður af þessari ráðstöfun um 65 millj. kr. Að auki var framlag til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga lækkað um 20 millj. kr. og loks áætlað framlag til Ríkisábyrgðasjóðs lækkað um 15 millj. kr. Loks var ákveðið að ráðstafa 140 millj. kr. af greiðsluafgangi ársins 1966 til þess að greiða verðbætur vegna verðfalls á frystum fiskafurðum, sem framleiddar voru á árinu 1967, öðrum en síldar- og loðnuafurðum. Skyldu bæturnar greiddar eftir ákveðnum reglum, en því fé, sem þá yrði eftir, skyldi ráðstafað sem stofnfjárframlagi til Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins. Þótt sparnaðarráðstafanirnar tækjust að verulegu leyti, urðu framlögin af greiðsluafgangi ársins 1966 að sjálfsögðu að færast til útgjalda ríkissjóðs á árinu 1967 og hafa því áhrif á afkomu þessa árs.

Vegna verðstöðvunarlaganna varð að grípa til ýmissa aukinna niðurgreiðslna á vöruverði fyrri hluta ársins 1967 til þess að koma í veg fyrir hækkun vísitölunnar. Þar eð niðurgreiðslur voru hins vegar lækkaðar verulega síðustu mánuði ársins, var umframgreiðsla á þessum lið ekki nema 48.6 millj. kr., og eru tæpar 29 millj. kr. mismunur daggjalda á sjúkrahúsum, sem ríkisstj. ákvað að greiða sem lið í framkvæmd verðstöðvunarinnar. Lögákveðnar uppbætur á útfluttar landbúnaðarafurðir urðu rúmum 20 millj. kr. hærri en áætlun fjárlaga.

Vaxtaútgjöld urðu um 950 þús. kr. umfram fjárlagaáætlun vegna versnandi stöðu ríkissjóðs, og kostnaður við forsetaembættið varð 400 þús. kr. umfram áætlun. Alþingiskostnaður varð lítið eitt undir áætlun, en kostnaður við stjórnarráðið hins vegar rúmar 10 millj. kr. umfram áætlun. Fellur sá kostnaðarauki allur undir svonefndan annan kostnað rn., sem verið hefur safnliður allra rn. fyrir margvíslegan aukakostnað, sumpart laun lausráðins starfsfólks, en að ýmsu leyti alls konar annar kostnaður, sem oft er ógerlegt að sjá fyrir, þegar fjárlög eru afgreidd, og hefur yfirleitt verið ætíð of naumt áætlaður. En það hefur líka áreiðanlega veitt rn. minna aðhald, að þessi útgjöld hafa verið greidd af sameiginlegri fjárveitingu stjórnarráðsins. Og var því í fjárlögum yfirstandandi árs algerlega aðskilinn fjárhagur hinna einstöku rn., og kemur þá glöggt í ljós, hvaða rn. aðallega eyða umfram heimildir fjárlaga.

Útgjöld til utanríkismála urðu 1 millj. umfram áætlun. Raunverulega er þó ekki um umframgreiðslu að ræða á fjárlagaliðunum sjálfum, því að meðal útgjalda á árinu 1967 kemur tæplega 2 millj. kr. kostnaður vegna nýs sendiráðs Íslands hjá NATO, sem fjárlög höfðu ekki gert ráð fyrir. Tillög til alþjóðastofnana fóru 2.2 millj. kr. fram úr áætlun vegna aukaframlaga til flóttamannahjálpar og útgjalda vegna flutnings aðalstöðva NATO frá París til Brüssel, sem heimilað var í 22. gr. fjárl. að veita fé til.

Í heild var kostnaður við dómgæzlu og lögreglustjórn nokkru lægri en fjárlög gerðu ráð fyrir, og kostnaður við landhelgisgæzlu varð mun lægri en fjárlög áætluðu. Hefur kostnaðaráætlun Landhelgisgæzlunnar sýnilega verið of há og hún ekki gagnrýnd nægilega.

Kostnaður við innheimtu tolla og skatta varð rúmlega 15 millj. kr. hærri en fjárlagaáætlun. Munar hér mestu um kostnað við ríkisskattanefnd og skattstofur, rúmar 11 millj. kr. umfram fjárlög. Stafar þetta fyrst og fremst af naumri áætlun, því að hin mikla hækkun tilkostnaðar við skattálagningu á undanförnum árum hefur valdið því, að rn. hefur þrjózkazt við að taka að fullu til greina útgjaldaáætlanir skattyfirvalda og lagt áherzlu á að spyrna eftir föngum gegn útgjaldaaukningu. Það hefur hins vegar reynzt svo, að með núverandi aðferðum við endurskoðun skattgagna og álagningu skatta hefur ekki tekizt að halda útgjöldum skattstofanna innan ramma fjárlaga. Kenna skattstjórar um vaxandi fjölda gjaldenda og vaxandi fjölda gjalda, sem þeim ber að leggja á samkv. 1. Er nú um að ræða 14 mismunandi gjöld, og gjaldendur hvers gjalds eru frá 1355—76000. Vil ég láta það koma fram, að engin ástæða er til að álíta, að hinn mikli kostnaður við skattálagningu og skatteftirlit stafi af lélegum vinnubrögðum eða lélegri stjórn, og ég hef ekki talið gerlegt að fyrirskipa sparnaðaraðgerðir á þessu sviði, sem mundu leiða til lakara skatteftirlits, heldur er miklu fremur nauðsynlegt að auka það og skerpa. Það er engum efa bundið, að hið aukna skatteftirlit hefur þegar skilað mjög jákvæðum árangri, þó að enn vanti mikið á, að skattsvik hafi verið upprætt, en vel má hugsa sér ýmsar skipulagsbreytingar við álagningu skatta, og leiddu slíkar breytingar, sem gerðar voru á þessu ári, til þess, að auðið reyndist að ljúka álagningu skatta mun fyrr en undanfarin ár, sem jafnframt auðveldaði sveitarstjórnum skjótari álagningu útsvara. Af hálfu skattyfirvalda og fjmrn. er unnið að endurbótum á skattálagningu og skatteftirliti, eftir því sem frekast eru föng á, og hefur nú nýlega verið haldin ráðstefna með

öllum skattstjórum til að skipuleggja þessi viðfangsefni, og önnur ráðstefna verður haldin nú á næstunni. Jöfnum höndum miðar þessi viðleitni að því að halda útgjöldum skattkerfisins í skefjum og að gera starfsemi skattyfirvalda virkari, til að skattalög gangi sem jafnast yfir borgarana. Er þar í senn um mikið nauðsynjamál ríkissjóðs og brýnt réttlætismál að ræða.

Til fróðleiks má geta þess, að kostnaður við ríkisskattanefnd og skattstofur var á árinu 1967 1.5% af heildarupphæð þeirra gjalda, sem skattstofurnar safna gögnum um og/eða leggja á. Samsvarandi hlutfall fyrir árin á undan er: 1966 1.5%, 1965 1.6%, 1964 1.4% og 1963 1.5%. Má af þessum tölum ráða, að þótt kostnaður við skattálagningu og skatteftirlit hafi aukizt verulega, þá hefur hann ekki vaxið í hlutfalli við álögð gjöld, og hefur þó kostnaður við rannsóknardeild ríkisskattstjóra ekki komið til fyrr en frá árinu 1964.

Framlög til heilbrigðismála urðu tæplega 13 millj. kr. undir áætlun, aðallega vegna 10% lækkunar á framlögum til byggingar sjúkrahúsa og læknisbústaða og vegna breyttra daggjalda.

Samgöngur á sjó fóru um 4.3 millj. fram úr áætlun vegna hærri rekstrarhalla Skipaútgerðar ríkisins en áætlaður hafði verið.

Vita- og hafnargerðir fóru 4 millj. kr. fram úr áætlun. Annars vegar urðu greiðslur af lánum vegna landshafnanna hærri en áætlað hafði verið, og hins vegar voru færðar til gjalda á árinu fyrirframgreiðslur vegna fjárlaga ársins 1968.

Nettó umframgreiðslur vegna flugmála urðu 3 millj. kr. Útgjöld fóru 9 millj. kr. fram úr áætlun, m. a. vegna vaxta, sem láðst hafði að áætla, en tekjur fóru sömuleiðis verulega fram úr áætlun. Þrátt fyrir margvíslegt eftirlit af hálfu samgmrn. og fjmrn. hefur því miður reynzt mjög erfitt að hafa hemil á útgjöldum flugmálastjórnarinnar.

Kostnaður af veðurþjónustu varð 1.3 millj. kr. umfram áætlun, og ýmis önnur mál á vegum samgmrn. urðu 2.1 millj. kr. umfram fjárlagaáætlun. Munar þar verulega um Skipaskoðun ríkisins, en tekjur hennar hafa reynzt mun lægri en áætlað var, og rekstrarhalli Ferðaskrifstofu ríkisins hefur orðið 1.2 millj. kr. umfram fjárlagaáætlun.

Samtals fara framlög til kennslumála um 15 millj. kr. fram úr áætlun. Ýmsar helztu stofnanir í þessari grein, svo sem Háskólinn, Lánasjóður námsmanna, menntaskólarnir í Reykjavík, Kennaraskólinn og fleiri skólar standast áætlun, en ýmsir aðrir gera það síður, og mestur hluti umframgreiðslunnar er vegna barnaskóla og gagnfræðaskóla.

Framlög til opinberra safna, bókaútgáfu og kostnaður við listastarfsemi fara nokkuð á 7. millj. kr. umfram áætlun. Stærstur hluti þeirrar fjárhæðar er halli á Þjóðleikhúsinu, sem er 6.6 millj. kr. hærri en þær 6.6 millj., sem áætlaðar voru í fjárl. umfram lögbundnar tekjur leikhússins. Þessi viðbótarhalli hefur þó ekki verið greiddur leikhúsinu, heldur kemur fram sem skuldasöfnun, m. a. með þeim hætti, að Þjóðleikhúsið hefur ekki getað greitt hluta sinn í reksturskostnaði sinfóníuhljómsveitarinnar. Halli á rekstri Þjóðleikhússins árið 1967 varð því alls 21.3 millj. kr. Þar af greiðast 8.1 millj. af skemmtanaskattinum.

Framlög til landbúnaðarmála urðu á 8. millj. kr. undir áætlun, aðallega vegna þess að lögbundin framlög samkv. jarðræktarlögum urðu talsvert minni en áætlað hafði verið.

Hin föstu framlög til sjávarútvegsmála urðu einnig nokkuð undir áætlun, en þau eru þó aðeins lítill hluti af heildarframlögum ríkissjóðs á árinu til sjávarútvegsins.

Framlög til iðnaðarmála urðu 1 millj. kr. umfram fjárlög, aðallega vegna færslu á fyrirframgreiðslu til Iðnlánasjóðs. Sömuleiðis varð kostnaður vegna rannsókna á undirbúningi stóriðju, sem greiddist á árinu 1966, um 1.4 millj. kr. umfram áætlun, og var hér um að ræða lokauppgjör áfallins kostnaðar. Hins vegar hafa byggingarstyrkir til tveggja iðnskóla ekki verið greiddir, svo sem ráðgert hafði verið.

Framlög til raforkumála hafa samtals farið 2.7 millj. kr. fram úr áætlun. Kostnaður við undirbúning, rannsóknir og áætlanir um nýjar raforkuframkvæmdir umfram tekjur hefur orðið 5.2 millj. hærri en fjárlög ráðgerðu. Hins vegar hafa ýmis framlög orðið lægri en gert var ráð fyrir í fjárl., aðallega vegna 10% lækkunar fjárveitinga til opinberra framkvæmda. Framlög til rannsókna í þágu atvinnuveganna eru um 1.8 millj. kr. undir fjárlagaáætlun.

Framlög til félagsmála urðu 34 millj. kr. undir áætlun, að verulegu leyti vegna lægri daggjalda á sjúkrahúsum, sem komu fram sem aukning á niðurgreiðslum. Þá voru framlög til sjúkratrygginga og atvinnuleysistrygginga lægri á árinu en áætlað hafði verið. Framlög vegna eftirlauna og tillag til lífeyrissjóða höfðu einnig verið ofáætluð um 9 millj. kr.

Óviss útgjöld fóru samtals 3.8 millj. kr. fram úr áætlun.

Hinar venjulegu eignahreyfingar samkv. 20. gr. ríkisreiknings þarfnast óverulegrar skýringar. Þess er þó vert að geta, að sú ráðagerð, að framlag til Ríkisábyrgðasjóðs á árinu 1967 yrði 15 millj. kr. lægra en fjárlög gerðu ráð fyrir í sambandi við lög um aðstoð við sjávarútveginn, hélt ekki, þegar til átti að taka, vegna þess hversu miklar ábyrgðir féllu á sjóðinn til greiðslu. Reyndist ekki aðeins nauðsynlegt að greiða framlagið óskert, heldur varð ríkissjóður síðast á árinu að greiða 15 millj. kr. viðbótarframlag til Ríkisábyrgðasjóðs, svo að hann gæti staðið við skuldbindingar sínar. Að öðru leyti eru útgreiðslur á eignahreyfingum eins og ráð var fyrir gert í öllum meginatriðum. Stofnkostnaður tækniskólans var þó töluvert hærri en gert var ráð fyrir vegna húsakaupa á árinu, og á nokkrum liðum gætir þess, að á árinu eru færðar fyrirframgreiðslur t. d. í sambandi við byggingar við Menntaskólann á Laugarvatni. Á hinn bóginn eru veitt lán samkv. 20. gr., óvenjuháar fjárhæðir. Munar þar mestu um lán af innborguðu fé spariskírteinalána og svo lán af aðflutningsgjöldum til Landsvirkjunar, Rafmagnsveitna ríkisins og Kísiliðjunnar. Að því er varðar Landsvirkjun er hér um að ræða færslu á aðflutningsgjöldum sem lán, þar til gert hefur verið upp, að hvaða marki þessi aðflutningsgjöld skuli falla niður samkv. 1. þar um. Meðal þessara lána er sömuleiðis útlagður kostnaður vegna undirbúnings á hægri umferð, sem lagður er út úr ríkissjóði og greiðist síðan með sérstökum skatti. Þarna koma líka fleiri bráðabirgðalán, svo sem í sambandi við

síldarleitarskipið Árna Friðriksson, atvinnumálanefnd Norðurlands, tollalán til Strætisvagna Reykjavíkur í sambandi við skipti þeirra á vögnum við tilkomu hægri umferðar og fleira af slíku tagi. Það veldur einnig óvenjumiklum halla á 20. gr. fjárl., að vangreiddar tekjur frá innheimtumönnum eru mjög háar eða rúmum 64 millj. kr. hærri í reikningi ársins 1967 en í reikningi ársins 1966, eða rúmlega helmingi hærri. Þá verkar í sömu átt, að greiðslur af geymslufé 1967, sem áður hafa verið færðar til gjalda á ríkisreikningi, eru nær 95 millj. kr. hærri en ónotaðar fjárveitingar 1967, sem færast til gjalda í árslok. Þessu var öfugt farið 1966, þegar ónotaðar fjárveitingar 1966, sem færðar voru til gjalda þá í árslok án þess að greiðast út, voru 134 millj. kr. hærri en greiðslur af geymdu fé. Af þessu leiðir mjög verulegan halla á eignahreyfingum samkv. 20. gr. eða sem svarar 432.6 millj. kr.

Rekstraryfirlit ríkissjóðs á árinu 1967 sýnir 73.3 millj. kr. halla. Við mat á þessari niðurstöðu ber að hafa það í huga, sem ég hef áður gert grein fyrir, að reikningurinn er nú færður með nokkuð öðrum hætti en áður. Skiptir þar mestu máli, að færðir eru til tekna á árinu álagðir beinir skattar, þótt þeir hafi ekki verið greiddir, en hins vegar eru ekki meðtaldir innheimtir eldri skattar. Til þess að auðvelda samanburð hef ég því látið athuga, hver greiðslujöfnuður yrði, ef hin eldri aðferð við uppgjörið hefði verið notuð, en samkv. því mundi hagnaður á rekstrarreikningi lækka sem nemur 125.5 millj. kr. og greiðsluhalli samtals verða sem næst 199 millj. Sannleikurinn er hins vegar sá, að það er ekki hinn raunverulegi rekstrarhalli eða rekstrarafgangur, hvort sem hann reikningslega telst 73 millj. eða 199 millj., sem meginmáli skiptir um stöðu ríkissjóðs og áhrif ríkisbúskaparins í þrengri merkingu á hagkerfið, heldur greiðslustaða ríkissjóðs eða sjóðstaða, sem einkum birtist í viðskiptastöðu ríkissjóðs í Seðlabankanum. Rekstrarafkoma ríkissjóðs hefur aldrei verið eins góð og árið 1966, en þá nam greiðsluafgangur ríkissjóðs um 430 millj. kr. Vegna þeirrar miklu nauðsynjar að afla fjár til aðstoðar við sjávarútveginn, til verðstöðvunar og nokkurra annarra nytjamála freistuðust menn til að ráðstafa á árinu 1966 til útborgunar hátt á 3. hundrað millj. af þessum reikningslega greiðsluafgangi. Þessi útdeiling greiðsluafgangs hefur leitt til mjög versnandi stöðu ríkissjóðs í Seðlabankanum, því að hér var ekki um neina hreina inneign að ræða á viðskiptareikningi í Seðlabankanum. Þar var inneign á viðskiptareikningi í árslok 1966 aðeins um 90 millj. kr. vegna þeirrar miklu yfirdráttarskuldar, sem myndazt hafði í Seðlabankanum á árunum 1964 og 1965, og þann viðskiptayfirdrátt varð að sjálfsögðu að greiða, því að lántaka til að standa undir almennum rekstrarútgjöldum ríkissjóðs er að sjálfsögðu fráleit, a. m. k. á góðæristímum. Það er því ekkert að undra, þótt greiðslustaða ríkissjóðs gagnvart Seðlabankanum hafi versnað mjög á árinu 1967, þegar þess er gætt, hversu miklu fé var ráðstafað á því ári umfram þær 90 millj. kr., sem í ársbyrjun voru til ráðstöfunar á reikningi ríkissjóðs í Seðlabankanum. Má raunar segja, að greiðslustaðan hafi versnað minna heldur en ætla hefði mátt, því að í árslok nam yfirdráttur á aðalviðskiptareikningi ríkissjóðs í Seðlabankanum um 200 millj. kr. Ef staðan á sjóðsyfirliti er skoðuð, sýnir hún greiðsluhalla á árinu 1967, sem nemur 268 millj. Það kann að vera, að einhverjir álykti sem svo, að með öllum þessum tölum og mismunandi útreikningsaðferðum sé ég að reyna að villa um fyrir mönnum, en því fer víðs fjarri. Ég tel mér aðeins skylt að draga fram alla drætti myndarinnar, því að eins og efnahags- og fjármálum þjóðarinnar er nú háttað vegna hinna óvenjumiklu og langvarandi erfiðleika, sem að steðja, skiptir það meginmáli, að menn geri sér almennt rétta grein fyrir ástandinu og réttu samhengi hinna margþættu efnahagsvandamála, sem við er að glíma.

Ég mun nú gera nokkra grein fyrir horfum um afkomu ríkissjóðs á yfirstandandi ári, eftir því sem bezt verður vitað. Þótt ¾ hlutar ársins séu nú að baki, eru þó enn svo veigamikil atriði óljós, að ógerlegt er á þessari stundu að gera sér fullnægjandi grein fyrir endanlegri útkomu ársins. Gengisbreytingin í nóvember í fyrra hafði lítil áhrif á afkomu ríkissjóðs árið 1967, en hennar hefur gætt allt þetta ár. Þegar gengið var frá tekjuáætlun fjárlaga fyrir árið 1968, var 250 millj. kr. af áætluðum tekjuauka af aðflutningsgjöldum vegna gengisbreytingarinnar haldið utan tekjuáætlunar fjárl., þar eð ríkisstj. áformaði að beita sér fyrir tollalækkunum, sem námu allt að þeirri upphæð. Fjárlög voru afgreidd með 54 millj. kr. tekjuafgangi, en þar eð ekki er komið til framkvæmda að leggja söluskatt á þjónustu Pósts og síma, er áætlað var, að gæti gefið 45 millj. kr. tekjur, var raunverulega ekki um neinn afgang að ræða. Við endanlegt mat á afkomuhorfum sjávarútvegsins við síðustu áramót kom í ljós, að gengisbreytingin nægði ekki til að tryggja áframhaldandi rekstur sjávarútvegsins, heldur varð að veita honum verulega viðbótaraðstoð. Var um það efni sett löggjöf í byrjun ársins, sem mönnum er í það ferska minni, að ég sé ekki ástæðu til að rekja hana hér. En þessi nýja aðstoð lagði á ríkissjóð byrðar, sem áætlað var að næmu um 330 millj. kr. Var ákveðið að afla fjár til þessarar nýju aðstoðar við sjávarútveginn með:

1. Að draga úr fyrirhuguðum tollalækkunum, sem svaraði 90 millj. kr.
2. Að lækka fjárveitingar til margvíslegra rekstursútgjalda ríkissjóðs, er ákveðnar höfðu verið í fjárlögum, um 138 millj. kr.
3. Að fella niður úr fjárlögum fjárveitingar til byggingar sjúkrahúsa og menntaskóla, samt. 62.6 milljónir króna, og fjármagna þessar framkvæmdir með lántökum.
4. Að hækka verð á áfengi og tóbaki, er áætlað var, að gæti gefið um 40 millj. kr. viðbótartekjur.

Hér var að ýmsu leyti teflt á tæpasta vað, einkum varðandi sparnað ríkisútgjalda, því að ljóst var, að ýmislegt af þeim sparnaði mundi ekki skila sér fyrr en á næsta ári. Og enn fremur var, vegna minnkandi greiðslugetu, hægt að gera ráð fyrir því, að um yrði að ræða samdrátt í sölu tóbaks og áfengis. Engu að síður þótti óumflýjanlegt að freista þess að ná saman endum með þessum hætti, þar eð mikilvægt var að forðast almenna kjaraskerðingu og því nauðsynlegt að þurfa ekki að leggja á nýja skatta. Augljóst er nú, að þetta dæmi ætlar ekki að standast. Þótt innflutningur fyrstu 9 mánuði ársins hafi orðið mun meiri en gjaldeyrisforði leyfir, hefur engu að síður orðið nokkru meiri sam-

dráttur í innflutningi en fjárlög ársins gerðu ráð fyrir. Tekjuáætlun, sem gerð var við undirbúning fjárlagafrv. og mátti telja bjartsýna, benti ótvírætt til þess, að ekki aðeins mundu ekki skila sér þær 90 milljónir, sem gert hafði verið ráð fyrir að yrðu afgangs úr tollalækkunardæminu, heldur mundi til viðbótar vanta a. m. k. 40 millj. kr. á tekjuáætlun fjárlaga, sem stafaði fyrst og fremst af minnkandi innflutningi bifreiða og lækkun á söluskatti, enda þótt tekjuskattur yrði um 30 millj. kr. hærri en áætlað hafði verið. Enn fremur var ljóst, að vegna verulegs samdráttar í sölu tóbaks og áfengis mundi lítið sem ekkert skila sér af síðustu verðhækkun. Loks er sýnilegt, svo sem hafði verið gert ráð fyrir, að sparnaðarráðstafanirnar mundu ekki allar verða að veruleika á þessu ári, og mun þar væntanlega halla á um 30—40 millj. kr.

Útgjalda megin verður þróunin hins vegar í öfuga átt. Launahækkun hefur orðið hjá opinberum starfsmönnum í samræmi við launahækkanir annarra stétta, og hefur verið áætlað, að sú launahækkun nemi á þessu ári um 38 milljónum króna, en fyrir þeirri hækkun var ekki áætlun í fjárlögum. Þá reyndist óumflýjanlegt til þess að koma síldveiðiflotanum af stað í vor að taka á ríkissjóð nokkra hækkun síldarverðs eða sem nemur 7 aurum á kg. Hversu há sú fjárhæð verður, fer eftir aflabrögðum, en áætlað var, að hún gæti numið um 25 millj. kr. Vegna enn frekara verðfalls á frystum fiski en reiknað var með um áramótin, þegar aðstoð til frystihúsanna var ákveðin, hefur ríkisstj. talið óumflýjanlegt að lofa frystihúsunum enn nokkurri viðbótaraðstoð til þess að koma í veg fyrir stöðvun þeirra. Sú aðstoð er ekki miðuð við ákveðna upphæð, heldur veitt sem viðbótarframlag til Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins, þannig að sjóðurinn geti frá vissum tíma til áramóta greitt 75% af verðlækkuninni. Áætlað hefur verið, að þessi aðstoð gæti numið til áramóta um 30 milljónum króna.

Þá hefur alllengi verið til athugunar hjá ríkisstj. beiðni frá saltfiskframleiðendum um aðstoð til þess að mæta miklu verðfalli á vissum tegundum af saltfiski. Gæti sú aðstoð numið um 20—25 milljónum kr. á þessu ári.

Loks kemur það til, að togaraflotinn hafði vegna rekstrarörðugleika á síðasta ári fengið greiddan fyrirfram allan rekstrarstyrkinn á þessu ári. Enda þótt afli togaranna í ár hafi verið góður og mun betri en á s. l. ári og gengisbreytingin hafi bætt hag togaraútgerðarinnar, hefur enn frekara verðfall valdið því, að óumflýjanlegt hefur reynzt að greiða togurunum 40 millj. kr. á þessu ári til þess að koma í veg fyrir stöðvun þeirra, sem hefði orðið mjög alvarlegt áfall vegna atvinnuörðugleika.

Hverjar umframgreiðslur verða á einstökum fjárlagaliðum, er ekki auðið að vita með vissu á þessu stigi, enda þótt hið nýja skipulag á ríkisbókhaldinu hafi gerbreytt til hins betra aðstöðu rn. til að fylgjast mánaðarlega með þróun einstakra útgjaldaliða ríkissjóðs. Virðist þróunin til þessa ekki gefa ástæðu til að halda, að um verulegar umframgreiðslur verði að ræða, enda þótt óhugsandi sé að koma í veg fyrir, að þær verði einhverjar, því að alltaf koma til einhver óvænt útgjöld eða mistök í áætlunum. Vitað er þó nú, að um verulegar umframgreiðslur verður að ræða á styrk til jarðræktarframkvæmda. Virðist jarðrækt og framræsla hafa stóraukizt á s. l. ári umfram það, sem gert var ráð fyrir, og eru horfur á, að jarðræktarstyrkir og styrkir til framræslu kunni að fara um 15 millj. kr. fram úr áætlun á þessu ári.

Vegna hinna miklu greiðsluerfiðleika margvíslegra atvinnufyrirtækja, sem fengið hafa ríkisábyrgð á lánum sínum, er mikil hætta á því, að Ríkisábyrgðasjóður þurfi viðbótarframlag á þessu ári. Áður en innflutningsgjaldið kom til sögunnar, voru horfurnar því mjög ískyggilegar. Augljóst var af síðustu áætlunum, að tekjur mundu verða a. m. k. 160 millj. kr. lægri en ráðgert var, og sennilegt, að umframgreiðslur og umframútgjöld vegna atvinnuveganna, sem getið var hér að framan, yrðu önnur eins fjárhæð. Samkv. því gat rekstrarhalli ríkissjóðs orðið yfir 300 millj. kr. Gat þá vel svo farið, að enn vantaði stórar fjárhæðir útgjalda megin, því að í viðræðunum við síldarkaupendur og síldarseljendur fyrir síldarvertíðina í sumar töldu þessir aðilar afkomuhorfur svo óvissar, að ógerlegt væri að hefja síldveiðar nema fá einhver vilyrði um aðstoð, ef illa færi. Féllst ríkistj. því á í þessum viðræðum að beita sér fyrir því við Alþ., að síldarútgerðarmenn fengju með skip sín aðild að Stofnfjársjóði bátaútvegsins, ef útkoman á síldveiðunum yrði svo bágborin, að það yrði talið óumflýjanlegt, og jafnframt var síldarverksmiðjunum gefið vilyrði um, að ríkisstj. beitti sér fyrir fjáröflun þeim til handa á sömu forsendum. Enn verður ekkert um það sagt, að hve miklu leyti fullnægja þarf þessum fyrirheitum, en segja má, að í sumar hafi síldveiðin svo til algerlega brugðizt, þó að menn voni, að fram til áramótanna geti síldveiðarnar eitthvað rétt sig af. En þótt svo fari, breytir það litlu í jákvæða átt þeim dæmum, sem upp hafa verið sett um útflutning og tekjuöflun þjóðarbúsins, því að í öllum þeim dæmum hefur einmitt verið reiknað með því, að síldveiðarnar síðustu mánuði ársins yrðu álíka og á sama tíma á s. l. ári, og virðist nú augljóst, að sú bjartsýni er óraunhæf.

Í sambandi við undirbúning fjárlagafrv. fyrir árið 1969 var í ágústmánuði lögð áherzla á það að draga upp sem gleggsta mynd af efnahags- og fjárhagsvandamálinu, þótt á því stigi væri auðvitað ógerlegt að sjá, hversu stór vandi atvinnulífsins og þá fyrst og fremst sjávarútvegsins mundi verða miðað við árið í fyrra. Engu að síður var þó ljóst, að við stórkostlegan vanda yrði að fást, enda þótt menn enn væru það bjartsýnir að reikna með, að síldveiðarnar mundu fram til áramóta gefa svipaðan afla og á sama tíma í fyrra. Síldveiði hafði alveg brugðizt sumarmánuðina, og verðlag helztu útflutningsvara hafði enn lækkað. Reyndist því óumflýjanlegt að endurmeta útflutningsáætlun ársins og lækka hana enn mjög verulega eða niður í 4.6 milljarða kr., sem er um 40% lækkun útflutningstekna frá árinu 1966. Mikið vantaði hins vegar á, að innflutningur hefði dregizt saman að sama skapi, og hafði gjaldeyrisvarasjóðurinn frá ársbyrjun til 1. ágúst minnkað um 500 millj. og nam þá aðeins um 550 millj. Hafði þó sjóðurinn í rauninni rýrnað enn meir, því að á þessu tímabili hafði ríkissjóður tekið 2 millj. sterlingspunda lán í Bretlandi, þannig að án þeirrar lántöku hefði gjaldeyrisvarasjóðurinn raunverulega verið þrotinn í byrjun september. Það var því mat ríkisstj., að til þess að forð-

ast öngþveiti yrði strax í byrjun septembermánaðar að grípa til róttækra aðgerða til þess annars vegar að draga úr gjaldeyriseyðslu og hins vegar að bæta nokkuð greiðslustöðu ríkissjóðs, því að mikill greiðsluhalli ríkissjóðs leiðir að sjálfsögðu til sambærilegrar aukningar á eftirspurn eftir gjaldeyri. Þann 1. okt. nam yfirdráttarskuld á aðalreikningi ríkissjóðs í Seðlabankanum 847.4 millj. kr., en var á sama tíma í fyrra 431.4 millj., og hafði því staðan gagnvart Seðlabankanum á þessu tímabili versnað um 416 millj., og var líklegt, ef til engra aðgerða hefði verið gripið, að um næstu áramót hefði yfirdráttarskuld ríkissjóðs við Seðlabankann numið 500–600 millj. kr. og greiðslustaðan því versnað á árinu um 300—400 millj. Rétt er þó að geta þess, að líklegt er, að staða aðalviðskiptareiknings gagnvart innheimtufjárreikningi vegna annarra aðila verði þá 100 millj. kr. betri en við síðustu áramót. Enn þá er ekki hægt að gera sér grein fyrir, hvaða áhrif hið nýja innflutningsgjald hefur, hvorki á eftirspurn eftir gjaldeyri síðustu mánuði ársins né á afkomu ríkissjóðs. Í bráðabirgðaáætlun hefur verið reiknað með því, að innflutningur muni minnka og sá samdráttur innflutnings sennilega valda ríkissjóði um 60 millj. kr. tekjumissi í aðflutningsgjöldum. Hið nýja innflutningsgjald gæti gefið á móti tekjur til 1. des., er næmu 220 milljónum kr., þegar undanþáguákvæði í lögunum hafa verið tekin til greina. Komi 4. gr. þeirra l. til framkvæmda, má gera til viðbótar ráð fyrir endurgreiðslukröfum, er geti numið um 90 millj. kr. Um töluverða tekjuaukningu ætti þó að verða að ræða fyrir ríkissjóð, sem þó mun engan veginn nægja til að jafna greiðslustöðuna við Seðlabankann. Hins vegar er brýn nauðsyn, að menn geri sér almennt grein fyrir því, að stöðvun á greiðsluhalla ríkissjóðs sé óhjákvæmileg forsenda þess, að hægt sé að skapa nauðsynlegt jafnvægi milli framboðs og eftirspurnar erlends gjaldeyris. Greiðsluhalla ríkissjóðs vegna áranna 1967 og 1968 verður einnig að jafna, ef ríkissjóður á ekki að verka með óheilbrigðum hætti á fjármálaþróunina. Það er jafnframt nauðsynlegt að gera sér grein fyrir því, að ekki verður skilið á milli fjárhagsvandamála ríkissjóðs og vandamála atvinnuveganna. Hinir gífurlegu erfiðleikar sjávarútvegsins hafa fært þjóðinni stórkostlegan vanda, sem krefst skilnings og ábyrgra viðbragða allra stétta og stjórnmálaflokka, ef takast á að leysa hann án stórfelldrar kjaraskerðingar þjóðarinnar. Ríkisstj. hefur því beitt sér fyrir viðræðum milli allra flokka, sem staðið hafa nú í nokkrar vikur, til þess að kanna, hvort sameiginleg viðbrögð í þessum miklu vandamálum séu hugsanleg. Sú afstaða ríkisstj. markast hins vegar engan veginn af því, að hún hafi gefizt upp við að stjórna landinu og geti ekki fundið úrræði til lausnar vandamálunum, heldur af því, að henni er ljóst, að nú er svo mikið í húfi, að þjóðareiningar er þörf.

Þar sem efnahagsvandamálin í heild verða rædd hér á hinu háa Alþ. við önnur tækifæri, mun ég ekki gera þau almennt frekar hér að umtalsefni.

Fjárlagafrv. fyrir árið 1969 markast í senn af hinum miklu efnahagsörðugleikum, sem blasa við augum, og hinni miklu óvissu fram undan. Það voru sjálfsögð og eðlileg viðbrögð að takmarka ríkisútgjöldin sem allra mest, og hefur því þeirri meginstefnu verið fylgt í frv. að synja um allar fjárveitingar til nýrrar starfsemi í ríkisrekstrinum og skera fjárveitingar almennt til allra ríkisstofnana svo við nögl, sem frekast var unnt. Vitanlega veldur þessi harkalega aðferð því að synja verður um fjárveitingar til margvíslegra nytjamála, og er erfitt að þurfa að framfylgja slíkri niðurskurðarstefnu tvö ár í röð. En ég vænti þess þó, að menn skilji almennt nauðsyn þessa sterka aðhalds, því að óhjákvæmilegt er að halda ríkisútgjöldum í föstum skorðum, þegar rýra þarf kjör borgaranna almennt. Gert er ráð fyrir að framfylgja einnig á næsta ári þeim niðurskurði ríkisútgjalda, sem ákveðinn var með sparnaðarlögunum snemma á þessu ári.

Framlög til styrktar atvinnuvegunum eru hin sömu og í fjárl. yfirstandandi árs. Undanfarin ár hefur aðstoðin við sjávarútveginn og tekjuöflun hennar vegna verið ákveðin árlega með sérstakri lagasetningu í byrjun ársins, og var svo einnig á yfirstandandi ári. Hefur þessi aðferð ekki stafað af neinni viðleitni til þess að halda þessum útgjöldum utan fjárl., heldur hefur ástæðan verið sú, að ekki hefur reynzt auðið að fá endanlega mynd af afkomu útgerðarinnar og aðstoðarþörf hennar, fyrr en eftir að fjárl. hafa verið afgreidd. Segja má, að í ár hafi verið í gangi stöðug athugun á afkomu ýmissa þátta sjávarútvegs og fiskvinnslu vegna nýrra og nýrra vandræða, en þótt fyrr hafi verið hafizt handa um athugun á heildarvandamálum sjávarútvegsins og raunar atvinnuveganna almennt en áður hefur verið, var auðvitað í byrjun septembermánaðar, þegar fjárlagafrv. var lokað, ógerlegt að gera sér nokkra grein fyrir endanlegri afkomu atvinnuveganna á þessu ári. Stærsti þáttur dæmisins var að sjálfsögðu sjávarútvegurinn, en jafnframt hafði verið hafizt handa um athugun á afkomu bænda í ýmsum héruðum landsins, en þeirri athugun var heldur ekki lokið þá. Fjárlagafrv. sýnir því aðeins mynd af ríkisrekstrinum sjálfum, og er gert ráð fyrir, að með sterku útgjaldaaðhaldi verði auðið að standa straum af kostnaði við hann á næsta ári með núverandi tekjustofnum ríkissjóðs. Er þá ekki reiknað með tekjum af nýálögðu innflutningsgjaldi, en jafnframt vil ég vekja sérstaka athygli á því, að þótt tekjuáætlunin sé miðuð við lítið eitt óhagstæðari viðskiptaþróun og veltu en á yfirstandandi ári, mundi verulegur samdráttur í innflutningi, viðskiptaveltu og tekjum almennings gera óumflýjanlegt að afla ríkissjóði annaðhvort nýrra tekna eða skera ríkisútgjöldin enn frekar niður. Verður því að endurskoða tekjuáætlunina, eftir að endanlega hefur verið ákveðið, til hverra aðgerða í efnahagsmálum verði gripið.

Fjárlagafrv. fyrir árið 1969 er annað fjárlagafrv., sem útbúið er í samræmi við hin nýju lög um ríkisbókhald og gerð fjárlaga. Þar sem bæði formi og efnisskipan fjárl. var gerbreytt með þessum lögum, hlutu ýmsir annmarkar að verða á fyrsta frv. í þessum búningi, þótt þeir hafi raunar verið minni en gera hefði mátt ráð fyrir. Reynt hefur verið að bæta úr þessum annmörkum í fjárlagafrv. fyrir árið 1969 og gera það í ýmsum efnum fyllra og skýrara, og vona ég, að hv. þm. telji þær breytingar allar í jákvæða átt.

Grg. með frv. er það ítarleg, að ég sé ekki ástæðu til þess að rekja efni frv. í einstökum atriðum, heldur læt mér nægja að gera grein fyrir niðurstöðutölum og nefna

einstök atriði, sem ég tel sérstaka ástæðu til að vekja athygli á.

Þar eð allar ríkistekjur eru nú teknar í fjárl., einnig þær tekjur, sem með sérlögum er ráðstafað til ákveðinna þarfa, er erfitt að gera samanburð á milli ára á breytingum tekna og gjalda ríkisrekstrarins í þrengri merkingu. Af þessum sökum hefur verið tekið saman sérstakt yfirlit og samanburður við fjárl. ársins 1968, sem birt er með frv. og sem ég vona, að auðveldi mönnum talnasamanburð.

Heildarútgjöld á rekstrarreikningi nema 6 milljörðum 472.4 millj. kr. Til þess að fá raunhæfan samanburð við fjárlagaútgjöld 1968 verður að hafa í huga, að með sparnaðarlögunum, sem sett voru í byrjun ársins, voru rekstrarútgjöld ríkissjóðs lækkuð um 137.7 millj. Heildarhækkun útgjalda á frv. nemur því 470.3 millj., en hér er hins vegar ekki um raunverulega hækkun ríkisútgjalda að ræða, því að í hækkunartölu þessari er innifalin 240.9 millj. kr. hækkun útgjaldaliða, sem fjár er aflað til með sérlögum, og vegur í þeirri tölu langmest fjáröflun til Vegasjóðs, sem samþ. var á síðasta Alþingi. Útgjaldaaukning ríkissjóðs sjálfs er 229.5 millj., og er það aðeins um 4.8% hækkun frá fjárl. ársins 1968. Mun ég nú í stórum dráttum gera grein fyrir því, í hverju þessi útgjaldahækkun er fólgin.

Með úrskurði kjaradóms á s. l. ári voru opinberum starfsmönnum ákvarðaðar launahækkanir í samræmi við launahækkanir annarra stétta. Er í fjárlagafrv. nú reiknað með 10% launahækkun af þessum ástæðum á laun upp að vissri upphæð. Heildarútgjaldahækkun af þessum sökum mun vera 40 millj. kr. Ég tel það mjög miður farið, ef launabreytingar opinberra starfsmanna þurfa alltaf að fara fyrir kjaradóm, en ástæðan til þess, að ekki tókust samningar við opinbera starfsmenn í þetta skipti, var sú, að ríkisstj. taldi sér ekki fært að bjóða meiri kauphækkanir en voru í samræmi við samninga verkalýðsfélaganna, þótt ég játi, að efra skerðingarmarkið í þeim samningum var ekki raunhæft. BSRB gerði hins vegar hærri kröfur, og hlaut því málið að koma til úrskurðar kjaradóms. Við samningu fjárlagafrv. var fylgt þeirri meginstefnu að synja öllum beiðnum um nýja starfsmenn, nema þar sem það var algerlega óumflýjanlegt af einhverjum sérstökum ástæðum, og á þess þá að vera getið í grg. frv.

Fjárveitingar til rn. sjálfra eru skertar með sama hætti og gert var með sparnaðarlögunum, en nokkur hækkun verður þó á viðskmrn. vegna tveggja stórra nefnda, sem starfa á þess vegum, önnur í sambandi við athugun á aðild Íslands að EFTA og hin við athugun á álagningarreglum og afkomu verzlunarinnar. Í sparnaðarlögunum var gert ráð fyrir því, að kostnaður við utanríkisþjónustuna yrði á árinu 1968 lækkaður um 3 millj. kr. Upphaflega var í því sambandi hugleitt að leggja niður tvö sendiráð, en það reyndist á því stigi svo miklum erfiðleikum bundið, að frá því var horfið, en hins vegar gert ráð fyrir að fækka nokkuð starfsmönnum utanríkisþjónustunnar. Úr þessu varð þó því miður ekki á þessu ári. En utanrrn. gerði þó ráðstafanir til að lækka annan kostnað sendiráðanna um 2 millj. kr. Síðan hefur í samræmi við ályktun Alþ. verið skipuð sérstök mþn. til þess að gera heildarathugun á skipulagi utanríkisþjónustunnar og tillögur um frambúðarskipan hennar. Þykir því óeðlilegt að raska í meginefnum núverandi skipan sendiráða, áður en þessi nefnd hefur lokið störfum. Hins vegar hefur orðið um það samkomulag á milli fjmrn. og utanrrn., að fylgt verði fyrst um sinn þeirri meginreglu, að í hverju sendiráði verði auk sendiherra aðeins einn sendiráðsritari. Hefur í samræmi við það verið ákveðið að kveðja nú þegar heim tvo sendiráðsritara til viðbótar því, að lagt hefur verið niður starf sérstaks sendiherra hjá Evrópuráðinu. Bein lækkun á kostnaði við utanríkisþjónustuna verður því 4 millj. kr., þar eð til viðbótar fellur niður sérstakur kostnaður, sem varð á þessu ári við sendiráðið hjá NATO í Brüssel.

Í samræmi við ákvæði sparnaðarlaganna voru þegar á þessu ári gerðar ráðstafanir til þess að draga úr kostnaði við löggæzlu á Keflavíkurflugvelli, en í athugun er, hvort koma megi við enn frekari sparnaði á þeim útgjaldalið.

Bróðurparturinn á útgjaldahækkun fjárlagafrv. er á framlögum til fræðslumála, sem hækkar samt um 86.5 millj. kr. Þessi liður hækkar mikið frá ári til árs, en hækkunin er þó sérstaklega mikil í þetta sinn, vegna þess að með hinum nýju skólakostnaðarlögum, sem sett voru á síðasta ári, var gerð sú breyting, að vissir kostnaðarliðir, sem ríkissjóður hefur áður greitt eftir á, verða nú greiddir jafnóðum og þeir falla til, og veldur þetta 34.5 millj. kr. útgjaldaauka í eitt skipti.

Kostnaður við barnafræðsluna hækkar um 32.7 millj. kr. og við gagnfræðamenntun um 7.8 millj. kr.

Hin nýju skólakostnaðarlög tóku gildi nú á þessu hausti, en því miður hefur komið í ljós, að ákvæði laganna um ákvörðun hlutdeildar ríkissjóðs í rekstrarkostnaði skólanna eru að ýmsu leyti óákveðin og óljós og geta orkað tvímælis. Eg álít, að ýmislegt í þeim lögum hafi verið til bóta og þá fyrst og fremst ákvæðið um byggingarkostnað, en breytingarnar á rekstrarkostnaðarákvæðunum eru hæpnar og hafa áreiðanlega leitt til aukinnar ásóknar á ríkissjóð. Og því skiptir miklu máli, að eftirlit með framkvæmd laganna sé traust og þess vandlega gætt, að fyllsta hagsýni ríki í rekstri skólanna og varðandi fjölda kennara. Samkomulag var um þann skilning milli fjmrn. og menntmrn., að þótt kostnaðarhluttaka ríkis og sveitarfélaga sé ákveðin með öðrum hætti en áður var, hafi það verið meginstefna laganna að auka ekki kostnaðarhlutdeild ríkissjóðs, enda augljós hagnaður sveitarfélaganna af því, að ríkið skuli nú jafnóðum greiða sinn kostnaðarhluta, sem vissulega var sanngirnismál. Hin nýju ákvæði skólakostnaðarlaganna um skólabyggingar leiða til þess, að ekki er auðið að hafa jafnmarga skóla í smíðum samtímis og verið hefur, en hins vegar greiðir ríkissjóður jafnóðum hluta sinn af byggingarkostnaðinum, sem er til mikils hægðarauka fyrir viðkomandi skólahéruð og á að stuðla að því, að skólabyggingum geti orðið lokið á miklu skemmri tíma en áður, sem ætti að gera kleift að koma við útboðum og hagkvæmari vinnubrögðum, er geri byggingarnar ódýrari. Bygging nægilegs skólahúsrýmis er eitt af meiri háttar vandamálum okkar litla þjóðfélags, og er því hin brýnasta nauðsyn að leita allra úrræða til að draga úr kostnaði við skólabyggingar. Framlög ríkissjóðs verða hér eftir miðuð við ákveðna upphæð á teningsmeter skólahúsrýmis, miðuð við hagkvæma

gerð skólahúss, og ætti það að vera sveitarfélögunum hvatning til þess að stuðla að sem lægstum byggingarkostnaði skólanna.

Vegna mikillar nemendafjölgunar í menntaskólunum og þó raunar enn meiri í Kennaraskólanum hækkar fjárveiting til þessara skóla um tæpar 9 millj. kr. Nokkur hækkun verður á fjárveitingu til Háskólans, vegna þess að nú verður í haust tekin þar upp kennsla í náttúrufræðum við verkfræðideild. Er hér um svo mikið nauðsynjamál að ræða, að talið hefur verið óumflýjanlegt að fallast á þessa nýju starfsemi, en að öðru leyti hefur ekki verið talið auðið að fallast á óskir Háskólans um kennarafjölgun á næsta ári. Í síðustu fjárlagaræðu benti ég á nauðsyn þess að athuga, hvort ekki mætti nýta betur kennslukrafta Háskólans, og hefur menntmrn. það mál nú til athugunar í samráði við Háskólann.

Framlög til Lánasjóðs ísl. námsmanna hækka um 3.4 millj. kr., og hefur við ákvörðun þeirrar hækkunar annars vegar verið miðað við verðlagshækkanir og hins vegar við fjölgun þeirra námsmanna, sem lána geta notið. Í sambandi við málefni stúdenta tel ég rétt að skýra frá því, að fallizt var á á þessu ári að veita aðstoð ríkisins til að koma upp dagheimili fyrir börn stúdenta, sem stunda nám við Háskólann. Stóð til boða hentugt hús, sem fékkst við hagkvæmu verði án útborgunar. Er leitað heimildar í fjárlagafrv. til kaupa á þessu húsi, og er gert ráð fyrir, að Félagsstofnun stúdenta fái það til umráða, en heimilið verði rekið á vegum Sumargjafar.

Bygging félagsheimilis stúdenta er nú eitt af helztu áhugamálum þeirra. Hefur háskólaráð fyrir sitt leyti samþykkt að styðja byggingu félagsheimilisins með framlagi af happdrættisfé. Veittar hafa verið í fjárl. síðustu ára samt. nær 4 millj. kr. til félagsheimilisins, en reikna verður með, að ríkissjóður þurfi að leggja fram samtals 5 millj. kr. til viðbótar. Í fjárl. yfirstandandi árs eru veittar samtals 1.8 millj. kr. til félagsheimilisins og endurbóta á Nýja Garði. Fjárhæðin er í fjárlagafrv. hækkuð í 2.5 millj., sem veittar eru í einu lagi til Félagsstofnunar stúdenta, og verður það því ákvörðunaratriði stjórnar stofnunarinnar í samráði við menntmrn., hvernig fé þessu verður skipt milli væntanlegs félagsheimilis og viðgerða á stúdentagörðunum.

Í sparnaðarlögunum var ákveðin lækkun á framlögum til fræðslumálaskrifstofunnar, m. a. vegna fækkunar námstjóra. Hafa þessar ákvarðanir þegar komið til framkvæmda.

Beðið hefur verið um mikla hækkun fjárveitinga til hinna ýmsu rannsóknastofnana atvinnuveganna. Er hér á mörgum sviðum um hina mikilvægustu starfsemi að ræða, en ekki hefur þó verið talið fært að verða við þessum fjárbeiðnum. Er reyndar ástæða til að halda, að starfsemi stofnana þessara sé ekki eins vel skipulögð og æskilegt væri og samvinnu innan sumra stofnananna a. m. k. á ýmsan hátt ábótavant. Gildir þó ekki hið sama um allar þessar stofnanir. En mér sýnist margt benda til þess, að rannsóknastofnanirnar ættu að vera í nánari tengslum við Rannsóknaráð ríkisins og nauðsynlegt samráð um það haft milli stofnananna, að hin æskilegustu viðfangsefni séu ætíð látin sitja í fyrirrúmi. Ég tel reynsluna ótvírætt hafa leitt í ljós, að nauðsynlegt sé, að rannsóknaráðið fái til mats og umsagnar hverju sinni fjárhagsáætlanir hinna einstöku rannsóknastofnana.

Þegar fjárlagafrv. var samið, var ekki vitað um verðlag eða framleiðslumagn búvöru á næsta ári, en gert var ráð fyrir, að uppbætur á útfluttar landbúnaðarafurðir mundu hækka um 22 millj. kr. Þar eð hækkun búvöru varð meiri en áætlað var, mun þessi upphæð þurfa að hækka enn um 57 millj. kr. Þá hefur ekki verið talið varlegt annað en hækka framlag til jarðræktar og framræslu um 10 millj. kr., þar eð þessi framlög munu í ár fara um 15 millj. kr. fram úr áætlun fjárl.

Fjárveitingin til Landnáms ríkisins var lækkuð um 7.5 millj. kr. í fjárlagafrv., svo sem gert var í ár með sparnaðarlögunum. Hlýtur þó mjög að koma til álita miðað við allar aðstæður, hvort ekki sé nauðsynlegt að taka starfsemi landnámsins í heild til athugunar vegna breyttra aðstæðna, og jafnframt er æskilegt að endurskoða jarðræktarstyrkina, ekki í því skyni að draga úr ræktun landsins, því að aukin ræktun er brýn nauðsyn, ekki sízt til þess að geta dregið úr óhæfilegri notkun fóðurbætis, heldur vegna þess, að ástæða er til að álíta, að vissar tegundir jarðræktarframkvæmda njóti nú orðið óeðlilega hárra styrkja vegna nýrrar tækni.

Í sparnaðarlögunum var 30 millj. kr. fjárframlag til Fiskveiðasjóðs fellt niður í ár, þar eð talið var, að framlag ríkisins til Stofnfjársjóðs fiskiskipa, er fyrst og fremst var ætlað að standa undir afborgunum og vaxtagreiðslum af lánum úr Fiskveiðasjóði, mundi bæta svo fjárhagsaðstöðu sjóðsins, að auðið væri að fella þetta ríkisframlag niður í ár. Því miður hefur staða Fiskveiðasjóðs versnað mjög mikið allra síðustu árin og stafar í senn af miklum skipakaupum, stórauknum vanskilum og nú síðast minnkandi tekjum vegna minni sjávarafla. Í ár tókst að leysa vanda Fiskveiðasjóðs, þar eð hann fékk í sinn hluta verulega fjárhæð af gengismun, og að auki fékk sjóðurinn 64 millj. kr. af enska láninu. Var þannig um að ræða 180 millj. kr. fjáröflun, sem ekki kemur til á þessu ári. Eru því horfur á stórfelldri fjárvöntun sjóðsins á næsta ári, nema hægt sé að leysa svo fjárhagsörðugleika útgerðar og fiskvinnslu, að þessar atvinnugreinar geti staðið að fullu í skilum um skuldbindingar sínar gagnvart Fiskveiðasjóði og hækkun verði aftur á tekjum sjóðsins á útflutningsgjaldi. Er þess að vænta, að fjárhagshorfur Fiskveiðasjóðs verði ljósari, áður en fjárlagaafgreiðslu lýkur, og þá metið, hvort óumflýjanlegt reynist að taka upp einhverja fjárveitingu til sjóðsins að nýju.

Í fjárlagafrv. er gert ráð fyrir, að framlagið til Aflatryggingasjóðs verði skert með sama hætti og gert var með sparnaðarlögunum á þessu ári. Ógerlegt hefur reynzt að fá greiðsluáætlun fyrir sjóðinn, og verður að reyna að kanna það betur, áður en fjárlög verða afgreidd, hvort sjóðurinn geti ekki, þrátt fyrir þessa skerðingu, staðið undir skuldbindingum sínum.

Með hinum nýju lögum um Fiskmat ríkisins, þar sem hinar ýmsu matsgreinar eru sameinaðar undir einni yfirstjórn, var að því stefnt, að matið gæti í senn orðið virkara og ódýrara. Var í sparnaðarlögunum ráðgert að lækka fjárveitingu til fiskmats samtals um 3 millj. kr. Lögin komu það seint til framkvæmda, að þessi sparnaður verður ekki að veruleika á þessu ári, en á það hefur

verið lögð áherzla við yfirstjórn fiskmatsins, að hinn fyrirhugaði sparnaður verði að vera raunhæfur á næsta ári, og eru fjárveitingar við það miðaðar.

Kostnaður vegna breytingar í hægri umferð, sem áætlaður var 34.6 millj. kr. í fjárlögum, fellur nú niður. Raunverulega var þó ekki um bein útgjöld ríkissjóðs á þessum lið að ræða í ár, vegna þess að að svo miklu leyti sem kostnaðurinn ekki greiddist af skattgjaldi á bifreiðar, var hann greiddur með sérstakri lántöku í samræmi við sparnaðarlögin. Heildarkostnaður við breytingu í hægri umferð er talinn hafa orðið 68.5 millj. kr. Hið sérstaka gjald á bifreiðar, sem á var lagt til að mæta þessum kostnaði og átti að greiðast á 4 árum, mun væntanlega ekki nægja til að standa undir þessum kostnaði, en ég tel óumflýjanlegt, að þetta gjald verði innheimt lengur, svo að auðið verði að greiða kostnaðinn eins og til stóð.

Í sparnaðarlögunum var ákveðið að stefna að því að lækka heildarkostnað við löggæzlu um 5%. Skýrði ég í umr. um frv. frá því, að litlar líkur væru til, að sá sparnaður gæti orðið raunhæfur á þessu ári, heldur bæri fremur að taka þessar till. sem stefnumörkun. Sérstök n. hefur unnið að athugun málsins í sumar, og hefur hún þegar skilað bráðabirgðatill. til dómsmrn., sem eru þar í athugun. Er þess að vænta, að auðið verði að framkvæma hinn fyrirhugaða sparnað, þótt gera megi ráð fyrir, að flestar ráðstafanir í þá átt mæti meiri eða minni andbyr, þegar reiknað er með þessari lækkun í fjárlagafrv. nú.

Ætla verður nú fyrir sérstöku framlagi til Landhelgissjóðs 5.4 millj. kr. til greiðslu vaxta og afborgana af lántöku í sambandi við smíði nýja varðskipsins Ægis. Engu að síður verður um að ræða allverulegan sparnað hjá Landhelgisgæzlunni, sem stafar af því, að með tilkomu nýja varðskipsins er ætlunin að leggja hinum minni skipum, sem hafa verið mjög dýr í rekstri og óhagkvæm, og sömuleiðis er nú aftur ákveðið ráð fyrir því gert, að Landhelgisgæzlan yfirtaki vitaskipið, og er í því sambandi felld algerlega niður fjárveiting til rekstrar þess á vegum vitamálanna. Raunverulega var tekin um þetta ákvörðun við afgreiðslu síðustu fjárl., en eitthvert óskiljanlegt tregðulögmál hefur valdið því, að ekki hefur tekizt, þrátt fyrir ítrekaðar kröfur, að fá þessa breytingu framkvæmda, og vil ég ekki ásaka einn né neinn í þessu efni, en hér er aðeins gott dæmi um það, hversu oft er erfitt að koma við skipulagsbreytingum. Með því að taka fjárveitinguna nú alveg af vitamálaskrifstofunni verður ekki lengur auðið að spyrna gegn þessari skipulagsbreytingu, sem tvímælalaust virðist geta leitt til mjög verulegs sparnaðar, enda þótt ekki sé reiknað með að skerða í neinu nauðsynlega þjónustu við vitana.

Áætlað er, að rekstrarhalli ríkisspítalanna muni hækka um rúmar 20 millj. kr. á næsta ári, og er þá miðað við óbreytt daggjöld. Enda þótt erfitt sé að meta starfsmannaþörf sjúkrahúsa, hefur ekki verið fallizt á beiðni um viðbótarstarfslið, nema þar sem sýnilegt var vegna nýrrar starfsemi, að þörf var á viðbótarstarfsliði.

Nýlega hefur verið fengið til Landsspítalans tæki til meðferðar vissra nýrnasjúkdóma, sem hingað til hefur orðið að framkvæma á sjúkrahúsum erlendis, og jafnframt hefur verið fengin aðstaða til greiningar hjarta-sjúkdóma, sem ekki hefur heldur verið fyrir hendi hér á landi. Var talið sjálfsagt að veita fé til þessarar auknu heilsugæzlu. Annars er það hið brýnasta nauðsynjamál að kanna varðandi sjúkrahús eigi síður en skóla, hvernig þessari lífsnauðsynlegu þjónustu við borgarana verði sem hagkvæmast fyrir komið, því að hér er um þungan og sívaxandi bagga að ræða. Virðast ýmsar leiðir koma til greina, sem ég hef ekki ástæðu til að gera hér að umtalsefni, en leitað hefur verið sérfræðiaðstoðar til að athuga skipan sjúkrahúsmála hér, sem til þessa hefur því miður þó ekki skilað þeim árangri, sem vonazt var til, en nauðsynlegt er að kanna öll tiltæk úrræði til þess að geta veitt sem bezta heilbrigðisþjónustu á sem hagkvæmastan hátt.

Á síðasta þingi var gerð veigamikil breyting varðandi ákvörðun daggjalda á sjúkrahúsum með það fyrst og fremst fyrir augum að dreifa réttlátar en áður kostnaði við rekstur sjúkrahúsanna. Ýmis vandamál koma í ljós, er framkvæma á þessi nýju lög, og hefur ekki endanleg ákvörðun verið tekin um það, hversu bregðast skal við þeim vanda, sem fyrst og fremst er fólginn í kostnaðarskiptingunni, og því, að daggjöld þurfa að vera mjög mismunandi há á hinum ýmsu sjúkrahúsum. Endanleg niðurstaða varðandi daggjöldin verður auðvitað að liggja fyrir áður en fjárlög eru afgreidd, en vafalaust reynist óumflýjanlegt vegna hagsmuna sjúkrahúsa sveitarfélaganna að hækka eitthvað daggjöldin, sem mun valda ríkissjóði hreinum útgjaldaauka, þótt rekstrarhallinn á ríkisspítölunum lækki.

Heildarframlög vegna lífeyris, sjúkra- og slysatrygginga að meðtöldum iðgjöldum atvinnurekenda og hinna tryggðu eru áætluð 1 milljarður 490 millj. á næsta ári, sem er 196 millj. kr. hækkun frá fjárlögum 1968. Raunveruleg hækkun er þó ekki svona mikil, og verður að hafa það í huga við mat á þessum tölum, því að sú skipulagsbreyting kemur til framkvæmda á þessu ári, að Tryggingastofnunin yfirtekur ríkisframfærsluna, en sá kostnaður nemur rúmum 121 millj. kr. í fjárl. yfirstandandi árs. Aukning á beinu framlagi ríkissjóðs í kerfið er rúmar 35 millj. kr., sem skiptast þannig, að til sjúkratrygginga að meðtalinni ríkisframfærslu er hækkun 40.3 millj., til atvinnuleysistrygginga 4 millj., en framlag til lífeyristrygginga lækkar um 9.2 millj., vegna þess að ríkissjóður hafði greitt óeðlilega hátt framlag til þeirra á s. l. ári. Framlög til sjúkratrygginganna eru áætluð í frv. eftir hinum eldri lögum, en komi til hækkunar daggjalda, verður sú fjárhæð að hækka.

Hafin er almenn athugun á hinum mörkuðu tekjustofnum, og mun ég ekki nú gera þá að umtalsefni, en tel þó rétt að minnast á einn þeirra, þar sem hækkunin er langmest, en það er Vegasjóður. Samkv. bráðabirgðaáætlun er gert ráð fyrir, að tekjur hans hækki um 165.9 millj. kr. vegna nýrrar tekjuöflunar til sjóðsins, sem samþ. var á síðasta þingi.

Í A-hluta fjárlagafrv. er gerð lausleg áætlun um ráðstöfun á fé til vegagerðar á næsta ári, en til þess að koma í veg fyrir misskilning skal tekið fram, að hér er um algerar áætlunartölur að ræða, sem samgmrn. er ekki ábyrgt fyrir, því að svo sem hv. þm. er kunnugt á samkv. vegal. að samþykkja á þessu þingi nýja vegáætlun, þar sem að sjálfsögðu verður að ákveða endanlega, hvernig fé Vegasjóðs verður ráðstafað, og má því ekki skilja

áætlunartölur fjárlagafrv. sem neina ákvörðun eða ákveðna till. um ráðstöfun á fé Vegasjóðs. Lagningu vegarins milli Reynihlíðar og Húsavíkur vegna Kísiliðjunnar verður lokið á þessu ári, og fellur því niður 15 millj. kr. fjárveiting til þess vegar, en í þess stað þarf að taka upp sérstaka fjárveitingu til greiðslu lána vegna vegarins, 8 millj. kr.

Tekin er upp ný fjárveiting vegna Skipaútgerðar ríkisins, 25 millj. kr., vegna byggingarkostnaðar nýju strandferðaskipanna. Hafa verið gerðir samningar við Seðlabankann um lánsfjáröflun til þessara framkvæmda, en samningsverð beggja skipanna er um 110 millj. kr. Átti Skipaútgerðin sjálf aðeins um 12.6 millj. kr. til að standa straum af byggingarkostnaði skipanna, og mun því ríkissjóður á næstu árum verða að leggja fram verulegt fé til greiðslu byggingarkostnaðarins. Verður að sjálfsögðu á þessu stigi engu um það spáð, hversu há endanleg framlög ríkissjóðs þurfa að verða, en þótt gert sé ráð fyrir, að hin nýju skip geri kleift að lækka verulega rekstrarhalla Skipaútgerðarinnar, er það væntanlega of mikil bjartsýni að gera ráð fyrir því, að útgerðin geti staðið undir nema mjög takmörkuðum hluta byggingarkostnaðar skipanna, og gæti þó orðið um beinan hagnað að ræða fyrir ríkissjóð, þegar höfð eru í huga hin háu framlög til greiðslu rekstrarhalla Skipaútgerðarinnar nú. Þar til hin nýju skip verða tiltæk, mun þurfa að gera ýmsar bráðabirgðaráðstafanir til þess að halda uppi nauðsynlegri þjónustu Skipaútgerðarinnar við landsbyggðina, því að í síðasta lagi næsta vor verður að taka Esju úr umferð, en hún hefur reynzt mjög dýr og óhagkvæm í rekstri, og virðist ótvírætt hagkvæmara að leysa flutningavandamálin tímabundið með leiguskipum.

Flóabátamálin hljóta einnig að koma til rækilegrar endurskoðunar. Vegna mjög bættra samgangna hefur t. d. starfsgrundvelli að verulegu leyti verið kippt undan Norðurlandsbáti, og óviðunandi er með öllu að þurfa að greiða stórfé til styrktar á rekstri farþegaskips milli Reykjavíkur og Akraness eingöngu vegna þess, hversu núverandi skip er óhagkvæmt í rekstri.

Áætlað er, að á næsta ári verði fylgt sömu reglum um niðurgreiðslur á vöruverði, og hækka því fjárveitingar aðeins um 1 millj. kr.

Fjárveiting vegna kostnaðar við toll- og skattheimtu er hækkuð um 2 millj. kr. Er þó mjög vafasamt, að sú áætlun geti staðizt miðað við raunverulegan kostnað á þessu ári og umframgreiðslur á árinu 1966. En svo sem ég hef áður vikið að, verður að leita allra úrræða til að draga úr kostnaði við toll- og skattheimtu, án þess þó að draga úr nauðsynlegu öryggi varðandi eftirlit með toll- og skattstigum.

Framlög til lífeyrissjóða hafa verið ofáætluð í fjárl. yfirstandandi árs, og lækka þau framlög um rúmar 6 millj. kr.

Fjárveitingar til annarra mála á vegum fjmrn. hækka samtals um 19.3 millj. kr. 10 millj. af þeirri hækkun stafa af stórhækkuðum vaxtaútgjöldum vegna hinnar slæmu stöðu ríkissjóðs gagnvart Seðlabankanum. 1 millj. kr. er áætluð til greiðslu ýmiss málskostnaðar og greiðslu dómskrafna, sem kunna að falla á ríkissjóð. Er alltaf um verulegan árlegan kostnað að ræða vegna ýmissa málssókna á hendur ríkissjóði, og hefur ekki sérstaklega verið áætlað fyrir þeim útgjöldum áður.

Loks er framlag til Ríkisábyrgðasjóðs hækkað um 9 millj. kr. og verður þá 85 millj. kr. Er það þó mun lægri fjárhæð en framkvæmdastjórn Ríkisábyrgðasjóðs áætlar, að þurfi til að standa straum af skuldbindingum sjóðsins á næsta ári. Frá því að lög um Ríkisábyrgðasjóð voru sett, bötnuðu skilyrði ríkisábyrgðalána stöðugt ár frá ári, þar til á árinu 1967, að þáttaskil urðu í þeim efnum vegna stórvaxandi erfiðleika atvinnuveganna. Varð útkoman á því ári sú, að í stað þess að framlag til Ríkisábyrgðasjóðs var lækkað um 15 millj. kr. í sambandi við fjáröflun til aðstoðar við útgerðina á því ári reyndist óumflýjanlegt að greiða til sjóðsins 15 millj. kr. umfram fjárveitingu á árinu, og varð því heildarfjárveiting til sjóðsins á því ári 65 millj. kr. Var orsökin fyrst og fremst sú, að á þessu ári féllu á Ríkisábyrgðasjóð mjög háar ábyrgðagreiðslur vegna tveggja aðila. Heildargreiðslur Ríkisábyrgðasjóðs á árinu 1967 vegna ábyrgðarskuldbindinga urðu um 251 millj. kr., en á árinu innheimtust ekki nema 176 millj. kr. Vissar stórar ábyrgðarskuldbindingar, sem féllu á sjóðinn á s. l. ári, hafa síðan verið teknar til rækilegrar rannsóknar, og vonast ég fastlega til, að ekki verði um svipuð áföll að ræða á þessu ári, en engu að síður er mjög mikil hætta á því vegna almennra greiðsluerfiðleika, að Ríkisábyrgðasjóður verði fyrir verulegum áföllum á þessu ári og verði því ekki raunhæf sú 10 millj. kr. lækkun á framlagi til sjóðsins, sem sparnaðarlögin gerðu ráð fyrir. Hefur afkoma atvinnuveganna að sjálfsögðu grundvallarþýðingu fyrir stöðu Ríkisábyrgðasjóðs.

Í sambandi við stöðu Ríkisábyrgðasjóðs er rétt að víkja að einni tegund ríkisábyrgða, sem veitt hefur verið hömlulaust sem sjálfskuldarábyrgð, þrátt fyrir hin nýju lög um ríkisábyrgðir þar til nú á þessu ári, að þær ábyrgðir eru veittar með sama hætti og aðrar ríkisábyrgðir. Á ég hér við ábyrgðir af lántökum vegna hafnargerða, sem breyttust með lögfestingu laga um hafnargerðir á s. l. ári. Margar hafnargerðir standa í óbættum sökum við Ríkisábyrgðasjóð, en lögum samkv. er ekki leyfilegt að veita ríkisábyrgðir þeim aðilum, sem eru í vanskilum við sjóðinn. Hefur þetta valdið miklum erfiðleikum í ár á ýmsum stöðum. Þennan vanda tel ég, að verði að leysa með þeim hætti að gera verður sér grein fyrir óhjákvæmilegum hafnarbótum á viðkomandi stöðum og kostnaði við þær á næstu árum, athuga greiðslugetu viðkomandi hafnarsjóða og sveitarsjóða og undir hversu háum afborgunum og vaxtagreiðslum þessir sjóðir fái risið. Samið verði síðan við Ríkisábyrgðasjóð um greiðslu vanskilanna til nokkurs tíma, en Hafnarbótasjóður taki síðan að sér að greiða þann hluta afborgana og vaxta, sem sjáanlegt er, að ekki verði undir risið heima fyrir, og verði gengið út frá því, að slík aðstoð verði endurgreidd Hafnarbótasjóði, þegar viðkomandi hafnargerð verður þess megnug. Sjálfsagt er, að þær hafnargerðir, sem slíkrar sérstakrar aðstoðar njóta, verði undir sterku fjárhagseftirliti hafnarmálastjórnar eða samgmrn. Svipuð hugsun mun hafa legið að baki n. þeirrar, sem undirbjó nýju hafnalögin, er hún gerði ráð fyrir nýrri tekjuöflun til Hafnarbótasjóðs. Því miður neitaði Alþ. að fallast á hina

nýju tekjuöflun, en breytti hins vegar ekki fyrirhuguðum skuldbindingum sjóðsins. Ég geri mér ljósa grein fyrir því, að með 8 millj. kr. árlegu ríkisframlagi eru litlar líkur til þess, að Hafnarbótasjóður fái staðið undir þeim skuldbindingum, er leiða mundu af þessum vinnubrögðum. En ég tel miklum mun æskilegra að auka fjárveitingu til Hafnarbótasjóðs heldur en halda áfram að leysa fjárhagsmál hafnanna með því að greiða óreiðuskuldir þeirra úr Ríkisábyrgðasjóði. Mundi sú lausn heldur ekki verða hugsanleg, eftir að farið er að veita aðeins einfaldar ábyrgðir af lánum vegna hafnagerða.

Varðandi skiptingu fjárveitingar til einstakra hafna vona ég, að um það geti tekizt samkomulag eins og við afgreiðslu fjárl. yfirstandandi árs, að fjárveitingar til einstakra hafnagerða verði við það miðaðar að greiða að fullu ríkishlutann, sem á mundi falla á næsta ári.

Meginstefna fjárlagafrv. varðandi fjárveitingar til opinberra framkvæmda er sú, að þær fjárveitingar eru hinar sömu og í fjárl. yfirstandandi árs að frádregnum þeim fjárveitingum, sem í sparnaðarlögunum voru felldar niður í ár til bygginga, sem fyrirhugaðar eru, en ekki hefur verið byrjað á. Hins vegar eru teknar í fjárlagafrv. þær 62.6 millj. kr. til byggingar menntaskóla og ríkissjúkrahúsa, sem felldar voru úr fjárl. með sparnaðarlögunum og fjármagnaðar í ár með lántöku, þar eð sams konar lántökur á næsta ári til þeirra framkvæmda eru óhugsandi. Hafa því fjárveitingar ríkissjóðs til verklegra framkvæmda raunverulega verið hækkaðar sem þessu nemur í fjárlagafrv. Líklegt er þó, að fjárveitingar til opinberra framkvæmda þurfi enn að hækka um 50—60 millj. kr., og mun ég nánar ræða þann vanda, er ég kem að framkvæmdaáætlun ríkisins fyrir næsta ár.

Heildartekjur á rekstrarreikningi fjárlagafrv. eru áætlaðar 6 milljarðar 592.1 millj. kr., sem er 350.6 millj. kr. hækkun frá fjárl. 1968. Af þessari fjárhæð nema fyrir fram ráðstafaðir tekjustofnar 1 milljarði 469.4 millj. kr., sem er 240.9 millj. kr. hækkun frá fjárl. 1968 eða 19.6%. Er bróðurpartur þeirrar hækkunar vegna nýrrar fjáröflunar til Vegasjóðs. Gert er ráð fyrir, að ríkistekjur að frátöldum þessum ráðstöfuðu tekjustofnum hækki um 109.7 millj. eða aðeins 2.2%. Rekstrarafgangur verður þá 119.7 millj. kr., en þar sem halli á lánahreyfingum nemur 68.2 millj., verður greiðsluafgangur í heild 51.5 millj. kr.

Tekjuáætlun þessi er byggð á mjög ótraustum grundvelli, því að í ágústmánuði skorti ótal forsendur til þess að gera sér raunhæfa grein fyrir tekjuhorfum ríkissjóðs á næsta ári. Í meginatriðum má segja, að tekjuáætlunin sé byggð á því, að innflutningur, atvinnustig og viðskiptavelta verði í heild ekki lakari á næsta ári en í ár. Er þó ekki reiknað með þeirri aukningu, sem eðlileg er á venjulegum tíma vegna fólksfjölgunar. Verður auðvitað að endurskoða tekjuáætlunina frá grunni, eftir að ákvarðanir hafa verið teknar um meginstefnuna í efnahagsmálum og til hvaða ráða verður gripið til þess að rétta við hag útflutningsframleiðslunnar. Ég tel því á þessu stigi ekki ástæðu til þess að ræða nánar einstaka tekjustofna ríkissjóðs, en samkv. frv. er gert ráð fyrir því, að núverandi tekjustofnar miðað við þær forsendur, sem ég hér hef nefnt, muni nægja á næsta ári til þess að standa straum af kostnaði við ríkisreksturinn, ef því stranga aðhaldi er beitt, sem fjárlagafrv. gerir ráð fyrir varðandi útgjöld ríkissjóðs. Sérhverjum nýjum kröfum á ríkissjóð verður hins vegar að mæta með nýrri tekjuöflun, og það er meginviðfangsefni, sem Alþ. þarf nú að leysa.

Á undanförnum árum hefur framkvæmdaáætlun ríkisins fyrir ár hvert ekki komið til kasta Alþ. á annan veg en þann, að leitað hefur verið heimildar þingsins fyrir lántökum til ýmissa framkvæmda í framkvæmdaáætluninni og Alþ. jafnframt verið gerð grein fyrir áætluninni í einstökum atriðum jafnhliða því, sem flutt hefur verið skýrsla um heildarþróun framkvæmda og fjárfestingar í landinu og horfur á því tiltekna ári. Hefur framkvæmdaáætlunin náð bæði til einstakra þátta ríkisframkvæmda, þar sem gerð hefur verið grein fyrir nauðsynlegri fjáröflun umfram fjárveitingar fjárl. hverju sinni og leiðum til fjáröflunar, og einnig til fjárfestingarlánasjóða atvinnuveganna, bæði fjárþarfa þeirra og fjáröflunarúrræða. Með löggjöfinni um Framkvæmdasjóð ríkisins var þeim sjóði fengið það viðfangsefni að afla fjár til stofnsjóða atvinnuveganna, og er því sá þáttur framkvæmdaáætlunarinnar í raun inni ekki lengur nema óbeint verkefni ríkisstj. Eftir er þá aðeins að gera sér grein fyrir stefnunni varðandi ríkisframkvæmdirnar sjálfar og fjáröflun til þeirra. Í sambandi við afgreiðslu Alþ. á lántökuheimildum vegna framkvæmdaáætlunar ársins 1968, sem voru nokkuð seint á ferðinni vegna hinnar miklu óvissu í efnahags- og fjármálum, lýsti ég því yfir, að ég mundi stefna að því, að dregið að framkvæmda- og fjáröflunaráætlun gæti fylgt fjárlagafrv. fyrir árið 1969. Jafnhliða undirbúningi fjárlagafrv. í júlí- og ágústmánuði var því unnið að drögum að framkvæmdaáætlun fyrir árið 1969 varðandi ríkisframkvæmdir, sem kemur þá ásamt fjárlagafrv. til athugunar í fjvn. og síðan endanlegrar ákvörðunar Alþ. á sama hátt og fjárl. Er hér vitanlega aðeins um drög að framkvæmdaáætlun að ræða til þess ætluð að draga upp mynd af annars vegar ríkisframkvæmdum, sem óhjákvæmilegt er talið að vinna að umfram það, sem gert er ráð fyrir í fjárlagafrv., og jafnframt hugsanlegri fjáröflun til þeirra framkvæmda. Mun ég nú í stuttu máli gera grein fyrir þessari framkvæmdaáætlun.

Vegna 2 millj. sterlingspunda lántöku á þessu ári reyndist auðið að leysa fjárhagsvandamál stofnsjóða atvinnuveganna og afla nauðsynlegs lánsfjár vegna framkvæmdaáætlunar ríkisins. Slík stór lántaka erlendis til þess að leysa almenn framkvæmdavandamál í landinu er óhugsandi aftur á næsta ári, og vegna stöðugt aukinna erfiðleika á peningamarkaði innanlands verður ekki auðið að afla samsvarandi fjárhæðar á innlendum markaði nema með því að þrengja óhæfilega lánsfjáraðstöðu atvinnuveganna eða tefla greiðslustöðunni út á við í stórfellda hættu. Er því óhugsandi að ætla bankakerfinu sjálfu stærri hluta en að leggja fram hluta af sparifjáraukning til stofnlánasjóða atvinnuveganna, eins og gert hefur verið undanfarin ár og er því ekki um aðra fjáröflun að ræða til ríkisframkvæmda umfram fjárveitingar í fjárl. en annars vegar útgáfu spariskírteinalána og hins vegar hugsanlega notkun PL—480 láns, sem þó hefur ekki enn þá samizt um við

Bandaríkjastjórn. Eins og ástatt er í peningamálum, virðist óraunhæft með öllu að gera ekki ráð fyrir einhverri lækkun spariskírteinaláns á næsta ári, og er á þessu stigi áætlað, að sala nýrra spariskírteina og endurgreiðslur af spariskírteinalánum, sem ekki ganga til innlausnar á bréfum, geti numið um 120 millj. kr. á næsta ári og PL—480 lán geti numið 50 millj. kr. Gæti því heildarfjáröflun til ríkisframkvæmda orðið 170 millj. kr. í stað 330 millj. kr. á þessu ári. Með hliðsjón af atvinnuástandi yrði það að sjálfsögðu eðlileg stefna að geta aukið verulega opinberar framkvæmdir á næsta ári á sama hátt og eðlilegt var að takmarka þessar framkvæmdir meðan ofþensla var á vinnumarkaðinum. Með hliðsjón af þessari nauðsyn var einmitt enska lánið tekið á þessu ári. Því miður er hins vegar vandinn sá, að hinn almenni samdráttur í framkvæmdum einkaaðila stafar af stórfelldum allsherjarefnahagserfiðleikum þjóðarinnar, sem torveldar stórlega lánsfjáröflun til opinberra framkvæmda svo sem til annarra framkvæmda og torveldar jafnframt nýjar skattaálögur vegna almennrar kjaraskerðingar. Það er líka ljóst, að opinberar framkvæmdir geta aldrei leyst meginvanda atvinnulífsins, og þess vegna má fjáröflun til þeirra ekki verða til þess að auka enn á erfiðleika atvinnuveganna. En það sýnist hins vegar augljóst, að vilji menn nú verulegar opinberar framkvæmdir, verður það að gerast með nýrri skattheimtu, en ekki með lántökum. Það getur auðvitað orkað tvímælis, hvaða opinberar framkvæmdir eigi að sitja í fyrirrúmi, en það er sammerkt með öllum þeim framkvæmdum, sem taldar eru í drögum að framkvæmdaáætlunum ársins 1969, að þær eru flestar eða allar óumflýjanlegar af ýmsum ástæðum, og hefur það sjónarmið ráðið vali framkvæmdanna. Hugsanlegt er þó með einstakar þessara framkvæmda, að þeim megi fresta.

Gert er ráð fyrir, að 168 millj. af hugsanlegri 170 millj. kr. lánsfjáröflun verði varið þannig:

Í fyrsta lagi 50 millj. kr. til Búrfellsvirkjunar, sem er 25 millj. kr. lægri fjárhæð en afla þurfti í framkvæmdaáætlun yfirstandandi árs. Vegna aukins kostnaðar við Búrfellsvirkjun er þessi fjáröflun óumflýjanleg.

Í öðru lagi verði 55 millj. ráðstafað til annarra raforkuframkvæmda, þar af 15 millj. vegna gufuaflsstöðvar í Námaskarði, sem ákveðið hefur verið, að Laxárvirkjun reisi, og jarðborana í sambandi við þá stöð vegna Kísiliðjunnar. Þessi fjáröflun er einnig óumflýjanleg. 40 millj. kr. er áætlað, að þurfi til ýmissa framkvæmda á vegum Rafmagnsveitna ríkisins, m. a. vegna áframhalds Smyrlabjargaárvirkjunar, sem nú þegar hefur verið samið um, og til lagningar háspennulína til þess að geta lagt niður dísilrafstöðvar, sem eru óhagkvæmar í rekstri. Hugsanlegt gæti verið að fresta einhverri þessara framkvæmda, og er það í nánari athugun.

Í ár og í fyrra þurfti að afla mikils lánsfjár vegna landshafnanna til þess að ljúka framkvæmdum, sem verksamningar höfðu verið gerðir um. Á næsta ári ætti að vera auðið að draga verulega úr framkvæmdum við þessar hafnir, og eru því áætlaðar 7 millj. kr. til þeirra vegna brýnna viðbótarframkvæmda í stað 40 millj. kr. á yfirstandandi ári.

Þá hafa skuldbindingar verið gefnar um aðstoð til fjáröflunar vegna Hafnarfjarðarvegar í Kópavogi. Var aflað 10.9 millj. kr. lánsfjár í ár til þeirrar framkvæmdar, en lánsfjárþörfin hefði getað orðið allt að 36 millj. kr. á næsta ári. Virðist þessi lánsfjáröflun vera óumflýjanleg. Rétt er, að það komi fram, að þessi dýra vegarframkvæmd verður að lokum borin uppi af Kópavogskaupstað sjálfum á þann hátt, að vegasjóðsframlag það, sem kaupstaðurinn á rétt á, gengur til framkvæmdanna, og er því hér aðeins um fjáröflun að ræða.

Þá er loksins hið stöðuga fjáröflunarvandamál vegna Reykjanesbrautar, en greiðslur vaxta og afborgana vegna hennar eru mjög þungar á næstu árum og miklu þyngri en tekjur brautarinnar af veggjaldi og framlagi til hennar í vegáætlun, eins og það er nú ákveðið. Hér er því um fjáröflun að ræða til lengingar lánum, og er áætlað, að afla þurfi 20 millj. kr. í því skyni, sem þó er ófullnægjandi nema aðrar ráðstafanir verði gerðar til fjáröflunar, annaðhvort með hækkun framlags úr Vegasjóði eða hækkun umferðargjaldsins eða hvort tveggja. Verður það að metast í sambandi við afgreiðslu vegáætlunar, að óumflýjanlegt er að finna viðhlítandi lausn á greiðsluvandamálum þessarar vegagerðar, því að án aukinna óafturkræfra framlaga til hennar er óhugsandi að losna við skuldabaggann. Þessi fjáröflun verður einnig að teljast óumflýjanleg. Með þessum hætti yrði ráðstafað öllu hugsanlegu lánsfé til ríkisframkvæmda á næsta ári. Engu að síður eru ótaldar ýmsar framkvæmdir, sem mjög mikilvægt verður að teljast að afla fjár til en sem ekki er sjáanlegt, að hægt sé að afla fjár til nema með beinum fjárveitingum í fjárl.

Þar sem meginstefna fjárlagafrv. er sú að halda óbreyttum fjárveitingum til opinberra framkvæmda miðað við fjárl. yfirstandandi árs eins og frá þeim var gengið fyrir áramótin í fyrra, hefur á þessu stigi málsins ekki þótt rétt að gera ákveðnar till. um beinar fjárveitingar til þessara framkvæmda, heldur talið eðlilegt, að það verði metið í samráði við fjvn., að hve miklu leyti þessar framkvæmdir verði taldar óumflýjanlegar, og þá eftir að endanleg tekjuáætlun hefur verið gerð, að hve miklu leyti þær geti rúmazt innan greiðslugetu ríkissjóðs á næsta ári.

Ríkisstj. hefur talið nauðsynlegt í ár að veita nokkra viðbótarfjárveitingu til þess að hraða eftir föngum athugun á saltvinnslu á Reykjanesi, sem er forsenda sjóefnavinnslu og vítissódaverksmiðju, sem hugsanlegt er, að samningar gætu tekizt við Swiss Aluminium um að reisa hér á landi. Reynist þessar bráðabirgðaathuganir nægilega jákvæðar, er nauðsyn verulegs fjár til framhaldsrannsókna, og svo sem ástatt er í þjóðfélaginu, er augljós nauðsyn þess, að slíkar framhaldsrannsóknir stöðvist ekki sökum fjárskorts. Er því talið nauðsynlegt að áætla 12 millj. kr. til þeirra framkvæmda og jarðborana í því sambandi.

Þá væri og mikilvægt að geta haldið áfram byggingarframkvæmdum vegna rannsóknastofnana atvinnuveganna á Keldnaholti. Rannsóknastofnun landbúnaðarins er þegar flutt þangað, en húsnæði það, sem henni var upphaflega ætlað, er óhóflega stórt miðað við núverandi aðstæður, og væri aðstaða til að koma þar einnig fyrir Rannsóknastofnun iðnaðarins, en til þess mundi þurfa 15 millj. kr. fjáröflun. Vegna mikilla hús-

næðiserfiðleika Háskólans væri einnig brýn nauðsyn að geta losað sem fyrst núverandi húsnæði iðnaðardeildar í húsi Atvinnudeildar Háskólans og því af mörgum ástæðum æskilegt, að hægt væri þegar á næsta ári að útbúa húsnæði fyrir iðnaðardeildina á Keldnaholti.

Á síðustu árum hefur verulegs fjár verið aflað til framkvæmda í flugmálum með lántökum, og er áætlað, að afla þurfi á næsta ári 10 millj. kr. til viðbótar núverandi fjárveitingum til flugvallagerðar. Enn á langt í land að ljúka framkvæmdum við Landspítalann. Er tekin aftur í fjárlagafrv. 37 millj. kr. fjárveiting til þeirrar framkvæmdar, sem fjármagna varð með lántöku á yfirstandandi ári. Gert er ráð fyrir, að þessi fjárhæð þurfi enn að hækka um 7 millj.

Enn fremur er talið, að þurfi að afla 7 millj. kr. vegna byggingar lögreglustöðvarinnar í Reykjavík, og er það sama fjárhæð og aflað var í framkvæmdaáætlun yfirstandandi árs.

Þá er loks óumflýjanlegt að afla 6 millj. kr. umfram fjárlagafjárveitingu til byggingar menntaskólanna. Hefði fjárþörfin raunverulega verið enn meiri miðað við áætlanir um þær framkvæmdir, en með því að fresta sumum framkvæmdanna á að vera auðið að leysa hin brýnustu viðfangsefni á þessu sviði með slíkri viðbótarfjáröflun.

Mér er það vel ljóst, að margvíslegum öðrum opinberum framkvæmdum væri æskilegt að hraða eða hefjast handa um, og eru hér aðeins nefndar þær framkvæmdir, sem erfiðast sýnist vera að komast undan að sinna. Hvort mönnum við nánari athugun kann að sýnast eitthvað annað mikilvægara eða hvort menn telja auðið að sinna fleiri viðfangsefnum, skal ég ekki fullyrða um á þessu stigi, en legg aðeins enn og aftur ríka áherzlu á það, að tilgangslaust er að hugsa sér fjárhagslega lausn slíkra mála á þann hátt að veita ríkisstj. almennar lántökuheimildir, því að þeir lánamöguleikar eru ekki til staðar.

Á undanförnum árum hefur bæði af mér og öðrum oft verið vikið að nauðsyn þess að veita fjvn. betri aðstöðu til þess að kynna sér ríkisreksturinn, þannig að n. geti gert ákveðnar till. um útgjaldalækkanir eða skipulagsbreytingar, sem ekki hefði verið talið auðið að undirbúa nægilega raunhæft á þeim skamma tíma, sem n. hefur fjárlagafrv. til meðferðar. Reynt hefur verið að bæta starfsaðstöðu n. á þann hátt, að um alllangt árabil hefur form. fjvn. jafnan unnið með fjmrn. að undirbúningi fjárlagafrv., og síðan hefur með tilkomu fjárlaga- og hagsýslustofnunar fjmrn. skapazt ný og bætt aðstaða til að bæta áætlunargerðir við undirbúning fjárl. og vinna að hagræðingu og bættri skipan í einstökum þáttum ríkisrekstrarins. Hygg ég, að allir, sem til þekkja, *muni vera sammála um, að þessi nýskipan mála horfi til* mikilla bóta og hafi nú þegar skilað verulegum árangri.

Þótt ágreiningur hljóti að sjálfsögðu alltaf að vera á milli stjórnmálaflokka um meginstefnu í efnahagsmálum og fjármálum, þá tel ég brýna nauðsyn bera til þess, að þeir aðilar, sem á hverjum tíma eiga að hafa yfirumsjón með fjárgæzlu ríkisins og reyna að tryggja sem skynsamlegasta og hagnýtasta notkun ríkisfjár, fjmrn. og fjvn. Alþ., geti haft nána samvinnu án allra flokkadrátta um það viðfangsefni. Reynslan hefur ávallt sýnt, að mikillar tregðu gætir jafnan í sambandi við skipulagsbreytingar og fagráðuneytin hafa jafnan tilhneigingu til að standa með sínum stofnunum. Það er því mjög hætt við því, að jákvæðar og raunhæfar hagsýsluaðgerðir strandi oft á þessu tregðuskeri, ef ekki er traust samstaða milli fjmrn. og fjvn. Ég tel ákveðið, að slík samstaða sé forsenda flestra róttækra breytinga í ríkiskerfinu, en slíkar athuganir og breytingar tel ég hina brýnustu nauðsyn að kanna til hlítar, ekki sízt miðað við núverandi fjárhagsástand þjóðarinnar. Og ég tel, að hægt sé að halda slíku samstarfi utan við alla flokkadrætti.

Á síðasta Alþ. kom fram þáltill. um skipun sérstakrar nefndar til þess að rannsaka ríkisbúskapinn og gera till. til sparnaðar í samvinnu við hagsýslustjóra. Ég lýsti þá þeirri skoðun minni, að mun æskilegra væri að efna til nánara sambands milli fjvn. Alþ. og fjmrn. á þann hátt, að fjvn. kysi sérstaka undirnefnd, sem starfaði allt árið í samráði og samvinnu við hagsýslustjóra að athugunum á hinum ýmsu þáttum ríkiskerfisins og kæmi síðan till. sínum og aðfinnslum á framfæri við fjmrn. eða eftir atvikum Alþ. í sambandi við afgreiðslu fjárl. Með þessu móti ætti að vera lagður nægilegur grundvöllur til þess, að fjvn. gæti með fullnægjandi rökstuðningi gert brtt., þar sem hún teldi vera um óeðlilegt eyðslufé að ræða. Fljótlega eftir að þingi lauk s. l. vor var þeim tilmælum *beint til allra þingflokkanna, að þeir tilnefndu hver um* sig einn fulltrúa úr fjvn. til þess að mynda undirnefnd, er gera skyldi í sumar athuganir á þeim þáttum ríkiskerfisins, er nm. þætti sérstök ástæða til að gefa gaum að með sparnað fyrir augum og bætt vinnubrögð. Og jafnframt var undirnefndinni gefinn kostur á að kynna sér eftir vild fjárlagatill. einstakra stofnana og rn. Undirnefnd þessi hefur haldið marga fundi í sumar undir forustu form. fjvn., og hefur verið hin ágætasta samvinna milli undirn. og fjárlaga- og hagsýslustofnunarinnar, og vil ég nota þetta tækifæri til þess að þakka öllum undirnefndarmönnum fyrir störf þeirra til þessa og ágæta samvinnu, því að ljóst var, að allir vildu leggja sig fram um að láta gott af sér leiða, skoða viðfangsefnin af raunsæi og fullri alvöru. Tel ég reynsluna af þessu samstarfi rn. og fjvn. svo góða, að ég lýsi hiklaust þeirri skoðun minni, að stefna eigi að framhaldi slíks samstarfs og mun ræða við alla þingflokkana um það, með hverjum hætti því verði bezt fram haldið. Hefur fullt tillit verið tekið til ábendinga undirnefndarinnar um ýmis atriði í sambandi við fjárlagafrv., og önnur atriði, sem tekur lengri tíma að gera sér grein fyrir, eru í athugun hjá fjárlaga- og hagsýslustofnuninni.

Ég tel rétt í stórum dráttum að víkja að þeim viðfangsefnum, sem unnið hefur verið að á vegum fjárlaga- og hagsýslustofnunarinnar í því skyni að stuðla að *aukinni hagkvæmni í opinberum rekstri og stuðla að* sparnaði og hagkvæmri notkun ríkisfjár. Um tveggja ára bil hefur verið unnið að heildarathugun á bifreiðamálum ríkisins. Lauk þeirri athugun á s. l. vetri, og í tilefni fsp. gaf ég Alþ. yfirlit um bifreiðaeign ríkisins og bifreiðastyrki. Ríkið á um 530 bifreiðar, og af því eru 79 bifreiðar til afnota fyrir einstaka embættismenn ríkisins. Auk þess hafa yfir 400 starfsmenn bílastyrki, sem nema samtals 13—14 millj. kr. á ári. Er því hér um mjög mikið fjárhagsatriði að ræða, en málið er mjög vandasamt úrlausnar og því ekki að undra, þótt ein-

hvern tíma taki að leggja grundvöll að till. til frambúðarlausnar, enda hafa þær tilraunir oft strandað áður. Auðvitað verður ekki komizt hjá því, að ríki og ríkisstofnanir hafi allverulega bílaútgerð. En því er ekki að neita, að bifreiðaumráð og bifreiðastyrkir hafa þróazt of tilviljanakennt á síðustu áratugum og mikilvægt er að setja um þetta efni fastar reglur. Það eru mikil hlunnindi fyrir embættismann að hafa ríkisbifreið til afnota, sem ríkið greiðir allan rekstrarkostnað af, og því eðlilegt, að óánægju gæti, þegar ósamræmi er milli einstakra embætta varðandi svo mikil hlunnindi. Ýmsir embættismenn þurfa nauðsynlega á bifreið að halda vegna starfs síns, en í öðrum tilfellum er ljóst, að hér er fyrst og fremst um launauppbót að ræða. Ég skal fúslega játa, að mjög torvelt er að finna reglur, sem ekki mundu valda verulegri óánægju hjá mörgum. En hér er um svo mikilvægt kostnaðarmál að ræða fyrir ríkið, auk þess sem alltaf er nauðsynlegt að uppræta misrétti, að ekki má gefast upp fyrir viðfangsefninu. Nú stendur yfir endurmat á öllum bílastyrkjum, og drög hafa verið samin að föstum reglum um rétt embættismanna til afnota af ríkisbifreiðum. Hefur undirnefnd fjvn. reglur þessar nú til umsagnar, og er þess að vænta, að auðið verði að ganga frá málinu innan ekki langs tíma.

Ríki og ríkisstofnanir leigja víðs vegar um land húsnæði fyrir miklar fjárhæðir. Nauðsynlegt er í senn að gæta þess, að ríkisstofnanir taki ekki á leigu stærra húsnæði en brýnasta þörf krefur, og jafnframt þarf að gæta þess, að samræmi sé í leigumálum. Hefur því ríkisstj. ákveðið, að allir leigumálar ríkisstofnana skuli vera háðir samþykki hagsýslustjóra.

Ríkið og stofnanir þess eiga nú 12 skip, sem gerð eru út undir yfirstjórn ýmissa aðila. Hagsýslustjóra var ásamt fulltrúum þeirra rn., sem útgerð þessara skipa heyrir undir, falið að gera á því athugun, hvort ekki mundi hagkvæmast og til sparnaðarauka að sameina útgerðarstjórn allra þessara skipa á eina hendi. Athugunin leiddi í ljós, að svo mundi tvímælalaust vera, og hefur ríkisstj. nú ákveðið að gera nauðsynlegar skipulagsbreytingar á Skipaútgerð ríkisins, til þess að hægt sé að fela henni að annast rekstrarstjórn allra ríkisskipa. Vitanlega verða sérstofnanir þær, sem skipin eiga að þjóna, ekki sviptar umráðum yfir skipunum, heldur yrði hin almenna rekstrarstjórn skipanna í höndum Skipaútgerðar ríkisins, þar eð ýmsar þessar stofnanir hafa hvorki aðstöðu né sérþekkingu til þess að sjá um skipaútgerð.

Þá hefur um nokkurt skeið verið unnið að rækilegri athugun á framtíðarskipan verkstæðisreksturs á vegum ríkis og ríkisstofnana. Hefur sérstakri n. verið falið að móta hugmyndir um það efni og benda á æskilegustu leiðir til að koma málinu í framkvæmd. Kemur í senn til greina rekstur Landssmiðjunnar, sem hefur átt við vaxandi örðugleika að stríða, og þau sérstöku verkstæði, sem eru rekin á vegum flestra eða allra hinna stærri framkvæmdastofnana ríkisins. Virðist full ástæða til þess að halda, að sameining þessarar verkstæðisþjónustu að öllu eða einhverju leyti ætti að geta leitt til betri nýtingar starfskrafta og véla og þar af leiðandi til aukins sparnaðar. N. hefur fyrir skömmu skilað bráðabirgðaáliti, sem nú er til athugunar.

Verulegs misræmis hefur oft gætt varðandi ákvörðun þóknunar til hinna ýmsu nefnda, sem á hverjum tíma starfa að ýmiss konar viðfangsefnum á vegum ríkisins. Var því ákveðið, að við skipun allra nefnda skyldi það tekið fram, að þóknun til nefnda væri háð endanlegu mati sérstakra trúnaðarmanna, og hefur hagsýslustjóra og deildarstjóra launamáladeildar fjmrn. verið falið að annast þetta mat.

Rækileg athugun hefur verið gerð á möguleikum til hagkvæmari reksturs flugþjónustu og flugvalla. Dregið hefur verið nokkuð úr rekstri verkstæða, og viðræður standa yfir við Reykjavíkurborg um, hvort eigi sé hagkvæmt fyrir báða aðila að sameina slökkvilið Reykjavíkurflugvallar og Reykjavíkurborgar. Loks er talið auðið að loka alveg Reykjavíkurflugvelli að nóttu, en á þeim tíma er aðeins 1.5% umferðarinnar um völlinn, aðallega einkaflugvélar. Mundi þessi ráðstöfun leiða til mikils sparnaðar og gera kleift að fækka um 13 starfsmenn. Er í frv. lagt til, að þessi skipulagsbreyting verði gerð. Vegna núverandi atvinnuörðugleika er erfitt að segja mönnum upp starfi, og verður því að leita eftir því að koma starfsmönnum þessum að í öðrum greinum ríkiskerfisins, þar sem störf losna.

Hagsýslustofnunin hefur á árinu í samráði við viðkomandi rn. unnið að margvíslegum athugunum á rekstri ýmissa ríkisstofnana og ríkisembætta. Hafa þessar athuganir sums staðar leitt í ljós ýmsar misfellur og annmarka, sem lögð hefur verið áherzla á að ráða bót á. Þá hefur stofnunin ásamt viðkomandi rn. unnið að því að tryggja framkvæmd þeirra sparnaðarákvarðana, sem teknar hafa verið á þessu ári. Loks hafa margvíslegar athuganir verið gerðar og upplýsingum safnað fyrir undirnefnd fjvn. Þá hefur stofnunin hlutazt til um, að menn væru sendir utan til þjálfunar í hagræðingu í opinberum rekstri á vegum hagræðingarstofnunar norska ríkisins, sem veitt hefur mjög mikilsverða og þakkarverða aðstoð.

Hér er auðvitað ekki um neina tæmandi upptalningu að ræða á þeim viðfangsefnum, sem fjárlaga- og hagsýslustofnunin hefur fengizt við auk undirbúnings fjárlagafrv., sem að sjálfsögðu hefur verið meginviðfangsefni stofnunarinnar, heldur er hér aðeins drepið á nokkur atriði til dæmis um viðfangsefnin og til að vekja athygli á því, hvernig leitazt er við að stuðla að aukinni hagkvæmni í ríkisrekstri. Gott samstarf hefur verið við önnur rn. um önnur viðfangsefni, og yfirmenn stofnana hafa yfirleitt sýnt áhuga og skilning á nauðsyn hagkvæmustu vinnubragða. Þá skal þess getið, að ríkisstj. setti í ársbyrjun ýmsar hömlur á utanferðir á kostnað ríkisins.

Í lok næstsíðasta þings lagði ríkisstj. fram frv. um skipulag opinberra framkvæmda. Var þar í mörgum efnum um algerlega nýja starfshætti að ræða á þessu sviði, en frv. var þá í rökréttu framhaldi af þeim skipulagsbreytingum, sem gerðar hafa verið varðandi framlög til hafnargerða og skólabygginga, sem beinast að því að undirbúa sem bezt viðkomandi framkvæmd og tryggja síðan fjármagn til hennar með þeim hætti, að ekki verði um óeðlilegan seinagang í byggingu að ræða, og þannig koma í veg fyrir margvíslegt tjón, sem af slíkum seinagangi oftlega hefur leitt. Frv. var þá sýnt til að kynna hugmyndirnar, sem lágu því til grundvallar, en augljóst var, að málið þarfnaðist nánari athug-

unar, til að hægt væri að lögfesta það. Hefur frv. síðan verið í mjög ítarlegri og rækilegri endurskoðun. Leitað var m. a. álits aðalsérfræðings Alþjóðabankans um gerð framkvæmdaáætlana, og í sumar hefur málið enn verið kannað frá öllum hliðum undir forystu hagsýslustjóra í samráði við fulltrúa frá Sambandi ísl. sveitarfélaga og Efnahagsstofnunina. Er þess að vænta, að frv. verði lagt fyrir þetta þing, og sýnist ljóst, að ef okkur auðnaðist að ná samkomulagi um málið, mundi skipulag opinberra framkvæmda verða komið í betra horf hér á landi en með flestum öðrum þjóðum.

Í samræmi við samkomulag á milli fjmrn. og BSRB hefur nú að undanförnu verið unnið að skipulögðu starfsmati, og var í samkomulaginu ákveðið, að því starfsmati skyldi lokið fyrir næstu áramót. En launabreytingar, sem kynnu að verða samkv. starfsmatinu, skyldu taka gildi frá ársbyrjun 1968. Er hér tvímælalaust um mjög mikilvægt viðfangsefni að ræða, sem vonandi er, að takist að leysa með samkomulagi og forðast þannig stöðugt stríð um það, hvar eðlilegt sé að skipa opinberum starfsmönnum í launaflokka. Lokið er endurskoðun kjarasamningalaganna, en það frv. hefur þó ekki verið lagt fram vegna sívaxandi ágreinings um samningsaðild, þar eð stórir hópar opinberra starfsmanna hafa neitað því, að BSRB færi með samningsaðild þeirra vegna, og er hér fyrst og fremst um ýmsa hópa háskólamenntaðra manna að ræða. Þarfnast málið því nánari athugunar, áður en hægt er að leggja það fyrir Alþ. Þá stendur yfir endurskoðun á l. um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna.

Á sviði skattamála hefur ýmislegt veigamikið verið að gerast. Hefur n. sú, sem Alþ. kaus til framhaldsathugunar á staðgreiðslukerfinu, stöðugt unnið að sínu umfangsmikla verkefni, og hefur mikill tími farið í að leita álits ýmissa aðila, svo sem fyrir var mælt í ályktun Alþ. Líkur eru til, að n. geti lokið störfum í byrjun næsta árs. Verði það ofan á, að innleiða beri staðgreiðslukerfið, sýnist augljóst, að gera þurfi allvíðtækar breytingar á skattalögum, ekki hvað síst tekjustofnalögum sveitarfélaga, til þess að draga úr þeim frávikum, sem þar eru heimiluð frá lögum. Koma þar mörg atriði til greina, sem ekki eru tök á að gera hér að umtalsefni, en hinn mikli ágreiningur, sem kom hér fram á síðasta þingi um ýmis atriði í tekjustofnalögum sveitarfélaga, leiddi glöggt í ljós, að nauðsynlegt er að taka þau lög til allrækilegrar endurskoðunar. Tel ég þó ekki tímabært að gera það fyrr en séð verður, hvaða áhrif staðgreiðslukerfið sjálft óhjákvæmilega hlýtur að hafa á þessa löggjöf. Reynslan hefur þó þegar sýnt, að aðstöðugjald er í mörgum tilfellum varasöm skattlagning og gera þarf auknar ráðstafanir til að bæta hag vanmegnugra sveitarfélaga, annaðhvort með sameiningu eða jöfnunarframlögum. Þá er brýnt viðfangsefni að endurskoða reglur um vaxtafrádrátt. Er þar um erfitt mál að ræða, en hömlulaus vaxtafrádráttarréttur hefur tvímælalaust stuðlað að spákaupmennsku og verðbólgufjárfestingu.

Hér er aðeins drepið á fá atriði, en kynni mín af skattamálum, tollamálum og ríkisfjármálum almennt hafa sannfært mig um það, að mjög æskilegt væri og nauðsynlegt að taka skattkerfi okkar í heild til gagngerðrar athugunar jafnhliða tekjuskiptingu ríkis og sveitarfélaga og með hliðsjón af þróun þjóðarbúskaparins, til þess annars vegar að gera sér grein fyrir því, hverjir gallar kunna að vera á núverandi skipulagi skattheimtunnar, bæði að efni og formi, og einnig til að gera sér grein fyrir því, hvort óeðlilega stór hluti þjóðartekna verði tekinn til opinberra þarfa. Athuganir hafa raunar leitt í ljós, að Ísland er alls ekki í hópi þeirra þjóða, sem stærstan hlut taka til hinna sameiginlegu þjóðfélagsþarfa. En það kann þá engu að síður að vera rétt að gera sér grein fyrir því, hvort við e. t. v. getum leyft okkur að ganga lengra í þessu efni og þá hvort byrðunum er eðlilega skipt niður og þá ekki hvað síst, hvort skattheimtan kunni að verka á einhvern hátt lamandi á nauðsynlegar framfarir og atvinnuþróun í þjóðfélaginu.

Þetta stóra viðfangsefni hefur verið til umr. að undanförnu í samráði við alla okkar helztu sérfræðinga í þessum efnum, og var það samdóma álit þeirra, að slíkrar heildarrannsóknar væri þörf. Viðbótarröksemd í málinu var og sú, að ef kæmi til aðildar okkar að EFTA, sem væntanlega verður tekin ákvörðun um á þessu þingi, er óumflýjanlegt að minnka hlut tolltekna í heildartekjum ríkissjóðs og rannsaka skattgreiðslur félaga og fyrirtækja hér á landi til samanburðar við hliðstæða aðila í öðrum EFTA—löndum. Þótt við höfum ýmsum ágætum sérfræðingum á að skipa, sem eru vel hæfir til að framkvæma slíka rannsókn, eru þeir sérfræðingar störfum hlaðnir við önnur viðfangsefni. Er þetta vandamál hins vegar svo umfangsmikið, að ekki voru tök á að sinna því í hjáverkum nema á óeðlilega löngum tíma, og að auki gat verið mjög fróðlegt og nytsamlegt að fá mat utanaðkomandi hlutlauss aðila. Varð því niðurstaðan sú, að leitað var eftir aðstoð Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, sem hefur á að skipa ýmsum mjög færum sérfræðingum á þessu sviði, og hefur forstjóri Alþjóðagjaldeyrissjóðsins góðfúslega fallizt á, að sérfræðingar sjóðsins tækju þetta viðfangsefni að sér í samráði við íslenzka sérfræðinga. Hefur sérfræðingur frá sjóðnum verið hér í nokkrar vikur, og er álitsgerðar frá honum að vænta í byrjun næsta árs. Hvað sem líður viðbrögðum við því endanlega áliti, þegar það liggur fyrir, þá er ég ekki í vafa um, að slík athugun hlutlausrar alþjóðastofnunar getur verið okkur mjög gagnleg til mats á því, hvar við erum á vegi staddir í þessum þýðingarmiklu málum, sem vissulega eru á meðal hinna áhrifamestu þátta efnahags- og fjármálakerfisins.

Það hefur verið venja mín undanfarin ár að gera Alþ. í fjárlagaræðu grein fyrir störfum skattrannsóknardeildar ríkisskattstjóraembættisins, og tel ég rétt að gera svo einnig nú. Hefur ötullega verið unnið að skattrannsóknum á árinu undir forystu nýs skattrannsóknarstjóra og upplýstar ýmsar alvarlegar misfellur í skattframtölum. Þótt ekki sé venja að minnast á einstaka aðila í þessu sambandi, get ég ekki stillt mig um að nefna misferli forstöðumanna Sementsverksmiðjunnar, af því að þar er um ríkisfyrirtæki að ræða. Það er sannast sagna ekki að undra, þótt erfitt sé um aðhald í þessum efnum, þegar ekki er einu sinni hægt að treysta opinberri stofnun. Því tel ég nauðsynlegt að taka mjög hart á misferli slíks fyrirtækis. Tvö fyrirtæki hafa af dómstólunum verið dæmd í þung viðurlög fyrir skatt-

svik, og nýlega er upplýst stórt skattsvikamál, er skýrt hefur verið frá í dagblöðum.

Frá 1. sept. 1967 til 31. ágúst 1968 hefur rannsóknardeildin tekið 171 mál til rannsóknar, og hafa þegar 134 þessara mála verið fullrannsökuð. En frá því að deildin tók til starfa fyrir 4 árum hefur verið lokið rannsókn 393 mála. Ríkisskattanefnd hefur á s. l. 12 mánuðum lokið skattaákvörðunum í 98 málum. Nema þær hækkanir alls rúmum 14 millj. kr. auk skattsekta, sem enn hafa ekki verið ákveðnar í mörgum þessum málum. Útsvör hafa á þessu tímabili verið hækkuð um 4.2 millj. hjá 66 aðilum, sem rannsóknardeildin hefur haft til meðferðar. Í sambandi við þau 393 mál, sem skattrannsóknardeildin hefur lokið rannsókn á á fjögurra ára starfstíma sínum, hefur ríkisskattanefnd ákveðið 41.6 millj. kr. skatthækkanir, skattsektanefnd 9.2 millj. kr. skattsektir og framtalsnefnd hækkað útsvör um tæpar 12 millj., eða alls nemur heildarhækkun gjalda í sambandi við rannsóknir deildarinnar 62.8 millj. kr. Þótt þessar tölur sýni, að kostnaður við skattrannsóknardeildina hafi margfaldlega skilað sér, þá er þó mest um vert það mikla aðhald, sem þetta aukna eftirlit með skattsskilum hefur tvímælalaust veitt mörgum skattgreiðendum. Auðvitað veldur það gremju hjá ýmsum, sem verða fyrir barði skattrannsóknanna, er þeir sjá þá sleppa, sem e. t. v. eru sízt minna sekir. En því miður verður ekki náð til allra, a. m. k. ekki í einu. En það er sanngirniskrafa bæði hinna skilvísu gjaldenda og einnig þeirra, sem teknir hafa verið, að skattrannsóknunum verði ótrauðlega fram haldið og einskis látið ófreistað til þess að uppræta meinsemd skattsvikanna, og þeirri stefnu mun verða fylgt. Er enda ljóst, að þótt náðst hafi mjög mikilsverður árangur, koma enn miklar fjárhæðir ekki til skattlagningar. Er nú á grundvelli fenginnar reynslu unnið að því að gera skatteftirlitið enn virkara og jafnframt setja reglur um úrtök skattframtala, þannig að það verði ekki háð tilviljanakenndu mati skattyfirvalda, hvaða framtöl séu tekin til rannsóknar. Haggar það að sjálfsögðu ekki þeim nauðsynlegu starfsháttum að taka að auki til meðferðar öll tortryggileg framtöl.

Í tveimur síðustu fjárlagaræðum vék ég nokkuð að stóreignaskatti þeim, sem á var lagður 1958 en sem frestað hafði verið að mestu innheimtu á sökum stórfelldra málaferla, er leitt höfðu til meira en helmingslækkunar á hinum upphaflega skatti. Þótt skattheimta þessi væri að mörgu leyti vanhugsuð, taldi ég mér skylt að framfylgja l. um innheimtu skattsins og lét undirbúa innheimtuaðgerðir á árinu 1966. Þá voru ýmsir dómar enn ófallnir, og var innheimtuaðgerðum enn frestað nokkuð, þar eð umreikna varð vegna nýrra dóma skatta um 150 gjaldenda. S. l. vetur voru gefin fyrirmæli um aðför að eignum á grundvelli lögtaka, sem gerð voru á árinu 1959 og 1960, ef greiðslur fengjust ekki með öðru móti. Var þá uppboði mótmælt af hálfu gjaldenda á þeirri forsendu, að lögtaksgerðin væri fyrnd. Varð samkomulag um það að velja prófmál til að fá skorið úr gildi lögtakanna, bæði í lausafé og fasteignum. Undirréttur hefur nú fellt þann dóm, að lögtak í lausafé verði að teljast fyrnt, en dómur er ekki enn genginn um gildi lögtaks í fasteign. Eftir að dómar eru fallnir í prófmálunum verður að skoða að nýju réttarstöðuna varðandi skattheimtu þessa.

Snemma á þessu ári var gerð breyting á tollskránni, sem áætlað var, að mundi leiða til tollalækkunar um 160 millj. kr. á ári. Nýtt frv. til breytinga á tollskránni hefur verið lagt fyrir þetta þing. Er það frv. stórt í sniðum, en felur þó ekki í sér verulegar efnisbreytingar, heldur er fyrst og fremst um að ræða ýmiss konar leiðréttingar og lagfæringar á ýmsu ósamræmi, sem reynslan hefur leitt í ljós og leitt hafa til frávika frá Brüsseltollskránni, sem er grundvöllur tollflokkunar í íslenzku tollskránni. Ekki er á þessari stundu a. m. k. gert ráð fyrir að leggja fyrir þetta þing frekari breytingar á tollskránni, en ný heildarlöggjöf um tollheimtu og tolleftirlit, sem lögð var fyrir síðasta þing og varð þá ekki útrædd, verður aftur lögð fyrir þetta þing. Er í því frv. um ýmis veigamikil nýmæli að ræða, sem mjög æskilegt er að lögfesta, og vildi ég mega vænta þess, að frv. verði afgreitt nú án verulegrar tafar. Verði ákveðin aðild að EFTA, mun það hafa mikil áhrif á tollkerfi okkar í framtíðinni. Yrði þá smám saman að afnema alla verndartolla, en þeir nema mjög háum fjárhæðum, og yrði þá að sjálfsögðu um leið að sjá ríkissjóði fyrir nýjum tekjustofnum, sem mér sýnist eðlilegt, að gerðist þá með þeim hætti að hækka söluskattinn. En hann er nú mun lægri hér en í nálægum löndum. Einmitt vegna þess að gera mátti á næstu árum ráð fyrir lækkun innflutningsgjalda, sem eru hér óeðlilega há, þá hef ég verið andvígur því, að söluskatturinn væri hækkaður til annarra þarfa, enda hefur síðustu 3 árin engin hækkun verið gerð á söluskattinum. Tollabreytingar þessar mundu að sjálfsögðu verða í áföngum og á alllöngu árabili. Þótt við vitum ekki enn, hversu langan aðlögunartíma við kynnum að fá, ef kæmi til EFTA—aðildar, yrði við tollabreytingarnar að hafa nána hliðsjón af samkeppnisaðstöðu íslenzks iðnaðar. Þetta vandamál er margþætt, en ég sé ekki ástæðu til þess að gera það frekar hér að umtalsefni, því að þetta svið tollamálanna mun væntanlega koma til umr. hér á Alþ. í sambandi við umr. um aðild Íslands að EFTA. Samstarfsnefnd þingflokkanna um athugun að aðild að EFTA hefur nýlega skilað áliti, sem nú er til athugunar hjá þingflokkum.

Herra forseti. Ég hef þá í stórum dráttum gert grein fyrir afkomu ríkissjóðs á árinu 1967, horfum á þessu ári og fjárlagafrv. fyrir árið 1969, horfum varðandi ríkisframkvæmdir og hugsanlega fjáröflun til þeirra og loks rætt ýmis önnur atriði, er máli skipta varðandi ríkisbúskapinn. Hefði vitanlega verið freistandi að gera margt fleira að umtalsefni, en ræða mín er þegar orðin ærið löng, og því er þess ekki kostur.

Hið háa Alþ. og þjóðin öll hlýtur nú að verða að horfast í augu við þá staðreynd, að við eigum nú við stórfelldari efnahagsörðugleika að stríða en um áratugabil, örðugleika, sem eru hlutfallslega stærri en nokkur önnur þjóð á sambærilegu þróunarstigi á nú við að stríða. Þrátt fyrir hið harðbýla land, sem við byggjum, hafa Íslendingar á síðustu árum verið meðal þeirra þjóða, sem hafa haft hæstar þjóðartekjur á mann, og þótt margt hafi vitanlega farið forgörðum í peningaflóðinu, er þó síður en svo hægt að segja, að þessum miklu fjármunum hafi verið illa varið, því að fjár-

munamyndun hefur verið hér á landi hlutfallslega meiri en í flestum öðrum löndum. Af þessari ástæðu og einnig vegna skynsamlegrar stefnu í efnahags- og peningamálum hefur allt til þessa án stóráfalla fyrir atvinnulíf þjóðarinnar og fyrir lífskjör almennings tekizt að fleyta þjóðarskútunni yfir erfiðleika aflabrests og verðfalls útflutningsafurða, sem hefur verið sívaxandi nú um nær tveggja ára skeið og er komið á það stig, að áætlað er, að útflutningstekjur þjóðarinnar verði 40% lægri á þessu ári en á árinu 1966.

Þar eð megináherzla hefur verið á það lögð að skerða ekki kjör almennings umfram brýnustu nauðsyn, hefur atvinnuvegunum verið skorinn svo þröngur stakkur, að þeir eru í vaxandi mæli reknir með halla, sem hefur leitt til stöðugt vaxandi vanskila og þar af leiðandi stórvaxandi erfiðleika stofnsjóða atvinnuveganna, sem munu fara enn vaxandi á næsta ári og verða lítt viðráðanlegir, ef ekki tekst nú að koma atvinnuvegunum á næstu mánuðum á sæmilega traustan rekstursgrundvöll. Það getur verið réttlætanlegt og gerlegt að láta atvinnufyrirtæki um stundarsakir búa við hallarekstur. En til langframa getur það ekki gengið, og nú er mælirinn fullur. Verði undirstöðuatvinnuvegum þjóðarinnar og þá fyrst og fremst útflutningsframleiðslunni ekki komið á eðlilegan rekstrargrundvöll, blasir það við, sem er voðalegra en allt annað, atvinnuleysið. Gegn þeim vágesti verður að snúast með öllum tiltækum ráðum, og er þá umfram allt nauðsynlegt að marka efnahagsstefnu, sem verkar örvandi, en ekki lamandi á framtak og atvinnuuppbyggingu.

Það er engum efa bundið, að sú efnahagsstefna, sem fylgt hefur verið undanfarin ár, er í meginefnum rétt, enda í samræmi við þau meginsjónarmið, sem allar þær þjóðir fylgja, sem tryggja vilja sér svipuð lífsskilyrði og við búum við, og í samræmi við grundvallarsjónarmið allra alþjóðlegra fjármálastofnana. Náist víðtækt samkomulag um lausn efnahagsvandamálanna, sem vissulega verður að vona, má auðvitað gera ráð fyrir ýmiss konar frávikum til að samræma skoðanir manna. En aldrei má þó fallast á þau frávik, sem geta leitt til þeirrar stöðnunar í hagvexti, sem var á haftaárunum, heldur verður að virkja og örva allt jákvætt framtak og athafnaþrá og framfaraviðleitni til þess að efla núverandi atvinnuvegi þjóðarinnar og leggja inn á nýjar brautir í atvinnuuppbyggingu til þess í senn að auka framleiðsluverðmæti, tryggja atvinnuöryggi og geta sem fyrst endurnýjað sóknina fram á við til betri lífskjara og betra þjóðfélags. Á þessum miklu erfiðleikatímum krefst þjóðarheill þess, að pólitískarýfingar verði lagðar til hliðar og löngunin eftir pólitískum ábata af andstöðu við óhjákvæmilegar, óvinsælar og harðneskjulegar ráðstafanir og allir sameini kraftana um að ryðja torfærunum úr vegi. Takist að vinna að úrlausn vandamálanna í þessum anda, þá munu erfiðleikarnir aðeins verða til þess að stæla þjóðina og bæta hana og auðvelda henni lausn vandamála sinna á komandi árum.

Halldór E. Sigurðsson: Herra forseti, góðir áheyrendur. Þau vandamál, sem íslenzka þjóðin á nú við að stríða og umr. manna snúast um, er ástandið í efnahagsmálum hennar. Það er hallarekstur ríkissjóðs, gjaldeyrisskortur, greiðsluerfiðleikar og hallarekstur atvinnuveganna og yfirvofandi atvinnuleysi, sem leggst á fólkið í landinu eins og mara. Engan þarf að undra þetta umræðuefni fólksins, og mikils kvíða gætir hjá þeim, sem þegar hefur verið sagt upp atvinnu sinni og eiga slíkt í vændum, og hjá atvinnurekandanum, sem dag hvern er í milli steins og sleggju um áframhaldandi rekstur síns fyrirtækis, hjá bóndanum, sem eftir áfallasamt sumar kemur að lokuðum viðskiptareikningi eftir aðalkauptíð, eins og því miður mun verða nú hjá flestum bændum, og hjá forráðamönnum margra byggðarlaga, sem eiga afkomu sína að verulegu leyti undir starfsemi fyrirtækja, sem eru á heljarþröm. Við getum hér á hv. Alþ. og víðar deilt um það, hverjum og hverju sé um að kenna, hvernig komið er í efnahagsmálum þjóðarinnar, en við getum ekki deilt um það, að vandinn í þeim er mikill. Þjóðin verður að gera sér grein fyrir því, að verulegt átak og mikinn manndóm þarf til að leysa þann vanda, svo að hann skaði hana ekki. Það urðu þjóðinni mikil vonbrigði, er hún fékk í hendur frá ríkisstj. fjárlagafrv. fyrir árið 1969 og þar kom í ljós, að alveg var gengið fram hjá því að gera tilraun til að takast á við þessi vandamál, heldur er svo langt gengið í því að leiða hjá sér vandamálin, að lagt er til að fella niður á árinu 1969 framlag til Fiskveiðasjóðs, 30 millj. kr., og til Aflatryggingasjóðs, 11 millj. kr. Þó var sjávarútvegurinn talinn hafa þörf fyrir þessar fjárhæðir á góðu árunum undanfarandi og hafði það sannarlega, hvað þá nú. Í drögum, sem gerð voru að framkvæmdaáætlun fyrir árið 1969 og fylgja fjárlagafrv., er gert ráð fyrir því, að framkvæmdafé ríkissjóðs lækki á næsta ári um 100 millj. kr. Ekki segir þetta þó allan sannleikann um það, hvað fjarlægt fjárlagafrv. er því að fást við vanda efnahagslífsins, því að það er ekki einu sinni gerð tilraun til þess að bæta úr hallarekstri ríkisins sjálfs, þar sem tekjuáætlunin er botnlaus. Um hana segir svo í grg. fjárlagafrv., með leyfi hæstv. forseta:

„Hins vegar er lítt gerlegt að gera sér raunhæfa grein fyrir horfum um tekjur ríkissjóðs á næsta ári, fyrr en ljósari mynd fæst af innflutningslíkum og valin hafa verið úrræði til lausnar á erfiðleikum útflutningsframleiðslunnar."

Þessi tilvitnun í grg. fjárlagafrv. sannar, svo að ekki verður um deilt, að fjárlagafrv. er lagt fram aðeins til þess að fullnægja formi þingskapa, en hefur ekkert raunhæft gildi og allra sízt á þann hátt, er til er ætlazt, að vera virkur þátttakandi í að leysa efnahagsvandamálin. Enda kom það greinilega fram í viðtali, er sjónvarpið átti við hæstv. fjmrh. um fjárlagafrv., að hann hefur það viðhorf til þess, að það sé óraunhæft, þar sem ráðh. talar með fyrirvara um þetta og hitt, að þetta kynni að breytast. Hver er ástæðan til þess, að hæstv. ríkisstj. leyfir sér að leggja fram fjárlagafrv., sem ekki hefur meira gildi en þetta, og það þegar þjóðin er í slíkum vanda stödd sem nú? Astæðurnar, segja stjórnarflokkarnir, eru þær, að ekki þótti rétt að gera ráðstafanir í efnahagsmálum, þegar ekki varð séð, hvort síldveiðarnar gengju vel eða eigi. Er þessi afsökun nægjanleg fyrir hæstv. ríkisstj.? Var ástæða til að ætla, að síldveiðarnar í sumar og haust gætu leyst vandamál þjóðarinnar í efnahagsmálum, svo að aðgerða væri ekki þörf? Ýmis kennileiti voru það nálæg frá sjónarhóli

ríkisstj., að hún átti að átta sig á því, að vandi efnahagsmálanna leystist ekki, þótt síldveiðin yrði góð. Var ríkisstj. t. d. búin að gleyma því, að hún varð að gera sérstakar ráðstafanir vegna ríkissjóðs og sjávarútvegsins þrátt fyrir uppgripasíldveiði á árunum 1965 og 1966? Var ríkisstj. búin að gleyma því, að hún samþykkti óútfylltan víxil vegna síldveiðanna s. l. vor og skortir fjármagn til að greiða hann? Ekki átti ríkisstj. að vera búin að gleyma því, að hún ákvað viðbótaruppbætur til hraðfrystihúsanna til að forða þeim frá stöðvun á miðju sumri. Það eitt hefði átt að sanna ríkisstj., að aðgerða væri þörf í efnahagsmálum þjóðarinnar, að hún jók skuld ríkissjóðs hjá Seðlabankanum með hverjum mánuði, sem leið. Ekkert sannar svo betur, hversu haldlaus þessi fullyrðing um síldveiðarnar er, en 20% tollurinn, sem ríkisstj. lagði á í ofboði í byrjun september án þess að hafa nokkra heildaryfirsýn yfir efnahagsmálin, enda minnir sú framkvæmd helzt á aðgerðir þeirra, sem framkvæma áður en þeir hafa að fullu losað sig við svefninn. Hitt atriðið, sem ríkisstj. afsakaði aðgerðaleysi sitt með, eru viðræður þær, sem fram hafa farið á milli stjórnmálaflokkanna síðustu vikurnar. Um þær er það að segja, að þau vinnubrögð geta verið eðlileg vegna efnahagsvandræðanna, ef til þeirra er stofnað af heilindum um lausn þeirra vandamála, er leysa þarf. Um það skal ekkert sagt að sinni, þar sem ekkert hefur á það reynt og óljóst er, að hverju raunverulega stefnir með þeim viðræðum. Það vakti athygli og undrun, er það kom í ljós, að ríkisstj. hafði ekki látið stofnanir eins og Seðlabankann og Efnahagsstofnunina safna gögnum um ástandið í efnahags- og atvinnumálum þjóðarinnar, svo að hægt væri að snúa sér að því að leita eftir samstöðu um lausn vandans strax í upphafi umræðnanna. Að söfnun gagna hefur verið unnið síðan umr. stjórnmálaflokkanna hófust og mun nú langt komin. Ef til þessara umr. hefði verið stofnað með eðlilegum hætti, hefðu þær átt að hefjast löngu fyrr og þá að liggja fyrir fullkomin athugun og grg. áðurgreindra stofnana um efnahagsmálin, svo að ekki liðu nærri tveir mánuðir frá því, að til viðræðna var stofnað, þar til þær raunverulega gátu hafizt. Ástæðan fyrir þeim vinnubrögðum ríkisstj., er fram koma í fjárlagafrv., er algert úrræðaleysi um lausn vandans.

Vinnubrögðum ríkisstj. og festu verður bezt lýst með framkvæmd hennar í efnahagsmálunum á tímabilinu frá nóvember 1967 til jafnlengdar 1968. Þær eru þessar:

Nóvember: Gengisbreytingin gerð, yfirlýsing um, að hún sé sérstaklega vel undirbúin og leysi vanda þjóðarinnar. Desember: Fjárlagaafgreiðsla, tollalækkun boðuð síðar um 250 millj. kr. Janúar: Uppbótakerfið aukið um 320 millj. kr. ofan á gengisbreytinguna þá, sem var vel undirbúin. Febrúar: Tollalækkun var aðeins 160 millj. kr. í staðinn fyrir 250 millj. Marz: Hækkun á tekjustofnum, m. a. tóbaki og áfengi, frestun ríkisútgjalda, fyrst og fremst til framkvæmda, og stofnað til nýrrar lántöku. Apríl: Skattahækkanir vegna vegamála, 160—190 millj. kr. Maí—júní: Síldarvíxillinn samþykktur, fjárhæð ókunn. Júlí—ágúst: Viðbótaruppbætur til hraðfrystihúsanna, nokkrir milljónatugir. September: 20% tollur lagður á allan innflutning og ferðagjaldeyri, ca. 500—600 millj. kr. miðað við heils árs innflutning. Október: Fjárlagafrv. lagt fram til að fullnægja formi, en hefur enga raunhæfa þýðingu.

Slíkur hringlandaháttur og stjórnleysi í efnahagsmálum, er hér hefur verið lýst með því að vitna til staðreynda, getur ekki leitt til annars en upplausnar, eins og raun er á orðin og skal betur að vikið. Ríkissjóður var rekinn með greiðsluhalla á s. l. ári þrátt fyrir það, að nokkur hluti af greiðsluafgangi ársins 1966 væri notaður vegna útgjalda árið 1967. Tekjur fóru 430 millj. kr. fram úr áætlun fjárl. Hallarekstur ríkisins hefur farið vaxandi á þessu ári, og munu skuldir ríkissjóðs á aðalreikningi hans við Seðlabankann vera nú um 800 kr. Þar við bætist svo, að ríkissjóður eykur skuldir sínar vegna framkvæmda til viðbótar við hallareksturinn, svo að skuldir ríkissjóðs nema nú milljörðum og munu hafa hækkað á 2. miljarð á einu ári. Skuldir eru svo að segja á öllum framkvæmdaliðum ríkissjóðs, og Vegasjóður einn mun skulda um 400 millj. kr. Ástæða er til, að um sé spurt, hvernig á því standi, að fjárhagur ríkissjóðs er svo illa farinn þrátt fyrir stórfelldar umframtekjur síðustu ára. Orsakir eru þær, að verðbólgan er hér að verki og útþensla í ríkiskerfinu hefur verið veruleg og víða búið vel að embættum.

Máli mínu til sönnunar vil ég taka nokkur dæmi, sem sanna þessa þróun. Samanburðinn ætla ég að gera á milli áranna 1965 og 1968. Ekki kann hann að teljast ósanngjarn, en þróunin er þessi: Fjárveiting til saksóknaraembættisins hefur hækkað um 71%, til borgardómaraembættisins í Reykjavík um 108%, til borgarfógetaembættisins um 71%, til bæjarfógetaembættisins í Hafnarfirði um 132%, til lögreglu- og tollgæzlu á Keflavíkurflugvelli um 150%, til löggæzlu almennt um 100%, til skattstofanna um 117%, til tollstjóraembættisins í Reykjavík um 73%, kostnaður við setudómara og málskostnaður hefur hækkað um 173% og fjmrn. um 111%.

Engan þarf að undra, er þetta litla sýnishorn virðir fyrir sér, þó að fjárlög séu gengin úr skorðum og greiðsluhalli ráði þar ríkjum. Enn þá er haldið áfram við útþensluna. Nýlega var stofnað nýtt borgarfógetaembætti í Reykjavík til hagræðingar á stjórnarheimilinu, og nýjar stofnanir eru boðaðar. Hvaða áhrif hefur það svo á þróun efnahagsmála þjóðarinnar, að ríkissjóður er rekinn með greiðsluhalla? M. a. eru áhrifin þau, að hann sogar til sín fjármagn frá atvinnuvegunum og tekin eru erlend okurlán til ríkisframkvæmda, eins og gert var á yfirstandandi ári. Áhrifin af eyðslu ríkissjóðs í gjaldeyrismálum og hringlandahátturinn í efnahagsmálum hefur skapað hér annað slagið kaupæði, sparifé hefur ruðzt út úr bönkunum og sparisjóðunum, enda er nú svo komið, að vöruskiptajöfnuður er óhagstæður svo milljörðum skiptir, gjaldeyrissjóðurinn til þurrðar genginn og skuldir vegna vörukaupalána munu vera fast að 1 milljarði. Áhrifin af þessari þróun í tekjum ríkissjóðs á næsta ári valda stórfelldri tekjurýrnun, ef ekki kemur til verulegt gjaldeyrislán. Á árinu 1968 höfum við eytt upp gjaldeyrissjóðnum, sem var um einn milljarður um síðustu áramót, þó skortir nokkur hundruð millj. króna til þess, að tekjur ríkissjóðs hrökkvi fyrir gjöldunum. Meðaltollprósenta til ríkissjóðs mun vera um 33%. Það þýðir, að 5—6 hundruð millj. kr. minni innflutningur

gefur ca. 2 hundruð millj. kr. minni tekjur í ríkissjóð. Þessi dæmi gefa nokkra hugmynd um viðhorf í afkomu ríkissjóðs á næsta ári. Þar við bætist, að skuldir þjóðarinnar við útlönd voru 7 milljarðar 870 millj. kr. í árslok 1967. 11.4% af tekjum þjóðarinnar af vörum og þjónustu ganga til að greiða vexti og afborganir af þessum lánum. Í árslok 1958 var varið 5.1% af hliðstæðum tekjum þjóðarinnar til þessara greiðslna. Þá fannst núverandi ráðamönnum svo langt gengið í því efni, að þjóðargjaldþrot væri á næsta leiti, ef ekki væri að gert. Ég ætla mér ekki að taka svo djúpt í árinni, sem þeir gerðu þá, en vekja athygli á því, að að liðnum góðu árunum undir stjórn viðreisnarinnar stendur þjóðin eftir með hærri fastaskuldir við útlönd en nokkru sinni fyrr, háa fjárhæð í lausaskuldum og engan gjaldeyrisvarasjóð, greiðsluhalla hjá ríkissjóði og lamað atvinnu- og viðskiptalíf. Ekki ber allt upp á sama dag. Ljótur spádómur hefði þetta þótt þá dagana í ársbyrjun 1960, þegar bókin Viðreisn var borin út til þjóðarinnar. Það er kunnara en um þarf að ræða, að aðalatvinnuvegir þjóðarinnar hafa verið reknir með halla, a. m. k. 2—3 s. l. ár. Þrátt fyrir gengisbreytinguna, sem gerð var í nóv. s. l., hefur orðið að styðja sjávarútveginn og hraðfrystihúsin með hundruðum millj. kr. úr ríkissjóði. Þó er það svo, að mörg af þessum fyrirtækjum riða til falls og hafa jafnvel stöðvazt. Heil byggðarlög eiga afkomu sína bundna því, að þau geti starfað áfram og innt af hendi frumstæðustu greiðslur svo sem vinnulaun og hráefni. Ljóst er, að hér þurfa að koma til stórar fjárhæðir, ef afkoma þessara atvinnugreina á að verða sæmileg. Til viðbótar hallarekstri þeirra nú eru skuldabaggarnir vegna hallans frá fyrri árum, sem ríða þeim á slig, og getuleysi fjárfestingarsjóða þegar á næsta leiti. Í kjölfar þessa vofir svo yfir hættan mesta, atvinnuleysið, eins og sortaský, sem ógnar afkomu manna. Ég endurtek það, sem ég sagði í upphafi máls míns, að hér er mikil alvara á ferðum, það verður þjóðin að gera sér ljóst. Eins og áður er tekið fram, er um það deilt, hverju sé um að kenna, og er þar ekkert eitt allsráðandi. Þó vil ég undirstrika það, sem við framsóknarmenn höfum jafnan bent á, að dýrtíðin, sem ríkisstj. hefur magnað með ofsköttun og stjórnleysi, á mikinn þátt í því, hvernig högum þjóðarinnar í efnahagskerfinu er nú komið. Þrátt fyrir það, að árferði sé erfiðara nú en á árunum 1965 og 1966 um afla og verðlag, er þetta þó þriðja og fjórða bezta verzlunar- og aflaár síðastliðinn áratug. Þetta sanna opinberar skýrslur. En fyrir áhrif dýrtíðarinnar er framleiðslukostnaður svo hár hjá okkur Íslendingum, að útflutningsverð á erlendum mörkuðum ber hann ekki uppi. Nú er mér ljóst, að það þýðir eigi um að sakast, hvernig komið er, heldur hitt, hvernig úr skuli bæta. Þó er það svo, að úr engu verður bætt, sem aflaga fer, nema orsaka sé leitað. Áður en ég vík að þessum þáttum vandamálsins, vil ég minna á það tal þeirra stjórnarliða, að hjá okkur stjórnarandstæðingum sé aðeins gagnrýnin ein til staðar. Það sé ekki tillagna að vænta til úrlausna. Um þetta vil ég segja það, að það er æðimikill aðstöðumunur hjá ríkisstj. og stjórnarandstöðu þar að lútandi. Ríkisstj. getur sýnt vilja sinn í verki, þegar stjórnarandstaðan verður að túlka sinn vilja. Auk þess hefur ríkisstj. sér til ráðuneytis og aðstoðar margar stofnanir, er hún getur látið kryfja vandann til mergjar og gera samanburð á hinum ýmsu leiðum, ef hún er þá ekki svo einsýn, að hún sjái aðeins eina leið til úrlausnar, svo sem virðist hafa verið með núverandi valdhafa. Stjórnarandstaðan hefur hins vegar engar vinnu- og ráðuneytisstofnanir til þess að styðjast við. Sjá allir þann reginmun, sem er á þessu tvennu, ekki sízt er til þess kemur að gera tillögur til úrbóta í erfiðum málum, þar sem nauðsyn ber til, að gerður sé samanburður á tveimur leiðum, er til greina koma, áður en ákvörðun er tekin. Hefur þessi nauðsynlegi undirbúningur sannazt bezt nú, þar sem stofnanir þær, er að efnahagsmálum vinna, hafa verið í hálfan annan mánuð að safna gögnum og gera greinargerðir fyrir viðræðunefnd stjórnmálaflokkanna, svo að athugun og tillögugerð í efnahagsmálum geti hafizt.

Á síðastliðnu sumri unnum við fulltrúar allra stjórnmálaflokka undir forystu hagsýslustjóra að undirbúningi nokkurs hluta á útgjaldaliðum fjárlaganna. Þetta samstarf gekk vel og staðfesti þá skoðun okkar framsóknarmanna, að þess háttar vinnubrögð þarf að viðhafa við fjárlagagerð. Út frá þessari vinnu og þeim athugunum, er þar fóru fram og síðar hafa verið hugleiddar, er ljóst, að ýmsu má breyta til batnaðar í ríkisrekstrinum, og mun ég víkja að því. En fyrst vil ég lýsa þeirri skoðun minni, að nú verður að þrengja mjög að í ríkisrekstrinum, ef nokkrar efnahagsaðgerðir eiga að ná árangri.

Ég er sannfærður um það, að við getum dregið saman í ríkisbúskapnum án þess að draga úr þjónustu. Ég nefni skiparekstur ríkisins, þar á ég ekki aðeins við vöruflutningaskip, heldur og einnig við skip Landhelgisgæzlunnar og rannsóknarskipin. Ég er sannfærður um, að ein skrifstofa fyrir þennan rekstur væri sparnaður frá því sem nú er, þó að forstjóraskipan væri óbreytt. Ég nefni viðgerðarþjónustu, sem svo að segja hver ríkisstofnun rekur fyrir sig. Ég er sannfærður um, að ódýrara mundi reynast að sameina rekstur þeirra. Það mundi skapa betri nýtingu á húsakosti, mannafla, tryggja verkefni og auðvelda það að taka tæknina í þjónustu þessarar starfsemi. Ég nefni verkfræðingaþjónustu ríkisins. Væru ekki eðlilegri og hagnýtari vinnubrögð, ef sameinuð væri að einhverju eða verulegu leyti verkfræðiþjónusta Vegagerðar, hafnarmála, flugmála, raforkumála, Pósts og síma, Landssmiðju og fleiri ríkisstofnana heldur en sú skipan, sem nú er. Þrátt fyrir starfsemi Innkaupastofnunar ríkisins eru ýmsar ríkisstofnanir með sérstaka innkaupadeild, sem bindur fé og hefur oft seinfæra innheimtu. Ég tel, að sumar ríkisstofnanir væri auðvelt að leggja niður, t. d. var alger óþarfi að skipa í embætti landnámsstjóra. Þau störf, sem þar verða unnin á næstunni, áttu að ganga til Búnaðarfélags Íslands, þegar sá ágæti maður, Pálmi Einarsson, hætti störfum, sem gegnt hefur embættinu með mikilli prýði.

Við eigum að endurskoða og skipuleggja starfsemi utanríkisþjónustunnar, svo sem gert var ráð fyrir í þáltill. þeirri, sem hv. þm. Ólafur Jóhannesson og Þórarinn Þórarinsson fluttu hér á síðasta þingi, og miða við nútímareynslu og þekkingu á því sviði og færa utanríkisþjónustuna til þess viðhorfs, sem gildir um hana í dag. Ég er líka sannfærður um, að það er hægt að gera skattálagninguna og skatteftirlitið ódýrara og öruggara

með breyttum vinnubrögðum, þar sem tekið væri upp meira samstarf við sveitarstjórnirnar og útdráttarregla við höfð í skatteftirliti.

Ég leyfi mér að benda á, að full þörf er á því, að gerð væri ályktun, sem Alþ. samþykkti, um fjárfestingu Pósts og síma, þar sem fjárfesting og afskriftir stofnunarinnar væru að verulegu leyti tengdar saman. Sá háttur er nú á hafður, að forstjóri stofnunarinnar fær ráðh. til að fallast á fjárfestingarframkvæmdir, sem eru venjulega afgreiddar með skyndiákvörðun og jafnhliða hækkun á þjónustugjöldum stofnunarinnar. Póstur og sími hefur nú álíka tekjur og fjárlög íslenzka ríkisins voru á árunum 1965 og 1966. Alþ. samdi fjárlög til að skipta þeirri fjárhæð. Við ráðstöfun fjármuna Pósts og síma eru áhrif Alþ. mjög lítil. Stofnunin skuldar nú um 120 millj. kr. í gjaldföllnum viðskiptaskuldum. Ekki er vitað, hvernig úr þessum fjárhagsörðugleikum skuli bætt, nema samþykkt verði krafa stofnunarinnar um 20% hækkun þjónustugjalda hennar, sem enn þá hefur a. m. k. ekki verið formlega samþykkt af samgmrh., svo vitað sé. Þrátt fyrir þessa fjárhagsörðugleika þótti ráðamönnum stofnunarinnar skynsamlegt og réttmætt að kaupa Sjálfstæðishúsið á 16 millj. kr. Tími er til kominn, að Alþ. setji ákveðnar reglur um stjórn þessarar stofnunar og hafi þar meiri afskipti en nú.

Bifreiðaeign og bílastyrkur starfsmanna ríkisins voru á dagskrá í fyrravetur vegna fyrirspurnar frá okkur stjórnarandstæðingum í fjvn. Þetta er stórmál, sem verður að skipa ákveðnar reglur um.

Kostnaður við lögreglumál hefur auizt verulega. Ég leyfi mér að benda á, að það mun eynast a. m. k. hinum minni sveitarfélögum ofraun að standa undir kostnaði við framkvæmd þeirra laga og alger óþarfi að setja upp her lögreglumanna út um allt land, þar sem lítil sem engin verkefni eru.

Ég minni einnig á það, að við erum enn þá með sérstakt útvarps- og sjónvarpsgjald og fjöldi fólks látinn vinna við að innheimta þau í stóru skrifstofuhúsnæði, sem leigt er vegna innheimtunnar, þó að auðvelt væri og eðlilegt, að rekstrarútgjöld þessara stofnana væru tekin með ríkisútgjöldum og þá tekjurnar innifaldar í öðrum tekjustofnum ríkissjóðs, enda er hin mesta nauðsyn að fækka tekjustofnum ríkissjóðs og samræma innheimtu þeirra.

Þessi fáu og smáu dæmi mun ég láta nægja að sinni um ríkisreksturinn, en undirstrika, að nauðsyn ber til að endurskoða ríkisreksturinn, því að víða eru stofnanir og embætti, sem má sameina og gera reksturinn hagkvæmari. Ég legg áherzlu á það, að þetta verk sé unnið af hagsýslustjóra og fulltrúum allra flokkanna. Þannig mun mestur árangur nást af því. Og þá er hægt að vonast til þess, að aftur verði komið á hallalausum ríkisbúskap.

Eins og ég vék að í upphafi máls míns, skiptir mestu við lausn vandans í efnahagsmálum þjóðarinnar, að fram hjá atvinnuleysi verði komizt og fullkomið atvinnuöryggi skapað. Til þess að það verði gert, verður að skipta um stefnu gagnvart atvinnuvegunum, m. a. á þann hátt að draga úr rekstrarkostnaði þeirra með lækkun skatta og hagkvæmari stofnlánum. Mér er það ljóst, að þótt þessar aðgerðir minnkuðu vandann, ef gerðar yrðu, þá hrökkva þær skammt. Meira verður að koma til. Breyta verður lausaskuldum aðalatvinnuvega í hagkvæm lán til langs tíma og meira að segja yrðu að koma til bein aðstoðarlán að einhverju leyti.

Ég er sannfærður um, að þær leiðir, er ég hef nefnt, munu reynast farsælli til úrlausnar en beinir rekstrarstyrkir. Ég tel, að þessu til viðbótar gætu komið meiri afskipti félagssamtaka atvinnurekstrarins en nú er af skiptingu þeirra fjárveitinga, er Alþ. ákveður þeim. Þegar búið er að greiða fyrir atvinnuvegunum á þann hátt, er að framan greinir, er lagður grundvöllur að því að taka ákvörðun um þær leiðir til viðbótar, er til greina koma til þess að gera atvinnuvegina rekstrarhæfa. Að óbreyttri stjórnarstefnu verður því marki ekki náð nú frekar en árið 1967, þó til svipaðra aðgerða væri gripið og þá var gert. En jafnhliða þessum aðgerðum verður þjóðin að gera sér grein fyrir því, að hún verður að styðja íslenzkt atvinnuöryggi með því að kaupa íslenzka framleiðsluvöru og efla sinn iðnað. Láta íslenzka þekkingu og framtak ganga fyrir við framkvæmdir sínar. Hún verður að hafa stjórn á fjárfestingu sinni og viðskiptum við aðrar þjóðir, svo að gjaldeyrissjóður verði unninn upp á ný. En til viðbótar því, er að framan greinir um ráðstafanir í atvinnumálum, verður ríkissjóður að halda uppi meiri verklegum framkvæmdum á næstunni en verið hefur, til þess að atvinnuöryggi sé nægjanlegt. Eins og margoft hefur verið lýst af okkur framsóknarmönnum, verður að velja verkefni eftir gildi þeirra fyrir þjóðina. Ekki verður allt gert samtímis. Í mörgum málaflokkum æpa verkefnin. Þó tel ég, að hvergi séum við Íslendingar fjær því, sem við þurfum að vera en í menntamálum og samgöngumálum. Í þessum málaflokkum er hvert árið dýrt, sem við drögumst meira aftur úr öðrum þjóðum en orðið er. Hér verður að gera stórt átak, enda henta þessir málaflokkar vel til þess að bæta einnig úr atvinnuþörfinni. Að ljúka raforkuframkvæmdum dreifbýlisins er ekki lengur stórmál, sem þó verður að leysa. Heilbrigðismálin verða að vera á næsta leiti við þau mál, sem ég hef nú nefnt, og fjárframlög til húsnæðismálakerfisins jafnhliða.

Herra forseti. Eins og ég tók fram í upphafi máls míns, þá horfir þjóðin nú með nokkrum kvíða til næstu framtíðar. Henni er vandi á höndum, verkefnin eru mörg og erfið, efnahagskerfið riðar. Í ávarpi því, sem forseti Íslands, dr. Kristján Eldjárn, flutti við setningu Alþ. 10. okt. s. l., komst hann m. a. svo að orði, með leyfi hæstv. forseta: „Til Alþ. lítur þjóðin um úrræði og forystu.“ Ekki orkar það tvímælis, að hér er rétt með farið. Alþ. það, sem nú situr, verður að takast betur á við vandamál þjóðarinnar en gert er með fjárlagafrv. fyrir árið 1969, ef forysta þess á að reynast þjóðinni slík sem hún væntir. — Góða nótt.

Birgir Finnsson: Herra forseti, góðir hlustendur. Því hefur verið haldið fram í sambandi við það frv. til fjárl., sem hér er til umr., að réttara hefði verið að bíða með að leggja það fyrir þingið þangað til fyrir lægi, með hvaða ráðum yrði brugðizt við þeim mikla vanda í efnahagsmálum, sem nú þarf að leysa. Þessi kenning hefur við þau rök að styðjast, að vissulega munu væntanlegar aðgerðir í efnahagsmálum, hverjar sem þær verða, hafa

stórfelld áhrif á fjárl. fyrir næsta ár og niðurstöður þeirra. Þetta er öllum þm. að sjálfsögðu ljóst, því að nokkrum sinnum hefur það komið fyrir, að efnahagsaðgerðir eða önnur lagasetning, eftir að fjárlög voru afgreidd, hafa raunverulega breytt fjárlögum.

Óneitanlega getur það verið bagalegt, að ekki sé hægt að standa við fjárl. í einu og öllu, og áreiðanlegt er, að enginn gerði sér leik að því að haga afgreiðslu mála þannig. Til þessa afgreiðslumáta á fjárl. annars vegar og því, sem við köllum úrlausnir efnahagsmálanna, hins vegar hafa jafnan legið fullgildar ástæður, sem eiga sér djúpar rætur, bæði í uppbyggingu íslenzks atvinnulífs og í því stjórnarkerfi, sem þjóðin býr við. Við Íslendingar erum í ríkari mæli en flestar aðrar þjóðir háðir framleiðslu fyrir erlenda markaði, og útflutningsframleiðsla okkar er tiltölulega einhæf. Um það bil 95% hennar eru sjávarafurðir. Aflabrögð og verðlag sjávarafurða eru háð snöggum breytingum, og höfum við bæði góða og slæma reynslu af því. Þegar snögg umskipti hafa átt sér stað til hins verra, höfum við oftast nær verið óviðbúnir að taka afleiðingunum. Hefur þá þurft tíma til úttektar á ástandinu og til þess að ná samkomulagi um, hvernig við skuli brugðizt. Slíkt samkomulag þarf oftast að nást milli ólíkra flokka hér á Alþ., og einnig þurfa að fara fram margvíslegar samningaumleitanir við aðila utan þings í atvinnuvegunum og launþegasamtökunum, áður en til endanlegra ákvarðana kemur. Þannig er nú einu sinni okkar stjórnarfar, og þótt mönnum finnist það oft þungt í vöfum, efast ég um, að margir vildu skipta fyrir eitthvað annað, þegar allt kemur til alls.

En því þá ekki að láta fjárl. bíða eftir heildarlausninni, þegar eins stendur á og nú, að mikill vandi er óleystur á sviði efnahagsmála? Þessu vil ég fyrir mitt leyti svara þannig, að svo mikil vinna liggur í því fyrir fjvn. og þm. að yfirfara fjárlagafrv., að ekki veitir af, að á því sé byrjað þegar í upphafi þings. Fjárl. eru jafnan einhver þýðingarmestu lög, sem hvert þing afgreiðir. Þess vegna mælir stjórnarskráin svo fyrir, að fjárlagafrv. skuli leggja fram í upphafi þings. Það hefur stundum verið undan því kvartað hér á þessum stað, að tími til afgreiðslu fjárlaga væri naumur, og rétt er það, að ríkisbúskapurinn hefur með hverju ári orðið umfangsmeiri. Einmitt þess vegna þarf að nota tímann vel til þess að undirbúa afgreiðslu fjárl. þegar frá þingbyrjun, enda þótt niðurstaðan af því verki kunni að breytast eitthvað síðar á þinginu.

Þeir þættir ríkisbúskaparins, sem fjárl. grípa yfir, eru margbrotnir og mikilvægir, og þótt væntanlegar efnahagsaðgerðir vegna atvinnuveganna hafi einnig í verulegum atriðum áhrif á fjárreiður ríkisins, er ekki rétt að fresta afgreiðslu fjárl. með öllu af þeim sökum. Verkefnin eru eftir sem áður ótalmörg, eins og hv. hlustendum má vera ljóst af hinni yfirgripsmiklu ræðu hæstv. fjmrh. hér áðan. Að þessu sinni fylgdist fjögurra manna undirnefnd úr fjvn. nokkuð með undirbúningi þess fjárlagafrv., sem hér liggur fyrir, einkum að því er varðar sparnað í útgjöldum á nokkrum ákveðnum liðum. Sú reynsla, sem fengizt hefur af þessu starfi, bendir tvímælalaust til þess, að rétt sé að auka það, eins og hæstv. fjmrh. vék að í ræðu sinni og raunar einnig hv. síðasti ræðumaður.

Eins og nú er ástatt veitir sannarlega ekki af að spara útgjöld alls staðar, þar sem því verður við komið, en vonandi renna aftur upp þeir tímar, að unnt verði að auka fjárveitingar til margra þarfra og gagnlegra hluta, sem nú er ekki hægt að sinna, og þegar þar að kemur, á fjvn. einnig í því efni að láta meira til sín taka en oft áður. Samkv. rekstrarreikningi fjárlagafrv. nema ríkisútgjöldin alls 6 milljörðum 472 millj. 386 þús. kr. En samandregið yfirlit yfir rekstrarútgjöld, fjárfestingar og yfirfærslur ríkisins, ríkisfyrirtækja og sjóða í ríkiseign sýnir, að heildarútgjöld þessi nema 9 milljörðum 817.6 millj. kr. Þessar tvær tölur gefa glöggt til kynna, hversu mikið fjármagn fer um ríkissjóð og ríkisfyrirtæki, og af síðari tölunni eru 2422.7 millj. kr. launagreiðslur til þess mikla fjölda fólks, er starfar í þjónustu ríkisins og fyrirtækja þess. Þetta tel ég styðja þá skoðun, að fjöldamörg atriði önnur en peningahliðina þurfi að athuga gaumgæfilega í sambandi við fjárl. og þá vinnu beri að framkvæma þrátt fyrir ríkjandi óvissu um efnahagsaðgerðir.

En hver er hann þá þessi mikli vandi, sem veldur slíkri óvissu, að erfitt er að afgreiða fjárl. fyrir íslenzka ríkið? Honum hefur verið lýst þannig, að minnkun framleiðsluverðmætis útflutningsframleiðslunnar frá 1966 og fram eftir þessu ári sé sem næst 40% eða 2/5 hlutar. Árið er ekki alveg á enda runnið, og eins og horfir, er því miður engan veginn loku fyrir það skotið, að þessi prósentutala eigi eftir að breytast til hækkunar. Hvað þýðir svo þessi prósentutala? Mér skilst, að ef gengi krónunnar hefði staðið óbreytt s. l. haust, hefði þessi gífurlega verðmætislækkun útflutningsframleiðslunnar numið um 2 milljörðum og 400 millj. kr. Vegna gengisbreytingarinnar verður lækkunin um 1½ milljarður. Sýnir þetta, að gengisbreytingin s. l. haust hefur nokkru bjargað, en samt sem áður hefur hún verið langt frá því að vera fullnægjandi. Við þann 1½ milljarð, sem þannig vantar til þess, að útflutningsframleiðslan fái sambærilegar tekjur við árið 1966, mun svo mega bæta allríflegri fúlgu vegna taprekstrar, og er þá sennilega ekki fjarri lagi að áætla, að útflutningsframleiðsluna vanti um 2 milljarða kr. upp á það, að hún hafi sambærilegar tekjur á þessu ári miðað við árið 1966. Þetta er e. t. v. ekki sú tala, sem staðnæmzt verður við í væntanlegum aðgerðum, en hún gefur nokkra vísbendingu um stærð dæmisins.

Það kann að hljóma undarlega í eyrum, en samt er það svo, að vegna góðærisins á árunum 1962—1965 verður í veigamiklum atriðum erfiðara en ella að leysa þann mikla vanda, sem við er að glíma. Aukning þjóðarteknanna bætti að vísu lífskjör almennings og bætti þannig skilyrðin til þess að mæta erfiðleikum síðar, en hún kom einnig fram sem aukinn framleiðslukostnaður atvinnuveganna, og eitt mesta vandamálið nú er að leiðrétta það mikla misræmi, sem skapazt hefur milli tilkostnaðarins og greiðslugetu útflutningsatvinnuveganna. Þessar staðreyndir um þá dökku mynd, sem nú blasir við, munu flestum ljósar. En hvað verður gert? Það er sú spurning, sem ekki er hægt að svara á þessu stigi málsins. Enginn þarf að furða sig á því, þótt stjórnarflokkarnir hafi, eins og komið er, viljað reyna viðræður við stjórnarandstöðuna til þess að kynna henni málin til hlítar og kanna, hvort um geti verið að

ræða samkomulag um úrræði. Hér er slík hætta á ferðum fyrir þjóðarheildina, að víðtæk samstaða annars andstæðra afla í þjóðfélaginu er nauðsynleg, til þess að ekki fari illa, og ekki er óeðlilegt, að í sambandi við lausn vandans sé rætt um myndun þjóðstjórnar í fullri alvöru. Með slíkum viðræðum gerir ríkisstj. skyldu sína, án þess að þær boði nokkra uppgjöf af hennar hálfu. Málin hafa verið upplýst í þessum viðræðum eins vel og framast er kostur, og þær leiða þannig til þess, að stjórnmálaflokkarnir hafa allir jafna aðstöðu til að taka afstöðu til þeirra úrræða, sem til greina koma.

E. t. v. næst ekki í þessum viðræðum það samkomulag, er leiði til myndunar þjóðstjórnar, en engu að síður er hugsanlegt, að það beri einhvern jákvæðan árangur, og á ég þá við það, að eftir slíkar viðræður kunni viðbrögð núverandi stjórnarandstöðuflokka að verða önnur en þau hefðu orðið, ef engar slíkar viðræður hefðu farið fram.

Um þessar mundir er stjórnarflokkunum oft álasað fyrir að hafa ekki fyrr gripið í taumana til þess að koma í veg fyrir þá örðugleika, sem nú þarf að mæta. Erfiðleikarnir hófust fyrir tveimur árum, og hvað svo sem stjórnarandstæðingar segja um hið gagnstæða, var engin tilraun gerð til þess að dylja þá í kosningunum á síðasta ári. Annað mál er það, að þá var bent á, að þjóðin væri sæmilega undir það búin að mæta erfiðleikum svipuðum þeim, sem við höfðum fram að þeim tíma átt að venjast, og er ekki hægt að álasa neinum fyrir það að hafa þá ekki séð fyrir, að erfiðleikarnir mundu verða margfalt meiri en nokkurn tíma áður í sögu okkar. Í byrjun erfiðleikatímabilsins átti þjóðin um 2 milljarða kr. í gjaldeyrisvarasjóði, sem ætlaður var til þess að mæta verðfalli á útflutningi og minnkaðri framleiðslu, þegar telja mætti, að þetta hvort tveggja væri tímabundið. Gjaldeyrisvarasjóðurinn og verðstöðvun gerði það að verkum, að hægt var að bíða í rúmt ár, án þess að annað væri að gert, og þannig var komið í veg fyrir, að erfiðleikarnir út á við yllu þegar í stað kjaraskerðingu hjá þjóðinni. Eftir að séð varð, að þetta nægði ekki, var gripið til ýmissa róttækra ráðstafana svo sem lækkunar niðurgreiðslna og hækkunar ýmissa skatta og aukinnar aðstoðar við sjávarútveginn og loks til gengisbreytingarinnar fyrir tæplega ári síðan, sem ég *minntist á áðan. Við þessar ráðstafanir voru þær vonir* bundnar, að þær gætu tryggt útflutningsatvinnuvegunum hallalausan rekstur og stöðvað minnkun gjaldeyrisvarasjóðsins. Raunin hefur orðið önnur og vandinn vaxið miklu meira en nokkurn gat órað fyrir. S. l. haust var gert ráð fyrir, að afli þessa árs mundi verða 8% hærri en hann reyndist 1967 og að meðalverð ársins í útflutningi gæti orðið um 3% hærra en það var í fyrra. Þetta hefur alveg snúizt við, og 20% innflutningsgjaldið, sem sett var á með brbl. nýlega, er hrein bráðabirgðaráðstöfun til þess að draga úr hinni öru rýrnun gjaldeyrisvarasjóðsins og afla ríkissjóði tekna, til þess að hann geti staðið við þegar lofaða aðstoð við útflutningsatvinnuvegina.

Það ástand, sem nú ríkir, hefur að vonum beint athygli manna að því, hvernig atvinnuvegir okkar eru upp byggðir. Finnst mörgum ekki lengur fýsilegt að treysta á sjávarútveg í jafnríkum mæli og gert hefur verið, og mikið er rætt um eflingu iðnaðar og stóriðju sem líklegasta ráðið til þess að taka við vaxandi fólksfjölda á vinnumarkaðinum á næstu árum. Þessar hugleiðingar eru góðra gjalda verðar, en sú þróun, sem þær gera ráð fyrir, tekur langan tíma og leysir ekki vandamál þau, sem nú er brýnast að leysa. Þau verða ekki leyst með öðrum hætti en þeim, að sjávarútvegurinn geti starfað af fullum krafti. Hann er eina atvinnugreinin, sem er þess megnug að standa undir nægilegri gjaldeyrisöflun til þeirra margvíslegu þarfa, sem íslenzkt þjóðfélag útheimtir nú á tímum. Við náum ekki því takmarki að halda uppi fullri atvinnu í landinu, ef sjávarútvegurinn verður lengi eins lamaður og hann er nú orðinn. Brýnasta verkefnið er að skapa honum starfsskilyrði á ný.

Sjálfsagt er þó að miða jafnframt væntanlegar aðgerðir í efnahagsmálum við það, að unnt verði að efla iðnað og koma fótum undir nýjar greinar útflutningsframleiðslu. Slíkar ráðagerðir eru þó til lítils gagns, nema markaður sé fyrir hendi. Í því efni höfum við möguleika hjá fríverzlunarbandalaginu, sem væntanlega verða kannaðir til hlítar með umsókn um aðild nú á næstunni, að því er hæstv. forsrh. hefur boðað. Ber að fagna því.

Á ýmsum stöðum, þar sem góð skilyrði eru til útgerðar og fiskvinnslu, hefur nú skapazt mjög alvarlegt ástand vegna rekstrarstöðvunar einstakra fyrirtækja, sem um langt skeið hafa veitt íbúum staðanna atvinnu og lífsbjörg. Þetta ástand má rekja til ýmissa orsaka, svo sem verðfalls, aflaleysis á vetrarvertíð, misheppnaðra tilrauna til síldarútgerðar á liðnum árum, lélegrar skipulagningar á rekstri og loks til óviðráðanlegrar skuldabyrði. Má vel vera, að sums staðar, þar sem svona er komið, sé ekki um annað að ræða en að gera einstök fyrirtæki upp, en það er aðgerð, sem tekur langan tíma. Athugun á rekstri hraðfrystihúsa með hagræðingu fyrir augum hefur nú staðið yfir í eitt eða tvö ár, og munu liggja fyrir hjá Seðlabankanum og viðskiptabönkunum miklar upplýsingar um það, hvernig hraðfrystiiðnaðurinn sé nú á vegi staddur, en hann er einn aðalatvinnuvegurinn á þeim stöðum, sem ég á við, t. d. á Vestfjörðum og Snæfellsnesi. Þessar upplýsingar mega ekki rykfalla í lánastofnunum landsins. Þær ber að nota til leiðbeininga í sambandi við ráðstafanir til þess að hefja á ný rekstur vinnslustöðva, sem nú eru óstarfræktar, hvort sem þær vinnslustöðvar verða síðar gerðar gjaldþrota eða ekki. Ef nauðsyn krefur, ber að reka viðkomandi fyrirtæki undir opinberu eftirliti þeirra lánastofnana, sem hlut eiga að máli, meðan gengið er úr skugga um, hvernig stjórn þeirra og rekstri verði hagað í framtíðinni. Í sjávarþorpum víða um land hagar þannig til, að tiltölulega fátt fólk framleiðir mikil útflutningsverðmæti. Þjóðin þarf nú á þeim útflutningsverðmætum að halda, og ekkert tækifæri til sköpunar þeirra má fara forgörðum. Fólkið við sjávarsíðuna á sannarlega annað og betra skilið en að standa uppi kauplaust og atvinnulaust, eigandi það á hættu að tapa algjörlega vinnulaunainnistæðum og fiskandvirði, sem nemur milljónum króna. Úrlausn þessa vanda þolir enga bið, einkanlega að því er varðar Vestfirði. Þar er haustið notað til róðra með línu, og aflast þá oft sæmilega af fyrsta flokks fiski til vinnslu og útflutnings.

Herra forseti. Ég legg áherzlu á það, að hver sem lausnin verður á því mikla vandamáli að skapa sjávarútvegi landsmanna í heild nauðsynlegan starfsgrundvöll, þá verður ekki undan því komizt að grípa á vandamálum eins og þeim, sem ég hef gert hér að umtalsefni. Tel ég ekki ólíklegt, að engin heildarúrlausn komi að fullu gagni, nema jafnframt verði gerðar róttækar ráðstafanir til þess að létta skuldabyrðar fjölda fyrirtækja, bæði í útgerð og fiskiðnaði, eða breyta skuldum þeirra í hagkvæm lán til langs tíma. Einnig verður nauðsynlegt að rétta við fjárhag Fiskveiðasjóðs Íslands, þannig að hann geti á ný hafið útlán til nýsköpunar í þeim greinum útgerðar og fiskiðnaðar, sem dregizt hafa aftur úr í samkeppni við síldveiðar og síldarvinnslu, meðan mest uppgrip voru á síldveiðunum.

Góðir hlustendur. Alþfl. hefur jafnan gert sér far um að móta heilbrigða og farsæla stefnu í landsmálunum, og síðan hefur hann látið málefnin skera úr um það, hvort hann hefur tekið þátt í stjórnarsamvinnu eða ekki. Flokkurinn telur sig hafa komið ýmsum góðum málum á rekspöl í stjórnarsamstarfi með Sjálfstfl. á síðustu níu árum, og á flokksþingi Alþfl. var mörkuð sú stefna, sem flokkurinn vill beita sér fyrir í nánustu framtíð. Tel ég rétt að kynna hv. hlustendum þá stefnu með því að vitna til stjórnmálaályktunar Alþýðuflokksþingsins, en þar segir svo með leyfi hæstv. forseta um efnahags- og atvinnumál:

„Verðfall erlendis og aflabrestur hafa valdið miklum vanda í efnahagsmálum Íslendinga. Gjaldeyrisvarasjóður sá, sem þjóðin eignaðist í kjölfar stefnubreytingar þeirrar, er núverandi ríkisstj. gekkst fyrir í byrjun þessa áratugs, hefur undanfarin tvö ár verið notaður til þess að mæta þessu áfalli í von um, að hvorki verðfallið né aflabresturinn yrði varanlegt. Nú er gjaldeyrisvarasjóðurinn senn þrotinn og þess vegna óhjákvæmilegt að gera ráðstafanir til þess að aðlaga efnahagskerfið hinum nýju aðstæðum. En flokksþing Alþfl. leggur áherzlu á, að jafnframt almennum ráðstöfunum til þess að tryggja heilbrigðan rekstur útflutningsatvinnuveganna og ná greiðslujöfnuði í viðskiptum þjóðarinnar við önnur lönd séu gerðar gagngerðar ráðstafanir til hagræðingar og kostnaðarlækkunar í öllum atvinnuvegum þjóðarinnar og aukins sparnaðar í rekstri ríkisins, bæjar- og sveitarfélaga.

Í sambandi við endurskipulagningu atvinnuveganna og fyrirgreiðslu hins opinbera við þýðingarmestu atvinnufyrirtæki á hverjum stað verði hlutaðeigandi launþegasamtökum tryggð aðstaða til að fylgjast með rekstri fyrirtækjanna og til þess að koma á framfæri tillögum um skipulag þeirra og rekstur.

Flokksþingið telur brýna nauðsyn bera til þess, að þeirri endurskipulagningu hraðfrystiiðnaðarins, sem unnið hefur verið að, ljúki hið fyrsta, þannig að unnt sé að reka þennan iðnað á sem hagkvæmastan hátt, jafnframt því sem tekið sé tillit til skilyrða til hráefnisöflunar og atvinnuaðstæðna. Það telur nauðsynlegt að athuga vandlega fjármál fyrirtækja í sjávarútvegi og gera ráðstafanir til þess, að þau komist á heilbrigðan grundvöll. Þá leggur þingið áherzlu á nauðsyn þess að vernda fiskistofnana.

Flokksþingið telur, að iðnaður sé sú atvinnugrein, sem bezt skilyrði muni hafa á næstu árum og áratugum til þess að veita góða atvinnu því fólki, sem við bætist á vinnumarkaðinum. Þess vegna þarf að bæta skilyrði iðnaðarins til aukinnar hagræðingar og vélvæðingar. Jafnframt þarf að stefna að því að koma hér á fót útflutningsiðnaði og stóriðju, er hagnýti vatnsorku og jarðhita landsins, bæði til framleiðslu útflutningsafurða og vöru og þjónustu til sölu innanlands.

Flokksþingið telur, að gerbreyta þurfi stefnunni í íslenzkum landbúnaðarmálum. Gera þarf áætlun um að breyta framleiðslunni á nokkrum árum í það horf, að fyrst og fremst verði framleitt til sölu innanlands og fjölbreytni landbúnaðarframleiðslunnar aukin. Lagður verði niður búskapur á lökustu búunum. Útflutningsbætur minnki smám saman á áætlunartímabilinu og falli alveg niður í lok þess. Styrkir til landbúnaðarins, sem hvetja til offramleiðslu, verði felldir niður smám saman.

Flokksþingið telur, að stuðla þurfi að bættum rekstri og aukinni hagræðingu í vörudreifingu landsmanna til þess að draga úr verzlunarkostnaði og lækka vöruverð. Það telur nauðsynlegt að efla samtök neytenda og halda uppi verðlagseftirliti. Enn fremur álítur það tímabært að endurskoða verðlagslöggjöfina og taka upp ítarleg ákvæði til þess að koma í veg fyrir einokun og hringamyndun.

Flokksþingið telur æskilegt, að ríkisstj. kanni sem fyrst með umsókn, með hvaða hætti Ísland geti öðlazt hagkvæma aðild að Fríverzlunarsamtökum Evrópu, EFTA, enda er það brýnt hagsmunamál íslenzkra útflutningsatvinnuvega að öðlast sem tollfrjálsastan og hömlulausastan aðgang að mörkuðunum í aðildarríkjum fríverzlunarbandalagsins, auk þess sem vonir um íslenzkan útflutningsiðnað hljóta að vera tengdar frjálsum aðgangi að stórum markaði. Jafnframt verður að tryggja íslenzkum iðnaði hæfilegan aðlögunartíma og jafnrétti í samkeppni við iðnað annarra þjóða, bæði hér og erlendis.

Flokksþingið telur, að miða beri stjórn fjármála ríkisins og peningamála við þau markmið, sem stefnt er að í efnahagsmálum, og þær aðstæður, sem eru ríkjandi hverju sinni. Flokksþingið telur, að af hálfu bankakerfisins og fjárfestingarlánasjóða eigi að koma á fót sameiginlegri eftirlitsstofnun með því, að atvinnufyrirtæki séu rekin með fyllstu hagkvæmni, og tryggt verði, að þegar lánsfé er veitt til uppbyggingar nýrra fyrirtækja, sé fyrir hendi öruggur rekstrargrundvöllur og þau séu þjóðhagslega arðbær. Flokksþingið telur, að nauðsynlegt sé að beita áætlunargerð og heilbrigðri skipulagningu í vaxandi mæli við stjórn efnahagsmála og gerðar verði fleiri framkvæmdaáætlanir fyrir einstaka landshluta. Flokksþingið telur, að efla verði þær atvinnugreinar, sem fyrir eru, og leggja grundvöll að nýjum og stórauka í því sambandi hvers konar rannsóknir á auðlindum landsins og sjávarins og hagnýtingu þeirra. Flokksþingið telur brýna nauðsyn á, að haldið sé áfram skipulegum stórframkvæmdum í húsnæðismálum almennings og að séð verði fyrir nýjum og auknum tekjustofnum í því skyni. Flokksþingið telur tímabært orðið að gera nýtt átak í tryggingamálum landsmanna, m. a. með setningu löggjafar um lífeyrissjóð fyrir alla landsmenn. Flokksþingið leggur áherzlu

á, að áðurnefnd atriði verði þáttur þeirra efnahagsaðgerða, sem fram undan eru til þess að ráða bót á þeim erfiðleikum, sem nú steðja að, og leggja nýjan grundvöll að auknum framförum og batnandi lífskjörum á Íslandi."

Um sjálft stjórnmálaviðhorfið segir svo m. a. í ályktun flokksþingsins, með leyfi hæstv. forseta:

„Undir þeim kringumstæðum, sem nú eru í íslenzkum efnahagsmálum, telur flokksþingið það vera meginhlutverk Alþfl. að gera allt, sem í hans valdi stendur, til þess að leggja grundvöll að nýrri eflingu atvinnulífsins og koma í veg fyrir, að verðfallið og aflabresturinn leiði til atvinnuleysis, og stuðla að því, að byrðarnar dreifist réttlátlega á þjóðina.

Flokksþingið telur, að stjórnarsamstarf Alþfl. og Sjálfstfl. hafi í meginatriðum tekizt í samræmi við þær vonir, sem Alþfl. tengdi við það. Á því tímabili, sem samstarfið hefur staðið, hefur Alþfl. komið fram margháttaðri löggjöf til hagsbóta fyrir alþýðu og launafólk í landinu.

Flokksþingið felur miðstjórn og þingflokki að vinna að því, að meginmarkmið ráðstafana þeirra, sem verða gerðar, verði að leggja grundvöll að nýrri eflingu atvinnulífsins og verði um þær haft náið samstarf við samtök launþega. Þingið telur nauðsynlegt, að eftirfarandi atriði verði þættir í væntanlegum efnahagsráðstöfunum: 1. Ráðstafanir til að tryggja öllum vinnufærum fulla atvinnu. 2. Aðgerðir í efnahagsmálunum miðist við það eitt að mæta aðsteðjandi vanda og að þeim byrðum, sem óhjákvæmilegt reynist að leggja á þjóðina, verði dreift réttlátlega á stéttir þjóðfélagsins og sérstakt tillit verði tekið til hagsmuna láglaunafólks, barnafjölskyldna og bótaþega almannatrygginga. 3. Ákvörðun um, að stofnaður verði lífeyrissjóður fyrir alla landsmenn eftir tiltekinn tíma og að almannatryggingar verði efldar. 4. Endurskoðun á ýmsum ákvæðum skattalaga í því skyni að gera skattkerfið einfaldara og réttlátara. 5. Ráðstafanir til að auka enn eftirlit með skattframtölum og tollgreiðslum til þess að koma í veg fyrir skattsvik og tollsvik. 6. Öflun nýrra tekjustofna til íbúðabygginga. 7. Endurskoðun á lögunum um ákvörðun verðs á innlendum landbúnaðarafurðum. 8. Ákvörðun um að breyta stefnunni í landbúnaðarmálum smám saman í það horf, að landbúnaðurinn framleiði fyrst og fremst fyrir innanlandsmarkað, þannig að útflutningsbætur sparist og sömuleiðis þeir núverandi styrkir, sem einkum hvetja til offramleiðslu.

Ef tekið verður tillit til þessara meginsjónarmiða, segir í samþykkt flokksþingsins, telur það, að Alþfl. eigi að standa að þeim ráðstöfunum á þessu hausti, sem nauðsynlegar reynast til þess að leggja grundvöll að nýrri eflingu atvinnulífsins, tryggja heilbrigðan rekstur atvinnuveganna og jafnvægi í greiðsluviðskiptum við aðrar þjóðir, enda verði haft náið samstarf við samtök launþega. Náist samstarf milli stjórnarflokkanna um þessi meginatriði og önnur úrræði, sem Alþfl. getur fellt sig við, vill flokksþingið, að núverandi stjórnarsamstarfi verði fram haldið. Takist hins vegar ekki að koma á viðtæku samstarfi á þann hátt, sem að framan er lýst, til lausnar vanda efnahagsmálanna telur flokksþingið rétt, að ríkisstj. leggi úrræðin undir dóm þjóðarinnar við fyrsta tækifæri."

Herra forseti, góðir hlustendur. Ræðutími minn er nú senn á enda, og þótt stjórnmálaályktun síðasta flokksþings Alþfl. fjalli að sjálfsögðu um mörg fleiri atriði en þau, sem ég hef nú lesið upp, þá sé ég ekki, að það sé tækifæri til þess að flytja hana hér í heild. Læt ég þetta því nægja að sinni og býð hlustendum góða nótt.

Geir Gunnarsson: Herra forseti, góðir hlustendur. Það fjárlagafrv., sem hér er til 1. umr., er tíunda fjárlagafrv. hv. núv. ríkisstj. Vegna vaxandi aflamagns og hækkandi afurðaverðs færði sjávarútvegurinn síaukin útflutningsverðmæti í þjóðarbúið allt þetta tímabil að undanskildum tveim s. l. árum, að útflutningsverðmæti hvors árs um sig hefur fallið niður í ámóta upphæð og árið 1962, en er þó hærra en öll árin þar á undan. Afleiðingarnar af því, að útflutningsverðmætið hefur ekki haldið áfram að hækka sem áður líka hinn tvö síðustu árin, eru þær, að hrun blasir við útgerðinni og geigvænlegt atvinnuleysi um land allt, ef ekki verður gripið til sérstakra ráða, og ríkisstjórnarflokkarnir hafa boðað nýjar efnahagsaðgerðir, sem hafa í för með sér stórfellda kjaraskerðingu hjá almenningi í landinu til viðbótar við þá kjaraskerðingu, sem þegar er komin fram. Það er ekki að undra, þótt almenningur spyrji: Hvers vegna þolir útgerðin ekki það aflamagn og afurðaverð, sem þjóðin bjó við fyrir svo sem fjórum árum og var þá hið mesta og hagkvæmasta, sem þá hafði nokkru sinni þekkzt? Ætti útgerðin og þjóðin öll jafnvel ekki að standa betur að vígi en þá, ef haft er í huga, að hún ætti nú að njóta þess afraksturs, sem á hverju áranna 1963, 1964, 1965 og 1966 fékkst fram yfir verðmætasköpun ársins 1962? Samanlagt nemur sú upphæð um 6 þús. millj. kr. á því gengi, sem þá gilti. Í umr. um efnahagsmál miða fulltrúar ríkisstjórnarflokkanna aldrei við annað en þessi allra mestu toppár, en ætti ekki einmitt hinn stórkostlegi aukaafrakstur þeirra að auðvelda þjóðinni að mæta nú sömu verðmætasköpun þjóðarbúsins og 1962? Að sjálfsögðu, ef allt hefði verið með felldu um stjórnarstefnuna undanfarin veltiár, ef ríkisstjórnarflokkarnir hefðu einbeitt sér að baráttu gegn verðbólgunni í stað þess að kynda undir henni með öllum sínum gerðum þennan tíma og valda því, að nú búa útflutningsatvinnuvegirnir við allt annað og óhagkvæmara verðlag innanlands en árið 1962. Stjórnarflokkarnir hafa hiklaust framkvæmt hverjar verðbólguráðstafanirnar á fætur öðrum í trausti þess, að árleg aflaaukning og sífellt hærra markaðsverð fleytti útgerðinni áfram, en þessi stefna hefur leitt til þess, að jafnskjótt og það gerist, sem ávallt hlýtur að fylgja útgerð, að afli minnkar um tíma og afurðaverð lækkar niður fyrir það, sem það hefur hæst orðið skamman tíma, þá hrynur öll spilaborgin.

Vissulega hlýtur það jafnan að valda erfiðleikum hjá fiskveiðaþjóð, þegar aflaminnkun og lækkun á afurðaverði á sér stað, jafnvel þótt það verði í kjölfar langs tímabils sívaxandi aflaverðmæta, en það, sem sker úr um, hversu útgerðin og þjóðin í heild er í stakkinn búin til þess að mæta slíkum atburðum, er sú stefna, sem stjórnarvöldin hafa beitt í verðlagsmálum og efna-

hagsmálum almennt á því tímabili, sem á undan er gengið. Almenningur í landinu hefur nú þegar tekið á sig í ríkum mæli með skertum lífskjörum þá minnkun, sem orðið hefur í verðmætasköpuninni s. l. tvö ár. Aflahlutir sjómanna hafa hrapað stórlega, og verulegur samdráttur í vinnu hvarvetna á landinu hefur stórskert launatekjur, samtímis því sem framfærslukostnaður hefur hækkað mjög vegna aukinnar dýrtíðar. Þegar stjórnarflokkarnir boða nú, að til viðbótar því, sem orðið er, þurfi launþegar enn að taka á sig stórfellda lífskjaraskerðingu vegna nýrra efnahagsráðstafana, sem nauðsynlegar séu, til þess að útflutningsatvinnuvegirnir geti staðizt það að búa við ámóta verðmætasköpun og um var að ræða fyrir fjórum árum og var þó hin mesta í sögu þjóðarinnar, þá er alþýða landsins að súpa seyðið af viðreisnarstefnunni.

Viðreisnarstefnan hefur byggzt á því að láta blind gróðalögmál hins kapítalíska þjóðfélags algerlega um þróun atvinnuveganna, en afnema sem mest alla samfélagslega stjórn og skipulagningu á atvinnulífinu í landinu. Sú stefna hefur haft þau tvö grundvallarsjónarmið, að gjaldeyrisverðmæti frá útflutningsatvinnuvegunum skyldu vera til sem allra frjálsastrar ráðstöfunar fyrir þá einkaaðila, sem fjármagninu ráða, til innflutnings og fjárfestingar í gróðaskyni án nokkurs tillits til hagsmuna þjóðarheildarinnar og samhliða því fylgdi sem allra mest frjálsræði til álagningar.

Þessi tvö grundvallarstefnumið stjórnarflokkanna eru í beinni mótsögn við alla viðleitni til að sporna við þeirri verðbólgu, sem er útflutningsatvinnuvegunum hættulegust og hefur nú komið þeim á heljarþröm. Þessi stefna hefur skapað þann vítahring, að stjórnarflokkarnir hafa við afgreiðslu hverra fjárl. mætt afleiðingunum af þessari verðbólgustefnu sinni með neikvæðum ráðstöfunum, skattahækkunum og nýjum álögum, sem hafa enn aukið tekjukröfur ríkissjóðs og magnað verðbólguna. Slíkar ráðstafanir hafa hlaðið upp reksturskostnaðinn innanlands, og á þeim hefur ekkert lát orðið öll þessi ár, þegar aflamagn og afurðaverð fór þó síhækkandi ár frá ári. Þessi vítahringur viðreisnarinnar, vítahringur sjálfvirkrar verðbólgumyndunar, verður ekki rofinn nema með stefnubreytingu í fjárfestingar-, innflutnings- og verðlagsmálum. Það sést bezt nú, að sú stefnubreyting hefði þurft að vera komin á fyrir löngu. Þá væri við minni vanda að kljást. Efnahagsráðstafanir, sem gerðar yrðu nú án slíkrar grundvallarstefnubreytingar, kæmu að engu haldi og yrðu aðeins áframhald á þeim verðbólguvítahring, sem við höfum búið við, með enn afdrifaríkari afleiðingum í verðlagsmálum en nokkru sinni fyrr. Undanfarin ár, þegar við hefur verið að etja verðbólguáhrif stjórnarstefnunnar, hafa stjórnarflokkarnir hunzað allar tillögur Alþb. um jákvæðar lausnir. Um stjórn á fjárfestingar- og innflutningsmálum og öllum atvinnumálum og um niðurskurð á rekstrarkostnaði ríkisbáknsins og þar með minni skattheimtuþörf ríkissjóðs og um ráðstafanir til þess að lækka rekstrarkostnað útgerðarinnar með lækkun vaxta og hagkvæmari lánakjörum og með sérstökum ráðstöfunum til lækkunar á vissum rekstrarvörum, m. a. þeim að koma í veg fyrir óþarfakostnað af þreföldu dreifingarkerfi olíufélaganna, og síðast en ekki sízt með endurnýjun togaraflotans og sérstökum ráðstöfunum til meiri fullvinnslu aflans. En ríkisstjórnarflokkarnir völdu í hvert eitt sinn hinar neikvæðu aðgerðir, hærri álögur á landsmenn í því skyni m. a. að skila einhverjum af þeim aftur til útgerðarinnar, svo að hún gæti fleytt sér þar til hin nýju verðbólguáhrif af þessum sömu ráðstöfunum hefðu að fullu komið fram í efnahagskerfinu. Verulegur hluti af hinum árlegu auknu skatta- og tollatekjum var svo notaður til að þenja út ríkisbáknið.

Nú þegar boðaðar eru stórfelldar efnahagsaðgerðir vegna aflaminnkunar er ástæða til að rifja upp ráðstafanir stjórnarflokkanna nokkur hin síðustu ár, sem á undan eru gengin, þegar við engan slíkan vanda var að glíma, heldur féll þjóðinni í skaut árlega stórfelld aukning á útflutningsverðmætum, því að þær ráðstafanir ásamt því stefnumiði að viðhalda stjórnlausri fjárfestingu og hömlulausum innflutningi valda mestu um það, hvernig nú er komið og hversu illa framleiðsluatvinnuvegirnir eru undir það búnir að mæta aflaminnkun og lækkun á afurðaverði. Árið 1963 óx útflutningsverðmæti þjóðarbúsins um nálega 11.5% frá árinu áður. Fjárl. fyrir næsta ár, þ. e. a. s. 1964, voru afgreidd með 430 millj. kr. hækkun á sköttum og tollum, en það dugði hæstv. ríkisstj. ekki, heldur varð þegar í janúar að umturna nýsettum fjárl. með hækkun söluskatts úr 3 í 5½% og leggja með því á landsmenn 300 millj. kr. nýjan árlegan neyzluskatt, sem þegar tók að hafa sín áhrif á verðlagsþróunina. Sumarið 1964 áttu verkalýðssamtökin frumkvæði að samningum við ríkisvaldið um að sporna við þessari óheillaþróun og gera tilraun til að stöðva verðbólguna. Á því ári, 1964, óx aflamagn enn um hvorki meira né minna en 25.5% og útflutningsverðmæti um 18%. Þetta var því gjöfulasta ár, sem þjóðin hafði lifað, og við setningu fjárl. á því hausti reyndi á, hverjar yrðu efndir ríkisstj. á samningunum við verkalýðsfélögin um raunhæfar aðgerðir til stöðvunar verðbólgunnar.

Nú reið á að gera sérstakar ráðstafanir til að skera niður rekstrarútgjöld ríkissjóðs og snúa við af verðbólgubrautinni og stefna á heillavænlegri leiðir í efnahagsmálum, enda áttu allar ytri aðstæður að vera hinar hagkvæmustu til þess, að það væri unnt. En ríkisstjórnarflokkarnir völdu ekki jákvæða lausn frekar en fyrr. Þessu sérstaka tækifæri til þess að tryggja grundvöll undirstöðuatvinnuveganna til frambúðar með hemlunaraðgerðum í verðlagsmálum var kastað á glæ. Þess í stað sveik hæstv. ríkisstj. samkomulagið við verkalýðsfélögin með því að hækka enn söluskatt við afgreiðslu fjárl. úr 5½ í 7½%, og skattar og tollar voru ákveðnir 800 millj. kr. hærri en árið áður.

Hefði á þessu stigi, þegar um metaflaár var að ræða, verið gripið til jákvæðra ráðstafana, væri nú við minni vanda að etja í efnahagsmálunum en raun ber vitni eftir alla þá verðbólguþróun, sem fylgdi í kjölfar þessara neikvæðu ráðstafana ríkisstjórnarflokkanna. Við afgreiðslu fjárl. haustið 1964 í framhaldi af samningunum við verkalýðsfélögin voru einstakar aðstæður til þess að afgreiða fjárl. á þann hátt, sem betur væri í samræmi við hagsmuni þjóðarheildarinnar. Á það lagði ég sérstaka áherzlu við afgreiðslu fjárl. og lauk ræðu minni við 3. umr. fjárlaganna með þessum orðum, með leyfi hæstv. forseta: „Það eru mín síðustu orð í þessu

máli að skora enn á ríkisstj. að fresta ákvörðunum um hækkun söluskatts og fresta afgreiðslu fjárl., en hefja þess í stað samninga milli fulltrúa allra þingflokka og forystu verkalýðssamtakanna um leiðir til þess að forða þjóðinni frá nýrri verðbólguskriðu."

Á þetta var ekki hlustað þá. Þá treysti hæstv. ríkisstj. á það, að enn mætti láta allt vaða á súðum í þeirri von, að aflamagn héldi áfram að aukast og afurðaverð að hækka og framhald á fyrri þróun gæti gert útgerðinni kleift að jafna áhrifin af því stórhækkaða verðlagi innanlands, sem af ráðstöfununum hlaut að leiða.

Árið 1965 óx aflamagnið enn um 23.4% og útflutningsverðmætin um nálega 17% frá því árinu áður, en enn var sömu stefnunni haldið. Togaraflotinn látinn grotna niður, skattheimta til ríkisins aukin og hún áætluð 225 millj. kr. hærri en árið áður, en til að mæta stórauknum rekstrarkostnaði ríkisins voru verklegar framkvæmdir skornar niður. Létt var af ríkissjóði halla af Rafmagnsveitum ríkisins með því að velta 40 millj. kr. yfir á almenning og atvinnufyrirtæki með hækkuðu rafmagnsverði með tilheyrandi keðjuverkunum.

Næsta ár, árið 1966, var algert metár um aflabrögð og viðskiptakjör. Aflamagn óx enn um 3.4% og var nú orðið 75% meira en árið 1961 og útflutningsverðmætin tvöfalt meiri. Þetta haust var verið að setja fjárl. fyrir kosningaár og því talið nauðsynlegt að auka niðurgreiðslur og tala um stöðvunarstefnu. Fjárl. voru þó, þegar á heildina var litið, í hrópandi mótsögn við alla stöðvun, því þau gerðu ráð fyrir hvorki meira né minna en 850 millj. kr. hærri skattheimtu en árið áður, auk þeirra 40 millj. kr., sem rafmagnsverðið hækkaði um. Þetta hlaut að valda nýrri verðbólguskriðu, enda átti það eftir að koma á daginn. Þenslunni í ríkisrekstrinum var enn haldið skefjalaust áfram, m.a. voru fjárframlög til ýmissa dýrustu embættanna aukin um 30 til 50% á einu ári. Þann kostnaðarauka hefur enn ekki tekizt að skerða. Það hefur jafnan reynzt hægara að auka rekstrarkostnað embættanna í ríkiskerfinu en að draga úr honum aftur.

Við afgreiðslu fjárl. 1967, haustið 1966, voru hagsmunir verðbólgubraskaranna þannig enn hafðir að leiðarljósi og allt látið reka á reiðanum með skipulagslausa fjárfestingu og hömlulausan innflutning í trausti þess, að sífellt aukin afköst sjómanna og hækkað afurðaverð mundu vega upp verðþensluna innanlands og halda útflutningsatvinnuvegunum gangandi.

En við því var naumast að búast, að slík þróun yrði án enda, og 1967 kom nokkur afturkippur. Aflamagn var minna en næstu þrjú ár á undan, og við afgreiðslu núgildandi fjárl. í fyrrahaust hafði verðbólgan hert svo að ríkissjóði, að endar náðu ekki saman. Á fjárlagafrv. var gert ráð fyrir að bæta úr þessu með enn nýjum neikvæðum ráðstöfunum, enn nýjum verðbólguráðstöfunum, þ. e. a. s. lækkun niðurgreiðslna á brýnustu nauðsynjum almennings um 400 millj. kr. með þeirri verðbólguskriðu, sem það hafði í för með sér. Með þessu var þó einungis leystur augnabliksvandi ríkissjóðs sjálfs, en vanda útflutningsatvinnuveganna var gerð tilraun til að leysa með gengislækkun, sem efnahagssérfræðingarnir reiknuðu út, að ætti nákvæmlega að duga sjávarútveginum til að standa upp úr verðbólguflóðinu. Á þessum útreikningum var þó ekki meira að byggja en svo, að eftir s. l. áramót varð að grípa til sérstakra uppbótarráðstafana til aðstoðar sjávarútveginum ofan í gengislækkunina. Þannig hefur afgreiðsla fjárl. í tíð hæstv. núv. ríkisstj. einkennzt af þeirri óðaverðbólgu, sem stefna hennar hefur valdið. Sú verðbólga hefur verið svo ör, að samkv. skýrslum alþjóðlegra stofnana finnast slíks ekki dæmi annars staðar í heiminum, nema ef vera kynni hjá einhverri hinna alræmdu ríkisstjórna í Suður-Ameriku.

Þessi þróun hefur m. a. lýst sér í því, að algerlega hefur reynzt ókleift að gera áætlanir um tekjur og gjöld ríkisins eitt ár fram í tímann, hvað þá lengur, heldur hefur hvað eftir annað orðið að raska fjárl. skömmu eftir að þau hafa verið afgreidd með nýjum skattaálögum eða niðurskurði verklegra framkvæmda. Í fyrrahaust náðist ekki einu sinni að afgreiða frv., heldur varð að umturna því milli fyrstu og annarrar umr., svo til hverjum einasta lið, vegna efnahagsráðstafana, gengislækkunar, sem gripið var til meðan frumv. var til afgreiðslu á Alþ. Í fjárlagafrv. sjálfu var í fyrrahaust gert ráð fyrir 400 millj. kr. lækkun á niðurgreiðslum, stórfelldar nýjar álögur voru síðar ákveðnar með gengislækkuninni, sem framkvæmd var eftir að fyrsta umr. fór fram um frv., og að lokum varð að raska því með enn nýjum aðgerðum í marz s. l.

Svipuð örlög bíða án efa þess fjárlagafrv., sem hér liggur fyrir og lagt hefur verið fram til þess að fullnægja ákvæðum stjskr. um, að fjárlagafrv. skuli lagt fram í þingbyrjun. Frv. á vafalaust eftir að taka slíkum breytingum, að tilgangslaust er að ræða það í einstökum atriðum í þeirri bráðabirgðamynd, sem það er lagt fyrir hv. Alþ. Þó má taka það fram, að langsamlega minnsti hluti þeirrar lækkunar á ríkisútgjöldum, sem samþ. var s. l. vor, var lækkun á rekstrarkostnaði, eða aðeins um 27 millj. kr. af 137 millj. kr. heildarlækkun. 110 millj. kr. lækkanir fólust í fyrsta lagi í frestun verklegra framkvæmda, í öðru lagi í því, að verkefnum var velt yfir á aðra aðila í þjóðfélaginu, og í þriðja lagi í því, að lána var aflað til framkvæmda í stað þess að greiða þær með framlögum úr ríkissjóði á þessu ári. Lækkun á framlagi ríkissjóðs til þessara framkvæmda er enn haldið í fjárlagafrv. nú og að auki lækkuð framlög til ýmissa annarra framkvæmda. Ekki er þó í fjárlagafrv. gert ráð fyrir þeim stuðningi við útgerðina, sem var forsenda fyrir niðurskurðinum s. l. vor og fólst í uppbótum á línufisk og styrk til frystihúsa. Innheimta á tekjum ríkissjóðs er ekki heldur lækkuð sem þessu nemur, heldur er fjárhæðin nú þess í stað notuð til þess að standa undir auknum rekstrarkostnaði ríkisins og dugir þó ekki til, því að tekjuhliðin er til viðbótar hækkuð um nálega 230 millj. kr.

Það er því hæpinn sannleikur, þegar hæstv. fjmrh. heldur því fram, að ekki þurfi nýja skatta til þess að standa undir útgjöldum við ríkiskerfið á næsta ári. Það fer ekki á milli mála, að ríkisvaldið telur sig nú þurfa hundruð millj. kr. í auknar tekjur á næsta ári til þess að standa undir auknum rekstrarkostnaði ríkisins sjálfs, án þess að í því felist nokkur nýr stuðningur við atvinnuvegina, heldur minni. Rekstrarkostnaður ríkisins verður því ekki minnkaður, heldur stóraukinn, en ríkisstjórnarflokkarnir eru ekki í vafa um, hverjir eigi að herða ólina, það er verkafólkið í landinu. Verkamaður,

sem þarf að framfleyta fjölskyldu sinni og standa undir húsnæðiskostnaði og sköttum með kaup, sem er 2365 kr. á viku samkv. Dagsbrúnartaxta, á í óðaverðbólgu og minnkandi atvinnu að taka á sig afleiðingarnar af óstjórninni og sóuninni í þjóðfélaginu undanfarin ár og herða enn ólina.

Ríkisstjórnarflokkarnir kosta nú kapps um að fá almenning í landinu til þess að taka nýrri stórfelldri kjaraskerðingu sem sjálfsögðum hlut, vegna þess að útflutningsverðmæti hefur fallið niður fyrir það mark, sem hæst náðist í örfá ár í sögu þjóðarinnar. En staðreyndirnar sanna, eins og ég hef rakið, að jafnvel á árum sífellt aukinnar verðmætasköpunar tókst viðreisnarflokkunum að halda svo á málum, að þeir gripu stöðugt til endurtekinna neikvæðra efnahagsráðstafana og skildu svo við mesta aflatímabil og veltiár, sem þjóðin hefur orðið aðnjótandi, að hvarvetna blasa við þrot framleiðsluatvinnuveganna. Við höfum séð árangurinn af úrræðum stjórnarflokkanna í góðærinu, og það er að verða ljóst öllum almenningi, að þau neikvæðu úrræði koma enn síður að haldi nú. Stefna, sem braut niður framleiðsluatvinnuvegina í góðærum, bjargar þeim sízt af öllu, þegar harðnar í ári. Allar varnir, sem reyndar kunna að verða til þess að verja útflutningsatvinnuvegina áföllum, eru dæmdar til að bresta, ef ekki er tekið fyrir eyðileggjandi áhrif þeirrar stefnu, sem rekin hefur verið í fjárfestingar-, innflutnings- og verðlagsmálum.

Á tímum mestu verðmætasköpunar í sögu þjóðarinnar hafa kröfur verðbólgubraskaranna ráðið fjárfestingunni, svo að við sitjum nú uppi með flæmi af verzlunarhúsnæði, sem færir þjóðinni engan arð, en leggst sem kostnaðarauki á allt vöruverð í landinu, því allt þetta greiða neytendur áður en lýkur, auk þess bankabyggingar fyrir hundruð millj. kr. og skipulagslausa fjárfestingu hvarvetna. Hvert sem litið er, blasa við gjaldþrota fyrirtæki og gagnslaus fjárfesting, sem ráðizt hefur verið í fyrir lánsfé úr bönkunum, opinberum sjóðum, hvar sem þeir útvöldu, sem aðgang hafa að þessu fé, hafa eygt gróðavon sér til handa. Á sama tíma hefur framleiðsluatvinnuvegunum verið haldið í lánsfjárkreppu og grundvallaratriði í uppbyggingu sjávarútvegsins verið látin sitja á hakanum. Togararnir hafa týnt tölunni einn af öðrum og hefur fækkað um 30 á tímum viðreisnarstjórnarinnar. Skyldu gjaldeyristekjur þjóðarinnar ekki hafa verið snöggt um meiri á þessu ári, ef togaraflotinn hefði fengið þá endurnýjun, sem Alþb. hefur ávallt gert kröfu um? Á sama tíma hafa aðrar þjóðir, sem lakari aðstöðu hafa til slíkra veiða en við, staðið í byltingarkenndum framkvæmdum í togaraútgerð. Floti vélbáta innan við 150 tonn hefur verið að ganga úr sér, en einmitt þeir bátar, ásamt togurunum, eru þau atvinnutæki, sem bezt geta tryggt atvinnuöryggi í verstöðvum hvarvetna á landinu, og í stað þeirra getur ekkert komið um langa framtíð.

Afleiðingarnar af verðbólgustefnunni og þeirri vanrækslu viðreisnarstjórnarinnar að tryggja ekki, að fjármagni verði veitt til uppbyggingar og reksturs þessara atvinnutækja, í stað þess að það hafnaði í óarðbærum verzlunarhöllum og bankahúsum í Reykjavík og hvers kyns vitleysisinnflutningi og rekstri, eru svo þær, að geigvænlegt atvinnuleysi ríkir víða um land, og uggvænlegast er þó, að allar horfur eru á, að enn kreppi verulega að. Þessi hefur þróunin verið undanfarin ár, og hún er sérstaklega táknræn í mínum heimabæ, Hafnarfirði. Þar hefur togurunum fækkað úr 7 í 2 á örfáum árum, og vélbátum, sem gerðir eru þaðan út á vertíð, hefur fækkað um nálega ⅔, en á sama tíma hefur bankastarfsemin vaxið úr því, að þegar togararnir voru 7, var þarna ein bankastofnun í litlu húsnæði, en nú, þegar togurunum hefur fækkað í 2, eru þar 3 bankastofnanir í veglegum nýjum byggingum, sem varið hefur verið í tugum millj. kr. til að reisa.

Þau stjórnarvöld, sem þannig hafa leikið hina innlendu framleiðsluatvinnuvegi, benda svo þeim, sem vinnu höfðu við þennan atvinnurekstur, suður í hraunið og segja: „Hvar væri nú þetta fólk statt, ef við hefðum ekki fengið því álverksmiðjuna?“ Mér kemur helzt í hug til samlíkingar ökumaður, sem æki á fullfriskan mann, lemstraði hann á báðum fótum, fengi honum síðan hjólastól og segði með samblandi af hreykni og hroka: „Hvar værir þú nú kominn, ef ég hefði ekki útvegað þér hjólastól?“

Hjá þeim útgerðarfyrirtækjum í Hafnarfirði, sem nú eru á gjaldþrotabarmi eftir öll góðærin til sjávarins, ásamt þeim, sem þegar eru horfin, vann miklu fleira verkafólk en áætlað er, að verði hjá þeim erlenda auðhring í Straumsvík, sem nýtur allra forréttinda fram yfir ísl. atvinnufyrirtæki og flytur úr landi arðinn af vinnu Íslendinga. Fólkið í landinu vill eiga sína eigin fætur heila, og hvarvetna í verstöðvum landsins veit alþýða manna, að allt atvinnuöryggi á þessum stöðum byggist á blómlegri útgerð. Engir hjólastólar erlendrar stóriðju koma þar í staðinn. Innflytjendur í Reykjavík hafa heimtað og fengið hömlulausan umráðarétt yfir gjaldeyrinum og flutt inn á undanförnum árum hverja þá vöru, sem þeir hafa talið líkur á, að gæti aukið þeirra persónulega gróða, þó að sá innflutningur hafi kostað þjóðina það, að fyrirtæki, sem framleiða samsvarandi vöru innanlands, hafi verið drepin eitt af öðru, og fólk, sem atvinnu hafði af framleiðslunni, gangi atvinnulaust og fjárfestingin sé arðlaus.

Þannig hefur stjórnarstefnan verið að drepa miskunnarlaust niður innlenda iðnaðinn, vegna þess að einkahagsmunir innflytjenda hafa verið látnir sitja í fyrirrúmi. Kaupmannavaldið í Reykjavík hefur ekki aðeins fengið að ráða því, í hvaða átt væri ekið á Laugaveginum og beygt þar alla valdhafa undir sína hagsmuni og kröfur, heldur hefur það kaupmannavald ráðið algjörlega allri stefnunni í innflutnings- og verðlagsmálum. Dýrmætum gjaldeyri hefur verið sóað í hvers kyns óþarfa, vegna þess að hann hefur getað skilið eftir ríflegan gróða í vasa innflytjenda. Það má nefna sem dæmi, að á s. l. 3 árum hafa verið flutt inn nálega 100 tonn af niðursoðnum fiski fyrir um 3 millj. kr. á innkaupsverði, á s. l. 2 árum um 118 tonn af tyggigúmmíi fyrir um 7.6 millj. kr. og á s. l. 3 árum hafa verið flutt inn 2270 tonn af kökum og kexi fyrir 76.2 millj. kr. á innkaupsverði. Á fundi hjá Verzlunarráði Íslands nú fyrir skemmstu létti hinn nýkjörni form. Alþfl., hæstv. viðskmrh. Gylfi Þ. Gíslason, af verzlunarauðvaldinu í Reykjavík öllum þeim hugsanlegu áhyggjum, sem það kynni að hafa af því, að ef til vill yrði gjaldeyrisrýrnunin að undanförnu til þess, að innflytj-

endur fengju ekki að sóa gjaldeyrinum í hvað sem vera skal á næstunni. Hæstv. ráðh. tók það skýrt fram, að þær efnahagsráðstafanir, sem ráðgerðar eru, mættu undir engum kringumstæðum fela í sér minnstu skerðingu á valdi heildsalanna til þess að ráða notkun gjaldeyrisins, engar hömlur á notkun hans kæmu til greina.

Því yrði fagnað, ef hæstv. ráðh. gæti jafnauðveldlega létt af þeirri alþýðu til lands og sjávar, sem skapar þennan gjaldeyri, þeim áhyggjum, sem hún ber í brjósti um afkomu sína í sambandi við þær efnahagsaðgerðir, sem nú vofa yfir. Svo mikla kjaraskerðingu hefur almenningur nú þegar á sig tekið með minnkandi atvinnu, og svo mjög hefur nú verið þrengt að kjörum láglaunafólks með vöruverðshækkunum samtímis tekjumissinum, að hinar venjulegu neikvæðu ráðstafanir viðreisnarstjórnarinnar, sem verst hafa gefizt undanfarin ár — að sækja fé til hinna lægst launuðu og færa til útgerðarinnar — eru nú ekki lengur færar, það ættu jafnvel hæstv. ráðh. að gera sér ljóst. Reynslan ætti líka að hafa sýnt nægilega, að slíkar neikvæðar ráðstafanir leysa ekki vanda útflutningsatvinnuveganna.

Ég efast ekki um, að hæstv. fjmrh. hefur leitað eftir því í stofnunum ríkisins, að útgjöld yrðu skorin niður. Hann veit sjálfur bezt, að árangurinn er harla rýr og ríkisbáknið krefst hundruðum millj. kr. meira næsta ár til rekstrar en í ár. Hvað getur þá hæstv. ráðh. hugsað sér, að fjölskylda með 10 þús. kr. mánaðartekjur, sem eygir yfirleitt ekki orðið, hvernig á að láta launin endast til næstu mánaðarútborgunar, geti skorið niður af útgjöldum sínum, þegar allt verðlag fer hækkandi með degi hverjum, og hvað mætti þá segja um þá, sem hafa einar saman greiðslur frá almannatryggingum til þess að sjá sér farborða?

Í nær áratug hefur nú staðið tilraun Sjálfstfl. og Alþfl. til þess að innleiða á Íslandi hagkerfi hins óhefta kapítalisma, þar sem þróun atvinnulífsins hefur algjörlega verið lögð á vald hinna blindu lögmála einkagróðans, að fjármagnið leiti þangað, þar sem það getur skapað þeim, sem því ráða, sem mestan gróða án tillits til hagsmuna þjóðarheildarinnar. Á þessu tímabili hafa ytri aðstæður verið miklu hagstæðari en áður eru dæmi til um. Á meðan útflutningstekjur jukust meir á ári hverju vegna aflaaukningar og verðhækkunar afurða en þekkzt hefur annars staðar á byggðu bóli, lék þessi stefna undirstöðuatvinnuvegina svo, að grípa varð til síendurtekinna efnahagsráðstafana til þess að halda þeim gangandi allt þetta tímabil. Áður en að því kom, að afli minnkaði og afurðaverð lækkaði, voru sjávarútvegur og iðnaður þegar að þrotum komnir, og nú blasir hrunið við strax og á móti blæs. Þrátt fyrir það að þessi undanförnu ár hafa vegna hagstæðra ytri aðstæðna fært þjóðinni margra þús. millj. kr. verðmæti umfram það, sem átt hefði sér stað í venjulegu árferði, er hagur verkafólks sá, að verkamanni er ókleift að framfleyta fjölskyldu sinni af launum 8 stunda vinnudags.

Bitur og dýr er reynslan af þeirri stefnu, sem keppzt hefur verið við að halda uppi, að hafna allri samfélagslegri stjórn og skipulagningu á atvinnulífinu í landinu og láta óbeizlaða gróðahvöt einkabrasksins um þróunina. Við þessari óheillastefnu, sem hefur haft hrun útflutningsatvinnuveganna í för með sér, varaði Alþb. í upphafi og hefur alla tíð síðan reynt að opna augu almennings í landinu fyrir því, hvað gerast mundi.

Alþb. mun beita því afli, sem það hefur yfir að ráða, til þess að tryggja hagsmuni hinna lægst launuðu við þau reikningsskil, sem nú verða í þrotabúi viðreisnarinnar, og heitir á allan almenning í landinu til samstarfs og stuðnings í þeirri baráttu.

Stjórnarflokkarnir hafa meirihlutavald á Alþ. til þess að knýja fram þær efnahagsaðgerðir, sem þeir helzt kjósa og efnahagssérfræðingar viðreisnarinnar hvísla í eyru forystumanna þeirra, en þær aðferðir þekkir allur almenningur í landinu mætavel, og finni þessir flokkar, að hinir lægst launuðu gangi þegjandi undir höggið, munu aðgerðirnar verða í samræmi við það. Á því er þess vegna hin brýnsta þörf, að á næstu vikum verði nógu virk og samstillt barátta alþýðunnar utan þings og fulltrúa hennar á Alþ. fyrir hagsmunum láglaunafólks, lífshagsmunum allra þeirra, sem lakasta aðstöðu hafa til þess að taka á sig afleiðingarnar af viðreisnarstefnunni. — Góða nótt.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Í grg. fyrir fjárlagafrv. vinstri stjórnarinnar fyrir árið 1957 var svo að orði komizt:

„Fjárlagafrumv. er miðað við núverandi ástand í efnahags- og framleiðslumálum landsins. Á hinn bóginn er vitað mál, að þannig er nú um þau efni ástatt, að til frambúðar getur ekki staðið án nýrra ráðstafana. Stendur yfir athugun á þessum málum öllum, og að henni lokinni verða ákvarðanir teknar um, hvað aðhafzt skuli. Fjárlagafrv. ber að leggja fram í þingbyrjun. Varð því að semja frumvarp þetta til fjárlaga, áður en ákvarðanir hafa verið teknar um heildarráðstafanir í efnahags- og framleiðslumálum. Verður fjárlagafrv. að sjálfsögðu að taka þeim breytingum í meðförum á Alþ., sem nauðsynlegar kunna að reynast í samræmi við úrlausnir þær, er ofan á verða í efnahagsmálum."

Og í grg. annars fjárlagafrv. vinstri stjórnarinnar fyrir árið 1958 segir svo:

„Ríkisstj. telur sér engan veginn fært að ákveða það án náins samráðs við þingflokka þá, sem hana styðja, hvernig leysa skuli þann vanda í efnahagsmálum landsins, þ. á m. hvernig mæta skuli þeim mikla halla, sem fram kemur á fjárlagafrv. Ríkisstj. hefur ekkert tækifæri haft til þess að ráðgast við stuðningsflokka sína á Alþ. um fjárlagafrv. né viðhorfið í efnahagsmálunum, eins og það er nú eftir reynsluna á þessu ári. Þess vegna er fjárlagafrv. lagt fram með greiðsluhallanum, en ríkisstj. mun í samráði við stuðningsflokka sína á Alþ. taka ákvarðanir um það, á hvern hátt tryggð verði afgreiðsla greiðsluhallalausra fjárlaga."

Þessar tilvitnanir í fjárlagafrumvörp vinstri stjórnarinnar fyrir árin 1957 og 1958 hafa raunar aðeins nú sögulega þýðingu og skipta ekki máli við afgreiðslu þess fjárlagafrv., sem hér er um að ræða, en ég get þó ekki stillt mig um að vitna til þessarar grg. vegna ummæla hv. þm. Halldórs E. Sigurðssonar hér áðan, þar sem hann fór um það ávítunarorðum miklum, að fjárlagafrv. skyldi nú vera lagt fram, án þess að búið væri að leysa allan vanda efnahagslífsins og tillögur lægju fyrir um það samtímis. Það kemur hér enn í ljós, sem oft

kemur fram hjá hv. stjórnarandstæðingum, að þeir gera miklum mun meiri kröfur og ætlast til meira af núverandi ríkisstj. en þeir ætluðust til af sínum eigin mönnum, þegar þeir fóru með völd. Að sjálfsögðu getur ríkisstj. vel sætt sig við það, en engu að síður verður þó ekki hjá því komizt að benda á, hversu mikið ósamræmi er hér í málflutningi.

Ég sé ekki ástæðu til að endurtaka neitt af því, sem ég sagði í frumræðu minni áðan. En varðandi þá fullyrðingu, að það sé ekkert hægt að byggja á fjárlagafrv., eins og það liggur fyrir, þá fer því víðs fjarri. Fjárlagafrv. felur í sér fullgilda áætlun um allan rekstrarkostnað ríkiskerfisins, eins og það nú liggur fyrir, miðað við núverandi aðstæður. Ég benti á, að á þessu mundu vafalaust verða breytingar vegna aðgerða þingsins í efnahagsmálum. En það er tiltölulega mjög einfalt mál að umreikna þær tölur, sem eru í fjárlagafrv., þannig að öll sú grundvallarvinna sem liggur að baki fjárlaga, hefur þegar verið unnin og gerir því tiltölulega auðvelt um vik að afgreiða fjárlög á tilsettum tíma, eins og gert er ráð fyrir, þ. e. a. s. fyrir áramót.

Að því var vikið af sama hv. þm., að það væri furðulegt, að ekki lægju fyrir allar tillögur um lausn efnahagsvandamálanna. Ég veit, að hv. þm. meinar ekki það, sem hann segir í þessu efni, til þess er hann allt of fróður maður og þekkir vel allar aðstæður. Það var vitanlega gersamlega útilokað í júlí- og ágústmánuði að vita, hvernig útkoma ársins yrði hjá sjávarútveginum, og ég er ósköp hræddur um, að ef við hefðum lagt fram fjárlagafrv. með tillögum til úrlausnar vandamálum atvinnuveganna, sem byggðar hefðu verið á athugunum í júlímánuði eða snemma í ágústmánuði, þá hefði það fjárlagafrv. þótt harla skrýtið útlits nú. Og ég er ósköp hræddur um það, að ef við t. d. á því tímabili hefðum slegið því föstu, að síldveiðar mundu ekki bregðast eða að þær mundu bregðast, þá hefði verið jafnmikið á okkur deilt, hvort sem gert hefði verið. Reynslan hefur sannað okkur það einmitt nú miðað við þá þróun, sem hefur verið, að hinar bjartsýnni áætlanir, sem vitanlega hefði verið byggt á, hafa ekki staðizt, og því hefði verið óumflýjanlegt nú þegar, þó að þessar tillögur hefðu legið fyrir með fjárlögum, að endurskoða þær frá rótum miðað við það erfiða ástand, sem síðar hefur verið.

Varðandi viðræður stjórnmálaflokkanna og fullyrðingar um það, að þær hafi dregizt á langinn, vegna þess að ekki hafi legið fyrir fullnægjandi upplýsingar, þá er það einnig byggt á mjög miklum misskilningi. Það hafa aldrei legið fyrir jafnmiklar upplýsingar varðandi efnahagsmál þjóðarinnar og einmitt nú, og það hefur verið unnið að því stöðugt mánuðum saman að fylgjast með þróun þessara mála. Hitt er auðvitað annað mál, að það er ekki fyrir fram hægt að sjá nákvæmlega fyrir, hvernig þróunin verður, þegar hún er með þeim hætti sem nú hefur verið undanfarna mánuði og í rauninni um tveggja ára bil, þar sem hvert óhappið hefur elt annað og því hefur reynzt óumflýjanlegt að gera ráðstafanir æ ofan í æ. Og ég held, að ríkisstj. verði ekki sökuð um að hafa ekki fylgzt með þeim vanda, því að m. a. var það haft henni til álösunar af sama hv. þm., að hún hefði hvað eftir annað verið að gera ráðstafanir til að mæta þessum vanda. Það hefur byggzt á því einfaldlega, að vandinn hefur alltaf verið að vaxa, og það hefur enginn getað fyrir fram séð fyrir þær verðlækkanir og aflabrest, sem hafa skollið yfir okkur með sívaxandi þunga og nú hörmulegast, má segja, vegna þess að horfur eru á, að síldveiðar bregðist svo að segja algjörlega á þessu ári. Það hlaut því að fara svo, hvernig sem frá þessum málum hefur verið gengið og þó að reynt hefði verið að gera bráðabirgðaáætlanir í sumar, að þær hefði orðið að taka til athugunar nú í haust vegna þessa ástands, sem sjáanlegt er, þegar síldveiðar bregðast svo sem nú ber raun vitni um. Staðreyndin er sú, að það hafa aldrei legið fyrir jafnglöggar upplýsingar, sem hægt er að byggja á, og það hefur satt að segja tekið furðulega stuttan tíma að afla allra þeirra upplýsinga, sem beðið hefur verið um í umræðum stjórnmálaflokkanna, og hefði aldrei verið hægt að afla þeirra upplýsinga með jafnskjótum hætti og nú hefur verið gert.

Það gladdi mig mjög, að þessi hv. þm. vék að mörgum atriðum í ríkisrekstrinum, sem hann taldi, að væri vert að sinna með sparnað fyrir augum. Að þeim atriðum vék ég í mínu máli, og margt af því hefur verið ákveðið og er að koma til framkvæmda eða komið til framkvæmda. Hann las að vísu upp langan lista um prósentuhækkanir á ýmsum útgjaldaliðum, kostnað við ýmis embætti og þess konar. Allt var það fróðlegt. En það hefði líka verið fróðlegt, ef hann hefði, þegar undirnefndin, sem hann átti sæti í, var að vinna að þeim málum í sumar, gert sér grein fyrir því, hvort hér væri um svo óraunsæjar hækkanir að ræða, að það væri hægt að koma hér við sparnaði. Ef það er rétt, að hækkanirnar hafi verið óeðlilega miklar, þá hefði verið eðlilegt, að hann — einmitt við athugun málsins þá — hefði bent á, að þarna væri rétt að færa til betra ástands aftur og draga úr kostnaði. Ég get annars tekið undir meginhlutann af því, sem hann mælti um, hvað rétt væri að taka til athugunar umfram það, sem ég vék að. Ég er honum sammála um, að það er nauðsynlegt að athuga rækilega hag Pósts og síma. Það hefur verið reynt að fylgjast með fjárfestingarmálum Pósts og síma nú síðustu árin, þó að því miður hafi gengið dálítið erfiðlega að framfylgja því fullkomlega, að stofnunin héldi sig innan þeirra áætlana, sem gerðar hafa verið. Að öðru leyti hef ég ekki tíma til þess að fara út í erfiðleika Pósts og síma, en það mál er nú í sérstakri athugun.

Ég sé ekki ástæðu til að fara að ræða almennt um upptalningar hv. þm. beggja, framsögumanna stjórnarandstöðuflokkanna, um ástandið, eins og það er nú. Ég hygg, að í meginefnum hafi ég gert grein fyrir því í minni framsöguræðu og með þeim hætti, að það brýtur ekkert í bága við það, sem þessir hv. þm. sögðu, þó að þeir vildu leggja það út nokkuð með öðrum hætti, þó sérstaklega hv. þm. Geir Gunnarsson, sem rakti í löngu máli skattahækkanir þær, sem gerðar hefðu verið undanfarin ár, og taldi, að þar væri orsök vandamála atvinnuveganna. Skattahækkanir til ríkisins, veit þessi hv. þm., sem hefur átt sæti í fjvn. langan tíma, að koma alltaf á eftir öðrum hækkunum, þannig að þær eru alltaf afleiðing af öðrum hækkunum. Þær verka svo að vísu aftur á þann hátt að leiða til hækkana á ýmsum sviðum, það er alveg rétt. Þetta er sú keðjuverkun, sem við stöndum andspænis og ekki hefur tekizt að rjúfa

vegna þess vísitölu- og uppbótakerfis, sem við höfum haft í gangi og gerir ómögulegt að stöðva þessa þróun nema frá því verði horfið.

Hv. þm. báðir héldu því fram, að höfuðvandi útflutningsatvinnuveganna stafaði af þeirri verðbólgustefnu, sem ríkisstj. hefði fylgt. Ég nenni ekki að vera að elta ólar við þessar fullyrðingar. Meginstefna ríkisstj. hefur verið algerlega andstæð verðbólguþróun, og það hefur verið reynt með stefnu í peningamálum og í ríkisfjármálum að stefna að því að vinna gegn verðbólgu. Hitt er aftur á móti staðreynd málsins, að því miður hafa mörg öfl í þjóðfélaginu og það með stuðningi flokka þessara hv. þm. lagt sig æðimikið fram um það að verka í þá átt, að leitt hefur til verðbólguauknингar. Þessir flokkar hafa tekið undir alla kröfugerð á öllum tímum, sem hefur leitt af sér að sjálfsögðu það vandræðaástand, sem við stöndum nú andspænis.

Hv. þm. Geir Gunnarsson sagði það einkennilegt, að á hávelgengnistímum hefði ekki verið hægt að safna sjóðum hjá útgerðinni til að mæta vandanum nú. Þetta er vissulega mikið böl og á þetta hefur margoft verið bent, að það hefði verið geigvænlegt, að á þessum velmegunartímum hefði jafnvel orðið að styrkja útgerðina. En af hverju stafaði það? Það stafaði einfaldlega af því, að kröfugerðin á hendur útgerðinni var miklu meiri en undir yrði risið.

Það hefur verið á það bent af þessum hv. þm., að það sé ekki við sérstaklega stóran vanda að glíma nú, vegna þess að hagur þjóðarinnar, þó að við þessa erfiðleika sé að glíma, verði þó aldrei verri en hann hafi verið 1963 og þá hafi hagur þjóðarinnar verið góður. Þetta er út af fyrir sig rétt og væri raunhæft að tala svona, ef þjóðin hefði lifað í samræmi við þetta og lagt til hliðar allt það fé, sem henni áskotnaðist umfram á toppvelgengnisárunum 1964—1965 og allt fram á árið 1966. En því miður hefur þetta ekki gerzt. Því hefur ekki fengizt framgengt, að neitt mætti spara. Allir kannast við, hversu deilt hefur verið á ríkisstj. fyrir að safna gjaldeyrisvarasjóði. Það hefur oft verið að henni hrópað fyrir stefnuna í peningamálum, sem þó leiddi til þess, að við gátum sparað saman þann sjóð, sem við höfum svo lifað á allt til þessa dags. Það er raunalegt, að það fékkst ekki skilningur á því að safna fé á þessum árum. En þjóðin vildi eyða jafnóðum öllu því, sem inn kom, þannig að þess vegna er aðstaðan sú, að þjóðin hefur lagað sig að lifnaðarháttum, sem miðaðir eru við hinar háu tekjur, og fjöldi einstaklinga tekið á sig fjárskuldbindingar, sem miðaðar eru við þessar tekjur. Það gerir vandann svo stórfenglegan og erfiðan nú, og þess vegna er svo hörmulegt við það að fást og erfitt, þegar við þurfum að hverfa svo langt til baka aftur. Það skilur hver einstaklingur, hvaða erfiðleika það hefur í för með sér, ef hann missir um 40% af tekjum sínum á einu ári, og sama er að segja um þjóðarbú, sem er jafnháð viðskiptum við erlendar þjóðir og við erum, þegar það missir 40% af sínum tekjum.

Ég skal ekki fara út í hugleiðingar hv. þm. Geirs Gunnarssonar, en ákaflega þætti mér fróðlegt að sjá, þegar till. hans og hv. flokksbræðra hans koma fram, sem eiga að leysa allan vanda atvinnuveganna, án þess að það þurfi að fylgja því kjaraskerðing fyrir almenning. Það verður sannarlega fróðlegt og það væri fullkomlega þess vert, að þeim væri falin forysta þjóðarskútunnar, ef þeir hafa einhver slík „patent“ ráð til þess að leysa vandann.

Stefna ríkisstj. hefur verið ljós nú síðustu ár. Það er á það deilt, að hún hafi gripið seint til ráðstafana til að hjálpa atvinnuvegunum, og það er út af fyrir sig rétt. Það byggist einfaldlega á því, að það hefur verið reynt í lengstu lög að komast hjá kjaraskerðingu, það hefur verið reynt í lengstu lög að láta atvinnulífið, þá sem hafa breiðari bökin, taka á sig skellina, meðan hægt hefur verið, og ekki gripið til ráðstafana, fyrr en óumflýjanlegt hefur verið og ekki verið hægt að fara aðrar leiðir. Þetta er það, sem veldur því, að ríkisstj. hefur æ ofan í æ verið að gera efnahagsráðstafanir og hefur stundum þurft á nokkurra mánaða millibili að endurskoða þær, vegna þess að hún hefur aldrei viljað ganga lengra í kjaraskerðingu eða álögum á borgarana heldur en brýnasta nauðsyn hefur krafizt. Nú stöndum við andspænis því, að það verður ekki lengur umflúið vegna ástands atvinnuveganna, vegna þeirra áfalla, sem þeir hafa orðið fyrir af hinum stórkostlega aflabresti og verðhruni, að nú verður að rétta myndarlega hag þeirra. Og hv. stjórnarandstæðingar hafa ekki dregið úr því frēmur en við stjórnarsinnar hér í kvöld að lýsa því og það alveg réttilega, hversu stóran vanda hér væri við að glíma og hversu alvarlega horfði, ef geta máttarstoða þjóðfélagsins, atvinnuveganna, brysti og atvinnuleysi skylli yfir. Við skulum vona það, að öll þjóðholl öfl geti um það sameinazt að leysa þennan vanda þannig, að nú verði hægt að gera viðhlítandi ráðstafanir til þess að leysa vanda atvinnulífsins þannig, að við getum bætt okkur upp þá erfiðleika, sem við nú stöndum andspænis vegna minnkandi þjóðartekna, með því að hleypa nú nýju lífi og fjöri í allan atvinnurekstur og grípa til nýrra framleiðsluúrræða, sem geti leitt til þess, að ekki þurfi að koma til varanlegrar kjaraskerðingar fyrir allan almenning í landinu.— Góða nótt.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 6. fundi í Sþ., 30. okt., var fram haldið 1. umr. um frv.

ATKVGR.

Frv. vísað til fjvn. með 34 shlj. atkv. og umr. frestað.

Á 20. fundi í Sþ., 12. des., var enn fram haldið 1. umr. um frv.

ATKVGR.

Afbrigði um frestun almennra umræðna (útvarpsumr.) samþ. með 46 shlj. atkv.

Jón Árnason: Herra forseti. Við þessa umr. óskar fjvn. ekki að gera aths. við fjárlagafrv., en leggur til, að því verði vísað til 2. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 50 shlj. atkv.

Á 21. fundi í Sþ., 13. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 1, n. 129, 147 og 153, 143, 149, 159, 160, 163).

Frsm. meiri hl. (Jón Árnason): Herra forseti. Fjvn. hóf störf sín og athugun á fjárlagafrv. þegar á fyrstu dögum þingsins og hefur alls rætt málið á 35 fundum. Auk þess hafa nm. heimsótt nokkrar stofnanir, rætt við forstöðumenn þeirra í því skyni að kynnast sem bezt þörfum stofnananna og því, sem að dómi n. væri óumflýjanlegt að mæta með auknum fjárveitingum eða annarri fyrirgreiðslu. Þá hefur n. einnig haft til athugunar og afgreiðslu fjölmörg erindi, sem henni hafa borizt, erindi, sem flest hafa falið í sér fjárbeiðnir til að tryggja framgang eða til stuðnings margvíslegum áhugamálum þjóðfélagsþegnanna, en n. hefur því miður í allt of fáum tilfellum séð sér fært að mæta þeim með nýjum fjárveitingum.

Það hefur nú sem fyrr komið í ljós, að verkefnin eru næg og þarfirnar miklar, en að hinu leytinu verður sú staðreynd ekki umflúin, að fjvn. og Alþ. hafa takmarkaðan sjóð úr að spila og við það hljóta störf n. að miðast.

Eins og jafnan áður hefur n. lagt á það áherzlu við athugun sína á fjárlagafrv., að aflað sé sem mestra upplýsinga um rekstur hinna ýmsu ríkisstofnana, og í því sambandi hefur n. átt viðræður við forsvarsmenn þeirra, eftir því sem föng hafa verið á. Þá hefur það auðveldað n. afgreiðslu fjárlagafrv. að þessu sinni, að eins og fram kom í ræðu hæstv. fjmrh. við 1. umr. málsins skipaði hann á s. l. sumri undirnefnd fjvn., sem í átti sæti einn fulltrúi frá hverjum stjórnmálaflokki, og starfaði hún með hagsýslustofnuninni að undirbúningi fjárlagafrv. og kom þá á framfæri till. sínum um það, sem hún taldi, að þyrfti sérstaklega að athuga. Ég tel víst, að þm. telji, að hæstv. fjmrh. hafi hér farið inn á rétta braut í þessum efnum og að áfram beri að halda á þeirri leið, sem gefur fjvn. betri aðstöðu til að fylgjast með og koma á framfæri till. sínum þegar við fyrstu gerð fjárlagafrv. Þá hefur n. nú sem áður notið góðrar aðstoðar hagsýslustjóra, dr. Gísla Blöndals, við afgreiðslu málsins, en þetta hvort tveggja hefur öðru fremur auðveldað störf n. og greitt fyrir afgreiðslu málsins. Ég vil því nota tækifærið og þakka þessum aðilum fyrir gott samstarf, um leið og ég þakka meðnm. mínum öllum fyrir sérstaklega gott samstarf og vel unnin störf. Ég vænti þess, að enda þótt leiðir nm. um afgreiðslu einstakra mála hafi ekki í öllum tilfellum legið saman, þá telji þeir sig ekki hafa verið órétti beitta í sambandi við vinnubrögð í n. eða afgreiðslu málsins í heild.

Eins og nál. meiri og minni hl. fjvn. bera með sér, náðist ekki samkomulag innan n. eða samstaða um afgreiðslu málsins. Ég vil þó taka það fram, að varðandi brtt. meiri hl. n. stendur minni hl. einnig að samþykkt þeirra flestra að öðru leyti en því, sem er bein afleiðing gengislækkunarinnar.

Eins og fram kemur í aths. við fjárlagafrv., vantaði enn mikið á, þegar frv. var samið, að lokið væri nauðsynlegum athugunum á hag atvinnuveganna og rekstrarlegri aðstöðu þeirra. Í frv. var því aðeins gert ráð fyrir þeim fjárveitingum til atvinnuveganna, sem eru til jafns við það, sem er í fjárl. yfirstandandi árs, en þá var sem kunnugt er vandi atvinnuveganna leystur með lögum, sem fólu í sér sérstakar ráðstafanir sjávarútveginum til handa. Með tilkomu gengislækkunarinnar, sem átti sér stað þann 15. nóv. s. l., raskaðist að sjálfsögðu allur grundvöllur fjárlagafrv. og varð því óumflýjanlegt að endurreikna flesta liði frv.

Varðandi tekjubálk frv. eru till. meiri hl. n. byggðar á nýjum upplýsingum frá Efnahagsstofnuninni og er þá stuðzt við þjóðhagsáætlun stofnunarinnar fyrir árið 1969, en hún er við það miðuð, að ekki eigi sér stað kauphækkanir á því ári. Ég mun með nokkrum orðum víkja að þeim upplýsingum, sem n. bárust og snerta aðaltekjustofna fjárlagafrv.

Um eignarskattinn segir, að sé gert ráð fyrir, að innheimtuhlutfall verði 72.5% af álagningu ársins, en mun lægra af eftirstöðvunum, megi ætla, að innheimtur eignarskattur einstaklinga verði 89.6 millj. kr. árið 1968, en félaga 28.6 millj. Þetta innheimtuhlutfall er mun hærra en náðist 1967, en þá var innheimtan af álagningu undir 70%. Með þessari till. er gert ráð fyrir óbreyttri álagningu eignarskatts og sama innheimtuhlutfalli á yfirstandandi ári. Innheimta eftirstöðva er hins vegar gert ráð fyrir, að aukist nokkuð frá því sem er, og áætlast því eignaskattur einstaklinga 95.4 millj. og félaga 31.3 millj.

Varðandi tekjuskattinn gerir Efnahagsstofnunin ráð fyrir sama innheimtuhlutfalli á yfirstandandi ári, þ. e. 72.5%. Hins vegar hefur tekjuþróunin 1968 verið mjög misjöfn og af þeim ástæðum erfitt að gera sér grein fyrir breytingum skattgjaldstekna. Launataxtar hafa hækkað um rúmlega 6% frá ársmeðaltali 1967 til ársmeðaltals 1968. En hér á móti vegur minnkandi atvinna. Talið er, að aflabrestur á síldveiðum vegi upp á móti auknum þorskafla og hækkun fiskverðs í heildaraflaverðmæti. Er gert ráð fyrir, að nettótekjur til skatts hækki um 4% í heild, og er þá tekið tillit til áhrifa hækkandi eignarskatts og eignarútsvars til frádráttar. Auk þess er gert ráð fyrir, að skattvísitalan verði hækkuð, þannig að álagður tekjuskattur á einstaklinga hækki jafnt og nettótekjur eða um 4%, en hér er lagt til, að tekjuskattur einstaklinga og félaga haldist óbreyttur frá því, sem hann er í frv.

Um aðflutningsgjöldin er talið, að samkv. því yfirliti, sem fyrir liggur um tollskyldan innflutning á fyrstu 10 mánuðum yfirstandandi árs, mætti búast við, að tollskyldur innflutningur á árinu hefði orðið 6 milljarðar 550 millj. kr. miðað við óbreytt gengi. Hér er gert ráð fyrir, að gengisfellingin valdi um 16% rýrnun magns þess innflutnings á árinu 1969 og að tollskyldur innflutningur verði þá um 8 milljarðar 500 millj. kr. cif. á árinu 1969 miðað við nýja gengið. Þessi áætlun er byggð á reynslu áranna 1961—1968 um samhengi innflutnings, innflutningsverðs og tekna. Þá má gera ráð fyrir, að við þennan samdrátt á magni lækki meðaltalstollhlutfallið á árinu 1969 í 26.4% frá því að vera um 28% á yfirstandandi ári. Þessar líkur benda því til þess, að rétt sé að áætla aðflutningsgjöldin eins og meiri hl. fjvn. leggur til, 2 milljarða 244.8 millj. kr., þegar frá hafa verið dregnar til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga 118.2 millj. kr.

Lagt er til, að liðurinn um leyfisgjald af bifreiðum og bifhjólum lækki úr 140 millj. kr. í 102.4 millj. eða um 37.6 millj. Á árinu 1967 voru fluttar til landsins 4103 leyfisgjaldsskyldar bifreiðar. Á árinu 1968 er gert ráð fyrir, að innflutningurinn verði um 2200 eða um 46.5% færri. Það er álit Efnahagsstofnunarinnar, að gera megi

ráð fyrir enn meiri samdrætti í bílainnflutningi á næsta ári, þó að ekki sé gert ráð fyrir eins mikilli stökkbreytingu og átt hefur sér stað á milli áranna 1967 og 1968. Sú till., sem hér liggur fyrir, felur í sér 29% lækkun innflutnings á leyfisgjaldsskyldum bílum á árinu 1969 eða jafngildi þess í föstu verðgildi.

Álagður söluskattur fyrstu þrjá ársfjórðunga 1968 var um 8% hærri en árið 1967. Í ár er hins vegar gert ráð fyrir, að álagður söluskattur verði um 1 milljarður 400 millj. kr. Með hliðsjón af áætluðum breytingum einstakra þátta ráðstöfunar og framleiðslu í áætlun Efnahagsstofnunarinnar fyrir árið 1969 er hér gert ráð fyrir 12.2% aukningu álagningar frá yfirstandandi ári, þannig að söluskattur, þ. e. hluti ríkissjóðs, muni nema um 1 milljarði 440.14 millj. kr.

Varðandi rekstrarhagnað Áfengis- og tóbaksverzlunar ríkisins telur Efnahagsstofnunin, að með óbreyttu verði á áfengi og tóbaki hefði rekstrarhagnaður minnkað verulega og þá sérstaklega vegna hækkunar á innkaupsverði. Gera hefði mátt ráð fyrir, að hagnaðurinn á yfirstandandi ári hefði reynzt um 695 millj. kr. miðað við óbreytt gengi. Með hliðsjón af reynslu ársins 1968 og árangri síðustu verðhækkana telur Efnahagsstofnunin, að hagnaðurinn hefði varla orðið meiri en 511 millj. kr. á árinu 1969 miðað við óbreytt verð. Hér er hins vegar gert ráð fyrir, að hagnaður muni nema um 679 millj. kr. miðað við það verðlag, sem ákveðið var 1. des. s. l.

Varðandi kaflann um arðgreiðslur frá fyrirtækjum og sjóðum í B-hluta er aðallega um þrjár breytingar að ræða. Er það fyrst Keflavíkurflugvöllur, flugmálastjórn. Liðurinn hækkar um 11 millj. 772 þús. kr., og liðurinn um fríhöfn, Keflavíkurflugvelli, hækkar um 6 millj. 617 þús. Hér er um breytingar að ræða, sem leiða af gengislækkuninni. Liðurinn um landshafnir, 1 millj. 860 þús., er hins vegar felldur niður. Í ljós kom, að um ógreiddar skuldir landshafnanna væri að ræða og því ekki um raunhæfar tekjur að ræða.

Samkv. þeim brtt., sem meiri hl. fjvn. leggur til varðandi tekjubálk fjárlagafrv., verða niðurstöður af tekjubálki samtals 7 milljarðar 15 millj. 832 þús. kr.

Ég mun þá víkja að gjaldabálki frv. Við þann endurreikning, sem átt hefur sér stað á gjaldabálki fjárlagafrv., hefur í meginreglum verið stuðzt við eftirfarandi:

1. Laun hækka um 1.5%, en það er sú upphæð, sem talið er, að á vantaði til þess að mæta þeirri launahækkun, sem átti sér stað 1. des.

2. Önnur rekstrargjöld hækka um 35%, en með því eru metin hlutföll erlends og innlends kostnaðar.

3. Á sama hátt hækkar viðhald um 20%.

4. Gjaldfallinn stofnkostnaður er almennt látinn haldast óbreyttur. Þó er um undantekningar að ræða, svo sem um byggingu menntaskóla, og gera má ráð fyrir, að n. beri fram brtt. við 3. umr. málsins, sem fela í sér verulegar hækkanir á framlögum til nýbyggingar skóla og hafna.

5. Yfirfærslur, er gert ráð fyrir, að haldist í flestum tilfellum óbreyttar. Þó er um nokkrar undantekningar að ræða, sem sérstaklega stendur á um. Það er einkum, þegar fjárveitingum er ætlað að standa undir erlendum kostnaði. Í því sambandi má nefna, að framlög til ístenzkra námsmanna hækka um rúmlega 13 millj. kr., til landhelgisgæzlu hækkar framlag vegna erlendra skulda um 8.5 millj. kr. og til byggingarsjóðs síldarleitarskips um rúmlega 2 millj. kr.

6. Liðir, sem fjármagnaðir eru með fyrir fram ráðstöfuðum tekjustofnum, breytast í samræmi við tekjuáætlun. Í því sambandi má nefna tekjur og gjöld Vegasjóðs. Í aths. við fjárlagafrv. var tekið fram, að þar sem vegáætlun lægi ekki fyrir, væru tölur varðandi vegagerð einfaldlega byggðar á áætlunum um tekjur Vegasjóðs og útgjöldum skipt í sem næst sömu hlutföllum og á fjárl. 1963. Við endurskoðun tekjuáætlunar Vegasjóðs er gert ráð fyrir minnkuðum tekjum og þá einkum vegna minni bifreiðainnflutnings, og eru útgjöld Vegagerðar þá lækkuð í samræmi við það. Hins vegar má gera ráð fyrir því, að þessar tölur kunni að breytast, þegar vegáætlun áranna 1969—1972 verður afgreidd frá Alþingi.

7. Liðir, sem heyra undir vexti og afborganir lána, er lagt til, að hækki til samræmis við breytt gengi og innlent verðlag varðandi vísitölutryggð lán, þar sem slíkt á við.

8. Tekjur stofnana í A-hluta eru í flestum tilfellum óbreyttar.

Varðandi einstök fyrirtæki og stofnanir í B-hluta fjárlagafrv. hefur n. þann fyrirvara, að enn sem komið er er ekki í öllum tilfellum unnt að kanna til hlítar þær breytingar, sem gera þarf vegna gengislækkunarinnar. Í því sambandi má sérstaklega nefna framleiðslustofnanir, t. d. eins og Sementsverksmiðjuna, þar sem ekki er enn þá búið að ákveða, hvaða verðlag verksmiðjan á að starfa við á næsta ári.

Ég mun þessu næst víkja að þeim brtt. meiri hl. n., sem eru á þskj. nr. 143 og ég hef ekki þegar gert að umtalsefni.

Koma þá fyrst till. n., sem falla undir starfssvið forsrn. og menntmrn. Er þar fyrst að geta þess, að aðalskrifstofa rn. var á árinu flutt að Hverfisgötu 6. Við það hækkar kostnaður við ræstingu um 72 þús. og annar rekstrarkostnaður um 42 þús. kr.

Stofnkostnaður menntaskóla er lagt til, að hækki um 6.4 millj. kr., eins og ég áður hef vikið að, og skiptist upphæðin þannig, að Menntaskólinn á Akureyri hlýtur 2.5 millj. kr., Menntaskólinn á Laugarvatni 1.6 millj. og Menntaskólinn við Hamrahlíð 2.3 millj. kr. Heildarframlag ríkisins til stofnframlaga menntaskóla nemur þá samtals 38 millj. 68 þús. kr.

Til Reiknistofnunar háskólans er lagt til að hækka framlag um 214 þús. kr. vegna aukins kostnaðar.

Til Menntaskólans á Akureyri hækkar launaliður um 200 þús. vegna fjölgunar um eina bekkjardeild. Á sama hátt er lagt til, að launaliður við Menntaskólann við Hamrahlíð hækki um 230 þús.

Til Kennaraskólans hækkar gjaldfærður kostnaður um 140 þús. Er það vegna kaupa á tækjum til eðlis- og efnafræðikennslu. Þá er till. um að hækka launalið Kennaraskólans vegna fjölgunar á bekkjardeildum um 880 þús. kr. Kennaraskólinn býr nú við mjög þröngan húsakost miðað við nemendafjölda og hefur aðsókn að skólanum aldrei verið meiri en á þessum vetri. Fjvn. heimsótti skóla þennan fyrir nokkru og gerði sér ljóst, að miðað við þann nemendafjölda, sem nú situr skól-

ann, er mjög brýn þörf fyrir aukið kennslurými, þó að n. að þessu sinni sjái sér ekki fært að bera fram till. um framlag til nýrrar byggingar. En til Æfinga- og tilraunaskóla Kennaraskólans er hins vegar lagt til, að framlag til stofnkostnaðar hækki um 1 millj. kr.

Lagt er til, að bifreiða- og ferðakostnaður fræðslumálaskrifstofunnar hækki um 50 þús. kr., en þessi upphæð hafði af vangá fallið niður í till. rn. Til sundskyldu í skólum landsins hækkar framlag um 370 þús. kr.

Launaliður við Hjúkrunarskóla Íslands, er lagt til, að hækki um 1 millj. 471 þús. vegna nýrra hjúkrunarnema. Hér er um laun að ræða fyrir nemendur í bóklegu námi. Nemendafjöldi í Hjúkrunarskóla Íslands er nú um 220.

Framlag til Myndlista- og handíðaskólans, er lagt til, að hækki um 174 þús. kr. vegna aukins kostnaðar.

Til Vistheimilisins í Breiðuvík hækkar gjaldfallinn stofnkostnaður um 100 þús. kr., en það er vegna endurbóta á húsnæði vistheimilisins.

Til Lánasjóðs ísl. námsmanna, er lagt til, að fjárveiting hækki um 13 millj. 7 þús. kr., eins og ég áður hef vikið að. Er það í beinu sambandi við erlendan kostnað, og verður þá heildarupphæðin, framlag til íslenzkra námsmanna, 44 millj. 752 þús. kr.

Þá er lagt til, að liðurinn náms- og fræðimenn hækki um 815 þús. kr., þar af til félagsheimilis stúdenta 450 þús. kr. vegna dagheimilis fyrir börn. Liðurinn til framhaldsnáms iðnaðarmanna erlendis hækkar um 220 þús. Þá er lagt til, að styrkur til erlendra námsmanna á Íslandi hækki um 145 þús. kr. og verði því samtals 945 þús.

Til Þjóðminjasafns er till. um 768 þús. kr. fjárveitingu. Er það til viðhalds og endurbóta á hitalögn hússins. Talið er, að þjóðminjasafnshúsið þurfi á verulegum endurbótum að halda á næstu árum. Er hér aðeins um einn áfanga að ræða af þeirri heildarviðgerð, sem talin er óumflýjanleg.

Lagt er til, að launaliður við Listasafn ríkisins hækki um 165 þús. kr. Er það vegna þess, að gert er nú ráð fyrir, að ritari við Listasafnið verði fastráðinn samkv. viðeigandi launaflokki, en starfsmaður þessi hefur að undanförnu verið lausráðinn hjá safninu.

Liðurinn til vísinda- og fræðimanna, er lagt til, að hækki um 150 þús. kr. Er þá gert ráð fyrir því, að dr. Jens Pálsson hljóti 100 þús. kr. af þeirri upphæð til mannfræðirannsókna á Íslendingum og dr. Sigurður Jónsson 50 þús. kr. til rannsókna á þörungagróðri við strendur landsins.

Þá er lagt til, að liðurinn um framlag Íslands til Norræna hússins hækki um 707 þús. kr., en það er það, sem á vantar, að Ísland leggi fram sinn hluta af byggingarkostnaðinum. Heildarbyggingarkostnaður Norræna hússins í Reykjavík er nú samkv. uppgjöri 46 millj. 800 þús. kr. og er því hlutur Íslands í byggingarkostnaðinum 7.8 millj. kr. Lagt er til að hækka fjárveitingu til Reykholtsstaðar um 250 þús. og skal verja upphæðinni til nauðsynlegra umbóta fyrir staðinn.

Þá er till. um fjárveitingar vegna kostnaðar við Ólympíuleikana í Mexíkó að upphæð 200 þús. kr., en kostnaður vegna þátttökunnar mun hafa farið nokkuð fram úr áætlun. Allt frá árinu 1924 hafa Íslendingar tekið þátt í svo nefndum yrkisskólaþingum, þar sem tekin er til meðferðar kennsla í hinum ýmsu atvinnugreinum. Yrkisskólaþing hefur aðeins einu sinni verið haldið á Íslandi, en það var árið 1949. Nú er ákveðið, að næsta yrkisskólaþing Norðurlanda verði haldið hér í Reykjavík á næsta ári, og með tilliti til þess er lagt til að veita 100 þús. kr. í þessu skyni.

Til Skíðaskólans í Kerlingarfjöllum er lagt til að veita 100 þús. kr. Skíðaskóli þessi mun hafa veitt fjölmörgum unglingum kennslu í skíðaíþróttinni og verið veruleg lyftistöng í þeim efnum. Þegar skólahúsið var byggt, gátu forráðamenn þess ekki fengið lán til framkvæmdanna án þess að það væri með gjaldeyristryggingu. Hér er því lagt til að létta nokkuð undir í þessum efnum.

Þá er lagt til að verja 50 þús. kr. til Skáksambands Íslands vegna þátttöku í Ólympíuskákmóti, sem haldið var í Lugano í Sviss á þessu ári.

Þá koma till. varðandi utanrrn. Þar eru tvær orðalagsbreytingar bornar fram að ósk rn., þannig að liður 309 verði með yfirskrift: Sendiráð Íslands hjá Sameinuðu þjóðunum og aðalræðismannsskrifstofa Íslands í New York. Enn fremur breytist yfirskrift liðarins 310 og verður Sendinefnd Íslands hjá NATO og sendiráð Íslands í Brüssel.

Þessu næst koma brtt., sem falla undir atvmrn. Er þar fyrst till. um hækkun á fjárveitingu til Landgræðslunnar að upphæð 1.7 millj. kr. vegna áburðarkaupa. Er hér um hliðstæða fjárveitingu að ræða við það, sem leiddi af gengisbreytingunni 1967 og þá var einnig tekið til greina.

Þá er lagt til, að framlag til togara, 40 millj. kr., verði fellt niður. Er það í beinu sambandi við ákvæði um ráðstöfun á gengishagnaði, sbr. frv. til l. um ráðstafanir í sjávarútvegi vegna breytingar á gengi íslenzkrar krónu.

Framlag til byggingar síldarleitarskips var áætlað samkv. frv. 3 millj. 750 þús. kr., en vegna gengisbreytingar er lagt til, að liðurinn hækki um 2 millj. 40 þús. kr. og verði því samtals 5 millj. 790 þús.

Á liðnum ýmislegt er till. um 100 þús. kr. fjárveitingu vegna skólabáts. Er hér orðið við óskum æskulýðsfélaganna í Reykjavík og Kópavogi, en það skilyrði fylgir fjárveitingunni, að hlutaðeigandi bæjarfélög leggi eigi minni upphæð fram í þessu skyni.

Þá kem ég næst að till., sem falla undir dóms- og kirkjumálarn. Er það fyrst till. um 207 þús. kr. fjárveitingu vegna bæjarfógetabústaðarins á Ísafirði.

Þá er lagt til, að launaliður til löggæzlu, hækki um 90 þús. og önnur rekstrargjöld hækki einnig um sömu upphæð. Hér er um fjárveitingu að ræða vegna löggæzlu, sem talið er óhjákvæmilegt að hafa á framkvæmdasvæðinu við Búrfell.

Þá er till. um 1 millj. 617 þús. kr. fjárveitingu til Landsspítalans vegna kaupa á tækjum til gervinýrnaþjónustu. Starfræksla þessi hófst á s. l. sumri og þá með lánstækjum frá Svíþjóð, en með kaupum á þessum tækjum er talið, að fáist mun betri nýting á vinnu læknis, sem stjórnar þessari meðferð. Þá er einnig lagt til að hækka framlag til Landsspítalans til byggingar vegna hávoltageislunar um 2½ millj. kr. Í þessu sambandi er rétt að geta þess, að áhugamenn hafa í samráði við Krabbameinsfélag Íslands boðið Landsspítalanum að gjöf tæki til hávoltageislunar, svo kölluð kóbalttæki,

sem eru að verðmæti 3—4 millj. kr. Þarf að reisa þar sérstaka byggingu fyrir þessa starfsemi. Hér er þó aðeins um bráðabirgðaráðstöfun að ræða, en ætlunin mun vera að koma upp sérstakri byggingu við spítalann eða geislalækningadeild. Krabbameinsfélag Íslands hefur þegar boðið fram verulegt fjármagn í þessu skyni.

Þá kemur næst framlag til ríkisspítala, liðirnir 371—376. Þar er gert ráð fyrir að mæta kostnaðarhækkunum sjúkrahúsanna með því, að daggjöld hækki um 16.1% og aðrir tekjuliðir samsvarandi. Á þennan hátt verður framlag ríkisins óbreytt í heild, enda þótt það breytist til einstakra sjúkrahúsa. Hér er þó aðeins um bráðabirgðaráðstöfun að ræða, þar sem daggjöld hafa ekki enn verið ákveðin, og þá gert ráð fyrir, að endanlegar tölur liggi fyrir við 3. umr. málsins.

Til fávitahælis í Kópavogi er nýr liður að upphæð 400 þús. kr., en það er til kaupa á húsbúnaði fyrir stofnunina, sem nú hefur flutt í nýtt húsnæði.

Lagt er til, að liðurinn um byggingar sjúkrahúsa, sjúkraskýla og læknisbústaða annarra en ríkissjúkrahúsa hækki um 5 millj. 498 þús. og verður því samtals 41 millj. 169 þús. kr. Hann skiptist þannig, að til sjúkrahúsa, sjúkraskýla og heilsuverndarstöðva er varið 33 millj. 570 þús. kr. og til læknisbústaða 7 millj. 599 þús. kr. Að öðru leyti vísast til sérstaks yfirlits um fjárveitingar til einstakra sjúkrahúsa og læknisbústaða.

Þá er fjárveiting til St. Jósepsspítala í Reykjavík að upphæð 2 millj. 950 þús. kr. og til sjúkrahúss St. Fransiskusarsystra í Stykkishólmi að upphæð 500 þús. kr.

Liðurinn til heilsuverndarstöðva hækkar um 1 millj. 50 þús. kr., vegna þess, að styrkir til heilsuverndarstöðva voru vanáætlaðir um þessa upphæð í frv. Þá er lagt til, að veittar verði 300 þús. kr. til kaupa á lungnaröntgentæki fyrir berklavarnadeild Heilsuverndarstöðvar Reykjavíkur. Gert er ráð fyrir, að þetta sé fyrsta greiðsla af þremur vegna kaupa á þessum tækjum.

Þá er lagt til, að fjárveiting til Náttúrulækningafélags Íslands verði 320 þús. kr., en það er sama fjárupphæð og veitt er í fjárl. yfirstandandi árs.

Norræn bindindisþing eru haldin á þriggja ára fresti. Skiptast Norðurlöndin á um að halda þingin. Að þessu sinni mun það koma í hlut Íslands að standa fyrir umræddu bindindisþingi hér í Reykjavík. Er því lagt til að veita 50 þús. kr. fjárveitingu í þessu skyni.

Þessu næst koma brtt. varðandi félmrn., og þar er fyrst liðurinn 270, framlag til almannatrygginga. Gert er ráð fyrir, að upphæðinni verði skipt með sérstökum lögum. Hér eru teknar inn 90 millj. kr., sem er áætlaður hluti ríkissjóðs vegna fyrirheits ríkisstj. um 150 millj. kr. hækkun á bótum almannatrygginga. Ekki hefur endanlega verið gengið frá skiptingu þessa fjár á einstakar tegundir bóta, en það mun verða gert með sérstökum lögum síðar á þessu þingi. Eins og ég áður hef sagt, hefur ekki endanlega verið gengið frá daggjöldum sjúkrahúsanna og er því hér til bráðabirgða gert ráð fyrir 16.1% hækkun. Það er sama hlutfallstala og er á gjöldum ríkisspítalanna.

Í liðnum um framlög til sveitarfélaga er lagt til, að liðurinn vatnsveitur samkv. lögum hækki um 2.5 millj. kr. og verði þá samtals 10 millj. Þetta var talið óhjákvæmilegt, sérstaklega með tilliti til hækkunar á afborgunum og vöxtum vatnsveitunnar í Vestmannaeyjum. Þá er lagt til, að veittar verði 50 þús. kr. til aukningar vatnsmagni í Tungulæk á Rangárvöllum, en nægilegt vatnsmagn er talið forsenda þess, að rafstöð, sem þar er, komi að gagni.

Til Bjargráðasjóðs er till. um 3 millj. kr. fjárveitingu, en það er vegna væntanlegrar lagabreytingar um Bjargráðasjóðinn, sem boðuð hefur verið.

Þá er lagt til að hækka framlag ríkissjóðs til Atvinnujöfnunarsjóðs um 50 millj. kr., en af þeirri upphæð er áætlað að verja allt að 30 millj. kr. til aðstoðar við frystihús, sem sérstaklega stendur á um.

Á liðnum um ýmis framlög er lagt til, að styrkur til elliheimila hækki um 60 þús., en það er vegna elliheimilisins á Blönduósi, sem ekki hefur notið styrks áður.

Sjúkraflugþjónustan í landinu á við mikla fjárhagsörðugleika að etja um þessar mundir. Flugþjónustan h.f., sem Björn Pálsson og Flugfélag Íslands standa að annars vegar og Tryggvi Helgason á Akureyri hins vegar, hefur unnið gott og ómetanlegt starf. Að þessu sinni er lagt til, að liðurinn til sjúkraflugs hækki um 125 þús. kr. og verður þá samtals 500 þús.

Þessu næst eru till. um byggingarstyrki til félagasamtaka. Þar er lagt til, að Blindrafélagið hljóti 120 þús. kr. byggingarstyrk, en það er sama upphæð og í fjárl. yfirstandandi árs, en auk þess eru veittar 800 þús. kr. til aðstoðar við blinda. Sjálfsbjörg, landssamband fatlaðra, hefur á fjárl. yfirstandandi árs 1½ millj. kr., sem er byggingarstyrkur, og er hér lagt til, að veitt verði sama upphæð að þessu sinni. Þá er að lokum lagt til, að Bandalag ísl. skáta hljóti 100 þús. kr. styrk vegna húsakaupa.

Þá koma till. varðandi fjmrn. Þar er fyrst lagt til, að launaliður embættis ríkisskattstjóra hækki um 2.5 millj. kr. vegna fjölgunar á starfsliði í skattrannsóknardeild. Enn fremur er lagt til, að launaliður við embætti tollstjóra í Reykjavík hækki um 666 þús. kr., en vegna mistaka var hér um vanáætlun að ræða. Á sama hátt er lagt til, að launaliður tollgæzlunnar í Reykjavík hækki um 790 þús. kr., en þetta eru áætlanir vegna lífeyristryggingar þessara stofnana.

Næst koma brtt. meiri hl. n. við fjárveitingar, sem falla undir samgmrn. og iðnmrn. Er þar fyrst á liðnum 321 bygging strandferðaskipa. Lagt er til, að liðurinn hækki um 6 millj. kr., en það er vegna verðtryggingarákvæða í byggingarsamningi um strandferðaskipin, sem nú er verið að byggja á Akureyri.

Þá er lagt til, að byggingarstyrkur til flóabáta hækki um 983 þús. kr. Það er vegna gengisbreytingarinnar og skiptist upphæðin á milli Breiðafjarðarbáts og Djúpbáts, 735 þús. kr. til Breiðafjarðarbáts og 248 þús. kr. til Djúpbáts.

Þá er lagt til, að Veðurstofan hljóti 150 þús. kr. fjárveitingu til hafísrannsókna. Er talið, að hér sé um mikilsvert málefni að ræða og að þessi upphæð nægi til þess að leggja grundvöll að rannsóknum, sem ekki hafi verið sinnt eins og skyldi á undanförnum árum.

Þá er að lokum till. um fjárveitingu til Stýrimannaskólans í Vestmannaeyjum. Lagt er til, að veittur verði 600 þús. kr. styrkur til starfsemi skólans, en það er hliðstætt við fjárveitingu á fjárl. 1968.

Þá eru till. við 6. gr., en þar er lagt til að veita ríkisstj. eftirfarandi heimildir: Að selja áhaldaskemmu Vegagerðar ríkisins á Höfn í Hornafirði. Hér er um að ræða gamla skemmu, en Vegagerðin hefur komið sér upp nýju húsnæði á þessum stað. — Að heimila að endurgreiða aðflutningsgjöld og söluskatt af tækjum, sem gefin verða til mannúðar- og líknarstarfsemi. Gert er ráð fyrir, að endurgreiðsluheimildin nái ekki til innflutnings, sem er eldri en frá árinu 1968, enda setji fjmrn. nánari reglur um þessar endurgreiðslur. — Að heimila endurgreiðslu aðflutningsgjalda og söluskatts af vatnsleiðslurörum, sem bæjarstjórn Vestmannaeyja hefur flutt til landsins til lagningar neðansjávar. — Að fella niður toll og söluskatt af tækjum, sem keypt verða fyrir styrk þann, sem Tilraunastöð háskólans í meinafræði að Keldum hefur hlotið til greiðslu kostnaðar við rannsóknir í erfðafræði og lífefnafræði gerla. — Að ábyrgjast lán að fjárhæð 1 millj. kr. til greiðslu lausaskulda vegna byggingar Umferðarmiðstöðvarinnar í Reykjavík. — Að leyfa póst- og símamálastjórninni að selja húseign stofnunarinnar við Ennisbraut nr. 1 í Ólafsvík ásamt tilheyrandi lóðarréttindum. Að selja gamla húseign á Bíldudal til niðurrifs og brottflutnings af lóð Pósts og síma. Að selja gamla húseign stofnunarinnar ásamt eignarlóð í Djúpuvík í Árneshreppi, ef viðunandi boð fást. Gert er ráð fyrir, að söluverð hússins í Ólafsvík gangi upp í kostnað við byggingu húsa Pósts og síma á staðnum. Í Djúpuvík er starfsemin flutt úr húsinu og mun ekki svara kostnaði að gera við húsið. Þá er talið, að ekki muni svara kostnaði að flytja húsið á Bíldudal á nýjan byggingarreit, þar sem hér er um mjög lélegt hús að ræða, en nýtt hús hefur þegar verið byggt á staðnum.

Loks vil ég geta þess, að við fjárveitingu til flóabáta og veruflutninga hefur samvn. samgm. flutt brtt. á sérstöku þskj., svo sem venja er, og mun frsm. n. gera grein fyrir þeim till. En samkv. till. n. á þskj. 149 fela þær í sér hækkun útgjalda, sem nemur samtals 3 millj. 155 þús. kr. Verði brtt. meiri hl. fjvn., sem fyrir liggja við þessa umr., ásamt till. samvn. samgm. samþykktar, mun greiðsluyfirlit ríkissjóðs verða þannig, að gjöld eru samtals 6 milljarðar 890 millj. 814 þús. kr. Tekjur verða þá samtals 7 milljarðar 15 millj. 832 þús. Lánahreyfingar út verða 90 millj. 68 þús., en lánahreyfingar inn 4 millj. 50 þús. Mismunur er þar upp á 86 millj. 18 þús. kr. Greiðslujöfnuður á rekstrarreikningi er því 125 millj. 18 þús., en á lánahreyfingum er mismunur upp á 85 millj. 18 þús. kr. og verður því greiðsluafgangurinn réttar 39 millj. kr.

Herra forseti. Ég hef þá lokið að gera grein fyrir brtt. meiri hl. fjvn. fyrir fjárlagafrv. fyrir árið 1969. Ég vænti, að till. hljóti samþykki Alþ., og legg til, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 3. umr.

Frsm. minni hl. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Ég vil í upphafi máls míns vekja athygli á því, að í nál. okkar á bls. 5 er sagt Áburðarverksmiðja ríkisins, en á að sjálfsögðu að vera Áburðarverksmiðjan h.f. og í síðara tilfellinu, þegar vitnað er til sama, á að vitna til Áburðarsölu ríkisins. Þetta leiðréttist hér með.

Áður en ég vík máli mínu að fjárlagafrv. fyrir árið 1969 og fjárlagaafgreiðslunni, vil ég byrja á því fyrir hönd okkar minni hl. fjvn. að þakka hv. form. n. og nm. öðrum fyrir samstarfið í n. Það er svo, að þó að leiðir skilji, þegar til afgreiðslu kemur á fjárlagafrv., þá höfum við ekki undan samstarfinu að kvarta í n. af hálfu nm. yfirleitt, og vil ég þakka kærlega fyrir það.

Eins og venja er til, hefur meiri hl. gert grein fyrir því og frsm. hans, hv. 2. þm. Vesturl., fyrir þeim till., sem fluttar eru sameiginlega af fjvn. eða af meiri hl. í umboði n. Fyrirvari okkar minnihlutamanna fyrir flutningi þeirra till. er sá sami og venja er til um, að við höfum þrátt fyrir það óbundnar hendur um fylgi við hverja einstaka þeirra og till. í heild. Hins vegar munu þær vera með þeim hætti nú, að við munum fylgja þeim flestum, enda er um þær að segja, að þær eru tiltölulega mjög áhrifalitlar um afgreiðslu fjárl. Fjvn. sem slík flytur nú minna af till. til breytinga á fjárlagafrv. heldur en oftast áður, og flestar eru þær í smáum stíl. Þær breytingar, sem hins vegar verða á fjárlagafrv., frá því að það var lagt fram hér á hv. Alþ. í okt. s. l., eru bundnar við þau áhrif, sem gengisbreytingin hefur á afgreiðslu fjárl. og ég kem síðar að.

Eins og áður mun hafa verið að vikið hér á hv. Alþ. af mér og fleiri minnihlutamönnum, þá hefur hæstv. ríkisstj. haft 2½ milljarð á nokkrum árum umfram þær tekjur, sem hún reiknaði með að fá samkv. fjárl. Þrátt fyrir þetta má segja það með sanni, að hlutur verklegra framkvæmda hafi orðið minni með hverju árinu, sem hefur liðið, af hlutfalli fjárlagafrv. og er nú hvað minnstur. Reksturinn hefur ætíð orðið fyrirferðarmeiri frá ári til árs. Sú stefna, sem hér hefur verið fylgt í efnahagsmálum þjóðarinnar og fjármálum, verðbólgustefnan, hefur orsakað það, að hlutur rekstursins hefur vaxið með hverju ári ásamt útþenslu í ríkiskerfinu og hlutur verklegra framkvæmda rýrnað að sama skapi. Nú mun vera um það spurt í sambandi við afgreiðslu fjárl. að sinni, eins og oft hefur verið gert áður, hvernig á því stæði, að við í stjórnarandstöðunni legðum þá ekki fram sparnaðartill., fyrst við höfðum út á eyðsluna og útþensluna að setja hjá hæstv. ríkisstj. Ég vil við þessa umr. endurtaka það, sem gert hefur verið hér við fjárlagaafgreiðslu mörg undanfarin ár, að það er stefna okkar í stjórnarandstöðunni að leggja ekki til óraunhæfar till. eða till., sem ekki hefur verið unnið að áður að athuga möguleika á, hvort framkvæmanlegar eru. Ég hef oft lýst því yfir fyrir hönd Framsfl. hér úr þessum ræðustól í sambandi við fjárlagaafgreiðslu, að nauðsyn bæri til að endurskoða allt ríkiskerfið og það eitt væri raunhæft til þess af sparnaði og hagsýni í ríkiskerfinu mætti verða. Þessu lýstum við mjög greinilega við fjárlagaafgreiðslu á s. l. ári og bentum á það sem leið, að tekið væri upp samstarf í fjvn. til þess að vinna þetta verk. Það var skoðun okkar stjórnarandstæðinga sameiginlega, að það bæri nauðsyn til, ef ætti að ná árangri eða endurskipuleggja ríkiskerfið og spara eitthvað í ríkisrekstrinum, að vinna það verk með góðum undirbúningi, þar sem reynt væri að ná samstöðu á milli stjórnmálaflokka. Það sýndi sig á þinginu í fyrravetur, þegar gerð var breyting á fjárl. með l. um sparnað í ríkisrekstrinum, hvað fráleitt er að hafa handahófskennd vinnubrögð um slíka afgreiðslu. Ég sýndi fram á það í þeim umr., að þær till. margar, sem þá voru kallaðar sparnaðartill., mundu ekki skila sér, vegna

þess að það væri ekki búið að vinna þann nauðsynlega undirbúning, sem þurfti til þess, að þær væru framkvæmanlegar. Hins vegar var það ljóst, að það var hægt að lækka útgjöld ríkisins með því að taka lán til framkvæmda, og það hefur komið á daginn, að sparnaðurinn, sem átti að skila sér á árinu 1968, mun ekki gera það, en hins vegar munu fjárveitingar, sem voru felldar niður til framkvæmda, að sjálfsögðu ekki verða greiddar út. Það skiptir líka verulegu máli, hvernig að því er staðið að undirbúa og vinna að því að reyna að draga úr kostnaði ríkisins. Þess vegna fannst okkur í stjórnarandstöðunni brýna nauðsyn bera til að gera það með sameiginlegu átaki. Ég vil nefna hér tvö dæmi, sem sanna það, að það er ekki sama, hvernig vinnubrögðum er hagað, þegar á að fara að endurskoða ríkiskerfið til þess að reyna að draga úr kostnaði eða skipuleggja það á betri hátt.

Fyrra dæmið, sem ég nefni, er um forstjórabifreiðarnar. Ríkisstj. hafði sett n. til þess að athuga þetta mál. En hverjir eru í n.? Mennirnir, sem eiga að athuga það, hvort ekki er skynsamlegt að breyta reglum um forstjórabifreiðar eða leggja þær niður, eru allt menn, sem hafa slík hlunnindi sjálfir. Er ástæða til, að þessir menn túlki rétt sjónarmið í þessu máli? Ég er ekki að segja það, að þessir menn séu óhæfir til starfa frekar en aðrir menn, og á sumum þeirra hef ég mestu mætur. En til að vinna þetta verk finnst mér þeir vera of einsýnir.

Ég vil nefna annað dæmi. Það urðu hér fyrir nokkrum árum verulegar umr. um rekstur Skipaútgerðar ríkisins. Forstjóri Skipaútgerðar ríkisins benti á það í umr. við fjvn. og víðar, að nauðsyn bæri til að endurnýja skipastólinn, ef reksturinn ætti að vera sæmilegur, þá yrði að breyta hér til. Það var ekki á þetta hlustað. Hins vegar var tekin upp endurskoðun á starfi Skipaútgerðar ríkisins og rekstri hennar. Og ríkisstj. skipaði nokkra ágæta menn úr sínum hópi, þ. e. úr hópi flokksmanna sinna, til þess að vinna þetta verk. Og niðurstaðan af þessu verki varð svo sú, að horfið var að því að taka upp till. forstjórans um það að endurnýja skipakostinn. En jafnframt þessu var sett upp stjórnarnefnd fyrir Skipaútgerð ríkisins. Ég var nýlega að athuga þetta mál og af því m. a., að ég hafði komið að því hér í ræðu, að við settum upp stjórnarnefnd fyrir Landssímann. En hvað skeður svo með stjórnarnefndina hjá Skipaútgerð ríkisins? Þessir tveir menn auk forstjórans hafa hálf forstjóralaun hvor eða 139 þús. árið 1967 plús 10 þús. í bílastyrk. Ég verð að játa það, að þegar ég virti þetta fyrir mér, kipptist ég við, þegar ég var búinn að leggja til, að við settum stjórnarnefnd fyrir Landssímann. Ef það ætti að greiða þessum mönnum hálf forstjóralaun fyrir að sitja þarna í stjórn, þá mundi ég nú verða að taka till. mína um stjórn fyrir Landssímann aftur. Þetta eru dæmi upp á það, að það er ekki nóg, að ríkiskerfið sé endurskoðað, heldur verður að gera það með þeim hætti, að það sé stefnt að því að breyta skipulaginu. Ég er sannfærður um það, að það er ekki hægt að koma við verulegum sparnaði eða hagkvæmni í rekstri ríkisins nema með skipulagsbreytingu víða. Og það er ekki hægt að gera rekstur ríkisins eðlilegan nema með skipulagsbreytingu, því að auðvitað verða alltaf að koma ný verkefni og nýir liðir, sem verður að hlusta á. Þess vegna verður að gera skipulagsbreytingu á kerfinu, ef það á ekki að verða hreint skrímsli. En það verður að gera það með þeim hætti, að það sé ekki verið að láta tvo embættismenn fá aukastörf, sem veita þeim hálf laun, heldur sé unnið skipulega og hyggilega að þessu. Þess vegna leggjum við fram í okkar nál. ábendingar um ýmsa liði og undirstrikum það, að flokkar okkar eru tilbúnir til samstarfs um það að halda áfram á þeirri braut, sem lagt var út á s. l. sumar með endurskoðun á ríkiskerfinu. Það eru rétt og eðlileg vinnubrögð, og við viljum, að þau séu viðhöfð. Við viljum líka undirstrika það, að embætti og stofnanir í nútímaþjóðfélagi eru meira að kostnaði heldur en lögin ein. Á s. l. ári var spurt hér á hv. Alþ. um leiguskilmála ríkisins á húsnæði, sem ríkið hefur leigt. Þessa skýrslu höfum við fengið um þetta, og þessi skýrsla sannar okkur, að leiga þessa húsnæðis er orðið alveg geysilegt atriði í kostnaði við embættið. Í leigu fyrir húsnæði fyrir eitt embætti eru komnir leiguskilmálar, sem kveða á um yfir 1 millj. kr. á ári. Hér er um geysilegar fjárhæðir að ræða. Þetta eru hæstu leigumálarnir, en við verðum að gera okkur grein fyrir því, hv. alþm., að ef við ætlum okkur að hafa aðhald í ríkisrekstrinum, verðum við að gera stofnanirnar stærri og færri. Þjóðin kemst ekki fram úr þessu vandamáli annars.

Ég skal ekki fara að ræða mikið hér um einstaka staði í þessu tilfelli, en það er geysileg breyting, sem orðið hefur á kostnaði við bæjarfógetaembættið í Hafnarfirði á síðustu árum. Þegar bæjarfógetaskiptin urðu, var keypt íbúðarhús af fyrrv. bæjarfógeta, sem kostaði 4.7 millj. kr., og nú er leigt húsnæði fyrir embættið, sem kostar á 2. millj. á ári. Enda er það svo, að kostnaður við þetta embætti hefur meira heldur en tvöfaldazt síðan þessi breyting varð á, þó að íbúðarhúsinu sé algerlega sleppt. Ég held líka, að brýna nauðsyn beri til að endurskoða embættiskerfið og rekstur hinna ýmsu embætta meira heldur en gert er. Í sambandi við þessa fjárlagaumr. kynnti ég mér fjárhagsáætlanir frá embættum víðs vegar um landið, vegna þess að mér fannst, t. d. þegar ég athugaði fjárhagsáætlun bæjarfógeta- og sýslumannsembætta, gæta mjög mikils ósamræmis. Það væri ekki óeðlilegt, þó að í þessum embættum færi kostnaðurinn að verulegu leyti eftir stærð þeirra og þeirra verkefna, sem þau vinna að. Þetta fannst mér hins vegar ekki vera það, sem sýndi sig við að skoða undirbúning á þessum fjárhagsáætlunum þeirra. T. d. vil ég nefna sýslumannsembættið á Patreksfirði, sem ég hélt, að væri nokkuð stórt embætti. Það eru nokkur kauptún þar. Þetta embætti kostar ekki nema 1 millj. kr., en hins vegar kostar bæjarfógetaembættið á Siglufirði miðað við fjárhagsáætlun 1969 1.8 millj. kr. Við samanburð á þessum tveim stöðum þykir mér kostnaðurinn á Siglufirði vera óeðlilega mikill, ef kostnaðurinn á Patreksfirði er eðlilegur, sem verður að telja. Sama var að segja um bæjarfógetaembættið á Sauðárkróki og sýslumanninn í Skagafjarðarsýslu. Ef það embætti var borið saman við hliðstæð embætti eða minni eins og Siglufjörð, er það tiltölulega ódýrt embætti, eða kostar 1.4 millj. kr. Hins vegar kostar sýslumannsembættið í Vík, sem ég hafði haldið af minni þekkingu að væri mikið minna embætti heldur en Sauðárkróksembættið, 1.3 millj. kr. Ég nefni þessi fáu dæmi til þess að sýna það, að það er nokkurn veginn sama, hvar gripið er niður í ríkiskerfinu. Þegar

farið er að skoða það almennt, gætir þar mjög mikils ósamræmis, og nauðsyn ber til, að það verði endurskoðað og endurskipulagt. Enda er það svo, að það hefur þróazt að formi til eins og það varð í upphafi og hefur aðeins hlaðið utan á sig mismunandi mikið, stundum eftir því hvað þeir hafa verið fyrirferðarmiklir, sem í embættunum hafa setið. Sama er að segja um hinar ýmsu stofnanir, sem hafa orðið til á vegum ríkisins, og mín reynsla er nú sú, eftir að hafa kynnt mér þetta nokkuð, að einmitt hjá þeim stofnunum, sem hafa orðið til á hinum síðari árum, gætir miklu minni festu heldur en í gömlu embættunum og stofnununum, þó að nokkuð muni þetta hafa gengið úr skorðum hin síðustu ár, einnig hjá þeim. Eins og oft hefur verið að vikið og ég vil undirstrika, þá er það svo, að eftir því sem rekstur ríkiskerfisins verður fyrirferðarmeiri, eftir því verður minna til þess að ráðstafa til framkvæmda og uppbyggingar í landinu, enda hefur það sýnt sig, að þróun hinna síðari ára hefur orðið öll á þennan veg. Þegar við lítum aftur til góðu áranna, kemur það á daginn, að við eigum verulegan arf frá þeim, sem ekki er fólginn í því, sem venja er um arf, að við höfum safnað auði, sem við getum notað, þegar erfiðar gengur, heldur er það gagnstæða, því að sú stefna hefur verið tekin upp hjá núverandi valdhöfum í ríkum mæli og færzt í aukana ár frá ári að framkvæma í verklegum framkvæmdum með lánsfé. Þessar skuldatölur eru orðnar verulegar fjárhæðir. T. d. mun Vegasjóður skulda nú um 500 millj., hafnargerðirnar um 89—90 millj., ef teknar eru þessar venjulegu hafnir og tekið með það, sem unnið var umfram fjárveitingar á yfirstandandi ári, landshafnirnar 243 millj., sjúkrahús, menntaskólar, tækniskóli og kennaraskóli um 83 millj., vegna rafmagnslínuframkvæmda um 14 millj. og flugvellir um 100 millj. Hér er um að ræða fjárhæðir, sem eru rúmur milljarður. Þetta er ekki tæmandi upptalning. T. d. hef ég ekki tekið hér með Íþróttasjóð og Félagsheimilasjóð, sem venjulega hefur verið talið, að ekki ætti að taka með, vegna þess að ríkið legði til þeirra, þegar fé væri á fjárl. En þegar tekið er tillit til l. og þeirrar hefðar, sem skapazt hefur um styrkveitingar eða aðstoð úr þessum sjóðum, eru þessar skuldir um 100 millj. kr., og þeim, sem eiga þarna innstæður og eiga í erfiðleikum með sínar framkvæmdir og verða að greiða háa vexti, finnst, að ríkið skuldi sér þessar fjárhæðir. En auk þess hefur það svo gerzt á þessum síðustu árum, að ríkissjóður sjálfur hefur verið rekinn með greiðsluhalla, og hefur myndazt hjá honum veruleg skuldasöfnun, svo sem gerzt hefur á hlaupareikningi í Seðlabankanum, sem mun hafa verið um 800 millj. mánaðamótin október—september, auk þess sem ríkissjóður hefur tekið alls konar lán til framkvæmda á þessum síðustu árum. Skuldaaukning hjá ríkissjóði á árinu 1968 nemur a. m. k. 70—80%, og verðtryggðu skuldabréfin, sem ríkissjóður gaf út fyrir nokkrum árum, 1964 fyrst, munu hafa hækkað í verði yfir 50%. Þessum bréfum voru tryggð þau forréttindi, að þau eru ekki skráð á nafn og munu sennilega ekki nema að litlu leyti vera fram talin, en þau gefa eigendum sínum svona góða vexti, að þau eru á fjórða ári eftir að þau voru keypt komin yfir 54% í hækkun. Það, sem einkennir allt þetta tímabil hæstv. ríkisstj., er verðbólgan og stjórnleysið, sem yfirleitt hefur verið í fjármálum ríkisins og efnahagsmálum þjóðarinnar. Á þetta hefur oft og mörgum sinnum verið bent, en dæmin sanna með hverju árinu sem líður, að þær viðvaranir hafa ekki verið að ástæðulausu.

Þau málefni, sem íslenzka þjóðin ræðir meira nú heldur en nokkru sinni fyrr, er útlitið í atvinnu- og efnahagsmálum þjóðarinnar. Aldrei hefur horft jafnkvíðvænlega sem nú um langt skeið, a. m. k. um atvinnumálin, og sérstök ástæða var til að taka efnahags- og atvinnumálin til sérstakrar meðferðar á þessu ári. Það, sem bar nauðsyn til og fyrst og fremst átti að snúa sér að í sambandi við útlitið í efnahagsmálunum á yfirstandandi ári, þegar fór að líða á það, var að leita eftir samstarfi allra stjórnmálaflokkanna í landinu um lausn vandans. Ríkisstj. lét það boð út ganga og fór fram á það við stjórnarandstöðuflokkana, að hún tæki þátt í viðræðum um lausn efnahagsmálanna. Til þessara viðræðna mætti stjórnarandstaðan strax og þær voru upp teknar. En það sýnir betur en nokkur annað, að stjórnarflokkarnir meintu ekkert með þessum viðræðum, að þeir skyldu mæta til þeirra án þess að hafa undirbúið þær á nokkurn hátt. Þeir mættu til viðræðnanna eins og barn í skóla, sem var ólesið. Þeir höfðu ekki látið gera þær athuganir hjá stofnunum sínum eins og Efnahagsstofnun, Seðlabanka og hagsýslustofnun, sem þurfti að leggja fram til þess að sýna, hvert ástandið væri í efnahagsmálum þjóðarinnar, strax þegar umr. hófust. Það var öllum ljóst og ekki sízt þeim, sem gerst til þekkja, að það var ekki hægt að ræða efnahagsmálin nema gera sér grein fyrir ástandinu. Enda fór það svo, að það fóru 9—10 fyrstu samtalsfundir stjórnmálaflokkanna í það að safna gögnum og fara yfir þau. Þetta er verk, sem átti að liggja fyrir, svo að strax væri hægt að snúa sér að því að leita eftir því, hvort sameiginlegur vilji var til lausnar á vandamálunum.

Hitt atriðið, sem ég ætla að nefna, sem sannar það, að stjórnarflokkunum gekk ekki það til, að þeir ætluðust til samkomulags, var stjórnmálaályktun Alþfl., sem gerð var meðan þessar viðræður stóðu yfir. Þar var því slegið föstu, að áframhald skyldi verða á núverandi stjórnarsamstarfi, en ekki minnzt á þá hugmynd, sem allir vissu, að hlaut að verða niðurstaða, ef samkomulag næðist á milli stjórnmálaflokkanna, að þjóðstjórn yrði mynduð. Það var ekki á þá hugmynd minnzt, heldur gefin bein yfirlýsing um áframhaldandi stjórnarsamstarf. Þetta sannaði það, að stjórnarflokkarnir ætluðu sér ekki að ná neinu samstarfi með þessum viðræðum. Í hvaða tilgangi þær hafa verið gerðar, er nú flestum óljóst enn þá. En eitt er öruggt, og það er það, að það átti ekki að ná neinni samstöðu, enda var ekki til staðar hjá þeim, þegar var farið að þreifa þar á, nein tilslökun á þeirri stefnu, sem þeir höfðu fylgt. Og það var öllum ljóst, að ekki gat um samkomulag orðið flokka á milli nema yrði um tilslökun að ræða frá hendi þeirra, sem voru að ræðast við.

Nú hefur nokkuð verið um það rætt, eins og venja er til hjá blöðum ríkisstjórnarmanna, að stjórnarandstaðan hafi ekkert til mála að leggja, og hún hafi engin úrræði til þess að leysa vandann. Í sambandi við þennan þátt vil ég minna á nokkur atriði, sem fram komu hjá stjórnarandstöðunni einmitt sem till. til lausnar á vandamálunum. Stjórnarandstaðan lagði til, að það,

sem stefnt væri að og tryggja yrði með lausn vandamálanna, væri full atvinna. Það væri höfuðverkefnið. Í öðru lagi, að sem minnst tilfærsla væri stétta á milli og breiðu bökin bæru meira af þeim fórnum, sem yrði að leggja á þjóðina. Og í þriðjalagi, að sem minnst áhætta fylgdi aðgerðunum, þannig að þær mistækjust. Það væri reynt að tryggja eins rækilega og unnt væri, að þessar aðgerðir, sem gerðar yrðu, næðu tilgangi sínum. Og hvernig vildi stjórnarandstaðan ná þessu marki? Í fyrsta lagi með því að snúa sér að því að minnka vandann. Hún taldi nauðsyn bera til að minnka þann vanda, sem við var að fást. Það yrði að gera eftir mörgum leiðum, m. a. að lækka skatta á atvinnuvegunum. Nú mun því vera haldið fram, að ríkissjóður hefði ekki þolað það að lækka skatta á atvinnuvegunum. Þessu hefur verið haldið fram áður, og svo hafa nokkrir dagar liðið, og þá hefur ríkissjóður tekið að sér að greiða til atvinnuveganna nokkur hundruð millj. í styrkjum, eins og gert var t. d. á þessu ári. Og þegar fjárlagafrv. það, sem nú liggur fyrir, er athugað, kemur það í ljós, að hækkun á fjárlagafrv. er 300—400 millj. kr. vegna gengisbreytingarinnar, svo að það er ekki einhlítt að fara þá leið að hækka allt það eins og gert er með þeim ráðstöfunum, sem þessi hæstv. ríkisstj. hefur staðið fyrir. Enda taldi hæstv. fjmrh. það sjálfur, að það gæti orkað tvímælis, hvort ríkissjóður hagnaðist á gengisbreytingunni eða ekki.

Nú skal ég ekki um það segja að sinni eða slá neinu föstu um þetta mat hans. Hins vegar vil ég nefna þetta sem dæmi um það, að það er hægt að gera ríkissjóði erfiðan rekstur in eftir öðrum leiðum heldur en að lækka skatta. En það var hægt að lækka skatta á atvinnuvegunum, ef sú stefna hefði verið tekin upp, og það kom atvinnuvegunum alveg að sömu notum nema kannske heldur betur heldur en sú leið, sem farin var. Það er líka rétt stefna að draga úr vöxtunum, og það kom atvinnuvegunum að gagni engu að síður eins og það að hækka sífellt og endalaust, eins og nú er gert. Nú er því haldið fram af þeim hæstv. ráðh., sem oftast munu tala um þetta, hæstv. viðskmrh. og fjmrh., að þessi og þessi málaflokkur greiði ekki nema svo og svo mikið í vexti. Oft hefur heyrzt talað um, að frystihúsin í landinu greiddu ekki nema þessa tugi millj. kr. í vexti. En hvað er þá þessi málaflokkur búinn að greiða mikið í vöxtum af vörum og þjónustu og í gegnum kaupið og annað, sem þarf til þessa atvinnureksturs? Vextirnir koma ekki til atvinnufyrirtækisins eingöngu sem vextirnir, sem það verður fyrst að greiða út og færðir eru undir þann lið á rekstursreikningi viðkomandi fyrirtækis, heldur í verðlagi og vinnu þeirra, sem það hefur verið að skipta við og fært er þar undir aðra liði. Auðvitað er vaxtafóturinn inni í öllu okkar viðskiptakerfi og kemur fram í margs konar myndum. Og það er ekki með neinum rökum hægt að halda því fram, að þetta sé gert fyrir sparifjáreigendur í landinu, því að það er ekkert, sem tryggir sparifjáreigendur í landinu, nema stöðugt verðlag og horfið sé frá þeirri braut að fella gengið tvisvar á ári eins og nú er farið að gera. Það að hafa háa vexti vegna sparifjáreigendanna, en fella svo gengið svo, að verð á erlendum gjaldeyri hækkar yfir 100% á einu ári, eins og gert hefur verið, eyðileggur allt það, sem átti að ávinna með háum vöxtum, og miklu meira en það. Þess vegna eru það ekki rök, að það verði að halda háu vöxtunum, vegna þess að þeir séu svo lítill hluti í útgjöldum fyrirtækjanna, sem þeir eru nú ekki, sízt hjá þeim, sem erfiðast eiga, eða vegna sparifjáreigendanna, vegna þess að þeir eru sviptir margfalt hærri fjárhæðum með gengisbreytingunum. Það skiptir langmestu máli, að þær séu fyrirbyggðar. Sama var að segja um till. okkar um það, að við vildum láta endurskoða tryggingakerfið í landinu og skipulag olíuverzlunarinnar. Það er enginn vafi á því, að þær deilur, sem oft hafa verið uppi hér um þessi mál, hafa við rök að styðjast, og það ber brýna nauðsyn til að endurskoða þessi þjónustukerfi til þess að reyna að ná hagkvæmari viðskiptum þar heldur en nú er. Enn fremur var það till. okkar stjórnarandstæðinga, að það yrði að taka skuldamál atvinnuveganna í landinu til sérstakrar meðferðar. Það væri ekki hægt að komast fram úr vandamálum atvinnuveganna án þess að byrja á því að taka þeirra skuldamál til sérstakrar athugunar. Það yrði að fresta í bili afborgun og vaxtagreiðslum af föstum lánum, meðan verið væri að endurskoða þessi mál. Það yrði að breyta lausaskuldunum í föst lán og löng lán, og það yrði beinlínis að veita aðstoðarlán. En við vildum einnig, að þegar þessum málum væri komið fyrir, yrði að hafa eftirlit með því, að þessi fyrirtæki væru rekin á skynsamlegan máta, þau þjónuðu þeim tilgangi að halda uppi atvinnu í byggðarlögunum, sem þau voru staðsett í, og það væri tryggt, að aðstoðin kæmi að notum. Þetta töldum við, að yrði að vera forsenda fyrir henni og yrði að gerast áður heldur en hin stærri grundvallarbreytingaratriði yrðu framkvæmd. Þá töldum við, að afgreiðsla á fjárl. og ríkisbúskapurinn yrði að miðast við þetta ástand í okkar efnahagsmálum. Við yrðum að þrengja að rekstri ríkisbúskaparins eins og frekast væri fært í næstu fjárl. En við yrðum líka að ganga eins langt í því og tök væru á að halda uppi atvinnu og verklegum framkvæmdum. Okkar afgreiðsla á fjárl. fyrir árið 1969 yrði að vera í samræmi við aðgerðir í efnahagsmálum. Þar sem væri auðséð á öllu, að þjóðin yrði að leggja hart að sér til þess að komast út úr vandanum, yrði ríkisbúskapurinn að bera þess merki, en til þess að tryggja atvinnu sem bezt yrðu verklegar framkvæmdir að vera í ríkum mæli.

Þá var okkur það ljóst, að það er ekki hægt að koma á stefnubreytingu í fjármálum þjóðarinnar nema með því að taka upp stjórn á fjárfestingu og gjaldeyrismálum. Þessi mál hafa haft meiri áhrif á að setja okkar efnahagskerfi í þann hnút, sem það er nú í, heldur en flest annað á hinum síðari árum. Fjárfestingin í landinu hefur verið algerlega skipulagslaus, og það er þá frekast, að hafi verið dregið úr því, sem helzt átti að ganga fyrir, eins og skólabyggingar og aðrar slíkar framkvæmdir, sem ríkisstj. hefur tekið sér skömmtunarrétt á. Við teljum og höfum nú lagt fram frv. um það, framsóknarmenn, að það verði að raða verkefnunum eftir gildi þeirra fyrir þjóðina, en það handahóf, sem ráðið hefur, geti ekki ráðið ferðinni lengur. Það hefur sýnt sig, að meðferð ríkisstj. á gjaldeyrismálum er slík, að gjaldeyrir þjóðarinnar var gersamlega þrotinn skömmu fyrir gengisbreytinguna, og taka varð nýtt eyðslulán til þess að mæta gjaldeyrisnotkuninni nú. Á þeirri braut getur þjóðin ekki haldið áfram. Þar verður

að verða breyting á, og gjaldeyris- og fjárfestingarmál verða að komast undir stjórn. Þegar þessum atriðum væri komið fyrir með skikkanlegum hætti, töldum við, að yrði að taka ákvörðun um það, sem talið er, að vantaði til viðbótar millifærslunni á milli þegnanna í þjóðfélaginu. Hvort það ætti að vera gengisbreyting, niðurfærsla eða uppbótarleið, sem þá væri farin, mundi að sjálfsögðu hafa markazt af því, hve það verkefni var stórt, sem þá var eftir. En höfuðáherzlu varð að leggja á það, að þegar þessi þáttur var leystur, væri búið að ganga þannig frá málunum, að atvinnuvegir þjóðarinnar væru þá færir um að hefja rekstur með eðlilegum hætti og full atvinna væri tryggð. Það sýndi sig á s. l. ári og mun sýna sig enn, að það að gera svo stórfelldar breytingar, sem gerðar hafa verið á efnahagskerfinu, án þess að undirbúa það eða tryggja það, að fullur rekstur atvinnunnar í landinu hæfist jafnharðan, er háskalegt.

Það, sem við vildum undirstrika með till. okkar og munum undirstrika með flutningi þeirra og reynum að afla fylgis framvegis, er það, að við viljum snúa frá verðbólgustefnunni, við viljum stefna að festu og sparnaði í ríkiskerfinu og þjóðin vinni þannig upp sitt efnahagslega sjálfstæði, sem nú er verulega í hættu. En eins og ég gat um áðan, hafði ríkisstj. ekki hugsað sér stefnubreytingu. Hún hafnaði því öllu samstarfi um þessar leiðir og hafði þau svör ein uppi, að sérfræðingum hennar litist ekki á þetta, og frekar var það ekki athugað. Ríkisstj. ákvað beint í framhaldi af slitum sínum við stjórnarandstöðuna að gera gengisbreytingu þá, sem gerð var nú 12. nóvember s. l. Eins og fram hefur komið í því, sem ég hef sagt hér að framan, þarf gengisbreyting ekki alltaf að vera fordæmanleg. En hana má ekki gera nema að vel athuguðu ráði, og það þarf að undirbúa hana sérstaklega vel. En þó er það svo með gengisbreytingu, að í höfuðatriðum er hún leið undan brekkunni. Hún er þægilegri en margar aðrar leiðir til þess að komast út úr vandanum í bili. En hún er venjulega skammvinn, ef ekki er því betur á málunum haldið, og þá mun það oftast nær sýna sig, að betur hefði farið að mæta vandanum með meiri festu og meira átaki, þó að það hefði kostað það í upphafi.

Það skiptir enn fremur verulegu máli, hvernig gengisbreytingin er framkvæmd. Framkvæmdin á gengisbreytingunni, sem gerð var hér í nóvember, er með eindæmum, að ég hygg, og hefur kostað íslenzku þjóðina geysilega mikið. Það var auglýst með 20% tollinum, að þessi leið yrði farin. Jafnhliða því sem hann var settur í lög, var það augljóst, að þau mundu gilda stuttan tíma og þá mundi verða búið að ráða málunum á annan veg, enda tók þjóðin þetta svo, og þeir, sem gátu komið sínum málum vel fyrir, notuðu tímann vel og dyggilega. Samkv. þeim upplýsingum, sem ég hef fengið frá Seðlabankanum, lækkuðu spariinnstæður hjá peningastofnunum í landinu, þ. e. bæði sparifjárinnlegg og veltulán, um 260 millj. kr. í september- og októbermánuði, einmitt þá mánuði, sem gengisbreytingin var í aðsigi. Á sama tíma gerðist það, að gjaldeyrisinnstæðan, sem talið var, að þjóðin ætti, 350 millj. kr., í byrjun september þvarr að öllu leyti svo og sá gjaldeyrir, sem aflaðist þennan tíma. Þetta sýnir, hversu geigvænleg atriði það eru að láta slíka breytingu eins og gengisbreytingu standa yfir mánuðum saman, og það sýnir eitt einkenni á ábyrgðarleysi stjórnarfarsins hér á landi, að slíkt mundi geta skeð, enda orkar það ekki tvímælis, að þetta hefur aukið vandann geysilega mikið.

Í annan máta er það svo, að þegar á að gera svo róttæka breytingu eins og gengisbreytinguna og þó að hún sé minni í sniðum en sú, sem gerð var nú, er ekki sama, hvaða tími er valinn til þeirra framkvæmda. Sá tími, sem ríkisstj. hæstv. hefur valið nú í tvö ár til þess að gera gengisbreytinguna, er sennilega einhver sá allra versti, sem hægt er að hugsa sér. Það er einmitt sá tími, þegar þáttaskil eru að verða í atvinnumálum okkar. Vetrarvertíðin eða útgerðin er ekki hafin, og eftir er að greiða kostnað af öllu því, sem til hennar þarf. Það væri mikill munur, ef þessi breyting væri gerð um miðjan vetur eða seinni part vetrar, þegar vetrarvertíðin er hafin og útgerðin er búin að búa sig undir þá vertíð, sem þá stendur yfir. Þá njóta atvinnuvegirnir þess í upphafi, sem við gengisbreytinguna vinnst, en nú gjalda þeir þess strax í sambandi við það að undirbúa nýja vertíð. En það var tvennt, sem ríkisstj. átti að hafa í huga, áður en hún ákvað að fara þessa leið í efnahagsmálum. Í fyrsta lagi átti hún ekki að vera búin að gleyma áhrifunum frá gengisbreytingunni í nóv. 1967. Hún átti að muna eftir því, hvernig til hafði tekizt með þá framkvæmd. Og í öðru lagi átti hún að muna það líka, hvernig staða íslenzku þjóðarinnar var út á við og hvaða áhrif það hefði í þjóðlífinu að bæta gengisbreytingu á allar skuldirnar, sem við skuldum öðrum þjóðum.

Um áhrifin af gengisbreytingunni 1967 er það að segja, að hún rann út í sandinn um leið og hún var gerð, og ríkisstj. varð að standa í því allt árið 1968 að fleyta framleiðslunni áfram á ríkisstyrkjum frá einum mánuði til annars. Hún varð, eins og sýnt er fram á í nál. okkar, að gera bráðabirgðaráðstöfun ofan á bráðabirgðaráðstöfun, sem sé mánaðarlega. Þessi reynsla átti að sýna henni það, að það var ekki alveg mælt út í bláinn, sem hæstv. forsrh. sagði hér á hv. Alþ. í okt. 1967, að gengisbreyting ylli oft meiri vanda en hún leysti. Reynslan af árinu 1967 sannaði þetta tvímælalaust. Og það orkar ekki tvímælis, að fjárhagslegt ástand atvinnuveganna á yfirstandandi ári hefur dregið verulega úr framleiðslunni það ár, því að það voru svo mörg atvinnutæki, er ekki gátu gengið með eðlilegum hætti vegna fjárhagserfiðleika. En hitt atriðið, sem ég nefndi áðan, voru skuldirnar við útlönd. Þær eru nú 13–14 þús. millj., og nú er svo komið, að það þarf 15–18% af tekjum þjóðarinnar 1969 í vörum og þjónustu til þess að greiða vexti og afborganir af þessum skuldum. Árið 1958 þurfti 5.1% af tekjum þjóðarinnar af vörum og þjónustu til þess að greiða þessi gjöld, og þá töluðu sjálfstæðismenn og Alþfl.-menn um, að þjóðargjaldþrot væri yfirvofandi, ef þeim tækist ekki að bjarga því.

En nú, þegar eftir 10 ára stjórn þeirra þarf ca. 18% af tekjum þjóðarinnar í vörum og þjónustu til þess að inna þessar greiðslur af hendi, heyrist ekki talað um það frá þeirra hendi. Hefði þó verið meiri ástæða til þess nú heldur en þá, og ég hygg, að hér sé komið lengra heldur en þjóðin raunverulega þolir. En hvernig kemur nú þetta til með að verka í íslenzku athafnalífi? Það var svo með gengisbreytingar, sem voru gerðar fyrir 1960, að þær höfðu tiltölulega lítil áhrif önnur en þau að hækka

verðlagið af vörunum, sem inn í landið voru fluttar, eftir að gengisbreytingin var gerð. En með hinni stórfelldu skuldasöfnun og með þeirri stefnu að taka erlend lán til þessa og hins þá er hér um miklu víðtækara mál að ræða. Og ég vil máli mínu til sönnunar nefna nokkur dæmi, sem sýna það, hvernig þetta hefur verkað, og benda til þess, hvaða áhrif þetta kann að hafa. Það verður fleira, sem kemur inn í verðlagið nú, heldur en verðhækkunin af innfluttum vörum eftir gengisbreytinguna. Þar koma einnig áhrif af erlendu lánunum, sem við skulduðum, þegar hún var gerð.

Rafmagnsveitur ríkisins töpuðu 1967 á gengisbreytingunni 118 millj. kr. Skuldir þeirra hækkuðu um þetta, eftir að búið var að umreikna þær, og 1968 um 276 millj. kr., eða samtals hafa þær nú hækkað í verði vegna gengisbreytinga um 394 millj. kr. Hvernig á að mæta þessu? Í þessu sambandi langar mig til að minna á það, að þegar verið var að afgreiða fjárl. fyrir 1966, kom fram á hv. Alþ. frv. til l. um verðjöfnunargjald af rafmagni. Ástæðan fyrir því eða forsenda þessara l. var talin vera sú, að það væri halli á ríkisrafveitunum og ríkissjóður gæti ekki borið þennan halla uppi og þess vegna yrði að leggja á þennan skatt til þess að mæta þessum halla. Þessi skattur er áætlaður 22.5 millj. kr. 1969. Hvaða áhrif hafði skatturinn, sem á var lagður haustið 1965, á rafmagnsverð í landinu? Hann hafði þau áhrif, að eftir nokkra daga hækkaði allt rafmagnsverð í landinu. Það kom svo beint inn í annað verðlag, og þegar leið á árið 1966, taldi ríkisstj. sig knúða til að fara að greiða niður vöruverð í landinu í miklu ríkara mæli heldur en nokkru sinni fyrr, m. a. vegna áhrifa frá þeim sköttum, sem þá voru lagðir á.

En hvað gerist svo nú? Einn þátturinn í gengisbreytingunni vegna verðbólguaukans í landinu er rafmagnsskatturinn. Þetta eru 22 millj. kr. Það tekur tekjur skattsins 17 eða 18 ár að greiða niður stofnhækkunina vegna gengisbreytingarinnar 1967 og 1968. Og þá er vaxtagreiðslan eftir. Þannig eru áhrifin af skattinum, sem lagður var á til þess að jafna hallann á Rafmagnsveitum ríkisins haustið 1965. Þau eru, að verðbólgan jókst, gengisbreytingar tvær urðu afleiðingin, og ríkisrafveiturnar hafa aukið skuldir sínar, sem nemur 18 sinnum skattinum. Það er skynsamleg fjármálapólitík þetta.

Ég nefni annað dæmi. Það er Stofnlánadeild landbúnaðarins. Skuldir hennar hækkuðu um 31.7 millj. kr. við gengisbreytinguna 1967, að því leyti sem hún gat ekki komið því yfir á þá, sem hún hafði lánað. Og við gengisbreytinguna 1968 um 76.5 millj. kr. eða um 109 millj. kr. Auk þess skuldar deildin verulegar fjárhæðir, sem þeir, sem lán hafa tekið, t. d. til að byggja sláturhús, og kaupa jarðýtur eða slík tæki, verða að bera uppi, og það nemur á annað hundrað millj. kr. Ég veit, að þeir hv. þm., sem sátu hér á þingum eftir 1960, muna eftir því, þegar hæstv. ríkisstj. stóð þá að því að leggja á bændur sérstakan skatt til þess að efla Stofnlánadeildina á árinu 1962. Þessi skattur átti að tryggja það, að Stofnlánadeildin yrði fær um að lána bændunum í landinu eins og var talað um, átti að byggja upp sjóði, sem gætu staðið undir því að lána landbúnaðinum síðar meir. Nú skal ég taka undir það eða endurtaka það, sem ég þá sagði, að ég var andstæður þessari hugmynd. Mín hugmynd um aðstoð ríkisins við landbúnaðinn er sú, að hún eigi að vera með þeim hætti, að sjóðir landbúnaðarins eigi að byggja landbúnaðinn upp, en landbúnaðurinn eigi ekki að byggja sjóðina upp. Ég lít svo á, að nauðsynjavara eins og matvæli þau, sem landbúnaðurinn framleiðir, eigi að keppa að því að vera sem ódýrust. Það eigi ekki að gera það með því að fara fram á það við þá, sem framleiða vöruna, að þeir láti neytendum hana í té fyrir minna gjald heldur en kostar að framleiða. Það á að koma fram í aðstoð ríkisvaldsins við þennan atvinnuveg. En ég verð að segja það, að það er næstum því, að ég hafi tilhneigingu til að senda hæstv. landbrh. samúðarskeyti, þegar ég sé það fyrir mér, að á einni dagstund hvarf allur skatturinn í gengisbreytinguna, því að skatturinn, sem búið er að innheimta af bændum, er um 76 millj. kr. eða það, sem gengisbreytingin slátraði fyrir Búnaðarbankann núna. Það var ekki lítið afrek, sem var unnið með því að taka upp þennan skatt og með þeirri stefnu, sem hefur verið haldið uppi, að verðlagið mundi skila öllu aftur og skipti því engu, hvað það kostaði, en gengisbreytingin hirti hann.

En gengisbreytingin kemur víðar við heldur en í þeim málaflokkum, sem ég hef nú vikið að. Hvað er um Vegasjóðinn? Hann tapaði 37.5 millj. kr. í fyrra á gengisbreytingunni og 108.2 millj. kr. núna eða 145.7 millj. kr. Það er fjárhæð, sem svarar til verulegs hluta af Keflavíkurveginum. Og hvenær halda hv. alþm., að Vegasjóðurinn verði búinn að greiða Keflavíkurveginn, hvað þá aðrar framkvæmdir, með sömu fjármálastefnu og nú er fylgt? Og ég held, að það muni ekki verða nein tilhlökkun hjá hv. alþm., þegar þeir setjast niður eftir nýárið og fara að fjalla um málefni Vegasjóðs, sem skuldar nú 500 millj. kr. eða alla þá upphæð, sem gert er ráð fyrir, að hann hafi í tekjur. Og þessi fjárhæð er – ef fylgt væri því, sem hæstv. vegamálarh. sagði hér í fyrra, að km í varanlegum vegi kostaði um 5 millj. kr., þá eru það 30 km, sem er hægt að leggja fyrir þessa fjárhæð, sem svona hefur tapazt, og þetta er nærri allur skatturinn, sem var lagður á umferðina með lagabreytingunni á s. l. vori. Til einhvers er barizt, þegar þannig er haldið á fjármálum þjóðarinnar.

Og þessi mál koma víðar við heldur en í landbúnaði, vegamálum og rafmagnsmálum. Það var stefna núv. hæstv. ríkisstj. og hún studdi þá stefnu dyggilega, að Íslendingar létu byggja sín skip erlendis. Íslenzkar skipasmíðastöðvar áttu ekki upp á pallborðið hjá núv. ríkisstj. Íslenzkur fiskiskipafloti skuldar nú erlendis háar fjárhæðir. Skuldir hans hækkuðu nú við gengisbreytinguna um 373 millj. kr. Það svarar til þess, að það hefði verið hægt að byggja nærri 30 skip af stærðinni 150 smálestir miðað við það verðlag, sem var á þeim fyrir gengisbreytinguna í fyrra, hér í skipasmíðastöðinni Stálvík. Þetta eru áhrifin frá þeirri framkvæmd. En því var mjög á lofti haldið, þegar var verið að gera þessa samninga, að þeir væru mun hagstæðari heldur en að láta íslenzkar skipasmíðastöðvar vinna verkið, að það væri sjálfsagt fyrir útvegsmenn að gera þetta. En það var líka fleira, sem fylgdi, og það var aðalatriðið, að þessum skipum fylgdu erlend lán, sem nú eru að segja til sín, og við það, að Íslendingar tóku erlendu lánin, gat ríkisstj. gortað af gjaldeyrissjóði, því að það fengust

gjaldeyrislán erlendis, sem gerðu stöðuna betri út á við. Það gerði það að verkum, að ríkisstj. gat líka gortað af því, að hún hefði skapað sérstakt viðskiptafrelsi, svo að nú gætu allir flutt inn tertubotna, kex og annað glingur, sem þá langaði til. En þetta var gert með þeim hætti, að m. a. íslenzkir útvegsmenn voru að taka erlend lán í skipasmíðastöðvunum í Noregi og raunverulega byggðu þær sumar upp, og nú verður útvegurinn að greiða brúsann með vöxtum og vaxtavöxtum, gengistapi og öðru slíku, sem leggst á hálfsligaða útgerð eins og mara. Þannig varð til hluti af gjaldeyrissjóðnum og viðskiptafrelsinu margrómaða. En þjóðin getur nú sagt sér, hversu mikils virði það hefur verið henni.

Og ofan á þetta bætist svo það, að Fiskveiðasjóður sjálfur tapar í þessum gengismun sem svarar 6—7 150 tonna bátum samkv. verðlaginu í fyrra. Þannig hafa áhrifin verið af gengisbreytingunni. Og það er erfitt fyrir menn með venjulega hugsun að skilja það, að það hafi verið ábyrgðarleysi, þegar stjórnarandstaðan benti á það, að það bæri nauðsyn til að minnka vandann, svo stóraðgerðir eins og gengisbreyting yrðu sem minnstar. Ég vil hins vegar segja það, að það hafi verið ábyrgðarleysi að fara út í svo stórfellda gengisbreytingu eins og hæstv. ríkisstj. hefur gert nú án þess að gera sér grein fyrir þeim gífurlegu afleiðingum, sem hún hlýtur að hafa.

Ég ætla ekki að fara í þessum dæmum að nefna Sements- og Áburðarverksmiðjuna, því að það kom lítillega fram í umr. hér í fyrradag í sambandi við fsp., hvaða áhrif þetta hefur þar, að það er beinlínis tekið fram í skuldabréfi Seðlabankans, að það verði að leggja inn í áburðarverðið á næstu 5 árum það lán, sem Áburðarsala ríkisins tók í Seðlabankanum til þess að greiða gengismismuninn, sem varð við gengisbreytinguna. Og það má bæta því við, að stofnkostnaðarauki við fyrirhugaða breytingu á Áburðarverksmiðjunni er áætlaður hundrað millj. kr. vegna gengisbreytingarinnar. Það kom líka í ljós í svörum hæstv. iðnmrh., þó að þau væru nú með öðrum hætti heldur en venja er til að svara fsp. hér á hv. Alþ., í sambandi við Sementsverksmiðjuna, að hún hefur nú á 10 ára tímabili aukið við skuldir sínar, ef rétt er frá skýrt. Ef við svo lítum á fjárlagafrv. sjálft, kemur í ljós eins og ég áður sagði, að hækkunin á því er 300—400 millj. vegna gengisáhrifanna.

Ef við svo hins vegar lítum á þá stefnu, sem þetta fjárlagafrv. markar af hendi hæstv. ríkisstj., kemur það í ljós, að það er stefnt hér beint inn í atvinnuleysi. Það er gert ráð fyrir því, að neyzluvöruinnflutningur lækki um 25.5% frá því sem hann var á s. l. ári, en þá lækkaði hann verulega eða um 16%. Hér er um svo stórfellda kjaraskerðingu að ræða, að ef hún nær fram að ganga, getur hún ekki byggzt á öðru en því, að atvinnuleysi yrði hér mikið. Þess vegna er það, að sú stefna, sem mörkuð er með fjárlagaafgreiðslunni, er stefna atvinnuleysis, því að svona mikil lífskjaraskerðing getur ekki átt sér stað nema um atvinnuleysi sé að ræða. Það er gert ráð fyrir því, að fjárfestingin í landinu minnki um 13.7% og rekstrarvörurnar um 4%. Allt leiðir þetta til þess, eins og ég sagði, ef þessi stefna nær fram að ganga, þá leiðir hún til atvinnuleysis og fátæktar. Og hver verða svo áhrifin hér á landi, ef verður verulegt atvinnuleysi? Áhrifin verða m. a. þau, að á síðari árum hefur mikið af ungu fólki og fullorðnu líka lagt nótt við dag til þess að koma sér upp eigin íbúðum. Þetta fólk er auðvitað ekki búið að jafna sig að neinu leyti eftir það átak. Ef það lendir nú í atvinnuleysi eða verulegri kjaraskerðingu, þá hlýtur það að leiða til þess, að það missir þessar íbúðir sínar. Það er ekkert, sem getur hjálpað því til þess að halda sínum íbúðum nema full atvinna. Okkur, sem til þekkjum, er fullkunnugt um það, að það hefur verið nógu erfitt að standa í slíkum framkvæmdum, þó að atvinna hafi verið í bezta lagi, hvað þá ef úr henni drægi. Afleiðingin af því yrði svo glundroði og ringulreið í viðskiptalífinu. Það yrði svo áframhald á því, sem gengisbreytingin, sérstaklega í haust, vann dyggilega að, að breikka bilið milli þeirra ríku og fátæku, þeirra, sem höfðu möguleika til þess að hagnýta sér biðtímann að gengisbreytingunni, og hinna, sem höfðu það ekki. Það er ekkert nema blóðgjöf til framleiðslu- og atvinnulífsins í landinu, sem getur komið í veg fyrir þetta. Þess vegna höfum við minni hl. í fjvn. lagt til, að 350 millj. kr. yrði varið til atvinnuöryggis og atvinnuauka í landinu. Við gerum ráð fyrir því, að Alþ. skipti þessum fjármunum síðar og munum leita eftir því milli 2. og 3. umr. að fá samstöðu í fjvn. um þetta mál.

Mér er ljóst, að hæstv. fjmrh. kemur hér og spyr, hvernig eigi að ná þessum peningum, því að það sé ekki baslbúskapur að dómi stjórnarandstöðunnar hjá hæstv. ráðh., fyrst við ætluðum honum þetta. Því er til að svara, sem ég hef áður vikið að, að þetta hafa verið þau svör, sem við höfum fengið, ef við höfum gert hér till., sem við höfum gert tiltölulega lítið af, nema við höfum undanfarin ár haldið okkur við till. um Vegasjóðinn, og væri nú betur farið, ef sú till. hefði náð fram að ganga. En ég vil benda á það, að það hefur venjulega verið svo, að þó að hv. stjórnarsinnar hafi hér á Alþ. nokkrum dögum fyrir jól fellt slíka till. frá okkur, þá hafa þeir tekið upp stóra fjármuni m. a. til atvinnuveganna nokkrum dögum eftir áramót, og það gerðist síðast í fyrra. Og það er vonlaust að leggja út núna án þess að hafa einhverja fjármuni til þess að bæta atvinnuástandið. Mér er það alveg fullkomlega ljóst, og ég er alveg viss um það, að hv. stjórnarsinnum hlýtur að vera það einnig ljóst, þó að þeir þrjózkist við málið í bili. Ég vil líka bæta því við, að ef atvinnuleysi heldur hér innreið sína í verulegum mæli, þá er tekjuáætlunin ekki trygg. Ef okkur hins vegar tekst að forðast slíkt og getum haldið hér uppi fullri atvinnu og fengið viðskipta- og atvinnulífið til þess að ganga með eðlilegum hætti, þá er 5% hækkun á aðflutningsgjöldum ekki mikil tala. Því er við að bæta, að auk þess sem gert er ráð fyrir þessum samdrætti, er einnig gert ráð fyrir því, að meðalprósenta aðflutningsgjalda lækki verulega. Þess vegna er það okkar mat, að þessir fjármunir gætu tryggt betur en flest annað, að fjárl. fengju staðizt og ríkissjóður fengi þær tekjur, sem til er ætlazt og betur þó. Ég er sannfærður um það, enda er það okkar höfuðstefna, eins og ég lýsti áðan, að atvinnuna verði að tryggja og við verðum að gera átak með fjármunum og á annan hátt til þess að gera það.

Herra forseti. Ég fer nú að stytta mál mitt, en vil í lok ræðu minnar minna á nokkur atriði, sem ég hef hér

fjallað um, til að undirstrika þau. Hér að framan hef ég sýnt fram á það, hvernig ríkisstj. hæstv. hefur reynzt á góðu árunum. Þá varð hún að styðjast við hækjur ríkisstyrkja og bráðabirgðaaðgerða, og var svo komið upp á síðkastið, að það leið ekki mánuður á milli aðgerða í efnahagsmálum. Þrátt fyrir stórfelldar tekjur umfram fjárlög í ríkari mæli heldur en nokkru sinni fyrr stendur ríkissjóður eftir nú með skuldir, og má segja, að hver og einn framkvæmdaliður sé með stórskuldir. Gjaldeyriseign þjóðarinnar er þrotin, og nýlega hefur verið tekið nýtt gjaldeyriseyðslulán. Erlendar skuldir eru nú geigvænlegri heldur en nokkru sinni fyrr, og það veldur þjóðinni kvíða. Viðbrögð hæstv. ríkisstj. við erfiðleikunum hafa svo verið með svipuðum hætti eins og framkvæmd hennar á góðu árunum. Gengisbreytingin í fyrra rann gersamlega út í sandinn um leið og hún var gerð. Framkvæmd á gengisbreytingunni 1968 er með eindæmum og allt á annan veg heldur en til þarf. Tekin er með þeirri ákvörðun öll sú áhætta, sem hægt er að hugsa sér. Ekki var í alvöru leitað eftir neinni samstöðu um lausn vandamálsins, svo að fram undan getur verið ófriður á vinnumarkaðinum og hvergi skjóls að vænta vegna ráðleysis ríkisstj. Gengisbreytingin er það gróf, að ekki verður séð, hvernig fólk á venjulegu tekjustigi á að mæta henni. Hækkanirnar streyma út í verðlagið dag frá degi í auknum mæli, og gert er ráð fyrir, að kjaraskerðingin verði um 18%. Afkoma fólksins er því í mikilli hættu. Með fjárlagaafgreiðslunni er stefnt beinlínis að atvinnuleysi, þar sem ekkert er tekið tillit til þess af hendi stjórnarliða, a. m. k. enn þá, hvernig á að koma í veg fyrir atvinnuleysi. En afleiðing þess verður fátækt og eignaupptaka.

Þjóðarskútan er nú stödd í brimgarði hallareksturs, skuldafens og gjaldeyrisskorts. Vaxandi atvinnuleysi er fram undan, og áhættusamar aðgerðir hafa verið gerðar, svo að ekki er séð, hvernig út úr þeim brimgarði hún kann að skila sér. En von okkar er, að þjóðarfleytan komist að landi, þó að eitthvað kunni að fara fyrir borð.

Frsm. samvn. samgm. (Sigurður Bjarnason): Herra forseti. Samkv. till. samvn. samgm., sem samkv. venju hefur undirbúið till. um flóabátastyrki og flutningastyrki, er lagt til, að heildarfjárveiting til flóabáta og vöruflutninga verði á árinu 1969 13 millj. 620 þús. kr. Er það 3 millj. 155 þús. kr. hærra en á árinu 1968. N. hefur því orðið að gera verulegar till. um hækkanir hjá einstökum flóabátum og flutningafyrirtækjum. Fyrst og fremst kemur þetta fram í hækkun á styrk til fjögurra stærstu flóabátanna. Við till. um styrki til hinna minni báta er fyrst og fremst tekið tillit til hækkunar olíuverðs, sem verður vegna gengisbreytingarinnar um 10%.

Till. n. eru nú eins og jafnan áður við það miðaðar, að haldið verði uppi þeim nauðsynlega rekstri og þjónustu, sem flóabátarnir og flutningafyrirtækin inna af hendi. Það hefur oftlega verið um það rætt, bæði í hv. n. og hér í hv. Alþ., að æskilegt væri og raunar mjög nauðsynlegt, að færa saman þennan rekstur, að fækka flóabátum og draga úr útgjöldum til þessarar þjónustu. Þegar til stykkisins hefur komið, hefur þetta ekki reynzt mögulegt þrátt fyrir það, að n. hefur hvað eftir annað lagt til, að heildarendurskoðun færi fram á rekstri dýrustu flóabátanna.

Ég mun nú gera stuttlega grein fyrir till. n. í sambandi við einstaka flóabáta. Er þá fyrst að drepa á Norðurlandssamgöngur. Norðurlandsbáturinn Drangur hefur haldið uppi ferðum um farsvæði sitt eftir þörfum á þessu ári, en eins og kunnugt er skapaðist fyrir skömmu akvegasamband við kaupstaðina Ólafsfjörð og Siglufjörð. Við það gerbreyttist aðstaða flóabátsins, þar sem þessir staðir þurftu þá fyrst og fremst og raunar aðeins á ferðum hans að halda að vetrarlagi, þegar vegir eru tepptir vegna snjóalaga. Allmikil óvissa hefur verið um það, hvernig hagað yrði rekstri þessa báts á næsta ári. Útgerðarmaður Drangs hefur haft uppi ráðagerðir um það að hætta þessum rekstri og hefur raunar sett skip sitt á söluskrá. Ekki hefur þó enn úr því orðið að skipið yrði selt, og niðurstaðan hefur orðið sú, að útgerðarmaðurinn, Steindór Jónsson, hefur boðizt til þess að halda uppi svipuðum ferðum og áður í 7 mánuði ársins, þ. e. á næsta ári, gegn nokkurri hækkun ríkisstyrksins. N. taldi óhjákvæmilegt að taka þessu tilboði útgerðarmannsins og leggur til, að styrkurinn til Drangs verði hækkaður um 400 þús. kr., enda verði þá haldið opnum möguleikum til þess, að hann víkki farsvæði sitt í samráði við Skipaútgerð ríkisins. Er þá fyrst og fremst haft í huga, að báturinn taki upp ferðir til Austfjarðahafna. Einnig hefur verið nefnt, að hann víkkaði farsvæði sitt vestur um Húnaflóa og rækti t. d. nokkra þjónustu við Strandahafnir, sem við mikla samgönguerfiðleika eiga að etja að vetrarlagi. En það er skoðun n., að nauðsynlegt sé, að rekstur þessa báts verði tekinn á næstunni til ítarlegrar athugunar og þá í senn haft samráð við útgerðarmanninn, sem á skipið og hefur rekið það af myndarskap á undanförnum árum, og héruðin, sem eru á farsvæði hans.

Þá er lagt til, að styrkur til Strandabáts hækki um 10 þús. kr., styrkur til Haganesvíkurbáts um 5 þús. kr. og styrkur til Hríseyjarbáts um 10 þús. kr. Enn fremur er lagt til, að styrkur til Grímseyjar vegna flugferða hækki um 10 þús. kr.

Um Austfjarðasamgöngur er það eitt að segja, að þær eru í svipuðu horfi og áður, og er lagt til, að styrkur til Mjóafjarðarbáts hækki um 20 þús. kr. Þá er lagt til, að styrkur til snjóbifreiðar á Fjarðarheiði hækki um 50 þús. kr. og styrkur til snjóbifreiðar á Fagradal hækki um 15 þús. kr. Er rétt, að það komi fram, að samkv. þeim upplýsingum, sem n. hefur fengið, hefur orðið mjög mikið gagn af rekstri þessara snjóbifreiða, sérstaklega á s. l. vetri, sem var mjög snjóþungur.

Um Suðurlandssamgöngur er það að segja, að lagt er til, að þær haldist með sama hætti og áður. Smávægilegar hækkanir verða þar á styrk til vöruflutninga, þ. e. a. s. til Vestur-Skaftafellssýslu. Hins vegar haldist flutningastyrkurinn til Öræfa óbreyttur, styrkur til Vestmannaeyjabáts hækki um 40 þús. kr. og styrkur til vatnadreka við Skeiðará, sem reynzt hefur hið gagnlegasta tæki, verði hækkaður um 5 þús. kr.

Faxaflóasamgöngur eru með sama hætti og verið hefur. Það hefur orðið mjög verulegur rekstrarhalli á rekstri m.s. Akraborgar, sem annast ferðirnar milli Reykjavíkur og Akraness, og er fjárhagur fyrirtækisins mjög þröngur. Hefur þó verið reynt að gera rekstur þessa skips hagkvæmari með því að fækka í skipshöfn

þess, en það hefur ekki náðst samkomulag um það enn við fagfélögin.

Nú hefur útgerðarstjórn skipsins þá breytingu í hyggju að láta heimahöfn þess á næsta ári verða Akranes, þannig að það hefji ferðir sínar frá Akranesi að morgni. Er talið af þessu verulegt hagræði fyrir Akurnesinga, sem aðallega nota skipið og ferðast með því til Reykjavíkur, og eru nokkrar vonir byggðar á því, að um farþegafjölgun geti orðið að ræða, sem bæti afkomu fyrirtækisins eitthvað.

Það varð niðurstaða n. að leggja til, að styrkurinn til Akraborgar yrði hækkaður um 600 þús. kr. Það er rétt, að það komi fram, að n. hefur hvað eftir annað hvatt til þess, að rekstur þessa flóabáts yrði tekinn til sérstakrar athugunar. En það verður að viðurkenna, að ekki hefur mikill árangur af þeim hvatningarorðum orðið enn þá. Þó má geta þess, að sérstök n. er starfandi til þess að athuga samgöngur umhverfis Hvalfjörð.

Um Breiðafjarðarsamgöngur er það að segja, að lagt er til, að styrkur til vetrarflutninga yfir Kleifaheiði verði hækkaður úr 25 þús. kr., en sú upphæð var falin inni í fjárveitingu eða styrk til Flateyjarbáts, upp í 150 þús. kr. Ástæða þessa er fyrst og fremst sú, að stofnað hefur verið mjólkursamlag Vestur-Barðastrandarsýslu og reist mjólkurstöð á Patreksfirði, sem á að tryggja Patreksfirðingum og nálægum byggðarlögum betri mjólk. Það er mjög þýðingarmikið, að samgöngur séu sem öruggastar milli sveitanna og þorpanna í Vestur-Barðastrandarsýslu. Reynt hefur verið á undanförnum árum að halda uppi ferðum af Barðaströnd með beltisdráttarvél yfir Kleifaheiði til Patreksfjarðar, þegar snjóalög hafa hindrað ferðir bifreiða. Nú var talið nauðsynlegt að efla þessa starfsemi mjög, og þess vegna leggur n. til, að tekin verði upp sérstök fjárveiting til vetrarferða yfir Kleifaheiði og verði hún samtals 150 þús. kr.

Styrkur til Flateyjarbáts hækkar smávægilega.

Er þá komið að Stykkishólmsbátnum Baldri, sem á í stöðugum þrengingum. Erlend lán hvíla á þessum bát með miklum þunga og áhrif gengisbreytingarinnar að sjálfsögðu auðsæ á afkomu hans. Á s. l. ári varð nær 1 millj. kr. halli á rekstri skipsins umfram ríkisstyrk, og var þó ekkert til afskrifta. Forstjóri Skipaútgerðar ríkisins, sem verið hefur nefndinni nú eins og jafnan áður til ráðuneytis um úthlutun flóabátastyrkja, lagði til, að styrkur til þessa skips yrði hækkaður úr 2 millj. kr. á yfirstandandi ári upp í 4 millj. kr. Svo hörmuleg var afkoma bátsins talin og rekstrarhorfur hans erfiðar. N. taldi sér ekki fært að taka upp í till. sínar svo gífurlega styrkhækkun til eins báts, en taldi þó óumflýjanlegt að koma verulega til móts við óskir um hækkaðan styrk og lagði til, að styrkurinn yrði hækkaður um 1100 þús. eða upp í 3.1 millj. kr. á næsta ári. N. ítrekar sínar fyrri till. um það, að rekstur þessa báts og fjárhagsvandamál hans í heild verði tekin til ýtarlegrar athugunar og úrlausnar.

Styrkur til Langeyjarnesbáts, sem einnig gengur um sunnanverðan Breiðafjörð, hækki um 15 þús. kr.

Vestfjarðasamgöngur eru mjög í sama horfi og áður. Djúpbáturinn h.f. á Ísafirði hefur haldið uppi sömu ferðum með Fagranesi. Farsvæði þess er fyrst og fremst Ísafjarðardjúp og kauptúnin í Vestur-Ísafjarðarsýslu. N. leggur til, að styrkur til þessa báts hækki um 400 þús. kr. aðallega vegna áhrifa gengisbreytingarinnar á erlend lán fyrirtækisins. Styrkur til þriggja smábáta á Vestfjörðum, Dýrafjarðarbáts, Patreksfjarðarbáts og Skötufjarðarbáts hækkar smávægilega.

Þá er það till. n., að tekin verði upp 150 þús. kr. fjárveiting til Suðureyrarhrepps í Súgandafirði vegna kaupa á snjóbíl. Hreppurinn keypti á þessu ári snjóbíl til þess að halda uppi ferðum yfir Botnsheiði til Ísafjarðar að vetrarlagi. Er hér um að ræða hæsta fjallveg á Vestfjörðum, sem að jafnaði er lokaður vegna snjóalaga 6—7 mánuði á ári hverju. Í þessu sambandi má geta þess, að Súgfirðingar eru nú læknislausir og þurfa að sækja læknisþjónustu til Ísafjarðar. Þannig stendur einnig á um Flateyri, sem er fjölmennasta kauptúnið í Vestur-Ísafjarðarsýslu, og horfur eru á því, að jafnvel Þingeyri verði læknislaus. Það er því auðsætt, að fyrir þennan snjóbíl geti orðið ærið verkefni, þótt ekki væri til annars en að stuðla að skaplegri læknisþjónustu, ef þung snjóalög verða á yfirstandandi vetri.

Samkv. því, sem að framan segir og ég gat um í upphafi, leggur samvn. samgm. til, að heildarfjárveiting til flóabáta og vöruflutninga verði á árinu 1969 kr. 13 millj. 620 þús., og er það rúmlega 3.1 millj. kr. hærra en á yfirstandandi ári.

Geir Gunnarsson: Herra forseti. Við 1. umr. um fjárlagafrv. rakti ég ítarlega, hversu ríkan þátt verðbólgustefna ríkisstj. á undanförnum árum á í þeim vanda, sem við er að etja í efnahagsmálum. Hv. 3. þm. Vesturl. hefur nú í framsöguræðu fyrir nál. því, sem ég er aðili að ásamt fulltrúum Framsfl., einnig gert þessum málum rækileg skil og gert grein fyrir þeirri stefnu, sem fram kemur í nál. okkar, sem skipum minni hl. fjvn. Tel ég því ekki ástæðu til að leggja ýkja mörg orð í belg nú við þessa umr.

Við umr. og skrif um efnahagsmál að undanförnu hefur það komið fram hjá efnahagssérfræðingum ríkisstj., að þau kjör, sem við búum nú við í viðskiptamálum og að því er tekur til aflamagns, sé það, sem þjóðin megi búast við að jafnaði. Við séum ekki staddir í sérstökum öldudal, heldur búum við nú við þær ytri aðstæður, sem eðlilegar og venjulegar megi teljast. Nú sé að baki tími óeðlilega hagkvæmra viðskiptakjara og aflabragða. Samkv. því eru þau 12 þús. millj. kr. verðmæti samkv. núv. gengi, sem árin 1963—1966 færðu þjóðinni umfram það, sem fengizt hefði í meðalárferði, alger viðbótarverðmæti. Þessu höfum við stjórnarandstæðingar jafnan haldið fram, en almennt mun mönnum nú vera þetta ljósara en fyrr, nú þegar þetta tímabil hinna sérstöku 12 þús. millj. kr. aukaverðmæta er að baki. En þegar það meðalárferði, sem við erum nú að sigla inn í aftur, birtist almenningi í stórfelldum, efnahagslegum kollsteypum, tveim gengislækkunum á einu ári og 100% hækkun erlends gjaldeyris samtímis verulegum samdrætti í atvinnu og beinu atvinnuleysi, þá fer ekki hjá því, að augu sífellt fleiri og fleiri eru nú sem óðast að opnast fyrir því, að illa hafi verið á málum þjóðarinnar haldið á þeim sérstöku og samfelldu veltiárum, sem nú eru nýliðin hjá. Mönnum er nú ljósara en fyrr, að sífelldar neyðarráðstafanir hæstv. ríkisstj. til þess að halda útflutningsatvinnuvegunum gangandi á

þessum veltiárum voru hið skýrasta merki um meingallað og hættulegt stjórnarfar og sjúkt efnahagskerfi. Á þessum uppgripaárum 12 þús. millj. kr. aukaafrakstursins bentum við stjórnarandstæðingar þjóðinni stöðugt á hættuna af verðbólgustefnu ríkisstj., hættuna af stjórnleysinu í fjárfestingar-, innflutnings- og verðlagsmálum og hömruðum á því, hver lífsnauðsyn þjóðinni væri á því að tryggja samfélagslega stjórn á atvinnulífinu, fjárfestingunni og innflutningsmálunum og hversu mjög riði á því, að afrakstur þessara sérstöku veltiára yrði notaður til þess að tryggja rekstrargrundvöll undirstöðuatvinnuveganna og til þess að stórauka hinar nauðsynlegustu félagslegar framkvæmdir. Á meðan þessi ár aukaafrakstursins liðu hvert af öðru, töluðum við því miður fyrir of daufum eyrum stjórnarflokkanna og einnig meiri hl. kjósenda, sem létu sér í of ríkum mæli sjást yfir það, að hverju stefndi um grundvöll framleiðsluatvinnuveganna og atvinnuöryggið um leið. Hefði það þó átt að vera hverju mannsbarni ljóst, hvað gerast myndi, ef aftur yrði meðalárferði um aflamagn og viðskiptakjör, þegar haft var í huga, að jafnvel þegar aflaaukningin var örust og verðlag útflutningsafurða hækkaði mest, varð ríkisstj. hvað eftir annað að grípa til neyðarráðstafana til þess að fleyta útgerðinni áfram. Nú hafa aukaafrakstursárin liðið hjá um sinn a. m. k., og um leið er spilaborg viðreisnarstefnunnar hrunin til grunna. Og samtímis er það orðin staðreynd í huga svo til hvers manns, að á annan veg hefði þurft að halda á málum þjóðarinnar en gert var þessi mestu veltiár, sem þjóðin hefur lifað.

Það er að vísu svo, að stjórnvöldum, hver svo sem þau eru, mun að jafnaði ekki takast að fullnægja þeim kröfum, sem þjóðin gerir um félagslegar framkvæmdir í hinum ýmsu málaflokkum, svo sem menntamálum, heilbrigðismálum og samgöngumálum, enda eru kröfur umfram framkvæmdir á hverjum tíma hin eðlilega driffjöður framþróunarinnar. En hitt mun þó jafnan verða talin ömurleg staðreynd, þegar saga undanfarinna ára verður metin, saga áranna, sem gáfu þjóðinni 12 þús. millj. kr. aukaverðmæti, að þá skuli að þeim loknum blasa við öngþveiti í svo til hverjum þessara málaflokka og stórfelldar skuldir ríkissjóðs vegna þeirra framkvæmda, sem þá voru unnar. Hún mun að jafnaði verða talin furðuleg stefna, viðreisnarstefnan, sem gat komið í veg fyrir það þessi ár, að stórfelldir áfangar yrðu unnir í þessu efni, áfangar, sem væru svo verulegir, að þjóðin hefði jafnvel getað leyft sér að slaka aðeins á, á meðan hún væri nú að umþótta sig inn í venjulegt árferði, ef svo mætti að orði komast. Furðuleg mun hún jafnan verða talin sú stefna, sem á mestu veltiárum í sögu þjóðarinnar birtist í því, að framkvæmdir ríkisins til nauðsynlegustu félagslegra framkvæmda voru beinlínis skornar niður með sérstökum lagaákvæðum. Það mun jafnan verða talið furðulegt, hvernig gullin tækifæri þessara ára til stórátaka í félagslegum framkvæmdum voru látin renna þjóðinni úr greipum. En það mun jafnframt segja sína sögu og skýra það, sem ella væri torskilið, að fyrir aðeins einum þætti byggingarframkvæmda hefur verið séð svo vel með stórfelldum áföngum á veltiárunum, að fullnægt hefur verið þörfum um alllangt árabil, en það á eins og allir vita við um banka-, verzlunar- og skrifstofuhúsnæði. Munu jafnvel þúsundir fermetra af skrifstofuhúsnæði og verzlunarhúsnæði standa ónotaðir í Reykjavík á sama tíma og sjúklingar fá ekki sjúkrahúsvist vegna skorts á sjúkrarými og tví- og þrísett er í skólana. Undanfarin ár hafa þannig verið notuð til þess að auka umsvif fjáraflamannanna á kostnað samfélagslegra framkvæmda og búa í haginn fyrir þá, sem fjármagninu ráða, á kostnað hinna efnaminni. Skattheimtukerfi ríkissjóðs hefur m. a. verið sveigt meir og meir í þá átt að afla sem mests af ríkistekjunum með neyzlusköttum, sem lenda þyngst á stærstu heimilunum, en draga að sama skapi hlutfallslega úr beinum sköttum, sem lagðir eru á í hlutfalli við tekjur manna og eignir. Það er t. d. fróðlegt að bera saman í þessu efni fjárlagafrv. norska ríkisins fyrir næsta ár og það frv., sem hér liggur fyrir. Séu tekju- og eignarskattar lagðir saman annars vegar og neyzluskattar hins vegar kemur í ljós, að af heildarsummu þessara skatta nema tekju- og eignarskattar á Íslandi 12%, en í Noregi 37.8%. Neyzluskattar á sama hátt 88% á Íslandi, en 62.2% í Noregi. Ef við athugum síðan, hvaða áhrif það hefði á skattheimtu íslenzka ríkisins, að sömu hlutföll giltu hér og í Noregi með óbreyttum heildarupphæðum, kemur það í ljós, að neyzluskattar í okkar fjárlagafrv. mundu lækka um 1.600 millj. kr., eða um 8 þús. kr. á hvern mann í landinu, en tekju- og eignarskattur hækka að sama skapi. Að sjálfsögðu mundi slík hækkun tekju- og eignarskatts leiða til þess, að uppfylla yrði kröfur um, að þeim ráðum, sem unnt er að beita til þess að tryggja rétt skattframtöl og stuðzt er við í öðrum löndum, yrði beitt hér. Allt sýnir þetta ljóslega, hvers konar þjóðfélag Alþfl. er að aðstoða Sjálfstfl. við að skapa á Íslandi. Á sama tíma veldur verðbólgustefna þessara flokka því, að tryggingabætur og tekjujöfnunarráðstafanir verða sífellt haldminni til þess að vega á móti þeirri þróun, að stöðugt falli meir og meir á hina efnaminni í þjóðfélaginu. Efnahagskollsteypurnar í fyrra og nú, tvær gengislækkanir á einu ári, leggjast svo af öllum þunga á hina efnaminnstu, þá, sem lægstar hafa tekjurnar, og þá, sem hafa fyrir stærstum fjölskyldum að sjá, en verðbólgubraskararnir fá með þessum efnahagsaðgerðum hámarksgróða með stórhækkun þeirra eigna, sem þeir hafa náð tangarhaldi á, ýmist með sparifé almennings úr bönkum eða lánsfé úr almannasjóðum, sem þeir endurgreiða svo með sífellt verðminni krónu.

Alþýða manna, sem með þrotlausri eftir- og næturvinnu undanfarin ár hefur tekizt að eignast þak yfir höfuðið, mun í vaxandi mæli missa þessar eignir sínar í hendur hvers kyns fjárplógsmanna, jafnvel fyrir lítinn hluta af raunverulegu verðgildi. Þessi óheillaþróun er þegar hafin, og sú hætta blasir við almenningi, að sú þróun haldi áfram, ef ekki verða gerðar sérstakar ráðstafanir í atvinnumálum og útrýmt því atvinnuleysi, sem nú þegar er til staðar hvarvetna um landið. Samkvæmt innflutningsáætlun þeirri, sem meiri hl. fjvn. miðar tekjuhlið fjárlagafrv. við, er gert ráð fyrir 25.5% samdrætti í neyzluvöruinnflutningi þjóðarinnar á komandi ári til viðbótar við 15—16% samdrátt á þessu ári. Miðað við gengi krónunnar á árunum 1961—1967 nemur áætlaður neyzluvöruinnflutningur samkv. þessu 1.595 millj. kr. á næsta ári, en var 2.593.6 millj. kr. árið

1966, þ. e. a. s. að gert er ráð fyrir um 40% samdrætti á innflutningi neyzluvarnings á næsta ári miðað við árið 1966.

Verður naumast annað séð en þessar áætlanir meiri hl. fjvn. miðist við atvinnuleysi í landinu á næsta ári, en samkv. upplýsingum ríkisútvarpsins í gær eru nú skráðir atvinnulausir á fimmta hundrað manna í Reykjavík og 160 menn á Akureyri. Það er því sýnt, að sérstakar ráðstafanir verður að gera til þess að uppræta atvinnuleysi. Hv. 3. þm. Vestf. gerði hér áðan grein fyrir þeirri till., sem við, sem skipum minni hl. fjvn., flytjum um 350 millj. kr. framlag, sem varið yrði í því skyni að tryggja fulla atvinnu í landinu, og ég legg áherzlu á mikilvægi þess, að fjárlög verði ekki afgreidd, án þess að sú till. verði samþ. eða aðrar ráðstafanir gerðar, sem að fullu gagni komi.

Eins og ég minntist á áðan, blasir það nú ljósar við öllum almenningi en fyrr, að illa var á málum þjóðarinnar haldið í mestu góðærunum, og kemur sú stefna, sem þá var beitt, þjóðinni nú í koll með margvíslegum hætti. Á veltiárunum birtist óstjórnin m. a. í óhemjulegri útþenslu ríkisbáknsins, sem engin leið reyndist til að fá dregið úr á þeim árum, þegar tekjur ríkissjóðs jukust um hundruð millj. kr. á ári með stórauknum innflutningi og hvers kyns vaxandi skattheimtu. Kostnaður við mörg dýrustu embættin hjá þjóðinni hækkaði t. d. þannig um 40—50% á einu saman árinu 1967. Nú, þegar harnað hefur í ári, situr þjóðin uppi með allan þennan útþanda, árlega kostnað, sem illkleift reynist að draga úr, eftir að hann er einu sinni orðinn staðreynd. Það hefur jafnan verið mín skoðun, að sparnaði í ríkisrekstri og lækkun á beinum rekstrargjöldum verði naumast við komið með stórum skyndiáhlaupum, heldur verði jafnan við hverja einustu fjárlagaafgreiðslu að viðhafa hið strangasta aðhald og íhaldssemi í þessu efni, með því einu móti fæst viðunandi og varanlegur árangur. Og staðreyndin er sú, að jafnvel væru slík skyndiáhlaup til stórniðurskurðar erfiðust, þegar afkoman er lökust, og þá oft og tíðum um atvinnuleysi að ræða.

Það var því ófyrirgefanlegt stjórnleysi og ámælisvert bruðl með almannafé, þegar rekstrarliðir í fjárlögum voru látnir þenjast hömlulaust út í vímu veltiáranna, þegar í raun og veru var hvað heppilegasti tíminn til að taka á ýmsum málum í sparnaðarskyni. Á þessum árum var engu líkara en hæstv. ríkisstj. væri að reyna að sýna í verki þá kenningu efnahagssérfræðinga sinna, að til þess að tryggja, að velmegun geti vaxið í landinu, þurfi, eins og stendur á bls. 47 í EFTA-skýrslunni, aukning umsvifa að verða „umfram allt í þjónustuflokknum."

Á meðan þessi útþenslustefna á rekstrarliðum ríkti ómenguð hjá stjórnarflokkunum og á engar sparnaðartillögur var hlustað, þær verkuðu nánast eins og dónaskapur á þeim árum, var ekki um annað að gera en flytja þessar till. við fjárlagaafgreiðslu og leyfa stjórnarflokkunum að drepa þær eins og flugur, sem þeir og gerðu af röggsemi. Vissulega hefði öll þessi ár átt að geta ríkt samstaða milli allra stjórnmálaflokkanna á Alþ. um að afgreiða fjárlög á þann hátt, að tryggilega væri gætt fyllstu hagsýni í fjárframlögum til embættiskostnaðar og annars rekstrarkostnaðar í ríkiskerfinu, hvað svo sem liði stjórnmálaágreiningi að öðru leyti, en því var ekki að heilsa af hálfu stjórnarflokkanna. Nú virðist mér, að grundvöllur hafi verið að myndast og sé að verða fyrir slíkri samstöðu og till. um sparnað og aðhald í rekstri muni fást athugaðar í því næði, sem til þess þarf, að árangur náist. Því tel ég rétta og viðeigandi þá ákvörðun minni hl. fjvn. að reyna á þann vilja, sem nú virðist fyrir hendi til athugunar á leiðum til sparnaðar í ríkisrekstrinum, og flytja því ekki að þessu sinni þær till., sem ríkisstjórnarflokkarnir hafa áratugaæfingu í að drepa, en miða nú við, að lengra tóm verði gefið til að taka afstöðu til þeirra atriða, sem við nefnum dæmi um í nál. okkar. Þótt ég telji þannig ekki ástæðu til þess fyrir minni hl. fjvn. að flytja þessar till. formlega við atkvgr., mun ég að sjálfsögðu taka afstöðu til þeirra, ef þær verða eftir sem áður fluttar af einstökum hv. þm., svo að afstaða mín til efnisatriða málsins verði ekki misskilin eða mistúlkuð. Fjárlög spegla nú sem fyrr stjórnarstefnuna í landinu og þá þróun í verðlagsmálum, sem hún veldur. Í fjárlagatill. stjórnarflokkanna speglast nú afleiðingarnar af gjaldþroti viðreisnarstefnunnar, hruninu, sem verður, þegar þjóðin nýtur ekki lengur sérstakra góðæra, heldur verður að búa við venjulegt árferði. Þótt lausn þess vanda, sem rekstur útflutningsatvinnuveganna var kominn í hafi nú verið velt milliliðalaust yfir á bak almennings í landinu með tveimur gengislækkunum á einu ári, er framkvæmdagildi þeirra fjárhæða, sem varið er til verklegra framkvæmda, stórminnkað með enn frekari samdráttaráhrifum, sem af því leiðir, á atvinnulífið í landinu. Stuðningur við hvers kyns félagslega starfsemi er skorinn niður, en á sama tíma eru tekjukröfur ríkissjóðs auknar um tæpar 800 millj. frá núgildandi fjárlögum, með þeim óhjákvæmilegu verðbólguáhrifum, sem því munu fylgja. Ferill viðreisnarstjórnarinnar er ferill sóunar og stjórnleysis á mesta góðæristímabili í sögu þjóðarinnar og tafarlausrar stöðnunar, samdráttar og hruns í venjulegu árferði, sannkallaður ólgaferill. Í því sambandi á við vísa Páls lögmanns Vídalíns, sem svo kvað:

Forlög koma ofan að,
örlög kringum sveima,
álögin úr ýmsum stað,
en ólög fæðast heima.

Það er nú að verða þjóðinni fullkomlega ljóst, að þessi ólög, það dæmalausa öngþveiti í efnahagsmálum, sem nú ríkir í kjölfar mestu góðæra í sögu þjóðarinnar, þau ólög, sem nú ríða yfir almenning í landinu, hafa fæðzt heima. Þau eiga rætur sínar í þeirri stjórnarstefnu, sem ríkt hefur á undanförnum árum. Stórfelld áföll dynja nú yfir almenning í landinu, strax og viðreisnarstjórnin þarf að beita stefnu sinni í venjulegu árferði. 40—50% verðhækkanir á algengustu nauðsynjavörum fylgja í kjölfar almenns samdráttar í atvinnulífinu, og vofa atvinnuleysisins þrengir sér æ víðar inn um gættina. Augu þeirra, sem nú taka á sig þungbærustu afleiðingar viðreisnarstefnunnar, eru nú að opnast æ betur fyrir því, að stefna stjórnarflokkanna á góðærum hefur reynzt þjóðinni hættuleg og dýr. Strax og svo er komið, að þjóðin býr við venjulegt árferði,

vegur stjórnarstefnan beinlínis að lífshagsmunum hvers alþýðuheimilis. Í þessum aukna, almenna skilningi á eðli og áhrifum viðreisnarstefnunnar felst von þjóðarinnar um bætta stjórnarhætti, sem leysir stefnu núverandi stjórnarflokka af hólmi.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Ég vil fyrst leyfa mér að þakka hv. fjvn. fyrir vinnu sína við undirbúning till. til 2. umr. Það hefur verið mikið verk að vinna, og ég tel ástæðu til þess að þakka n. það, af hversu ríkum skilningi hún hefur tekið á þeim mikla vanda, sem við eigum nú við að glíma í sambandi við fjárhagsmál ríkissjóðs, eins og þjóðfélagsins yfirleitt, og hversu till. hennar hafa mótazt af mikilli hófsemi og ábyrgðartilfinningu. Það hefur á engan hátt í till. n. verið raskað þeirri meginstefnu, sem ég taldi við 1. umr. fjárlagafrv. að þyrfti að ríkja og frv. væri mótað af, en það er að reyna að takmarka sem mest útgjöld til allrar rekstrarstarfsemi ríkissjóðs. Það var ekki talið fært að taka upp fjárveitingar til neinnar nýrrar starfsemi á vegum ríkisins, en hins vegar var ekki farið inn á þá braut að skerða í kr. fjárveitingar til verklegra framkvæmda svo kallaðra. Síðan ég mælti þessi orð hefur vitanlega sú breyting gerzt, að gengislækkunin hefur haft veruleg áhrif til aukningar á útgjöld ríkissjóðs, rekstrarútgjöldin, og jafnframt vitanlega dregið úr gildi fjárveitinga til verklegra framkvæmda. Í sambandi við gengisbreytingar áður hefur það aldrei verið talið fært að auka að neinu ráði og jafnvel ekki að neinu leyti fjárveitingar til verklegra framkvæmda í sambandi við gengisbreytingarnar. Ég geri hins vegar ráð fyrir því, að um nokkra hækkun til þeirra verði nú að ræða, þó að það liggi ekki fyrir á þessu stigi, en þar er fyrst og fremst um að ræða skóla og hafnir, sem verður gerð till. um fyrir 3. umr.

Ég tel því eftir atvikum, að þá hafi verið reynt að haga útgjaldatill. fjárlagafrv. á þann veg, að naumast verði miðað við núverandi starfsemi ríkisins lengra gengið, og svo sem upplýst hefur verið hér við þessar umræður og ég gerði grein fyrir í haust, þá var sérstök undirnefnd fjvn. starfandi í allt sumar, eða frá því s. l. vor, að ég fór þess á leit við flokkana, sem fulltrúa eiga í fjvn., að slík n. yrði sett á laggirnar, og þessari n. hefur verið gefinn kostur á að fylgjast með bæði undirbúningi fjárlagafrv. og hafa aðstöðu til að athuga þá þætti ríkisrekstrarins, sem hún teldi ástæðu til, með það í huga, að einnig minnihlutaflokkarnir hefðu aðstöðu til þess að gera raunhæfar till. til sparnaðar á ríkisútgjöldum, en þeir hafa jafnan borið því við, raunar hverjir sem hafa verið í stjórnarandstöðu, að sá stutti tími, sem væri til umræðu við meðferð fjárlaga á Alþingi, væri of skammur til þess, að hægt væri að kryfja þessi flóknu vandamál til mergjar. Ég tel því vera komið á það stig, að það sé aðstaða fyrir minni hl. að gera sínar tillögur og ábendingar engu síður raunhæfar en meiri hl., og ég tel sjálfsagt, að þessi aðstaða sé sköpuð, en þá samtímis verður sjálfsagt að ætlast til þess, að minni hl. hagi þá till. sínum með hliðsjón af þessari aðstöðu, sem hann hefur fengið til þess að fylgjast með ríkiskerfinu.

Ég sé síður en svo ástæðu til að gagnrýna minni hl. fyrir viðbrögð hans í þessu sambandi, og ég fagna því, að báðir frsm. minnihlutaflokkanna hér í fjvn. tóku undir það, sem ég lýsti sem skoðun minni, þegar 1. fundur í undirnefndinni var haldinn, að við ættum, eða fjárveitingavaldið, bæði fjmrn. og fjvn., að geta haft náið samstarf út yfir flokkalínur um það að kryfja til mergjar ríkisbúskapinn sjálfan, þ. e. a. s. ríkiskerfið og kostnað við það, og lagt áherzlu á sameiginlega að leggja grundvöll að till. til úrbóta. Eftir sem áður mundu auðvitað flokkarnir hafa mismunandi skoðanir um lausn efnahagsvandamála. Það væri allt annað mál og ekki hægt að gera ráð fyrir, að menn væru sammála um það, hvorki gengisbreytingu eða annað slíkt, um það mundu menn hafa sömu aðstöðu til að vera ósammála áfram. En ef þessir aðilar, fjmrn. annars vegar og fjvn., gætu sameiginlega markað stefnu varðandi aðhald í ríkisrekstrinum, þá væri geysimikið unnið. Og ég tel þegar mikið unnið í þessu efni með því samstarfi, sem hafizt hefur, og mér sýnist, að allir gangi að með góðan hug. Og vitanlega var forsenda þess samstarfs sú, að það væri lagður grundvöllur að athugun þessara vandamála eða skilyrði yrðu sköpuð til þeirra athugana, og það hefur verið gert með stofnun fjárlaga- og hagsýslustofnunar fjmrn., sem ég hygg, að allir séu sammála um, sem hafa kynnzt starfsemi þeirrar stofnunar, að þar hafi verið rétt stefnt og að þar hafi verið grundvöllur lagður að því, að það væri hægt að taka á þessum vandamálum öllum með meira raunsæi og með von um meiri árangur heldur en – eins og því miður oft hefur orðið að vera – að sparnaðarn. hafa verið settar á laggirnar, þó að þær hafi ekki haft aðstöðu til þess að koma með nægilega raunhæfar till., skort aðstæður til að láta rannsaka alla þætti vandamálanna, þannig að forstjórar stofnana og aðrir, sem hafa haft með þessi mál að gera, hafa með tiltölulega auðveldum hætti getað komið þessum till. fyrir kattarnef. Nú er ný aðstaða í þessu efni, sem ég tel sjálfsagt að framfylgja, og það gleður mig, að þessir nefndarmenn, talsmenn stjórnarandstöðuflokkanna, hafa lýst því yfir, að þeir hafi áhuga á að halda slíkri samvinnu áfram. Ég tók það fram í haust, að ég vildi að mínu leyti stefna að því, og tel þá, að það geti orðið.

Ég skal nú ekki fara langt út í þær ræður, sem talsmenn stjórnarandstöðunnar hafa hér flutt, þó að það væri full ástæða til þess, og nál., sem þeir hafa hér birt. Ég vil ekki lengja umræðurnar. Og m. a. sé ég ekki ástæðu hér til að fara að taka upp almennar umr. um efnahagsmál, sem aðstaða er til að ræða á öðrum vettvangi, þó vitanlega sé ekkert við því að segja, að það sé rætt einnig við meðferð fjárlaga. En það voru ýmis atriði í orðum fyrst og fremst frsm. minni hl., sem gefa mér tilefni til að segja nokkur orð, og mun ég þá fyrst víkja að ýmsum atriðum, sem snerta frv. sjálft og ríkisreksturinn í þrengri merkingu, en síðan mun ég á eftir aðeins víkja nokkuð að nál. þeirra félaga, sem er mjög merkilegt af ýmsum ástæðum, og þó merkilegast fyrir eina sök: Ég held það sé í fyrsta skipti, sem við sjáum hér sameiginlega stefnu í efnahagsmálum frá þessum tveimur flokkum. Þetta er, held ég, fyrsta skjallega staðfestingin á þeirri sameiginlegu stefnu, þannig að þetta plagg, nál. þessara tveggja flokka nú, hlýtur af þessum sökum að vekja sérstaka athygli og verða krufið til mergjar og það á miklu betri hátt heldur en ég hef tök

á að gera hér í stuttri ræðu. En þetta held ég, stjórnmálalega séð, vera eftirtektarverðan atburð. Þar er ekki aðeins um að ræða skoðun hv. þm. eða þessara manna í minni hl. fjvn. á fjárlagafrv. sem slíku, heldur er lýst skoðunum þeirra, sem þeir hafi haft og hafi um, hvernig hafi átt að leysa þann efnahagslega vanda, sem þjóðin á nú við að glíma. Þetta tel ég sérstaklega merkilegt.

Ég vil þá leyfa mér að víkja örlítið að ræðu hv. 3. þm. Vesturl. varðandi fjárlagamálin sjálf. Hann sagði, að verklegar framkvæmdir, eða hlutur þeirra, hefði stöðugt verið að minnka. Þetta er vitanlega rétt. Ef hann tekur heildarútgjöld ríkissjóðs, þá gefur það auga leið, að hlutur verklegra framkvæmda hlaut að minnka, vegna þess að það hafa komið inn í rekstur ríkissjóðs margvíslegir nýir þættir, og útgjöld vegna margvíslegrar þróunar í þjóðfélaginu hlutu að leggjast á ríkissjóð með vaxandi þunga. Og ef allir útgjaldaliðir hefðu átt að vaxa samhliða, í sömu hlutföllum, verklegar framkvæmdir og annað, þá hefði þetta auðvitað verið gjörsamlega óviðráðanlegt dæmi.

Hitt er rangt, að hlutur verklegra framkvæmda hafi með hliðsjón af verðlagi minnkað, það er kjarni málsins. Í mörgum greinum hefur hlutur verklegra framkvæmda vaxið mjög verulega, bæði innan fjárlagadæmisins og einnig utan þess, þ. e. a. s. í sambandi við vegamál.

Hv. þm. sagði, að það hefði verið of mikið fljótræði í sambandi við sparnaðartill. ríkisstj. fyrr á þessu ári. Ég tel nú ekki, að það hafi verið neitt fljótræði í þeim till. Það lá nú þegar fyrir strax í byrjun, að sumt af því mátti reikna með, að væri örugglega hægt að framkvæma á þessu ári. Annað tók ég fram, að væri mjög vafasamt og væri meira um stefnumörkun að ræða fyrir framtíðina, vegna þess að ljóst væri, að eins og horfur væru, þá var sennilegt og raunar öruggt, að halda yrði svipaðri samdráttarstefnu á þessu sviði á næsta ári. Allt það, sem var reiknað með, að mundi sparast þarna, hefur sparazt, og ég hef ekki orðið fyrir neinum vonbrigðum að því leyti, að undanskildum einu eða tveimur atriðum, sem ekki skipta veigamiklum fjárhæðum. Hitt er ég hv. þm. sammála um, að vitanlega er það alltaf erfitt að eiga svo skyndilega að taka slíkar ákvarðanir. Og þær gátu ekki orðið teknar nema með samdrætti ýmissar þjónustu. Þetta hefur alltaf komið á daginn. Og það er þess vegna eftirtektarvert og raunar nauðsynlegt, að hv. þm. geri sér grein fyrir því, að sparnaði svo neinu nemi verður ekki komið á nema með slíkum samdrætti í þjónustu, sem ýmsir telja mikils virði. Hv. þm. vék að bíla- og vélanefnd og með þeim hætti, sem mér fannst dálítið óviðkunnanlegt. Hann sagði, að af þeim mönnum, sem hefðu unnið að till. um bílamál ríkisins, væri ekki við neinu góðu að búast, vegna þess að þeir hefðu allir ríkisbíl, þess vegna mundi það hafa orkað á þeirra till. Ég vil leyfa mér í fyrsta lagi að upplýsa, að þessir menn hafa ekki ríkisbíl. Einn þeirra mun hafa að vísu bíl til umráða frá sinni stofnun, en hinir hafa ekki ríkisbíl. Hins vegar tel ég ekki, að þetta skipti neinu meginmáli, því að ég álít, að allir þessir menn hafi gert raunsæjar till. í þessu og bent á þau vandamál, sem þarna er við að glíma. Og ég vil ekki leyfa mér að telja, að það hafi orkað á þeirra till., eða að þeir hafi forðazt að gera nauðsynlegar till. vegna þess, að það snerti þeirra hagsmuni. Ég held, að það megi á sama hátt segja, að það sé erfitt fyrir þingmenn yfirleitt að gera þá till. eða yfirleitt að treysta á nokkuð, sem þeir gera, ja, við skulum segja í sambandi við skattamál og annað slíkt. Það snertir yfirleitt alla, sem þær till. gera. En þó að þetta geti átt við í ýmsum tilfellum, þá finnst mér ekki sæmandi, að við séum að halda slíku fram, nema því aðeins að annað reynist svo.

Að bílamálunum skal ég annars víkja í sambandi við athugun, sem ég mun gjarnan vilja segja nokkur orð um vegna þeirra beinu till. um sparnað, sem hv. minni hl. er með. Varðandi stjórnarnefnd Skipaútgerðarinnar hafði það slegið allmiklu felmtri á hv. þm. að sjá, að stjórnarnefndarmennirnir, sem þar höfðu verið settir, hefðu hálf forstjóralaun. Ég get upplýst hv. þm. um það, að hann getur farið að róast, vegna þess að þetta var aðeins fyrsta árið, sem byggðist á því, að þessir menn urðu að vinna þarna stöðugt miklu meira en venjulegir nefndarmenn gera vegna skipulagsbreytinga, sem varð að gera á Skipaútgerðinni. Ég ætla hér ekki, og tel ekki viðeigandi, að fara að ræða um starfsemi forstjóra Skipaútgerðarinnar eða hugmyndir hans fyrr eða síðar, en ég hef mínar skoðanir á þeim, og þær skoðanir m. a. birtast í því, að það þótti rétt að setja þarna stjórnarnefndarmenn til þess að athuga rekstur þessa fyrirtækis. Þessir stjórnarnefndarmenn fá nú eðlileg laun í samræmi við það, sem nefndarmenn yfirleitt fá í slíkum stjórnum.

Hv. þm. sagði, að hann yrði þess var, að hjá nýjum stofnunum ríkisins væri minni festa í útgjöldum en hjá hinum eldri. Ég held, að það sé ákaflega erfitt að fullyrða svona, án þess að það sé kannað betur. Vitanlega er aukin útþensla hjá nýju stofnununum, vegna þess að þær hafa verið að vaxa upp á mjög skömmum tíma, en hinar hafa verið að þróast á mun lengri tíma, og það má auðvitað um það deila, hversu nýtilegar allar þessar stofnanir séu. Þær eru nú að vísu ekki margar. En ég býst við, að fyrst og fremst sé þar átt við stofnun eins og Efnahagsstofnunina, sem er nú eina nýja stofnunin, sem vaxið hefur upp fyrir utan Seðlabankann og fyrir utan deild þá í fjmrn., sem ég vék að, fjárlaga- og hagsýslustofnunina. Það hefur stöðugt verið hlaðið verkefnum á Efnahagsstofnunina, og ég held í dag, að þá séu menn sammála um það, að hún sé í rauninni ómissandi til þess að gera sér grein fyrir þeim vandamálum, sem við er að fást. Hvort þar hefur verið bætt við mönnum óeðlilega, það er álitamál, en ég bendi aðeins á það, að það hefur ekki verið minni kröfugerð uppi frá hv. stjórnarandstæðingum um að fá upplýsingar um ótalmarga hluti langt umfram það, sem starfsmannahald þessarar stofnunar hefur gert henni mögulegt að vinna.

Hv. þm. vék að því, að skuldabyrði ríkissjóðs væri orðin mikil og hefði farið sívaxandi og að síðasta árið hefðu þessar skuldir vaxið mjög mikið. Og ég hef séð því haldið fram, og vitanlega eru það ekki rangar tölur, sem með er farið, að frá tímabilinu frá septemberlokum 1967 til septemberloka 1968 hafi skuldir ríkissjóðs hækkað um 12 hundruð millj. Þessi tala er út af fyrir sig rétt, en það má ekki draga af henni rangar ályktanir, vegna þess að hér er raunverulega um tveggja ára lán-

tökur ríkissjóðs að ræða, vegna þess að það stendur þannig af sér, að lán vegna framkvæmdaáætlunarinnar hafa verið tekin á þessu tímabili fyrir bæði árin, og enn fremur ber að gæta þess, að þarna er um að ræða lántökur, sérstakar, verulegar lántökur, vegna láns Landsvirkjunar, sem er sérstaks eðlis, og jafnframt kemur þarna inn, sem er sérstakt á þessu ári, brezka framkvæmdalánið, sem er um 280 millj. kr., og svo einnig hækkun vegna gengisbreytingar 210 millj., lán vegna Landsvirkjunar 190 millj. Töluvert af þessu fé hefur einnig verið endurlánað aftur, þannig að hér er ekki um beina skuldaaukningu ríkissjóðs að ræða. Þetta tel ég rétt, að komi fram. Varðandi það, að undanfarin ár hafi þróazt í ógæfuátt um skuldasöfnun hjá ríkinu, þá getur það auðvitað alltaf verið álitamál. Hins vegar vill nú svo til, að ég held, að hvert einasta ár hafi talsmenn hv. stjórnarandstöðuflokka borið fram ótal till. um það að taka miklu meiri lán heldur en við höfum þó lagt í að taka. Það er mál út af fyrir sig, en það verður þó að hafa í huga. En ég tel rétt, að það komi hér fram til þess að sýna, hvort hér hefur verið stefnt í hreina ógæfu og þessi lán hafi verið notuð sem eyðslueyrir, að gera grein fyrir því, að skuldir ríkissjóðs voru í árslok 1960 1343 millj. kr., og þá voru eignir umfram skuldir 1148 millj. En samkv. ríkisreikningi frá 1967, sem er síðasti reikningur, sem fyrir liggur, þá voru skuldir í árslok 2 milljarðar 368 millj., en eignir umfram skuldir 5 milljarðar 614 millj., þannig að skuldaauki á þessu tímabili var 1000 millj., en eignaauki var um 4500 millj. Auðvitað má endalaust ræða um tölur fram og aftur og draga af þeim mismunandi ályktanir, en það a. m. k. sakar ekki, að þessi hlið málanna sé einnig skoðuð.

Mig langar þá til að víkja aðeins að þessum sparnaðartill. hv. stjórnarandstæðinga, sem fram eru settar í nefndaráliti þeirra og eru töluvert eftirtektarverðar. Báðir talsmenn minni hl. n. lögðu áherzlu á það, að ríkisbáknið hefði stöðugt verið að þenjast út, og í nefndaráliti þeirra er þessi útþensla ríkisbáknsins talin vera meginorsök þess vanda, sem við eigum nú við að glíma í okkar efnahagslífi. Þetta er vitanlega mjög alvarlegt, ef svo er, og það gerir auðvitað því nauðsynlegra að kryfja til mergjar, hvernig sé hægt að losna við þetta óskaplega bákn, og hvort það megi þá ekki með tiltölulega skaðlausum hætti, úr því að þetta er meinsemd í þjóðfélagskerfinu. Þess vegna vitanlega hefði mátt gera ráð fyrir því, að það kæmu fram stórvirkar niðurskurðartill. frá þessum ágætu vinum mínum í sambandi við þetta vandamál, ekki sízt þar sem þeir, eins og ég sagði, slá því föstu í þessari sameiginlegu efnahagsmálastefnu sinni, að þetta sé höfuðbölvaldurinn. Hv. 6. landsk. þm. sagði líka í sinni ræðu, þegar hann lýsti þessu óskaplega ferlíki, sem allt hefur verið að gleypa á undanförnum árum, að það hefði aldrei verið hlustað á till. um að draga úr eyðslu ríkissjóðs. Ég verð nú að segja, að ég man ekki eftir þessum till. nema till., sem ég held að hafi gengið aftur þing eftir þing, um að draga úr kostnaði við löggæzlu á Keflavíkurflugvelli og að leggja niður tvö eða þrjú sendiráð. Ég held nú sannast sagna, að við höfum alltaf verið sammála um það svona innst inni, enda hver maður getað gert sér grein fyrir því, hversu miklu þessar till. hefðu fengið áorkað til þess að leysa þennan mikla vanda, ef það er svo, að ríkiskerfið sé orsök allrar verðbólgu í þjóðfélaginu. En sleppum því. Það getur vel verið, að þetta hafi gerzt, að þessar till. hafi verið svona smávægilegar vegna þess, að þessir ágætu menn hafi ekki haft aðstæður til þess að forma till., en úr því að sú aðstaða hefur nú skapazt, þá vitanlega má gera ráð fyrir, að till., sem hér eru settar fram í fyrstu sameiginlegu stefnuskrá í efnahagsmálum frá þessum tveimur flokkum, séu ekki af lakari endanum. Nú skal ég taka það skýrt fram, að ég hef ekkert við þessar till. að athuga, þannig að það er óþarfi fyrir okkur að deila um það, en ég vil aðeins leyfa mér að benda á það, að hér er auðvitað um till. að ræða, sem, þó að allt reyndist nú rétt, sem þarna er sagt, mundu auðvitað hafa í för með sér ákaflega lítinn sparnað miðað við ríkiskerfið í heild og gætu auðvitað á engan hátt orðið til þess að leysa þann mikla vanda, sem í efnahagsmálum er við að glíma, enda tóku þeir það báðir fram, báðir hv. þm., sem ég hef ekkert við að athuga, að einmitt þyrfti að vinna að þessu kerfisbundið. Þetta tæki langan tíma, og það væri margt í þessu flókið og þyrfti þess vegna að vinna með sameiginlegum átökum að þessu í lengri tíma. Mig langar aðeins til að hlaupa á þessum till.:

1. Að sameina rekstur ríkisskipa. Þetta hefur verið samþykkt, og er verið nú að vinna að því að koma þessu í framkvæmd í sambandi við Skipaútgerðina.

2. Að sameina verkstæði og viðgerðarþjónustu fyrir ýmsar ríkisstofnanir. Þetta hefur einnig verið ákveðið, og það er n. starfandi í því og hefur verið það síðan í sumar. Og einnig sérstaklega að athuga starfsemi Landssmiðjunnar, sem þarna er bent á, og nota hana í þágu þessara ríkisstofnana. Það er einnig verið að vinna að því þessa dagana.

Þriðji liðurinn hefur ekki verið tekinn enn til sérstakrar athugunar. Það er rétt að setja upp sameiginlega verkfræði- og tækniþjónustu. Ég tel ekki nema sjálfsagt, að það sé skoðað.

4. Að Landnám ríkisins verði sameinað Búnaðarfélagi Íslands hefur auðvitað sáralitla þýðingu sem sparnaður. Það má vel vera, að það sé rétt að gera þetta, en auðvitað mundi ekki Búnaðarfélagið taka þetta að sér án þess að fá greiðslur fyrir það, þannig að sparnaðurinn, sem í þessu fælist, væri fyrst veigamikill, ef ætti að draga úr starfi landnámsins. Þá gæti þetta munað verulegum fjárhæðum, en eins og kunnugt er, þá var það einn þáttur sparnaðarráðstafananna í ár að lækka fjárveitingu til landnámsins um 7.5 millj.

5. Það er einnig gert ráð fyrir því í fjárlagafrv. fyrir næsta ár, að Orkustofnun og ríkisrafveitur sameinist í eina stofnun. Þessum stofnunum var skipt í tvær stofnanir á síðasta þingi, vegna þess að það var skoðun þeirra, sem að athugun þeirra mála hafa unnið, að það væri hagkvæmara og mundi auðvelda traustari skipulagningu þessarar starfsemi og væri líklegra til þess að draga þar úr eyðslu fremur en öfugt.

6. Að hraða endurskoðun utanríkisþjónustunnar. Hún er nú í endurskoðun eftir till., sem samþykkt var hér á síðasta þingi, og ég get vissulega tekið undir það, að það sé rétt að hraða þeirri endurskoðun.

7. Að hraðað verði endurskoðun á framkvæmd skattalaga. Skattal. eru í heild í veigamikilli endur-

skoðun, eins og ég hef áður skýrt frá, en framkvæmd þeirra hefur líka verið í athugun á vegum yfirmanna skattkerfisins. Ég hef skýrt frá því, að um þetta hafi verið haldnar ráðstefnur sérstakar milli þeirra manna, sem eiga að sjá um framkvæmdina. Það hefur verið unnið að sérstökum till. um það að endurskipuleggja og bæta skattálagningu og skatteftirlit, og nú síðast er í þessum fjárlagatill. gert ráð fyrir aukinni fjárveitingu til embættis ríkisskattstjóra eða skattrannsóknardeildarinnar, til aukins bókhaldseftirlits og til þess að bæta aðstöðu þessarar starfsemi í ýmsum greinum. Þetta er eftir ákveðnum till. skattrannsóknarstjóra og byggt á þeirri reynslu, sem þegar er fengin í þessu starfi. Hins vegar gerist þetta auðvitað ekki með neinu skyndiáhlaupi, heldur verður að sækja hér á jafnt og þétt og læra af því, sem gert er, um framhaldið, og ég hygg, eftir því sem ég hef getað fylgzt með þessu starfi, að þá sé það allt unnið með skynsamlegum hætti, og ég hef lýst því yfir hér margoft, bæði hér í þ. og við menn, sem að þessum málum vinna, að ég mun fyrir mitt leyti, meðan ég sit í þessu embætti, leggja mig fram um það að veita þeim alla nauðsynlega aðstöðu til þess að vinna þetta þýðingarmikla verk.

8. Eftirlit og innheimta með skilum á söluskatti. Að því hefur verið unnið nú um lengri tíma að athuga þetta mál, og það er nú verið að vinna að skipulagsbreytingum. Ég veit, að það er hluti af söluskatti, sem ekki kemur til skila, en hins vegar hafa verið gerðar á því sérstakar athuganir, sem auðið er að gera, að vísu ekki nákvæmlega, en þó tiltölulega með auðsæjum hætti, og ef gengið er út frá sömu forsendum fyrir öll undanfarin ár, þá hefur undanskot á söluskatti minnkað mjög verulega. Og þeir menn, sem um þau mál hafa fjallað, telja, að undanskot frá söluskatti séu miklum mun minni en undanskot frá tekjuskatti og sé í rauninni ótrúlegt, að það skuli ekki vera um meiri fjárhæðir að ræða, en vitanlega verður að stefna að því, að þær geti orðið enn minni.

9. Varðandi leigumála ríkisins um húsnæði þá er stefnt að því — og það var ákveðið í fyrra, og ég skýrði frá því í minni fjárl.-ræðu — að enga leigusamninga mætti nú gera nema bera þá undir hagsýslustjóra með það í huga að samræma þessa leigumála. Vitanlega er það sjálfsagt, þar sem það er auðið – ekki sízt með hliðsjón af því, að það er nú meira framboð á húsnæði en verið hefur – að segja upp leigumálum, þar sem þeir reynast vera óhagkvæmir, og stefna að því að lækka þá, en ég tel, að þegar hafi verið sett upp kerfi til þess að tryggja þessa framkvæmd mála.

10. Nýtt stjórnarform póst- og símamálastjórnarinnar sé ég ekki ástæðu til að ræða um. Ég hef lýst því oft yfir áður, að ég tel, að Póstur og sími eigi ekki að vera ráðuneyti eins og það er í dag, heldur eigi að leggjast undir samgmrn. Það tel ég sjálfsagt, en veit að öðru leyti ekki, hvort sérstök stjórnarn. yfir þessa stofnun mundi hafa mikla þýðingu.

11. Þá vil ég víkja að miklu vandamáli, sem ég hef margoft sjálfur gert hér að umtalsefni, og það eru hlunnindi embættismanna, forstjóra og annarra, sem hafa bifreið við embætti sín eða stofnun, sem ríkið á. Till. um þetta efni, fleiri en ein hugmynd að þeim, voru lagðar fyrir undirnefnd fjvn. í sumar, og ég hygg, að n. hafi verið með þær í athugun. Ég hef fyrir fram ekki neitt við það að athuga, að komið verði á þeirri framkvæmd í þessum málum, að allar ríkisbifreiðar verði seldar og menn fái bifreiðastyrki. Það getur verið, að það sé einfaldasta aðferðin. Þetta er flókið vandamál, en ég vil hins vegar minna á það, sem ég hef áður gert hér, að málið er vandasamara en þetta, vegna þess að það hefur reynzt í mörgum greinum ákaflega erfitt að fá sem forstjóra nægilega góða menn fyrir ýmsar ríkisstofnanir vegna þess, hve forstjórarnir eru illa launaðir, og ef við ætlum að svipta þá þessum hlunnindum, verður ekki hjá því komizt að taka launamál þessara manna til endurskoðunar. Það er grundvallaratriði, ef á að vera hægt að halda uppi sparnaði í ríkiskerfinu og krefjast virkni í starfsemi ríkisstofnana, að það sé hægt að fá úrvalsmenn til að vera forstjóra þeirra, og því miður er ríkið þarna verr sett en einstaklingar, því að það getur ekki launað menn eftir starfi þeirra og afköstum, heldur verður að vera bundið af mjög þröngum launareglum ríkiskerfisins, og þetta hef ég sjálfur lent í vanda með hvað eftir annað með ráðningu á starfsmönnum, sem ég hef talið grundvallaratriði að ráða, og þess vegna verður ekki hjá því komizt að benda á þennan vanda, en vitanlega er hægt að hugsa sér að leysa þetta með hækkun á launum þessara manna með einhverjum öðrum hætti. Og ég skal fúslega játa það, að æskilegasta skipan þessara mála væri sú, að ríkið ætti engar bifreiðar til þessara nota. Það verður auðvitað að eiga allmargar bifreiðar til margvíslegra þjónustustarfa, en þá á að gilda um þær bifreiðar það, að þær séu eingöngu notaðar í þágu stofnunarinnar og þeim sé lagt, en starfsmennirnir hafi þær ekki til ráðstöfunar, eins og því miður er núna allt of mikið um. Þessu er ég nákvæmlega sammála, þannig að það verða ábyggilega engir árekstrar milli okkar um það að kanna þetta vandamál, og mér finnst það aðeins styrkur, ef hv. fjvn. getur sameiginlega komizt að einhverri hugmynd um, hvernig eigi að taka á þessu vandamáli.

12. liðinn um sameiginlega bifreiðastöð hér í Reykjavík hef ég ekki skoðað, þannig að ég geti neitt um það fullyrt, hvort það er hagkvæmt eða ekki, en það er sjálfsagt að kanna það.

Að eftirlitsstörf með verklegum framkvæmdum verði sem mest sameinuð, tel ég sjálfsagt að gera, og nú liggur hér fyrir Alþ. frv. um undirbúning og skipulag verklegra framkvæmda, sem ég tel einnig mjög mikilvægt, að hægt sé að samþykkja og leggja grundvöllinn að því, sem er einnig veigamikið, hvernig upphaf verklegra framkvæmda er.

Að gætt verði hófs um utanfarir á vegum ríkisins er stefna, sem ég tel sjálfsagt að fylgja, og tel, að hafi verið fylgt eins og hægt er, þó að megi alltaf deila um einstök atriði í því. Það var ákveðið í byrjun þessa árs og gerðar ýmsar breytingar, sem drógu verulega úr utanferðum, sem ríkið hefur kostað til þessa. Sé hægt að gera það meira, þá er það sjálfsagt, en hins vegar komumst við ekki fram hjá þeirri staðreynd, að við þurfum að eiga samskipti við marga og ekki hvað sízt kannske, þegar erfiðleikar steðja hér að, þannig að það eru takmörk fyrir því, hvað hægt er að ganga lengra í þessu efni.

Að setja reglur um opinberar veizlur og móttökur hef ég heldur ekki nokkurn hlut á móti, ef það er hægt. Ég

hef lagt á það áherzlu hvert ár, að það verði reynt að gera þetta með öllu því hófi, sem hægt er að koma við. Það kann vel að vera, að það sé hægt að koma því í meira hóf en nú er, en allt er þetta einnig vandamikið, m. a. fyrir þá sök, að það hefur komizt á sú venja, sem er mjög eftirsótt, að jafnvel heilar stofnanir, sem halda hér almenn fjöldaþing, panti beinlínis, að ríkisstj. eða forseti hafi boð fyrir þessar stofnanir, og það þykir eiginlega varla hægt að halda svona þing, án þess að slíkt boð sé. Allt kostar þetta sína peninga, en ég tel, að það geti komið til greina, að við leggjum þetta allt saman niður, ef menn eru sammála um það.

Að lög um lögreglumál verði endurskoðuð til að draga úr kostnaði. Þetta var ákveðið í sparnaðarl. frá í vor, og þá var gert ráð fyrir að stefna að því að lækka um 10% kostnaðinn við löggæzlumál. Það er gert ráð fyrir því sama nú í fjárlagafrv., þannig að vitanlega verður að gera þá endurskipulagningu í þessum efnum, og það liggja fyrir till. um það efni, sem ég hef einnig óskað umsagnar hv. fjvn. um.

Sem sagt ég hef ekkert við neina af þessum till. að athuga. Það er eitt atriði enn, sem hv. frsm. minni hl. vék að. Það var kostnaður við ýmis fógeta- og sýslumannsembætti, og það kann vel að vera, að það sé eitthvert ósamræmi þarna á milli. Hins vegar hafa öll þessi embætti kvartað mörg undanfarin ár um, að þau hefðu allt of lítinn mannafla. Og þetta hefur allt frá árinu 1957 eða að ég hygg 1958 verið undir eftirliti nefndar hvað mannaráðningar snertir, og yfirleitt hefur rignt yfir mann kvörtunum frá fógetum og sýslumönnum, að þeir hafi ekki fengið að ráða starfsfólk eins og þeir þyrftu. Hins vegar kann hér að vera ósamræmi á, og það, sem hv. þm. nefndi sem dæmi, er kannske táknrænasta dæmið um þetta, sem ég get vel búizt við, að sé rétt, og ég hef þegar óskað eftir fyrir alllöngu, að væri athugað, og það er með Siglufjörð, vegna þess að Siglufjörður var á sínum tíma miklu umfangsmeira embætti, þegar síldin var þar í blóma sínum, en það mætti segja mér, að þarna væri kannske dálítið „rudimentalt organ", ef svo má segja, að það hafi ekki fækkað starfsliðinu, þegar dró úr þessari þjónustu, sem þarna þurfti að veita, þannig að ég hygg, að hv. frsm. hafi kannske þarna drepið á þetta atriði, sem er líklegast, að sé hægt að segja, að sé um of mikið mannahald að ræða á þessu sviði.

Ég vil svo ekki taka undir það algjörlega, sem hv. þm. sagði, að þessi dæmi, t. d. við skulum segja um Siglufjörð og samanburð þess við Patreksfjörð og annað þess konar, sanni það, að allt þetta kerfi þurfi að endurskoða. Það sannar ekkert um það efni, vegna þess að hér hefur verið drepið á t. d. fógetaembættið, kannske það atriði, sem er aðallega að. Og það sannar auðvitað ekki, að það sé alls staðar eitthvað að, en það breytir ekki því, að þessi dæmi öll, sem hv. minnihlutamenn benda á, öll þau, sem ég benti á í minni fjárlagaræðu og vafalaust mörg önnur, eru þess eðlis, að þau vísa okkur veginn, og ég vonast til, að við getum sameiginlega stefnt að því marki, ef við eigum eitthvað með þessi mál saman að sælda einhvern tíma, að endurskoða þetta í ljósi þeirrar stefnu, sem við virðumst allir vera sammála um.

Það hefði verið fróðlegt að ræða hér um skuldirnar við útlönd og annað þess konar, það tæki bara of langan tíma, það væri alveg mál út af fyrir sig að ræða. Það dæmi hefur verið sett upp ákaflega villandi á síðustu tímum, m. a. verið reynt að slá því fram, að gengisbreytingin hafi aukið stórkostlega greiðslubyrði okkar við útlönd, og settar upp risavaxnar tölur í því sambandi. Það er auðvitað rétt, að erlendar lántökur geta haft slæm áhrif á afkomu einstakra fyrirtækja, sem hafa tekið þessi lán, svo fremi að tekjuöflun þeirra vaxi ekki að sama skapi, sem á sér að vísu stað um allmarga aðila, en vitanlega hefur gengisbreyting ekki nokkur minnstu áhrif á magn erlendra skulda fyrir þjóðarbúið. Þó að gengisbreytingin hafi hækkað þessar skuldir um 5 þús. millj. eða eitthvað nálægt því, þá hefur þetta ekki falið í sér raunverulega hækkun um eina krónu, ég vil ekki orða það þannig. Það hefur auðvitað hækkað um meira en eina krónu, en ekki hækkað í erlendri mynt, sem neinu nemi eða að neinu leyti. Og að svo miklu leyti, sem gengisbreytingin hefur verkað örvandi á framleiðslu, sem henni er ætlað að gera, og lagt grundvöll að því, að þjóðarbúið geti haldið henni gangandi með eðlilegum hætti, þá vitanlega verkar gengisbreytingin beint til þess að bæta aðstöðu þjóðarinnar til að borga sínar erlendu skuldir. Það er svo allt annað mál, sem er ástæðulaust að neita, að skuldabyrðin hefur auðvitað vaxið mikið nú síðustu tvö árin, sérstaklega nú á þessu ári, og það er vegna þeirrar einföldu staðreyndar, að tekjur okkar til að standa undir þessum skuldum hafa minnkað um helming á tveimur árum. Þá auðvitað gefur það auga leið og skilur hver maður úr persónulegum búskap sínum, að það eykur auðvitað skuldabyrðina og skapar mikinn vanda, en það sannar ekkert um það, að óskynsamlega hafi verið haldið á um lántökur, og sannleikurinn er sá, að þegar verið er að reikna það, að þetta merki útgjöld, þetta merki tekjur allra frystihúsa og þar fram eftir götunum, þá er þetta allt meira og minna villandi, vegna þess að geysistórar fjárhæðir af þessum skuldum síðustu árin eru í sambandi við sérstakar gjaldeyrisskapandi framkvæmdir. Við skulum taka Búrfell og Straumsvíkurhöfn, þar sem er um feiknamiklar lántökur að ræða, en þetta er enginn baggi á þjóðinni, vegna þess að þarna eru tryggðar á móti gjaldeyristekjur, sem í framtíðinni standa straum af þessum lánum. Hin miklu flugvélakaup falla á þessi ár, sem skipta geysilegum fjárhæðum, meginhlutinn af tekjum þessara flugvéla er í erlendum gjaldeyri, og þar af leiðandi vaxa þær í samræmi við gengisbreytingarnar, og hér er vitanlega ekki verið að leggja neinn bagga á þjóðfélagið almennt, heldur hafa þarna skapazt skilyrði til stóraukinnar vinnu fyrir mikinn fjölda þjóðfélagsborgara.

Og allur fiskiflotinn, sem var vitnað í, að væri í miklum skuldum. Það er rétt, en þennan fiskiflota hefði ekki verið hægt að kaupa síðustu árin, ef ekki hefðu verið tekin erlend lán, og vitanlega, ef allt hefði gengið að óskum, hefði það skilað þjóðarbúinu margföldum gróða að hafa tekið þessi lán og er þegar búið að gera það að vissu leyti, því að síldveiðin, sem var t. d. á s. l. ári, hefði ekki orðið nein, ef þessi floti hefði ekki verið til staðar, og sáralítil einnig á árinu þar áður. Það er því mjög villandi, þegar talað er um, að þessar lántökur sýni eitthvert skelfilegt ástand, sem sýni, að yfirvofandi

sé hjá okkur gjaldþrot vegna þessara ógætilegu lántaka. Hitt er svo annað mál, og því skal ég á engan hátt draga úr, að ef heldur áfram þessi mikli samdráttur í okkar þjóðartekjum eða útflutningstekjum, þá auðvitað verðum við að fara ákaflega varlega, og þá verður þetta okkur þungur baggi næstu ár. Það er fjarri mér að mótmæla því.

Því er haldið fram af báðum hv. talsmönnum minni hl., að ríkisstj. stefni sýnilega með fjárlagaboðskap sínum að atvinnuleysi, og þetta byggist á því, að bent er á, að það sé gert ráð fyrir svo miklum samdrætti á tekjum ríkissjóðs, að það hljóti að leiða til atvinnuleysis. Vitanlega væri mjög slæmt, ef þetta væri rétt, og þá yrði í fullri alvöru að gera sér grein fyrir því, en á þessu máli eru tvær hliðar. Sú hliðin, sem þessar áætlanir byggjast á, er fyrst og fremst varðandi stöðuna út á við. Það er auðvitað alveg tilgangslaust fyrir okkur að segja, að við þurfum og megum ekki draga úr neyzluvöruinnflutningi nema svona og svona mikið, ef við höfum ekki peninga til að kaupa þessar vörur, og ef verið er að tala um það, að það sé hættulegt, að við séum komnir á yztu nöf með það að verða háðir öðrum þjóðum eða jafnvel gjaldþrota fyrir skuldasöfnun erlendis, þá tjóar ekki að halda áfram innflutningi eins og ekkert hafi í skorizt, þó að við höfum misst helming okkar gjaldeyristekna, það tjóar ekki, og þess vegna verðum við að reikna með samdrætti og vitanlega eru þessar aðgerðir, sem gerðar hafa verið nú miðaðar við það, að það verði allverulegur samdráttur í innflutningi. Og hv. stjórnarandstæðingar hafa bent á það sjálfir, að það væri sjálfsagt að banna innflutning á einum og öðrum vörum. Þrátt fyrir það að gert sé ráð fyrir þeim samdrætti, sem tekjuáætlun fjárl. er byggð á, þá er samt gert ráð fyrir, að halli verði á viðskiptum út á við um í kringum 500– 600 millj. á næsta ári, og auðvitað verður að brúa það bil með gjaldeyrislántökum, vegna þess að það er ekki talið með neinu móti hægt að ganga lengra í þessari skerðingu á innflutningi á neyzluvörum.

Þó að þannig sé gert ráð fyrir samdrætti í neyzluvöruinnflutningi, þá þarf það auðvitað ekki að merkja atvinnuleysi, vegna þess einmitt að það má gera ráð fyrir, að vegna stórbættrar aðstöðu íslenzks iðnaðar verði miklum mun meira keypt af innlendum varningi í landinu og það komi beinlínis fram aukin atvinna á þeim vettvangi.

Ég tek alveg undir það með þessum ágætu mönnum, að það verður að beina að því allri orku að koma í veg fyrir atvinnuleysi, og ríkisstj. hefur stefnt með sínum aðgerðum í þá átt að reyna að tryggja atvinnu jafnhliða jafnvægi í viðskiptunum út á við, sem er okkur auðvitað alveg óumflýjanlegt að tryggja. Till. um 350 millj. kr. í þessu skyni sem fjárveitingu úr ríkissjóði skal ég ekki mikið um segja. Ég vil aðeins taka það fram, að ríkisstj. hefur gert sér fullkomna grein fyrir því, að það geti þurft að útvega fé, ég skal engar upphæðir nefna þar, til þess að örva atvinnulífið á ýmsum sviðum. Hvort það verður þessi upphæð eða einhver önnur, skal ég ekkert um segja, um það fara fram eða væntanlega munu fara fram um það viðræður, ekki hvað sízt þennan þátt vandans, milli stéttasamtaka og ríkisvaldsins, hvernig tryggja eigi gegn atvinnuleysi, og það er tímabært að taka ákvörðun um það efni þá, og verður þá að sjálfsögðu að leita eftir fjáröflun í því skyni, ef á að leggja á ríkissjóð þar auknar byrðar.

Sú röksemd, að það þurfi ekki að útvega fé til þess að mæta þessu, vegna þess að ef atvinnuleysi skelli á, muni draga miklu meira úr tekjum ríkissjóðs, en gert er ráð fyrir í frv., stenzt ekki fyrir þá sök, að frv. er byggt á því, að það verði ekki atvinnuleysi, þannig að ef atvinnuleysi yrði stórfellt, þá mundi enn þá versna hagur ríkissjóðs frá því sem fjárlagafrv. gerir ráð fyrir.

Herra forseti. Ég hef þá vikið að þeim atriðum, sem snerta fjárlagafrv. sem slíkt, og öðrum, sem óbeinlínis snerta það, en að lokum langar mig til að segja aðeins örfá orð um hina sameiginlegu efnahagsmálastefnu stjórnarandstöðuflokkanna, sem hér birtist í fyrsta skipti á prenti, ekki vegna þess að ég geti gert henni nein fullnægjandi skil. Það þarf til þess miklu meiri athugun á þessum einstöku stefnuatriðum, sem fram eru sett, heldur en hægt er að gera á þeim stutta tíma, sem liðinn er síðan ég las þessa eftirtektarverðu yfirlýsingu. Hv. frsm. minni hl. ræddi hér nokkuð um stjórnarviðræðurnar í haust eða viðræðurnar milli stjórnmálaflokkanna og sagði, að fulltrúar stjórnarflokkanna hefðu mætt eins og ólesin börn til þessara viðræðna, vegna þess að engar upplýsingar hefðu verið til. Vitanlega er það mikill misskilningur, að þeir hafi mætt á nokkurn hátt ólesnir og upplýsingar hafi ekki verið til, því sannleikurinn er sá, að á mjög stuttum tíma var aflað upplýsinga og lagðar fyrir viðræðun. upplýsingar, sem voru miklu fullkomnari heldur en nokkru sinni hafa verið til hér í okkar þjóðfélagi áður og sýndu, að vissulega hafi af mörgum verið unnið og margt verið kannað, en það lá fyrir þegar í upphafi, að það væri ekki til hlítar hægt að gera sér grein fyrir vandamáli sjávarútvegsins fyrr en við sæjum betur, hvernig útkoma síldveiðanna yrði, og væri betur búið að gera upp frystihúsadæmið. Það hefur aldrei verið gert fyrr en í árslok og var því óvenjulegt, að skyldu á þessum tíma liggja fyrir jafnnákvæmar upplýsingar og þar var um að ræða.

En hvort sem menn hafa mætt þarna ólesnir af stjórnarliðinu eða ekki, þá er það auðvitað slæmt, ef svo hefur verið, en það er þó enn þá verra að fara úr skóla ólæs, það er enn þá verra, og það er það, sem hv. stjórnarandstæðingar virðast hafa gert, eða a. m. k. fara þeir ákaflega dult með sína leskunnáttu, ef hún er þá einhver.

Það nefnilega gerðist þarna, að stjórnarandstæðingar fengu á þessum tíma nákvæmlega allar þær sömu upplýsingar og ríkisstj. hefur haft til að byggja sínar till. á um lausn vandamálanna, og þetta er alveg nauðsynlegt að komi skýrt fram. Undanfarin ár hefur því verið haldið fram af stjórnarandstöðunni, að hún hafi ekki getað gert till. í efnahagsmálum vegna þess, að hún hafi ekki fengið að fylgjast með, stjórnin sitji með sína sérfræðinga, sem vinni fyrir hana, og stjórnarandstæðingar geti þar af leiðandi ekki formað neinar till. Nú er engin slík afsökun fyrir hendi, ekki á nokkurn hátt, þannig að þessar till. hefðu átt að geta legið alveg jafn vel fyrir eins og till. stjórnarliðsins og jafn snemma. Þær hafa ekki sézt hér á Alþ. nema ég held það eina atriði í þeim að fella niður söluskatt á fiski og einhverjum vörum, sem sáust hér. Ég held, að ég fari rétt með það,

að það sé eini þáttur þessara efnahagsvandamála, sem hér hefur sézt í þskj., þangað til núna, að við sjáum það hér, að lausnin yrði að tryggja fulla atvinnu, ja, hvaða lausn, og tilfærslan milli stéttanna yrði sem minnst og legðist á sem breiðustu bökin. Hvaða millifærsla? – Og aðgerðinni fylgdi sem minnst áhætta fyrir fjárhagslegt öryggi þjóðarinnar. Vitanlega eru allir sammála um það og í rauninni um þetta allt. Og það, sem þó satt er, ef ég má með leyfi hæstv. forseta aðeins vekja athygli á því, er stjórnarandstaðan lagði til, að byrjað yrði á að minnka vandann með því að draga úr rekstrarkostnaði, draga úr eyðslu með því að nota fjármuni með stjórnsemi og samkv. skipulagi, beina fjárfestingu að þeim verkefnum, sem þjóðina skipta mestu, og með stjórn á notkun erlends gjaldeyris. Þegar þjóðin breytir um stefnu frá því sem nú er, tekur hún upp stjórn á efnahagsmálum í stað stjórnleysis, snýr frá verðbólgustefnu að festu og sparnaði. Sú stefnubreyting á fyrst að eiga sér stað í ríkisbúskapnum sjálfum. Útþensla, eyðsla og ofsköttun undanfarin ár hefur haft meiri áhrif á verðbólguna og almenna eyðslu í landinu en hægt er að gera grein fyrir í nál. eins og þessu. Þetta er mjög eftirtektarvert. En hvernig í ósköpunum átti með þessum úrræðum, jafnvel þó að vextir hefðu verið lækkaðir eins og hér hefur verið talað um, útflutningsgjöld afnumin og tekið upp breytt tryggingakerfi, að leysa þann vanda, sem var þarna við að fást? Þetta eru allt mál, sem taka miklu lengri tíma, alveg á sama hátt og hv. frsm. sagði alveg réttilega um sparnað í ríkisbúskapnum. En að það hefði nægt til þess að bjarga atvinnuvegum, sem voru að stöðvast eða stöðvaðir, það er mér hulinn leyndardómur. Dagblaðið Tíminn hefur sjálft sagt í ritstjórnargrein, sem átti að draga upp, hversu hrakleg myndin væri, náttúrlega hjá stjórninni, að það hefði legið fyrir og lægi fyrir á borðinu, að það vantaði 1400 millj. kr. tilfærslu til sjávarútvegsins til að hægt væri að leysa vandann. Hvernig menn geta látið sér hugkvæmast, að þessar óljósu bollaleggingar hefðu getað leyst vandann, það er mér hulinn leyndardómur. Ég er ósköp hræddur um, að eftir að þessi sameiginlega stefna hefur hér birzt, þá verði það hulið æðimörgum, hvernig hefði átt að koma í veg fyrir það, að atvinnulífið stöðvaðist og það atvinnuleysi skylli yfir, sem við öll erum sammála um, að hefði verið skelfilegt, og því vildi ríkisstj. ekki bera ábyrgð á, að gerðist. Það er öllum vitanlegt, og við skulum ekkert vera að vefja fyrir okkur, að það voru ekki til nema þrjár leiðir í þessum vanda – þetta eru allt aukaleiðir, sem hér er talað um, sem gátu hjálpað til, en alls ekki leyst höfuðvandann – það var annað hvort gengisbreyting, stórfelld uppbótastefna eða stórfellt nýtt uppbótakerfi eða niðurfærsla verðlags og launa. Þetta eru þær einu þrjár meginleiðir, sem komu til greina, og það hefur enn þá ekki fengizt sagt frá hv. stjórnarandstæðingum og ekki heldur í þessari sameiginlegu stefnu þeirra, hverja þessara þriggja leiða þeir vildu fara. Hefðu þeir tekið við stjórninni í haust, þá er ég ósköp hræddur um, að þeir hefðu neyðzt til þess að forma þetta með einhverjum hætti öðruvísi en hér er gert.

Þessa sameiginlegu stefnu eigum við eftir að skoða og vafalaust margt um hana að segja, og ég skal ekki eyða þessum tíma lengur í að fjalla um hana, það er ástæðulaust. Ég óska aðeins þeim stjórnarandstæðingum til hamingju með að hafa sett þessa stefnu niður á blað og undirskrifað hana sameiginlega, að öðru leyti tel ég ekki ástæðu til þess að tefja tímann frekar með athugasemdum um einstök atriði málsins.

ATKVGR.

Afbrigði um brtt. 159, 160, 163, 169 og 170, sem voru of seint fram komnar, leyfð og samþ. með 38 shlj. atkv.

Magnús Kjartansson: Herra forseti. Hæstv. fjmrh. er maður íhaldssamur og varkár, og því þótti mér hann tala furðu gáleysislega hér áðan um skuldabyrði Íslendinga um þessar mundir. Hæstv. ráðh. talaði um það, að því væri haldið fram, að greiðslubyrði okkar væri orðin óskyggilega hár hluti af útflutningstekjunum. En skýring hans var sú, að menn þyrftu ekki að undrast þetta, vegna þess að útflutningstekjurnar hefðu dregizt mjög stórlega saman á stuttum tíma. En skýringin er ekki svona einföld. Útflutningstekjur okkar á þessu ári munu verða mjög svipaðar því og þær voru 1963 reiknað á sama gengi hvort tveggja. En 1963 hygg ég, að greiðslubyrðin hafi verið rúmlega 5% af gjaldeyristekjunum. Nú er hún komin allmikið yfir 10%. **(Fjmrh.:** Hún var 8.5%.) Jæja, en hún er komin allmikið nú yfir 10%, og það er um sama grundvöll að ræða í bæði skiptin. Þessi hækkun er ákaflega óskyggileg, ekki sízt vegna þess að hún gerist á sömu árum og útflutningstekjur okkar fara stórlega vaxandi. Á örfáum árum jukust þessar tekjur um meira en 10 milljarða miðað við það meðaltal, sem áður var, og það er á sama tíma og þessi stórfellda tekjuaukning rennur inn í þjóðfélagið, sem hæstv. ríkisstj. heldur áfram að hlaða upp erlendum skuldum. Ég minnist þess, að 1. desember 1959 flutti aðalráðgjafi hæstv. ríkisstj. í efnahagsmálum, Jónas Haralz ræðu, sem vakti mjög mikla athygli. Þá benti hann á það, að skuldabyrði Íslendinga væri rúmlega 10%. Hann taldi, að engin þjóð í Evrópu að Júgóslavíu undanskilinni væri jafn illa á sig komin, og hann varaði þá alvarlega við ríkisgjaldþroti af þessum sökum. Ég undrast mjög, að þessi ágæti sérfræðingur og hæstv. ráðh. skuli ekki túlka sams konar sjónarmið nú. Hins vegar eru aðrir, sem hafa opinskátt rætt um ríkisgjaldþrot af þessum sökum. Mér þótti það ákaflega lærdómsríkt, þegar ég horfði á sjónvarp fyrir nokkrum vikum. Þar var viðtal við hæstv. fjmrh., og þá segir þulurinn ósköp rólega við hæstv. fjmrh.: Hvað þarf eiginlega til þess, að ríkið verði gjaldþrota. Erum við ekki að verða gjaldþrota? Og hæstv. ráðh. varð hvorki undrandi né reiður. Hann svaraði þessu afar rólega. Honum fannst þetta ekkert undarleg spurning. Sams konar sjónarmið hafa komið fram erlendis. Það hefur gerzt á þingmannafundi Atlantshafsbandalagsins, að rætt hefur verið um almenna aðstoð handa Íslendingum, vegna þess að við værum að verða gjaldþrota. Hliðstæð skrif hafa einnig birzt í dönskum blöðum, um almenna norræna samvinnu til þess að bjarga okkur, svo að mér finnst, að hæstv. ráðh. eigi ekki að tala um þetta af neinni léttúð, enda er léttúð ekki eiginleiki, sem fer honum vel.

Mér þótti einnig undarlegt að heyra hæstv. ráðh. tala

um atvinnuleysi, sem fram undan kynni að bíða. Hann sagðist vilja vefengja það, að stefna ríkisstj. mundi leiða til atvinnuleysis, og hann sagði, að fjárlagafrv. væri miðað við það, að ekki yrði atvinnuleysi á Íslandi. Það er mjög alvarlegt atvinnuleysi á Íslandi núna. Ég hygg, að nú séu um 1000 atvinnuleysingjar skráðir um allt land. Og þetta er ákaflega alvarleg staðreynd, ekki sízt vegna þess, að allt bendir til þess, að á næstu vikum muni þessi tala enn halda áfram að aukast. Það stoðar ekki að standa hér án þess að viðurkenna það, sem er að gerast í þjóðfélaginu umhverfis okkur. Þetta er staðreynd, og hjá því verður ekki komizt, að lagðar verði fram mjög verulegar upphæðir til lausnar á þessum vanda. Hæstv. ráðh. vildi heldur ekki andmæla till., sem stjórnarandstæðingar hafa flutt um stórfelldar upphæðir í þessu skyni. Hann taldi, að vel kæmi til greina að leggja fram slíkar upphæðir eftir einhverjum leiðum.

Annars ætlaði ég ekki að taka þátt í þessum almennu umr., sem hér hafa farið fram til þessa, heldur ætlaði ég að taka til við þann klassiska þátt í afgreiðslu fjárlaga, sem heitir þingmannatillögur. Að vísu má segja, að slíkar till. hafi smátt og smátt verið að breytast í eins konar forngripi á undanförnum árum, vegna þess að það er orðin föst hefð að taka ekkert mark á þeim. Sú var hins vegar tíðin, að afgreiðsla fjárlaga þótti býsna miklum tíðindum sæta á Íslandi og var umlukt talsverðri óvissu. Flokkabönd riðluðust einatt, einmitt þegar fjárlög voru afgreidd, og menn tóku þar oft afstöðu gegn meiri hl. í flokkum sínum. Í frásögnum um þinghald frá fyrri dögum er oft greint sérstaklega frá því, hvernig menn hafi lýst stuðningi og hrundið fram ýmsum nauðsynjamálum einmitt á þennan hátt. En þetta hefur smátt og smátt verið að breytast á undanförnum áratugum. Æ fleiri atriði hafa verið ákveðin með flokkasamþykktum, þar sem mönnum er gert að hegða sér í samræmi við það, sem ákveðið er á flokksfundum. Og seinustu árin hefur þetta gengið svo langt, að nú fást ekki einu sinni samþykktar smátill. eins og tíðkaðist hér áður fyrr. Seinustu árin hygg ég, að engin þingmannatill. hafi verið samþ. hér á þingi. Afgreiðsla málsins er orðin svo vélræn, að skrifstofa Alþingis gæti hæglega gengið frá handriti til prentunar, áður en afgreiðsla fer fram hér á þingi. Á því mundi ekki verða nokkur breyting.

Ég rak mig einmitt á það á seinasta ári, hversu afdráttarlaus þessi regla er. Þá kom til mín einn þm. úr stjórnarflokkunum, sem hafði áhuga á ofurlítilli till. um menningarmál. Hann bað mig að gerast meðflm. með sér að þessari till., og ég féllst á það. Og honum tókst meira. Honum tókst að tryggja það, að till. var flutt af einum manni úr hverjum flokki. Þarna var ekki um stóra upphæð að ræða, og vegna þess að tillagan var flutt af mönnum úr öllum flokkum, þá átti þessi till. að hafa allverulegar líkur á því að ná samþykki. En nóttina áður en atkv. skyldu greidd gerðust þau tíðindi, að einn þm. stjórnarliðsins kom upp í þennan ræðustól og taldi það vera firn mikil, að þm. úr stjórnarliðinu leyfðu sér að taka upp þvílíkt samneyti við stjórnarandstöðuna. Og hann lýsti yfir því, að ef þessi till. ætti að ná fram að ganga, teldi hann sig óbundinn af öllu því samkomulagi, sem stjórnarflokkarnir hefðu gert um afgreiðslu fjárlaga. Þetta leiddi til þess, að stjórnarþm., sem átti upptökin að þessari till., taldi óráðlegt að halda fast við hana, og hún kom aldrei til atkv. Slík vinnubrögð eru komin út í hreinar öfgar.

Með þessu er ég auðvitað ekki að segja, að þm. hafi ekki tök á því að hafa áhrif á einstök atriði í fjárl. fyrir tilstilli fulltrúa sinna í fjvn. eða með því að ræða beint við ráðh. og embættismenn. Auðvitað gerist slíkt á hverju þingi. Engu að síður tel ég, að þetta kerfi sé orðið allt of ósveigjanlegt. Það er bæði ósæmilegt og gersamlega ástæðulaust að fjötra þm. á þennan hátt. Mér er það að vísu ljóst, að ríkisstj. hverju sinni verður að taka ákvörðun um allt meginefni fjárl. og tryggja það, að þar standist endar á, tekjur og gjöld, og eðlilegt samhengi sé þar í ákvörðunum. En það er algerlega ástæðulaust að binda hvert einasta smáatriði á þennan hátt. Hafi hæstv. ríkisstj. og hv. þm. í rauninni áhuga á því að auka virðingu Alþ. eins og oft er rætt um og auka áhuga almennings á störfum þessarar stofnunar, þá held ég, að þeir ættu að gefa þessu atriði gaum. Það mundi á engan hátt torvelda hæstv. fjmrh. störfin, þótt hann gæfi þm. t. a. m. frelsi til þess að úthluta örlitlum hluta af heildarupphæðinni, ég nefni svo sem 1—2%, á meðan þm. væru að venjast frelsinu.

Þessar starfsaðferðir hafa leitt til þess, að þm. eru farnir að flytja þingmannatill. með mjög hangandi hendi síðustu árin. Menn telja þetta algerlega tilgangslaust; með því séu þeir að berja höfðinu við steininn. Hvað stoðar að leggja vinnu í það að undirbúa mál og vekja athygli á þeim, ef enginn þm. má taka neitt mark á till.? En þrátt fyrir þessa þróun hef ég leyft mér að flytja hér ásamt nokkrum þm. öðrum fáeinar till. af þessu tagi, og þær eru fyrst og fremst bundnar við menningarmál. Það er með ráðum gert að velja þann málaflokk sérstaklega. Nú er erfitt og versnandi efnahagsástand í landinu, og fyrir því er löng reynsla, að einmitt á slíkum tímum sækir það viðhorf mjög á stjórnarvöld að láta samdrátt og niðurskurð sérstaklega bitna á menningarmálum. Ég legg áherzlu á það, að einmitt nú er nauðsynlegt að fara öfuga leið. Menningarmálin hafa einnig notið þess á undanförnum árum, að mikið fjármagn hefur verið í þjóðfélaginu og hafa getað notið framtaks einstaklingsins á ýmsum sviðum, en ég er hræddur um, að í þau skjól fari nú mjög að fjúka og þess vegna verði forysta ríkisins mun mikilvægari en hún hefur verið seinustu árin.

Á þskj. 159 flyt ég brtt. um lið þann, sem varðar Kennaraskólann. Mér er að vísu ljóst, að meiri hl. fjvn. og hæstv. ráðh. ætla við 3. umr. að leggja fram till. um byggingarframkvæmdir við skóla, en ástandið hjá Kennaraskólanum er svo alvarlegt, að ég taldi rétt að vekja sérstaka athygli á því þegar við 2. umr. Árið 1962 flutti Kennaraskólinn í ný húsakynni. Það voru mikil og ánægjuleg umskipti, því að áður hafði um langt bil verið búið mjög hraklega að þessum skóla. Nýja skólabyggingin við Stakkahlíð var aðeins hálfgerð 1962. Það var aðeins helmingurinn af byggingunni, sem komst upp það ár. Samkv. teikningu arkitekta á skólinn fullbúinn að rúma 250—300 nemendur, þ. e. a. s. í þeim helmingi, sem komst upp 1962, ættu samkv. því að rúmast um 150 nemendur. En í haust, þegar skólinn var settur, kom í ljós, að í honum voru hvorki meira né

minna en 826 nemendur. Þar við bættust á 2. hundrað börn, sem eru í Ægingaskóla Kennaraskólans, þannig að alls voru nemendur í skólanum um 1000, sex eða sjö sinnum fleiri en eiga að vera samkv. þessu húsnæði. Þarna er drepið í hvern afkima, en auk þess hefur orðið að leigja húsnæði utan skólans. Þarna er sem sé um augljóst neyðarástand að ræða. Fyrir skömmu birtist viðtal við skólastjóra Kennaraskólans, dr. Brodda Jóhannesson, í aðalmálgagni hæstv. ríkisstj., Morgunblaðinu, og hann komst þar svo að orði, með leyfi hæstv. forseta:

„Það liggur í rauninni alveg ljóst fyrir, að allar bollaleggingar um breytingar á vinnubrögðum í skólunum eru fyrst og fremst fjárhagslegs eðlis. Það er t. d. húsnæðis- og bókaskortur, sem háir Kennaraskólanum meira en allt annað. Hér eru nú um þúsund nemendur í skólabyggingu, sem fullgerð er áætluð fyrir um 250—300 nemendur, en er nú aðeins hálfbyggð. Þessir tæplega þúsund nemendur geta t. d. ekki stundað sínar íþróttir á skaplegum tíma. Aðstaða til félagsstarfs í skólanum er mjög slæm, þar sem samkomusalur er óbyggður og engin stofa í skólanum, sem getur rúmað heilan árgang vandræðalaust. Ef mönnum er alvara og þeir hafa einlægan vilja á að leysa vandamálin betur en verið hefur, er það óvíða, sem skólakerfið sjálft hindrar það, enda þótt fjárskortur geri það. Ef ráðamenn vilja sýna vilja sinn í að koma fram bótum, er það fyrst og fremst með auknum fjárframlögum. Kennaraskólann skortir t. a. m. a. m. k. 100 millj. í aðkallandi mannvirki, tæki og bækur."

Mér er kunnugt um það, að skólastjóri Kennaraskólans fór fram á það við hæstv. ríkisstj. og fjvn., að til framkvæmda við skólann yrði varið 6 millj. kr. Till. mín er aðeins um 5 millj., þannig að ég verð ekki ásakaður fyrir það, að ég sé að fara fram úr mati þeirra manna, sem bezt þekkja aðstæðurnar. Þetta er vandamál, sem margir hafa veitt athygli. T. d. var þetta mál rætt á seinasta borgarstjórnarfundi í Reykjavík. Þar kom fram till. um það, að borgarstjórn skoraði sérstaklega á hæstv. ríkisstj. að halda byggingarframkvæmdum áfram við Kennaraskólann. Þessi till. náði að vísu ekki samþykki, en fulltrúar Alþfl. í borgarstjórninni stóðu með henni. Því vil ég mega vænta þess alveg sérstaklega, að hæstv. menntmrh. leggi þessu máli lið.

Á sama þskj. flyt ég ásamt hv. þm. Jónasi Árnasyni og Sigurði Grétari Guðmundssyni nokkrar aðrar till. um menningarmál. Þar er fyrst að telja, að við leggjum til, að gjaldfærður stofnkostnaður Landsbókasafns hækki úr rúmlega 1½ millj. í 3 millj. En þarna er átt við fjármuni til bókakaupa og annarra hliðstæðra þarfa fyrir Landsbókasafn. Á undanförnum árum hefur sú undarlega þróun verið að gerast, að bókakaup á vegum opinberra aðila hafa færzt hlutfallslega frá Landsbókasafninu til annarra aðila í þjóðfélaginu. Hæstv. menntmrh. skýrði frá því í viðtali, sem hann átti við Samvinnuna fyrr á þessu ári, að hann teldi, að bókakaup opinberra aðila væru nú 8 millj. kr. á ári. Hlutur Landsbókasafns, þjóðbókasafnsins, er aðeins 1½ millj. Þetta hlutfall er auðvitað óeðlilegt með öllu. Á sama tíma og þm. eru að klípa utan af lítilli upphæð til Landsbókasafnsins eru ýmsar opinberar stofnanir, sem hafa fjármagn til þess að kaupa bækur án íhlutunar Alþ., þ. á m. bankarnir. En auðvitað verður þjóðbókasafnið að hafa algera forystu um slík bókakaup. Og þessi þróun er þeim mun bagalegri sem hæstv. menntmrh. hefur algerlega vanrækt að framkvæma það fyrirheit sitt að láta koma upp skráningarmiðstöð fyrir vísindarit, sem til eru í íslenzkum söfnum. Um þetta hefur verið rætt árum saman, en framkvæmdir hafa engar orðið. Þess vegna hefur hlotizt sívaxandi glundroði af þessari skipan. Við leggjum þarna til, að hlutur Landsbókasafnsins verði bættur nokkuð, en þarna er um tiltölulega litla upphæð að ræða.

Önnur till. okkar er um Listasafn ríkisins. Fyrir allmörgum árum var sett löggjöf um Byggingarsjóð Listasafnsins, og þá féllu um það fögur orð hér á þingi, að að því skyldi stefnt eins fljótt og auðið væri að reisa sérstaka listasafnsbyggingu. Fjárframlögin hafa hins vegar verið fjarskalega lág, 400 þús. síðustu árin, og við vitum allir, hvernig slík fjárframlög eru leikin. Verðbólga og gengislækkanir rýra þessi fjárframlög jafnt og þétt, þannig að sum árin hygg ég, að framlög Alþ. hafi alls ekki nægt til þess að halda í horfinu. Hins vegar er aðstaða Listasafnsins, þar sem það er staðsett, orðin ákaflega erfið. Húsakynni eru orðin svo þröng, að þarna er aðeins hægt að sýna örlítinn hluta af þeim listaverkum, sem í safninu eru. Meginhluti listaverkanna er lokaður niðri, og enginn maður kemst til þess að sjá þau. Og hitt er þó enn þá háskalegra, að geymslurnar eru svo lélegar, að listaverkin liggja undir skemmdum. Ég vil minna hv. þm. á það, að fyrir ekki ýkja löngu varð þarna slys í sambandi við hitunarkerfi hússins, vatn komst í ein 10 málverk, og þau skemmdust mjög verulega. Þau voru send til Danmerkur til viðgerðar, og ég hygg, að viðgerðarkostnaður sé um 300 þús. kr. Það getur hefnt sín að spara fjármuni til menningarstarfsemi. Í þessu sambandi er líka vert að minna á það, að Þjóðminjasafnið þarf nú orðið á öllu sínu húsnæði að halda. Það þarf óhjákvæmilega á því að halda næstu árin að geta tekið við þeim húsakynnum, sem Listasafn Íslands er nú í. Hins vegar hefur undirbúningur verið svo grátlega seinn, að það er ekki enn þá einu sinni búið að ákveða lóð undir væntanlega listasafnsbyggingu, og hefði þó átt að vera auðvelt að finna byggingunni stað, ef einhver áhugi hefði verið fyrir hendi.

Enn flytjum við till. um það, að framlag til listamanna, hinir svo kölluðu listamannastyrkir, hækki allverulega, að í staðinn fyrir 4.2 millj. kr. komi 8 millj. Í því sambandi vil ég minna á það, sem ég sagði áðan, að einmitt á erfiðleikatímum verður slík fyrirgreiðsla opinberra aðila mikilvægari en hún er á tímum, þegar rýmra er um fjárráð. Á undanförnum árum hafa rithöfundar og myndlistarmenn átt kost á því að koma verkum sínum á almennan markað og fengið fyrir allgóðar greiðslur oft og einatt. En ég óttast, að mjög fari að þrengjast um á þessum markaði og að einmitt þess vegna verði forysta ríkisins að aukast verulega á þessu sviði. Ég vil einnig minna hv. þm. á það, að úthlutun listamannalauna er árlega til sárra leiðinda. Þessi atburður, sem ætti að vera ánægjulegur jafnt fyrir listamennina sem fyrir aðra, er í staðinn afar leiðinlegur, og ástæðan er fyrst og fremst sú, að heildarupphæðin er svo lág, að það er ekki unnt að skipta henni svo að

nokkurt vit sé í. Eigi úthlutun listamannalauna að verða sú viðurkenning, sem til er ætlazt, verður að hækka þessa upphæð mjög verulega. Einnig er vert að minna á það í þessu sambandi, að þegar sett voru lög um úthlutun listamannalauna á sínum tíma, hét hæstv. menntmrh. því, að tekið skyldi upp nýtt kerfi, starfsstyrkir til ungra listamanna. Um þetta var gefið hátíðlegt loforð af hæstv. ráðh., og það loforð hefur verið ítrekað síðan. En efndir hafa engar orðið. Samt var það svo, að listamannasamtökin, sem spurð voru um álit sitt á þessu frv., bundu drætmt fylgi sitt við það, að þessi fyrirheit um starfsstyrki til ungra listamanna yrðu efnd. Þessari hækkunartill. er einnig ætlað að tryggja nokkurt fjármagn til þessara þarfa.

Þá er hér lítil till., 1 millj. kr. til listkynningar um landið samkv. ákvörðun menntamálaráðs. Fyrir nokkrum árum beittu menntamálaráð og ríkisútvarpið sér fyrir listkynningu úti um land. Sendir voru myndlistarmenn, rithöfundar, leikarar og söngvarar í leiðangra til ýmissa staða, sem ekki höfðu haft mikil tengsl við þvílíka starfsemi í Reykjavík, og þessi starfsemi mæltist mjög vel fyrir, og hún er alveg tvímælalaust mjög gagnleg. Það veltur á miklu, að okkur takist að tryggja sem bezt menningarleg tengsl á milli höfuðborgarinnar, þar sem helztu menningarstofnanirnar eru, og strjálbýlisins, þar sem öll aðstaða er erfiðari. Og slík tengsl ýta einnig undir menningarstarf á stöðunum sjálfum. Ég held, að það væri mjög skynsamlegt að taka upp svolítil drög að slíkri starfsemi á nýjan leik, og þessi till. gerir aðeins ráð fyrir drögum. Þarna er um 1 millj. að ræða. Þetta er ein af þessum litlu till., sem kannske hefðu getað náð samþykki fyrir nokkrum árum, áður en sú algilda regla var tekin upp, að ekki mætti samþykkja neitt.

Önnur till. af svipuðu tagi, mjög smávaxin, fjallar um hækkun á upphæð í fjárlögum, 530 þús. kr., sem varið yrði til vísinda- og fræðimanna. Hér er um að ræða upphæð, sem menntamálaráð hefur úthlutað. Annars vegar er þarna um að ræða ferðastyrki til náttúrufræðinga, litlar upphæðir til hvers yfirleitt, en engu að síður mjög nauðsynlega starfsemi. Mér er kunnugt um það, að margir náttúrufræðingar okkar hafa átt í miklum erfiðleikum með að komast á þá staði, sem þeir þurfa að athuga á Íslandi að sumri til. Þeir hafa kannske þurft að gera sérstakar ráðstafanir til þess að fá að sitja í bílum eða flugvélum með kunningjum sínum, jafnvel þegar upp hafa komið óvæntir atburðir eins og eldgos. Þó að þarna hafi verið um frekar smávaxna starfsemi að ræða hjá menntamálaráði, þá er hún engu að síður gagnleg. Hinn þáttur þessarar starfsemi er sá, að menntamálaráð hefur úthlutað svo kölluðum fræðimannastyrkjum til ýmissa manna úti um land, einkanlega manna, sem ástundað hafa þjóðlegan fróðleik. Þarna er um að ræða menn, sem margir voru áður á fjárlögum, en það þótti réttara að fella þá út af fjárlögum og hafa í staðinn heildarupphæð, sem menntamálaráð úthlutaði. Ég er hræddur um, að þróunin hafi orðið sú, að sumir þessir menn hafi ekki fylgzt með þeirri almennu verðlagsþróun, sem orðið hefur hjá þeim, sem eru á fjárlagafrv., þannig að þeir hafa orðið afskiptir í samanburði við aðra. Þess vegna held ég, að þessi litla hækkunartill. sé mjög eðlileg.

Að lokum er hér á þskj. 163 brtt., sem ég flyt ásamt hv. þm. Kristjáni Thorlacius. Hún er af stærra tagi. Þar leggjum við til, að framlag í Lánasjóð ísl. námsmanna hækki um 25 millj. ofan á þá hækkun, sem lögð er til af meiri hl. fjvn. Það er varla nokkur samfelldur hópur, sem hefur orðið jafnharkalega fyrir áhrifum gengislækkana, tveggja gengislækkana á einu ári, eins og þeir námsmenn, sem stunda nám erlendis. Um það hafa birzt margar og ýtarlegar skýrslur í blöðum að undanförnu frá ýmsum samtökum stúdenta. Ég geri ráð fyrir, að hv. alþm. hafi lesið þær og þekki deili á þessu vandamáli, svo að ég sé ekki ástæðu til þess að rekja þær í einstökum atriðum. Ég tek sem dæmi, að nú nýlega greindi Bandalag háskólamanna frá því, að það hefði verið algengt í fyrra, að námskostnaður manna í Bandaríkjunum og Bretlandi hefði verið 200 þús. kr. og menn hefðu þá fengið 50 þús. í lán. Eftir tvöfalda gengislækkun er þessi sami kostnaður kominn upp í 400 þús. Hins vegar er þessi upphæð, sem veitt er úr Lánasjóðnum, aðeins aukin þannig, að hún nægi fyrir sömu gjaldeyrisupphæð og áður, þ. e. a. s. sá maður, sem hafði 50 þús. kr. fyrir ári, fengi 100 þús. nú. En í stað þess að hann varð sjálfur að bera 150 þús. fyrir einu ári, er honum nú gert að bera 300 þús. Þetta er tvímælalaust ákaflega alvarlegt vandamál fyrir mörg hundruð *námsmanna. Erlendis eru stúdentar einir saman á 6.* hundrað. Auk þeirra eru aðrir námsmenn, þannig að ég hygg, að talan nálgist 1000. Margir þessir menn byrjuðu nám fyrir 1– 2– 3 árum, og þeir eiga á hættu að verða að gefast upp í miðjum klíðum og breyta algerlega áformum sínum um lífið og tilveruna. Ég hygg, að það séu ákaflega fáir í þessum stóra hópi, sem geta af eigin rammleik tekið á sig þessar þungu byrðar. Og í rauninni tel ég það vera siðferðilega skyldu ríkisins að bæta þessum ungu mönnum, sem farið hafa utan í góðri trú, í þeirri trú, að þeir yrðu aðeins að bera þær byrðar, sem þá var kunnugt um, það, sem á þá er lagt á þennan hátt, en það verður ekki gert með öðru en því að stórhækka þessi framlög. En hér er raunar ekki aðeins um það að ræða, hver er siðferðilegur réttur þessara manna, heldur einnig um nauðsyn þjóðfélagsins. Við vitum það vel, að það verður brýnna og brýnna, að við komum okkur upp sem fjölbreyttustum og fjölmennustum hópi menntamanna og veitum þeim aðstöðu til starfa hérna heima. Ef það gerist ofan á allt annað, að nokkur hundruð manna verði að hætta við nám sitt í miðjum klíðum, þá er þar um að ræða afleiðingar gengislækkunarinnar, sem kunna að hafa áhrif langt fram í tímann.

Ég hef hér vikið lítillega að þeim þingmannatill., sem ég flyt hér, og eins og ég sagði áðan, bendir reynsla síðustu ára til þess, að þær muni ekki fá mikið brautargengi hjá stjórnarflokkunum, þó að ég geri mér að sjálfsögðu vonir um, að einhver hugarfarsbreyting kunni að geta orðið á þessu þingi. En trúlega er það þetta viðhorf mitt, sem veldur því, að ég hef ekki við þessa umr. flutt neina brtt. um annað mál, sem ég ber allmikið fyrir brjósti, og þar á ég við safnahúsið, sem við höfum rætt hér á þingi, bæði á síðasta þingi og nokkrum sinnum nú í vetur. Á síðasta þingi fékkst því áorkað, sem betur fór, að fjárveiting til safnahúss var tekin upp í fyrsta skipti, 10 árum eftir að Alþ. hafði samþykkt

einróma, að að því skyldi stefnt að sameina söfnin og byggja yfir þau. Þessi upphæð var fjarskalega lág, hálf millj., en engu að síður var þarna um mjög veigamikil tímamót að ræða. Ég gerði mér vonir um það þá, að þessi upphæð yrði miklu hærri í ár, og mér urðu það vonbrigði, að í fjárlagafrv., eins og það var lagt fyrir, var þessi upphæð látin halda sér, hálf millj. kr., og mér urðu það einnig vonbrigði, að ekki skyldi koma nein till. um þetta frá hv. meiri hl. fjvn. Engu að síður vildi ég mega vænta þess, að þessi upphæð hækki, áður en frv. verður endanlega samþ. Mér er það að vísu ljóst, að þarna er um miklu hærri fjárhæðir að ræða en svo, að fjárveitingar á fjárl. einum saman nægi til þeirra. Þarna verða að koma til lán, en mér hefði einnig þótt eðlilegt, að hæstv. ríkisstj. greindi frá því fljótlega, hverjar eru fyrirætlanir hennar á þessu sviði. Það hefur verið rætt mjög um það af ýmsum aðilum, að bygging safnahúss væri mjög tilvalið verkefni til þess að minnast 1100 ára afmælis Íslands byggðar 1974. Ef slíkt á að gera og ef einhver umtalsverður áfangi safnahússins á að vera kominn upp það ár, þá er algerlega óhjákvæmilegt, að ákvörðun um þetta efni verði tekin hér á þingi í vetur. Og eins og ég hef áður sagt, er þetta mál þess eðlis, að hæstv. ríkisstj. verður að hafa frumkvæði um það. Því verður ekki hrundið fram nema hæstv. ríkisstj. fallist á það og beiti sér fyrir því. Því vildi ég leyfa mér að beina þeirri fsp. til hæstv. fjmrh. eða hæstv. menntmrh., sem báðir eru hér viðstaddir, hvort ekki megi vænta þess, að ríkisstj. fari senn að móta stefnu sína í þessu máli.

ATKVGR.

Afbrigði um brtt. 174, sem var of seint fram komin, leyfð og samþ. með 36 shlj. atkv.

Frsm. minni hl. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Það eru nokkur atriði í ræðu hæstv. fjmrh., sem ég vildi víkja að. En áður en ég geri það, langar mig til að bæta hér úr því, sem féll niður hjá mér í dag, er ég minntist á starf í fjvn., að minnast samstarfsins við hagsýslustjóra, sem ég vildi þakka, eins og samstarfið við fjárveitinganefndarmenn, því að hann hefur á þessu þingi sem fyrr verið afar samstarfslipur í samstarfi við nefndina, jafnt okkur stjórnarandstæðinga sem stjórnarsinna. En út af því, sem fram kom í ræðu hæstv. fjmrh., þá skal ég nú reyna að víkja að því, eins og á það var þar drepið. Hann virtist hafa af því nokkrar áhyggjur í upphafi, að það væri að myndast veruleg samstaða um þá stefnu, sem boðuð er í nál. minni hl. fjvn. Ég held, að það sé alveg ljóst, að fylgi við þá stefnu, sem þar er túlkuð, er verulega að vaxa í landinu, og það kenndi þess í ræðu hæstv. ráðh., að hann var mikið nær þeim viðhorfum, sem þar komu fram, heldur en hann hefur áður verið. Ég verð að segja það, að það gladdi mig stórum, hvað mér fannst hæstv. ráðh., þó hann hefði náttúrlega smávegis út á þetta að setja, er fram kæmi í ræðunum, vera farinn að átta sig á því, að hér væri verið að flytja þá stefnu, sem mundi verða horfið að, þegar gengið yrði í það að leysa mál þjóðarinnar á hagkvæman hátt. Út af því, sem hæstv. ráðh. sagði um verklegar framkvæmdir, þá benti ég á það í dag, að það hefur verið meginþáttur hæstv. ríkisstj. í hennar starfsemi að leysa verklegu framkvæmdirnar með lántökum. Þess vegna hafa þær ekki að sama skapi dregizt saman, eins og fjárveitingarnar hafa gert, vegna þess hve mikið hefur verið unnið fyrir lánsfé, sem nú er þegar farið að segja til sín, eins og ég vék að. Þá sagði hæstv. ráðh., að allt, sem hefði verið gert ráð fyrir, að sparaðist með frv. um sparnað í ríkisrekstrinum, sem hér var til afgreiðslu á útmánuðum s.l. vetur, hefði sparazt. Það hefur komið fram bæði í ræðu hæstv. ráðh. í haust, í fjárlagaræðunni og eins í umr. í fjvn., að það mundi ekki skila sér, eins og gert hefði verið ráð fyrir í frv. Ef hæstv. ráðh. hefur svo reiknað með því, að reyndin yrði sú, eins og nú er upplýst, þá skil ég ekki, hvaða ástæða er til þess að vera að setja þetta í lagafrv. Hins vegar mun það sýna sig, að þetta skilar sér ekki, og var þar að verulegu leyti sett sem sýndarmennska sumt af því.

Út af því, sem ég sagði um bíla- og vélan., þá vil ég endurtaka það, að þeir, sem þar eru, eru menn, sem hafa þessi hlunnindi. Ég tók það fram, að það væri ekki af því, að ég vantreysti þessum mönnum persónulega, sízt þeim, sem ég þekki bezt, eins og Pétur Pétursson, sem ég hef mestu mætur á, en þessir menn hafa viss sjónarmið út frá því, og það hefði verið eðlilegt, að einhver hefði verið í n., sem ekki hefði notið þess arna.

Þá gleður það mig stórum, ef sú breyting hefur verið gerð á í sambandi við Skipaútgerð ríkisins, að stjórnarnefndarmenn eru hættir að taka hálf laun forstjóra, því það verð ég að endurtaka, að það hefur verið ofrausn, því svo mörgum öðrum aukastörfum gegndu þessir menn á því ári, auk aðalstarfsins, að þeir hafa ekki getað innt af hendi hálft forstjórastarf þarna við þessa stofnun. Og hugmyndir okkar, sem hafa talað um stjórnarnefndir fyrir stofnunum, eru allt annað heldur en það, að það eigi að vera hálft forstjórastarf, sem þar eigi að inna af hendi. Út af því, sem ég sagði um nýjar stofnanir í dag, vil ég taka það fram, að ég átti ekki sérstaklega við stofnanir, sem hefðu orðið til í stjórnartíð núv. hæstv. ríkisstj. Ég skal gefa þá skýringu, að það eru stofnanir frá eldri stjórnum, sem ég hugsaði um í því sambandi engu að síður. En þessar gömlu stofnanir, eins og vegamálaskrifstofa og aðrar slíkar, eru að minni hyggju með allt öðrum svip heldur en margar af þessum nýju stofnunum og við þær miklu meiri festa. Að mínu mati er það svo.

Það má vel vera að einhverjir af okkar mönnum hafi leitað til Efnahagsstofnunarinnar um sín verkefni. Ég hef að vísu lítið gert af því, en eitthvað þó. Það finnst mér ekki nema eðlilegt, að svo sé gert, því að sú stofnun er stofnun, sem menn eiga að hafa aðgang að og þurfa að hafa vegna þess verkefnis, sem hún á að vinna.

Þá er það um skuldir ríkisins, að eins og fram kom í ræðu hæstv. ráðh., þá hafa þær aukizt verulega á síðasta yfirstandandi ári, og þessi tala, sem ég og fleiri hef notað, um að skuldirnar hafi aukizt um 72% frá sept. 1967 til sept. 1968, staðfesti ráðh., að væri rétt. Hins vegar er með þessar skuldir, eins og aðrar, að það eru skýringar á öllum skuldum, það segir ekki, að þó að einstaklingur eða fyrirtæki stofni til skulda, að það þurfi að vera nein óreiða í sambandi við það. Til skuldarinnar er stofnað, og það er ekki það, sem ég var að deila á eða segja frá, heldur það, hvernig til þeirra hefði verið stofnað. Að nokkru leyti komu þessar

skuldir vegna reksturshalla hjá ríkissjóðnum og yfirdráttarskuldarinnar, sem var hjá Seðlabankanum, sem var þó nokkur hluti í þessari skuldasöfnun. Það er líka jafnrétt, að eignir myndast á móti og auðvitað hefur ríkið fært upp eignir sínar á þessum síðasta áratug. Þó er ég ekki viss um – ég hef það að vísu ekki hjá mér núna, en ég var að athuga það nú fyrir nokkru – hvernig eignaaukningin væri og skuldir ríkissjóðs, miðað við tekjurnar, eins árs tekjur, og ég er ekki viss um, að sá samanburður sé eins hagstæður nú, eins og hann var kringum 1960, en skal þó ekki fullyrða um þetta, því ég hef þetta ekki hjá mér, þ. e. þau gögn, er til þarf.

Þá vék hæstv. ráðh. að störfum undirn. á s.l. sumri. Þessi störf tóku ekki lengri tíma en svo, að við munum hafa komið saman á innan við 20 fundi og tókum þá fyrir ákveðin fyrirtæki, sem voru skoðuð, og rætt við forstjóra þeirra og annað því um líkt. Og sum af þeim, var ákveðið, að yrðu athuguð betur síðar. Þetta gerði það auðvitað ekki að verkum, að við værum búnir að fara í gegnum ríkiskerfið í heild eða værum tilbúnir með till. til úrlausnar á öllum þeim vandamálum, sem þar er við að fást. En mér finnst það sýna það, að við undirstrikum þá stefnu, sem við höfum marglýst yfir, að við fylgjum og viljum fylgja, þ. e. að vinna þetta verk í sameiningu allir, alveg án tillits til stjórnmálaskoðana, og að við viljum þess vegna ekki vera að fara hér út með till., sem við sláum föstu, að geti orðið raunhæfar, og auglýsa þær sem sparnað. Þess vegna höfum við tekið fram um þær till., sem við höfum bent á, að þær væru til ábendingar og athugunar, einmitt í sambandi við þessi vinnubrögð. Og við viljum undirstrika það, að þannig viljum við haga vinnubrögðum, og það er okkar bjargfasta skoðun, að því aðeins sé hægt að ná árangri í betra skipulagi og betri notkun ríkisfjár, að þannig verði að þessu unnið. Auðvitað hlýtur það alltaf að verða svo, að nýjar stofnanir og ný störf komi til og á tíma hraðans og tækninnar þá er ekki hægt að taka þessi nýju tæki og tæknina í þjónustu ríkiskerfisins nema gera skipulagsbreytingu í kerfinu sjálfu. Annars verður þetta svo dýrt, að það er ofvaxið í framkvæmdinni. Og þetta er okkar skilningur á þessum málum, og þess vegna viljum við taka upp þessi vinnubrögð. Og við undirstrikum þetta hér, eftir að við höfum lokið við þessa tölusettu liði, á bls. 7 í okkar nál., þar sem segir svo með leyfi hæstv. forseta: „Þessar ábendingar verða látnar nægja að sinni. Þessi atriði eru ekki valin vegna þess, að fleiri geti ekki haft jafnmikil áhrif á ríkisreksturinn til úrbóta, nema síður sé, en þau eru a. m. k. sum þeirra framkvæmanleg án lagabreytinga, en mörg þeirra, sem ekki eru hér talin, eru það ekki. Og svo er hitt, að mest er um vert, að verkið sé hafið, því þá opnast leiðir til stærri og meiri skipulagsbreytinga, sem við undirritaðir teljum nauðsynlegar, og sú þróun hér sem annars staðar reynist bezt."

Þetta viljum við undirstrika sem stefnuatriði okkar gagnvart þessum vinnubrögðum og gagnvart því að vinna að breyttu skipulagi í ríkisbúskapnum. Út af því, sem við e. t. v. sláum einna mest föstu í sambandi við forstjórabílana, þá skal ég taka það fram, að við skoðuðum það mál innan okkar hóps, minni hl., og fórum t. d. yfir upplýsingar, sem hæstv. fjmrh. gaf hér í fyrra, er hann svaraði fsp. Þegar við höfðum setið yfir þessu nokkuð og borið þetta saman, þá eiginlega fannst okkur ekki nokkur leið að komast út úr þessu svo sæmilegt væri, nema gera tillögu um að hætta við forstjórabílana, eins og þeir eru kallaðir, og greiða þessum embættismönnum eins og öðrum starfsmönnum eftir þeirra keyrslu á þeirra eigin bílum, ef þeir notuðu þá í þágu embættisins, og þá miðað við kílómetraakstur, því okkur sýndist, að það væri orðinn svo herfilegur mismunur. Ég tek það fram, að ég er ekki að kenna það einum ráðh. öðrum frekar, því þetta er búið að fara á milli margra, það var heldur ekki skoðað þannig. En okkur sýndist, að það væri orðinn mikill mismunur, hjá sumum stofnunum hefðu forstjórinn og fulltrúinn eigin bíl. Það var þetta, sem okkur fannst vera þannig, að ef ætti að leysa þetta með því, að þeir hefðu bíla eftir sæmilega réttlátum leiðum, eftir því sem tilfinningar segðu til um, þá væri það svo erfitt og þyddi þá í raun og veru nýja bíla handa fleiri stofnunum. Þess vegna varð nú þessi hugmynd okkar til. Eins fannst okkur, að það kæmi til athugunar að athuga það, hvort réttmætt væri að setja upp stöð t. d. hér í Reykjavík með vörubílum og sendiferðabílum í staðinn fyrir, að stofnun eins og pósturinn hefði sína og Vegagerðin aðra og vitamál aðra. Hins vegar var okkur það ljóst, að bílar eins og hjá Vegagerðinni, sem eru sérstaks eðlis, verða náttúrlega alltaf að tilheyra stofnuninni, en við viljum ekki slá því föstu, að þetta sé rétt leið. Kannski sýnir athugunin það, að þetta muni verða dýrara og við séum að búa til nýtt bákn, og þá er auðvitað ekki rétt að fara þá leið. En við teljum, að hún eigi samt að athugast. Og þannig er þessi hugsun okkar í þessu, og þannig höfum við stillt okkur um það að slá upp einhverju, sem gæti litið út eins og glansnúmer og við orðnir miklir sparnaðarpostular, til þess að væri hægt að vinna þetta eftir þessari leið, sem okkur finnst vera sú eina leið fær til þess að leysa vandann. En okkur er það auðvitað ljóst, að við erum ekki búnir að öðlast sannleikann á nokkrum vikum, þegar vinum okkar, hæstv. ríkisstjórnarmönnum, hefur ekki tekizt það á tíu árum, svo við erum báðir til með að bæta okkur verulega.

Ég get undir þetta fært t. d. sýslumannsembættin og bæjarfógetana, að það heyri til því, sem ég hef sagt um þetta hér á undan.

Út af skuldunum við útlönd þá hefur þó ekki því verið haldið fram, að við höfum myndað skuldir við útlönd vegna gengisbreytingarinnar, því hefur aldrei verið haldið fram af okkar hendi, en við höfum hins vegar talið, að í íslenzkum kr. hafi erlendar skuldir vaxið, en ekki vegna gengisbreytingar, það er okkur ljóst. Hitt vitum við, að ef við lendum í verra aflaári eða lægra verðlagi, þá er auðvitað staða okkar verri, eftir því sem þessar fjárhæðir eru orðnar hærri, og staðreyndin er þessi, að 1958 þurftum við ekki nema 5.1% af heildartekjum þjóðarinnar í vörum og þjónustu til þess að greiða vexti og afborganir af þessum skuldum, en núna a. m. k. 15—18% af sama stofni. Þetta er mergur málsins. Það er sama um þetta að segja, eins og aðrar skuldir, að auðvitað eru eignir á móti, en ef þær eignir gefa ekki auknar tekjur, sem þær gera ekki allar, þá getum við stofnað til skulda í sambandi við þessar eignir, sem valda okkur hættu í rekstrinum. Það, sem

við verðum náttúrlega alltaf að gera okkur grein fyrir í sambandi við skuldamyndun, það er, hvort við ofbjóðum ekki rekstrinum til þess að standa undir þessu, og það er það, sem við erum hér að ræða um, hvort við erum ekki komnir hér miklu lengra en hægt er að hugsa sér, að þjóðin geti lagt í vegna greiðslu vaxta og afborgana. Það er mergurinn málsins, og um það er tal okkar í sambandi við þessi mál. Ég vil halda því fram, að með fyrri skuldunum, sem mynduðust á árunum 1950—1958 hafi komið geysilegar eignir og það meira að segja eignir, sem gerðu það að verkum, að við áttum betra með að standa undir þessum skuldum, eins og Sementsverksmiðjan og Áburðarverksmiðjan, virkjanir eins og Sogsvirkjunin og virkjanirnar á Austurlandi og Vestfjörðum. Þetta voru allt stórkostlegar framkvæmdir, stórkostlegar eignir, sem við eignuðumst á þessum tíma. Við keyptum þá flugvélar. Flugfélag Íslands keypti á árinu 1958 Viscount-flugvélarnar, sem þá þóttu hin mestu þarfaþing, þó að tæknin síðan hafi talið þotuna meiri og betri. Framfarirnar í flugmálum hafa orðið á þessum síðasta áratug geysilega miklar, en verðmætasköpun var þar einnig fyrir þeim skuldum.

Þá kom hæstv. ráðh. að till. okkar í sambandi við atvinnumál. Það, sem hæstv. ráðh. staðfesti í því, var það, að auðvitað yrði að mæta þessum þætti málanna síðar. Það yrði að koma með fjármagn til þess að afstýra atvinnuleysi. Hann taldi hins vegar, að fjárlagafrv. miðaði að því, að það yrði ekki atvinnuleysi. Við teljum hins vegar, að það sé ekki tryggt. Svo mikill samdráttur í neyzlu og fjárfestingu eins og það gerir ráð fyrir getur ekki leitt til annars en atvinnuleysis. Það, sem okkur ber einnig á milli, er þetta, að við viljum taka málið upp núna við fjárlagaafgreiðsluna, en ekki einum eða tveimur mánuðum eftir eða í næsta mánuði, eins og gert hefur verið undanfarandi ár. Og við erum til viðtals um málið, við höfum ekki sett upp tekjuöflun í sambandi við þessi útgjöld, við getum hugsað okkur, að eitthvað af þessu verði fjármagnað með lánsfé. Við teljum, að það, sem ekki megi una við, sé atvinnuleysi, það sé mergur málsins, og við komumst ekki hjá því, nema ríkið sjálft komi með fjármagn til þess að fyrirbyggja þetta og þess vegna er till. þar um flutt. Og það er okkar bjargfasta skoðun, að ef okkur tekst þetta, þá muni tekjuáætlun fjárlagafrv. vera of lág. T. d. höfum við ekki trú á því, ef miðað er við fyrri reynslu, að ef hér verður eðlilegt atvinnuástand, þá verði ekki tekjur Áfengis- og tóbaksverzlunar ríkisins eins miklar á næsta ári, eins og þær verða á árinu 1968. Áætlun fjárlagafrv. gerir ráð fyrir minni tekjum af þessari stofnun á næsta ári heldur en á árinu 1968. Þessu trúum við ekki, að þetta fái staðizt, nema hér verði atvinnuleysi. Og sama er að segja um samdráttinn í innflutningnum, 25%, að hann skuli hafa dregizt saman þetta mikið, eins og hefur gerzt á þessu ári, það teljum við, að sé óhugsandi. Okkur eru ljósir erfiðleikarnir í sambandi við gjaldeyrismálin, en teljum okkur hins vegar hafa nokkuð fyrir okkur í því, að það sé ekki hægt að gera ráð fyrir svo miklum samdrætti, að það lækki um 1 milljarð miðað við sama gengi og var s. l. ár. Ég tel mig hafa heyrt það, að það sé þeirra mat, að 600 millj. sé algjört hámark, sem sé hægt að hugsa sér. Það hefði ég haldið, og þannig höfum við hugsað dæmið. Og mér finnst sem sagt, að okkur beri ekki á milli í þessu annað en það, að hæstv. ráðh. vill slá því á frest að útvega fé vegna atvinnumála og koma þá með ný fjárlög, eins og við höfum leyft okkur að kalla þau undanfarin þing. Við höfum talið þau vinnubrögð þannig, að við viljum ekki una við þau, og teljum t. d., að staða stjórnarandstöðu sé allt önnur. Staða fjvn. er gjörólík. Í þessu tilfelli fjallar fjvn. um það, en í seinna tilfellinu kemur hún ekki að því. Þetta er algjör breyting. Þessu viljum við ekki una. Við viljum láta afgreiða þetta með eðlilegum hætti. Verði atvinnuástandið svo gott næsta árið, að þurfi ekki að nota nema lítið af þessari fjárhæð, þá skaðar það ekki, þó við höfum reiknað með því, að það yrði gert, því við eigum enn þá eftir að skipta þessu og viljum, að það sé gert af réttum aðilum. En umfram allt ber okkur að forðast atvinnuleysi. Og það erum við sammála um, eftir því sem fram kom í ræðu hæstv. fjmrh. Það, sem á milli ber, er, hvernig að þessu á að standa að sinni.

Þá vék hæstv. ráðh. að umr. milli stjórnmálaflokka og sagði þar um, að það væri náttúrlega vont að mæta í skóla ólesinn, en að fara þaðan án þess að hafa nokkuð áttað sig á námsefninu, það væri enn þá verra. Og það taldi hæstv. ráðh., að stjórnarandstaðan hefði gert í þessum umr. Um þetta er ég honum ekki sammála. En það, sem okkur ber þá á milli í þessu tilfelli, er það, að ráðh. segir, að það sé ekki hægt að gera neitt í efnahagsmálum, nema með gengisbreytingu, uppbótaleið eða niðurfærslu. Það, sem ég sagði hins vegar í dag og kemur fram í nál. okkar, var þetta: Það átti að byrja á því að draga úr og minnka vandann. Svo þegar búið var að minnka vandann og undirbúa málið þannig, þá átti að leysa endahnútinn með einhverjum þremur af þessum þáttum, er ráðherrann vitnaði til. Þetta tók ég fram, þetta kom fram hjá form. Framsfl., bæði formanni þingflokks hér, þegar umr. um gengisbreytinguna var, og formanni flokksins í hv. Ed., og þetta kom fram hjá form. flokksins í útvarpsumræðunum. Þar undirstrikaði hann það, að hann tæki það fram, að hann hefði aldrei útilokað gengislækkun sem einn þátt í að leysa vandann. En það, sem í raun og veru ber hér á milli, er það, að hæstv. ráðh. finnst óhugsandi og engin leið til nema halda áfram að lækka gengi og auka verðbólgu og verðhækkanir. Það, sem hins vegar er okkar skoðun, er það, að það sé hægt að draga úr verðbólgunni. Það verði að gera með því, eins og ég sagði, að minnka skattana og kostnað við opinberan rekstur.

Ég sagði í dag og get endurtekið það, að ég sé ekki, að það sé nein alger stefna, sem megi ekki hafa aðra skoðun á, að við þurfum að taka háa skatta af atvinnurekstrinum og greiða honum svo háa styrki úr ríkissjóði. Þannig höfum við gert þetta. Við höfum t. d. lagt á öll atvinnufyrirtæki í landinu launaskatt. Þennan skatt höfum við svo notað til þess að greiða í húsnæðismálasjóð, svo höfum við greitt atvinnuvegunum aftur hærri styrki vegna launaskattsins, sem jók reksturskostnaðinn. Voru engin rök fyrir því, að við gætum greitt launaskattinn beint úr ríkissjóði eins og taka hann frá atvinnuvegunum? Það er ekki hægt að innheimta hjá gjaldþrota fyrirtækjum háa skatta til ríkissjóðs og greiða svo úr ríkissjóði aftur styrk til atvinnuveganna. Vaxtamálið er heldur ekkert smámál. Og stofnlána-

kerfið er ekkert smámál í atvinnurekstrinum. Það, sem hefur gerzt í okkar stofnlánakerfi, er að með stefnu núv. ríkisstj. hefur allt stofnlánakerfið verið gert miklu óhagstæðara heldur en áður var. Ég hef t. d. þá skoðun, að það sé óhugsandi að búa við það stofnlánakerfi, sem nú er í landbúnaði, nema gera landbúnaðarvörurnar allt of háar í verði. Auðvitað kemur fram í verðlagi á landbúnaðarvöru sá mismunur, sem er á því að greiða lán til fjósbyggingarinnar á 15 árum í staðinn fyrir 25. Og auðvitað kemur það fram í verði landbúnaðarvöru, hvort ég greiði 4% vexti eða 6%. Þetta kemur allt fram í verðlaginu aftur, og þetta segi ég, að sé röng stefna. Það eru svona leiðir, sem okkar flokksmenn vildu fara, og þeir voru sammála um það, að þessum leiðum skyldi leitað eftir. Ég er líka sannfærður um það, að tryggingakerfið, sem við búum við í landinu vegna atvinnuveganna, er ekki það kerfi, að því sé ekki hægt að breyta til batnaðar. Af hverju mátti ekki skoða þetta? Það mátti gera það. Og ég er alveg eins viss um það, að svo er um marga rekstrarliði atvinnuveganna, að það er hægt að skoða þá og draga úr kostnaði. Og okkur ber nauðsyn til þess að draga úr kostnaði, svo við verðum samkeppnisfærari við aðrar þjóðir heldur en við nú erum. Ég tel líka og það er skoðun okkar flokks, að það yrði að vera búið að ganga svo vel frá þessum málum, að þegar endahnúturinn eða punkturinn væri settur yfir, þá væri ekki hætta á, að það mistækist, þess vegna ætti að vera komin samstaða um lausnina og annað því um líkt.

Hvernig fór um gengisbreytinguna í fyrra? Hún rann gjörsamlega út í sandinn á einum mánuði. Þegar janúarmánuður kom, þurfti 320 millj. í uppbætur til sjávarútvegsins, eftir að búið var að gera gengisbreytingu, sem hæstv. ríkisstj. lýsti yfir, að væri bezt undirbúna gengisbreyting, sem hefði verið gerð á Íslandi. Ég skal taka undir það með hæstv. ráðh., að auðvitað höfum við núna betri aðstöðu til að láta vinna þessi verk, sem þarf að vinna í sambandi við svona stórar aðgerðir í efnahagsmálum. Hvað væri þá unnið við að hafa seðlabanka, sem mér er sagt, að hafi eitthvað um 100 manna lið, við Efnahagsstofnun og hagsýslu, ef við hefðum ekki betri aðgang að slíkum nauðsynlegum hlutum, sem þarf til að ákveða slíka hluti? Ég álít, að það hafi sýnt skynsamleg vinnubrögð okkar manna, að þeir fóru ekki að slá því fram, hvað gengisbreyting ætti t. d. að vera stór, þó hún yrði valin, fyrr en alveg var búið að rannsaka hana. Það var ekki lagt til grundvallar ykkar viðræðum í sumar, hvað gengisbreytingin þyrfti að vera stór. Og það, sem var líka okkar, var að láta athuga þessi atriði, sem ég hef verið að drepa á, og þau eru reyndar fleiri, sem ég ætla ekki að fara út í núna til þess að tefja ekki tímann, en þegar það lægi fyrir, þá vildum við fá þau dæmi reiknuð: Hvað þarf mikla gengisbreytingu? Hvernig kemur uppbótakerfið út í þessu? Er hugsanleg niðurfærsla? Þannig á að vinna að þessum málum. Þess vegna reið á, að frumgögnin væru til, þegar umr. voru hafnar, og ég er sannfærður um það, hæstv. fjmrh., að ef þið hefðuð ætlað ykkur að ná samkomulagi um þetta, hefðu þessi atriði verið til staðar, þegar viðræðurnar hófust. Þá hefði heldur ekki Alþýðuflokksþingið ályktað áframhaldandi stjórnarsamstarf og ekkert annað, ef menn hefðu ætlað sér að semja. Þannig tala ekki þeir, sem ætla sér að semja, þannig vinna ekki þeir, sem ætla sér að semja og kunna til vinnubragða. Og mér dettur ekki í hug að halda því fram, að hæstv. ríkisstj. kunni ekki það mikið til vinnubragða í samningum, að hún hefði farið svona að, ef hún hefði ætlað sér að semja. Þess vegna er það staðreynd, að það stóð ekki til, og við skulum ekki eyða tíma í að deila um það. Hitt er líka staðreynd, að við höfðum margt til málanna að leggja, sumt er komið fram í frv., m. a. kom eitt fram í dag, sem form. flokks okkar er fyrsti flm. að, og svo munu fleiri þættir verða. En það, sem er alltaf meginmunur á ykkur, hæstv. ráðamönnum, og okkur, sem erum ekki ráðamenn, er þetta, að þið getið sýnt trúnað í verkinu, þið getið sett fram ykkar skoðanir, ykkar till., og gert þær að veruleika. Við gagnrýnum svo þær, sem mistakast, en við verðum að lýsa okkar skoðunum og getum ekki sýnt það, hvernig þær mundu reynast. Þess vegna tekst ykkur að gagnrýna þær með meiri árangri en mundi vera, ef þær fengju að sýna sig í raun.

Guðlaugur Gíslason: Herra forseti. Fram hefur komið í sambandi við afgreiðslu fjárl. till. frá hv. 6. þm. Sunnl. um verulega aukna fjárveitingu til Vatnsveitu Vestmannaeyja. Þetta fyrirtæki, Vatnsveita Vestmannaeyja, hefur á undanförnum árum verið nokkuð á dagskrá við afgreiðslu fjárl., þar sem það á sínum tíma var tekið inn á fjárl. og þá reiknað með, að það yrði styrkhæft samkv. vatnsveitulögum. Hér er um stóra framkvæmd að ræða, a. m. k. á mælikvarða eins sveitarfélags, og ég mundi jafnvel segja á mælikvarða ríkisvaldins. Mér þykir því rétt að gera í stórum dráttum og stuttu máli grein fyrir framkvæmdum þessa fyrirtækis, en eins og flestum mun kunnugt, var málum þannig komið við afgreiðslu síðustu fjárl., að tiltekin vatnsuppspretta í landi Syðstu-Merkur undir Eyjafjöllum hafði verið virkjuð og 22 km 10 tommu leiðsla frá þeim stað og niður að fjöruborði á Landeyjarsandi austan Bakka hafði þá verið lögð og til þess að gera fullunnin. Á síðasta sumri var síðan neðansjávarleiðslan lögð frá Landeyjarsandi og út til Eyja, og tókst sú framkvæmd, að ég hygg, að allra dómi mjög vel. Nú tók aðeins um 6–8 klukkutíma að leggja leiðsluna, sem ég hygg, að hafi verið mikið skemmri tími heldur en menn almennt bjuggust við. Kostnaðarhlið þessa fyrirtækis horfir þannig við um miðjan nóvember s. l., þegar ég kynnti mér málið heima í héraði, að þá hafði verið greitt út – eða bókuð útgjöld vatnsveitunnar námu þá – samtals 76.7 millj. kr., og hafði þá verið tekið tillit til verðhækkunar vegna erlendra lána, sem á fyrirtækinu hvíla. Hin 22 km langa vatnsleiðsla frá uppsprettu og niður að sandi hafði þá kostað um 17.7 millj. Eytt hafði verið í dælustöð, sem er í byggingu niður við sjó, 6.5 millj. Leiðslan yfir sundið, neðansjávarleiðslan, kostaði lögð 35.6 millj. ísl. kr. miðað við það gengi, sem þá var, eða hið nýja gengi, sem þá var komið. Eytt hafði þá verið til bæjarkerfisins – og hef ég séð það í blöðum eftir bæjarstjóra, að búið hafði verið að leggja þá um ⅔ af bæjarkerfinu, um 16.7 millj. kr., þannig að bókfærð heildarútgjöld þessa fyrirtækis voru á þessum tíma, eins og ég sagði áður, 76.7 millj.

Þessum framkvæmdum hefur í öllum áætlunum verið skipt í tvo áfanga. Hinn fyrri áfangi er að sjálf-

sögðu leiðslan á landi ásamt dælustöð og ein leiðsla yfir sundið út í Eyjar með nauðsynlegum vatnsgeymabyggingum þar. Talið var í áætlunum, að síðari áfanganum þyrfti að ljúka á árinu 1970, en það var önnur leiðsla mun sverari yfir sundið milli lands og Eyja. Ég hafði satt að segja gert mér það í hugarlund, að síðari áfanginn gæti e. t. v. beðið nokkuð lengur, þannig að fyrirtækið gæti komizt á nokkuð fastan grundvöll fjárhagslega, því að með dælustöð og fullnýtingu leiðslunnar eins og þol hennar leyfir, þá mundi hún flytja út um 1600–1800 tonn af vatni á sólarhring, sem eru um 350 lítrar á mann á dag, og miðað við það, að vatn yrði selt eftir mæli þar, eins og þegar frá upphafi var ákveðið, þá stóð ég í þeirri meiningu, að seinka mætti e. t. v. síðari áfanga nokkurn tíma, eins og ég sagði, meðan fyrirtækið væri að komast á fjárhagslegan, eðlilegan grundvöll. En það hefur borið að, síðan þessar áætlanir voru gerðar, að alveg liggur ljóst fyrir nú, að síðari áfanga þessa verks verður ekki seinkað. Fiskframleiðendur í Vestmannaeyjum eins og aðrir hafa verið aðvaraðir um það, að í uppsiglingu séu í Bandaríkjum Norður-Ameríku mjög strangar kröfur um allt hreinlæti við framleiðslu á þeim matvörum, sem þangað verður leyfður innflutningur á. Þetta mundi að sjálfsögðu ná til alls fiskiðnaðar bæði hér á landi og annars staðar, og er því alveg fyrirsjáanlegt, að ef fiskvinnsla á að halda áfram í Vestmannaeyjum með eðlilegum hætti, verður að vera þar til umráða fyrir fiskvinnslustöðvarnar mun meira vatn heldur en nú er og heldur en unnt er að láta í té með aðeins einni vatnsleiðslu. Þetta gerir það að verkum, að sjáanlega verður frekar að hraða seinni áfanganum, aðalleiðslunni, síðari leiðslunni, yfir sundið heldur en hægt væri að seinka honum nokkuð.

Ég vil láta það koma fram hér, að ég tel, að óskum Vestmannaeyinga í sambandi við fjárframlög og aðra fyrirgreiðslu í sambandi við þetta fyrirtæki hafi nú með þeim till., sem fram eru komnar í sambandi við fjárlögin, verið vel mætt.

Í 6. gr. fjárl. er heimild til handa ríkisstj. um að gefa eftir eða endurgreiða aðstöðugjald og söluskatt af andvirði neðansjávarleiðslunnar, og vil ég mega vona, að þar komi einnig undir andvirði þeirrar dælustöðvar, sem er alveg nauðsynlegur þáttur og í beinu samhengi við neðansjávarleiðsluna. Þá hefur form. fjvn. getið þess í sinni framsöguræðu hér í dag, að heildarframlag til vatnsveitna hefði í meðferð fjárlaga verið hækkað um 2.5 millj. kr., og væri það gert með tilliti til aukinna útgjalda við vatnsveituframkvæmdir í Vestmannaeyjum. Ég tel, að hvort tveggja þetta eða með hvort tveggja þessu hafi verulega vel verið mætt óskum og tilmælum Vestmannaeyinga um fyrirgreiðslu í sambandi við þetta fyrirtæki.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Ég flyt hér nokkrar brtt. við fjárl., sem ég vildi mæla fyrir. Fyrst flyt ég hér tvær till. ásamt Björgvin Salómonssyni. Till. eru á þskj. 174. Fyrri till. er um það að hækka framlag til Félagsheimilasjóðs úr 8 millj. kr. í 15 millj. kr. Ég veit, að ég þarf ekki að hafa mörg orð um þessa till. Ég hef flutt hér á nokkrum þingum till. svipaða að efni og þessa um þetta vandamál, sem allir hv. þm. kannast við, en það er fjárskortur Félagsheimilasjóðs og hans miklu fjárhagsskuldbindingar við marga aðila, sem hafa staðið í framkvæmdum við að byggja félagsheimili, en þar skortir mjög á, að sjóðurinn geti staðið við sínar skuldbindingar eða áætluð framlög til byggingar félagsheimila. Ég tel því, að það sé orðin brýn nauðsyn á því að hækka framlag til þessa sjóðs eins og lagt er til í þessari till.

Þá er 2. till., sem við flytjum saman, ég og Björgvin Salómonsson, um það að hækka framlag til Íþróttasjóðs úr 5 millj. kr. í 10 millj. kr. En það stendur mjög svipað á um þennan sjóð, að hann getur engan veginn staðið við sínar eðlilegu skuldbindingar í sambandi við framlag til byggingar íþróttamannvirkja.

Þá flyt ég hér nokkrar till. einn. Sú fyrsta er um það, að framlag til svo nefndrar Varnarmáladeildar verði lækkað úr 3 millj. 463 þús. kr. í 1½ millj. Ég tel, að það beri að reyna að vinna að því að spara á þessum lið. Í rauninni teldi ég, að það mætti leggja þessa deild með öllu niður, hún hafi hér enga þýðingu, en reikna þó með því, að það muni ekki verða gert í einu vetfangi og því sé eðlilegt að setja sér það mark að skera niður útgjöld í þessum efnum, eins og segir í minni till.

Þá legg ég til í öðru lagi, að fjárveiting til lögreglustjóraembættisins á Keflavíkurflugvelli verði lækkuð úr rétt tæplega 21 millj., sem nú er ætlað til þessa embættis, í 15 millj. Mér þykir satt að segja, eins og ég hef oft vikið að hér á Alþ., að kostnaðurinn við þetta embætti sé orðinn óheyrilega mikill, að það skuli þurfa að borga með þessu embætti á hverju ári kringum 21 millj. kr., þar af um 10 millj. kr. aðeins í lögregluhald þarna innan girðingar þar suður frá. Það þykir mér óþarflega mikið og vil skera þetta niður. Og mér sýnist nú alveg sérstaklega, þegar þannig árar eins og nú árar, að þá sé ástæða til þess að byrja á því að lækka kostnað við þetta embætti. Ég geng nú ekki lengra svona í fyrstu en svo að lækka þetta um rétt tæpar 6 millj., eða úr tæpri 21 millj. í 15 millj.

Þá legg ég í þriðja lagi til, að sendiráðin á Norðurlöndum verði sameinuð í eitt sendiráð og að kostnaður af því verði í kringum 5 millj. kr., nokkru hærri en kostnaðurinn er nú af einu þeirra, en jafnframt legg ég til, að sendiráðin í Ósló og Stokkhólmi verði lögð niður, reikna þá með því, að þetta eina sendiráð okkar fyrir Norðurlönd verði í Kaupmannahöfn, en hægt væri ábyggilega að sinna þessum störfum, sem okkur eru nauðsynleg í þessum efnum, frá einu sendiráði. Á þennan hátt á að spara, eins og oft hefur verið lagt til áður, og eins og ég minntist hér á fyrir nokkrum árum, voru m. a. uppi till. frá hæstv. núv. fjmrh., um að hægt væri að spara á þessu sviði.

Þá legg ég til, að hið tiltölulega nýja sendiráð, sem sett hefur verið upp hjá NATO í Brüssel og þegar mun kosta í kringum 5 millj. kr., eða þar um bil, verði lagt niður. Það tel ég með öllu óþarft, og tel, að sjálfsagt sé að spara á þessum lið.

Þá legg ég enn fremur til, að beint framlag til Atlantshafsbandalagsins, sem áætlað er á fjárlagafrv. 3 millj. 906 þús. kr. verði fellt niður.

8. till. mín á þessu þskj. undir II. er um það, að á sama hátt verði felldur niður kostnaður vegna framlags til þingmannasambands NATO. Það álít ég, að sé líka

með öllu óþarft, en gert er ráð fyrir útgjöldum samkv. þessum lið á fjárlagafrv., sem nema 309 þús. kr.

9. till. mín undir þessum lið er um það að auka nokkuð frá því, sem gert er ráð fyrir í fjárlagafrv., framlag til fiskileitarstarfsemi, í fyrsta lagi undir liðnum: Humar- og rækjuleit, þ. e. að framlag í þeim efnum verði hækkað um 500 þús. kr., úr 980 þús. kr. í 1 millj. 480 þús. kr. En það er kunnugt, að frá fjöldamörgum stöðum á landinu liggja fyrir tilmæli um það, að ráðizt verði einmitt í miklu meiri leit á þessum sviðum í sambandi við humar- og rækjumið, en það hefur ekki verið hægt að verða við öllum þeim óskum, sem þar liggja fyrir, og því legg ég til, að þarna verði varið nokkuð hærri upphæð en gert er ráð fyrir í frv.

En 10. till. undir þessum lið er um það að auka nokkuð framlag til síldarleitar, en í frv. er gert ráð fyrir að verja í því skyni 6 millj. 247 þús. kr., en ég legg til, að þessi liður hækki um 3 millj. kr. eða upp í 9 millj. 247 þús. kr. Um þessa fjárveitingu mun hafa verið beðið, en ekki þótt fært að verða við henni. Ég tel hins vegar brýna nauðsyn á því að auka allverulega frá því, sem verið hefur, fiskileit á þessu sviði. Svæðið er alltaf að stækka, sem leitin þarf að ná yfir, og mér sýnist, að nú sé þannig komið, að við þurfum t. d. að taka miklu meiri þátt sjálfir í því að fylgjast með síldarleit í Norðursjó og á ýmsum öðrum fiskislóðum, sem okkar skip eru farin að leita á, heldur en gert hefur verið hingað til. Ég vil því verða við óskum Hafrannsóknastofnunar í þessum efnum og hækka þennan lið um 3 millj. kr., upp í 9 millj. 247 þús., og ég efast ekkert um það fyrir mitt leyti, að fjárútlát í þessu skyni munu skila sér aftur og það margfaldlega. Þá legg ég til — það er 11. till. undir þessum lið — að hækkað verði nokkuð framlag til þess liðar, sem heitir fiskileit og veiðarfæratilraunir, en í frv. er gert ráð fyrir að verja í því skyni 2 millj. 770 þús., en ég legg til að hækka þennan lið um 1 millj. eða upp í 3 millj. 770 þús. Þarna er um almenna fiskileit að ræða auk svo annarrar starfsemi, sem fellur undir þennan lið. Það er enginn vafi á því, að það er þess virði fyrir okkur að leggja á okkur útgjöld í sambandi við aukna starfsemi á þessu sviði, þ. e. að fylgjast betur með fiskigöngum og leita að nýjum fiskimiðum og leiðbeina okkar fiskiflota í öllum greinum meira en nú er gert.

Á þessu sama þskj., 174, flyt ég undir III. brtt. ásamt Sigurði Grétari Guðmundssyni till. um aukið framlag ríkisins til Byggingarsjóðs verkamanna. Á fjárlagafrv. er gert ráð fyrir því að leggja Byggingarsjóði verkamanna til 15 millj. 300 þús. kr., en við leggjum til, að þessi fjárveiting verði hækkuð um 15 millj. eða upp í 30 millj. 300 þús. Það liggur fyrir, að Byggingarsjóður verkamanna hefur ekki getað haldið uppi eðlilegri starfsemi á undanförnum árum vegna fjárskorts. Og það hefur mjög staðið á því að útvega þessum sjóði peninga, svo að hann gæti a. m. k. haldið í horfinu í sambandi við aðrar byggingar samkv. löggjöf um stuðning við húsnæðismál.

Þá er á þessu sama þskj. brtt., sem ég flyt undir IV. um aukið framlag til barnaheimila. Það er gert ráð fyrir því að verja í rekstrarstyrk til barnaheimila á fjárlagafrv. 750 þús. kr., en ég legg til, að þessi upphæð verði tvöfölduð og verði á næsta ári 1½ millj. Hér er um mjög mikilvæga starfsemi að ræða, sem er studd tiltölulega sáralítið af ríkinu, og ég tel réttmætt að styrkja hana a. m. k. sem þessu nemur, sem segir í minni till.

Þá er hér 2. töluliður undir IV., sem fjallar um það að auka rekstrarstyrki til sjómannaheimila. En þó að merkilegt megi virðast, er gert ráð fyrir á fjárlagafrv. að verja í rekstrarstyrki til sjómannaheimila í landinu, ja, hvað halda hv. þm., að sé gert ráð fyrir mikilli fjárhæð til þess að styrkja sjómannastofur í landinu? Það er gert ráð fyrir því, að ríkið leggi á einu ári í rekstrarstyrki hvorki meira né minna en 50 þús. kr. til þeirra allra. Ég legg til fyrir mitt leyti, að þessi fjárhæð verði hækkuð upp í 500 þús., rekstrarstyrkur til sjómannaheimilanna í landinu, og má ekki minna vera að mínum dómi. Það var þó nú á þessu yfirstandandi ári varið í styrk frá ríkinu til þess að koma upp sjómannastofum á nokkrum stöðum á landinu 800 þús. kr., og nokkurt átak var gert í þessum efnum, en það þarf auðvitað að gera meira en koma upp þessum stofum. Það þarf líka að reyna að sjá um sómasamlegan rekstur á þeim, og það eru ekki miklar líkur til þess, að það takist, ef ríkið leggur ekki meira fram í þessu skyni en lagt er til á þessu fjárlagafrv., aðeins 50 þús. kr.

Þá legg ég hér til, að fjárveiting til ríkisbifreiða, þ. e. a. s. til bifreiðakaupa á vegum ríkisins, starfsmannabifreiða, verði lækkuð úr 4 millj. kr. í 2 millj. Þetta er einn af þeim liðum, sem ég álít, að hið opinbera eigi að sýna nokkurn sparnaðarvilja á.

Þá er hér síðast till., sem við flytjum ég og Sigurður Grétar Guðmundsson, um það, að í frv. verði bætt við einni nýrri heimild handa ríkisstj., heimild um það að taka 100 millj. kr. að láni vegna Byggingarsjóðs ríkisins, en ekki verkamanna, það á að vera vegna ríkisins, það er hér prentvilla sé ég á þskj., taka að láni 100 millj. kr. vegna Byggingarsjóðs ríkisins, sem varið verði á árinu 1969 til aukinna íbúðarlána. Það er kunnugt, að Byggingarsjóður ríkisins hefur ekki haft yfir að ráða nægilegu fjármagni á þessu ári til þess að geta veitt þau lán, sem sótt hefur verið um og ætlazt er til, að veitt verði þeim, sem standa í íbúðarbyggingum, og þetta hefur auðvitað ekki sízt orðið svo vegna þess, að Byggingarsjóður ríkisins hefur verið látinn taka á sig allmikil fjárútgjöld vegna Breiðholtsbyggingganna, sem ríkisstj. hafði lofað fjárframlagi til, en hefur ekki staðið við nema á þennan hátt, að nota Byggingarsjóð ríkisins í þeim efnum. En við leggjum nú til, að ríkisstj. taki 100 millj. kr. lán handa Byggingarsjóði ríkisins, sem notað verði sem aukafjármagn á árinu 1969 til íbúðarhúsabygginga, og reyni þannig að greiða nokkuð úr þeim vanda, sem skapazt hefur í sambandi við ónóg lán til íbúðarhúsabygginga.

Ég hef nú hér gert grein fyrir í stuttu máli þeim till., sem ég stend hér að. Nokkrar þeirra eru þess eðlis, að þær eru um það að sýna nokkra viðleitni til sparnaðar í ýmsum útgjöldum hjá ríkinu. Ég veit það, að sparnaðartill. hefðu þurft að ná miklu lengra heldur en þessar till. ná. En það er eins og ég hef sagt áður, að ef það kæmi nú í ljós, að það væri vilji til þess að samþykkja þessar sparnaðartill., sem hér eru lagðar fram, mundi ég alveg hiklaust við 3. umr. koma með fleiri sparnaðartill., því að ég tel, að það sé brýn þörf á því eins og komið er að draga úr ýmiss konar kostnaði hjá ríkinu. En það hefur lítið að segja að flytja margar till. um

sparnað, ef það er í rauninni fyrir fram ákveðið að samþykkja engar slíkar till. Aðrar till., sem ég stend hér að, miða að nokkrum auknum útgjöldum. Það er rétt, en það er til þeirra mála, sem ég tel, að sé sjálfsagt, að ríkið leggi fram meira fjármagn en það hefur gert, og ég tel, að hér sé ekki um mikil aukin útgjöld að ræða fyrir ríkissjóð miðað við heildarútgjöldin, sem gert er ráð fyrir á fjárlagafrv. og aðrir hafa átt meiri þátt í að skapa heldur en ég, svo að ég tel, að sá hluti, sem felst til hækkunar í mínum till., ætti ekki að þurfa að vaxa þeim í augum, sem meiri þátt eiga í heildarútgjöldum ríkisins heldur en ég á fyrir mitt leyti.

Ég vænti svo, að ég hafi gert grein fyrir þessum till. og þær fái hér góðan stuðning, þegar til atkvgr. kemur um frv.

Steingrímur Hermannsson: Herra forseti. Í l. um rannsóknir í þágu atvinnuveganna frá 10. maí 1965 segir svo m. a. um verkefni Rannsóknaráðs ríkisins, að það skuli annast athuganir á nýtingu náttúruauðæfa landsins til nýrra atvinnuvega og atvinnugreina.

Þegar þetta nýja ráð tók til starfa, komu fljótlega fram ýmsar hugmyndir um slíkar athuganir. Vitanlega var ekki unnt að sinna nema litlum hluta þeirra og raunar mjög fáum. Þekktasta athugunin mun eflaust vera athugun á sjóefnaiðju, sem mjög hefur verið rætt um upp á síðkastið. Ég þarf reyndar ekki að gera hana að umræðuefni hér. Hún er komin út af, getum við sagt, fjárhagsáætlun Rannsóknaráðs ríkisins. Hæstv. ríkisstj. hefur með ágætum séð fyrir fjármagni til þeirra athugana, og er það þakkarvert. Á árinu 1969 hefur hins vegar verið rætt um þrjú meginmálefni, sem framkvæmdanefnd Rannsóknaráðs vill taka til athugunar. Ég mun aðeins minnast á þau hér. Þau eru:

Í fyrsta lagi er um að ræða rannsókn eða athugun á þaravinnslu að Reykhólum. Rannsóknaráð vinnur að þessu málefni ásamt orkumálastjóra. Má búast við skýrslu um þetta mál nú um áramótin. Niðurstaða þeirrar skýrslu mun vera sú, tel ég, að þaraþurrkstöð að Reykhólum sé ekki hentug með þeim öflunaraðferðum, sem reyndar hafa verið hingað til. Hins vegar verða gerðar till. um aðrar öflunaraðferðir, og það hefur tekizt að fá fjármagn, 200 þús. kr., til þeirra tilrauna, sem þá verða nauðsynlegar. Hins vegar mun Rannsóknaráð verða að leggja fram töluvert fjármagn þar á móti.

Annað málefnið er athugun á þungavatnsvinnslu, en eins og hv. þm. mun vera kunnugt, var það mál mjög á dagskrá hér fyrir allmörgum árum. Úr framkvæmd varð þó ekki, en nú hefur að nýju vaknað áhugi á þessu máli, og sýnist ljóst, að við verðum að sinna því á næsta ári með endurskoðun á þeim áætlunum, sem áður voru gerðar, og þátttöku í fundum í þessu sambandi.

Þriðja málið, sem framkvæmdanefndin hefur talið eðlilegt að taka fyrir, er málmefnaleit á Austurlandi, og það er einkum það, sem ég vildi hér minnast á, og það er þess vegna, sem ég hef borið fram þá brtt., sem hér liggur fyrir.

Það hefur lengi verið trú jarðfræðinga hér, að þau væru litlar líkur til þess að finna mætti verðmæta málma í íslenzkri jörð. Þetta hefur þó breytzt nokkuð upp á síðkastið. Það er raunar nokkuð langt síðan málmsteinar eða einstakir steinar fundust á umræddu svæði með töluvert koparmagn. Hins vegar hafa nú nýlega fundizt slíkir steinar langtum víðar, á svæðinu í Lóni á Suðausturlandi, í Svínhólalandi og Össurardal, og virðist allt benda til þess, að sú sprunga, sem þarna getur verið, sé töluvert stærri en áður var talið. Þess vegna lét Rannsóknaráð gera áætlun núna í haust um slíka athugun. Þá vildi svo til, að hér á landi var staddur sérfræðingur frá Sameinuðu þjóðunum, sem við fengum tækifæri til að ræða við um þetta málefni, en hann var sérfræðingur á þessu sviði.

Ég vil geta þess, að málmleit sem slík á stóru svæði er mjög kostnaðarsöm, ef hún á að vera ítarleg. Þá þarf að framkvæma ekki aðeins miklar boranir, sem allir vita að kosta offjár, heldur líka mælingar, helzt úr lofti og með dýrum tækjum. Hins vegar er hugsanlegt að gera slíka athugun, eins konar frumathugun, sem getur orðið undirstaða frekari athugana, ef rétt reynist að halda þeim áfram. Rannsóknaráð, eða starfsmenn þess, áætluðu í september í samráði við þennan sérfræðing Sameinuðu þjóðanna, að slík athugun mundi kosta um 1 millj. og 500 þús. kr. á þessu svæði. Mundi ég áætla, eftir því sem ég fæ bezt séð, að þessi upphæð yrði einhvers staðar í kringum 2 millj. kr. eftir gengisfellinguna.

Ég mætti hjá hv. fjvn. og gerði grein fyrir þessu málefni og fór fram á það, að fjárveiting til athugana á nýtingu náttúruauðæfa landsins eða þess, sem kallast í fjárlagafrv. „frumathuganir á nýtingu náttúruauðæfa landsins," yrði hækkuð nokkuð, þannig að unnt væri að ráðast í þessa að mínum dómi mjög mikilvægu athugun og málmleit á Austurlandi. Því miður var þessu ekki sinnt, og ég vil trúa því, að það hafi verið fyrir mistök. Því hef ég borið þessa till. hér fram og ekki sízt vegna þess, að nú hefur bætzt í hópinn ágætur liðsmaður, hv. 3. þm. Austf., sem lagt hefur fram þáltill. um þetta sama málefni.

Ég vil leggja áherzlu á það, að ég er langtum bjartsýnni nú um það, að árangur fáist af slíkri leit, heldur en ég hefði verið áður. Það er ég vegna þess, að frétzt hefur um árangursríka leit að málmi á svæðum, sem oft voru talin heldur rýr að þessu leyti að dómi jarðfræðinga.

Við förum fram á 500 þús. kr. Ég vil geta þess, að sú upphæð, sem ég nefndi áðan, 2 millj. kr., mundi skiptast nokkuð. Við teljum, að um það bil helmingurinn af þessari upphæð yrði greiddur af jarðfræðistofnunum og öðrum aðilum, sem mundu annast þessa rannsókn, því að Rannsóknaráð mundi ekki gera það sjálft. Þar eru innifalin laun jarðfræðinganna, ferðakostnaður o. fl., sem þessum stofnunum er þegar veitt á fjárlögum. En hins vegar virðist okkur, að Rannsóknaráð yrði að leggja til þessa málefnis um það bil 1 millj. króna, og mundi það skiptast þannig, að 500 þús. mundu koma úr þeirri fjárveitingu, sem ráð er fyrir gert í frv., að upphæð 1 millj. 161 þús., en þá vantar 500 þús. til viðbótar, og fram á það er farið.

Það er að vísu rétt, að ég er óreyndur maður í þessum virðulegu sölum, og eflaust hefur hv. 6. þm. Reykv. talað af reynslu, þegar hann sagði, að það væri tilgangslaust að bera fram slíkar brtt. við fjárlögin, eins og ég geri nú. En ég verð að segja það, að ég vil þó ekki að óreyndu trúa því, að hv. þm. veiti þessu mikilvæga málefni ekki stoð, a. m. k. menn, sem hafa samþ. það á

öðrum vettvangi. Við tölum um breikkun okkar atvinnugrundvallar, að renna fleiri stoðum undir atvinnuvegina er mjög algengt að sjá í blöðum og heyra í ræðum manna. Sannfæring mín er sú, að sú athugun, sem lagt er til, að framkvæmd verði, geti orðið ein veigamikil stoð undir nýja atvinnuvegi hér á landi.

Björgvin Salómonsson: Herra forseti. Ég hef flutt hér á þskj. 169 brtt. þess efnis, að Vatnsveita Vestmannaeyja hljóti sérstaka fyrirgreiðslu á fjárl. næsta árs með 25 millj. kr. framlagi úr ríkissjóði.

Ég ætla, að um þessa till. þurfi ekki að hafa langt mál, og það hefur nú reyndar aðeins verið vikið að henni hér á undan, en ég mun víkja að því á eftir, en allir hv. þm. vita, hve sérstæð framkvæmd Vatnsveita Vestmannaeyja er. Og ég vil í því sambandi vekja sérstaka athygli á því, að samkv. upphaflegum útreikningum Efnahagsstofnunarinnar var gert ráð fyrir, að neðansjávarleiðslurnar tvær, sem ráðgert er að leggja til Vestmannaeyja, mundu kosta samtals 54 millj. króna, og er þar að langmestu leyti um kostnað að ræða, sem greiða verður í erlendum gjaldeyri, þar sem erlendir aðilar sjá einnig um lagningu neðansjávarleiðslunnar. Frá því þessi áætlun var gerð hefur hæstv. ríkisstj. hins vegar fellt gengi ísl. krónu tvívegis og þar með hækkað þessa kostnaðarliði um trúlega allt að 100%. Þessi kostnaður er, eftir því sem mér er tjáð, allur ógreiddur, og hér er því um gífurleg áföll að ræða fyrir Vestmannaeyjakaupstað, gengistap, sem nemur tugmilljónum króna. Slíkri greiðslubyrði tel ég, að hæstv. ríkisstj. geti ekki velt yfir á eitt bæjarfélag bótalaust, þegar það liggur líka fyrir Alþ., að hér er verið að útdeila gengishagnaði til ýmissa aðila, sem orðið hafa fyrir gengistapi. Ríkissjóður eykur tekjur sínar hins vegar stórlega með umræddum gengisfellingum, og það virðist því vægast sagt sanngirnismál, að hann létti af bæjarfélaginu a. m. k. hluta gengistapsins, eins og farið er fram á í þessari till.

Varðandi það, sem hv. þm. Guðlaugur Gíslason sagði um þetta mál, kom það einmitt fram í hans ræðu, hversu mikil aukning greiðslubyrðinnar verður af þeim gengisfellingum, sem hæstv. ríkisstj. hefur framkvæmt frá því, að Efnahagsstofnunin gerði sína áætlun. Hann skýrði frá því, að hækkunin, sem varð á lagningu neðansjávarleiðslunnar, aðeins vegna gengisfellingarinnar í fyrra, næmi 11.6 millj. kr., þ. e. a. s., að upphaflega áætlunin var 24 millj., en bókfærður kostnaður nú er talinn 35.6 millj., eða sem sagt hækkun um 11.6 millj. Síðan kemur þessi nýjasta gengisfelling ofan á þetta. Ég ætla nú ekki að gera þetta mál að frekara umræðuefni hér. En það kom m. a. fram í ræðu hv. þm., að síðara áfanga þessarar vatnsleiðslu verður alls ekki frestað, vegna þess hve það er nauðsynlegt fyrir framleiðslu, sem stendur undir svo að segja öllu atvinnulífi Vestmannaeyinga, þ. e. a. s. fiskframleiðslunni, að fá þetta vatn. Það er knúið á um það, og það þarf fremur að hraða þeim áfanga heldur en ekki. Ég skal ekki heldur dæma um það, hvað hv. þm. hefur fyrir sér í því, að Vestmannaeyingar álíti, að tilmælum þeirra hafi verið vel mætt í þeim till., sem hv. fjvn. eða hv. meiri hl. fjvn. gerir til úrbóta í því fjárlagafrv., sem hér liggur fyrir til umræðu. Það er mín skoðun, að þar hefði verið um allverulega bót að ræða, ef ekki hefðu komið til þær tvær gengisfellingar, sem hér bætast ofan á þann kostnað, og ég vildi nú mega vænta þess, að þessi brtt. mín nái stuðningi einnig þessa hv. þm.

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. Það er stórt mál og fyrirferðarmikið, sem hér er á dagskránni, frv. til fjárl. fyrir árið 1969.

Frv., sem upphaflega var lagt fram í byrjun þingsins, var allstór bók, 214 bls., og nú hefur verið útbýtt brtt. við þetta frv. frá meiri hl. fjvn. Það er líka allstór bók, eða upp á 108 bls. Það er ekki mögulegt fyrir þm. á skömmum tíma að kynna sér þetta allt. En þó dylst engum, sem rennir augum yfir þetta, að víða er pottur brotinn. Það má glöggt sjá, að óstjórn er á heimilinu hjá hæstv. ríkisstj. Stórar fjárhæðir fara í súginn. Ég ætla aðeins að nefna eitt dæmi um óþarfa eyðslu, það er um utanríkisþjónustuna. Mér telst svo til af þessu, sem fyrir liggur, að við höfum 10 sendiráð og fastar sendinefndir í öðrum löndum, og kostnaðurinn við þetta er áætlaður á næsta ári samkv. brtt. meiri hl. fjvn. 51 millj. 304 þús. kr. Þar að auki eru svo við nokkra þessa liði færðar upphæðir, sem nefnast lánahreyfingar út og nema samtals 2 millj. 188 þús. Þannig sýnist mér, að útgjöldin við þessi sendiráð og sendinefndir séu u. þ. b. 53½ millj. Ég tel, að þarna mætti spara mikið fé. Það væri auðvelt að fækka þessum sendiráðum. Ég held, að það væri hægt að fækka þeim um helming, úr 10 niður í 5. Ég hugsa mér það þannig, að í fyrsta lagi væri aðeins 1 sendiráð á Norðurlöndum. Ég hygg, að það séu allgreiðar samgöngur á milli höfuðborganna í þessum nágrannalöndum okkar, Danmörku, Svíaríki og Noregi, og einn sendiherra, sem væri í einhverri þessari borg, gæti gengið eins og rennihestur þarna á milli, eftir því sem þarfirnar kalla. Þá er nú komið fyrsta sendiráðið, sem við þyrftum að hafa.

Annað tel ég, að við þyrftum að hafa í Moskvu, sem gæti jafnframt því að vera hjá Sovétríkjunum gætt hagsmuna þjóðarinnar hjá öðrum löndum austan tjaldsins. Þá eru komin tvö.

Það þriðja ætti líklega að vera í Vestur-Evrópu, þ. e. á meginlandinu, annaðhvort í París eða Bonn, líklega heldur í Bonn, því að ég held, að við höfum miklu meiri viðskipti við Þjóðverjaland heldur en Frakkland. Þá mætti nú, hygg ég, spara eitthvað fleira á því svæði heldur en eitt sendiráð. Það er t. d. hér í frv. og brtt. gert ráð fyrir fjárveitingum til sendinefndar Íslands hjá NATO og sendiráðs Íslands í Brüssel. Ég held, að sendiherra okkar, sem búsettur væri annaðhvort í París eða Bonn, gæti komið til Brüssel annað slagið og séð, hvað er að gerast þar, þegar þörf teldist á því. Þá eru komin þrjú.

Þá er það nú hennar hátign, blessuð Elísabet, drottning Bretaveldis. Ég tel, að við þurfum að hafa sendiherra hjá henni, og hann ættum við að velja heldur af betri tegundinni, finnst mér. Þá eru komin fjögur.

Og loks er það herra Nixon bóndi í Norður-Ameríku. Við verðum, held ég, að hafa sendimann hjá honum, en sá hinn sami gæti tekið að sér það starf, sem hér er ætlað sendinefnd Íslands hjá Sameinuðu þjóðunum í New York, hún er víst í New York, mér skilst það, þessi sendinefnd. En það er nú ekki langur vegur milli

Washington og New York, og sendiherra vor í Washington gæti skotizt þangað annað slagið. Þá eru komin fimm. Já, við verðum að hafa mann hjá Nixon.

Það er með herra Johnson, sem enn er forseti þarna hjá þeim í Bandaríkjunum. Ég hef oft séð myndir af honum, og ég verð að segja eins og er, að mér hefur aldrei geðjast sérlega vel að svipnum á honum, enda var það svo, að hann tók ekki nógu vel á móti okkar forsrh., þegar hann heimsótti hann hér um árið. Og ég er að gera mér vonir um, að herra Nixon verði gestrisnari við Íslendinga, ef einhverjir þeirra skyldu rekast að hans heimili á komandi ári, svo að ég held, að við verðum að hafa sendimann hjá honum. Og þá eru komnir fimm. Þetta er alveg nóg að mínu viti. Það má sem sagt fækka þarna um helming, og þá er hægt að spara þarna stóra fjárhæð.

Ég vil nú nefna þetta aðeins sem dæmi, en ég hef annars ekki haft tíma til að lesa þessar bækur svo í gegn, að ég treysti mér til að fara meira út í þennan frumskóg svona fyrirvaralítið, en óefað er margt þar af svipuðu tagi, sem mætti kippa í lag.

Þá vil ég þessu næst víkja með fáeinum orðum að einni brtt. við frv., sem ég á þátt í að flytja. Hún er ekki um aukin útgjöld úr ríkissjóði, heldur um að auka tekjur hans og ætti þess vegna að vera kærkomin hæstv. fjmrh.

Alllengi hefur sá siður legið hér í landi, að hæstv. ráðh., þingforsetar og fáeinir aðrir valdamenn hafa notið sérstakra vildarkjara hjá Áfengis- og tóbaksverzlun ríkisins. Þeir hafa tekið þar út vörur til eigin nota og komizt af með að borga fyrir þær aðeins lítinn hluta af því verði, sem aðrir viðskiptamenn verzlunarinnar þurfa að borga. Ég hef nokkrum sinnum með tillöguflutningi á Alþ. reynt að koma í veg fyrir þessi óheilbrigðu viðskipti yfirmanna við ríkisverzlunina, en þær tilraunir hafa því miður ekki borið árangur. Þess vegna er nú enn á ný flutt till. um þetta efni á þskj. 170. Hún er um það, að það bætist aths. við liðinn nr. 11 í brtt. meiri hl. fjvn., sem er um Áfengis- og tóbaksverzlun ríkisins. Og þessi aths. á að orðast þannig samkv. brtt. okkar með leyfi hæstv. forseta:

„Óheimilt er að veita nokkrum mönnum, öðrum en sendiherrum og sendifulltrúum erlendra ríkja, afslátt frá hinu ákveðna útsöluverði á vörum verzlunarinnar. Þó má veita Eimskipafélagi Íslands h/f, Skipaútgerð ríkisins og Fríhöfninni á Keflavíkurflugvelli afslátt á verði á vörum, enda séu þær eingöngu seldar farþegum í utanlandsferðum, en komi ekki til neyzlu innanlands."

Þessi till. er samhljóða till., sem ég flutti á síðasta þingi, en nú erum við þrír, sem flytjum þessa till. á þskj. 170, auk mín eru það þeir hv. 1. þm. Vestf. og 2. þm. Sunnl.

Undanfarnar vikur og mánuði hefur hæstv. ríkisstj. og stuðningsmenn hennar flutt þá predikun, að allir landsmenn verði að taka á sig byrðar vegna efnahagserfiðleika, sem þjóðin hafi komizt í. Og stjórnin og hennar flokkar hafa fylgt þessu fram með því að lækka gengi ísl. krónunnar rétt einu sinni. Það veldur mikilli verðhækkun á vörum, m. a. á brýnustu nauðsynjum, sem almenningur þarf að nota. Og hæstv. ráðh. segja, að menn verði að taka þetta á sig möglunarlaust til þess að bjarga þjóðinni. Þeir segja, að menn verði að spara til þess að geta tekið á sig verðhækkanirnar. Þegar svona er komið, finnst mér, að hæstv. ráðh. ættu að sjá sóma sinn í því að hætta að láta almenning borga fyrir sig verulegan hluta af verði þess drykkjar, sem þeir súpa, og þeirra vindla, sem þeir reykja, en það gera þeir og hafa gert að undanförnu með því að taka fé til þessara vörukaupa úr sjóði verzlunar, sem er ríkiseign. Ég sé enga sanngirni í því, að okkur, öðrum landsmönnum, sé ætlað að borga þetta fyrir valdamennina og allra sízt nú, þegar okkur er sagt, að við verðum að draga úr útgjöldum okkar. En þar sem engar fréttir hafa borizt af því, að ráðh. ætli ótilkvaddir að taka upp sæmilega siði í þessu efni, verður Alþ. að taka í taumana.

Þannig er nú komið fyrir Íslendingum eftir 10 ára valdaferil núverandi stjórnarflokka, að aðrar þjóðir eru, samkv. fréttum, sem borizt hafa, að búa sig undir að skjóta saman fé handa þessari nauðstöddu þjóð. Þetta gefur nokkra hugmynd um það álit, sem við njótum nú hjá öðrum þjóðum, og það, þó að Íslendingar fari í stórhópum til fjarlægra landa og beri sig margir þar ríkmannlega og þó að okkar ágætu doktorar í ríkisstj. haldi áfram að flytja ræður. En á sama tíma gerist það, að íslenzkir ráðh., sem hafa allgóðar tekjur miðað við það, sem hér gerist yfirleitt, láta ríkisverzlun og þar með aðra landsmenn, sem flestir hafa til muna lægri tekjur en þeir sjálfir, borga fyrir sig hluta af verði neyzluvöru, sem þeir kaupa. Þetta er hæstv. ráðh. til minnkunar og líka hæstv. Alþ. ef það lætur þetta viðgangast.

Hæstv. ráðh., sjö að tölu, hafa með sér 25 stuðningsmenn hér á löggjafarsamkomunni. Þessir menn fylgja sínum herrum yfirleitt fast, en eru þeim þó ekki alltaf hollir, því að oft fylgja þeir þeim að óheppilegum athöfnum. Mér hefur komið í hug, að í hópi þessara stjórnarfylgismanna kynnu að finnast þrír eða fjórir menn, sem væru svo hollir sínum foringjum, að þeir vildu taka þátt í að forða þeim frá þeirri hneisu að haga viðskiptum sínum við Áfengis- og tóbaksverzlun ríkisins hér eftir með sama hætti og þeir hafa gert að undanförnu. En ef til vill er það of mikil bjartsýni að láta sér koma slíkt í hug. Ég veit það ekki, en þetta kemur í ljós innan skamms við atkvgr. um till. okkar þremenninganna.

Ég vil svo að síðustu vekja athygli hæstv. forseta á ákvæði 44. gr. þingskapanna, sem hljóðar svo:

„Enginn þm. má greiða atkv. með fjárveitingu til sjálfs sín."

Ef það skyldi nú gerast, að einhver af hæstv. ráðh. eða forsetum, sem hafa skammtað sér hin sérstöku viðskiptakjör hjá ríkisverzluninni, skyldi falla fyrir þeirri freistingu að greiða atkv. gegn brtt. á þskj. 170, má ekki telja þeirra atkv. með öðrum mótatkv. samkv. þessu ákvæði þingskapanna. Ég vildi aðeins vekja athygli hæstv. forseta á þessu.

Sigurður Grétar Guðmundsson: Herra forseti. Við hv. 4. landsk. þm. Jónas Árnason og ég flytjum hér við 2. umr. fjárl. þrjár minni háttar brtt.

Reyndar er nú hv. 6. þm. Reykv. búinn að skelfa mig allmikið með ræðu sinni hérna fyrr í dag. Ég gat ekki betur skilið á hv. þm. en að einstakar till. þm. væru

undantekningarlaust dauðadæmdar. Ég er nú að vísu nýliði hér í þingsölunum og hef ekki fylgzt náið með afgreiðslu fjárl. hér á undanförnum þingum, en ég vil samt sem áður ekki að óreyndu trúa því, að það sé komið svo fyrir hinu háa Alþ., að lögboðin og formleg afgreiðsla fjárl. sé innantómt formsatriði. Þess vegna er það einlæg von mín, að það komi nú í ljós við atkvgr. í lok þessarar umr., að hv. 6. þm. Reykv. hafi tekið nokkuð djúpt í árinni að þessu sinni.

Í ræðu sinni hér í dag gat ég ekki betur heyrt en hæstv. fjmrh. léti hlý orð falla um fulltrúa stjórnarandstöðunnar í fjvn. Ég tel það því enga goðgá, þó ég snúi taflinu nú örlítið við, að vísu ætla ég nú ekki að fara að hrósa ríkisstj. í heild, en mér þykir leitt, að hæstv. menntmrh. skuli ekki vera hér, því að ég veit ekki, hvort það er á hverjum degi, sem ráðh. fá hrósyrði frá stjórnarandstöðuþm., en ég vildi samt nota þetta tækifæri til að þakka hæstv. menntmrh. fyrir þann áhuga og skilning, sem hann hefur sýnt leiklist hér á landi á undanförnum árum. Ég get þessa hér, vegna þess að um þetta málefni fjalla tvær af þremur till., sem ég ætla hér að fara um nokkrum orðum.

Hæstv. menntmrh. hefur beitt sér fyrir ýmsum nýmælum varðandi opinberan stuðning við leiklist í landinu, ekki hvað sízt leiklist áhugamanna. M. a. var kölluð saman ráðstefna allra þeirra aðila jafnt meðal áhugamanna sem atvinnumanna, sem talið var, að eitthvað jákvætt hefðu fram að færa um tilhögun opinbers stuðnings við leiklistina og annað það, sem kynni að verða henni til framdráttar. Það eru nokkur ár liðin síðan þessi ráðstefna var haldin, og ég vona, að sú ábending komist til hæstv. menntmrh., að ég teldi athugandi, hvort ekki ætti að kalla saman aðra slíka ráðstefnu, ekki hvað sízt til að ræða, hvernig til hefur tekizt það fyrirkomulag á styrkjum til leiklistarinnar í landinu, sem þá var nýtekið upp, þegar þessi ráðstefna var haldin, og ég teldi ekki óeðlilegt, að hún yrði haldin næstkomandi vor, og ég vona, að það verði, því fyrr, því betra, því að ég treysti núv. menntmrh. vel í þessum efnum, en það veit enginn, hvenær ævin endar í ráðherrastólnum, frekar en ævi manns sjálfs.

En nú skal ég ekki orðlengja meira um þetta. En ég ætla aðeins að minnast nokkrum orðum á þær þrjár brtt., sem við hv. 4. landsk. þm. flytjum við fjárlagafrv. Það er hér fyrst að nefna hækkaðan styrk til leikstarfsemi. Það er á þskj. 159, III. liður. Við leggjum til, að liðurinn hækki úr 1.3 millj. í 2 millj. Styrkur þessi er fyrst og fremst ætlaður til að styrkja rekstur leikfélaga utan Reykjavíkur, þó hafa aðilar í höfuðborginni, aðrir en Leikfélag Reykjavíkur og Þjóðleikhúsið, einnig möguleika á að fá styrk úr þessum sjóði, og svo mun hafa verið á undanförnum árum, ég býst við, að t. d. tilraunaleikhúsið Gríma hafi fengið styrk úr þessum sjóði. Menntmrh. úthlutar fé úr þessum sjóði eftir sérstakri reglugerð, og ég held, að rn. hafi rækt það vel og réttlátlega. Ég þarf ekki að lýsa því fyrir hv. þm. úr hinum einstöku byggðarlögum úti á landi, hversu mikils virði þessi starfsemi leikfélaganna er. Ég er hræddur um, að fjárhagserfiðleikar núna geti orðið þessari starfsemi þeirra fjötur um fót og sérstaklega þeim félögum, sem farin eru að setja hærra mark í listrænum skilningi. Það fer ekki hjá því, að hækkandi verðlag komi einnig við þessi félög eins og alla aðra aðila hér á landi. Það eru gerðar meiri kröfur nú en áður í þessum efnum sem öðrum, það fer t. d. mjög í vöxt, að félög úti á landi ráða til sín leikstjóra hér af höfuðborgarsvæðinu, og einnig hefur Leikfélag Akureyrar, félag, sem hefur mjög vaxið fiskur um hrygg á undanförnum árum, verið aflögufært með leiðbeinendur á þessu sviði. Þetta tel ég vera rétta stefnu, því að þeir flytja með sér þekkingu og reynslu, sem síðan verður eftir á hinum ýmsu stöðum, þar sem þeir koma. Ég vona því, að hv. þm. leggi okkur lið í þessu efni og standi með okkur í þessari hækkuðu fjárveitingu til leiklistarinnar í landinu.

Aðrar brtt., sem við flytjum, eru einnig á þskj. 159 undir liðnum V.

Það er fyrst hækkaður styrkur til Leikfélags Reykjavíkur úr ½ millj. í 1 millj. Leikfélag Reykjavíkur hefur alla tíð starfað við mjög erfið skilyrði. Það hefur starfað í sama húsnæðinu frá upphafi, frá því það var stofnað, og það er á nokkrum tímamótum núna, vegna þess að það er að breytast frá því að vera áhugamannafélag og að verða atvinnuleikhús. En það býr enn við þessi sömu frumstæðu skilyrði, og á meðan tel ég, að það þurfi því fyrst og fremst á auknum styrk fyrir rekstur sinn að halda. Þetta er ekki styrkur, sem neinu nemur til þess að koma upp framtíðarleikhúsi fyrir félagið, það fyrst og fremst þarf að styrkja það til þess, að reksturinn geti verið blómlegur á þessu millibilsástandi.

Að lokum flytjum við hér till. um, að styrkur til Ungmennafélags Íslands hækki úr 250 þús. í 1 millj. Ég veit það, að hv. þm. utan af landi þekkja vel starfsemi hinna einstöku ungmennafélaga víða, en sá hugsunarháttur virðist nokkuð hafa verið ofarlega á baugi hér, sérstaklega hér á höfuðborgarsvæðinu, að Ungmennafélag Íslands væri eitthvert fyrirbæri aftan úr grárri forneskju, sem væri staðnað og einskis nýtt. En ég vil harðlega mótmæla þessu, því að einmitt ungmennafélögin úti á landi eru einhver blómlegustu æskulýðsfélög hér á landi, og mætti nefna mörg dæmi, ég hirði ekki um það núna, get nefnt hér einstakt dæmi, hinar miklu hátíðir eða mót Ungmennafélags Íslands, sem vekja athygli alþjóðar. Auk þess hafa þessi félög víða í sveitum landsins og einmitt í kjördæmi hv. 4. landsk. þm. tekið sig fram um sérstaka og happasæla æskulýðsstarfsemi, sem einnig hefur vakið mikla athygli, og við leggjum því til, að þessi styrkur hækki svo sem ég hef hér áður sagt, og skal ég þá ekki fara fleiri orðum um þessar brtt.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 22. fundi í Sþ., 14. des., var fram haldið 2. umr. um frv. (A. 1, n. 129, 147 og 153, 143, 149, 159, 160, 163, 169, 170, 174).

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 31 shlj. atkv.

2. gr. samþ. með 31 shlj. atkv.

Brtt. 143, 1 (ný 3. gr.) samþ. með 31 shlj. atkv.

Brtt. 163, I samþ. með 39 shlj. atkv.

Brtt. 159, I tekin aftur til 3. umr.

Brtt. 163,II felld með 32:27 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: VH, KTh, ÁÞ, ÁB, StH, BFB, BA, EðS, EÁ, EystJ,

GeirG, SGG, GíslG, HS, HV, IG, JSk, JónasÁ, BjS, LJós, MK, ÓlJ, PÞ, SÉ, SkG, SV, SP.

nei: AuA, BGr, BK, BBen, EKJ, BrS, EggÞ, EmJ, FÞ, GuðlG, GunnG, GÞG, IngJ, JóhH, JónÁ, JÁH, JÞ, JP, JR, MJ, MB, MÁM, ÞG, PJ, PB, PS, SB, SI, StG, SvG, SvJ, BF.

1 þm. (BP) fjarstaddur.

Brtt. 159, II felld með 32:20 atkv.

Brtt. 159, III felld með 32:21 atkv.

Brtt. 159,IV. 1 felld með 32:21 atkv.

Brtt. 169, I samþ. með 47 shlj. atkv.

Brtt. 159, IV. 2 felld með 32:22 atkv.

Brtt. 174, I. 1 felld með 32:23 atkv.

Brtt. 174, I. 2 felld með 32:23 atkv.

Brtt. 159, V. 1 felld með 32:24 atkv.

Brtt. 174, II. 1 felld með 33:10 atkv.

Brtt. 174, II. 2 felld með 37:10 atkv.

Brtt. 174, II. 3—5 felld með 33:12 atkv.

Brtt. 174, II. 6 felld með 32:13 atkv.

Brtt. 174, II. 7 felld með 35:18 atkv.

Brtt. 174, II. 8 felld með 33:13 atkv.

Brtt. 174, II. 9 felld með 32:23 atkv.

Brtt. 174, II. 10 felld með 32:24 atkv.

Brtt. 174, II. 11 felld með 32:26 atkv.

Brtt. 174, III felld með 32:25 atkv.

Brtt. 169, II tekin aftur.

Brtt. 174, IV. 1 tekin aftur.

Brtt. 174, IV. 2 felld með 32:25 atkv.

Brtt. 159, V. 2 felld með 32:26 atkv.

Brtt. 159, VI felld með 32: 26 atkv.

Brtt. 160 tekin aftur.

Brtt. 174, IV. 3 samþ. með 30: 29 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: BP, BrS, EðS, EÁ, EystJ, GeirG, SGG, GíslG, HS, HV, IG, JÁH, JSk, JÞ, JónasÁ, BjS, LJós, MK, ÓlJ, PÞ, SE, SkG, SV, SP, VH, KTh, ÁÞ, ÁB, BFB, BA.

nei: EggÞ, EmJ, FÞ, GuðlG, GunnG, GÞG, IngJ, JóhH, JónÁ, JP, JR, MJ, MB, MÁM, ÞG, PJ, PB, PS, SB, SI, StG, SvG, SvJ, AuA, BGr, BK, BBen, EKJ, BF.

StH greiddi ekki atkv.

Brtt. 149 samþ. með 43 shlj. atkv.

Brtt. 143, 2 (ný 4. gr.), svo breytt, samþ. með 44 shlj. atkv.

Brtt. 170 felld með 31:27 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GíslG, HS, HV, IG, JSk, JónasÁ, BjS, LJós, MK, ÓlJ, PÞ, SE, SkG, SV, SP, VH, KTh, ÁÞ, ÁB, StH, BFB, BA, BP, EðS, EÁ, EystJ, GeirG.

nei: GuðlG, GunnG, GÞG, IngJ, JóhH, JónÁ, JÁH, JÞ, JP, JR, MJ, MB, MÁM, ÞG, PJ, PB, PS, SB, SI, StG, SvG, SvJ, BGr, BK, BBen, EKJ, BrS, EggÞ, EmJ, FÞ, BF.

SGG greiddi ekki atkv.

1 þm. (AuA) fjarstaddur.

Brtt. 143, 3 (ný 5. gr.) samþ. með 32 shlj. atkv.

Brtt. 174, V tekin aftur.

Brtt. 143,4 samþ. með 32 shlj. atkv.

6. gr., svo breytt, samþ. með 32 shlj. atkv.

Brtt. 143,5 samþ. með 32 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 35 shlj. atkv.

Á 25. fundi í Sþ., 20. des., var frv. tekið til 3. umr. (A. 178, 200, 201, 208, 216).

Afbrigði um brtt. 216, sem var of seint fram komin, leyfð og samþ. með 34 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Jón Árnason): Herra forseti. Fjvn. hefur á milli umr. tekið til nánari athugunar og afgreiðslu þá málaflokka, sem n. hafði enn ekki lokið við að gera till. sínar um, og eru nú umræddar brtt. n. og meiri hl. n. fluttar á sérstökum þskj. Um brtt. meiri hl. n. er að flestu leyti það sama að segja og um till. n. við 2. umr. málsins, að minni hl. stendur einnig að samþykkt þeirra flestra nema þeirra till., sem varða tekjubálk frv., og þeirra till., sem eru í sambandi við gengislækkunina. Svo sem vitað var, átti n. enn eftir að gera till. sínar um fjárveitingar við nokkra aðalútgjaldaliði fjárlagafrv., svo sem framlög til nýbygginga hafna, skóla, til sjóvarnargarða, fyrirhleðslna o. fl.

Ég mun þá víkja nokkuð að brtt. meiri hl. n., og þá kemur fyrst till. um fjárveitingu að upphæð 200 þús. kr. til Rannsóknaráðs ríkisins til greiðslu kostnaðar við fyrirhugaða ráðstefnu um samband milli hafíss, loftstrauma og veðráttu með sérstöku tilliti til Íslands. Ráðstefna þessi verður haldin hér í Reykjavík, en að henni standa Jarðfræðingafélag Íslands, Jöklarannsóknafélag Íslands, Sjórannsóknadeild Hafrannsóknastofnunar Íslands og Veðurstofa Íslands. Í grg., sem fylgdi erindi þessu, segir m. a., að undanfarin ár hafi borið meira á hafís hér við land en um langt árabil áður. Miklar umr. hafa átt sér stað um þetta, og hefur þeirrar skoðunar gætt, að um almenna breytingu til aukins hafíss kunni að vera að ræða. Jafnframt hefur borið á þeirri skoðun, bæði hér og erlendis, að breyting á veðráttu almennt kunni að vera fram undan eða hafin, þannig að kaldara tímabil sé í vændum en verið hefur undanfarna 4—5 áratugi. Eins og fyrr segir, taldi n. rétt að verða við umræddum tilmælum til að standast kostnað af ráðstefnunni og leggur því til, að veittar verði 200 þús. kr. í þessu skyni.

Þessu næst eru till. n. um framlag til nýbyggingar skóla. Þar er lagt til, að framlag til Héraðsskólans að *Núpi hækki um 2.5 millj. kr. Nemur þá fjárveiting til* Núpsskóla alls 4.5 millj., sem er talið, að nægi til þess að fullgera byggingu, sem í er sameiginlegt mötuneyti fyrir skólann ásamt starfsmannaíbúð. Talið var óhjákvæmilegt að fullgera þessa framkvæmd. Til byggingar gagnfræðaskóla utan 5 kaupstaða er lagt til, að fjárveiting hækki um 8 millj. 40 þús. kr. Verður þannig fjárveiting til umræddra skóla samtals 18 millj. 19 þús. Um framlag til einstakra skóla vísast að öðru leyti til sérstaks yfirlits í þskj.

Þá eru till. til byggingar barnaskóla á sama hátt hækkaðar um 16 millj. 512 þús. kr., og verður heildarfjárveitingin 116 millj. 655 þús. kr. Um framlag til einstakra barnaskóla vísast einnig til sérstaks yfirlits. Svo sem kunnugt er, hefur nýju fræðslul., þar sem ákveðið var, að hluti ríkisins til nýbyggingar skóla skyldi greiddur á þremur árum, verið breytt þannig, að

greiðslutímabilið verður nú 4 ár. Við þessa breytingu er till. n. miðuð, jafnhliða því sem eldri skólar fá fjárveitingu samkv. fyrri reglu. Það er 5 ára tímabil með lokauppgjörið á 3 árum til viðbótar.

Þá er lagt til, að liðurinn „framlög til lista", 14. tölul., „listamenn", hækki um 470 þús. kr. Í sambandi við setningu gildandi l. um listamannalaun lýsti hæstv. menntmrh. því yfir fyrir hönd ríkisstj., að tekin yrði til athugunar sú ósk Bandalags ísl. listamanna, að efnt yrði til starfsstyrkja til listamanna auk listamannalaunanna. Skipaði menntmrh. n. til athugunar á málinu, og hefur hún nú lokið störfum. Gert er ráð fyrir, að þessari hækkun fjárveitingar til listamanna verði varið til þess að koma á fót starfsstyrkjakerfi, sem menntmrh. setji nánari reglur um að höfðu samráði við Bandalag ísl. listamanna.

Þá er till. um 50 þús. kr. fjárveitingu til þess að standa undir kostnaði við norrænt kirkjutónlistarmót, sem haldið verður í Reykjavík á komandi sumri. Slík mót eru haldin til skiptis á öllum Norðurlöndunum, en síðast var það haldið hér í Reykjavík árið 1952.

Þessu næst koma till. varðandi atvmrn. Þar er fyrst lagt til, að veittar verði 200 þús. kr. til hækkunar á liðnum til skóggræðslu og 500 þús. til framkvæmda á svo kallaðri Fljótsdalsáætlun. En þar er gert ráð fyrir að hefja framkvæmdir á nokkrum bújörðum bænda innan við Hallormsstað og er ætlunin að planta þar lerki. Hér er um nýmæli að ræða, sem ætlað er, að geti orðið nokkur stuðningur við búrekstur þeirra bænda, sem hér eiga hlut að máli. Talið er, að þessi staður sé sá hagstæðasti, sem um er að ræða, til þess að árangur náist í trjárækt, sem geti orðið atvinnuvegur.

Til sjóvarnargarða er lagt til, að fjárveiting hækki um 100 þús. kr. og verður þá alls 850 þús. kr. Um skiptingu á fjárupphæðinni vísast til sérstaks yfirlits á þskj. Þá er næst till. um fjárveitingar til fyrirhleðslna. Margar umsóknir bárust um styrk í þessu skyni hvaðanæva af landinu. Að þessu sinni var þörfin óvenjulega mikil, og sá n. sér ekki annað fært en að gera till. um, að fjárveitingin hækkaði um 1 millj. 125 þús. kr. frá því, sem var í fjárlagafrv., og um sundurliðun á þeirri upphæð vísast til sérstaks yfirlits.

Þá er næst till. n. um fjárveitingu til landþurrkunar. Er lagt til, að liðurinn hækki um 280 þús. kr. samkv. sérstöku yfirliti. Í því sambandi vil ég vekja athygli á því, að misprentun hefur átt sér stað varðandi 6. tölul. Þar á að standa Háfsósar í staðinn fyrir Hofsós. Háfsósar eru rétt hjá Þykkvabæ.

Þá er till. um hækkun, sem nemur 700 þús. kr., til Orkustofnunarinnar, sem er aukið fé til jarðborunarframkvæmda. Lagt er til að hækka liðinn „gjaldfærður stofnkostnaður við bændaskólann á Hvanneyri" um 362 þús., en það er vegna kaupa skólans á húsi eins starfsmanns, sem hætti störfum við skólann, en bústaðurinn var eign starfsmannsins. Til byggingar húsmæðraskóla utan kaupstaða hækkar fjárveiting um 1 millj. 477 þús. kr., en um sundurliðun á upphæðinni vísast til sérstaks yfirlits á þskj.

Þá koma brtt. n. varðandi fjárlagaliði, sem heyra undir dóms- og kirkjumrn. Þar kemur fyrst till. um, að laun við sýslumannsembættið í Borgarnesi hækki um 100 þús. kr., en hér er um leiðréttingu að ræða. Þá er lagt til að hækka fjárveitingar til fangaklefa lögreglunnar í Reykjavík um 2 millj. kr. Verður þá liðurinn samtals 3 millj. 723 þús. kr. Með þessari fjárveitingu er gert ráð fyrir, að bætt verði úr því vandræðaástandi, sem ríkjandi er í þessum málum hér í borginni, þannig að þessir nýju klefar við nýju lögreglustöðina verði notaðir fyrir fanga til styttri dvalar og þá fangageymslan í Síðumúla fyrir fanga, sem dveljast um lengri tíma í fangahúsum. Með hliðsjón af því, að um næstu áramót koma til framkvæmda lög nr. 83 1967 um breyt. á almannatryggingalögunum, breytast nokkrir fjárlagaliðir fjárlagafrv. þannig, að heildarframlag til Landsspítalans lækkar úr 139 millj. 850 þús. í 48 millj. 627 þús., eða þar lækkar liðurinn um 91 millj. 223 þús. kr. Til fæðingardeildar Landsspítalans lækkar úr 16 millj. í 1 millj. 495 þús. kr., eða um 14 millj. 794 þús. Til geðveikrahælisins á Kleppi lækkar fjárveiting úr 29 millj. 21 þús. kr. í 12 millj. 413 þús., eða um 16 millj. 608 þús. kr. Fjárveiting til heilsuhælisins á Vífilsstöðum lækkar úr 15 millj. 397 þús. í 4 millj. 803 þús. eða um 10 millj. 594 þús. kr. Til heilsuhælisins í Kristnesi lækkar fjárveiting um 473 þús., og til fávitahælis í Kópavogi lækkar fjárveiting um 3 millj. 441 þús. kr. Til sjúkrahúsa samkv. lögum lækkar fjárveiting úr 12 millj. 420 þús. í 8 millj. 420 þús. kr., eða um 4 millj. kr. Samtals er þá lagt til, að framlag til þessara stofnana lækki á þessum liðum um 141 millj. 97 þús. kr. Þá er lagt til, að fjárveiting til byggingar sjúkrahúsa o. fl. hækki um 2 millj. 450 þús., og um skiptingu á upphæðinni vísast til sérstakrar sundurliðunar í þskj. Fjárveiting til St. Jósefsspítala hér í Reykjavík og Fransiskusspítalans í Stykkishólmi er lagt til, að verði felld niður. Er það einnig bein afleiðing af framkvæmd fyrrgreindra laga, svo sem ég hef áður vikið að.

Liðurinn „fávitar, framfærsla" er lagt til, að hækki um 1 millj. 988 þús., og verður þá samtals 36 millj. 509 þús. Þá er till. um, að tekinn verði upp nýr liður, sem er til aðstoðar við sjúklinga, sem leita þurfa læknishjálpar erlendis. Þar er till. um 700 þús. kr. fjárveitingu, sem er hliðstæð upphæð við það, sem er í fjárl. á yfirstandandi ári. Á síðasta þingi var samþ. þáltill., sem fól í sér áskorun á ríkisstj. um, að hún léti endurskoða lög um almannatryggingar. Sú samþykkt hefur ekki enn þá komið til framkvæmda, og á meðan slík endurskoðun hefur ekki farið fram, er talið nauðsynlegt að hafa slíka upphæð sem þessa inni í fjárlagafrv. Þessu næst eru till., sem falla undir fjárlagaliði félmrn. Þar er fyrst lagt til, að framlag til Tryggingastofnunar ríkisins hækki um 192.9 millj., sem einnig er afleiðing fyrrgreindra laga nr. 83 1967, um breyt. á almannatryggingalögunum, sem koma til framkvæmda frá næstu áramótum. Þegar fjárlagafrv. var samið, var hins vegar byggt á eldri lögum, þar sem þá var ekki fengin endanleg niðurstaða á framkvæmd l. og þá gert ráð fyrir, að þessir fjárlagaliðir yrðu endurskoðaðir í meðförum þingsins. Þegar allt er tekið með, sem leiðir af þeirri endurskoðun, sem nú hefur átt sér stað, verður um heildarhækkun útgjalda á fjárl. að ræða í sambandi við framkvæmd þessara l., sem nemur 50 millj. 29 þús. kr.

Þessu næst er till. um, að liðurinn „vatnsveitur aðrar" hækki um 175 þús. kr., en það eru styrkir til nokkurra

aðila, sem ekki koma undir vatnsveitulögin, en verða hins vegar fyrir óeðlilega miklum kostnaði við vatnsveituframkvæmdir. Til sumardvalarheimila, dagheimila og fleira er lagt til, að liðurinn hækki um 150 þús. kr., en hér er um rekstrarstyrk til dagheimilanna að ræða. Til UMFÍ er lagt til, að liðurinn hækki um 150 þús. kr. og verði þá samtals 400 þús. Þá er lagt til, að upp verði tekinn nýr liður, dagheimili, byggingarstyrkur að upphæð 525 þús. Er hér um hliðstæða fjárveitingu að ræða og verið hefur í fjárl. undanfarinna ára, en um skiptingu á upphæðinni vísast til sérstaks yfirlits. Þá er lagt til, að tekinn verði upp nýr liður að upphæð 2 millj. kr. til Geðverndarfélagsins, byggingarstyrkur. Svo sem kunnugt er, stendur Geðverndarfélagið fyrir byggingu þriggja vistheimila að Reykjalundi, sem ætlað er, að hafi rúm fyrir 12 sjúklinga. Byggingum þessum er nú vel á veg komið, en fjármagns til að standa undir byggingarkostnaði hefur Geðverndarfélagið að mestu leyti aflað með frjálsum samskotum almennings. Stjórn Geðverndarfélagsins fór að þessu sinni fram á það við fjvn., að tekin yrði upp í heimildargrein fjárlagafrv. heimild um að leyfa Áfengis- og tóbaksverzlun ríkisins að leggja 25 aura, er gangi til Geðverndarfélags Íslands, á hvern vindlingapakka, sem hún selur. Það er einróma álit fjvn., að hinir ýmsu tekjustofnar, sem nú ganga til margvíslegra félagssamtaka og til styrktar vanheilum, þurfi að endurskoðast með það fyrir augum, hve þörfin er rík í þessu tilfelli, því að eins og nú er, virðist það vera nokkuð handahófskennt, hve stór upphæð kemur í hlut hvers aðila. Það má því gera ráð fyrir, að fjvn. muni bera fram síðar á þessu þingi þáltill., sem muni fela í sér áskorun á ríkisstj. um, að mál þetta verði allt tekið til endurskoðunar. Það er því till. n. að þessu sinni, að Geðverndarfélagið njóti fjárveitingar úr ríkissjóði að upphæð 2 millj. kr., eins og ég áðan sagði.

Þá er næst till. um fjárveitingu að upphæð 100 þús. kr. til Íþróttasambands Íslands. Skal upphæðinni varið til að standast kostnað vegna landsmóta, sem haldin verða.

Liðurinn „styrktarfé og ýmis eftirlaun“ er lagt til, að hækki um 413 þús. kr. og liðurinn „styrktarfé og eftirlaun, ekkjur og börn“ hækki um 642 þús., eða þessir tveir liðir samtals um 1 millj. 55 þús. kr., en um sundurliðun á upphæðinni vísast til sérstaks yfirlits á þskj. Þá er lagt til að hækka liðinn „símakostnaður og símtöl fyrir stjórnarráðið“ um 800 þús. kr. vegna kaupa á nýrri símstöð fyrir stjórnarráðsbygginguna og er í beinu sambandi við gengislækkunina.

Þessu næst koma fjárlagatill., sem falla undir samgöngu- og iðnmrn. Er þar fyrst till. um hækkun á fjárveitingu til að halda uppi byggð og gistingu fyrir ferðamenn, og nemur hækkunin 57 þús. kr. Þá eru næst till. n. um framlag til nýbyggingar hafna og lendingarbóta. Leggur n. til, að liðurinn hækki alls um 25 millj. 585 þús. kr. Er hér að öllu leyti farið eftir framkvæmd hinna nýju hafnalaga og þá hluti ríkissjóðs greiddur að fullu á framkvæmdaárinu. Hér er um mikið hagsmunamál að ræða fyrir viðkomandi sveitarfélög og allt önnur og betri aðstaða fyrir þá aðila, sem í framkvæmdum standa, heldur en áður hefur átt sér stað. Að þessu sinni er hæsta fjárveiting til einstakrar hafnar 8.4 millj. kr., en það er til Ísafjarðar. Að öðru leyti vil ég vísa til sérstaks yfirlits um sundurliðun á framkvæmdafénu til einstakra hafna.

Þá er lagt til, að liðurinn „ferjubryggjur“ hækki um 150 þús. kr., og vísa ég einnig í því sambandi til sérstaks yfirlits um skiptingu fjárupphæðarinnar. Liðurinn „hafnarmannvirki og eftirstöðvar framlaga“ er lagt til, að hækki um 2 millj. kr. og verði þá samtals 12 millj.

Þessu næst koma brtt. á rekstrarliðum nokkurra B-hluta stofnana. Í því sambandi vil ég sérstaklega vekja athygli á þeim breytingum, sem verða hjá sjúkrahúsunum og sem leiðir af áðurgreindri lagabreyt. nr. 83 1967 og hefur áhrif á tekjur sjúkrahúsanna fyrir seldar vörur og þjónustu. Samtals nemur hækkun hjá þessum stofnunum samkv. tölul. 45—51 137 millj. 133 þús. kr. Að öðru leyti vil ég vísa til sundurliðunar á upphæðinni, eins og fram kemur á þskj. nr. 200. Sömuleiðis verða breytingar hjá Tryggingastofnun ríkisins, framlög úr ríkissjóði vegna sjúkratrygginga. Þar hækkar liðurinn um 192 millj. 900 þús. kr. og verður þá alls 616 millj. kr.

Þá koma brtt. við 6. gr., heimildagr. fjárlagafrv. Þar eru nýjar till., um að ríkisstj. verði heimilað að verja hluta af tekjum byggingar Rannsóknastofnunar sjávarútvegsins af útflutningsgjaldi til greiðslu kostnaðar fiskiðnnámskeiða. Að ábyrgjast allt að 3 millj. kr. lán til greiðslu á byggingarskuldum Kvennaheimilisins Hallveigarstaða gegn þeim tryggingum, sem hún metur gildar. Samhljóða till. var í fjárl. yfirstandandi árs, en var ekki notuð og þess vegna talið nauðsynlegt að endursamþykkja till. nú. Að endurgreiða aðflutningsgjöld og söluskatt af vísindatækjum, sem rannsóknastofnanir atvinnuveganna eiga kost á að fá frá erlendum vísindastofnunum. Að endurgreiða Surtseyjarfélaginu aðflutningsgjöld og söluskatt af vísindatækjum, sem félagið fær að gjöf eða láni erlendis frá á árinu 1969. Að selja húseignina Litla-Gvendarhús í Vestmannaeyjum til flutnings eða niðurrifs. Að kaupa hús fyrir allt að 6 millj. kr. til afnota sem vistheimili fyrir sjúklinga við Kleppsspítala og taka nauðsynleg lán vegna þeirra kaupa. Að ábyrgjast allt að 185 millj. kr. lán eða jafnvirði þess í erlendri mynt til smíði hafrannsóknaskips. Að endurgreiða aðflutningsgjöld og söluskatt af bæklingum og ritum, sem seld eru eða dreift erlendis til landkynningar. Að ábyrgjast fyrir Landsvirkjun lán allt að 220 millj. kr. eða jafnvirði þess í erlendum gjaldeyri til kaupa á gasaflsstöð. Að ábyrgjast með sjálfskuldarábyrgð lán til handa Tryggingasjóði fiskiskipa allt að 66.3 millj. kr. vegna greiðsluörðugleika sjóðsins. Að ábyrgjast allt að 8 millj. kr. vegna Lánasjóðs ísl. námsmanna. Og að kaupa, ef fáanlegt er, hentugt húsnæði fyrir Matsveina- og veitingaþjónaskólann og taka nauðsynleg lán í því sambandi.

Við tekjubálk fjárlagafrv. hefur meiri hl. n. leyft sér að bera fram brtt. við tvo liði, eins og fram kemur á sérstöku þskj. Þar er lagt til, að liðurinn „tekjuskattur einstaklinga“ hækki um 65 millj. kr., en af því leiðir, að framlag til Byggingasjóðs ríkisins hækkar um 650 þús. kr. Þá er lagt til, að liðurinn „hluti af umboðsþóknun og gengismun viðskiptabankanna“ hækki um 15 millj. kr., eða tekjuliðir þá samtals um 80 millj.

Ég hef þá lokið við að gera grein fyrir þeim till., sem

meiri hl. fjvn. og fjvn. sameiginlega hafa leyft sér að flytja við þessa umr. Verði þessar till. samþykktar, kemur greiðsluyfirlit ríkissjóðs til með að líta þannig út, að tekjurnar verða samtals á greiðsluyfirlitinu 7 milljarðar 96 millj. 482 þús., en gjöldin verða 7 milljarðar 720 þús. kr., og eru því tekjur umfram gjöld 95 millj. 762 þús. Greiðslujöfnuður á rekstrarreikningi er þá tekjur umfram gjöld 95 millj. 762 þús., en á lánahreyfingum út eru 86 millj. 18 þús. kr. og þá greiðsluafgangur 9 millj. 744 þús. kr.

Herra forseti. Ég hef þá lokið við að gera grein fyrir brtt. meiri hl. fjvn. og fjvn. sameiginlega. Ég vænti þess, að alþm. samþykki þessar till. og að fjárlagafrv. verði þannig afgreitt til hæstv. ríkisstj.

Frsm. minni hl. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. *Mér þykir viðeigandi að skýra afstöðu minni hl.* við þessa umr., sem er óbreyttur frá 2. umr. frv., og því miður náðist ekki samstaða í fjvn. um till. okkar viðvíkjandi atvinnumálum.

Eins og fram kom hér í umr. við 2. umr. fjárl., lögðum við megináherzlu á það, að reynt yrði að ná samstöðu um að undirbyggja það, að hægt væri að mæta þeim atvinnuörðugleikum, sem nú eru framundan. Og það kom fram í ræðu hæstv. fjmrh., að hann gerði ráð fyrir því, að síðar í vetur yrði að taka þetta mál til meðferðar. Við lýstum þá hins vegar yfir, sem stóðum að nál. minni hl., að við legðum á það mikla áherzlu, að Alþ. viðurkenndi þessi sjónarmið og geymdi fjárhæð til að mæta því. Því miður náðist ekki þessi samstaða. Þó er ég sannfærður um það, að þegar fram á veturinn kemur, verður að taka það mál til meðferðar og afla fjár á einn eða annan hátt til þess að mæta þessu verkefni. Við endurflytjum því till. okkar frá 2. umr. um þessi fjárútlát og í þeirri mynd, sem ég boðaði við 2. umr., þar sem við gerum ráð fyrir því, að nokkurs hluta fjárins verði aflað með lántöku. Ég taldi, eins og fram kom við 1. umr. um fjárlagafrv., þegar ég mælti þá fyrir hönd Framsfl., að það bæri nauðsyn til að líta til þess atvinnuástands, sem er í landinu, og þeirra viðhorfa, sem þar eru. Til þess að mæta þessu hefur okkur framsóknarmönnum fundizt það eðlilegt, að nú við fjárlagaafgreiðslu væri lögð höfuðáherzla á, að ríkið sjálft beitti sér fyrir verklegum framkvæmdum. Það eru tveir málaflokkar, sem við höfum talið, að mesta áherzlu þyrfti að leggja á nú og sem væru vel til þess fallnir að draga úr atvinnuleysi eða auka öryggi atvinnu. Þessir málaflokkar eru skólar og vegir. Ég ætla við þessa umr. lítils háttar að minnast á skólamálin og afgreiðslu þeirra. Ég vil taka það fram í sambandi við afgreiðsluna á skólamálum, að það er ekki ágreiningur í n. um einstakar skólaframkvæmdir. Um það náðist samstaða innan þess ramma, sem n. hafði til að skipta. Ég skal segja það í sambandi við þá meirihlutamenn, að það var lögð í það veruleg vinna og reynt af þeirra hendi sem okkar að ná samstöðu um þetta, en auðvitað vorum við bundnir af þeirri fjárhæð, sem endanlega var ákveðin af hæstv. ríkisstj. til þessara mála. Öllum er það ljóst, að mikil þörf er á auknum skólabyggingum. Það er mikill misskilningur að halda því fram, að fjárþörf til skólabygginga sé fullnægt. Það er langt frá því, að svo sé. Þó að þessum 33 millj. hafi verið bætt við að þessu sinni, þá er því marki ekki náð, og er ástæðulaust að vera að halda slíku fram. Eins og fram kemur á þeim skýrslum, sem fyrir fjvn. lágu frá fræðslumálastjóra, voru um 20 skólabyggingar, sem ekki fá fjárveitingu af þeim, sem sótt var um fjárveitingu til. *Á till. fjvn., brtt. á þskj. nr. 200,* kemur það í ljós, að það eru nærri 20 skólabyggingar þar, sem ekki fá þá fjárveitingu, sem nægir þeim til framkvæmda. Þetta sýnir að það er langt frá því, að þessum verkefnum sé fullnægt með fjárveitingu, og um það þarf ekki að deila. Til viðbótar því er svo þess að geta, að við marga heimavistarskólana og skóla úti um landið yfirleitt er það svo, að ekki er hægt að fullnægja skólaskyldunni að því leyti, að börnin fá þar mun styttri tíma heldur en í kaupstöðum og kauptúnum. Meðan ekki er hægt að fullnægja þeirri þörf, að öll börn á landinu hafi jafnlanga skólaskyldu eða a. m. k. það langa, að að mati skólarannsóknanna sé hún metin til jafns, er ekki hægt að halda því fram, að það sé fullnægt þeim fjárþörfum, sem eftir er sótt og nauðsyn ber til í sambandi við skólabyggingarnar.

Út af því, sem fram kom hér í umr. á dögunum um tímalengd þá, sem er til að greiða skólabyggingarnar, þá vil ég aðeins víkja nokkrum orðum að nýju fræðslul. Þegar þau voru til meðferðar hér á hv. Alþ., var þeirri löggjöf hraðað mjög í gegnum þingið og að mínum dómi og fleiri þm. með meiri hraða heldur en eðlilegt og æskilegt var. Þetta var það stór lagabálkur, að það var ástæða til að geyma sér hann á milli þinga, svo að væri hægt að endurskoða hann og búa hann betur undir það verkefni, sem hann átti að leysa. Um það fékkst ekki samkomulag hér á hv. Alþ., og það var gert ráð fyrir því í lögunum, að þau tækju gildi þá þegar, en þó ekki að öllu leyti fyrr en 1. sept. 1968. Reyndin hefur hins vegar orðið sú, að ekkert af lögunum tók gildi fyrr en 1. sept. 1968. Og enn þá er ekki svo mér sé kunnugt um búið að setja reglugerð um framkvæmd þessara laga. **(Gripið fram í:** Það er búið.) Þá hefur það gerzt núna í gær eða í fyrradag. Þegar var verið að vinna að þessum málum í fjvn. til 2. umr., þá var það talið af þeim, sem þar voru kunnugir, að væri ekki búið að setja þessa reglugerð. En gleðilegt er það, að árið 1968 skyldi *nú ekki allt líða án þess að því væri komið í verk að setja* þessa reglugerð. Þetta sýnir það, að sú stefna, sem ég og fleiri héldum hér fram á Alþ. 1967 og haldið var fram af hálfu nm. okkar í menntmn., t. d. hv. 1. þm. Vestf., að nauðsyn bæri til, að þessu máli væri ekki hraðað svo í gegnum þingið eins og þá var gert, hefur verið rétt.

Ég álít, að það skipti verulegu máli, hvernig til tekst með framkvæmd á þessum l. Og í sambandi við skólabyggingarnar eru í þeim ákvæði, sem geta haft veruleg áhrif fyrir byggðarlögin. Það eru sjö barnaskólar, sem á að hefja framkvæmdir við og eru undir l. 1967, framkvæmdir þeirra eru byggðar á svokölluðum normum. Það er áætlun, sem byggingadeild menntmrn. hefur gert um kostnað við þessa skóla. Það er ekki gert ráð fyrir því, að kostnaðurinn í framkvæmdinni geti breytzt á neinn hátt, þannig að ríkið sé bundið því, nema sem varðar verðhækkanir, þannig að ef þessar áætlanir eru langt frá réttu mati, lendir það á þeim byggðarlögum, sem að framkvæmdinni standa. Hér finnst mér vera veigamikið atriði á ferðinni, sem verður að treysta, að sé mjög samvizkusamlega og nákvæmlega að staðið. Og

ég verð að segja það, að ég ber nokkurn ugg í brjósti í sambandi við þetta, því að m. a. var það svo, að meðan var verið að fjalla um skólamálin hjá fjvn. Alþ., þá breyttust áætlanir um þær skólabyggingar frá fyrsta fundi, sem ég sat í n., til þess síðasta og það um nokkuð verulegar fjárhæðir, eða ég hygg 5–10 millj. hvor skóli. (Gripið fram í.) Þeir skólar voru Hafralækur og Stóru-Tjarnir. Ég fékk ekki skýringar á þeim breytingum, sem á höfðu orðið á þessum dögum, en þegar frá málunum var skýrt á fyrsta fundinum af Torfa Ásgeirssyni, einum af starfsmönnum í byggingadeildinni eða Efnahagsmálastofnuninni, var talið, að þessar áætlanir hefðu verið endurskoðaðar í sumar og frá þeim gengið eins og þær mundu verða. Þess vegna hrökk ég við, þegar svo veigamiklar breytingar höfðu orðið á þessum fáu dögum.

Nú verð ég að segja það, að ég vonast til þess, að með þessi mál verði farið samvizkusamlega og reynt að gera áætlanirnar sem raunhæfastar. En samt hefur sú reynsla, sem ég hef af því sem þm. að vinna að þessum málum, sannað það, að þó að áætlanir hafi verið vel unnar að dómi þeirra, sem um þær hafa fjallað, hefur kostnaðurinn verulega breytzt umfram þær verðhækkanir, er síðar hafa orðið. Á þessu atriði nýju laganna vildi ég vekja sérstaka athygli. Og ég undirstrika það, að ég treysti því, að hér verði samvizkusamlega og dyggilega að unnið, því að hér getur verið um stórkostlegt fjárhagsmál að ræða fyrir byggðarlögin.

Það var vitnað til þess í umr. þeim, sem fram fóru hér um daginn, að ég og aðrir framsóknarmenn í fjvn. hefðum staðið að því að samþykkja fjárveitingar um fjögurra ára greiðsluskylduna, og það er að því leyti rétt, að okkur fannst það hyggilegra að taka þarna inn fleiri skólabyggingar, þegar vitað var, að meira fékkst ekki til skólanna. Ég vildi segja það, án þess að ég ætli að fara að orðlengja um fjárlagafrv. við þessa umr., að ég teldi það mikið atriði, og ef okkar till. hefði náð fram að ganga um fjárveitingu til atvinnumála, eða þegar það mál verður afgr. í hæstv. ríkisstj., sem verður gert, þó að okkar till. verði felld, það er ég sannfærður um, því að slíkir hlutir eins og atvinnumálin koma á dagskrá, þó að þeim sé ýtt frá á einhverju tímabili, þá hefði ég viljað benda á það, að skólabyggingarnar eru eitt af þeim málum, sem eru góð framkvæmdaratriði í sambandi við atvinnumál. Það væri t. d. mjög mikið atriði í sambandi við atvinnumálin að gefa trésmíðaverkstæðunum víðs vegar úti um landið möguleika á því að vinna að innréttingum og öðru því, sem hægt er að vinna innanhúss í sambandi við skólabyggingarnar 1969. Mér er kunnugt um það, að mörg trésmíðaverkstæði, sem hafa unnið við skólabyggingar, standa nú uppi verkefnalaus, og væri því mjög áríðandi, að til þess arna væri litið. Ég held, að það orki ekki tvímælis, að verkefnin í skólabyggingunum eru mikil, og það er líka rétt, að það skortir mikið á, að við höfum leyst þau svo sem nauðsyn ber til. Þess vegna er aðalatriðið ekki það, hvort við borgum það á 3, 4 eða 5 árum, ef við gætum tryggt, að það væri borgað á 4 eða 5 árum, þá mundi ég samþykkja það, ef við gætum fjölgað skólabyggingum og gert á fleiri stöðum átak. En aðalatriðið er, að það yrði þó ekki langur tími, sem þetta væri algerlega gert upp, og að við notum einmitt skólabyggingarnar til þess að leysa atvinnumálin líka.

Skólamálin og samgöngumálin eru e. t. v. þau mál, eins og ég gat um í upphafi, sem mest kalla á hjá þjóð okkar nú. Við þurfum því að meta rétt nauðsynina og nota þær framkvæmdir, sem við gerum, til þess að bæta úr atvinnunni, til þess að leysa einnig skólamálin.

Magnús Kjartansson: Herra forseti. Við 2. umr. fjárl. gerði ég grein fyrir því, að ég flytti fremur brtt. vegna trúnaðar við gamla þinghefð en að ég hefði trú á því, að þær hlytu undirtektir hjá hv. þm. stjórnarflokkanna. Ég komst svo að orði, að seinustu árin hefði það orðið algild regla, að þingmannatillögur næðu ekki fram að ganga, ekki ein einasta. Sem betur fór kom í ljós, að ég var full svartsýnn í þessum ummælum mínum. Í atkvgr. daginn eftir gerðist það, að tvær þingmannatill. voru samþykktar, önnur um ½ millj. kr. aukningu á útgjöldum ríkissjóðs, hin um 2 millj. kr. sparnað, þar sem jafnframt var þrýst á dálítið viðkvæman blett í stjórnkerfi hæstv. ríkisstj.

Ég vil gera mér vonir um það, að þessi nýskipan, að þingmannatillögur geti hlotið samþykki hér á þingi, sé fyrirboði þess, að áfram verði haldið á þeirri braut. Eins og ég rakti við 2. umr., tel ég, að meðferð fjárl. hafi seinustu árin verið allt of fast bundin, það sé engin ástæða til þess að binda hverja einstaka smáákvörðun með flokkasamþykktum. Það sé vel hægt að skilja eftir ýmsar ákvarðanir og bera það undir dóm þm. almennt um mál, sem t. d. eru ekki í tengslum við stefnu flokkanna. Auk þessara till., sem þarna voru samþykktar, hafa orðið nokkrar breytingar frá 2. til 3. umr. Við 2. umr. flutti ég till. um verulega hækkun á framlagi til Lánasjóðs íslenzkra námsmanna. Ég gerði þá grein fyrir því, að gengislækkanirnar tvær hefðu bakað námsmönnum ákaflega stórfelldan vanda og að hætta væri á því, að tugir og jafnvel hundruð manna yrðu að hætta námi í miðjum klíðum, ef ekki kæmi aukin aðstoð til. Við umr. um breytingu á l. um Lánasjóð vakti ég einnig athygli á þessu máli og lagði þar til, að hæstv. ríkisstj. yrði veitt heimild til lántöku til þess að leysa vanda í þessu sambandi.

Nú hefur það gerzt í sambandi við 3. umr. fjárl. og lokaafgreiðslu þeirra, að fram er komin till. frá meiri hl. fjvn., þar sem ríkisstj. er heimilað að ábyrgjast allt að 8 millj. kr. lán til Lánasjóðsins. Mér skilst, að ætlunin sé, að þetta lán eigi að koma sem aukning á þeim fjármunum, sem sjóðurinn hafði áður yfir að ráða, ekki samt til almennrar úthlutunar, heldur til þess að leysa vanda námsmanna, sem kunna að lenda í algerum þrotum. Og ég fagna því, að undir þetta sjónarmið hefur verið tekið á þennan hátt, þó að ég telji, að þessi upphæð sé of lág til að leysa þann vanda, sem við er að eiga. Engu að síður er það fagnaðarefni, að þarna hefur verið tekið undir. Ég tel hins vegar óeðlilegt, að hæstv. ríkisstj. hafi þann hátt á að láta sjóðinn taka þetta lán, en hafa aðeins ríkisábyrgð fyrir honum, vegna þess að þegar sjóðurinn tekur lán, verður hann að taka það með venjulegum bankavöxtum. Hins vegar veitir hann lánin með miklu hagstæðari skilyrðum. Lánin eru vaxtalaus, meðan nemandi stundar nám, og eftir það eru vextirnir

5%, þannig að sjóðurinn tapar verulegri upphæð vegna þessa vaxtamismunar. Og ef sjóðurinn ætti að bera það, væri að sjálfsögðu gengið á stofnfé hans. (Gripið fram í.) Nei, þá væri miklu skýrara að gera þetta eins og ég legg til á brtt. á þskj. 216, að ríkissjóður taki þetta lán og leggi sjóðnum það til sem aukaframlag til þess að leysa þennan sérstaka vanda. Eins og þetta er formað frá meiri hl. fjvn. er til þess ætlazt, að sjóðurinn taki þetta lán, en ríkissjóður ábyrgist það aðeins. **(Menntmrh.:** Sjóðurinn verður skaðlaus.) Það má vel vera, að þetta verði þannig framkvæmt, en þá er hreinlegra að gera það á þennan hátt, eins og ég legg þarna til.

Við 2. umr. fjárl. flutti ég einnig ásamt tveimur hv. þm., Jónasi Árnasyni og Sigurði Grétari Guðmundssyni, till. um verulega hækkun á framlögum til listamanna. Þegar ég gerði grein fyrir því máli, vakti ég m. a. athygli á því, að um væri að ræða býsna langvarandi vanefndir frá hæstv. menntmrh. á loforði hans um sérstaka starfsstyrki handa ungum listamönnum. Nú hefur það gerzt frá 2. umr. til hinnar 3., að flutt er till. um hækkun á þessum lið um 470 þús. kr., og hv. form. fjvn. skýrði frá því hér áðan, að ætlunin væri, að þessi upphæð færi til þess að hefja þessa starfsemi, starfsstyrki handa ungum listamönnum. Ég tel einnig ástæðu til þess að fagna því, að þarna er komið til móts við þau sjónarmið, sem ég gerði grein fyrir við 2. umr. Hins vegar er ég enn þeirrar skoðunar, að þessi upphæð sé til muna of lág. Bæði tel ég, að þessi nýja upphæð, sem á að renna til starfsstyrkja, sé miklu lægri en svo, að hún komi að því gagni, sem hún ætti að gera, og eins er heildarupphæðin, sem notuð er til almennra styrkveitinga, svo lág, að það er engin leið að úthluta henni þannig, að ánægja og gagn verði af. Við rekum okkur á þetta á hverju einasta ári, að úthlutunin er til sárra leiðinda, bæði fyrir okkur og fyrir þá, sem taka á móti henni. Þessi upphæð hefur engan veginn hækkað til jafns við aðra útgjaldaliði á fjárl., og ef við berum saman rausn okkar á þessu sviði nú og eins og hún gerðist hér fyrir nokkrum áratugum, þá erum við miklir eftirbátar forvera okkar á þessu sviði. Ég las t. d. fyrir nokkrum dögum í Morgunblaðinu viðtal við Tómas Guðmundsson skáld, þar sem greint var frá því, þegar hann fékk í fyrsta skipti heiðursviðurkenningu frá Reykjavíkurbæ. Sú viðurkenning var það rausnarleg, að hann gat dvalizt fyrir hana og ferðazt erlendis mánuðum saman. Þær upphæðir, sem við erum með núna, eru ákaflega smávaxnar í samanburði við þetta. Og ég vil vekja sérstaka athygli á því, að einmitt núna, þegar þrengir að, veitir áreiðanlega ekki af því, að við aukum einmitt liði sem þessa, því að þær tekjur, sem listamenn hafa á undanförnum árum haft á hinum almenna menningarmarkaði, ef ég mætti orða það svo, eiga áreiðanlega eftir að dragast ákaflega mikið saman á næstu árum. Till. sú, sem ég flyt hér ásamt tveimur hv. þm., er ákaflega varleg. Við leggjum til, að þessi liður hækki um 1½ millj., upp í 6 millj., þannig að ég held, að ekki sé unnt að halda því fram, að þar sé um að ræða nein óraunsæ yfirboð.

En þó að ég hafi ástæðu til þess að lýsa ánægju yfir því, að á þessum tveimur sviðum hefur verið komið til móts við fyrri till. mínar, þá hefur slíkt hið sama því miður ekki gerzt um enn eina till., sem ég flutti um fjárveitingu til Kennaraskólans. Ég gerði grein fyrir því við 2. umr., hversu stórfelldur vandi þessa skóla væri núna, og ég dró till. mína til baka til 3. umr. í trausti þess, að þessi vandi yrði athugaður gaumgæfilega. Því miður hefur engin breyting orðið á þessum framlögum. Eins og ég minnti á við 2. umr., er Kennaraskólinn enn þá aðeins hálfsmíðaður, og í þeim húsakynnum, sem komin eru upp, áttu samkv. upphaflegri áætlun að vera 150 nemendur. Nemendurnir þar eru nú 826 og auk þess á 2. hundrað börn í æfingaskólanum. Þarna er sem sé troðið inn um 1000 nemendum, 7 sinnum fleiri en fyrirhugað var. Til þess að gera þetta hefur þurft að taka upp kennslu á göngum skólans og í stofum, sem hugsaðar voru sem vinnustofur kennara, það hefur orðið að taka í notkun efstu hæð hússins undir súð, þar sem varla er manngengt, og þetta hefur ekki nægt til. Það hefur orðið að taka til kennslu skúr, sem byggður var sem kaffistofa fyrir verkamennina, sem byggðu húsið. Það hefur orðið að halda áfram kennslu í gamla Kennaraskólanum, og það hefur orðið að leigja húsnæði í kirkju Óháða safnaðarins, og hef ég í sjálfu sér ekkert á móti því, að sú kirkja komi að slíku gagni. En þetta ástand, sem þarna er, er gersamlega óviðunandi. Þarna eru nú um 88 kennarar, að ég hygg, 38 fastráðnir og 50 stundakennarar. Þeir hafa eina kennarastofu til sinna þarfa. Þarna er kennt frá því kl. 7.30 á morgnana til kl. 7 á kvöldin. Ástandið í þessum skóla er okkur engan veginn sæmandi. Þetta er hreint hneykslismál. Og ég vil skora á hæstv. menntmrh. og hæstv. fjmrh. að íhuga þetta mál enn betur og hugleiða það, hvort ekki er hægt að fallast á þá litlu fjárveitingu, sem ég geri þarna till. um, 5 millj. kr., sem ætti að tryggja það, að hægt verði að halda áfram þeim byggingarframkvæmdum, sem upphaflega átti að halda áfram óslitið, þegar skólabyggingin var hafin.

Fyrir utan þessar þrjár till. flyt ég eina litla till. um aukið framlag til félagsins Heyrnarhjálpar, að fyrir 110 þús. komi 200 þús. Félagið Heyrnarhjálp er eitt af félögum þeim, sem stofnuð hafa verið hérlendis til þess að aðstoða fólk, sem á við heilsufarslegan vanda að etja. Þessi félög eru ákaflega mikilvæg í þjóðfélagi okkar og hafa gert mjög mikið gagn. Þau skipuleggja þar samhjálp almennings og leita ekki til opinberra aðila nema um minni háttar aðstoð. Þetta félag, Heyrnarhjálp, hefur verið starfandi um 30 ára skeið og hefur unnið brautryðjendastarf til hjálpar heyrnardaufu fólki um land allt, með heyrnarmælingum, innflutningi og sölu á heyrnartækjum, leiðbeiningastarfsemi um val og notkun þeirra ásamt viðgerðaþjónustu og annarri viðskiptalegri og félagslegri þjónustustarfsemi. Og í þessum tilgangi hefur félagið haft daglega opna stöð í Reykjavík og á hverju ári sent mann út um land til aðstoðar heyrnardaufu fólki. Í fyrra fékk félagið 110 þús. kr. á fjárl., og þeirri upphæð var varið til þess að kosta ferðir manns um Norðurland og Vesturland. Hann vann þar mjög gott starf fyrir þetta fólk. Þetta var Hallgrímur Sæmundsson kennari, en hann hefur kynnt sér þessi mál sérstaklega, m. a. kynnt sér hliðstæða starfsemi í Kaupmannahöfn. Félagið hefur farið fram á það við hv. fjvn., að þessi upphæð verði hækkuð í 200 þús., til þess að hægt sé að láta slíkt ferðalag ná til landsins alls. Ef upphæðin yrði hækkuð, yrði maður sendur í alla

landsfjórðunga. Ég held, að þetta svið hafi verið vanrækt hjá okkur á undanförnum árum og okkur beri að styðja þessa áhugamannastarfsemi, sem þarna er um að ræða. Og vegna þess að þarna er farið fram á mjög litla upphæð, vildi ég leyfa mér að mælast til þess við hv. stjórnarflokka, að þeir bindi ekki afstöðu til þessa máls við atkvgr. á morgun. Ef það verður ekki gert, er ég sannfærður um það, að allur þorri alþm. muni fallast á þessa litlu beiðni.

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. Erindið er að mæla fyrir þremur brtt., sem 4 þm. Austf. flytja. Því miður er ekki búið að útbýta till., en þær koma á sínum tíma, eru í prentun.

Það er fyrst brtt. um að hækka framlag til læknamiðstöðvar á Egilsstöðum. Það hefur verið ákveðið að taka þá stefnu að koma upp læknamiðstöð á Egilsstöðum, enda er aðstaðan góð til þess á þeim slóðum, og er þetta hið mesta nauðsynjamál. Það er smávegis fjárveiting í frv. í þessu skyni, en hún er ákaflega skorin við nögl, eða 300 þús., og leggjum við til, að fjárhæðin verði færð í 1½ millj. kr. Ég held, að það sé ástæðulaust að fjölyrða um nauðsyn þessa máls, en það má geta þess, að það mun kosta um 8 millj. að koma þessari stofnun á fót, þannig að við mundum vilja stuðla að því með því að flytja þessa brtt., að hægt væri að byrja á verkinu næsta sumar.

Þá flytjum við till. um að hækka framlag til Bakkafjarðarhafnar eða hafnargerðar í Bakkafirði úr 540 þús. kr. í 3 millj. kr. Bakkafjörður er lítið fiskiþorp nyrzt í Norður-Múlasýslu. Aðstæður eru þannig við sjóinn, að það er ekki hægt að hafa þar nema mjög litla báta, trillur, en ef garðurinn eða bryggjan þar væri lengd nokkuð, en það er hvorutveggja í senn bryggja og garður, til að mynda hlé í höfninni, um eitt vænt ker, mundi aðstaða þarna gerbreytast. Þá mundi vera hægt að hafa þarna smábáta, stærri en þá, sem fyrir eru, og nægilega stóra til þess t. d. að notfæra sér hin ágætu fiskimið við Langanes. En það er ekki hægt að stunda þau mið á þessum smáu trillum, sem nú verða að vera þarna á staðnum.

Nú er þannig ástatt, að það er búið að samþykkja þessa framkvæmd af réttum yfirvöldum, vitamálastjóra og ráðh., og kerið var steypt í hitteðfyrra, og hreppsfélagið tók lán til að leggja að sínum hluta í kerið. En síðan ekki söguna meir. Ekki hefur fengizt fjármagn til að setja kerið niður. En þetta er hart aðgöngu, að þannig skuli vera að farið, að það sé samþ. að leggja nokkuð fram í kerið og hreppsfélagið látið taka lán í samráði við yfirvöldin til þess að láta steypa kerið, en síðan sé framkvæmdin stöðvuð. Hreppsfélagið situr eftir með lánið, og kerið situr norður á Skagaströnd. Það, sem við förum fram á, er, að þetta sé fært í viðunandi horf og veitt fé til þess að koma kerinu á sinn stað. Við erum satt að segja alveg steinhissa á því, að till. af þessu tagi skuli ekki koma frá hafnarmálastjórninni, og þá í gegnum hana um hv. fjvn. Ég mundi vilja mjög eindregið skora á þá, sem hér ráða mestu, að endurskoða þetta málefni og fallast á að veita nú fjárveitingu til þess, að kerið verði sett niður.

Þá er það 3. brtt., sem við flytjum. Hún er um að veita 3 millj. til hafnarbóta á Breiðdalsvík, en þannig háttar til á þeim slóðum, að þar er að vaxa útgerð, en á mjög erfitt uppdráttar vegna þess, hve aðstaðan er léleg í höfninni. Þar er að vísu bryggja, en það leiðir inn í höfnina allt of mikinn sjó og veldur óbærilegum erfiðleikum. En úr þessu væri hægt að bæta með garði, og mundi vera hægt að ná fram allvænum áfanga, ef menn vildu samþykkja að veita þessar 3 millj. kr., sem við höfum sett í brtt.

Ég sé ekki ástæðu til þess að fjölyrða meira um þessar brtt., en vona, að þeim verði vel tekið af þingheimi, og vil ég taka undir það, sem hv. þm., sem talaði hér á undan mér, sagði, og fara fram á, að ekki verði beitt neinum samtökum gegn þeim, heldur látið ráðast, hvort menn geti á það fallizt að samþykkja þær, eftir að hafa heyrt þessi rök, sem fyrir þeim hafa verið flutt.

Sigurvin Einarsson: Herra forseti. Ég ætla ekki að tala fyrir neinni brtt. við þessi fjárlög, og ég vona, að mínu máli verði kannske betur tekið fyrir það, að ég er ekki með neinar kröfur á ríkissjóðinn. Það er kannske óvenjulegt að vera að taka til máls við fjárlagaumr. og vera ekki með neina útgjaldakröfu. Ég ætla að prófa þetta einu sinni, hvort það gefst ekki nokkuð vel.

Eins og hv. þm. er kunnugt, hafa fjárlög komið fram í nýjum búningi tvö s. l. ár. Þessi búningur á fjárl. og fjárlagafrv. er mjög óvenjulegur og nýstárlegur, en að sjálfsögðu er hann í samræmi við nýlega afgreidd bókhaldslög, geri ég ráð fyrir. Ég efast ekki um, að þetta er allt rétt úr garði gert miðað við þá löggjöf og hef ekkert við það að athuga út af fyrir sig. En mér finnst samt, að þessi bók, fjárlögin, sé ekki eins aðgengileg og hún þyrfti að vera fyrir allan almenning a. m. k., svo ekki sé meira sagt. Ég held, að hún sé m. a. s. óaðgengilegri fyrir alla almenna menn en aðrar bækur, sem koma út á þessu landi, miðað við notkun. Það er ákaflega erfitt finnst mér að finna þær upplýsingar í þessari bók, sem menn vilja leita að. Ef fletta þarf upp í þessari bók, þarf að leita í tveimur eða þremur köflum hennar a. m. k. að sama hlutnum. Og það, sem verra er, menn vita yfirleitt ekkert, hvar á að leita, ef menn eru að afla sér upplýsinga um einhverjar sérstakar fjárveitingar. Mér finnst, að svona merk handbók eins og fjárlög þurfi að vera þannig úr garði gerð, að það geti allir notað hana hvenær sem er og hvar sem er með því að fletta upp, ekki síður en ef menn fletta t. d. upp markaskrá eða símaskrá eða ættartölubók, þannig að maður sé fljótur að finna þá hluti, sem þar er um að ræða. Ég hef þráfaldlega rekið mig á það, að menn eiga ákaflega erfitt með þetta, og jafnvel bara reyndir þm. eru lengi að finna þetta. Það er sagt, í enn þá merkari bók: Leitið og þér munuð finna. Ég held, að það sé alveg óhætt að segja um fjárl.: Leitið og þér munuð verða lengi að finna. Vægast sagt held ég, að með réttu megi segja þetta.

Nú eru það tilmæli mín til hæstv. fjmrh., að hann láti prenta, hversu lengi sem hann kann að vera fjmrh., nákvæmt efnisyfirlit yfir fjárl., rétt eins og gerist um ýmsar aðrar bækur, efnisyfirlit, sem getur verið það leiðbeinandi, að menn eigi ósköp auðvelt með, hvort sem þeir eru lærðir eða leikir, að fletta upp í þessari ágætu bók og að sama verði látið gilda um fjárlagafrv. þessa árs. Ég vona, að þetta kosti ekki ýkja mikið, en

þetta verði til mikils hægðarauka fyrir menn, hvar sem er, því að fjárl. þurfa að vera þannig úr garði gerð, að allir geti notfært sér þau óundirbúnir og án þess að fara á nokkurt námskeið til þess að fletta þarna upp. Nú þætti mér vænt um, að hæstv. fjmrh. vildi láta skoðun sína í ljós á því, hvort hann teldi þetta nokkurn óþarfa og hvort hann treysti sér ekki til að láta gera þetta.

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. Ég þarf að fara dálítinn krók til þess að komast í ræðustólinn. Ég kann illa við að fara á bak við hæstv. ráðh. og aðra þm. einnig, enda er það torfarin leið. Það er svo þröngt hér.

Ég ætla að byrja á því að vekja athygli hv. þm. á brtt. á þskj. 216, sem við flytjum 4 þm. Framsfl. Till. er um það að bæta einni heimild inn í fjárl., og ég ætla með leyfi hæstv. forseta að lesa þessa till. Hún er þannig:

„Að taka lán til raforkuframkvæmda eftir því, sem þörf krefur, til þess að Rafmagnsveitur ríkisins geti lagt raflínur á árunum 1969 og 1970 til allra heimila, sem ekki hafa rafmagn frá samveitum á þeim svæðum, þar sem meðallínulengd milli býla er 2 km eða styttri."

Ég vænti þess, að þessari viðbót við heimildargr. verði vel tekið. Það er sannarlega kominn tími til að ljúka þessu nauðsynjaverki, að leggja rafmagn um þessi svæði landsins, og þótt fyrr hefði verið.

Ég hlusta oft á morgnana á forystugreinar dagblaðanna í útvarpinu. Núna alveg nýlega heyrði ég upplesna slíka grein úr einu af blöðum stjórnarflokkanna. Þar var skrifað um fjárl., sem nú ætti að fara að ganga frá. Og höfundur greinarinnar nefndi þau sparnaðarfjárlög. Þar var ríkisstj. og hennar flokkum hælt á hvert reipi fyrir þessi sparnaðarfjárlög. Annaðhvort er höfundur þessarar forystugreinar mikill og ágætur háðfugl eða hann er ákaflega fáfróður um fjármál.

Fyrir tveimur dögum var rætt hér í hv. Nd. allmikið um framlög til skólabygginga. Hæstv. menntmrh. flutti þá margar ræður og bar sig borginmannlega. Í flestum eða öllum ræðunum nefndi hann eina upphæð, 33.1 millj. kr., sem hann sagði, að nú ætti að verja til nýrra skólabygginga. Hann var mjög hreykinn sem sagt og taldi sig hafa staðið sig afburðavel í sinni stöðu sem kennslumálaráðh. Út af þessu langar mig að gera dálítinn samanburð á framlögum til skólabygginga nú og fyrr.

Á fjárlögum ársins 1957, en það var fyrsta heila árið, sem hæstv. núv. menntmrh. gegndi þeirri stöðu, voru framlög til skólabygginga 16 millj. 575 þús. kr. Þá voru heildargjöld á sjóðsyfirliti hjá ríkissjóði 810 millj. Það voru því 2.04% af heildarútgjöldum ríkisins, sem fóru til skólabygginga á því ári. En hvernig er þetta núna? Ef ég reikna með því, að allar brtt. meiri hl. fjvn. verði samþ., telst mér svo til, að framlögin til skólabygginga á næsta ári verði á fjárl. 155 millj. 293 þús. En nú eru heildargreiðslur samkv. fjárlagafrv. eða verða, eftir að till. meiri hl. fjvn. hafa verið samþ., 7090 millj.

Þá reiknast mér svo til, að af þessari heildarupphæð fari til skólabygginga 2.19%. Á 12 árum, sem hæstv. menntmrh. hefur setið í þeirri stöðu, hafa þannig þessar greiðslur hækkað um 0.15% miðað við heildarupphæð fjárl., eða að meðaltali á ári um 0.012%, 0.012% að meðaltali. Ekki er nú hærra risið á karli en þetta.

Þó held ég, að frammistaða hans í viðskiptamálunum, sem hann stjórnar einnig, sé enn þá slappari. Undir hans stjórn á þeim málum er þjóðin sokkin í botnlaust skuldafen í öðrum löndum. Ekki verður séð, hvenær eða hvernig Íslendingar hafa sig upp úr því feni. Ákaflega mikið af þessu lánsfé hefur farið með mörgu móti í óþarfaeyðslu. Ég held, að hæstv. menntmrh. sé mál á því að fara að hvíla sig og hefði þurft þess fyrir löngu. Mér þykir verst, að ég sé hann ekki hér. Kannske hann sé farinn að hvíla sig? Hæstv. menntmrh. er enn á góðum aldri og gæti unnið eitthvað gagnlegt utan stjórnarráðsins. Hann gæti t. d. farið að fást meira en áður við tónsmíðar, en það er allmikill partur af tónskáldi í honum. Þess hafa menn orðið varir. Og hann gæti fengizt við fleira. Ég held, að ég muni það rétt, að fyrir fáum árum hafi hann skrifað grein í blað sitt, Alþýðublaðið, um skemmtiiðnaðinn hér á landi og getið um það, sem rétt var, að hann væri að blómgast. Líklega er þetta eina iðngreinin, skemmtiiðnaðurinn, sem hefur getað þrifizt í tíð núverandi stjórnar. Og mér sýnist, að hæstv. menntmrh. gæti orðið athafnasamur iðnrekandi á þessu sviði. Hann hefur ótvíræða hæfileika til þess. Sem dæmi vil ég nefna, að hann er löngu þjóðfrægur fyrir skemmtiþætti um landbúnaðarmál í samkunduhúsum kaupmanna. Við hér á Alþ. þekkjum allir margar skemmtiræður hans hér á þingi. Enn vil ég nefna eitt dæmi, sem sýnir hans hæfileika á þessu sviði. Mér er sagt, að í vetur hafi hann farið suður í Háskóla þeirra erinda að flytja þar fræðandi fyrirlestur, og það heyrði ég, að það hafi verið til þess ætlazt, að þessi fyrirlestur væri um stjórnmálaflokkana, þá trúlega einkum um Alþfl. og hans náttúrur, enda var þessi maður þá nýlega orðinn formaður Alþfl. Þetta gekk bara vel. Eftir að hæstv. ráðh. hafði flutt mál sitt drykklanga stund, fóru áheyrendur að hlæja. En þá gerðist það, að fyrirlesturinn fór út um þúfur, en yfirmaður menntamála á Íslandi fór að sýna fimleika. Hann stökk upp á nef sér, og það tókst með ágætum, en þá hlógu stúdentarnir í Háskólanum enn þá meira.

Skömmu eftir að núv. ríkisstj. hóf göngu sína um áramótin 1959—60 lagði hún fram á Alþ. frv. til l. um efnahagsmál. Hún birti, eins og venja er til aths. með því frv. sínu. Hún lét prenta það á bók og dreifa henni um landið. Þar stóð m. a., að ríkisstj. teldi það höfuðverkefni sitt að koma atvinnuvegum landsmanna á traustan og heilbrigðan grundvöll. Og aðalatriðið í þessu frv. hennar um efnahagsmál, sem var gert að l. þá á þinginu, var stórfelld gengislækkun, því að með þessu átti nú þessi grundvöllur að vera skapaður. En eitthvað fleira þurfti þó til að koma, þegar tímar liðu. Á næsta ári varð gengislækkun hennar nr. 2. En hún þurfti bráðlega til viðbótar þessum gengisfellingum að fá nokkra aura til grundvallargerðarinnar. Á Alþ. 1963 var til meðferðar stjfrv. um ráðstafanir vegna sjávarútvegsins. Þetta var samþykkt í janúar 1964. Útgjöld ríkissjóðs í sambandi við það voru talin 128 millj. Á Alþ. 1964 kemur enn frv. um ráðstafanir vegna sjávarútvegsins, afgr. sem lög í apríl, 1965, útgjöld ríkissjóðs talin vera 55 millj. Næst kemur Alþ. 1965. Þá leggur stjórnin enn fyrir frv. um ráðstafanir vegna sjávarútvegsins, og það var afgr. í apríl 1966, framlög ríkis-

sjóðs áætluð rúmar 80 millj. Við umræður um það mál gerðist hér stórmerkilegur og dularfullur fyrirburður eða fyrirbrigði. Hæstv. menntmrh., dr. Gylfi, talaði ekki. Alþingi 1966. Enn er frv. á ferð vegna sjávarútvegsins, allt til að skapa grunninn þann heilbrigða. Það var samþ. í marz 1967. Talið var, að það hefði í för með sér 310–320 millj. kr. útgjöld fyrir ríkissjóð. Mönnum er nú í fersku minni það, sem hefur gerzt síðan. 1967 kom þriðja gengisfellingin, og eitthvað kom svo upp úr áramótunum síðustu. Og nú í nóvember var gengi krónunnar lækkað í fjórða sinn og lagt fyrir þingið frv. um ráðstafanir vegna nýs gengis. Frsm. þess var hæstv. forsrh., dr. Bjarni. Einnig talaði hæstv. menntmrh. að sjálfsögðu og sagði þá m. a.: „Enginn vafi á að vera á því, að í kjölfar þessara ráðstafana færist nýtt líf í sjávarútveg og iðnað.“ Og enn fremur: „Gengisbreytingin er grundvöllur, nauðsynlegur grundvöllur alhliða uppbyggingar atvinnulífs og aukinnar rekstrshagkvæmni á öllum sviðum.“ Jahá, þarna er enn verið að fást við það að byggja þennan grundvöll, sem átti nú að hafa verið gert snemma árs 1960.

Þannig hefur þetta gengið þessi árin. Þeir hafa alltaf verið að hlaða grunninn, en verklagið hefur verið þannig, að hleðslurnar hafa alltaf dottið ofan á lappirnar á þeim jafnóðum, svo að nú er enginn grunnur til enn eftir 9 ára strit og puð. Þeir hafa unnið sér þetta erfitt, og þannig er það oft um klaufvirka menn, að þeim verða störfin erfið. Hæstv. ráðh. eru því móðir og þreyttir og sveittir eftir alla grundvallargerðina, sem engin hefur orðið, og þeim er mál á hvíld og hressingu. Nú vill svo heppilega til fyrir þá, að eina varan, eina ódýra varan, sem fæst í sölubúðum hér á landi, mun vera ráðherrabrennivínið í Áfengisverzlun ríkisins, enda er þessu svo haganlega fyrir komið, að þar ákveða kaupendur sjálfir prísinn, og þar er engin þörf á verðlagseftirliti til að halda verðinu niðri. Ég held, þegar þeir eru búnir að hressa sig og hvíla yfir jólahátíðina, að það væri skynsamlegast af þeim að hverfa frá stjórnarstörfum. Það er nú ekki þá eina um að saka, að þeir hafa verið þarna miklu lengur en þeir hefðu átt að vera. Það er náttúrlega mikil sök, sem hvílir á stuðningsmönnum þeirra á Alþ. Þeir áttu að hafa vit fyrir þeim, úr því að þeir höfðu það ekki sjálfir, og víkja þeim frá þessari grunnhleðslu fyrir lifandi löngu, því að allir sáu það, að það var ekkert gagn að þessu, ekki nokkurt.

Ég vildi nú að lokum mælast til þess við þá, að þeir kæmu ekki aftur í stjórnarráðið úr jólafríinu. En kannske er nú það til of mikils mælzt.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Hv. þm., sem síðast talaði, helgaði mér alveg óvænt meginhluta ræðu sinnar, og gerði ég mér fyrst alls ekki ljóst, hverju ég átti þann mikla heiður að þakka, að hann skyldi fara að snúa sér sérstaklega að mér í umr. um fjármál eða fjárlagafrv. Og ég þarf ekki mörg orð til þess að svara fyrir mitt leyti, því að ég þykist alveg greina orsökina, og það er langt frá því, að ég hafi í hyggju að stökkva nokkuð upp á nef mér. Ég þykist vita það og finna það, að hv. þm. er mikið niðri fyrir. Það er heitt í huga hans, það er mikil innibyrgð gremja á ferðinni í brjósti þessa aldna þm., og gremjan bitnar á mér, þó að rétti staðurinn fyrir hana sé áreiðanlega formaður Framsfl. og sá þm., sem sat hér á þingi fyrir skömmu, Kristján Thorlacius. Ég þykist vita það, að ástæðan fyrir ergelsi hv. þm. sé sú, að ég gerði það að gefnu tilefni hér á kvöldfundi um daginn að fá úr því skorið, hvort þessi hv. þm. talaði hér fyrir hönd Framsfl. eða ekki. Og hann hlaut það ömurlega hlutskipti á þessari kvöldstund, að allir, sem töluðu fyrir hönd hans flokks, afneituðu honum algerlega. Enginn vildi kannast við skoðanir hans, enginn vildi gera þær að sínum skoðunum. Og þegar við það bættist, að á það var minnt, að ungur þm., sem sat hér á þingi fyrir flokk hans, hafði lýst honum og skoðunum hans þannig, að þegar hann talaði, væri eins og þar talaði rödd frá því fyrir fjórum áratugum, þá get ég skilið, að honum hafi mislíkað nokkuð. Ég tek á mig þá ábyrgð af þessu að hafa orðið til þess að gera þm. það enn þá ljósara en ella, hvernig komið er fyrir þessum hv. þm. í hans eigin flokki og hér á Alþ., og ég reiðist honum því ekkert, þó að hann reiðist mér, en bendi honum bara á það, að hann ætti að láta reiði sína koma opinberlega fram gagnvart þeim, sem hann er raunverulega reiður, því að ég get ekki hugsað mér, að honum í alvöru sárni við mig, ráðh., sem hann er sífellt að deila á hér á hinu hv. Alþ., þó að ég svari „ þá tiltale“, eins og sagt er í Danmörku. En annars, þegar hann heldur enn eina slíka endemisræðu og hann hélt hér, held ég, að verði að vekja opinbera athygli á því, að sannast sagna eru ræðuhöld þessa hv. þm. orðin plága hér á hinu háa Alþ. Hann er farinn að verða flokki sínum og sjálfur sér, — hann er farinn að vekja þess konar athygli á sjálfum sér og flokki sínum, að það er orðið áhyggjuefni öllum, sem einu sinni var og enn er vel við þennan hv. þm. og er ekki sama, hvað verður um sóma Alþ. í augum alþjóðar. Það er ekkert ánægjuefni, að hér skuli vera í þingflokki næststærsta stjórnmálaflokks landsins menn, sem verða sér, sínum flokki og Alþ. til minnkunar í hvert skipti, sem þeir koma hér í ræðustól. Og raunar er það ekki aðeins hér á Alþ., sem þessi hv. þm. hegðar sér nákvæmlega samkvæmt þeirri lýsingu, sem Kristján Thorlacius gaf á honum hér fyrir nokkrum kvöldum. Hann gerir það líka í blaði síns flokks. Og nú ætla ég að leyfa mér, með leyfi hæstv. forseta, að gefa hv. síðasta ræðumanni orðið með því að lesa útdrátt úr grein, sem birtist eftir hann í málgagni Framsfl. 27. sept. 1968, ef það kynni að verða til þess að vekja hann sjálfan og flokk hans og alþm. yfirleitt til umhugsunar um það, hvers konar fyrirbæri hér raunverulega er á ferðinni. Þessi grein, sem þessi hv. þm. birtir undir nafni og undir fimm dálka fyrirsögn í Tímanum á fyrrnefndum degi, heitir „Tröllskessa, sem nefnist Tölva.“ Það mætti vel segja mér, að þessi grein hafi verið ein af mörgum ástæðunum fyrir því, að Kristján Thorlacius lét þau orð falla um hv. þm., sem hann gerði hér fyrir nokkrum dögum. En greinin fjallar um baráttu hans við bankavald í Reykjavík, um það að fá að halda ákveðnu númeri á sínum ávísunarreikningi. Nú skal ég lesa nokkrar setningar úr greininni, —(Gripið fram í.) svo mikið vil ég ekki leggja á háttv. þm. — sem sýnir, lýsir alveg efni greinarinnar og almennu hugarástandi

þessa hv. þm., en hér segir svo m. a., með leyfi hæstv. forseta:

„Í ágústmánuði í sumar fékk ég bréf frá Landsbankanum, þar sem segir, að bankinn hafi nýlega tekið í notkun rafreikni, tölvu, í bókhaldi sínu og vegna þessara breytinga þurfi að taka upp nýtt númerakerfi, þannig að einum tölustaf verði bætt aftan við núverandi númer hvers viðskiptamanns, og er ég beðinn að bæta einum tilgreindum tölustaf aftan við mitt gamla númer á ávísanir, sem ég gef út eftir 24. ágúst í ár. Þá er ég einnig beðinn um að koma í afgreiðslu bankans við fyrstu hentugleika og láta þar í té nafnnúmer mitt og nýtt rithandarsýnishorn. Þessu með nafnnúmerið ætla ég ekki að ansa. Ég viðurkenni ekkert númer á sjálfum mér. Skírnarnafn mitt að viðbættu föðurnafni og heimilisfangi hefur merkt mig hingað til, og ég vona, að það endist mér þann tíma, sem ég á eftir að tóra hér á landi, og ég vil fá að halda mínu gamla reikningsnúmeri í bankanum óbreyttu."

Svo lýsir hann göngu sinni á milli Landsbankans og — nei, hann kemur ekki að því enn. Það er svolítið framhald. Svo fer hann heim til sín norður í land og hugsar málið vandlega. En svo heldur hann áfram í seinni greininni:

„Næst þegar ég kom til höfuðstaðarins, lagði ég leið mína í Landsbankann og gerði boð fyrir manninn, sem skrifaði bréfið. Það hafa farið fram bréfaskipti milli hans og bankans norður í landi um málið. Þetta reyndist vera maður nokkur við aldur, fremur hár vexti og ekki feitur, með gleraugu og dálítið hæruskotinn. Nú hafði ég nýja tillögu á takteinum, stakk upp á því, að ég ritaði númerið tvisvar á ávísanir með striki á milli. En það taldi hann, að tölvan mundi ekki geta samþykkt. Maðurinn var hinn alúðlegasti og virtist allur af vilja gerður til að greiða úr málinu, en hann stóð alveg magnþrota frammi fyrir þessari tröllskessu, sem tölva nefnist."

Og nú lýsir hann göngu sinni úr Landsbankanum og í aðra banka í miðbiki höfuðstaðarins. Enn segir seinna:

„Litlu síðar gekk ég inn í Samvinnubankann við Bankastræti." – Hefur auðvitað átt von á því, að þar réðu framsóknarmenn, sem gætu greitt fram úr þessum merkilegu sjónarmiðum þm. — „Þar ávarpaði ég konu innan við borðið og spurði, hvort svo stæði á, að ávísanareikningur með númerinu, sem ég nefndi, væri laus hjá þeim. Hún svaraði mér, að þar væru nú eingöngu notuð fimm stafa númer. Ég kastaði kveðju á kvenmanninn, rölti niður í Austurstræti og inn í Búnaðarbankann. Þar bar ég upp sömu spurningu og áður í Samvinnubankanum. „Hér höfum við aðeins fjögurra tölustafa númer," var svarið. „Jæja, ljúfan mín, þá hef ég ekki meira við þig að tala að sinni," og ég fór."

Svo kemur enn lýsing á göngu í þriðja bankann, Útvegsbankann: „Hvaða höll er þetta, sem hér rís til vinstri? Útvegsbanki Íslands, það ætti ekki að saka, að heilsa upp á fólkið á þessu heimili." Löng lýsing á viðskiptunum þar, og þau enda vel. Þeirri lýsingu lýkur svona: „Hann" þ. e. a. s. starfsmaðurinn í Útvegsbankanum „sagði, að því Útvegsbankafólki væri það sönn ánægja að láta mig hafa ávísanareikning með þessu númeri, ef ég gerðist viðskiptamaður þar. En af því að ég var ekki við því búinn að stíga þetta örlagaskref þá samstundis, þá sömdum við um það, að hann héldi þessu númeri lausu fyrir mig, þangað til ég kæmi suður næst, væntanlega eftir skamman tíma. Og nú er ég að hugsa um málið." Og greininni lýkur með þessum merkilegu orðum: „Þetta er vandamál, og ég er að hugsa."

Ég vek athygli hv. alþm. á því, að sá maður, sem þetta skrifar og þetta hefur gert og telur sér stolt og sóma að því að segja landslýð frá því, hvað hann hefur verið að hafast að, er einn helzti málsvari Framsfl. hér á hinu háa Alþ. Það er orð að sönnu, að skoðanir þessa manns eru a. m. k. 40 ára gamlar. Kristján Thorlacius hefur ekki ýkt lýsingu sína á þessu hugarástandi þingmannsins, og satt að segja held ég, að full ástæða sé til þess að frábiðja sér mikil ræðuhöld af hálfu þessa þm. það sem eftir er af þessu þingi og þeim þingum, sem hann á eftir að sitja, þingsins vegna, flokks hans vegna og sjálfs hans vegna.

ATKVGR.

Afbrigði um brtt. 233, sem var of seint fram komin, leyfð og samþ. með 34 shlj. atkv.

Eðvarð Sigurðsson: Herra forseti. Ég hef leyft mér ásamt hv. 6. þm. Sunnl. að flytja brtt. við fjárl. Þessi brtt. var nú afhent hér síðari hluta dags í gær, en virðist vera nokkuð lengi á leiðinni gegnum prentsmiðjuna. Hún er enn ókomin. Efnislega er þessi till. þannig, að það er nýr liður í félagsmálabálkinum:

„Til sérstakra uppbóta á greiðslur úr lífeyristryggingum almannatrygginga og sjúkra- og slysadagpeninga samkv. nánari ákvörðun tryggingaráðs" og upphæðin er 65 millj.

Þegar gengisfellingin var kunngerð hér í Alþ., var þess getið, að ríkisstj. ætlaði að sjá til þess, að til almannatrygginga kæmu 150 millj. Þetta hefur nú verið gert á þann hátt, að úr ríkissjóði koma 90 millj. Hinir tryggðu eiga að greiða 30 millj. og iðgjöldin að hækka, sem því nemur, og frá sveitarstjórnum og atvinnurekendum eiga síðan að koma einnig aðrar 30 millj. og heildarupphæðin þá 150 millj. Ekki er ljóst neitt um það, hvernig þessu verður jafnað niður á hina einstöku þætti tryggginganna, en ef þessu væri deilt niður á lífeyristryggingarnar, mundi það hafa í för með sér um það bil 10—11% hækkun á bótum frá því, sem nú er. Ef sú hækkun, sem nú gat um, 65 millj. kæmi til viðbótar á þessu ári, mundi hækkunin samtals verða eitthvað um 16—17%, ef sjúkra- og slysadagpeningar væru teknir með.

Það hefur verið upplýst, að kjaraskerðingin, sem gert er ráð fyrir, að verði vegna gengisfellingarinnar, muni nema a. m. k. 15–20%. Ég mundi telja, að hjá því fólki, sem hér um ræðir, þ. e. a. s. bótaþegum almannatrygginga, mundi þessi skerðing verða allmiklu meiri vegna þess, að það getur ekki varið fjármunum sínum í mikið annað heldur en brýnustu nauðsynjar, sem yfirleitt hækka æðimikið meira heldur en 15—20%. Það er auðvitað ekki gott að segja, hvað þetta yrði í heild, en örugglega mundi skerðingin verða hærri hjá þessum þegnum þjóðfélagsins. Ég held, að það sé óhætt að segja, að lágmarkshækkun á bótum, sem gera verður kröfu til, að verði á bótum frá almannatryggingum, sé

sú, að ekki verði skerðing á kjörum þess fólks, sem býr við lífeyrisgreiðslur eða bótagreiðslur frá almannatryggingum, og stór hluti þess hefur sáralítið annað fyrir sig að leggja. Ég vænti þess vegna, að þessari till. verði vel tekið og hv. alþm. geti orðið okkur flm. sammála um það, að það sé alveg lágmark, að tryggingarnar hækki svona nokkurn veginn í samræmi við það, sem gert er ráð fyrir, að hin almenna kjaraskerðing verði, en það gera þær svona um það bil og ná áreiðanlega ekki því hærra marki, sem gert er ráð fyrir, með því að taka þessa upphæð til viðbótar nú á þessu ári.

Mönnum kann kannske að þykja þetta nokkuð há upphæð án þess að áætla tekjur á móti eða gera ráð fyrir einhverjum tekjum á móti, en ég vil aðeins segja í því sambandi, að frekar kysi ég halla á fjárl. en að þetta fólk vanhagi um brýnustu nauðsynjar, en það hlýtur það að gera, svo framarlega sem tryggingarnar verða ekki auknar frekar en gert er ráð fyrir í fjárl. eins og þau nú liggja fyrir.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Ég flyt nú enga brtt. við fjárlagafrv. við þessa umr., en mér finnst ástæða til þess að gera hér stutta aths. í tilefni af tveimur liðum á því:

Annar liðurinn er varðandi till. fjvn. um skiptingu á fjárveitingum til hafnarmannvirkja. Í þeim till. er gert ráð fyrir því, að varið verði til hafnarframkvæmda í Neskaupstað 1 millj. kr. Þessi fjárveiting er allmiklu lægri en svo, að hún samsvari því, sem ráðgert er að vinna við hafnarframkvæmdir á þessum stað. En samkv. till. vitamálastjóra er gert ráð fyrir framkvæmdum við höfnina í Neskaupstað, sem nemur 8 millj. kr., og hefði því framlag ríkissjóðs átt að vera samkv. hans mati um 4 millj. kr. Ég hefði nú flutt brtt. við þessa till. fjvn. til hækkunar frá því, sem þarna er um að ræða, ef ég hefði ekki verið búinn að sannfæra mig um með viðtölum bæði við hæstv. fjmrh. og sjútvmrh., sem hafnarmálin heyra undir, og eins við form. fjvn. og fullvissa mig um það, að það eru gerðar ráðstafanir til þess, að í samræmi við fyrri samþykktir Alþ. um fjárveitingar til hafnar í Neskaupstað verði fyrir hendi nægilegt fjármagn til þess að vinna að hafnarframkvæmdum þar í samræmi við ráðgerða áætlun vitamálaskrifstofunnar, svo að ég tel, að óþarft sé að flytja hér brtt. við þennan lið til hækkunar, þar sem ég treysti á það, að séð verði fyrir því fjármagni, sem í þessu tilfelli þarf, þó að eftir öðrum leiðum sé.

Hinn fjárlagaliðurinn, sem ég vildi gera hér stutta aths. við, er undir heitinu „ýmis framlög", og er þar um ýmiss konar styrki frá hálfu ríkisins að ræða og varðar 15. lið í fjárlagafrv. undir þessu heiti, sem nefndur er „rekstrarstyrkur sjómannaheimila, 50 þús. kr."

Ég flutti brtt. við 2. umr. við þennan lið og vildi þá gera ráð fyrir talsverðri hækkun fjárveitingarinnar í þessu skyni. Því miður féllst nú Alþ. ekki á það að samþykkja þessa till. mína, sem ég hefði þó talið mjög eðlilegt að samþykkja og sanngjarnt að samþykkja, en mér er kunnugt um það, að aðeins eitt sjómannaheimili hefur fengið að undanförnu beinan rekstrarstyrk, sem samþykktur hefur verið af fjvn. og Alþ., þ. e. sjómannaheimilið í Neskaupstað hefur fengið beinan rekstrarstyrk á undanförnum árum 50 þús. kr. Og þar sem mér er kunnugt um það, að það hafa ekki verið gerðar neinar aðrar samþykktir í fjvn. um fjárveitingar til annarra og það hefur ekki fengizt hér heldur samþykki fyrir því að hækka framlagið, þá geng ég að sjálfsögðu út frá því, að þetta framlag eigi áfram að fara til sjómannaheimilisins í Neskaupstað, og verður þá það að arka að auðnu, að önnur sjómannaheimili í landinu, sem kunni að verða rekin, fái þá engan styrk samkv. því. Miðað við þær upplýsingar, sem ég hef fengið, skilst mér, að þetta sé þannig, að það sé gert ráð fyrir óbreyttu framlagi frá því, sem áður hefur verið í þessum efnum til sjómannaheimilisins í Neskaupstað, rekstrarstyrk, og þar sem ég hafði flutt áður brtt. um þennan lið og hún fékkst ekki samþ., þá sé ég ekki ástæðu til þess að flytja hér frekari till. um liðinn. En ég tel, að það hafi farið illa, að ekki skyldi fást samkomulag um það að hækka þennan lið eitthvað nokkuð. Það var í fyrsta skipti á yfirstandandi ári tekin upp fjárveiting til stofnkostnaðar sjómannaheimila, sem nam 800 þús. kr. og var úthlutað til nokkurra staða. Það er enn gert ráð fyrir á þessu frv. að halda jafnhárri upphæð, og þetta tel ég vera í rétta átt. En hitt er mér alveg ljóst, að það hefði ekki síður verið ástæða til þess að ætla hér nokkuð meira en gert hefur verið til þess að styrkja rekstur þessara stofa. En með tilliti til þessara aths., sem ég hef gert, mun ég nú ekki að svo stöddu flytja brtt. út af þessum liðum. En að öðru leyti hef ég sem sagt ekki neinar frekari aths. að gera umfram þær, sem fram hafa komið hér hjá mér áður í sambandi við afgreiðslu fjárlagafrv. í heild.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Ég skal nú ekki fara að lengja mikið þessar umr. Það er engin ástæða til þess. Allir hv. þm., sem hér hafa talað, hafa talað mjög hófsamlega og málefnalega um það, sem hér er til umr. Brtt. eru fáar, a. m. k. þær, sem enn hafa sézt, þannig að það gefst ekki tilefni til að taka margar þeirra til meðferðar.

Hv. frsm. meiri hl. fjvn. gerði grein fyrir þeim viðbótartill., sem nú eru frá n., og veigamestu atriðin, sem þar er um að ræða, eru eins og hann skýrði frá annars vegar veruleg hækkun á framlögum til skólabygginga og hafnargerða, sem látið var bíða lokameðferðar og sem mér þykir vænt um, að hefur orðið tiltölulega mikill friður um, enda þótt ég geri ráð fyrir því, að hv. þm. vildu gjarnan, að meiru fé væri hægt að verja í þessu skyni. Það er auðvitað alveg rétt, sem hv. frsm. minni hl. sagði, að því fer víðs fjarri, að það sé fullnægt eftirspurn eftir skólahúsnæði. Það verður víst seint, sem hægt verður að ná því æskilega marki. Það hefur aldrei verið, og sannast sagna hygg ég, að það séu ákaflega fá þjóðfélög, ef það eru nokkur, sem hafa haft möguleika til þess að fullnægja eftirspurn eftir skólahúsnæði. Ég vék að því bæði hér í fjárlagaræðunni í haust og eins við 2. umr. fjárl., að þetta væri eitt mesta vandamál, sem við ættum við að glíma, og það væri mikil nauðsyn, að leitað væri allra úrræða til þess að leysa þennan vanda með sem hagkvæmustum og ódýrustum hætti. Og a. m. k. áður en annað reynist, geri ég mér von um það, að þær reglur, sem ákveðið er í nýju skólakostnaðarl. að setja, þar sem byggt verður á því, að skólahúsnæði sé að

verulegu leyti staðlað og greiðslur byggðar á slíkum normum, geti leitt til þess, að menn leggi meiri rækt við að leysa þessi mál með hagkvæmum og ódýrum hætti, þannig að það geti þá orðið beinlínis til hagsbóta þeim sveitarfélögum, sem leggja sig fram um að byggja hagkvæmlega. Það hefur verið nokkuð um það deilt hér, að það skuli hafa þurft að hverfa að því ráði að breyta aftur skólakostnaðarlöggjöfinni á þann veg að lengja um eitt ár greiðslutímabilið. Ég er sammála því, að æskilegt hefði verið að þurfa ekki að grípa til þeirra úrræða, en það kom á daginn, að eftirspurn eftir byggingu nýrra skóla var svo mikil, að það var enginn kostur á að framfylgja þriggja ára ákvæðinu nema þá með svo stórfelldum nýjum framlögum, að ekki var hægt undir því að rísa. Og vitanlega er hér stórum og miklum áfanga náð að stytta greiðslutíma skólabygginga úr 8 árum, eins og það er nú í reynd, og niður í 4 ár, og ég hygg, að það eigi ekki að vera vandamál næsta haust að færa það niður í 3 ár. En það, sem gerði sérstaklega erfitt um vik að gera þetta núna, var sú staðreynd, að því miður hefur ekki verið gerð enn þá sú áætlun um skólabyggingar, sem nýju l. gera ráð fyrir. Og þetta veldur auðvitað þeim erfiðleikum fyrir hv. þm., að þeir eiga erfitt með að fallast á að láta sína skóla bíða, meðan þeir ekki geta bent á það, hvaða ár er þá ætlunin, að þeir komi til framkvæmda. Þetta eru skiljanlegir erfiðleikar, og það auðvitað lá alltaf í augum uppi, þegar l. voru sett, að það yrði að fækka þeim skólum, sem væru í gangi hverju sinni. Það merkti ekki minnkandi framkvæmdir, síður en svo, heldur að það væri unnið með meiri hraða að skólunum og þeir kæmust fyrr í gagnið, sem er auðvitað bæði þjóðfélagslega æskilegt með hliðsjón af sparnaði fyrir alla aðila, sem að þessum byggingum standa, eða báða aðila þeirra, og einnig til stóraukinnar hagkvæmni fyrir sveitarfélögin, sem áður hafa orðið að leggja fram að sínum hluta einnig verulegan hluta af hluta ríkissjóðs.

Varðandi þá till., sem hv. minni hl. n. flytur hér aftur, að vísu í nokkuð breyttu formi, um að sjá fyrir fé til ýmissa verklegra framkvæmda til þess að forðast atvinnuleysi er í rauninni ekki annað um að segja en ég sagði við 2. umr., að það er ekki kostur á að taka þá till. inn í fjárlög nú nema sjá fyrir nýjum tekjustofnum. Það merkir á engan hátt, að ekki sé nauðsynlegt að líta á þessi atvinnumál, og vitanlega verða þau ekki leyst nema að sáralitlu leyti með því t. d. að fara að verja fé til þess að byggja nokkra nýja skóla hér og þar um landið. Það leysir ekki atvinnuvandamálin nema að ákaflega litlu leyti. Það, sem er auðvitað undirstaðan að þessu vandamáli og lausn þess, er, að atvinnuvegirnir geti almennt gengið með eðlilegum hætti. Og það er auðvitað það meginviðfangsefni, sem við er að fást. Það er engum efa bundið, að það þarf að útvega fé til ýmissa þarfa í því sambandi, eins og hér hefur áður verið rætt á Alþ. og á vafalaust eftir að ræða á næstu vikum og mánuðum og reyna að koma sér niður á. En það held ég, að við getum ekki gert með þessum hætti, auk þess sem við í dag höfum enga hugmynd um það, hvaða viðfangsefni helzt koma þar til álita. Og vitanlega erum við alltaf að reyna að bjarga þar við vissum vandamálum. Eins og hv. frsm. minni hl. er kunnugt, höfum við, ég og hann og fleiri, setið í allan morgun við það að reyna að leysa vandamál vissra byggðarlaga, sem hefur grundvallarþýðingu, að tiltekin atvinnufyrirtæki starfi í, til þess að þar verði ekki atvinnuleysi, þannig að vitanlega er alltaf á mörgum sviðum verið að reyna að leysa þessi erfiðu vandamál, sem við er að stríða, og eins og ég sagði áðan og legg höfuðáherzlu á, og ég býst ekki við, að sé ágreiningur um, þá getur auðvitað aldrei vandinn orðið leystur með því að leggja út í einhverjar einstakar byggingarframkvæmdir. Þetta er miklu víðtækara vandamál, og kjarni þess er sá, að atvinnuvegirnir almennt geti gengið með eðlilegum hætti. Að öðru leyti sé ég ekki, að sé neinn ágreiningur í þessu efnislega, sem gefi ástæðu til þess að þurfa að hafa frekari orðræður um það.

Hv. 6. þm. Reykv. lýsti hér ánægju sinni yfir því, að það hafi verið töluvert á hann hlustað, og það gleður mig, að hann er ánægður með það eftir atvikum, að það hefur verið tekið tillit til, að því er hann telur, ýmissa hugmynda, sem hann hafi komið fram með. Ég hef ekkert á móti því, að hann telji svo vera, og ég sé enga ástæðu til þess að reyna að fullyrða það, að það komi ekki til, að maður hlusti aldrei á annarra orð, svo að ég hef ekkert á móti því, að hann hafi þá skoðun. En hins vegar er það nú svo, að það er dálítið erfitt að seðja menn þannig, hann var nú ekki alls kostar ánægður samt og taldi, að eitt og annað væri eftir.

Ég sé ástæðu til þess að víkja að Kennaraskólanum aðeins örfáum orðum í því sambandi. Það er alveg hárrétt hjá honum, að þar er um stórfellt vandamál að ræða, sem stafar fyrst og fremst af því, að aðsókn að Kennaraskólanum hefur farið langt fram úr því, sem nokkur maður hefði látið sér detta í hug fyrir fáum árum síðan. Það er að vísu rétt, að Kennaraskólinn er ekki fullbyggður, og það er aðeins áfangi af honum, sem byggður var, óhugnanlega dýr áfangi að vísu, því að það tókst víst að slá þar met varðandi háan byggingarkostnað og kalla menn þó ekki allt ömmu sína. En það náttúrlega haggar ekki því, að það er nauðsynlegt að halda áfram þeirri byggingu, þó að þessi bygging hafi orðið dýr. Nú er það að vísu svo, að hvort áframhald verður á þessari geysilegu aðsókn, getur maður ekki fullyrt um, og það er kannske vafasamt að miða framkvæmdirnar þarna algerlega við það. Hins vegar vildi ég segja það, sem ég býst við, að honum og hv. þm. sé kunnugt um, að það er auðvitað á vissan hátt verið að leysa að nokkru leyti vandamál Kennaraskólans með því að byggja æfingaskóla, sem leysir Kennaraskólann undan því að hafa þennan skóla innan sinna vébanda, og mun það losa nokkrar kennslustofur, sem Kennaraskólinn þá fær til afnota. Það er einnig vitað og hefur verið skýrt frá því hér oft á Alþ., að unnið hefur verið að ákveðnum áföngum við Kennaraskólann og menntaskólana. Það er verið að vinna að ákveðnum áföngum í menntaskólunum, sem sumum er nú langt komið og öðrum lokið að vísu, og Kennaraskólinn hlýtur auðvitað að koma þar mjög á dagskrá nú — ja, ég mundi segja strax á næsta ári, hvaða áfanga á að taka þar í framhaldi af æfingaskólanum. Það var talið nauðsynlegt af Kennaraskólaforystumönnunum sjálfum að taka æfingaskólann fyrst og losa út úr skólanum, og æfingaskólinn á að vera tilbúinn á næsta ári, og þá auðvitað kemur að því, hvort á þá að taka

nýjan áfanga í Kennaraskólanum eða einhvern áfanga varðandi menntaskólana. Þetta eru allt skólar, sem er mikil þröng í, og þetta verður auðvitað að meta. Við komumst aldrei hjá því, og fjárhagur okkar er ekki slíkur, að í þessu sem á öðrum sviðum verðum við að meta, hvað er nauðsynlegast, og velja það til úrlausnar, sem brýnast er í það og það skiptið. Og það er áreiðanlega engin löngun til þess að láta Kennaraskólann vera þarna út undan. Það hefur verið lögð áherzla á, að Kennaraskólinn taki við þeim nemendum, sem þangað sækja, og vitanlega er ekki endalaust hægt að gera það án þess að auka við húsnæði hans. Hitt er annað mál, að spurningin um 5 millj. í því sambandi ræður engum úrslitum. Það verður að gera um það heildarplan, hvernig á að fjármagna þá framkvæmd, byggða á því, sem ég tel vera sjálfsagt, að verði að framfylgja, eins og gert hefur verið núna með þessar meiri háttar byggingar, bæði Kennaraskóla og menntaskóla, og gera þar áætlanir um ákveðna áfanga og útvega fé í þá, þannig að það sé hægt að vinna þar með eðlilegum hraða, svoleiðis að ég vil taka það fram, að þó að ég telji ekki auðið að fallast á þessa till. hv. þm. núna, merkir það ekki það og má ekki skoða sem neina yfirlýsingu um það, að það eigi að varpa þessu mikilvæga málefni fyrir borð og óvíst, að því seinki á nokkurn hátt, þó að sú yrði útkoma þessarar till.

Mig langar svo aðeins, af því að hv. þm. sagði, að það hefði hitt viðkvæman blett að lækka framlög til fyrningarsjóðs ríkisbifreiða um 2 millj. kr., þá er það mikill misskilningur. Ég held að vísu, að menn hafi ekki algerlega áttað sig á því, hvað var verið að gera, þegar þetta var samþ. Í sparnaðarl., sem ég flutti hér fyrr á þessu ári, var þetta framlag lækkað, og má kannske segja, að það hafi verið með dálítið hæpnum hætti, sem það var lækkað. Hér er auðvitað ekki verið að ná til neinna, ja, a. m. k. ekki ráðherrabifreiða eða reksturskostnaðar þeirra, heldur er hér um að ræða það atriði, að fyrir nokkrum árum, þegar var verið að endurskoða bílamál ríkisins, komust menn að þeirri niðurstöðu, sem út af fyrir sig er ekki neitt merkileg niðurstaða, að það væri réttast í stað þess, að hingað til hefur verið veitt fé ýmsum stofnunum til að kaupa bifreiðar, sem í mörgum tilfellum er óumflýjanlegt að gera, ekki vegna forstjóra, heldur vegna þess að þær þurfa á bílum að halda, þá væri æskilegra, að þetta væri ákveðið af svokallaðri n., sem hefur með að gera eftirlit með mannahaldi og bifreiðakaupum og var sett á laggirnar í tíð vinstri stjórnarinnar, og það væri rétt, að þetta væri undir einum lið, en ekki veitt til stofnananna, þannig að það hefur verið venja síðustu árin að strika það út af till. stofnananna og ætlunin, að þessar bifreiðar væru keyptar af þessu fé. Þarna er um að ræða allar þær stofnanir, sem ekki hafa sjálfstæðan fjárhag, svo sem Póst og síma, vegagerð og annað slíkt. En það var niðurstaða þeirra manna, sem þá skoðuðu þetta mál, að það væri ríkinu ákaflega óhagkvæmt, hvað oft væri haldið við gömlum bifreiðum, sem væru orðnar geysilega dýrar í viðhaldi, og það hefur verið stefnt að því undanfarin ár, að ríkisbifreiðar, sem á annað borð er nauðsynlegt að hafa, séu ekki gamlar, þannig að ég tel, að þessi sparnaður, þó að hann sé góðra gjalda verður á pappírnum, það sé ákaflega hæpið, hvort hann reynist sparnaður fyrir ríkið, og a. m. k. efast ég um, að það hafi með þessu náðst í þá, sem hv. þm. langar til að ná í, þannig að hér er ekki um neinn viðkvæman blett að ræða í þessu sambandi. Ég er hins vegar ekki alveg viss um, að þetta sé hagkvæmt.

Hitt er svo annað mál, að ef menn komast að þeirri niðurstöðu, að það eigi að selja allar ríkisbifreiðar, getur þetta allt saman verið gott og blessað.

Þetta taldi ég nú aðeins rétt að koma fram með, ekki af því að það sé stórmál, en af því að ég hef orðið var við, að menn halda, að með þessu hafi verið hittur viðkvæmur blettur, sem er mesti misskilningur. Það á ekkert skylt við það, heldur aðeins spurning um hagkvæm eða óhagkvæm vinnubrögð.

Hv. frsm. minni hl. sagði, að það hefðu lækkað áætlanir varðandi tvo skóla, og taldi það benda til þess, að áætlanagerðir varðandi skólabyggingar væru ekki ákaflega nákvæmar. En þetta er misskilningur. Kostnaðaráætlanir þessara skóla lækkuðu vegna þess, að það var gengið í það á s. l. sumri að endurskoða þær hugmyndir, sem voru uppi um þessar skólabyggingar, og gera þær viðráðanlegri á allan hátt. Það voru minnkaðar heimavistir við þessa skóla, sem var tvímælalaust rétt, og það er ástæðan til þess að kostnaður við þá lækkar mjög verulega. Þetta vildi ég aðeins taka fram, að þetta stafar af þessari ástæðu, en ekki vegna þess, að það sé kastað svo mjög höndum til áætlana um skólana.

Hv. 1. þm. Vestf. taldi, að þessi bók, fjárlagafrv. eins og það er núna, væri með óskiljanlegri bókum. Mér þykir það ákaflega slæmt, því ef hún a. m. k. er óskiljanlegust, þá er ekki gott í efni, því að margar bækur, sem út eru gefnar, a. m. k. miðað við minar gáfur, þær eru kannske ekki miklar, eru gersamlega óskiljanlegar, þær sem maður sér útgefnar nú. En til allrar hamingju held ég, að þetta sé nú ekki svona. Ég vil álíta það, að þó að hér sé um miklar breytingar að ræða, sem rétt er og valda því, að menn eiga í fyrstu dálítið erfitt með að finna ýmsa hluti, og ég skal játa það með sjálfan mig, að það vafðist fyrir mér í byrjun, þá er það engum efa bundið, að fjárl. eins og þau eru nú og fjárlagafrv., gefa, þegar allt kemur til alls, miklu raunhæfari og auðveldari upplýsingar um ríkiskerfið heldur en hin eldri fjárlög gerðu, því að þar var sannast sagna ekki miklar upplýsingar að finna. Með þessu frv. nú eru birtar margvíslegar töflur og yfirlit og sundurliðanir, sem gera mönnum miklu auðveldara að finna, í hvaða þætti ríkisfjármálum er varið, og sem í rauninni margir þm. hafa látið í ljós ánægju sína yfir, að skuli vera gert. Og auk þess, sem nú er tekið inn í fjárlög það, sem enginn maður hafði hugmynd um áður, að þjóðin er skattlögð um allt að 1½ milljarð kr. umfram það, sem nokkurn tíma sést í fjárl. Það er þó allt saman tekið nú inn í fjárlög. Þetta auðvitað gerir erfitt um samanburð við eldri fjárlög, en því hefur verið reynt að bæta úr með því að ég hef látið taka saman yfirlit, sem birt er með fjárlagafrv., til þess að auðvelda mönnum samanburð við eldri fjárlög. Og varðandi það, að það sé erfitt að finna í þessu frv. vil ég benda hv. þm. á, að það er mjög nákvæmt registur með fjárlagafrv. (**SE:** Ég var að tala um fjárlögin.) Já, það er rétt, en hv. þm. minntist nú á fjárlagafrv. líka, og ég tel vel geta komið til álita, að það sé hægt að birta það með fjárl. Ég sé ekkert því til

fyrirstöðu, ef menn vilja það og ef það getur eitthvað auðveldað mönnum að finna það, sem þeir vilja að leita. Ég held hins vegar, að þetta sé eins og annað, að þegar breytt er, þá auðvitað fyrst í stað er erfiðara um vik að finna það, sem menn vilja finna, en ég mundi halda, a. m. k. fyrir hv. þm. – það getur verið, að fyrir aðra sé það erfitt og taki lengri tíma – þá sé mjög auðvelt að átta sig á þessari nýskipan. En það er sjálfsagt að taka það til athugunar að birta þetta efnisyfirlit með í fjárl. líka. Ég sé ekki, að það sé neitt vandamál, en eins og ég sagði áðan, er það birt með frv., þannig að það á að vera mjög auðvelt að fletta upp í því.

Ég ætla nú ekki að fara að ræða við hv. 1. þm. Norðurl. v. og læt hann og hæstv. menntmrh. alveg um þær orðræður, hvort sem það á að teljast til skemmtiiðnaðar eða einhvers annars iðnaðar. Það læt ég alveg liggja á milli hluta. En það voru tvær tölur, sem hann vék að — já, í rauninni var það nú aðeins ein tala, sem hann nefndi, sem ég sé ástæðu til þess að vekja athygli á, ekki vegna þess að hann skipti miklu máli, þessi samanburður, sem menn eru oft að gamna sér með. En úr því að menn eru að reyna, sakar þó ekkert að hugsa það til enda. Hann sagði um fjárveitingar til skóla, að það sýndi sig, hvað þær hefðu saman dregizt á því sviði, vegna þess að framlög til skóla væru nú ekki eins há prósenta á fjárl. og áður hefði verið. **(SkG:** Það er misskilningur. Ég hafði hana örlítið meiri.) Örlítið meiri, jæja, örlítið meiri prósenta. Það er þá gott, að það er í þá áttina. En það skiptir ekki meginmáli. Það, sem ég ætlaði að segja í þessu sambandi, er, að í rauninni er það ákaflega haldlítið að vera að bera saman prósentur á fjárl. við þetta ár eða annað, vegna þess að menn verða að gera sér grein fyrir því, að það eru alltaf að bætast inn í fjárlög alls konar ný atriði. Og hvernig í ósköpunum ætti það að geta gerzt? Þetta á ekki við þetta atriði, heldur bara almennt, sem menn verða að skilja, að það er engin leið, að það sé hægt að miða við það, að allir liðir fjárl. haldi alltaf sömu prósentuhlutföllum. Hvernig á að bæta við þá nýjum liðum, sem koma inn í fjárlög? Ég skil ekki, hvernig í ósköpunum *það mætti gerast, og ég held, ég er ekki mikill reiknings*maður, en ég sé ekki, að það væri framkvæmanlegt. En ég vildi aðeins segja út af því, sem hv. þm. sagði, að það hefði 16 millj. verið varið til skóla á árinu 1958: Mér skilst, að nú á árinu 1969, ef fer svo sem nú er lagt til, muni 216 millj. verða varið til skóla. En miðað við byggingarvísitölu hefði þetta átt að vera til þess að halda í við þá upphæð, sem var 1958, og þá hefðu þetta orðið 42.2 millj. (Gripið fram í.) Nei, það er ekki misskilningur. Og svo vildi ég aðeins bæta því við, eins og ég segi, ekki vegna þess að það skipti meginmáli, en af því að hv. þm. fór að tala um þetta, bara svona til gamans, að mér skilst, að fjárveiting til einnar hafnar í fjárl. núna jafngildi öllum fjárveitingum til hafna á fjárl. ársins 1958. Annars legg ég ekki svo mikið upp úr þessum tölusamanburði, þannig að ég segi þetta nú aðeins af því að hv. þm. fór að vera með þessa útreikninga.

Ég skal þá víkja að öðru, sem hv. þm. er með till. um, en það er lántaka til héraðsveitna til að ljúka sveitarafvæðingunni. Ég álít, að það sé ákaflega hæpið, að slík lán sé hægt að taka, vegna þess að sveitarafvæðingin er auðvitað gagnleg og nytsamleg og vafalaust vilja menn styðja að henni, og ekki situr á mér annað en taka undir það, en ég held, að fyrir alllöngu síðan hafi menn gert sér grein fyrir, að það er ekkert vit í að taka lán til sveitarafvæðingar. Það verður að gerast allt fyrir bein framlög. Afkoma Rafmagnsveitna ríkisins er í dag svo óskapleg, og það munu hv. þm. eiga eftir að sjá áður en langt um líður, að það að fara að taka nú lántökur til algerlega óarðbærra framkvæmda á sviði Rafmagnsveitna ríkisins, það held ég, að sé ekki ákaflega hyggilegt. Við verðum að halda áfram á hverju ári — það er svo spurning, hvað menn vilja verja miklu á fjárl. til þess, en það verður að byggjast á fjárframlögum, beinum fjárveitingum hverju sinni, hvað verði gert á þessu sviði.

Varðandi eina smátillögu sem hv. 6. þm. Reykv. flutti og virðist ósköp meinlaus út af fyrir sig, um félagið Heyrnarhjálp, þá tel ég ákaflega hæpið að samþykkja þá till. Ég vil ekki fara langt út í þá sálma, en þarna eru vægast sagt uppi allmiklar deilur milli margvíslegra aðila, sem að þessum málum vinna, hvernig eigi að þessum heyrnarmálum að starfa, og skal ég ekki út í þá sálma fara, en menn hafa vafalaust margt séð skrifað og heyrt talað um það efni. Og fyrir nokkru síðan varð það að samkomulagi – það komu nokkur þessara mála á mínar fjörur, þ. á m. beiðni frá öðrum aðila um fjárstyrk í þessu sambandi – að það yrðu fengnir sérfróðir menn á vegum félmrn. og heilbrmrn. til þess að komast að einhverri niðurstöðu um það, hvernig ætti að vinna að þessum málum og koma á meira samstarfi milli þeirra aðila, sem að þessu vinna, svo að þeir ynnu a. m. k. ekki sitt í hvora áttina, sem því miður vill verða á þessu sviði, þannig að þó að hér sé auðvitað um sáralitla upphæð að ræða, sem ekki skiptir máli, þá mundi ég telja varasamt að vera að ákveða þetta, vegna þess að það eru fleiri aðilar, sem hafa sótt um fé í þessu skyni, og ég er ósköp hræddur um, að þeir mundu ekki telja það benda til neinnar vináttu við sig, ef þetta mál yrði tekið út úr. Þetta er það eina, sem ég hef um það að segja, en ekki af því að ég óttist hag ríkissjóðs, þó að 80 þús. kr. yrðu samþykktar. Þetta vildi ég aðeins láta koma fram.

Varðandi lántökuna til Lánasjóðs íslenzkra námsmanna hefur verið valin sú leið, að sjóðurinn taki nú lán, en ekki að ríkið taki lán til sjóðsins, af ýmsum ástæðum, en fyrst og fremst vegna þess að það þarf að athuga þetta kerfi allt til hlítar. Ég held, að það sé engum efa bundið, að það er ákaflega hæpið, hvort allur sá fjöldi námsmanna, sem er erlendis nú, á að vera þar áfram og hvort er nokkur ástæða til þess. Og ég raunar fullyrði það, að það er engin ástæða til þess að margir þeir, sem eru að læra núna erlendis og hafa jafnvel fengið styrki og lán, haldi því áfram. Og þetta held ég, að sé jafnframt skilningur þeirra manna, sem um þessi mál hugsa á vegum samtaka stúdenta. Það þarf þess vegna að sjá, hver þróunin verður í þessum efnum. Vafalaust kemur eitthvað af þessu fólki hingað heim og tekur upp nám við Háskólann. Þá auðvitað getur skapazt vandamál, þar sem verður að kanna á næsta sumri, hvernig verður, en það auðvitað má ekki gerast, að menn þurfi núna á miðjum vetri að hætta við sitt nám, og af þeim sökum er alveg nauðsynlegt að sjá

fyrir fé, eins og hér er gert ráð fyrir. En ég held, að það sé skilningur allra, sem um þetta hafa fjallað, og það sé enginn ágreiningur, ekki hjá námsmönnunum sjálfum eða forystumönnum þeirra, að þetta þurfi allt að skoðast á miklu breiðari grundvelli og kanna það, hvort sé ástæða til þess að örva til mikilla námsferða til útlanda. Það er ljóst, að í mörgum greinum verða menn að fara þangað, menn geta ekki numið hér, en í öðrum tilfellum er alls ekki því til að dreifa. Og í enn öðrum tilfellum er það alveg ljóst, að það eru óhæfilega margir, sem eru að læra í vissum námsgreinum. Það er vandasamt við að eiga, en allt þetta leiðir til þess, að þetta þarf að taka til heildarendurskoðunar, og ég get tekið undir það, sem hæstv. menntmrh. segir, að að svo miklu leyti sem það reynist þörf á því miðað við næsta ár beinlínis að auka framlögin til Lánasjóðsins, þá auðvitað verður það tekið til greina, að hér verði ekki lagður baggi á Lánasjóðinn, sem skerði hans möguleika varðandi framtíðarlánveitingar og styrki.

Ég held, að það séu ekki aðrar till., sem ég hef ástæðu til að gera hér að umtalsefni. Varðandi það, sem hv. 1. þm. Austf. sagði hér um hafnarmál, og reyndar hv. 4. þm. Austf. líka, þá kann það allt að mega til sanns vegar færa. Það á allt sínar skýringar, hvað þar hefur gerzt. En varðandi það, að ef þeir telja heldur, þessir hv. þm., að það eigi að vinna við aðrar framkvæmdir en þær, sem lagt er til í fjárl. að vinna að, þá hygg ég, að það sé ekki vandamál að fá féð flutt þar á milli innan sama kjördæmisins. En það er ekki kostur á að hækka þessar fjárveitingar meira í heild, en það hefur ekki verið settur neinn fótur fyrir það og reynt að ná samstöðu um það innan fjvn. að ég hygg, að ef þm. hafa haft löngun til að flytja þar eitthvað á milli, þá eiga þeir að geta gert það.

Herra forseti. Ég sé svo ekki ástæðu til þess að orðlengja um þetta frekar og hef ekki minnstu ástæðu til þess að vera með neina gagnrýni varðandi það, sem hv. þm. yfirleitt hafa sagt um þessi mál. Það hefur ekki verið sýnd nein viðleitni í þá átt að vilja halda hér uppi neinni óheilbrigðri fjárlagaafgreiðslu, svo að ég sé fremur ástæðu til þess að þakka viðbrögð manna í þessum efnum heldur en að lasta þau.

Sigurvin Einarsson: Herra forseti. Það voru aðeins örfá orð út af ummælum hæstv. fjmrh. um fjárlagafrv., form þess, sem hann taldi vera mjög gott og ekki ástæðu til þess að kvarta undan. Ég gerði það svona að gamni mínu áðan, að ég lét einn þm. prófa það, hvað hann væri fljótur að finna í bókinni ákveðið atriði, sem ég benti honum á. Hann gerði þrjár vitleysur fyrst, áður en hann fann það. Þetta var þm. og ekki af lakara taginu. **(Fjmrh.:** Gerði hann þá ekki prufu á því líka, hvað þm. væri fljótur að finna það í eldri fjárl.) Ég skal koma að því. Þetta er alveg rétt hjá hæstv. ráðh. Eldri fjárl. voru hvergi nærri fullkomin hvað þetta snertir. En það, sem vantar í þetta, er að hafa blaðsíðutalið við yfirlitið, en það er ekkert. Þá væri það miklu betra, þetta sem er með fjárlagafrv., og auk þess það, sem ég lagði aðaláherzluna á, að það væri líka með fjárl. Ef það hefði verið blaðsíðutal með þessu efnisyfirliti, sem er með fjárlagafrv., og sama látið gilda um fjárl., þá hefði ég ekki undan neinu að kvarta. En þetta hvort tveggja vantar. Hæstv. ráðh. sagði, að þetta yrði tekið til athugunar, og það er gott, það sem það nær. Ég vona, að hann komi þessu í framkvæmd.

Um hitt atriðið, að þetta frv. sé betur úr garði gert en fyrri fjárlög, er ég honum alveg sammála. Það eru miklu fullkomnari upplýsingar í fjárl. nú en áður var, og ég var alls ekki að finna að fjárlagagerðinni hvað það snertir. Það eina, sem ég hafði út á að setja, var það, að þetta væri óaðgengilegt fyrir allan almenning, og það dugar ekki, þó að þm. og það kannske ekki nema sumir þeirra geti lært þetta á nokkrum árum. Þetta verður að vera svo auðvelt, að allur almenningur geti notað bókina svona tafarlítið, og ég treysti því, að hæstv. ráðh. komi þessu í verk að láta fylgja efnisyfirlit og það nákvæmt með fjárl., líka fjárlagafrv. og með blaðsíðutali, svo að hver og einn geti flett upp í þessari ágætu bók. En ég endurtek það, að ég tel að öðru leyti frv. miklu fullkomnara en fyrri fjárlög, miklu fullkomnara hvað formið snertir en áður hefur verið.

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. Hæstv. fjmrh. var að andmæla till. okkar fjórmenninganna um heimild til lántöku til raforkuframkvæmda. Við viljum veita stjórninni heimild til að taka lán handa Rafmagnsveitum ríkisins, til þess að unnt sé að ljúka raflínulögnum um sveitirnar á þeim svæðum, þar sem meðallínulengd milli býla er allt að 2 km og þar sem enn vantar rafmagn. Hæstv. ráðh. mælir gegn þessu vegna þess, að þarna sé um að ræða lántöku til óarðbærra framkvæmda. Ég held, að það sé nú hæpið að telja það óarðbærar framkvæmdir að koma rafmagninu til fólksins, sem enn vantar þessi lífsnauðsynlegu þægindi nú á tímum. Og ég vil minna á það, að hæstv. ríkisstj. er alltaf og hefur alltaf verið að taka lán, ja, ekki eingöngu til óarðbærra framkvæmda, heldur bara til eyðslu. Það hefur verið haldið þannig á gjaldeyrismálunum, að það hefur verið stórhalli á viðskiptunum við önnur lönd og hann er jafnaður með lántökum. Þeir voru að taka nýlega 770 millj. að láni. Og þetta fer bara í að jafna þennan halla vegna óhóflegrar gjaldeyriseyðslu til óþarfra hluta, svo að þetta er ekkert stefnumál hjá hæstv. ríkisstj., að ekki skuli tekið lán til óarðbærra framkvæmda. Hún er alltaf að þessu og þess vegna tel ég, að það sé miklu skynsamlegra að veita þessa heimild og taka lán til þessara nauðsynjaframkvæmda, en draga eitthvað úr lántöku til annarra hluta, sem enga þýðingu hafa fyrir þjóðfélagið.

Magnús Kjartansson: Herra forseti. Það voru aðeins örfá orð út af ræðu hæstv. fjmrh. áðan. Ég kann vel að meta það, að hæstv. ráðh. geri málefnalegar aths. við till. okkar þm., eins og hann gerði hér áðan. Hann gerði þar skýra grein fyrir sjónarmiðum sínum og lagði þau fram á mjög glöggan hátt. Þó að ég sé ekki sammála þeim, kann ég vel að meta slíkan málflutning.

Í tilefni af því, sem hann sagði um Heyrnarhjálp, og að ekki væri ástæða til þess að gleðja þau samtök eitthvað sérstaklega, vakti ekki sérstaklega fyrir mér að gleðja þessi samtök. Það, sem fyrir mér vakir, er það, að ég tel, að þetta félag hafi unnið mjög gagnlegt starf fyrir fólk, sem á við þennan heilsufarslega vanda að etja. Og hugmynd mín var sú að aðstoða þetta fólk, en ekki þessi

samtök. Ég hygg, að hæstv. ráðh. geti fengið um það vitneskju hjá landlækni, að hann telur þessa starfsemi vera mjög gagnlega. Deilur, sem uppi kunna að vera í þessu sambandi, koma þessu máli í sjálfu sér ekki við. Ef þessi samtök vinna það verk, sem þau ætla sér að vinna, þannig, að að gagni komi, þá er full ástæða til þess að styðja þau með þessari litlu upphæð, sem ég nefndi hér áðan.

En ástæðan til þess, að ég kvaddi mér hljóðs, var fyrst og fremst það, sem hæstv. ráðh. sagði um aðstöðu nemenda, sem stunda nám erlendis. Það er eflaust rétt, sem hæstv. ráðh. segir, að það eru talsverð brögð að því, að menn séu erlendis við nám, sem e. t. v. er ekki hægt að telja þjóðfélagslega mikilvægt, og í sumum greinum sé fleira fólk en ætti að vera o. s. frv. En ég held, að það væri ákaflega háskalegt, ef ætti að fara að takmarka þennan hóp með fjárhagslegum ráðstöfunum, að gera þeim það erfitt fyrir kostnaðarlega að stunda námið, að einhver hluti þessa fólks verði að gefast upp af þeim ástæðum. Það er engin trygging fyrir því, að það bitni sérstaklega á þeim, sem eru í óþörfu námi. Það getur bitnað allt eins á þeim, sem eru í mikilvægasta náminu. Og ef það verða teknar upp nýjar reglur um starfsemi Lánasjóðsins, sem vafalaust væri skynsamlegt, held ég, að þær reglur eigi ekki að bitna á því fólki, sem þegar hefur hafið nám og er e. t. v. búið að eyða allmörgum árum í nám erlendis. Það á ekki að gera ráðstafanir til að knýja þetta fólk til að hætta slíku námi í miðjum klíðum. Þegar menn hefja nám, verða þeir að fá að vita það frá Lánasjóðnum, hvers þar má vænta. Og hafi maður hafið nám erlendis og fengið til þess aðstoð úr Lánasjóðnum, fylgir því siðferðileg skuldbinding um, að þessi aðstoð verði látin í té meðan maðurinn stundar námið. Þetta er ekki nein lagaleg skuldbinding, hún er siðferðileg alveg tvímælalaust, þannig að ég held, að það væri mjög háskalegt, ef það á að fara að gera skortinn að skömmtunarstjóra hvað þetta snertir, því að fyrir því er engin trygging, að það bitni á þeim, sem við megum helzt án vera. Þetta vildi ég benda hæstv. ráðh. á. Þetta eru mál, sem þarf að fjalla um af mikilli gát og vandvirkni, tel ég.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Það er alls ekki til að andmæla hv. þm., að ég kveð mér hljóðs aftur, heldur til þess að forðast það, að mín orð verði misskilin. Ég held, að okkur greini út af fyrir sig ekki á um efni málsins. Mér hefur aldrei hugkvæmzt, að það ætti að gera skortinn að skömmtunarstjóra, allra sízt á þann hátt að láta það ráðast, hvort það yrðu þá efnanemendur, sem geta haldið áfram námi, en hinir verði útilokaðir. Það er alls ekki það, sem fyrir mér vakti. Hitt tel ég, að sé óumflýjanlegt, að ef að þrengir í þjóðfélagi, þá þurfi eins að skoða þetta eins og annað. Hér er orðið um geysilegar fjárhæðir að ræða, og við vitum það nákvæmlega, að það er auðvitað fjöldi fólks erlendis við ýmiss konar nám, sem er þess eðlis, að það hefur sáralitla þýðingu, og er ákaflega auðvelt að nema slíkt hér heima. Hitt er alveg rétt, að það er auðvitað ekki hægt að stöðva fólk í miðju námi. Það er nákvæmlega rétt, svoleiðis að það var ekki það, sem ég átti við. En ég held, að það sé ekki ágreiningur um það, og ég hef rætt um það sjálfur við ýmsa forráðamenn þessara mála, sem við mig hafa talað, að það sé full ástæða til þess að endurskoða þessa námssókn til útlanda. Mér er sagt, að um 30% af framhaldsnemendum séu í útlöndum. Og ég held, að það sé ekkert efamál, að það sé óhófleg tala. Og það má þess vegna alveg eins hugsa sér á þessu sviði eins og öðrum, að það sé rétt að athuga, hvort þetta sé nauðsynlegt eða ekki. Og ég fullyrði það hiklaust og þekki það sjálfur, að það eru ýmsir, sem hafa fengið námslán og námsstyrki til náms erlendis, sem er gersamlega ástæðulaust að veita. Og ég er hv. þm. algerlega sammála um, að þetta þarf allt saman að gerast af mikilli fyrirhyggju og aðgætni, og þess vegna eins og ég áðan sagði má það ekki ske, að fólk verði núna í miðju kafi að hætta sínu námi, og þess vegna þarf að sjá fyrir þessu fé, sem við gerum hér ráð fyrir að afla, en á þessu stigi er ekki hægt að slá því föstu varðandi framtíðina, og ég tel ekki rétt að slá því föstu, að menn geti reiknað með, að það verði séð fyrir fullnægjandi námslánum og námsstyrkjum til allra, sem hugsa sér að fara til útlanda á næstunni, eins og má segja, að hafi verið í töluvert ríkum mæli til þessa. Þetta var það eina, sem ég átti við, en ekki að það sé held ég neinn ágreiningur milli okkar efnislega um, að það þurfi að taka því með mikilli varúð. (**MK:** Hæstv. ráðh. á þá við nýja nemendur?) Já, fyrst og fremst við nýja nemendur. En reynslan hefur hins vegar bent til þess, að það þurfi að taka þetta með vissum tökum, og án þess að ég sé að vitna í neina ákveðna aðila í þessu, þá veit ég, að fólk, sem þekkir þetta vel og hefur verið við nám sjálft erlendis, gerir sér fulla grein fyrir því, að þarna má með skaðlausu eitthvað draga saman seglin, án þess að það hafi nein slæm áhrif fyrir þjóðfélagið.

Karl Guðjónsson: Herra forseti. Ég hafði nú ekki hugsað mér að taka þátt í þessum umr., enda hef ég ekki fylgzt mjög nákvæmlega með afgreiðslu fjárl., þar sem ég var um skeið veikur, meðan umr. um þau fóru fram hér á þinginu. En það, sem kemur mér til þess að standa hér upp, er það, að ég lagði hér fyrir alllöngu inn brtt. við fjárl., sem ég reiknaði með, að yrði útbýtt hér einhvern tíma sæmilega snemma á degi, til þess að hún gæti orðið tilkynnt sem till., en nú líður mjög á þessa umr., og ég leyfi mér hér með að flytja þá till. sem skrifl. brtt. og biðja forseta að leita afbrigða, sem til þarf, til þess að hún megi koma til umr. og atkvgr. Þessi till. er sú hin sama, sem sá maður, sem við 2. umr. fjárl. skipaði hér mitt sæti, Björgvin Salómonsson, flutti, en dró til baka við þá umr. í von um, að fjvn. tæki málið til athugunar og gerði þá máske till. um það, en svo hefur ekki orðið. Till. er á þessa leið, við 4. gr. með þar tilheyrandi tölusetningum:

„Liðurinn orðist svo:

Vatnsveitur samkv. l., þar af til Vatnsveitu Vestmannaeyja 25 millj. kr., samtals 30 millj."

Með því að búið var að flytja fyrir þessari till. ræðu hér á þingi, sé ég ekki ástæðu til þess að gera það frekar, en legg till. fram.

ATKVGR.

Afbrigði um brtt. 234 og 235, sem voru of seint fram komnar, leyfð og samþ. með 33 shlj. atkv.

Gísli Guðmundsson: Herra forseti. Brtt., sem ég mæli fyrir, er 1. till. á þskj. 234 og er um það, að veittar verði 200 þús. kr. til safnahússins á Húsavík. Ég vil með örfáum orðum gera grein fyrir þessu safnahúsi.

Fyrir nokkrum árum hófust áhugamenn í Suður-Þingeyjarsýslu og í Húsavíkurkaupstað handa um það að koma upp húsi fyrir ýmis söfn, sem varða menningu héraðsins. Hér er í fyrsta lagi um að ræða bókasafn, en stofninn í því bókasafni er sá bókakostur, sem Benedikt á Auðnum á sínum tíma valdi fyrir sýslunga sína til lestrar, og eru margar þeirra bóka nafnfrægar. Þar er t. d. nokkuð merkilegt safn félagsfræðirita. En síðan hefur þetta safn verið aukið og er enn aukið, og er ætlunin, að það verði í þessu húsi.

Í öðru lagi verður hér um að ræða byggðasafn. Er gert ráð fyrir, að þangað verði fluttir þeir munir, sem geymdir eru í gamla bænum á Grenjaðarstöðum, en það er ekki talið fært til lengdar að geyma þá í þeim húsakynnum, bæði af því að þau eru of þröng og af öðrum ástæðum, þó að hins vegar verði að sjálfsögðu reynt að varðveita bæinn sjálfan og þá muni, sem þar eiga heima.

Í þriðja lagi er hér um að ræða skjalasafn Suður-Þingeyjarsýslu og Húsavíkurkaupstaðar. Í fjórða lagi náttúrugripasafn, sem nokkur vísir er þegar að og varðar náttúru héraðsins, og í fimmta lagi er þarna fyrirhugað listasafn.

Á árinu 1967 var hafizt handa um að byggja þetta hús eftir teikningu, sem gerð hefur verið af kunnum arkitekt, og nú er svo komið, að húsið er komið undir þak og búið að leggja í það að ég ætla um 3 millj. kr. Þetta er þriggja hæða hús, um 400 fermetrar að flatarmáli og að ég ætla um 3500 rúmmetrar. Eins og ég tók fram, er þetta verk hafið að tilhlutan áhugamanna, og mjög margir hafa lagt fram fé til þess, sem eru óafturkræf framlög, bæði Suður-Þingeyjarsýsla og Húsavíkurkaupstaður og ýmsir opinberir sjóðir í þeirra héraði og einnig er fjöldi manna í héraði, sem hefur ýmist greitt eða skuldbundið sig til þess að greiða ákveðnar fjárhæðir. Mér virðist vera hér um að ræða mjög athyglisvert og ég held einstakt menningarátak hér á landi af hálfu eins héraðs, eins sýslufélags og eins bæjarfélags og margra einstaklinga á þessu svæði. Og þó að upphæð sú, sem hér er farið fram á, sé ekki há, gæti þó a. m. k. falizt í henni viðurkenning af hálfu Alþ. á þessu menningarátaki, sem hér hefur átt sér stað.

Ég skal geta þess, að í fyrra var flutt till. sama efnis, en um nokkru hærri fjárhæð, eða 400 þús. kr., en ég hef nú ákveðið að fara ekki fram á meira en þetta, sem hér er tilgreint, þessar 200 þús. kr. Vil ég nú mega vænta þess, að hv. þm. sjái sér fært að láta þessa till. ná fram að ganga.

Stefán Valgeirsson: Herra forseti. Ég hef leyft mér að bera hér fram brtt. við fjárl. Í fyrsta lagi eru það tvær brtt., sem hv. 5. þm. Austf., Vilhjálmur Hjálmarsson, flytur með mér í sambandi við framlag til veðdeildar Búnaðarbankans, 10 millj. kr., og heimild til þess að taka lán allt að 10 millj. kr. til sömu stofnunar.

Eins og kom hér fram á hv. Alþ. í fyrirspurnatíma fyrir skömmu, þar sem rædd var fsp. frá hv. 3. þm. Norðurl. v., Ólafi Jóhannessyni, um veðdeildina og ástæður hennar, eru óafgreidd lán á annað hundrað í veðdeildinni. Á árinu 1967 mátti segja, að lán væru afgreidd næstum að segja jafnóðum og umsóknir bárust, og margir, sem sóttu um þessi lán, treystu alveg á það að fá lánin innan skamms tíma og gerðu ráðstafanir í sambandi við það. Það kom fram í þessum umr. um þetta mál, að það hefðu verið lánaðar út fyrri part s. l. árs rúmlega 5 milljónir kr., og það kom líka fram, að það mundi vanta allt að 20 millj. kr. til að fullnægja þeim lánsumsóknum, sem lágu þá fyrir veðdeildinni. Það eru nú fimm, sex vikur síðan þessi fsp. var rædd hér, og þykir okkur því rétt, að vakin sé athygli á þörfum veðdeildarinnar, og óskum eftir því, að hv. þm. sjái sér fært að samþykkja þessar till. okkar.

Ég er hér líka með brtt. í sambandi við hafnarmannvirki. Það er nýr liður, „Hrísey 4 millj." Ástandið í Hrísey er þannig, að þegar er vont veður þar, mega þeir flýja með bátana burtu, og þess vegna er það mjög brýnt, að þetta mannvirki, sem þar er fyrir, verði lagað, og ég held, að það hafi verið í fyrra, sem bryggjan skemmdist mikið í ofviðri, og ef hægt væri að fara í þessa framkvæmd, sem hér er fyrirhuguð, mundi það koma í veg fyrir slíkar skemmdir. Af þessum ástæðum hef ég leyft mér að bera fram þessa till., og er það eftir ósk heimamanna.

Í fjórða lagi er svo brtt. í sambandi við barnaskólann á Þelamörk, Þelamerkurskólann, að liðurinn breytist þannig, að í staðinn fyrir 250 þús. komi 4 millj. og 300 þús. kr. Ég verð að rifja svolítið upp þetta mál, til þess að hv. alþm. geri sér grein fyrir því, hvað hér er á ferðinni. Að beiðni skólanefndar Þelamerkurskólans og oddvita þeirra hreppa, sem að honum standa, ætlaði ég að flytja brtt. við 3. umr. fjárl. fyrir árið 1968 þess efnis að fá framkvæmdaleyfi, þó án hækkunar á fjárveitingu á árinu 1968 til skólans. Voru hrepparnir búnir að tryggja sér að geta gert bygginguna fokhelda á liðnu sumri, ef þetta leyfi hefði fengizt. Ég ræddi þetta við hv. 6. þm. Norðurl. e., Magnús Jónsson, og varð það að samkomulagi, að ég legði ekki till. mína fram, en hins vegar ætlaði hv. þm. að vinna að málinu með mér til þess að byggingarleyfi fengist. Þar sem ég var búinn að sjá, að allar till. stjórnarandstöðunnar voru stráfelldar, hvaða nafni sem þær nefndust, taldi ég það vænlegra til árangurs að fara þessa leið í málinu. Síðan þetta gerðist hefur nú liðið heilt ár, og málinu hefur sannarlega verið haldið vakandi. Fyrir utan allar mínar tilraunir til þess að fá byggingarleyfið hafa tveir af skólanefndarmönnum Þelamerkurskólans komið hingað til Reykjavíkur, gengið á milli Heródesar og Pílatusar, en árangurinn hefur lítill orðið þrátt fyrir mikið erfiði. Í vor var því borið við af hinum vísu mönnum, að sú teikning, sem búið var að ganga frá, væri ekki í réttum mælikvarða, þó að það væri teiknað á sama hátt og undanfarið hefði tíðkazt um slíkar byggingar. En nú er ekki hægt að bera því við, teikningunum, þær eru frágengnar og samþykktar, og fyrir liggur staðfest skeyti frá öllum oddvitum viðkomandi hreppa, að þeir séu reiðubúnir til þess að leggja fram sitt framlag til byggingarinnar. Eftir því sem hæstv. menntmrh. upplýsti hér á Alþ. í fyrradag, þegar skólakostnaðarlögin voru til umræðu, hefur hæstv. ráðh. mælt svo fyrir, að skólaskyldunni skyldi fullnægt í öllum skólahverfum landsins og að viðkom-

andi aðilar hefðu fengið bréf upp á það. Hæstv. menntmrh. sagði enn fremur, að það hefði ekki staðið á því opinbera með þær skuldbindingar, sem því bæri í sambandi við að framkvæma skyldunámið. Með þetta í huga vil ég upplýsa eftirfarandi staðreyndir: Skólaskyldunni hefur aldrei verið framfylgt í skólahverfi Þelamerkurskólans, vegna þess að það er ekkert húsnæði til, sem fullnægir þörfum slíks skóla. En ef hæstv. menntmrh. veit betur en ég um þetta, óska ég eftir ábendingu til úrlausnar þessum vanda. Um langt árabil höfðu unglingar af þessu svæði aðgang að Menntaskólanum á Akureyri, gamla Möðruvallaskólanum, þar til fyrstu bekkir hans voru lagðir niður samkvæmt ákvörðun löggjafans núna fyrir fáum árum. Það má því segja, að það opinbera hafi tekið skólann af Eyfirðingum án þess að láta nokkuð í staðinn enn sem komið er, þrátt fyrir yfirlýsingar hæstv. menntmrh., að ekki hafi staðið á ríkinu að sínu leyti til að framfylgja lögum um skyldunámið. Skólinn var af okkur tekinn til annarra þarfa fræðslunnar í landinu, án þess að um það væri séð, að tiltæk úrræði væru fyrir hendi til unglingafræðslu í hans stað í þessum héruðum. Um nokkurra ára skeið var hægt að koma nokkrum unglingum úr byggðum Eyjafjarðar í Gagnfræðaskólann á Akureyri, en það er liðin tíð, því að sá skóli er þegar ofsetinn af börnum frá Akureyri. Foreldrar í þessu skólahverfi koma því ekki auga á neinn skóla fyrir börn sín og telja því, að fyrir því sé vægast sagt fullur rökstuðningur að byggja nú þegar við Þelamerkurskólann og þó að fyrr hefði verið. Í þessu sambandi má geta þess, að heimavistin á Laugalandi er aðeins fyrir 24 börn, en á þessu skólasvæði eru 95 börn fædd á árunum 1955—62. Og í Arnarnesskólahverfi eru 60 börn af sömu árgöngum, en unglingafræðslan fyrir Arnarneshrepp er einnig fyrirhuguð í Þelamerkurskóla. Sést því á þessu, hvernig ástandið er í þessum hreppum.

Nú sagði hæstv. menntmrh. margt fleira en ég hef þegar vitnað til í sínum ágætu ræðum í fyrradag og þ. á m. þetta, með leyfi forseta:

„Spurningin var eingöngu um það: Á að byggja marga skóla, mjög marga skóla? Á að byggja fáa skóla eða á að fara milliveg? Og reynslan sýndi, að það var hægt að ná, að ég held, samkomulagi. Mér kemur það alveg á óvart, ef ég stend í rangri trú um það. Það var hægt að ná samkomulagi í fjvn. hjá þeim mönnum, sem eitthvað fjalla um skólabyggingar, og hægt var að taka tillit til allra skynsamlegra og rökstuddra óska, ef þessi meðalvegur væri farinn, að fara inn á fjögurra ára regluna."

Ég endurtek, að hægt var að taka tillit til allra skynsamlegra og rökstuddra óska, ef þessi meðalvegur væri farinn, að fara inn á fjögurra ára regluna. Þetta sagði hæstv. menntmrh. hér úr ræðustóli í fyrradag. Hér stendur það svart á hvítu. Og nú er búið að samþykkja skólakostnaðarlögin, eins og hæstv. menntmrh. sagði, að þyrfti að gera til að geta tekið tillit til allra rökstuddra óska um skólabyggingar.

Ég sé því á þessu, að hv. fjvn. hefur orðið á, þegar hún tók ekki Þelamerkurskólann með í tölu þeirra skóla, þar sem fjárveiting var miðuð við það, að framkvæmdaleyfi fengist á næsta ári, því að ég tel mig hafa fært full rök fyrir því, að full þörf sé fyrir þessa byggingu og ekkert skorti á undirbúning málsins, og fjárskuldbinding liggur fyrir frá oddvitum þessara hreppa, sem að skólanum standa. Líklegt er því, að þessi skóli hafi fallið út af vangá, því að hver ætlar það, að hæstv. menntmrh. hafi ekki vitað, hvað hann var að segja hér á hinu háa Alþingi hér í fyrradag, og hverjir vilja gera hann ómerkan orða sinna? Það sést reyndar, þegar atkv. verða greidd um þessa till. mína um Þelamerkurskólann.

Ég á líka vissan stuðning við þetta mál hjá hv. 6. þm. Norðurl. e., Magnúsi Jónssyni, það er ársgamalt loforð. Hins vegar má vera, að hæstv. fjmrh. vilji hafa áhrif á afstöðu þingmannsins, en allt þetta kemur í ljós við atkvgr. á morgun.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Mér finnst nú heldur leiðinlegt að þurfa að karpa við samþm. mína. En hv. 5. þm. Norðurl. e., Stefán Valgeirsson, hefur hagað orðum sínum þannig, að ég kemst ekki hjá því að segja hér örfá orð.

Það er rétt, sem hann sagði, að á s. l. vetri ræddi hann um það við mig, hvort það mundi ekki vera hægt að fá að byrja á umræddum skóla, Þelamerkurskóla, án þess að skuldbinding lægi fyrir hendi um það, hvenær hann yrði tekinn inn á framkvæmdaáætlun, vegna þess að aðstandendur skólans hefðu fé til þess að gera skólahúsið fokhelt. Ég taldi sjálfsagt að vinna með honum að þessu. Það voru til viss fordæmi fyrir því, að þetta hafði verið gert í einu eða tveimur tilfellum. En það kom hins vegar á daginn eftir upplýsingum frá skólayfirvöldum, þegar komið var fram á sumar og var farið að ræða um skiptingu fjár og ákveða framkvæmdaáætlun ársins, að fullnægjandi pappírar lágu alls ekki fyrir frá aðilum þessa máls, eins og hv. þm. í raunìnni upplýsti sjálfur. Hann sagði að vísu, að það hefði byggzt á því, að hefði verið hangið á formum í því, en teikningar höfðu ekki verið staðfestar, og það veit hv. þm. mætavel sjálfur. Það kom svo aftur líka til viðbótar þessu, að ákveðið var, að nýju skólakostnaðarlögin skyldu taka gildi í haust, og það var ljóst, að eftir það var útilokað að leyfa neinum skóla að byrja með þessum hætti af þeirri einföldu ástæðu, að ef teikning yrði staðfest, mundi það vera ákvörðun um það, að ríkið yrði að borga þetta samkvæmt nýju skólakostnaðarlögunum, þannig að þennan gamla hátt var ekki hægt á þessu að hafa. Þetta veit hv. þm. sjálfur. Hv. þm. veit einnig mætavel sjálfur, að fræðsluráð Eyjafjarðar hefur tekið þá ákvörðun að vísu að mæla með bæði Þelamerkurskóla og Hrafnagilsskóla, en hins vegar látið það ótvírætt í ljós, ef ekki væri hægt að taka báða skólana, að þá skyldi Hrafnagilsskóli sitja fyrir, og þetta hefur einnig verið gert. Þetta veit hv. þm. líka mætavel. Hvort hann telur vera einhverja sérstaka baráttu í mínum huga milli 6. þm. Norðurl. e. og fjmrh., það getur hann haft sínar skoðanir um sem hann vill, ég kæri mig ekkert um að vera að karpa við hann um það. Hitt held ég, að engum manni hafi dottið í hug og ekki heldur hæstv. menntmrh., að það væri hægt að taka þrátt fyrir 4 ára tímamarkið alla þá skóla, sem hugsanlegt væri eða sem í rauninni væri ástæða til að taka inn á framkvæmdaáætlun, ef 4 ára markið yrði valið. Og ég get upplýst hv. þm. einnig um það, að hefði 4 ára markið ekki verið valið, eru mjög litlar líkur til, að Hrafnagilsskóli hefði komizt inn á

framkvæmdaáætlun, og það hygg ég, að skipti okkur þó æðimiklu máli, að það gerist, og það er sá skóli, sem er nr. 1 í þessu máli. Hv. þm. veit líka það, að það eru viss atriði, sem ég ætla ekki að fara að rekja hér, það eru innankjördæmismál, sem valda því, að það eru meiri erfiðleikar á að fá fleiri skóla þar viðurkennda vegna skuldbindinga, sem var búið að gera í sambandi við tvo aðra skóla og ég skal ekki hér fara að ræða. Nú, hann verður svo að hafa sinn máta um það, hvort hann segir okkar kjósendum heima fyrir, að ég hafi staðið slælega í stykkinu, svo að ég noti nú lélega íslenzku, fyrir mína kjósendur þarna eða ekki. Það læt ég hann alveg um. En ég læt hins vegar ákveðið í ljós þá skoðun, að þetta er skóli, sem verður að vinna að, að komist sem allra skjótast í framkvæmd, vegna þess að það er rétt, að það er ekki hægt að uppfylla fræðsluskylduna á þessum stað, fremur en var í Fram-Eyjafirði, þannig að þessi skóli þarf vissulega að komast mjög snemma upp, og vildi ég mega vænta þess, að það yrði auðið að taka hann inn á framkvæmdaáætlun með eðlilegum hætti og inn á fjárlög á næsta þingi. A. m. k. vil ég lýsa yfir bæði sem fjmrh. og 6. þm. Norðurl. e., að það rekast ekkert á skoðanir okkar í því efni.

Ég ætla annars ekki að fara að ræða hér innankjördæmismál, en úr því að hann kaus, hv. þm., að fara að blanda mér inn í þetta með þessum hætti, vildi ég aðeins segja þetta. Hins vegar hefur ekki verið neitt slæm samvinna á milli okkar um þetta mál, þannig að það hefur a. m. k. ekki viljandi af minni hendi verið reynt að setja fótinn fyrir það.

Stefán Valgeirsson: Herra forseti. Ég vil nú þakka hæstv. fjmrh. fyrir þessi síðustu orð, þessa yfirlýsingu. Það var nú hún fyrst og fremst, sem ég vildi fá. En ástæðan fyrir því, að ég flutti þetta, var fyrst og fremst ræða, sem hæstv. menntmrh. flutti hér í fyrradag. Og þótt hæstv. fjmrh. segði, að menntmrh. hefði aldrei dottið til hugar, að hægt væri að taka óskir eða allar rökstuddar óskir, haggast ekki þessi orð. Ég las þetta hér upp áðan úr ræðu hæstv. menntmrh., og það stendur óhaggað. En í sambandi við teikningarnar var alveg eins með Þelamerkurskólann og alla hina skólana, þeim var m. a. s. lokið fyrr úr Þelamerkurskólanum en úr hinum skólunum, sem er búið að taka inn á framkvæmdaáætlun, þannig að því er ekki hægt að bera við. Hins vegar ætla ég ekkert að fara að karpa um þetta. Ég er búinn að flytja þessa till., hún liggur hér fyrir og fer til atkvgr. á sínum tíma eins og annað.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 26. fundi í Sþ., 21. des., var fram haldið 3. umr. um frv. (A. 178, 200, 201, 208, 216, 233, 234, 235).

ATKVGR.

Brtt. 233,1—2 samþ. með 33 shlj. atkv.
— 201,1–3 felld með 32:26 atkv.
— 233,3 samþ. með 33 shlj. atkv.
— 201,4—5 felld með 32:25 atkv.
— 200,1 samþ. með 34 shlj. atkv.
— 200,2 samþ. með 44 shlj. atkv.
— 216,I felld með 32:26 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: EÁ, EystJ, GeirG, SGG, GíslG, HS, HV, IG, JSk, JónasÁ, KGuðj, LJós, ÓlJ, Þþ, SE, SkG, SV, SP, VH, ÞÞ, ÁÞ, ÁB, BGuðbj, BFB, BJ, BP.

nei: EggÞ, EmJ, FÞ, GuðlG, GunnG, GÞG, IngJ, JóhH, JónÁ, JÁH, JÞ, JP, JR, MJ, MB, MÁM, ÞG, PJ, PB, PS, SB, SI, StG, SvG, SvJ, AuA, BGr, BK, GeirH, EKJ, BrS, BF.

EðS, MK greiddu ekki atkv.

Brtt. 200,3—5 samþ. með 43 shlj. atkv.
— 216,II samþ. með 49 shlj. atkv.
— 233,4 samþ. með 33 shlj. atkv.
— 235,I felld með 32:28 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: EÁ, EystJ, GeirG, SGG, GíslG, HS, HV, IG, JSk, JónasÁ, KGuðj, LJós, MK, ÓlJ, Þþ, SE, SkG, SV, SP, VH, ÞÞ, ÁÞ, ÁB, BP, BGuðbj, BFB, BJ, EðS.

nei: EggÞ, EmJ, FÞ, GuðlG, GunnG, GÞG, IngJ, JóhH, JónÁ, JÁH, JÞ, JP, JR, MJ, MB, MÁM, ÞG, PJ, PB, PS, SB, SI, StG, SvG, SvJ, AuA, BGr, BK, GeirH, EKJ, BrS, BF.

Brtt. 200,6, svo breytt, samþ. með 38 shlj. atkv.
— 216,III felld með 32:20 atkv.
— 200,7 samþ. með 44 shlj. atkv.
— 234,I felld með 32:27 atkv.
— 200,8 samþ. með 39 shlj. atkv.
— 216,IV. 1 samþ. með 36 shlj. atkv.
— 200,9—10 samþ. með 37 shlj. atkv.
— 235,II felld með 32:20 atkv.
— 200,11 samþ. með 41 shlj. atkv.
— 216,IV.2 samþ. með 46 shlj. atkv.
— 200,12 samþ. með 45 shlj. atkv.
— 216,IV.3 samþ. með 45 shlj. atkv.
— 200,13 samþ. með 45 shlj. atkv.
— 200,14—16 samþ. með 46 shlj. atkv.
— 216,IV.4 samþ. með 38 shlj. atkv.
— 200,17—25 samþ. með 37 shlj. atkv.
— 234,III felld með 32:27 atkv.
— 200,26—30 samþ. með 48 shlj. atkv.
— 234,II felld með 32:24 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: EystJ, GeirG, SGG, HS, HV, IG, JSk, JónasÁ, KGuðj, LJós, MK, ÓlJ, Þþ, SE, SV, SP, VH, ÞÞ, ÁÞ, BGuðbj, BFB, BJ, EðS, EÁ.

nei: FÞ, GuðlG, GunnG, GÞG, IngJ, JóhH, JónÁ, JÁH, JÞ, JP, JR, MJ, MB, MÁM, ÞG, PJ, PB, PS, SB, SI, StG, SvG, SvJ, AuA, BGr, BK, GeirH, EKJ, BrS, EggÞ, EmJ, BF.

GíslG, SkG, ÁB, BP greiddu ekki atkv.

Brtt. 233,5 samþ. með 31 shlj. atkv.
– 234,IV felld með 32:16 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SV, SP, ÞÞ, ÁÞ, BFB, BJ, EðS, GeirG, SGG, HV, JSk, JónasÁ, KGuðj, LJós, MK, VH.

nei: PS, SB, SI, StG, SvG, SvJ, AuA, BGr, BK, GeirH, EKJ, BrS, EggÞ, EmJ, FÞ, GuðlG, GunnG, GÞG, IngJ, JóhH, JónÁ, JÁH, JÞ, JP, JR, MJ, MB, MÁM, ÞG, PJ, PB, BF.

SE, SkG, ÁB, BGuðbj, BP, EÁ, EystJ, HS, ÓlJ, Þþ greiddu ekki atkv.

2 þm. (GíslG, IG) fjarstaddir.

Einn þm. gerði svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. Mér skilst, að það sé núna á frv., sem þessi breyt. er við, 10 millj., og lítur út fyrir, að tillögumaður vilji þá lækka þetta til annarra. Ég greiði ekki atkv.

Brtt. 200,31 samþ. með 36 shlj. atkv.
— 201,6 felld með 30:22 atkv.
— 200,32 samþ. með 47 shlj. atkv.
— 216,V felld með 30:20 atkv.
— 200,33—35 samþ. með 43 shlj. atkv.
— 216,VI samþ. með 34 shlj. atkv.
— 200,36 kom ekki til atkv.
— 216,VII samþ. með 44 shlj. atkv.
— 216,VIII.1 samþ. með 42 shlj. atkv.
— 233,6 samþ. með 38 shlj. atkv.
— 200,37 samþ. með 43 shlj. atkv.
— 216,VIII.2 samþ. með 41 shlj. atkv.
— 200,38—40 samþ. með 44 shlj. atkv.
— 234,V. a–b felld með 31:25 atkv.
— 234,VI. a–b felld með 31:25 atkv.
— 235,III felld með 32:22 atkv.
— 233,7 samþ. með 52 shlj. atkv.
— 200,41—44 samþ. með 44 shlj. atkv.
— 234,VII.1—2 samþ. með 36 shlj. atkv.
— 200,45—53 samþ. með 40 shlj. atkv.
— 201,7 felld með 31:25 atkv.
— 216,IX felld með 32:22 atkv.
— 208,1—2 samþ. með 45 shlj. atkv.
— 216,X felld með 32:26 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÁB, BGuðbj, BFB, BP, BJ, EÁ, EystJ, GeirG, SGG, GíslG, HS, HV, IG, JSk, JónasÁ, KGuðj, LJós, ÓlJ, PÞ, SE, SkG, SV, SP, VH, ÞÞ, ÁÞ.

nei: BGr, BK, GeirH, EKJ, BrS, EggÞ, EmJ, FÞ, GuðlG, GunnG, GÞG, IngJ, JóhH, JónÁ, JÁH, JÞ, JP, JR, MJ, MB, MÁM, ÞG, PJ, PB, PS, SB, SI, StG, SvG, SvJ, AuA, BF.

EðS, MK greiddu ekki atkv.

Brtt. 235,IV felld með 32:24 atkv.
– 200,45 svo breytt, samþ. með 34 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 32 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 238).

16. Lausn kjaradeilu útvegsmanna og yfirmanna á bátaflotanum.

Á 43. fundi í Ed., 17. febr., var útbýtt:

Frv. til l. um lausn kjaradeilu útvegsmanna og yfirmanna á bátaflotanum [142. mál] (stjfrv., A. 257).

Á 44. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 16 shlj. atkv.

Félmrh. (Eggert G. Þorsteinsson): Herra forseti. Verkföll vegna deilu útvegsmanna og sjómanna hafa staðið mánaðartíma. Þrátt fyrir þrotlausa sáttafundi og sáttatilraunir standa enn verkföll yfirmanna á bátaflotanum. Þessi verkföll eru meginástæða þess atvinnuleysis, sem nú ríkir í landinu og víða í sjávarplássum jafnvel eina ástæðan. Hver verkfallsdagur bakar þjóðinni óbætanlegt tjón í skertum tekjum.

Frv. því, sem hér er lagt fram, er ætlað að firra þjóðina því neyðarástandi, sem við blasir, ef ekkert er að gert. Frv. gerir ráð fyrir, að lögfest verði sáttatill. sáttasemjara, sem í megindeiluatriðum er samhljóða þeirri sáttatill., er hásetar og matsveinar og reyndar nokkur hluti vélstjóra á bátaflotanum hafa þegar samþykkt. Útvegsmenn og þrjú félög yfirmanna hafa samþykkt þá lausn, er frv. gerir ráð fyrir. Hefur mikill meiri hluti manna á bátaflotanum því samþykkt þá lausn.

Segja má, að meginatriði þau, sem deilan hafi staðið um, séu um stofnun lífeyrissjóðs og greiðslu upp í fæðiskostnað. Samkomulagið um lífeyrissjóðinn, sem sáttatilraunirnar gera ráð fyrir, er í megindráttum í því fólgið, að samningsaðilar beiti sér fyrir því, að bátasjómönnum verði með lögum tryggð aðild að Lífeyrissjóði togarasjómanna og undirmanna á farskipum. Ef ekki næst samkomulag um aðild að þeim lífeyrissjóði skal stofnaður sérstakur lífeyrissjóður bátasjómanna, iðgjaldagreiðslur skulu vera 10% og greiða útvegsmenn 6, en sjómenn 4%. Sjóðurinn skal taka til starfa 1. jan. 1970 og greiðist það ár 40% iðgjalda, árið 1971 80% iðgjalda og full iðgjöld frá ársbyrjun 1972. Öllum bátasjómönnum er skylt að vera aðilar að sjóðnum, þó skal sjómönnum eigi skylt að vera aðilar að sjóðnum fyrstu fjóra mánuðina, sem viðkomandi er hjá sömu útgerð, séu þeir ekki þegar orðnir sjóðsfélagar, en ávallt er þó sjómanni heimilt að gerast aðili og ber þá að greiða iðgjöld í sjóðinn hans vegna. Þeim sjómönnum, sem hættir eru störfum á sjó, skal heimil áframhaldandi aðild, enda vinni þeir í landi við útgerð.

Samkomulagið um greiðslur upp í fæðiskostnað skipverja á bátaflotanum er í því fólgið, að gert er ráð fyrir, að hluti af fæðiskostnaði sjómanna á fiskibátunum verði greiddur úr Aflatryggingasjóði sjávarútvegsins, þannig að til báta 151 brúttórúmlest og stærri verði greiddar 100 krónur vegna hvers áhafnarmanns á úthaldsdag, en til báta undir 151 brúttórúmlest að stærð verði þessi greiðsla 85 kr. á úthaldsdag og áhafnarmann. Ákvörðun úthaldsdagafjölda og áhafnarstærðar fer eftir almennum reglum sjóðsins. Útgerðarmenn skulu draga framangreindar upphæðir frá fæðiskostnaði sjómanna og fá þær endurgreiddar úr Aflatryggingasjóði. Til þess að standa straum af þessum kostnaði mun ríkisstj. hlutast til um, að lagt verði 1% almennt útflutningsgjald á fob-verðmæti fiskafurða.

Um sáttatilraunirnar og tilraunir til afgreiðslu á þeim má segja, að þátttökuleysið í hinum ýmsu félögum hafi ráðið úrslitum í mörgum þeirra, og minni hluti félagsmanna í yfirmannafélögunum greiddi atkv., og aðeins hluti þeirra synjaði till. sáttasemjara. Meiri hlutinn í þessum félögum hefur því ekki tekið afstöðu til málsins. Eins og sakir standa hefur útlit fyrir sættir versnað, og er málið nú komið í algjöra sjálfheldu. Ríkisstjórninni er því sá einn kostur nauðugur að leysa málið á þennan hátt. Mikill meiri hluti þeirra, er starfa á bátaflotanum, hefur samþykkt þessa lausn með atkv. sínu. Það er því aðeins lítill minni hluti í félögunum, sem er lausninni mótfallinn, þótt í meiri hluta hafi orðið í þessum atkvæðagreiðslum. Ríkisstj. grípur inn í deilur þessar aðeins til að forða neyðarástandi og þjóðarvoða. Hér er miklu meira í húfi en svo, að hagsmunir yfirmanna

einna á bátaflotanum verði látnir stöðva atvinnu þúsunda annarra. Verkfallið hefur magnað meira atvinnuleysi en við Íslendingar höfum þurft að þola í áratugi. Í þeim efnahagserfiðleikum, sem við búum nú við, megum við Íslendingar ekki við rýrnun þjóðartekna vegna innbyrðis ósamkomulags. Deila um smámuni má ekki steypa grunninum undan efnahag þjóðarinnar. Nauðsyn ber til að bera klæði á vopnin og láta þjóðarhagsmuni sitja í fyrirrúmi. Almenningur í landinu er búinn að fá nóg af atvinnuleysi. Hann hefur ekki trú á því, að þeir smámunir, sem á milli ber í deilum útvegsmanna og yfirmanna, réttlæti það tjón, er þegnarnir og þjóðarbúið verða að sæta vegna verkfallsins. Þjóðin krefst þess, að gripið sé í taumana, áður en algjört neyðarástand skapast í landinu. Ríkisstj. hefur af stórum fjölda landsmanna verið legið á hálsi fyrir að grípa ekki fyrr inn í deilur þessar. Það hefur hins vegar verið skoðun ríkisstjórnarinnar, að samningsaðilum ætti að gefast kostur á því að reyna til hins ýtrasta á hinn frjálsa samningsrétt. Á þennan rétt hefur nú reynt, og að því er talið verður svo sem þjóðarhagsmunir frekast geta leyft. Þess vegna er frv. þetta nú lagt fram.

Ég legg til, herra forseti, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. sjútvn.

Karl Guðjónsson: Herra forseti. Hér er til umr. frv. til l. um lausn kjaradeilu útvegsmanna og yfirmanna á bátaflotanum. Það er ekki að ófyrirsynju að af hálfu stjórnvalda, ríkisstj. og Alþ., sé gerð alvarleg tilraun til að leysa það vandræðaástand, sem skapazt hefur, þegar liðið er svo langt á vetur, sem nú er, 17. febr. er í dag og vertíð hvergi hafin nema á Vestfjörðum, annars staðar liggur fiskibátafloti landsmanna í höfn, bundinn í verkfalli, vegna vinnudeilu sem staðið hefur, að því er telja má, frá áramótum, þó beint verkfall hafi ekki staðið svo lengi. Ég er almennt þeirrar skoðunar, að það eigi að gera sem allra minnst að því að leysa kaupdeilur með lögum. Hitt viðurkenni ég, að þegar svo er komið sem nú er, að atvinnulausir menn í landinu eru um 6 þús. talsins, þar af má ætla, að a. m. k. helmingurinn mundi hafa vinnu, ef vertíð væri hafin með eðlilegum hætti, þá horfir málið öðruvísi við. Enn fremur eru sum byggðarlög, og hef ég þá í huga mína heimabyggð, Vestmannaeyjar, þannig á vegi stödd, að þeim bókstaflega blæðir út efnahagslega, ef ekki hefst vertíð á eðlilegum tíma, hún getur það að vísu ekki héðan af, en sem fljótast úr þessu, í ofanálag við þau vandræði, sem allir þekkja, að á undanförnum árum hefur aflaverðmæti farið lækkandi.

Ég mun þess vegna ekki deila á ríkisstj. sérstaklega fyrir það að gera tilraun til að leysa þessa deilu með lögum, eins og nú er komið, þó almennt sé ég þeirrar skoðunar, að það eigi að reyna alla hluti fyrr. Ég er þar með ekki að viðurkenna, að allir hlutir hafi verið reyndir fyrr. Úr því sem komið er verður með einhverjum hætti að fá atvinnuvegi landsins til þess að starfa, því ella er öllum háski vís, líka þeim aðilum, sem nú bítast á um það í hvers hlut eigi að falla einhverjar tiltölulega fáar krónur á mánuði hverjum eða ári. En ég hef nú samt sem áður allmikið við þetta lagafrv. að athuga.

Það er þá fyrst spurning, sem ég leyfi mér að bera fram til stjórnarvaldanna. Úr því að það þarf að höggva á þann hnút, sem er orðinn í atvinnulífinu, hvers vegna þá að gera það með því að leita lagasamþykkis á till., sem felld hefur verið í deilunni, þegar til er önnur till., sem að verulegu leyti hefur verið samþykkt? Á ég þar við það, sem mönnum mun vera kunnugt um, að bæjarráðið í Vestmannaeyjum hafði forgöngu um það að kanna til þrautar, hvort ekki væri hægt að ná samkomulagi milli hinna deilandi aðila þar í héraði og svo brá við, að það samkomulag náðist milli nefndra aðila á fundum með bæjarráði. Það samkomulag liggur alveg fyrir skjallega, og að hluta til er það þess eðlis, að það á sérstaklega við í því byggðarlagi. Ég tel þess vegna, að ekki sé eðlilegt, að samkomulagið í heild sé lagt fram sem lagafrv. til staðfestingar fyrir allt landið, en engu að síður þá vil ég leyfa mér að lesa hér upp þetta samkomulag, með leyfi hæstv. forseta, til þess að menn geti fylgzt með því. Þá er hér í frv., sem fram er lagt, vertíðarsamningur sá, sem sáttasemjari ríkisins lagði til að gerður yrði, en við hann eru gerðar breytingar í þessu samkomulagi, sem ég minntist hér á, að gert var í Vestmannaeyjum á milli deiluaðila. Það skal tekið fram, að ef þetta samkomulag væri unnið í meiri ró og næði en raun var á, þá mundi e. t. v. sumt í formi þess vera öðruvísi, t. d. eru ekki í réttri röð greinarnar í vertíðarsamningnum, en engu að síður les ég það, eins og það er. Það er þannig:

„Breytingar og viðaukar við málamiðlunartillögu sáttasemjara, dags. 10. febr. 1969, til samræmis við samninga Sjómannafélagsins Jötuns og Vélstjórafélags Vestmannaeyja."

Þetta er yfirskrift. Síðan kemur samkomulagið:

„Þar sem í málamiðlunartill. stendur „Farmanna- og fiskimannasamband Íslands" komi: Skipstjóra- og stýrimannafélagið Verðandi.

12. gr. Viðbót. Vinni skipstjóri og stýrimenn við löndun aflans í samningsbundnum frítíma, greiðist það með sem svarar tvöfaldri upphæð miðað við háseta.

10. gr. Breyting tryggingartímabila: a. Frá 1. jan. til 15. maí. b. Frá 16. maí til 30. sept.c. Frá 1. okt. til 31. des.

7. gr. Breyting. "– Ég vil skjóta því hér inn í, að þar hafa þeir skipstjórnarmenn í Vestmannaeyjum fallizt á nokkra lækkun, svo að samkomulagið er ekki allt á þá lundina, að þeir eingöngu strekki á hækkanir, en láti allt annað eiga sig. — „7. gr. Breyting. a. Á skipum allt að 100 brúttórúmlestum 32% miðað við fimm menn, 33% miðað við 6 menn, 34% miðað við 7 menn, 35% miðað við 8 menn, 36% miðað við 9 menn og 37% miðað við 10 menn. b. Á skipum yfir 100 brúttólestir 37% miðað við 12 menn.

Ný grein: Um róðrafrí og helgarfrí. a. Eigi skal róið til fiskjar aðfaranætur helgidaga þjóðkirkjunnar, þó skal viðkomandi félagi heimilt að veita undanþágu frá þessu ákvæði, þegar bátar eru almennt byrjaðir veiðar í net og einnig, þegar beitt er með nýrri loðnu. b. Á tímabilinu frá 1. maí til vertíðarloka skal eigi vitjað um net á sunnudögum, þó skal heimilt að vitja um net á sunnudegi, ef næsti dagur á undan eða á eftir er samkvæmt samningi frídagur, sem ekki er róið á. c. Helgarfrí á togbátum, humar- og dragnótabátum skulu vera aðra hverja helgi og standa yfir í 48 klukkustundir.

Um tilhögun frianna verður nánar tilkynnt með samkomulagi undirrituðu af þeim aðilum, sem að samningi þessum standa, og skulu sektarákvæði greinar þessarar gilda fyrir umrætt samkomulag. Ofanskráð tekur ekki til skips, sem veiðir fyrir erlendan markað, þó skal á skipum yfir 150 rúmlestir, sem stunda togveiðar og eru í útilegu og ísa eða salta aflann um borð, heimilt að velja á milli framanskráðra helgarfría eða að skipverjar fái 24 klukkustunda hafnarfrí eftir hverja veiðiferð á tímabilinu 16. maí til 20. sept. Eigi er þó skylt að hafa hafnarfrí, ef veiðiferðin tekur skemmri tíma en fimm sólarhringa, en tryggt skal, að skipverjar fái fjögurra daga frí í mánuði enda falli þá helgarfríið niður. d. Á föstudaginn langa, páskadag, 1. maí og sjómannadaginn skal ekki róið eða verið á sjó. e. Séu ákvæði eða samkomulag greininni fylgjandi, svo og ákvæði um hafnarfrí brotin, skal aflaverðmæti úr veiðiferðinni renna til viðkomandi félaga. Ofanskráðar breytingar eru háðar því, að Sjómannafélagið Jötunn og Vélstjórafélag Vestmannaeyja annars vegar og Útvegsbændafélag Vestmannaeyja hins vegar hafi þessi ákvæði áfram í samningum sínum."

Og síðan kemur: „Miðlunartillaga frá bæjarráði. Fastakaup stýrimanna og skipstjóra skal vera kr. 1150 á mánuði í stað kr. 624. Fyrir hönd Útvegsbændafélags Vestmannaeyja með fyrirvara um miðlunartillögu bæjarráðs. Ingólfur Arnarson. Kristinn Pálsson. Ólafur Sigurðsson. Fyrir hönd Skipstjóra- og stýrimannafélagsins Verðandi, Vestmannaeyjum, með fyrirvara um fundarsamþykkt. Guðjón Pálsson, form., Guðjón Pétursson, Hjörtur Hermannsson, Hafsteinn Stefánsson."

Sem sagt, þarna náðist samkomulag, sem síðan var borið undir Skipstjóra- og stýrimannafélagið Verðandi og samþykkt þar með 61 atkv. gegn 13, en Útvegsbændafélagið samþykkti reyndar í trúnaðarráði að bera þetta ekki undir félagsmenn. Þannig var þetta samkomulag ekki undirritað og endanlegt og náði ekki þeim tilgangi, að verkfallinu lyki og róðrar gætu hafizt. En eins og allir sanngjarnir menn hljóta að sjá, þá tel ég augljóst, að þessi till., sem svona nálægt samþykki var og ætla má að hefði hlotið endanlegt samþykki, ef hún hefði fengizt borin undir aðila, hefði verið lögfest heldur en tillagan sem felld hefur verið. Ég mun því freista þess að flytja brtt. við þetta frv. í þá átt að færa það til samræmis við þetta samkomulag, sem er svo miklu nær því að hafa átt samkomulagi að fagna hjá deiluaðilum en sú till. ríkisstj. Íslands, sem hér er gerð till. um að lögfest verði sem lausn á deilunni, sem yfir stendur.

Þess má geta, að á samningafundunum, sem haldnir voru hér í gær, mun fulltrúi Skipstjóra- og stýrimannafélagsins Verðandi í Vestmannaeyjum hafa gefið til kynna að hugsanlegt væri, að þetta samkomulag, sem felst í sjálfri miðlunartillögunni, þ. e. að hækka kaup yfirmannanna á fiskiskipum, hið fasta kaup, úr 624 kr. í 1150 kr., kæmi ekki til útborgunar, nema þar sem skipverji væri í sama skipsrúminu í hálft ár a. m. k. Hugsanlegt hefði þess vegna verið að fara með þeim hætti í þetta, og þá má ætla, að ekki væri um neina lögþvingun að ræða, heldur hreinlega að lögfesta samkomulag, sem hafði þó ekki náð neinu formlegu samþykki, þannig að það gæti sem samningur leyst deiluna.

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til þess að halda hér lengri tölu um þetta mál að sinni, en mun sem sagt bera fram brtt. við það, og ég get lýst því yfir, að eins og frv. er, þá er ég á móti því, ég tel að hér sé farið rangt að með því að gera till., sem felld hefur verið, að lögum, en gera enga tilraun til þess að koma með þá till. til lausnar á málinu, sem er miklu nær því að hafa náð samkomulagi.

Gils Guðmundsson: Herra forseti. Kjaradeila sú, sem risið hefur milli sjómanna og útvegsmanna, hefur staðið í fullan mánuð, hafði staðið nær því mánaðartíma, þegar loks var samið við undirmenn, en þá náðist ekki samkomulag við yfirmenn á fiskiskipunum og sú deila stendur enn. Nú er komið fram frv. frá hæstv. ríkisstj. um að leysa þessa kjaradeilu milli yfirmanna á fiskiskipaflotanum og útvegsmanna með því að gera að lögum þá till. sáttasemjara, sem fram kom á sáttafundi 12. febr., en yfirmenn á fiskiskipaflotanum felldu við atkvæðagreiðslu þá næstu daga á eftir.

Það er enginn efi á því og dettur engum í hug að neita því, að það er mikil þörf á, og hefur raunar lengi verið, að þessi deila leystist. Margt er, sem veldur því og þarf ekki langt mál um að hafa. Deilan hefur þegar orðið íslenzku þjóðfélagi dýr, hún hefur að sjálfsögðu aukið mjög á atvinnuleysið, sem hér hefur verið geysilegt í vetur, hún hefur dregið verulega úr gjaldeyrisöflun og við hvorugu máttum við. En hvernig stendur á því, að þessi deila hefur dregizt svo mjög á langinn? Um það væri fróðlegt að fá nánari upplýsingar en fyrir liggja.

Ég skal ekki fara langt út í forsögu þessa máls, en þó verð ég að lýsa undrun minni yfir því, hvað þessi deila hefur í rauninni staðið lengi, miðað við ýmsar forsendur, og ég hygg, að það sé með öllu fráleitt, eins og reynt hefur verið sérstaklega nú síðustu dagana, að skella þar skuldinni á annan aðilann fyrst og fremst eða algerlega, þ. e. a. s. sjómennina og þá alveg sérstaklega yfirmenn á fiskiskipaflotanum. Ég get ekki sagt annað en það, að miðað við það, hversu miklu máli skiptir fyrir þjóðfélagið í heild, að þessi deila leystist fljótt og vel, þá hefur hæstv. ríkisstj. farið sér furðulega hægt að því að reyna að leysa málið, a. m. k. svo að opinberlega sé um það kunnugt. Á henni hefur þó hvílt rík skylda til þess að vinna að lausn þessa mikla vanda. Á henni hefur ekki aðeins hvílt rík skylda vegna þess, að nauðsynlegt var að halda framleiðslunni gangandi og bjarga verðmætinni til þess að draga úr atvinnuleysi til þess að auka útflutningsverðmæti. Þessi skylda var og er mjög brýn, eins og allir vita. En ríkisstj. bar hér í rauninni sérstök skylda til þess að vinna að lausn þessarar deilu vegna þess, hvernig kaupdeilan við sjómannastéttina var til komin.

Við stjórnarandstæðingar vöruðum við því á s. l. hausti, í nóvember- og desembermánuði, hvað af því kynni að hljótast, þegar sjómannakjörunum var mjög verulega raskað með lagasetningu frá Alþ. Sjómenn og útgerðarmenn höfðu lengi samið um hlutaskipti á hinum ýmsu veiðum, eins og kunnugt er, en núna fyrir áramótin voru þeir samningar ógiltir með l. og önnur hlutaskipti ákveðin sjómönnum mjög í óhag, en útgerðinni í hag. Um það skal ég ekkert dæma, hvort þeir samningar um hlutaskipti, sem giltu þangað til í des s. l., hafi að öllu leyti verið eðlilegir og réttlátir. Um það

voru skiptar skoðanir, en hitt var alveg ljóst, að breyting þessara samninga með lögum hlaut að draga dilk á eftir sér. Það mundi ekki hjá því fara, að sjómannastéttin risi upp og gerði ákveðnar kröfur, þegar hennar hlutur var þannig með lögum lækkaður stórlega frá því, sem verið hafði. En þessum aðvörunarorðum var ekki sinnt, enda þótt fyrirsjáanleg væri kjaradeila, sem ómögulegt var að segja um, hversu erfið og vandleyst kynni að verða. En þegar kom fram í janúarmánuð og ljóst var, hverjar voru aðrar kröfur sjómanna, bæði undir- og yfirmanna, hygg ég, að margir hafi talið, að hér gæti tæplega orðið um mjög langa vinnustöðvun eða mjög erfiða kjaradeilu að ræða. Og ástæðurnar voru þær, að sjómenn, jafnt undir- sem yfirmenn, höfðu sett fram kröfur, þar sem meginkröfurnar voru það sanngjarnar og það lágar, liggur mér við að segja, að það virtist nánast útilokað annað en hægt yrði á þeim grundvelli, eða með tilliti til þessara meginkrafna, að semja á tiltölulega skömmum tíma og án þess að það væri mjög mikil viðbót fyrir útgerðina að taka á sig þær kvaðir.

Sjómenn fóru sem sagt ekki fram á það, að hlutaskiptunum yrði breytt í hið fyrra horf, eins og verið hafði áður en breyting var þar á gerð með lögum. Þeir sættu sig við það, sem orðið var í þeim efnum eftir atvikum, og því hafa vafalaust valdið ýmsar ástæður, m. a. sú, að æ fleiri fiskimenn hafa nú á síðustu misserum orðið að sætta sig við það, að það voru ekki hlutaskipti, sem tryggðu þeim í rauninni það kaup, sem þeir fengu, heldur yrðu þeir að sætta sig við lágmarkskauptrygginguna eina, þar sem hluturinn í ýmsum tilfellum náði ekki þeirri kauptryggingu. En nú voru kröfur sjómanna sem sagt ekki um óbreytt hlutaskipti eða hlutaskiptin gömlu, heldur voru meginkröfurnar tvær. Í fyrsta lagi, að þeir fengju fæðiskostnað greiddan af útgerðinni. Þar var um að ræða gamla kröfu og kröfu, sem er orðin að reglu víðast hvar eða jafnvel alls staðar í landi, þar sem menn vinna fjarri heimilum sínum. Og þegar það kom einnig fljótlega í ljós, að sjómennirnir voru tilbúnir til þess að semja hér aðeins um hluta af fæðiskostnaði, virtist það nokkuð ljóst, að þarna átti að vera grundvöllur fyrir samkomulagi, og það raunar miklu fyrr en raun varð á. Niðurstaðan varð svo sú, að samningar tókust við undirmenn, og þeir eru í stuttu máli á þá lund, að af óskiptum afla er tekinn ákveðinn hluti, sem rennur í sérstakan sjóð, sem greiðir síðan hluta af fæðiskostnaði. Hin aðalkrafa bátasjómannanna var aðild að lífeyrissjóði, og það kom í rauninni fljótlega í ljós, þegar farið var að ræða þá kröfu, að fyrst og fremst lögðu sjómennirnir áherzlu á að fá slíka aðild viðurkennda í prinsippinu. Þeir gátu hugsað sér að semja um, að þetta mál kæmi til framkvæmda í áföngum, eins og varð niðurstaðan í þeim samningum við undirmenn, sem gerðir voru fyrir fáum dögum. Það var þess vegna heldur ótrúlegt, að lífeyrissjóðsmálið í því formi, sem það var rætt á samningafundum, hefði þurft að valda eins tilfinnanlegri og langvarandi deilu og raun varð á, því að í sambandi við það er þess að geta, eins og alkunnugt er, að æ fleiri starfsstéttir hafa öðlazt slík réttindi á undanförnum árum, og að undanförnu hefur það verið rætt mikið, og jafnvel undirbúið af hálfu hins opinbera, að setja löggjöf um lífeyrissjóð fyrir alla landsmenn. Að vísu veit maður ekki, hver endir kann á slíku að verða, en þetta er þó stefnuatriði, sem þegar má segja, að hafi verið tekið upp af hálfu þings og ríkisstj. að stefna bæri að því, að allir landsmenn geti orðið aðilar að lífeyrissjóði.

Ég vil því segja, að miðað við þessar aðalkröfur sjómanna gegnir það í rauninni furðu, hversu langvinnt og erfitt úrlausnar þetta verkfall hefur orðið. Og ég verð að segja, að það hefur ekki borið, a. m. k. opinberlega, mikið á frumkvæði hæstv. ríkisstj. að því er varðar möguleika á að leysa þessa deilu.

Ýmsir eru þeirrar skoðunar, að tregða útvegsmanna við það að ganga til samninga um tiltölulega einföld atriði hafi ekki sízt stafað af því, að þeir gerðu sér vonir um að ríkisstj. skærist í þessa deilu með því að setja lög um málið. Þetta hefur hæstv. ríkisstj. nú ekki gert fram að þessu og virðist svo, sem hún hafi ekki talið æskilegt eða rétt að setja slíka löggjöf meðan deilan stóð við undirmennina, milli útvegsmanna og undirmanna á skipunum, en hins vegar telji hún nú rétt og nauðsynlegt að setja slíka löggjöf, þegar deilan stendur einungis við yfirmennina. Nú skal ég sízt draga úr því, að það er fyrir löngu orðin full þörf á, að þessi erfiða og ákaflega dýra deila leysist. En ég vil spyrja, er það svo mikið, sem í raun og veru ber á milli, að þetta sé eini möguleikinn til þess að leysa deiluna, að setja þar um löggjöf? Mér er tjáð, ég get ekki fullyrt, hvort rétt sé, að í rauninni sé um smámuni að ræða til þess að gera. Það sé e. t. v. um 500 kr. viðbótartryggingu að ræða til þess að hægt hefði verið að leysa þessa deilu og hægt væri jafnvel í dag að leysa þessa deilu. Ég veit ekki, hvort þetta er rétt, en ég hygg, að það sé ekki um stórar fjárhæðir að ræða, heldur tiltölulega litlar. Og sé það rétt, tel ég, að það sé óneitanlega viðurhlutamikið fyrir Alþ. að taka samningsrétt af aðilum án þess að hafa kynnt sér þessi mál, án þess að hafa kynnt sér forsendurnar og þá möguleika, sem kunna að vera til þess að leysa deiluna án þess að til lagasetningar komi. Nú skal ég ekki, þar sem ég er þessu máli allt of lítið kunnur, ekki fjölyrða um möguleika á þessu. Hæstv. sjútvmrh. hefur gert till. um, að þetta mál fari til sjútvn. Nú teldi ég það í hæsta máta eðlileg vinnubrögð, og ætti ekki að þurfa að tefja lausn þessarar deilu neitt, að sú n., sem fær málið til meðferðar, kalli fulltrúa deiluaðila á sinn fund og hún kanni, hvað raunverulega ber á milli, að hún athugi, eftir því sem hún hefur föng til á stuttum tíma, hvort möguleikar væru á því á síðustu stundu að leysa þetta mál án lögbindingar, hvort e. t. v. væru möguleikar á því, að Alþ. kysi sáttanefnd til þess að vinna að lausn málsins með sáttasemjara. Ég varpa þessu fram til athugunar fyrir þá n., sem fær málið til meðferðar, því að sé svo, að sáralítið beri á milli, er þeim mun meiri ástæða til þess að reyna að leysa þetta mál án lögbindingar, sé þess nokkur kostur.

Eins og fram kom í ræðu hv. 6. þm. Sunnl., felst í því frv., sem hæstv. ríkisstj. hefur lagt hér fram, að lögbinda þá sáttatill., sem fram kom hjá sáttasemjara 12. febr. s. l., en það er sú till., sem yfirmenn hafa fellt með allmiklum mun atkv., en útvegsmenn hafa hins vegar samþ. með mjög verulegum atkvæðamun. Það er því ljóst, að með frv., eins og það nú liggur fyrir, er tekin alger afstaða með þeirri till., sem útgerðarmenn höfðu samþ., en yfirmenn á fiskiskipaflotanum höfðu fellt.

Þetta tel ég út af fyrir sig á engan hátt eðlilegt að standa þannig að málum, en hitt hefði þá verið miklu eðlilegra að fara þarna einhverja millileið eða, líkt og hv. 6. þm. Sunnl. benti á, taka upp nánast þá till., sem virtist næst því að fullnægja báðum aðilum eða báðir aðilar virtust geta nokkurn veginn sætt sig við.

Ég vil að lokum segja þetta. Það er alveg hárrétt, að fyrir íslenzkt efnahagslíf er það brýn nauðsyn að leysa þessa deilu, og hefði raunar átt að vera búið að leysa hana fyrr en nú, en ég tel, að lögþvingun sé ekki rétta leiðin. Ef nokkrir aðrir möguleikar eru fyrir hendi, þá er ekki rétt af Alþ. að fara út á þá braut, það er prinsipatriði. Ég tel, að það sé mjög háskalegt, ef farið er út á þessa braut, og það eigi ekki að gera, svo framarlega sem nokkrir aðrir möguleikar eru til.

Ég hef látið í ljós þá skoðun eða tel mig hafa fregnir um það, að í þessari deilu beri ekki meira á milli en það, að það ætti að vera hægt, jafnvel nú á elleftu stundu, að leysa hana eftir öðrum leiðum en lögþvingunarleiðinni. Ég býst raunar við, að ef útgerðarmenn eða þeir, sem þar hafa ráðið ferðinni, hefðu ekki treyst því, að hæstv. ríkisstj. skærist í leikinn, væri búið að leysa þessa deilu, en það hafi einmitt verið traust þeirra eða trú þeirra á það, að hæstv. ríkisstj. mundi koma á sínum tíma og setja löggjöf um málið, sem hefur valdið því, að þessi deila hefur orðið langvinnari og torleystari en í rauninni tilefni virtist vera til af hálfu þeirra, sem þarna deildu um kaup og kjör.

Ég vil að síðustu vara mjög við því, sem mér virðist hafa verið nokkuð áberandi núna allra síðustu dagana og raunar kynt undir í málgögnum hæstv. ríkisstj., en það er að skella allri skuldinni af þessari kjaradeilu, eins og hún nú er orðin, á yfirmenn á fiskiskipaflotanum, það sé vegna þrjózku og þrákelkni þeirra eingöngu, að þessi deila sé ekki leyst. Það er vafalaust, að þessi kenning fær einhvern byr vegna þess, að allir vilja, að þetta verkfall leysist sem allra fyrst. En ég held, að það sé ekki rétt og ekki viturlegt að leggja málin þannig fyrir að kenna yfirmönnum á skipaflotanum eingöngu um, að ekki hafa tekizt samningar í þessu máli. Þessi stétt manna, yfirmenn á íslenzka fiskiskipaflotanum, eru engir vandræðamenn, síður en svo. Þetta eru menn, sem íslenzkt þjóðfélag stendur í mikilli þakkarskuld við fyrir þeirra framlag fyrr og síðar til íslenzka þjóðarbúsins. Þetta eru mætir og mikilhæfir menn, sem eru okkur Íslendingum einhver mikilvægasta þjóðfélagsstéttin, hvernig sem á er litið, og við megum einna sízt við að beita þvingunum eða rangindum á nokkurn hátt. Ég vil þess vegna algerlega mótmæla þeirri kenningu, sem verið er að halda að mönnum nú, að það sé eingöngu um þrákelkni þessara manna að ræða, að ekki hefur verið samið. Ég tel, að þar sé ekki rétt með mál farið og þeir hafi ekki gefið tilefni til þess að mál væru þannig lögð fyrir. En með því að taka hér upp í þetta frv. þá miðlunartill., sem yfirmennirnir voru búnir að fella, en útvegsmenn voru búnir að samþykkja, þá er í rauninni óbeint tekið undir þetta og það tel ég algerlega óeðlilegt og hefði, eins og ég áðan sagði, verið eðlilegra, að hæstv. ríkisstj. hefði þá komið fram með aðra till., sem mátti segja, að færi nær því, sem samkomulag virtist geta orðið um. En að síðustu vil ég segja þetta. Ég tel, að enn sé ástæða til þess að reyna til þrautar samningaleiðina, og ég vil vara við því að fara lögþvingunarleiðina, ef nokkur önnur leið er fær.

Ólafur Jóhannesson: Herra forseti. Í sambandi við þetta mál væri að sjálfsögðu full ástæða til þess að ræða atvinnumálin og kjarasamningamálin almennt. Það mun ég þó ekki gera, þar sem hæstv. ríkisstj. hefur sérstaklega óskað eftir, að afgreiðslu þessa máls væri hraðað, og hún hins vegar hefur lýst því yfir, að almennar umr. um atvinnumál yrðu látnar fara fram hér á Alþingi nú í vikunni eða n. k. fimmtudag. Ég kemst þó ekki hjá því að víkja aðeins nokkuð að þessum málum.

Það væri auðvitað ástæða til þess í sambandi við þetta mál að rifja upp stefnu og sögu hæstv. ríkisstj. í kjarasamningamálum. Tímans vegna get ég þó ekki farið út í það nema að örlitlu leyti. Ég ætla þó aðeins að minna á það, að í öndverðu lýsti þessi hæstv. ríkisstj. því yfir, að hún ætlaði ekki að hafa afskipti af kaupgjaldsmálum og kjarasamningum. Þeim málum ætti að skipa með frjálsum samningum atvinnurekenda og launþega.

Frá þessari stefnu hefur ríkisstj. hvað eftir annað vikið og gripið inn í kjaradeilur með lagasetningu, og hún hefur gert það oftar en nokkur önnur ríkisstj. hér á landi. Það segir að sjálfsögðu sína sögu og ber því vitni, hver ókyrrð hefur oft og tíðum verið ríkjandi á vinnumarkaði í tíð þessarar ríkisstj. Ég ætla aðeins að rifja það upp með örfáum orðum, hvenær og við hvaða tækifæri ríkisstj. hefur gripið inn í kjaradeilur með lagasetningum, og raunar oftast nær með brbl.

Þar er fyrst að nefna brbl. nr. 84 frá 1962 til lausnar síldveiðideilunni sumarið 1962. Í þeim l. var svo fyrir mælt, að kaup og kjör síldveiðisjómanna skyldu ákveðin með gerðardómi. Næst er að nefna brbl. nr. 64 frá 1963 um lausn kjaradeilu verkfræðinga. Þar var líka kveðið svo á, að gerðardómur skyldi ákveða kaup og kjör verkfræðinga og setja gjaldskrá. Þessi brbl. voru sett í tilefni af verkfalli stéttarfélags verkfræðinga, og í þeim voru jafnframt verkföll bönnuð. Þá má nefna lög nr. 18 frá 1965, um lausn kjaradeilu atvinnuflugmanna. Þau lög bönnuðu verkfall, sem atvinnuflugmenn höfðu boðað til, og ákveðið var, að kjörin skyldu ákveðin af gerðardómi, og verkföll til þess að knýja fram aðra skipun voru í þessum lögum bönnuð. Næst er að nefna brbl. nr. 79 frá 1966, um lausn deilu framreiðslumanna og veitingamanna. Þessi lög mæltu svo fyrir, að gerðardómur skyldi skipaður, og hann ætti að ákveða kaup og kjör faglærðra framreiðslumanna og barmanna í veitingahúsum, en verkfall hafði staðið yfir um vikutíma, þegar þessi brbl. voru sett. Í þessum lögum voru einnig verkföll bönnuð, þ. á m. samúðarverkföll.

Enn má nefna brbl. nr. 63 1967 um lausn deilu stýrimanna, vélstjóra og loftskeytamanna á íslenzkum farskipum og eigenda íslenzkra farskipa. Þessi lög áttu að gilda þangað til nýr samningur tækist um önnur kjör. Enn fremur má geta þess, að í nokkrum tilfellum hefur verið um það að ræða, að gripið hefur verið inn í kjaradeilu með þeim hætti, að kjarasamningar hafa verið framlengdir. Slíkt átti sér t. d. stað með l. nr. 85 frá 1961, þar sem kveðið var á um framlengingu samninga á milli læknafélaga og sjúkrasamlaga, og sama máli gegndi um brbl. nr. 51 frá 10. maí 1967, um framleng-

ingu á kjarasamningi á milli Apótekarafélags Íslands og Lyfjafræðingafélags Íslands.

Það eru þannig orðin æðimörg lögin, sem hafa gripið inn í kjaradeilu í tíð núv. ríkisstj. þrátt fyrir það fyrirheit, sem hún gaf í öndverðu um það, að hún ætlaði ekki að blanda sér í þessi mál, heldur láta atvinnurekendur og launþega um það að semja um kaup, án atbeina lagasetningarvaldsins. Og það er vissulega dálítið einkennilegt, að það skuli vera og hafa orðið hlutverk Alþýðuflokksins að standa að setningu allra þessara laga um lögbindingu kaups með einum eða öðrum hætti, vegna þess að í þeim örfáu tilfellum, þar sem gripið hafði áður verið til gerðardóms hér á landi í kaupdeilum, hafði Alþfl. verið því mjög andvígur og hann var því svo andvígur árið 1938, að þegar lög voru sett um ágreining þann, sem þá var á milli útgerðarmanna botnvörpuskipa og sjómanna um kaup og kjör og það var ákveðið, að sá ágreiningur skyldi lagður í gerð, þá dró Alþfl. ráðh. sinn út úr þeirri ríkisstj. Hið sama skeði svo árið 1942, þegar sett voru l. nr. 1 frá 1942 um gerðardóm í kaupgjalds- og verðlagsmálum. Þá dró Alþfl. líka sinn ráðh. út úr þeirri ríkisstj. Það má þess vegna segja, að saga og viðhorf þeirra Haralds Guðmundssonar og Stefáns Jóh. Stefánssonar sé nokkuð annars konar en núv. hæstv. sjútvmrh., Eggerts G. Þorsteinssonar, sem hefur það hlutverk hér nú að mæla fyrir setningu þessara laga og beita sér fyrir þeim.

Ég ætla ekki hér að fara að orðlengja um þá vinnudeilu, sem hér hefur staðið að undanförnu, og sjómannaverkfall það, sem hér hefur staðið yfir um mánaðartíma. En ég rifja það þó upp og undirstrika það, sem kom fram í ræðu hv. 5. þm. Reykn., sem talaði hér næstur á undan mér, að tilefni til þess verkfalls má alveg óefað að verulegu leyti rekja til þeirrar lagasetningar, sem átti sér stað hér fyrir áramótin, sem sé löggjafarinnar um ráðstafanir vegna sjávarútvegsins, þar sem horfið var að því ráði að grípa enn sinu sinni inn í samninga um kaup og kjör og breyta þeim með lagaboði, þar sem um það var í reyndinni að ræða vegna þess, að þau lög breyttu raunverulega hlutakjarasamningum, sem gilt höfðu. Ég segi eins og hv. síðasti ræðumaður, að ég ætla engan dóm að leggja á það og hef aldrei lagt neinn dóm á það, hvort þau hlutaskiptakjör voru eðlileg og sanngjörn eða ekki, en það hafði verið gerður samningur um þau, fullkomlega gildur samningur. Undir þann samning höfðu útgerðarmenn skrifað. Við þann samning áttu þeir að standa, þangað til hann féll úr gildi með eðlilegum hætti, og um ný hlutaskiptakjör átti að semja, þegar sá samningur var úr gildi genginn, en löggjafinn átti ekki að grípa inn í með þeim hætti, sem gert var. Við aðvöruðum, eins og sagt var hér áðan, gegn því að hverfa að þessari leið. Við spáðum því, að það mundi draga dilk á eftir sér, og það hefur sannazt. Það var auðvitað auðséð, að slíkt mundi leiða til deilu. En ríkisstj. og stuðningsmenn hennar skelltu skollaeyrum við þessum aðvörunum okkar. Það má að sjálfsögðu segja, að úr því, sem komið er, hafi það litla þýðingu að vera að rifja þessa sögu upp. Samt sem áður er það svo, að hún má ekki gleymast. Hún má gjarnan verða víti til varnaðar, en auðvitað verður að horfast í augu við það, sem orðið er, og hvað sem tilefninu og ástæðunni til þessarar deilu og til þessa verkfalls, sem hér hefur verið háð, líður, þá er verkfallið staðreynd, sem verður að horfast í augu við og verkfallið verður að leysa. Um það eru í rauninni allir sammála vegna þess, að þjóðin hefur ekki efni á því, að því sé haldið áfram.

Hér er enn einu sinni farið inn á þá braut að grípa inn í deilu með lagasetningu. Hér er það lagt til, að lögfest verði miðlunartill. sú, sem sáttasemjari ríkisins í vinnudeilum hefur lagt fram og atkvgr. hefur farið fram um. Hér er ekki lagt til, eins og svo oft áður, að mál þessi séu útkljáð með gerðardómi, heldur er hér farið inn á nýja leið, sem ég veit satt að segja ekki til, að eigi sér fordæmi hér á landi, þó að hún sé þekkt annars staðar frá, að lögfesta miðlunartill. sáttasemjara. Og að sjálfsögðu má segja það, að það sé nokkur blæmunur á þessu tvennu að setja lög um gerðardóm og lögfesta miðlunartill. sáttasemjara, þar sem þá hefur þó þegar verið gengið um þau stig, sem gert er ráð fyrir í vinnulöggjöfinni, sáttatilraunir reyndar með lögboðnum hætti og sáttasemjari lagt fram sína miðlunartill. og borið hana undir atkvgr. Þetta er að vísu nokkuð annað í mínum augum heldur en þegar gripið er inn í kjaradeilu, áður en farið hefur verið með þessum hætti að lögum.

En auðvitað vaknar sú spurning, hvort það hefði ekki verið hægt að leysa þessa deilu með frjálsum samningum. Það er satt, að það hefur þegar tekizt að leysa meginhluta deilunnar að því leyti, að samningar hafa tekizt við bátasjómennina, enda þótt samningar hafi nú ekki tekizt enn við yfirmenn. En ég hef áður látið í ljós þá skoðun, að mér þætti furðu gegna, hvað samningar um þessi efni drægjust á langinn, og ég get gert það enn. Ég tek undir það, sem hér hefur komið fram og m. a. kom fram hjá hv. síðasta ræðumanni, 5. þm. Reykn., að þær kröfur, sem gerðar voru af sjómanna hálfu í þessu máli, virðast manni eftir atvikum hafa verið mjög sanngjarnar, vegna þess, að þar var farið fram á, ef maður lítur aðeins á höfuðkröfurnar, fæðiskostnað, sem menn yfirleitt munu nú fá greiddan ef þeir vinna utan síns heimilis, og í annan stað var farið fram á stofnun lífeyrissjóðs í áföngum, stofnun lífeyrissjóðs, sem sjómenn á öðrum skipum, eins og togurum og farskipum, þegar hafa, og stofnun lífeyrissjóðs, sem á samkv. yfirlýsingum, sem þar um hafa verið gefnar hér á Alþ., að stofna fyrir alla landsmenn innan tíðar. Og ég geri ráð fyrir því, að það verði staðið við þær yfirlýsingar og þá ætla ég, að sú löggjöf ætti að vera komin á og til framkvæmda á svipuðum tíma og ákveðin um lífeyrissjóð sjómanna verða komin til framkvæmda að öllu leyti. Svo að í sjálfu sér er ekki þarna um mikið að ræða.

Ég skal ekki segja um það, hverjar kröfur yfirmannanna hafa verið. Þær kunna að hafa verið aðrar og meiri. En eftir stendur það, sem hæstv. sjútvmrh. sagði hér áðan, að það væru aðeins smámunir, sem á milli bar. Og það var nefnd tala áðan af síðasta ræðumanni í því sambandi 500 eða 600 kr. á mánuði. Sé það nú svo, að þetta verði að hafa fyrir satt og því er yfirlýst, eins og ég sagði, af hæstv. ráðh., að hér sé aðeins um smámuni að ræða, þá hljóta menn að spyrja. Hvers vegna í ósköpunum er ekki um þetta samið og þetta leyst með samningum? Það er hér um smámuni að ræða, en annars vegar stendur þjóðarbúið á heljarþröm vegna þess,

að ekki er samið og samningar ekki takast. Hvers vegna eru þessir smámunir látnir standa í veginum? Ég held, að það væri ástæða til þess, að hæstv. sjútvmrh. gerði nánari grein fyrir því, hverjir þessir smámunir væru og hvernig á því standi, að ekki skuli hafa verið hægt að komast að einhverri málamiðlun um þá smámuni, þegar jafnstórkostlegir hagsmunir eru í húfi annars vegar og hér. Því að auðvitað er það öllum ljóst, að hér eru stórkostlegir hagsmunir í húfi. Afkoma þjóðarbúsins er auðvitað undir því komin, að bátaflotinn komist af stað. Það er öllum ljóst, að hér er ríkjandi fullkomið vandræðaástand í landinu, og það hefur verið ríkjandi frá áramótum, sívaxandi atvinnuleysi, stórkostlegt atvinnuleysi, stórkostlegra en hér hefur þekkzt um áratugi. Það var þó sagt, þegar gengið var fellt fyrir áramótin, að það mundi hleypa nýju blóði í útflutningsatvinnuvegina, gengislækkunin mundi láta hjól þeirra snúast ásamt þeim ráðstöfunum, sem gerðar yrðu þar jafnframt, og atvinnuástandið átti að vera sæmilega tryggt. Hæstv. sjútvmrh., sem nú mælir fyrir þessu frv. hér og gerist oddviti í því að koma því fram, mætti á fundi hjá útgerðarmönnum, Landssambandi ísl. útvegsmanna, nokkru fyrir áramót og í Alþýðublaðinu 7. desember var sú ræða, sem hann flutti á því þingi, allrækilega reifuð. Þá lét hæstv. sjútvmrh. m. a. þau orð falla, sem ég vildi mega lesa upp, með leyfi forseta, en þar var hæstv. sjútvmrh. að gera grein fyrir þeim lagafrv. um ráðstafanir vegna sjávarútvegsins, sem ríkisstj. hugðist þá leggja fram eða hafði lagt fram á Alþ.:

„Með þeim lagafrumvörpum, sem ríkisstj. hefur nú lagt fyrir Alþingi um öruggari rekstrargrundvöll íslenzks sjávarútvegs, er gerð tilraun til að tryggja sem mesta atvinnu."

Sú tilraun hefur nú ekki tekizt. Þar tala staðreyndirnar skýru máli, því að atvinnuleysið hefur aldrei verið meira en eftir þetta. En hæstv. sjútvmrh. fylgdi þessum orðum sínum eftir og bætti við:

„Takist þetta ekki, mun verða nauðsynlegt að efna til nýrra alþingiskosninga og láta á það reyna, hvort fyrir hendi er þingræðislegur meiri hluti fyrir þeirri stefnu, sem haldið hefur verið, eða nýrri stefnu."

Ýmsum þykir nú fullreynt, að það hafi ekki tekizt, sem hæstv. sjútvmrh. var að tala um, en enn hefur nú ekki verið efnt til nýrra kosninga og kannað, hvort þingræðislegur meiri hluti er fyrir hendi við þá stefnu, sem fylgt hefur verið að undanförnu og fylgt er enn. En væntanlega verður það nú gert á næstunni, eða a. m. k. þykir mér ólíklegt, að hæstv. sjútvmrh. muni öllu lengur sitja í þeirri stjórn, sem ekki hefur getað efnt betur þær fyrirætlanir, sem honum voru efst í huga á þessum desemberfundi í Landssambandi ísl. útvegsmanna.

Hæstv. sjútvmrh. sagði hér áðan í sinni framsöguræðu, að meginástæðan til atvinnuleysis væri sjómannaverkfallið, og sums staðar væri það raunar eina ástæðan. Það er auðvitað laukrétt, að sjómannaverkfallið á geysimikinn þátt í því atvinnuleysi, sem hér hefur verið, en því er miður, að það er langt frá því að vera eina ástæðan. Og þó að þetta sjómannaverkfall leysist, skulu menn varast að gera sér gyllivonir um það, að allt atvinnuleysi verði þar með úr sögunni. Enda hefur nú hæstv. ríkisstj. orðið að viðurkenna það í þeim samningum, sem hún hefur gert við verkalýðsfélögin, þar sem hún hefur sett á fót sérstakar n. til þess að fjalla um þessi mál, fylgjast með þeim, kanna þau og gera till. um þau og heitið því að verja ákveðinni upphæð, sem einhvern tíma hefði að vísu þótt dálaglegur skildingur, en er nú kannske ekki orðinn svo sérlega stór, til þess að efla atvinnu. Ég efast nú ekki um, að það muni miklu meira þurfa til að koma. En út í það ætla ég sem sagt ekki að fara að þessu sinni, ég geymi mér það til þess tíma, þegar rætt verður almennt um atvinnuástandið og atvinnumálin.

Eins og ég hef þegar sagt, er ég mjög forviða á því, að þessi deila, sem hér er um að tefla, skuli ekki hafa verið leyst með frjálsum samningum. Náttúrlega er hér ekki ástæða til þess, og ég ætla ekki að fara að ræða sérstaklega um þann hátt, sem á er hafður um sáttaumleitanir í vinnudeilum, en óneitanlega hlýtur það að hvarfla að manni í sambandi við svona mál, hvort þeir starfshættir og þau vinnubrögð, sem þar eru viðhöfð, séu ekki orðin nokkuð stöðnuð og úrelt og hvort það þurfi ekki að fara að taka að einhverju leyti þar upp nýja starfshætti. Það er mjög einkennilegt, að svona hlutir skuli geta gerzt. Og það er í sjálfu sér einkennilegt, að það skuli ekki hafa verið leitað fleiri úrræða til þess að leysa þessa deilu með sáttum. Það hefði t. d. ekki verið úr vegi, að það hefði verið skipuð sérstök sáttan. til þess að leita eftir sáttum í þessari deilu. Og það hefði ekki verið úr vegi, að það hefði verið leitað til stjórnmálaflokkanna um að nefna menn í þá n. Því hefur verið lýst yfir, a. m. k. af hálfu Framsfl., að hann væri reiðubúinn að leggja sitt lið til lausnar þessari deilu, en til hans hefur ekki verið leitað og við hann hefur ekkert verið talað. Það eina, sem hefur heyrzt, eru hin einkennilegu skrif stjórnarblaðanna og þó alveg sérstaklega Morgunblaðsins, sem er þar alveg í sérflokki og hefur haldið því fram, að manni virðist, að það væru stjórnarandstæðingar, sem stæðu helzt í vegi fyrir sáttum í þessari vinnudeilu. Það hefði verið ráð af stjórnarinnar hálfu að láta reyna á það og kveðja stjórnarandstæðinga einnig til þess að taka þátt í þessum sáttaumleitunum. En það hefur ekki verið gert. Heldur hefur því dag eftir dag verið haldið fram í Morgunblaðinu, að það væru kommúnistar, eins og þeir segja, og framsóknarmenn, sem berðust eins og ljón gegn sáttum, og það hefur lagzt svo lágt, þetta málgagn, sem vill láta kalla sig hið heiðarlega fréttablað, að tilgreina tvo hv. þm., sem hafi verið hér á ákveðnum tíma í þinghúsinu, sem vinni gegn því, að sættir tækjust. Og svo þegar þessir tveir hv. þm. hafa borið af sér sakir og hrakið algerlega þessi ósannindi, þá hefur Morgunblaðið, hið heiðarlega fréttablað, sagt þannig frá því, a. m. k. að því er annan þeirra snertir, að hann hafi verið staðinn að verki. Ég held, að þarna sé að finna íslenzkt met síðari tíma í fréttaflutningi, en aðalatriðið er, að það hefur sem sagt ekki verið leitað neinna nýrra ráða til þess að leysa deiluna, sem þó hefði verið fullkomin ástæða til.

Það má hins vegar segja, að það hafi að öllu leyti verið farið eftir vinnulöggjöfinni í þessu efni. Sáttasemjari hefur reynt að koma sáttum á, hann hefur lagt sína miðlunartill. fram og hún hefur verið borin undir atkv. Henni hefur verið hafnað, að vísu þó á þann veg, að allmargir hafa lýð henni já-atkv. og í annan stað er

það rétt, sem kom fram hjá hæstv. ráðh., að undarlega margir virðast hafa leitt þessi mál hjá sér og ekki mætt til atkvgr. eða tekið þátt í henni, en það verður þó að segja, að það ætti að vera lágmarkskrafa, sem gerð er til þessara manna, er þeir eiga í deilu, að þeir taki þátt í atkvgr., sem fram fer um miðlunartill. Og það er náttúrlega fullkomin ástæða fyrir þá aðila, sem hér eiga hlut að máli, að taka það til athugunar, hvernig þessum málum er komið að því leyti til.

En samkomulag hefur sem sagt ekki náðst og verkfallið stendur. Samkomulag hefur að vísu náðst, eins og ég hef þegar sagt, við bátasjómennina, en það stendur á yfirmönnunum. Það stendur á því, að samkomulag náist á milli útgerðarmanna og yfirmanna á bátaflotanum.

Það þarf náttúrlega ekkert að fjölyrða um það, hvílíkt vandræðaástand þetta er og hvílíkur voði þjóðarbúinu er búinn af því, að þetta verkfall standi áfram, og þess vegna hljóta allir að leggjast á eitt um það að reyna að leysa þetta og vilja leysa þetta verkfall og þessa deilu. Þegar tillit er tekið til þess, hvernig málin standa nú að því leyti til, að þessi miðlunartill. hefur þó verið lögð fram og henni hafa greitt allmargir atkv., allmargir setið hjá og samningar þegar tekizt við meginþorra þeirra, sem í þessari deilu hafa átt, en þó allra helzt, þegar tillit er tekið til þeirra hagsmuna, sem hér eru í húfi fyrir þjóðfélagið og nauðsyn þess, að þessi deila leysist, munum við framsóknarmenn ekki standa í vegi fyrir því, að þetta frv. nái fram að ganga.

Við munum hins vegar ekki greiða þessu frv. atkv. Við álítum, að þetta vandamál, sem hér er um að tefla, sé aðeins liður í miklu stærra vandamáli, sem þyrfti að taka til meðferðar í heild, vandamáli, sem við teljum stjórnina að miklu leyti bera ábyrgð á og við teljum þess vegna eðlilegt, að hún beri ábyrgð á þessu máli og á þessari lagasetningu. Við teljum, eins og reyndar hefur komið þegar fram í því, sem ég hef sagt, að þó að þetta mál leysist, séu mörg önnur vandamál enn eftir óleyst og með þessu máli og afgreiðslu þess verði aðeins um stundarfrið að ræða. Við álítum, að það hefði þurft að líta á mál þessi öll frá víðari sjónarhól en hér hefur verið gert, og þar við bætist svo það, að það er stefna Framsfl., að kjaramál séu leyst með frjálsum samningum. Við teljum, að þær samningatilraunir, sem átt hafa sér stað í þessari deilu, hafi af einhverjum ástæðum ekki farið þannig úr hendi, sem átt hefði að vera. Og við teljum, að ef rétt hefði verið á haldið, hefði verið hægt að koma samningum á. Þess vegna viljum við ekki standa að þessari lagasetningu á þann veg að greiða henni atkv., en við viljum heldur ekki standa í vegi fyrir því, að endir sé bundinn á þessa deilu. Auðvitað er það svo, að þó við séum að meginstefnu til andvígir því að gripið sé inn í kjaradeilu með lagasetningu, þá getur það ástand skapazt, að það sé alveg óhjákvæmilegt neyðarúrræði, og vissulega má segja, að það ástand sem nú er, sé hreint neyðarástand, enda þótt það sé skoðun okkar, að til þess hefði aldrei þurft að koma, ef rétt hefði verið á haldið. Enn fremur kemur það til, að það hefur ekki, eins og ég áðan sagði, verið leitað til okkar í þessum samningum á nokkurn hátt. Við höfum þess vegna ekki átt þess neinn kost að fylgjast með í þessu máli, og við höfum ekki átt þess neinn kost að kynna okkur þá málamiðlunartill., sem hér er lagt til að lögfest sé, en hún er, eins og hv. þm. bezt mega vita og sjá af því þskj., sem fyrir liggur, alllöng og flókin. Þegar litið er til þess, þá viljum við alls ekki taka ábyrgð á henni með því að samþykkja hana.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til sjútvn. með 16 shlj. atkv.

Á 45. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 2. umr. (A. 257, n. 261 og 263, 262).

Of skammt var liðið frá 1. umr. og útbýtingu nál. og brtt. – Afbrigði leyfð og samþ. með 17 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Pétur Benediktsson): Herra forseti. Eins og fram kom við 1. umr. þessa máls í dag er verkfallsmálið komið í þá sjálfheldu, að nauðsyn er að skera á hnútinn og gera ráðstafanir til þess, að bátaflotinn geti haldið úr höfn. Mér fannst rök allra ræðumannanna við 1. umr. málsins hníga að því, að nauðsynin væri brýn, þó að allir væru ekki á einu máli um það, hvernig bæri að leysa vandann. Hv. 5. þm. Reykn. fannst mér einna helzt vilja reyna nýjar sáttaumleitanir, jafnvel að sjútvn., sem fékk málið til meðferðar, reyndi að ræða það við deiluaðila, kalla þá á sinn fund. Sannast að segja hygg ég, að það hefði aðeins orðið til að tefja málið, um það hafa á fyrri stigum þess þeir menn fjallað, að með allri virðingu fyrir hv. alþm. og sérstaklega þeirri góðu n., sem um málið fjallaði, þá hygg ég ekki, að við hefðum verið færir um að betrumbæta verk sáttasemjara og annarra kunnugustu manna, sem hingað til hafa haft meðferð málsins í sínum höndum og samið þær tillögur, sem nú er talað um að lögfesta. Hv. 6. þm. Sunnl. vildi, ef ég skildi hann rétt, fallast á lögfestingarleiðina, en með þeim fyrirvara, að farin væri „Vestmannaeyja-leiðin", að lögleidd væri tillaga sem ýmsir studdu í Vestmannaeyjum, þó að um hitt gætti nokkurs misskilnings hjá honum, að sú till. hefði það fram yfir hina, að hafa ekki verið felld af málsaðilum.

Án nokkurs tilefnis frá sjútvn. barst henni núna rétt fyrir fundarbyrjun hraðskeyti frá Vestmannaeyjum, sem ég vil leyfa mér að lesa, með leyfi hv. forseta:

„Að gefnu tilefni tilkynnist yður, að tillaga bæjarráðs Vestmannaeyja um 500 kr. viðbótargreiðslu til yfirmanna á bátaflotanum var felld með 16 atkv. gegn 1 af stjórn og trúnaðarráði Útvegsbændafélags Vestmannaeyja, og almennur fundur í félaginu staðfesti þessa ákvörðun trúnaðarráðs. Útvegsbændafélag Vestmannaeyja. Björn Guðmundsson form."

Það má e. t. v. segja, að það beri ekki mikið á milli hvort þarna standi 1150 kr. eða 624 kr. Ef leyfilegt er að spauga í hinum alvarlegustu málum, þá vildi ég þó leyfa mér að segja, að við vitum ekki, hvaða „dreka" við mundum vekja upp, ef við förum að fitla við tillögurnar eins og þær komu frá sáttasemjara.

Hv. 3. þm. Norðurl. v. flutti hér skörulega ræðu við 1. umr., talaði bæði með og móti málinu og komst að þeirri sjálfsögðu og í raun og veru rökréttu niðurstöðu að greiða ekki atkvæði. Fyrst var plús og svo var mínus, og loksins var ekki annað en núllið eftir. Ég held ekki, að okkur takist að leysa þetta mál frekar en önnur með

aðgerðarleysi og þótt það sé hart og leitt að þurfa að beita lögþvingun í máli sem þessu, og skemmtilegra og æskilegra á allan hátt hefði verið að fá frjálst samkomulag beggja aðilanna, þá ber hér svo lítið á milli, og slík þjóðarnauðsyn að málið verði leyst án frekari tafar, að ég hika ekki við að leggja til, að frv. verði samþykkt óbreytt og að þeirri till. stendur meiri hluti sjútvn. Ég hygg óþarft að fara fleiri orðum um málið á þessu stigi, og legg því til, að frvgr. verði samþykkt og málinu vísað til 3. umr.

Frsm. minni hl. (Bjarni Guðbjörnsson): Herra forseti. Eins og fram kom í framsöguræðu fyrir meiri hl. sjútvn. náði n. ekki samkomulagi um afgreiðslu þessa máls, sem hér liggur fyrir. Eins og nú er komið eru það aðeins smámunir, sem á milli bera, því hefði átt að leysa þessa kjaradeilu með samkomulagi, ef rétt hefði verið á haldið, en það hefur þó ekki tekizt, að því er varðar deilu yfirmanna á bátaflotanum og útvegsmanna. Það er augljós þjóðarnauðsyn að koma bátaflotanum af stað, og við viljum því eigi standa í vegi fyrir að verkfallið verði leyst, úr því sem komið er, með þeim hætti, sem frv. það, sem hér liggur fyrir, gerir ráð fyrir. Á hinn bóginn er ekki nema eðlilegt, að stjórnarflokkarnir beri einir ábyrgð á þeirri lagasetningu, því að við teljum, að deila þessi sé að verulegu leyti sprottin af fyrri aðgerðum ríkisstj. í efnahagsmálum. Við höfum ekki átt þess kost að kynna okkur málamiðlunartill. sáttasemjara til neinnar hlítar í einstökum atriðum. Við munum því sitja hjá við afgreiðslu þessa máls hér í hv. d.

Gils Guðmundsson: Herra forseti. Ég skal nú ekki fara mörgum orðum um þetta mál við þessa umr., enda þótt ástæða sé nú að mörgu leyti til. Ég ræddi það nokkuð við fyrstu umr. og setti þá fram nokkur þau helztu sjónarmið, sem ég taldi ástæðu til að leggja áherzlu á. Ég vil sízt draga úr nauðsyn þess, að þessi langvinna og mjög svo erfiða og tilfinnanlega deila verði að leysast og það sem allra fyrst. Fyrir því er vissulega mikill vilji meðal þjóðarinnar og menn hafa fundið það, að lausn þessarar deilu hefur dregizt alltof lengi. Hins vegar hygg ég, að það liggi fyrir og hefur m. a. verið lýst yfir af hv. sjútvmrh., að í deilunni, eins og nú er komið, ber tiltölulega mjög lítið á milli og með tilliti til þess þá gerði ég það að till. minni í hv. sjútvn., sem fékk þetta mál til meðferðar síðdegis í dag, að n. kallaði á sinn fund fulltrúa deiluaðila til þess í fyrsta lagi að kanna það, hvað á milli ber og í öðru lagi að kanna möguleika á því að með tilstuðlan Alþ. fengist lausn á þessari deilu án lögbindingar. Þessi till. mín í sjútvn. um það að gera tafarlaust tilraun til þess að vinna að lausn málsins á þennan hátt eða kanna það að minnsta kosti, hvort slík lausn gæti legið nærri eða verið möguleg í skjótheitum, fékk ekki stuðning í n. Ég lít þannig á, að hvorki Alþ. né ríkisstj. hafi gert það, sem í þessara aðila valdi stóð, til þess að finna aðra lausn á þessu vandamáli en þá, sem felst í frv., að lögbinda ákveðna lausn. Ég tel, að Alþ. eigi nú þegar að gera slíka tilraun, en fyrr en slík alvarleg tilraun hefði verið gerð af þess hálfu þá væri algjörlega óeðlilegt, og ég vil segja óafsakanlegt, af þingsins hálfu að fara lögfestingarleiðina. Ég tel, að slík tilraun þurfi ekki að draga lengi úrslitin í þessari deilu á langinn, það hljóti að koma fljótlega í ljós, hvort möguleiki væri fyrir hendi að leysa hana með öðrum hætti en lagasetningu, en þar sem hv. meiri hl. sjútvn., og þá trúlega hv. meiri hl. Alþ., hefur nú ekki viljað á þetta fallast eða á það hlusta þá mun ég með tilliti til þess, sem áður segir, að ég tel, að Alþ. hafi ekki gert það, sem í þess valdi stóð til að leysa deiluna, greiða atkvæði gegn þessu frv.

Karl Guðjónsson: Herra forseti. Í tilefni þess, sem hv. frsm. meiri hl. sjútvn. sagði hér, sé ég ástæðu til þess að koma fram örlitlum leiðréttingum. Í fyrsta lagi ályktaði hann það, að ég væri samþykkur því að fara lagasetningarleiðina til lausnar á deilunni, en ég vil skýrt taka fram, tók það enda fram við 1. umr. málsins, að ég tel, að vinnudeilur eigi ekki að leysa með lögum. En engu að síður hef ég — og vil ítreka enn — sérstaka skoðun á því, að vinnudeilan sé þess eðlis, að hún hefur ekki í för með sér millifærslur nema lítilla fjármuna á milli stétta í landinu. Mér er nær að halda, að samkomulag sé ekki lengra undan í þessari deilu en svo, að millifærsla á hálfri til einni milljón króna á milli aðila mundi geta þýtt samkomulag, og þá álít ég, að ekki sé réttlætanlegt að láta þúsundir manna í landinu ganga atvinnulausa og heilum byggðarlögum nánast blæða út, á meðan verið er að þæfa svona smámuni á milli sín. Og með alveg sérstöku tilliti til þess, að þessi deila er upp komin vegna lagasetningar, sem hæstv. ríkisstj. beitti sér fyrir í sambandi við gengisfellinguna síðustu, álít ég, að stjórnarvöld landsins hafi alveg sérstaka skyldu til þess að gera allt, sem í þeirra valdi stendur, til þess að láta ekki slíka deilu halda áfram um ófyrirsjáanlegan tíma. Aðilar hafa haft mánuði, a. m. k. einn til einn og hálfan mánuð, til þess að leysa deiluna. Það hefur ekki tekizt, og það er enn skekið um slíka smámuni, sem ég hef hér lýst, og þá tel ég, að stjórnvöld landsins hafi ábyrgð gagnvart atvinnulausa fólkinu í landinu og gagnvart þeim byggðarlögum, sem líða stórhnekki við þetta, og það sé því ekki með öllu fráleitt að grípa til ráða eins og þess að leysa deiluna með lagasetningu. En það þýðir ekki það, að ég mæli yfirleitt með þeirri leið, öðru nær. Ég álít, að hana eigi ekki að nota, nema í fullkomið óefni sé komið, eins og mér virðist að hér sé.

Í öðru lagi vil ég ítreka það, að þegar gripið er til lagasetningar, álít ég, að stjórnarvöld landsins hafi þá skyldu að lögfesta þá leiðina, sem næst hefur verið samkomulagi. Varðandi það skeyti, sem hv. frsm. meiri hl. sjútvn. las hér upp áðan frá form. Útvegsbændafélagsins í Vestmannaeyjum, vil ég ítreka það, að það hnekkir ekki neinu af því, sem ég hef sagt. Ég hélt því fram, að þessi svonefnda Vestmannaeyjatillaga hafi hlotið samþykki beggja samninganefndanna, Skipstjóra- og stýrimannafélagsins Verðandi og Útvegsbændafélags Vestmannaeyja, á sáttafundi, sem haldinn var fyrir forgöngu bæjarráðsins í Vestmannaeyjum. Hún hefur aldrei verið lögð fyrir félagsfund í Útvegsbændafélaginu. Hins vegar mun það rétt, sem í skeytinu stendur, að stjórn og trúnaðarráð þess félags hafi fellt þetta. Í skeytinu stendur, — hv. frsm. hefur verið svo vinsamlegur að lána mér það:

„Að gefnu tilefni tilkynnist yður, að tillaga bæjarráðs Vestmannaeyja um 500 kr. viðbótargreiðslu til yfir-

manna á bátaflotanum var felld með 16 atkvæðum gegn einu af stjórn og trúnaðarráði Útvegsbændafélags Vestmannaeyja."

Og svo kemur hér viðbót: „Almennur fundur í félaginu staðfestir þessa ákvörðun trúnaðarráðs með því að samþykkja að leggja hana ekki fyrir fund." Sem sagt, hún hefur aldrei verið lögð fyrir fund í Útvegsbændafélaginu og hún hefur þar af leiðandi aldrei verið felld á félagsfundi hjá þeim, eins og ég líka hélt fram. Og eftir sem áður stendur það, að þessi till. er langnæst því að hafa hlotið samþykki af öllum till., sem ég hef spurnir um, að fram hafi komið í þessari deilu. Þess vegna hef ég leyft mér að flytja till., miðlunartillögu bæjarráðsins í Vestmannaeyjum, sem brtt. eða viðbótartillögu við 1. gr. þessa frv. Henni hefur verið hér útbýtt til hv. alþm., og leyfi ég mér hér með að biðja hæstv. forseta um að leita afbrigða fyrir henni við afgreiðslu málsins.

Jón Árm. Héðinsson: Herra forseti. Mér þykir aðeins ástæða til að segja hér örfá orð, þó að þau lengi umræður lítils háttar. Eg vildi aðeins benda á þá staðreynd, að á föstudagskvöldið kom framkvæmdastjóri Farmanna- og fiskimannasambandsins í sjónvarpið, og hann var spurður af fréttamanni sjónvarpsins, ég held ég muni það rétt, um það, hvernig hann liti á stöðu samninganna, eftir að till. var felld. Hann sagði, ég verð þá leiðréttur með það: „Dæmið er komið á það stig, að það hefst að nýju." Þetta þýðir auðvitað það, að samningarnir eru ekki á lausnarstigi frá þeirra sjónarmiði, eins og sáttatill. lá fyrir. Það verður að byrja að prika niður stigann aftur. Við vitum ekkert, hvað það hefði tekið langan tíma, ekki á nokkurn hátt. Við vitum það líka, að þeir aðilar, sem hafa staðið í samningum undanfarna daga, hafa ekki rækt þá skyldu sína samvizkusamlega, og ég átel báða hópana. Mér er kunnugt um, að tilnefndir fulltrúar frá launþegunum virtu sína útnefningu ekki meira en það, að þeir mættu ekki á fundum, heldur hringdu í kunningja sína úti í bæ og báðu þá um að mæta á fundum. Þetta eru alvarlegir hlutir, og þetta er álitshnekkir fyrir verkalýðshreyfinguna í landinu, því miður. Mín skoðun var því sú, þegar hv. 5. þm. Reykn. talaði um það, að við ættum að kalla hér saman í sjútvn. Ed. samningsaðila til þess að ná samstöðu um svo lítið atriði, sem 500—600 kr. væru, að ekki lægi fyrir, að við kæmumst að niðurstöðu í því efni. Það er hvergi bókað, og því miður lýsti þessi fulltrúi yfirmannanna yfir því, að þeir mundu byrja frá upphafi. Hvað þær kröfur voru háar skal ég ekki leggja dóm á, en maður heyrði, að þær tölur næmu mjög mörgum tugum prósenta frá því sem verið hefði. Dæmið er því ekki eins einfalt og það leit út fyrir, þegar sáttatillagan var lögð fram, að um lítinn mismun væri að ræða eftir langar samningaumræður. Þetta mótar mína afstöðu, því að við höfum þá skyldu við þjóðina að reyna að leysa svo alvarlega deilu, sem hér er um að ræða, því að deilan bakar þúsundum manna atvinnuleysi, og það er skylda Alþ. að bægja frá atvinnuleysi eftir mætti.

Frsm. meiri hl. (Pétur Benediktsson): Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð út af ræðu hv. 6. þm. Sunnl. (KGuðj). Ég get í raun og veru tekið undir hvert orð í fyrri hluta ræðunnar. Það er neyðarúrræði að fara lagasetningarleiðina við lausn á vinnudeilum. Það er algert neyðarúrræði, en ég álít, að hér séu svo mikil verðmæti í húfi, að við verðum að beygja okkur fyrir þeirri nauðsyn, sem þjóðinni er á því að fá skjóta lausn á málinu.

Um hitt ætla ég ekki að fara að kýta, hvort almennur fundur í félagi getur staðfest samþykkt trúnaðarráðs með því að bera hana ekki upp. Þetta er komið út í hálfgerða guðfræði, sem ég ekki kann að túlka, svo að ég læt deilur um það atriði niður falla. En fyrir mér lítur það þannig út, að bókstafurinn blífur, eins og hann er í símskeytinu.

ATKVGR.
Brtt. 262 felld með 11:2 atkv.
1. gr. samþ. með 11:2 atkv.
2.–4. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11:2 atkv.

Á 46. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 14 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 11:2 atkv. og afgr. til Nd.

Á 46. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá 3. umr. í Ed. — Afbrigði leyfð og samþ. með 21 shlj. atkv.

Félmrh. (Eggert G. Þorsteinsson): Herra forseti. Frv. það, sem hér er til umræðu, hefur, eins og hv. þdm. er kunnugt, verið afgr. á mjög skömmum tíma í Ed. Alþ. Reyndar þyrfti ekki langa framsöguræðu fyrir þessu máli, svo mjög sem það hefur verið á dagskrá undanfarnar 4 vikur, og þá í vaxandi mæli hina síðustu daga. Verkföll vegna deilu útvegsmanna og sjómanna hafa staðið í u. þ. b. mánaðartíma. Þrátt fyrir þrotlausa sáttafundi og sáttatillögur standa enn yfir verkföll yfirmanna á bátaflotanum. Þessi verkföll eru ein meginástæða þessa atvinnuleysis, sem nú ríkir í landinu, og víða í sjávarplássum einasta ástæðan. Hver verkfallsdagur bakar þjóðinni óbætanlegt tjón í skertum þjóðartekjum.

Frv. því, sem hér er lagt fram, er ætlað að firra þjóðina frekara neyðarástandi, sem við blasir, ef ekkert er að gjört. Frv. gerir ráð fyrir, að lögfestar verði sáttatillögur sáttasemjara, sem í megindeiluatriðum eru samhljóða þeirri sáttatillögu, sem hásetar og matsveinar og einnig nokkur hluti vélstjóra á bátaflotanum hafa þegar samþ. Útvegsmenn og þrjú félög yfirmanna hafa samþ. þá lausn, sem frv. gerir ráð fyrir. Hefur mikill meiri hluti þeirra manna, sem á bátaflotanum starfa, þess vegna samþ. þá lausn, sem í sáttatillögunum felst.

Segja má, að meginatriðin, sem deilan hefur snúizt um, sé stofnun lífeyrissjóðs og greiðsla upp í fæðiskostnað. Samkomulagið um lífeyrissjóðinn, sem sáttatill. gerir ráð fyrir, er í megindráttum í því fólgið, að samningsaðilar beiti sér fyrir því, að bátasjómönnum verði með lögum tryggð aðild að lífeyrissjóði togarasjómanna og undirmanna farskipa. Ef ekki næst samkomulag um aðild að þeim lífeyrissjóði, skal skv. sáttatillögunni stofnaður sérstakur lífeyrissjóður bátasjómanna. Iðgjaldagreiðslur skulu vera 10%, greiða útvegsmenn þar af 6%, en sjómenn 4%. Sjóðurinn skal taka til starfa 1. janúar 1970, og greiðast það ár 40% iðgjalda. Árið 1971 skulu greiðast 80% iðgjalda og full iðgjöld frá ársbyrjun 1972. Öllum bátasjómönnum er skylt að vera aðilar að sjóðnum, þó skal sjómönnum eigi skylt að vera aðilar að honum fyrstu 4 mánuðina, sem viðkomandi eru hjá sömu útgerð, séu þeir ekki þegar orðnir sjóðsfélagar annars staðar frá. En ávallt er þó sjómanni heimilt að gerast aðili og ber þá að greiða iðgjöld í sjóðinn hans vegna. Þeim sjómönnum, sem hættir eru störfum á sjó, skal þó heimil áframhaldandi aðild að honum, enda vinni þeir í landi við útgerð. Fer um þetta eftir nánari ákvörðun sjóðsstjórnar.

Samkomulagið um greiðslu upp í fæðiskostnað skipverja á bátaflotanum er í því fólgið, að gert er ráð fyrir, að hluti af fæðiskostnaði sjómanna á fiskibátum verði greiddur úr Aflatryggingasjóði sjávarútvegsins, þannig að til báta 151 brúttólest og stærri verði greiddar 100 kr. vegna hvers áhafnarmanns á úthaldsdag, en til báta undir 151 brúttólest að stærð verði þessi greiðsla 85 kr. á úthaldsdag á áhafnarmann. Ákvörðun dagafjölda og áhafnarstærðar fer eftir almennum reglum sjóðsins. Útgerðarmenn skulu draga framangreindar upphæðir frá fæðiskostnaði sjómanna og fá þær endurgreiddar úr Aflatryggingasjóði. Til þess að standa straum af þessum kostnaði mun ríkisstj. hlutast til um, að lagt verði 1% almennt útflutningsgjald á fob-verðmæti fiskafurða þeirra, sem nú eru útflutningsgjaldskyldar. Í sambandi við afgreiðslu hinna ýmsu félaga beggja megin samningaborðsins, og þó fremur verkalýðsfélaganna, þá má segja, að þátttökuleysið í þessum atkvæðagreiðslum núna undanfarna daga hafi verið það, sem menn harma mest, og eru að minnsta kosti getgátur uppi um það, að þetta þátttökuleysi hafi getað í ýmsum tilvikum ráðið úrslitum. Minni hl. félagsmanna í yfirmannafélögunum greiddi atkvæði, og aðeins hluti þeirra synjaði till. sáttasemjara. Meiri hl. hefur því ekki tekið afstöðu til málsins. Það verður að teljast alvarleg þróun, þegar um jafnmikilvæga ákvörðun er að ræða og spurninguna um að aflétta vinnustöðvun og þegar sérstakt tillit er tekið til þess ástands, sem ríkir á meðal almennings hér í dag, atvinnuleysis og þeirra efnahagslegu örðugleika, sem þjóðarheildin á við að búa.

Eins og sakir standa, hefur útlit fyrir sættir versnað nú um síðustu helgi, og er það flestra manna mál, að málið sé nú komið í algera sjálfheldu. Ríkisstj. er því sá einn kostur nauðugur að leysa málið á þann hátt, sem hér er lagt til í þessu frv. Mikill meiri hl. þeirra, er starfa að bátaflotanum, hefur að fjölda til samþ. þessa lausn með atkvæði sínu. Ríkisstj. grípur inn í deilu þessa aðeins til að forða neyðarástandi hér í landi og miklum þjóðarvoða. Hér er miklu meira í húfi en svo, að hagsmunir yfirmanna einna á bátaflotanum verði látnir stöðva atvinnu í vaxandi mæli. Verkfallið hefur magnað meira atvinnuleysi, en við Íslendingar höfum þurft að þola í áratugi. Í þeim efnahagsörðugleikum, sem við nú búum við, megum við Íslendingar ekki við rýrnun þjóðartekna vegna innbyrðis ósamkomulags. Deila um þá smámuni, sem deiluaðilar telja nú vera á milli sín, má ekki steypa grundvellinum undan efnahag vorum. Nauðsynlegt er að bera klæði á vopnin og láta þjóðarhag sitja í fyrirrúmi. Almenningur í landinu er búinn að fá nóg af atvinnuleysi, og hefur ekki trú á, að það sem í milli ber í deilum útvegsmanna og yfirmanna réttlæti það tjón, er þegnarnir og þjóðarbúið verða að sæta vegna verkfallsins. Þjóðin krefst þess, að gripið sé í taumana, áður en neyðarástand skapast í landinu. Ríkisstj. hefur af stórum fjölda landsmanna verið legið á hálsi fyrir að grípa ekki inn í deilur þessar fyrr. Það hefur hins vegar verið skoðun ríkisstj., að samningsaðilum ætti að gefast kostur á því að reyna til hins ýtrasta á hinn frjálsa samningsrétt. Á þennan rétt hefur nú verið reynt, að því að talið er, svo sem þjóðarhagsmunir frekast geta leyft. Þess vegna er frv. þetta fram lagt.

Ég vildi mælast til þess, herra forseti, við þá n., sem málið væntanlega fær til meðferðar eftir 1. umr. málsins, að hún hraði svo störfum sínum sem frekast er kostur á, þannig að úrslit megi fást í málinu hið allra fyrsta.

Ég legg til, að málinu verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. sjútvn.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Það leikur enginn vafi á því, að þau verkföll, sem stöðvað hafa nú um alllangan tíma fiskibátaflota okkar, eiga upptök sín í lagasetningu, sem hæstv. ríkisstj. beitti sér fyrir að sett yrði hér á Alþ. í desembermánuði s. l. Með þeirri löggjöf var í rauninni kippt grundvellinum undan þeim kjarasamningum, sem í gildi höfðu verið á milli sjómanna og útvegsmanna og ekki hafði einu sinni verið sagt upp af ýmsum aðilum, og hefðu því verið nú í fullu gildi, með því að lögbinda þar ákvæði, sem gerði fyrri skiptareglur á aflaverðmæti í rauninni þannig, að það gat engan veginn komið út sá hlutur, sem um hafði verið samið, þegar samningarnir voru gerðir. Með þessum l. var það ákveðið, að 10% af verðmæti þorskveiðiaflans skyldi tekið af óskiptu og lagt í sérstakan stofnfjársjóð fiskiskipa og notað til þess að borga afborganir og vexti af bátunum. Í þessum l. var einnig ákveðið að taka skyldi með sama móti af óskiptu 17% af verðmæti aflans á þorskveiðum og afhenda þá fúlgu útgerðarmönnum, án þess að hún kæmi til skipta til skipshafnar. Á þennan hátt var það ákveðið að taka skyldi, þegar um þorskveiðar var að ræða, 27% af aflaverðmætinu á þann hátt, að það kæmi ekki til skipta á milli skipshafnar, eins og um hafði verið samið í fyrri kjarasamningum. Þegar um síldveiðar var að ræða, þá var gert ráð fyrir að á þennan hátt væri tekið sem næmi 37% af verðmæti aflans, og það undanskilið því að koma til skipta. Það gaf auðvitað alveg auga leið, að þegar ákvæði sem þessi voru sett í lög, þá var verið að kippa grundvellinum undan þeim kjarasamningum, sem í gildi höfðu verið, enda taldi ríkisstj. sjálf ekki

annað fært en að setja ákvæði inní frv. sitt, nokkru áður en það var samþ. hér sem l. á Alþ., um það, að eftir þessa samþykkt skyldu allir kjarasamningar á milli útvegsmanna og sjómanna vera úr gildi fallnir, ef tilkynning bærist um það frá öðrum hvorum aðila, án þess að um nokkurn uppsagnarfrest þyrfti að vera að ræða. Á þennan hátt var beinlínis með l. frá Alþ. stefnt að því að taka upp nýja kjarasamninga á milli útvegsmanna og sjómanna og snúa sér að þessu vandamáli á alveg nýjum grundvelli.

Við Alþb.-menn vöruðum sterklega við því að halda málinu á þennan hátt, við bentum á það að alveg mætti telja víst, að þetta leiddi til þess, að fiskveiðiflotinn stöðvaðist um lengri eða skemmri tíma, því það hefði sýnt sig áður, að það vildi dragast nokkuð, að samkomulag yrði við samningaborðið á milli sjómanna og útgerðarmanna, og að sjálfsögðu mundi það dragast allmikið nú, þegar þeir þyrftu að taka á þessum samningamálum á svona mikið breyttum grundvelli frá því, sem áður var. Nú var heldur ekkert um það að efast, að mjög margir í röðum sjómanna höfðu orðið fyrir verulegu tekjuáfalli, bæði á árinu 1967 og eins á árinu 1968, og var þar sérstaklega um að ræða síldveiðisjómenn vegna stórminnkandi síldarafla og vegna tiltölulega lágs verðs á síldarafurðum. Það mátti því telja alveg víst, að frá þeirra hálfu hlytu að koma fram kröfur um allverulegar bætur í einhverju formi á þeirra kjörum til þess að jafna upp þann mikla mismun, sem ríkisstj. hafði þarna gert með lagasetningu varðandi útreikning á aflaverðmæti því, sem átti að koma til skipta.

Ríkisstj. lét eins og hún heyrði ekki þessar aðvaranir okkar, hún hélt áfram með fyrirætlanir sínar og samkv. áætlunum sinna efnahagssérfræðinga. En auðvitað varð reynslan sú, er við höfðum sagt fyrir. Það kom fljótlega til stöðvunar á flotanum, til verkfalls, sem nú hefur staðið í fullan mánuð, en raunverulega hefur af þessum ástæðum, vegna lagasetningar frá Alþ., fiskveiðifloti okkar verið stöðvaður að mestu leyti, ekki aðeins þann tíma, sem verkfallið hefur staðið formlega, heldur nú í rúmlega einn og hálfan mánuð, því að með eðlilegum hætti hefðu róðrar átt að geta byrjað strax upp úr áramótum. En um það gat vitanlega ekki orðið að ræða, þegar það lá fyrir mönnum, að samningar voru slitnir í sundur og það þurfti að taka upp samninga um býsna erfið málefni í þessum efnum.

Nú þegar verkfallið hefur staðið þetta lengi og stöðvun bátaflotans orðin svona tilfinnanleg, eins og allir vita, þá kemur hæstv. ríkisstj. fram á sviðið og segir: Það verður að firra þjóðina þeim vandræðum, að verkfallið standi öllu lengur, að stöðvunin verði meiri en hún er orðin. Og það er á henni að skilja og málflutningi hennar öllum, að það séu sjómenn, og nú sérstaklega yfirmenn á fiskiskipaflotanum, sem eigi alla sökina á því, að flotinn hefur stöðvazt. Eins og það liggi ekki alveg ljóst fyrir, að það er ríkisstj. og stuðningsmenn hennar hér á Alþ., sem fyrst og fremst bera ábyrgðina á því, að fiskveiðifloti okkar hefur nú stöðvazt í einn og hálfan mánuð á aðalvertíð ársins. Þetta er forsaga þessa máls. Um þetta ættu í rauninni ekki að standa neinar deilur, því það er aðeins verið að bera á móti staðreyndum, ef menn vilja neita þessu.

Hvernig hefur svo málið gengið síðan? Sjómenn settu fram sínar kröfur um breytta kjarasamninga. Þeir ákváðu að leggja aðaláherzlu á tvö atriði í nýjum kjarasamningum. Í fyrsta lagi vildu þeir fá frítt fæði sér til handa, en þetta hafði verið krafa þeirra í mörgum kjarasamningum áður og sjómenn bentu réttilega á það, að í þessum efnum væru þeir að fara fram á það, sem aðrar vinnustéttir í landinu hefðu fengið löngu áður. Togarasjómenn hafa þegar frítt fæði. Farmenn hafa frítt fæði og svo að segja allar vinnustéttir í landinu hafa frítt fæði, þegar þær eru settar til vinnu fjarri heimilum sínum. Það var því fullkomlega eðlilegt, að sjómenn tækju nú upp þessa gömlu kröfu sína og færu fram á það að fá nú frítt fæði. En það var auðvitað eins og fyrri daginn, að þannig var staðið að málefnum sjávarútvegsins á Íslandi, að þó að þar væri um undirstöðuna að ræða í öllu okkar efnahagskerfi, þurfti að segja: Þó hægt sé að veita ýmsum öðrum stéttum þessi fríðindi, þá er ekki hægt að veita sjómönnum á Íslandi þennan sama rétt. Útgerðin hefur ekki efni á því, og þjóðfélagið hefur ekki efni á því að búa þannig að útgerðinni, að hún geti veitt þessum starfsmönnum þennan almenna rétt. – Ég held, að flestir, sem um þessi mál hafa hugsað að undanförnu hafi viðurkennt, að þessi krafa af hálfu sjómannanna var mjög eðlileg, hún var um sanngjarnt málefni og ekki sízt með tilliti til þess, hvernig í pottinn var búið, hvað var búið að gera við þeirra aflahlut.

Önnur aðalkrafan, sem sjómenn settu fram, var sú, að þeir fengju að njóta lífeyrissjóðsréttinda, eins og líklega um helmingur landsmanna hefur þegar fengið viðurkennt í samningum sér til handa. Togarasjómenn eru orðnir aðilar að slíkum lífeyrissjóði, farmenn eru það, opinberir starfsmenn eru það og starfsmenn við vel flest fyrirtæki, t. d. margs konar þjónustufyrirtæki, sem þjónusta útgerðina í landinu. Starfsmenn t. d. í olíufélögum eru í lífeyrissjóði, það þykir sjálfsagt, og þannig er auðvitað um fjöldamarga starfshópa í landinu. En einni þýðingarmestu starfsstétt okkar, þegar litið er á uppbyggingu okkar efnahagskerfis, sjómannastéttinni á bátaflotanum, höfum við ekki enn haft efni á að tryggja svona réttindi. Það hefur verið talið, að þetta gæti útgerðin ekki borgað. Undir þessu gæti þjóðfélagið ekki risið. Nú var þó svo komið, að hæstv. ríkisstj. hafði gefið yfirlýsingu um það hér á Alþ., að vísu fyrir kosningar, að hún mundi beita sér fyrir því að koma upp lífeyrissjóði fyrir alla landsmenn. Mikil nefnd var skipuð í málið, og a. m. k. ein þykk bók hefur komið í hendur þm. um þessa athugun. Nú er farið að ganga eftir því skiljanlega, að eitthvað verði úr framkvæmdum í þessum efnum, svo að ríkisstj. geti ekki haldið þannig á þessu máli, að hún láti kjósa út á þetta kosningar eftir kosningar án þess að standa við það. En sjómenn settu nú undir þessum kringumstæðum fram þá kröfu, að þeir fengju svipuð réttindi til lífeyrissjóðs eins og um helmingur landsmanna hefur þegar fengið og á þann hátt, sem ríkisstj. hefur lýst yfir, að hún stefni að að tryggja öllum landsmönnum. Þessi krafa var einnig sett fram á þeim tíma, þegar var verið að taka af sjómönnum önnur réttindi, sem þeir höfðu samkvæmt samningum, en það stóð einnig á því að verða við þessari kröfu.

Nú er rétt að víkja nokkrum orðum að því, hvernig

þessir samningar hafa svo gengið um þessi tvö meginatriði, sem sjómenn lögðu áherzlu á í sambandi við kjaramál sín að þessu sinni. Það kom auðvitað fljótlega fram, að útgerðarmenn sögðu: Við getum ekkert borgað, ríkisstj. er búin að mæla út okkar skatt nákvæmlega, og hann er svo naumur, að við getum ekkert af hendi látið. Enda hafði sjálf ríkisstj. lýst því yfir í sambandi við flutning á sínum efnahagstillögum hér á Alþ., að hennar sérfræðingar hefðu reiknað út vandamál efnahagsmálanna á þann hátt, að fella yrði gengi krónunnar um rúmlega 50% og að síðan yrði að standa að framkvæmdinni þannig, að allt launafólkið í landinu tæki á sig alla dýrtíðina, sem af gengislækkuninni hlytist, 20—30% í hækkuðu verðlagi, án allra bóta, sem hreina kjaraskerðingu. Einnig hafði ríkisstj. lýst því yfir, að hún teldi alveg óhjákvæmilegt í sambandi við útreikninga sína á efnahagsvandanum að standa þannig að framkvæmd þessara mála, að aflahlutur sjómanna yrði skertur, þannig að tryggt væri, að þeir gætu í engu tilfelli fengið að njóta hækkandi fiskverðs, sem yrði vegna gengislækkunarinnar, en skyldu þola, eins og aðrar vinnandi stéttir, stóraukna dýrtíð bótalaust, og einnig afleiðingarnar af minnkandi fiskafla, það áttu sjómenn að taka á sig alveg aukreitis. Það var svo sem eðlilegt, að útgerðarmenn teldu sig býsna vel valdaða, og þeir gætu sagt nei við öllum kröfum. Þeir höfðu stefnu ríkisstj. yfirlýsta, og höfðu ríkisstj., og væntanlega meiri hl. Alþ., á bak við sig. Stefnan lá öll alveg ljóst fyrir. Nú, og hvernig gengu svo þessir samningar? Mjög fljótlega fréttist það, að sjómenn, a. m. k. fulltrúar háseta, væru búnir að fallast á það að sætta sig við greiðslur upp í fæðiskostnað, sem næmu í mesta lagi hálfum fæðiskostnaði eða falla frá hálfri kröfunni, talað var um 3000 kr. upp í fæðiskostnað á mánuði. En það var ekki nóg, þó hásetar gerðu þessa tilslökun á sínum kröfum, þá koma þessir dásamlegu efnahagssérfræðingar ríkisstj. og finna út nýtt ráð til þess að koma þessum fæðiskostnaði þannig fyrir, að að nafninu til skuli sjómenn fá hálfan fæðiskostnað greiddan, en þeir skulu a. m. k. greiða helminginn af því sjálfir. Þar að auki skuli vera lagður skattur á ýmsa aðra sjómenn í landinu, eins og alla þá sjómenn, sem róa á smáum bátum allt í kringum landið, bátum innan við 12 rúmlestir, það skuli lagður skattur á þessa sjómenn til þess að standa undir þessum fæðiskostnaði sjómanna og einnig skattur á togarasjómenn, sem höfðu þó samið um það, að þeir skyldu fá frítt fæði og hafa búið við þau kjör um langan tíma. Þá var sem sé komin fram tillaga um að skattleggja þá líka í einn mikinn allsherjar fæðissjóð fyrir bátaflota landsins. Þá var komin fram till. um það að hækka enn einu sinni útflutningsgjöld á sjávarafurðum, sem auðvitað þýddi það í framkvæmd, að fiskverðið í landinu hlaut að lækka sem útflutningsgjaldinu nam. En lækkandi fiskverð var vitanlega sama sem að ganga á hlut sjómannanna, sem hér voru að sækjast eftir því að fá fæðiskostnaðinn greiddan, og það jafngilti einnig þessari skattlagningu á sjómennina á hinum smærri fiskibátum, sem ég greindi frá, og einnig skattlagningu á sjómennina á togaraflotanum. Og þegar verkfallið var búið að standa nógu lengi og nægilega margir voru farnir að tala um það gífurlega tjón, sem þjóðarbúið yrði fyrir vegna stöðvunar flotans, og engir voru fyrri til að viðurkenna þetta mikla tjón, sem þjóðarbúið var að verða fyrir vegna þessarar stöðvunar, en sjómenn sjálfir, sem auðvitað áttu allt undir því, að róið yrði og eitthvað fiskaðist, og auðvitað tók allur landslýður undir það, að vonandi færi verkfallið að leysast. En þá átti sem sagt að nota málið þannig, að það átti að pressa þá, sem höfðu verið á þennan hátt hart leiknir af löggjafarvaldinu í sambandi við sína kjarasamninga, sjómennina sjálfa, ekki aðeins til þess að slá í sífellu af kröfum sínum, heldur átti helzt að fá þá til að samþykkja það að hætta við verkfallið, hefja róðra, án þess að þeir fengju neitt í sinn hlut.

Niðurstaðan hefur svo orðið sú, sem menn vita varðandi þessa aðalkröfu sjómannanna, sem gilti jafnt fyrir undirmenn sem yfirmenn, að myndaður er þessi allsherjar fæðissjóður. Sjómenn á hinum ýmsu bátastærðum eiga að fá misjafnlega mikið greitt upp í sinn fæðiskostnað, rétt eins og það kosti eitthvað meira að éta um borð í 200 tonna bát en í 100 tonna bát! En hvað um það, það er ákveðið, að það skuli greiða úr þessum sjóði nokkuð upp í fæðiskostnaðinn og á þennan hátt, sem ég hef greint frá, þannig að sjómennirnir eru sjálfir látnir borga þetta, a. m. k. að hálfu leyti, og svo eru aðrir sjómenn, sem eiga ekki að geta fengið neinar greiðslur upp í sinn fæðiskostnað, skattlagðir til sjóðsins.

Ég efast ekkert um það, enda hef ég heyrt það hjá nokkrum sjómönnum, sem í þessum samningum hafa staðið, að þeir eru auðvitað sáróánægðir með þetta fyrirkomulag, sem hér var sett upp. Þeir viðurkenna, að þetta kerfi sé hvort tveggja mjög óréttlátt gagnvart ýmsum sjómönnum í landinu og það fái varla staðizt í framkvæmd, og menn viðurkenna líka, að slíkur fæðiskostnaðarsjóður felur í sér nákvæmlega sams konar hættur og vátryggingasjóðurinn frægi, er farið var að greiða með ákveðnu útflutningsgjaldi á allar fiskafurðir vátryggingaiðgjöld bátanna. Afleiðingarnar af þeim sjóði hafa orðið þær, og er nú viðurkennt einnig af sérfræðingum ríkisstj. í efnahagsmálum, að vátryggingakostnaður hér á landi hefur vaxið alveg úr hófi fram og er orðinn miklu meiri en hann er í nálægum löndum á sambærilegum skipum. Ég er ekki í neinum vafa um það fyrir mitt leyti, að ef áfram verður haldið með þennan fæðiskostnaðarsjóð, þá fer það auðvitað svo, að þeir sjómenn, sem sömdu um að fá ákveðinn hluta greiddan upp í fæðiskostnað nú, eiga eftir að semja um það seinna að fá allan fæðiskostnaðinn greiddan úr sjóðnum. Þá auðvitað verður hækkað útflutningsgjaldið og fiskverðið lækkað, um leið og þeir sjómenn, sem nú eru sviptir réttinum til að fá greiðslur úr sjóðnum, en eru þó látnir borga í sjóðinn, munu einnig í samningum knýja það fram, að þeir fái a. m. k. greitt úr sjóðnum til jafns við aðra, sem í hann borga. Og þannig heldur þetta áfram. Og svo kemur að því, er menn eru búnir að starfa undir þessari sjóðsstofnun í nokkur ár, alveg eins og það gerðist með vátryggingasjóðinn, að þessi fæðiskostnaðarkassi verður orðinn stór, það þarf býsna hátt útflutningsgjald til þess að mata hann, og það er ósköp hætt við því, að fæðiskostnaðurinn verði ótrúlega hár á Íslandi á bátaflotanum eftir nokkur ár, ef á að byggja þetta upp eftir þessum reglum. Hér er um nákvæmlega sama vísdóminn að ræða hjá efnahagssérfræðingum ríkisstj. í þessum efn-

um eins og öðrum. Þeir eru að fálma hér í hlut, sem þeir þekkja lítið inn á, kaupa sig út úr vandræðunum með því að framkvæma ný vandræði, en þetta á eftir að kosta býsna mikið um það er lýkur.

Það sjá nú væntanlega allir, að það sem sjómenn, jafnt yfirmenn sem undirmenn, hafa þurft að sætta sig við nauðugir viljugir í þeirri stöðu, sem upp hefur komið varðandi kröfuatriði um greiðslu á fæðiskostnaði, færir þeim ekki mikið í aðra hönd. Það því fremur, þegar þannig var á málum haldið, að fulltrúi ríkisstj., aðalefnahagssérfræðingurinn Jónas Haralz, sem jafnframt réð yfir fiskverðsákvörðuninni í landinu, hélt þannig á málinu, þó hann þyrfti að brjóta landslög til að gera það, auðvitað studdur af ríkisstj., að hann ákvað að halda í fiskverðið vikum saman, neita að ákvarða fiskverðið eftir þeim reglum, sem segir í lögum um það, hvernig á að komast að niðurstöðu um fiskverðið, en það eru alveg ákveðnar reglur í lögunum, sem á að fara eftir. Þessar reglur voru auðvitað brotnar, og það ákveðið, að fiskverðið skyldi aðeins hækka um það, sem sagt er að sé að meðaltali um 8% frá því, sem það var á fyrra ári, en þá átti fiskverðshækkunin að nema nákvæmlega jafnmiklu og nam vísitöluhækkun á laun hjá almennu launafólki frá því að fiskverð var ákveðið í fyrravetur. Sem sagt út úr 8% fiskverðshækkuninni átti að sjá um það, að hlutamenn gætu að vísu fengið sem nam vísitöluhækkun á laun hjá öðrum, en þeir gátu ekki fengið út úr þeirri fiskverðshækkun neitt umfram það. Nú var þó grundvöllur, að dómi Jónasar Haralz, til þess að hækka fiskverðið um meira en þessi 8%, en þá var haldið þannig á málunum, að fiskverðið var aðeins hækkað um 8%, en það, sem var hægt að hækka fiskverðið þar umfram, var notað í sambandi við uppbygginguna á þessum fæðiskostnaðarsjóði.

Svo fóru leikar, að sjómenn fengu þó viðurkenningu á pappír fyrir því, að upp yrði tekinn lífeyrissjóður þeim til handa á svipaðan hátt og tekið hefur verið upp fyrir ýmsar aðrar starfsstéttir í landinu. En ekki var þó gengið lengra um kröfur sjómanna í þessum efnum en svo, að þeir eiga ekki að fá þennan lífeyrissjóð að neinu leyti í gang á þessu ári, og eru þó þeir kjarasamningar, sem nú er verið að ganga frá, aðeins fyrir þetta ár til ársloka. En það er tekið fram, að á þessu ári kemur þessi sjóður ekki til framkvæmda. Það á að taka þrjú ár að koma þessum lífeyrissjóðsréttindum á að fullu handa sjómönnum, og vil ég ætla, ef ríkisstj. ætlar ekki að svíkja fullkomlega þá yfirlýsingu, sem hún hefur gefið um það, að hún ætlaði sér að beita sér fyrir því að koma upp lífeyrissjóði fyrir alla landsmenn, að um þetta leyti a. m. k. verði kominn upp lífeyrissjóður, sem nær til allra landsmanna og dekkar þá nokkurn veginn yfir það, sem hefur verið samið um fyrir sjómenn að þessu sinni. Útgjöldin í þessum efnum eru þá ekki ýkjamikil, nema þá að það verði svo, að hugmyndin um lífeyrissjóð fyrir alla landsmenn verði dregin mjög á langinn, og þá getur að vísu farið svo, að sjómenn hefðu út úr þessu samningsatriði nokkuð sér til hagsbóta þó síðar yrði.

Þetta eru nú þau atriði, sem samið hefur verið um í þessari sjómannadeilu við sjómenn. Ekki trúi ég því, að þeir menn í landinu, sem setja sig eitthvað inn í þessi mál og vilja viðurkenna staðreyndir, geti ekki viðurkennt það, að sjómenn hafi verulega lagt sig í framkróka um það í sambandi við þessar deilur að fá lausn á deilunni með sem minnstum kröfum uppfylltum. Það fer auðvitað ekkert á milli mála, að niðurstaðan hefur orðið sú, að sjómenn sitja eftir að verulegu leyti með skertan hlut, þegar það er haft í huga, hvað gert var varðandi hlutaskiptafyrirkomulagið með lögum þeim, sem samþykkt voru hér dagana fyrir jól.

Þá kem ég nokkuð að því, sem snýr sérstaklega að yfirmönnunum á fiskiskipaflotanum, en nú hefur ríkisstj. talið nauðsynlegt að leggja hér fram frv. um það að lögbinda ákveðna lausn á þá. Það er auðvitað enginn vafi á því, að það var að ýmsu leyti farið enn harðari höndum um yfirmennina á fiskiskipaflotanum í lagasetningu ríkisins, en nokkurn tímann undirmennina, og var þó nógu hart að þeim gengið.

Launakjör yfirmannanna á fiskiskipaflotanum hafa lengi verið þannig, að yfirmennirnir hafa haft svo að segja allt sitt kaup út úr aflahlut. Þetta hefur t. d. verið þannig, að þegar hásetarnir hafa talið sér mikils virði að fá inn í samninga ákveðna lágmarkskauptryggingu, því það hefur verið í allmörgum tilfellum um það að ræða, að þeir hafa þurft að búa við lágmarkskauptrygginguna, aflahluturinn hefur ekki orðið hærri en lágmarkskauptryggingin í samningum hefur verið, þá hafa yfirmennirnir á fiskibátunum sætt sig við það, eins og t. d. skipstjórar, að hafa miklu lægri lágmarkskauptryggingu, borið saman við sinn aflahlut, en nokkrir aðrir á bátunum. Þeir hafa sannarlega treyst á það, að aflaprósenta þeirra gæti skilað þeim því, sem þeir ætluðust til að fá fyrir sín störf. Þetta hefur meira að segja verið þannig, að í einstaka tilfellum hefur lágmarkskauptrygging skipstjóra og stýrimanna á bátum verið undir því, sem lágmarkskauptrygging er til almennra háseta. Lágmarkskauptrygging til almennra háseta er samkvæmt samningi 13.762 kr. á mánuði. Við þessa upphæð hafa hásetar tryggt sér 1100 kr. á mánuði í svonefnda fatapeninga, sem hafa verið greiddir út, þegar til lágmarkskauptryggingarinnar hefur komið. Ef um hefur verið að ræða bát, sem hefur stundað línuveiðar, bætist við þessa upphæð 2803 kr. á mánuði og í þeim tilfellum kemst hásetinn upp í 17665 kr. á mánuði í bráttólágmarkskauptryggingu, áður en fæðið hefur verið dregið frá. En hver hefur lágmarkskauptrygging skipstjóra og stýrimanna verið? Skipstjórarnir eru yfirleitt upp á tvo hásetahluti. Lágmarkskauptrygging skipstjóra hefur hins vegar verið 16835 kr., og til viðbótar hefur verið um að ræða fast kaup, 624 kr. á mánuði, eða 17459 kr. samanlagt, en það er rétt rúmlega 200 kr. lægra á mánuði en hásetinn hefur, ef um línufiskirí er að ræða. En þegar ekki er um línufiskirí að ræða, þá er þessi kauptrygging skipstjóra og stýrimanna lítils háttar hærri en hún hefur verið hjá hásetum. Vélstjórar hafa haft þarna nokkuð hærri tryggingu.

Það gefur auðvitað auga leið, þegar um það er að ræða, að það á að taka stóran hluta af aflaverðmæti bátsins undan hlutaskiptum, hann á ekki að koma til skipta, þá bitnar þetta auðvitað sérstaklega á þeim, sem hafa tiltölulega háa skiptaprósentu í samningum, sem eru skipstjórarnir, sem hafa lagt allt sitt undir að þeir afli og hafa auðvitað orðið mjög illa úti, ef út af hefur brugðið með afla. Til viðbótar við það, að svona hefur

verið ástatt um lágmarkskauptryggingu þessara yfirmanna, þá kemur þetta einkennilega fyrirkomulag, sem nú á að taka upp á fæðiskostnaðargreiðslunni, þar sem fæðiskostnaðurinn á að greiðast með fiskverði. Það á að lækka fiskverðið, það á að leggja á útflutningsgjald, og skipshöfnin er þannig látin borga hluta af fæðiskostnaðinum sjálf, og þá verður auðvitað skipstjóri, sem er með tvo hluti, að borga helmingi meira í kassann en hver einstakur háseti. Hans fæðishlunnindi verða á þennan hátt miklu minni, þegar litið er á kaupið sem heild. Það er því ekkert undarlegt, þó að yfirmennirnir væru, eins og allir aðrir sjómenn, sem í þessum samningum tóku þátt, mjög óánægðir með það, hverjar undirtektir við þeirra kröfum í deilunni voru af hálfu útvegsmanna og hver afstaða ríkisstj. var til þeirra málefna.

Það var því ofureðlilegt, að þeir gerðu kröfur um það að fá hér nokkra leiðréttingu, annaðhvort á sinni almennu lágmarkskauptryggingu eða þeim hluta af þeirra kaupi, sem var fast kaup, en þeir höfðu aðeins 624 kr. sem fast kaup á mánuði. Þegar komið er undir lokin og yfirmennirnir eru búnir að láta í það skína, að þeir gætu eftir atvikum, eins og á öllu málinu hefur verið haldið, jafnvel sætt sig við það að gera samkomulag í deilunni, ef þetta litla fastakaup þeirra, 624 kr. á mánuði, yrði hækkað upp í 1150 kr. á mánuði eða um 576 kr. Þetta kom mjög greinilega fram m. a. í Vestmannaeyjum, þar sem bæjarstjórnin beitir sér fyrir því að ná sáttum á milli aðila. Hún flytur sáttatillögu í þessa átt, og það kemur fram í atkvæðagreiðslu, sem yfirmenn tóku þátt í, að mikill meiri hl. yfirmanna þar fellst á að leysa deiluna á þessum grundvelli. En þó að yfirmennirnir hafi mjög gefið undir fótinn með það, að það væri hægt að leysa deiluna, þó að þeir væru að sjálfsögðu mjög óánægðir þarna með mörg samningsatriði, á þessum grundvelli, þá var svarið við því í sífellu þvert nei. Það sögðu þeir, sem vissu, að þeir höfðu ríkisstj. með sér og væntanlega meiri hlutann á Alþ. og treystu á það, að þeir gætu fengið sinn vilja settan í lög með afli atkvæða hér á Alþ. Ég tel, að hér hafi verið haldið á málum af ótrúlegri óbilgirni af hálfu þeirra aðila, sem áttu í samningum við yfirmenn á fiskibátaflotanum að þessu sinni. Skyldi það nú í þeim kostnaði, sem um er að ræða hjá útgerðinni, hafa drepið allt, þó að menn hefðu gengið inn á það, að 4 yfirmenn á bát fengju 576 kr. á mánuði til hækkunar í kaupi? Það gerir tæpar 6 þús. kr. á mann á ári eða 26–30 þús. kr. á bát á ári. Nei, ég tel að þetta atriði sýni það svo ljóst, að það sé engin leið að láta sér missýnast í þeim efnum, að þeir, sem neita samningum á grundvelli sem þessum, vildu aldrei neina eðlilega samninga. Þeir hafa raunverulega neitað í framkvæmd að standa að samningum á þann hátt, sem ætlazt er til samkv. vinnulöggjöf, og ég tel það alveg furðulegt, að ríkisstj., sem þó á að vita upp á sjálfa sig skömmina í þessum efnum, hvernig hér hefur verið stofnað til allra mála í þessum atriðum, skuli í þessari stöðu ekki hafa beitt sér fyrir því að fá samkomulag t. d. á grundvelli sem þessum, mæta þarna sjónarmiðum yfirmannanna, þó að ekki væri nú í meiru en þessu. Í stað þess kemur svo ríkisstj. hér fram með frv. og vill lögbinda þá till., sem yfirmennirnir hafa fellt í atkvgr., ekki með lítilli þátttöku, heldur með mikilli þátttöku miðað við þær aðstæður, sem um er að ræða í samtökum yfirmanna, því auðvitað er mikið af yfirmönnum dreift víðs vegar úti um land, sem hafa enga aðstöðu til þess að taka þátt í þessari atkvgr., og eru jafnvel utan allra samtaka. En í þessari atkvgr. viðvíkjandi kjörum yfirmanna tóku þátt, eftir því sem fram hefur komið í blöðum, um 555 menn, og það er hreint ekki lítið. En ríkisstj. ákveður að beita sér fyrir því að lögbinda sem kaup yfirmanna það, sem útgerðarmenn hafa samþ., en yfirmenn hafa fellt að miklum meiri hl. og sem raunverulega jafngildir því að segja algert nei við þá varðandi þeirra almennu launakjör. Ég hef heyrt, að það eru til ýmsir menn, m. a. þeir, sem virðast ráða allmiklu um skrif í stjórnarblöðunum, sem óskapast yfir ósvífni yfirmannanna á fiskiskipunum, að þeir skuli jafnvel hafa verið að tala um það, að þegar búið væri að kippa raunverulegum grundvelli undan hlutaskiptakjörunum, eins og gert var með lögum þeim, sem ríkisstj. beitti sér fyrir, þá vildi skipstjóri, sem á að hafa tvöfaldan hlut, fá sem lágmarkskauptryggingu um 30 þús. kr. á mánuði. En þeir níðingar, eins og sagt hefur verið, að heimta slíkt kaup! En hvað skyldu þeir menn vera margir í okkar landi, sem hafa fastan samning um ekki lægra kaup en það og vinna þó ekki nema hálfan vinnudag á við yfirmennina á okkar fiskibátum? Hvað skyldu þeir vera margir? Ég veit ekki betur en flestir sæmilega launaðir verkstjórar eða yfirmenn við minni háttar atvinnurekstur ráði sig ekki upp á minna en 30 þús. kr. á mánuði með alls konar aukafríðindum. Það er alveg rétt, að margir af yfirmönnunum á okkar fiskibátum hafa haft á undanförnum árum meira en 30 þús. kr. á mánuði í laun. Það er rétt. Margir þeirra höfðu mjög hátt kaup á meðan síldaraflinn var sem mestur og meðan verðið á síldarafurðunum var hæst, en þessir menn hafa auðvitað orðið að sætta sig við gífurlega mikið tekjufall frá þessum háu launum, og ég ætla það, að þeir séu ekki fáir yfirmennirnir á síldveiðiskipum okkar, sem á s. l. ári höfðu ekki ýkjamikið kaup. En þegar menn meta kaup yfirmannanna á okkar fiskibátum, mættu þeir kannske einnig hugsa nokkuð til þess, hvað á þeim mönnum veltur í okkar þjóðarbúskap, því að hvað sem öllu líður og hvað svo sem því líður, sem nú ber mikið á af hálfu aðaltalsmanna ríkisstj., að það sé ekki hægt að treysta á sjávarútveginn, það verði að leita eftir einhverju öðru, þá hefur það nú verið svo, að allt fram til þessa hefur gengi íslenzku þjóðarinnar fyrst og fremst byggzt á okkar sjávarútvegi, á þeim gífurlega miklu afköstum, sem hann hefur haft, og þau afköst hafa vitanlega byggzt að mjög verulegu leyti á yfirmönnunum, eins og reyndar öllum sjómönnunum á bátaflotanum. Það er því að mínum dómi eitt það ranglátasta og heimskulegasta, sem nokkur stjórn á Íslandi gerir, að ætla að taka upp slag við sjómennina á fiskiskipaflotanum og ætla að knýja það fram, að launakjör sjómannanna, og þá ekki síður yfirmannanna, verði með þeim hætti, að það megi búast við því, að fiskimennirnir flýi land, leiti eftir betur launuðum og hægari störfum í landi, eða þá þeir fari í það, eins og ýmsir aðrir hafa gert, að taka við störfum, sem þeim bjóðast hér í nágrannalöndunum, þar sem þeim er boðið miklu hærra kaup en þeir geta fengið hér.

Mér hnykkti við nú fyrir nokkrum dögum, þegar ég las um það grein í norsku fiskveiðiblaði, að frá því var

skýrt, að nokkrir danskir útgerðarmenn hefðu verið á ferðalagi um Norður-Noreg til þess þar að reyna að *ráða mikinn fjölda af norskum sjómönnum, yfirmönn*um og undirmönnum, á danska fiskibáta. Í þessu blaði var að vísu farið nokkrum orðum um það, að vonandi færi það nú ekki svo, að norskir sjómenn færu að ráða sig á danska báta, þó að það væri vel borgað. En hvað *verður um okkur, þegar þessir dönsku fara að koma* hingað, þeir, sem bjóða hér um tvöfalt hærri kauptryggingu og um tvöfalt hærra kaup en það, sem er verið að lögbinda hér nú? Okkar sjómenn eru vanir því að þurfa að vera fjarri heimilum sínum og það lang*tímum saman.* Ég veit það t. d., að sjómenn á Austurlandi hafa ekki talið það eftir sér, talið það aðeins eðlilegt, að þeir þyrftu að fara á vertíð hér til Suðvesturlands og vera hér í 4—5 mánuði frá heimilum sínum. Svipað hefur þetta t. d. verið með okkar síldveiðisjómenn almennt. Þeir hafa ráðið sig á skip og verið ýmist norður í Dumbshafi eða úti á Norðursjó í marga mánuði í einu. Þessir menn auðvitað telja það enga Síbiríuvist, þó að þeir ráði sig til Esbjerg í nokkra mánuði fyrir miklu hærra kaup en þeir geta fengið hér. Það væri þá aldeilis búhnykkur í efnahagsmálum Íslands, ef framkoma ríkisstj. í þessum málum leiddi til þess, að við misstum talsvert af okkar beztu sjómönnum úr landi, af því að aðrir keyptu þá upp.

Við skulum ekki sjá eftir því, þó að okkar sjómenn hafi sæmileg laun. Þeir fá þau m. a. þegar þeir duga vel í starfi og þegar þeir leggja ótrúlega mikið á sig. Ég er hræddur um það, að ýmsir þeir, sem reikna kaup sitt út í landi, mundu fá út æðimikið kaup eftir yfir- og aukavinnu- og helgidagataxta, ef þeir tækju allan þann tíma inn í reikningsdæmið, sem sjómennirnir á útileguskipunum verða að leggja fram. Ég kannast a. m. k. við það, að mér þótti nóg um, þegar skipstjórunum, ýmist af bátunum, að ég tala nú ekki um af togurunum, af sínu mikla ofurkappi kom auðvitað ekki annað til hugar en að leggja úr höfn jafnvel daginn fyrir stórhátíð, daginn fyrir jól, og vera úti á hátíðinni við fiskveiðar eða liggja einhvers staðar í fjarlægum höfnum, ef svo stóð á um veður, en þeir voru tilbúnir til þess að stunda sjóinn. Þessir menn auðvitað fást ekki til þessara starfa, nema þeir geti átt von á því, a. m. k. ef aflast, að þeir hafi allgott kaup. Og ég vil segja það hér við hv. alþm., að ég er sannfærður um, að enginn þeirra mundi leggja það á sig að vera í stöðu okkar sjómanna á fiskibátaflotanum upp á þau býti, að þeir fengju aðeins venjulegt kaup í landi fyrir þá vinnu, sem er af þeim heimtuð, sem eru á bátaflotanum.

Ég segi það því alveg hiklaust í þessu tilfelli, að ég tel, að ríkisstj. hafi farið með afbrigðum heimskulega að í þessu vandamáli, í fyrsta lagi að ætla að ráðast á samningsbundinn rétt sjómannanna, eins og gert var með löggjöfinni fyrir jól, og í öðru lagi að mæta ekki óskum þeirra á réttlátari hátt en gert hefur verið við þessa samningagerð. Ég veit það, að það eru til menn, sem treysta á það, að þeir séu svo margir, sem nú bíða sárþurfandi eftir atvinnu í frystihúsum og fiskvinnslustöðvum landsins og þeir séu svo margir, meðal annars í hópi sjómanna, sem vita það, að þeir þurfa endilega að fara að komast á sjóinn til þess að geta haft kaupið sitt, að það sé hægt að slá ryki í augu þeirra og sakfella aðeins yfirmennina, þá hæst launuðu á bátunum, fyrir það, að þeir eigi alla sökina á því, að hér er stöðvun, en *ég er ekki í neinum vafa um það fyrir mitt leyti,* að það er ríkisstj., sem ber ábyrgðina fyrst og síðast á því, að flotinn er enn stöðvaður. Sjómannasamtökin, bæði samtök undirmanna og yfirmanna, hafa sýnt hér ótrúlega mikla tillitssemi, en þeir hafa mætt litlum skilningi.

Það er ekki aðeins þessi þáttur, sem ég hef gert hér aðallega að umtalsefni, sem hlýtur að vekja athygli manna, sem hugsa um þetta frv. Þetta frv. miðar að því að svipta ákveðna aðila þeim löghelgaða rétti, sem þeir hafa sem starfsmenn, samningsréttinum. Það er verulega hættulegt mál að handleika samningsréttinn á þann hátt, sem hæstv. ríkisstj. gerir í þessu tilfelli og hefur gert hér hvað eftir annað áður. Það dugir ekki að afsaka sig aðeins með því, að það sé mikið í húfi. Auðvitað er mikið í húfi, en hvað halda menn t. d., að sé mikið í húfi núna eftir tæpan hálfan mánuð, 1. marz, þegar um það verður að ræða, hvort meginhluti íslenzkrar verkalýðshreyfingar fer e. t. v. í vinnustöðvun út af því sjálfsagða réttlætismáli að greiða skuli vísitöluuppbætur á laun? Hefur þjóðin efni á því að stoppa þá alla sína framleiðslu um lengri eða skemmri tíma? Auðvitað hefur þjóðarbúið ekki efni á því. En væri það þá verkamönnunum að kenna, sem krefðust réttar síns? Væru það þeir, sem væru að setja þjóðfélagið um koll með því að heimta þennan rétt sér til handa? Eða er sökin hinna, sem hafa svipt þá þessum rétti, sem þeir höfðu samið um?

Ég er ekki í neinum vafa um það, að hið rétta svar er það, að það er vitanlega ríkisstj. og hennar stuðningslið á Alþ., sem ber sökina. Hún getur ekki sloppið út úr *þessum vanda með því* að segja t. d. 1. marz, ef þá verður verkfall út af vísitölumálinu: Ja, ég er að bjarga þjóðinni, og ég set bara lög um það, að menn skuli vinna fyrir sama kaup og áður. Ef hún heldur áfram þessum leik, kemur auðvitað næsta aðgerð og hún verður ekki aðeins um það, að menn skuli vinna vísitöluuppbótalaust, heldur segir ríkisstj. að ári líðnu: Það þarf að bjarga þjóðinni með því, að þið eigið að vinna fyrir miklu lægra kaup í krónum talið en þið hafið haft. Við setjum lög um það.

Sú aðferð að ætla að beita *lögum á þennan hátt,* þó að það hafi áður verið gert samkomulag um og sett lög um það, að það skuli gilda ákveðnar leikreglur um gerð kjarasamninga, er stórháskaleg, og það er auðvitað full ástæða til þess að vera á móti þessu frv. vegna þess, að það miðar að því að svipta ákveðinn starfsmannahóp í landinu löghelguðum samningsrétti. Hér er um samningsréttarmál verkalýðshreyfingarinnar allrar í landinu að ræða. Og það eru engin rök, sem hægt er að færa fram fyrir því, að yfirmennirnir á fiskibátunum séu í *þessu tilfelli með óbilgjarnar kröfur,* þeir séu að reyna að knýja eitthvað það fram, sem ekki sé hægt að standa við. Því er það, að það hefði auðvitað átt að fara þá leið, sem við Alþb.-menn höfum bent á. Það hefði átt að vera búið að skipa hér sérstaka sáttanefnd í þetta mál og leita eftir sáttum á eðlilegum grundvelli. Það er vitanlega engin von til þess, að niðurstaða fáist í samningagerð með eðlilegum hætti, ef annar aðilinn segir í sífellu: Ég samþykki ekkert, ég verð ekki við

neinu, og sá aðili er studdur af ríkisvaldinu, sem ógnar með því að setja lögbindingu á þessar kröfur.

Ég óttast það, að einmitt þessi vinnubrögð, sem hæstv. ríkisstj. vill viðhafa í þessu máli, muni leiða til þess í öðrum tilfellum, t. d. næst þegar um það verður að ræða, að sjómenn þurfa að taka upp samninga við útvegsmenn, ja, þá standi bara útvegsmenn eins og nú og segi nei við öllu og bíði eftir því, að lög komi og þá verði samningsrétturinn í reynd ekkert nema nafnið. Ég fyrir mitt leyti a. m. k. efast ekkert um það, að á svipaðan hátt mundi núna fara, ef að samningaborði settust fulltrúar verkalýðshreyfingarinnar annars vegar og fulltrúar vinnuveitenda hins vegar og ræddu um það að taka upp vísitöluuppbætur á laun. Þá mundu auðvitað atvinnurekendur segja nei og aftur nei, þar sem þeir vita um það, að þetta er yfirlýst stefna ríkisstj., að reyna að knýja þetta fram. Þeir reikna með því, að þegar nógu langt er komið út í voðann, þegar búið er að stöðva alla þjóðarframleiðsluna um lengri eða skemmri tíma, þá komi ríkisstj. og geti jafnvel látið fulltrúa Alþfl. leggja fram frv. um það á Alþ. að kveða niður verkfallið með lögum, af því að það sé þjóðarnauðsyn. Alþfl. hefur margsinnis áður lýst yfir sinni almennu, pólitísku afstöðu í málum eins og þessum. Hin almenna afstaða Alþfl. hefur verið sú, að hann væri mótfallinn því, að gripið væri inn í kjarasamninga með löggjöf, og oftar en einu sinni áður hefur Alþfl. farið úr ríkisstj. í slíkum tilvikum, þegar gripa hefur átt til slíkra ráða. En það er nú ekki lengur svo. Nú otar íhaldið Alþfl. fyrir sig og lætur Alþfl.-ráðh. bera fram frv. um það að leggja lögbindingu á sjómenn, og það undir þessum kringumstæðum, sem hér er um að ræða.

En það er auðvitað enginn vafi á því, að dragi sjómenn ekki réttar ályktanir af því, sem er að gerast í þessum efnum og launþegar í landinu yfirleitt, læri þeir ekki á þessi vinnubrögð, skilji þeir ekki það, að það er ekki leiðin til þess að kveða niður svona vinnubrögð að kjósa á kosningadegi til áhrifa á Alþ. þá fulltrúa, sem beita sér fyrir því að svipta starfshópa í landinu eðlilegum samningsrétti, fái þessir menn ekki eðlilega refsingu, þá auðvitað halda þeir þessum upptekna hætti sínum áfram.

Þetta mál, sem hér er til umr., er því í mínum augum ekki aðeins málefni yfirmannanna á fiskibátaflotanum, og hefði þó verið full ástæða til þess aðeins út frá því sjónarmiði, hvernig hefur verið farið með þeirra mál að vera á móti frv., en hér er um að ræða, að dómi okkar í Alþb., stórt „prinsip"-mál launþegasamtakanna í landinu. Ríkisstj. hefur verið að þreifa fyrir sér í þessum efnum á undanförnum árum, hefur verið að fikra sig áfram, og það er enginn vafi á því, að hún hugsar sér það nú í dag að nota sömu vinnubrögðin gagnvart launafólki í landi, sem á svo mikið undir því að fá kaup sitt mælt á réttan hátt miðað við verðlag í landinu. Af þessum ástæðum erum við Alþb.-menn algerlega mótfallnir þessu frv. og teljum, að það eigi að fella það. Ég reikna auðvitað alveg með því, að það verði sagt í Alþýðublaðinu og í Morgunblaðinu, að nú vilji kommúnistar endilega svelta alla þjóðina, halda verkfallinu endalaust áfram, eyðileggja allan þjóðarbúskap Íslendinga, það sé þeirra kappsmál. Maður þekkir svo sem þennan málflutning. En þeir skulu vita það, að slíkur málflutningur hefur ekki minnstu áhrif á okkur Alþb.-menn. Við treystum því, að áður en lýkur átti menn sig á því, hvað er að gerast í þessum efnum, hvar orsökin til vandans liggur, hver réði upphafinu í þessu máli og hvernig hefur verið staðið að málinu, og ég geri mér meira að segja vonir um það, að það verði stór hluti landsmanna, sem áður en langt um líður áttar sig á því, að við þurfum meira að segja að hafa vellaunaða yfirmenn á fiskiskipunum okkar. Það dugir ekki að bjóða þeim léleg kjör, þar sem þeir eiga líka öll sín laun undir áhættu.

Það hefur verið sagt hér í umr. um þetta mál, að það hafi nú ekki verið ástæðulaust að búast við því, að ríkisstj. legði sig nú fram um það að hafa áhrif á það, að samningar gætu tekizt á milli aðila, t. d. með því að hið opinbera legði hér fram nokkurt framlag, ef á þyrfti að halda eða veitti hér tiltekin fríðindi til þess að endar gætu náð saman á milli aðila, og með sérstöku tilliti til þess, að það er ríkisstj. alveg á ótvíræðan hátt, sem á upphafið að þessari alvarlegu deilu, sem er búin að kosta þjóðina jafnmikið og raun er á. En hvað hefur ríkisstj. gert til þess að ná samkomulagi? Ja, hvað skyldi það t. d. hafa kostað mikið, jafnvel þó að það hefði þurft að leggja það fram frá ríkinu, að greiða þennan mismun, sem hér hefur verið nefndur í sambandi við fastakaup yfirmannanna? Ég er sannfærður um það, að sú upphæð, sem hefði farið í það á hverju ári, er langt innan við það, sem ríkið borgar á hverju ári bara í lögreglukostnað innan girðingarinnar á Keflavíkurflugvelli til þess að reyna að halda þeim þar á mottunni. Við verðum að leggja þar fram mikið fé á hverju ári í þessu skyni. Ríkisstj. telur þetta ekki eftir sér. Þetta er auðvitað sjálfsagður hlutur, og þannig mætti auðvitað nefna fjölda marga útgjaldaliði hjá ríkinu, sem eru vægast sagt vafasams eðlis. En hvað hefur ríkisstj. boðið fram til þess að reyna að brúa hér bilið á milli þessara deiluaðila? Það hefur ekki komið fram, hvað það er. Ég get ekki séð betur en afstaða ríkisstj. hafi beinlínis verið sú að halda sér fast við það í einu og öllu, sem hennar efnahagssérfræðingar höfðu reiknað út og tilkynnt fyrir jólin, en aðalinntak þeirra ráðstafana var það, að launafólk allt í landinu yrði að taka á sig bótalaust afleiðingarnar af hækkuðu verðlagi, sem mundi nema í kringum 20—30%, og að sjómenn yrðu einnig að taka á sig afleiðingarnar af þessu hækkaða verðlagi í landinu og þar að auki á sig áföllin af minnkandi fiskafla, sem svo mikið hefur verið talað um. Við þessi grundvallarsjónarmið stendur ríkisstj. alveg pikkföst allan tímann.

Það er ýmislegt haft í frammi. Af hálfu ríkisstj. er það sagt t. d., að vegna gengislækkunarinnar hefði að sjálfsögðu fiskverð getað hækkað talsvert, og þá hefðu sjómenn fengið hækkaðan aflahlut í kjölfar þess, og þannig hefðu þeir þá auðvitað sloppið undan því að bera bótalaust dýrtíðina. En um það er auðvitað ekki að ræða, þar sem t. d. er um að ræða síldveiðar. Þó að síldarverðið hefði verið látið hækka inn í skiptaverðið, hefði auðvitað hlutur síldarsjómanna ekki orðið eins mikill og hann var á meðan aflinn var mikill og verðið var hátt. Jú, það kann að vera, að af þorskveiðunum hefðu sjómenn fengið nokkru fleiri krónur, þannig að það hefði vegið nokkuð á móti vaxandi dýrtíð. En ríkisstj. virðist hafa verið alveg sannfærð um það, að

þetta mætti ekki koma fyrir, að sjómenn fengju fleiri krónur í kjölfar gengislækkunarinnar. En nú eru sjómenn ekki eini starfshópurinn í landinu, sem tekur laun sín með tilliti til hins almenna verðlags, sem er í landinu. Við skulum t. d. taka hér þekkta starfshópa eins og lögfræðinga. Þeir hafa sjálfir sett sér lög í sínum félögum, þeir þurfa ekki að semja við einn eða neinn. Þeir setja bara sjálfir taxta um það, hvað þeir skuli hafa mikið af hverju máli. Auðvitað fer það svo hjá þeim, að þegar allar upphæðir í landinu stórhækka í kjölfar gengisbreytingar, hús, sem kostaði 1 millj., fer upp í 1½ millj., hús, sem kostaði 2 millj., fer upp í 3 millj. o. s. frv., þá auðvitað hækkar aflahlutur þessara manna prósentvís við hið hækkandi verðlag. Hvað gera arkitektar, verkfræðingar og hvað þeir heita nú allir? Þeir hafa líka sett sér svona taxta, og það eru til miklu fleiri aðilar, að ég tala nú ekki um þá, sem taka ákveðna myndarlega prósentu af söluverðmæti á því, sem þeir handleika eða geta starfað sem milliliðir í sambandi við. Þessir aðilar mega allir óáreittir af ríkisstj. taka til sín fleiri krónur með hækkandi verðlagi, og þeir munu auðvitað allir halda því fram, að það sé ekkert óeðlilegt, að þeir þurfi að fá fleiri krónur, allt sé orðið dýrara, útgjöldin meiri, áhættan meiri, en það er eins og þessi formúla megi ómögulega gilda t. d. við sjómenn. Ef svo ber við, að fiskverð gæti nú hækkað, þá verður að koma í veg fyrir það, að það fari á nokkurn hátt út til sjómannanna. Þeir skulu fá að dúsa í sama kaupinu og þeir bjuggu við áður. Þetta er sem sé mat ríkisstj. og hennar efnahagssérfræðinga á gildi sjómannastéttarinnar í okkar efnahagslífi. En þetta er einmitt hennar mat yfirleitt á störfum vinnustéttanna, undirstöðuhópanna í okkar þjóðfélagi. Þetta er mat hennar á þeim og svo aftur viðhorf hennar til milliliðahópanna, sem alltaf eru að taka til sín stærri hluta af kökunni.

Ég skal nú ekki ræða öllu meir um þetta mál hér við þessa umr. Það væru þó vissulega ýmis atriði, sem ástæða væri til þess að víkja hér að, og verður kannske gert hér nokkuð við 2. umr., þegar málið hefur farið í n., ég skal nú geyma mér það til þeirrar umr. En afstaða mín og okkar Alþb.-manna til þessa frv. er sú, að við viljum fella frv., teljum, að það eigi engan rétt á sér. Við viljum eigi að síður leggja okkur fram um það að reyna að finna lausn á þessari deilu, því að við gerum okkur það fyllilega ljóst, ekkert síður en aðrir, að það er mikil nauðsyn á því fyrir þjóðarbúið og fyrir allt starfandi fólk í landinu, að flotinn geti farið af stað, framleiðslan geti byrjað og við álítum, að það væri hægt að ná þessu marki, ef t. d. væri sett á laggirnar sérstök sáttanefnd, sem gengi hér á milli aðila. En það þarf auðvitað að vera til staðar nokkur skilningur á því, að sjómennirnir, sem hér eiga hlut að máli, eigi hér einnig nokkurn rétt. En ef á þann hátt væri unnið að málinu, teljum við, að hægt væri að fá lausn á þessari deilu og það tiltölulega fljótlega.

Þórarinn Þórarinsson: Herra forseti. Þó að því hafi verið lofað af hálfu stjórnarandstöðuflokkanna að tefja þetta mál ekki með miklum umr., þá finnst mér eigi að síður rétt, að það fái hér þinglega meðferð, þannig að hæfilegar umr. verði um það og eins að það fái þinglega meðferð í n. Það tel ég m. a. þinglega meðferð í n., að það verði leitað til fulltrúa þeirra aðila, sem eiga hér í deilu, m. a. til að upplýsa það, hvað það er raunverulega, sem nú ber á milli í deilunni, en því var lýst yfir af hæstv. sjútvmrh. í Ed., að í raun og veru væru smámunir, sem bæru hér á milli. Ef það er rétt hjá hæstv. ráðh., þá finnst mér það vel tilvinnandi og ekki annað sæmandi, en að þingið fái fullar upplýsingar um það, hverjir þessir smámunir eru og hvort ekki muni því vera hægt að leiða málið til lykta á stuttum tíma, án þess að það þurfi að fara þá leið, sem hæstv. ríkisstj. leggur hér til. Ég vil vænta þess, að hæstv. sjútvmrh. hafi farið með rétt mál og verið búinn að kynna sér allar staðreyndir þar að lútandi, þegar hann sagði, að hér væru raunverulega smámunir, sem bæri á milli. Því að það skulum við gera okkur ljóst, að hvað framtíðarlausn þessa máls snertir, er það að sjálfsögðu langæskilegast, að það verði hægt að fá fullt samkomulag um þetta mál og a. m. k. sé það til fulls upplýst, áður en þetta mál er endanlega afgreitt, hvað það er, sem raunverulega ber á milli, fyrst hæstv. ráðh. fer um það þeim orðum, að hér sé um smámuni að ræða.

Áður en ég vík að málinu sjálfu finnst mér rétt að minnast örlítið á setningu, sem hæstv. sjútvmrh. lét falla hér áðan. Hann talaði um það með verulegum fjálgleik, að nú skipti það mestu máli að bera klæði á vopnin. Og þetta er alveg rétt hjá hæstv. sjútvmrh. En það gildir hér um hann eins og um ýmsa fleiri, að það er hægara að kenna heilræðin en að halda þau. Ef hæstv. sjútvmrh. hefði minnzt þessara orða og farið eftir þessum orðum á haustþinginu, mundi aldrei hafa til þeirrar deilu komið, sem hefur verið háð hér í landinu að undanförnu, sjómannadeilunnar og verkfallsins í sambandi við hana. En í stað þess að bera þá klæði á vopnin, hellti ráðh. olíu á eldinn og þess vegna fór sem fór. Það sorglega við þessa deilu, sem hér er nú rætt um, er einmitt það, að það hefði aldrei þurft til hennar að koma og það hefði verið hægt að forða þjóðinni auðveldlega frá því mikla tjóni, sem af henni hefur hlotizt, ef með hæfilegri skynsemi og aðgætni hefði verið haldið á þessu máli af hálfu hæstv. ríkisstj. Það var einu sinni sögð setning hér í þinginu af voldugum þingeyskum manni, sem fjallaði eitthvað um móðuharðindi af manna völdum. Mér finnst, að öll afskipti ríkisstj. af þessu máli minni á móðuharðindi af manna völdum. Og ég lýsi fullkomlega á hendur henni ábyrgðinni af því tjóni, sem af þessari deilu hefur leitt. Það er haft eftir merkum útgerðarmanni, sem ætti að þekkja vel til þessara mála, að eins og nú sé komið, kosti þessi deila þjóðarbúið um 20 millj. á dag. Það eru liðnir 48 dagar af þessu ári og þó að við reiknum með því, að þeir hefðu ekki allir verið færir til sjósóknar, mun það ekki fjarri lagi að reikna með því samkv. þessum tölum, að tjónið af deilunni nemi orðið 500—600 millj. kr. og kannske meiru en það. En hjá þessu tjóni hefði verið hægt að komast, hjá þessum móðuharðindum af manna völdum hefði verið hægt að komast, ef ríkisstj. hefði haldið með skynsemi, aðgætni og lagni á þessum málum. Og mér finnst rétt, áður en ég vík að málinu sjálfu, að rökstyðja það nokkuð, að ég kalla þessi afskipti ríkisstj. móðuharðindi af manna völdum.

Ég kalla þetta í fyrsta lagi móðuharðindi af manna völdum vegna þess, að til þessarar deilu hefði aldrei

þurft að koma og hefði aldrei komið, ef ríkisstj. hefði ekki algerlega að óþörfu blandað sér inn í samningamál sjómanna og útvegsmanna á s. l. hausti og sett lög um það að rjúfa samningana á milli þessara aðila, sem er í raun og veru algerlega einstætt verk í þingsögunni. Ég man ekki eftir því, það kann að vera hægt að finna fordæmi fyrir því, að ríkisstj. eða annar aðili hafi áður fyrr komið með mál hér á Alþ. og knúið það fram að rjúfa gerða samninga milli stéttarfélaga í landinu. Ef það hefði ekki verið gert, er það alveg víst, að ekki hefði til þessarar deilu komið, því að það var bæði hjá sjómönnum og útgerðarmönnum ríkjandi fullur skilningur á því, að vinnufriður væri nauðsynlegur og ef þessi afskipti ríkisstj. hefðu ekki komið til sögunnar er ég viss um það, að þessir aðilar hefðu leyst deilumál sín með friðsamlegum hætti, eins og svo oft áður. En eftir að svo var komið, að með þessari lagasetningu ríkisstj. var búið að rjúfa samningana milli útgerðarmanna og sjómanna með þeim hætti, að kjör sjómannanna voru stórkostlega skert, þá var ekki von á öðru, ekki nema eðlilegt og mannlegt, en að þeir brygðust við á þann hátt, sem raun varð á. En ég segi það enn í fyrsta lagi, að ég tel verknað ríkisstj. móðuharðindi af manna völdum vegna þess, að til þessarar deilu hefði aldrei þurft að koma, ef hún hefði ekki skorizt í hana með þeim hætti, sem ég hef nú gert grein fyrir.

Í öðru lagi segi ég, að afskipti ríkisstj. af þessu máli minni á móðuharðindi af manna völdum vegna þess, að það hefði verið fyrir löngu hægt að leysa þessa deilu, ef nokkur vilji hefði verið hjá hæstv. ríkisstj. til þess að ná því marki. Sjómennirnir settu sínar kröfur þannig fram strax í upphafi, að það var ekki annað en fullkomin sanngirni, að að þeim væri gengið. Þeirra meginkröfur hljóðuðu ekki upp á annað en það, að bátasjómennirnir og yfirmennirnir á bátunum sætu við sama borð og sjómenn á togurum og farskipum hafa þegar tryggt sér, að þeir fengju fæði sitt greitt og yrðu aðilar að lífeyrissjóðum. Og það var áreiðanlega af hálfu útgerðarmanna fullur skilningur á því, að þessum kröfum þeirra væri fullnægt. Hins vegar verður að gera sér grein fyrir því, að þannig er að útgerðinni búið af hálfu hæstv. ríkisstj. með ýmsum sköttum og álögum og sérstaklega með meiri vaxta- og peningapólitík, sem því fylgir, að það er ekki hægt um vik fyrir útgerðina, jafnvel þó að útgerðarmenn vilji veita starfsmönnum sínum góð kjör, nema þeir fái á móti einhverjar tilslakanir af hálfu ríkisstj. Ég er alveg viss um það, að á bak við tjöldin hefur verið mjög reynt til þess af útgerðarmönnum síðan þessi deila hófst að fá tilslakanir af hálfu ríkisstj., sem gerði útgerðarmönnum auðvelt að semja, en ríkisstj. hefur alltaf þverneitað að veita slíkar tilslakanir. Svo var komið fyrir rúmum þremur vikum síðan samkv. því, sem eitt stjórnarblaðið, Vísir, upplýsti, að það, sem á milli bar milli sjómanna og útgerðarmanna, svaraði ekki nema 27 millj. kr. á ári. Fjárlög íslenzka ríkisins eru nú á 8. milljarð kr. Hver heldur það, að ríkisstj. hefði ekki auðveldlega getað brúað þetta bil, þessar 27 millj. kr., milli sjómanna og útgerðarmanna, ef hún hefði haft minnsta vilja til að gera það? En ríkisstj. hafði engan vilja til að gera það og þess vegna hélt þessi deila áfram viku eftir viku með þeim afleiðingum fyrir þjóðarbúið og alla aðila, sem ég hef nú lýst. Ég segi þess vegna enn einu sinni, að öll framkoma og öll afskipti ríkisstj. í þessu máli minnir fullkomlega á hina frægu setningu um móðuharðindi af manna völdum. Ríkisstj. hefur hér með stífni sinni, yfirgangssemi og skilningsleysi átt sinn þátt í því, að þjóðin er í dag 500–600 millj. kr. fátækari en hún þyrfti að vera, ef með nokkurri skynsemi og gætni hefði verið á þessum málum haldið af hálfu hæstv. ríkisstj.

En þetta er ekki í fyrsta sinn, sem þessi ríkisstj. gerir sig seka um slík móðuharðindi af manna völdum sem ég hef nú rætt um. Á seinasta þingi gerðist nákvæmlega sami atburðurinn. Þá afnam ríkisstj. lög um vísitöluuppbætur á kaup með þeim afleiðingum, að launþegar urðu að hefja stærsta og dýrasta verkfall, sem hefur verið háð á Íslandi, til að knýja fram sinn rétt. Til þess verkfalls og til þess tjóns hefði áreiðanlega ekki komið, ef ríkisstj. hefði ekki hér algerlega að óþörfu skorizt í málið og afnumið l. um vísitöluuppbætur á kaupgjaldi. Ég er ekki að halda því fram, að það séu ekki sæmilega velmetandi menn, sem sitja í hæstv. ríkisstj., en af einhverjum ástæðum tekst þeim svona klaufalega til, að verk þeirra snúast hvaðeina upp í það að vera móðuharðindi af manna völdum og baka þjóðinni hið stórfelldasta tjón. Ríkisstj. og stjórnarblöðin hafa fundið það, að aðstaða þeirra var ekki sterk í þessari deilu. Þessir aðilar hafa fundið það, að sökin var ríkisstj. og hennar stuðningsmanna, og þess vegna hefur verið kappsamlega að því unnið á undanförnum vikum að reyna að koma sökinni á aðra. Það hefur verið reynt að koma sökinni á stjórnarandstæðinga og sagt, að þeir spilltu fyrir samkomulagi um þetta mál. Og það hefur verið svo langt gengið, að þegar þm. hafa ferðazt hér um húsið í einkaerindum, hefur verið sagt í stjórnarblöðunum, að þeir væru að koma hingað til að spilla fyrir samkomulagi um málið, þó að þeir hafi ekki rætt við neina af þeim mönnum, sem þar áttu þátt í samningagerð, nema þá að Lúðvík Jósefsson hafi kannske átt samtal við einn af forystumönnum útgerðarmanna, en mér finnst ólíklegt, að það hafi verið gert til þess að espa upp sjómennina að tala við þann mann. Það hefur verið reynt að halda þessum sama áróðri uppi manna á milli, ekki aðeins í blöðunum, að stjórnarandstæðingar væru að spilla fyrir málinu, en ég held þó með heldur litlum árangri vegna þess, að það hefur legið svo skýrt fyrir, hver afstaða stjórnarandstæðinga var.

Afstaða stjórnarandstæðinga var í fyrsta lagi sú, að þeir reyndu eftir megni að koma í veg fyrir það, að þessi deila hlypi af stokkunum með því að beita sér gegn því frv. hæstv. sjútvmrh., sem hleypti henni af stað. Síðan hefur hvað eftir annað af hálfu þeirra verið hvatt til þess að leysa deiluna sem fyrst, og þeir hafa jafnan lýst því yfir, að þeir væru reiðubúnir til að eiga sinn þátt í því t. d. að taka þátt í sáttanefnd ef eftir því væri óskað. Stjórn Steingríms Steinþórssonar gekk þau spor í verkamannaverkfallinu, sem háð var hér 1955, að leita til stjórnarandstöðunnar og biðja hana um að eiga aðild að sáttanefnd sem reyndi að koma á samkomulagi í þeirri deilu. Upp úr þessari deilu náðist samkomulag, og m. a. samkomulag um atvinnuleysistryggingarnar, sem nú hafa komið að beztum notum. Ef ríkisstj. hefði haft nokkurn áhuga fyrir að leysa þessa deilu, átti hún að snúa sér strax til andstöðuflokka sinna og biðja þá að eiga þátt í því með sér að vinna að lausn hennar, en í stað

þess að gera það, var haldið uppi rógi um stjórnarandstöðuna um það, að hún væri að spilla fyrir málinu.

En þó álít ég, að þessi áróður um stjórnarandstöðuna sé ekki það versta, sem hent hefur áróðursmeistara stjórnarflokkanna og ríkisstj. í þessu máli. Það, sem ég tel langverst og langalvarlegast í sambandi við þessa áróðursherferð ríkisstj. og hennar stuðningsmanna í málinu, er sú áróðursherferð, sem hefur verið haldið uppi gegn yfirmönnunum á bátaflotanum og reynt að hengja þá upp sem einhverja sökudólga, sem ættu mestan þátt í því, að samkomulag næðist ekki í þessari deilu. Og það hefur ekki verið látið þar við sitja. Það hafa verið breiddar út alls konar sögur um það, að hér væri um að ræða einhverja mestu hátekjustéttina í landinu, og þá sé nú skörin farin að færast upp í bekkinn, þegar þessir hátekjumenn ættu meginþátt í því, að aðalatvinnuvegur þjóðarinnar stöðvaðist. Þessi rógur hefur verið látinn ganga mann frá manni. Það hefur ekki verið látið bera eins mikið á honum í stjórnarblöðunum til þess að undirbúa þá aðgerð, sem nú er verið að framkvæma hér í þinginu. Það hefur verið talað öðruvísi um þessa menn núna en á sjómannadaginn og á tyllidögum, þegar verið er að tala um það, hvað sjómannastéttin sé nauðsynleg og hve mikilsvert það sé, að þar sé valinn maður í hverju rúmi. Nú hefur verið talað um það, að hér væri um hátekjumenn að ræða, sem væru með óbilgirni að stöðva aðalatvinnuveg þjóðarinnar um hábjargræðistímann og ættu þátt í því, að þúsundir manna gengju atvinnulausar í landinu. Og það hafa verið nefndar hinar furðulegustu tölur um það, hvað það væri, sem þessir menn bæru úr býtum.

Satt að segja finnst mér nú, þegar maður rifjar upp ýmsar ræður og ýmis skrif hjá stjórnarblöðunum á undanförnum misserum, að þá séu þessar tölur, sem eru nefndar um hinar háu tekjur yfirmannanna á bátaflotanum, nokkuð einkennilegar, því að þegar stjórnin hefur verið að afsaka sínar gerðir hér í þinginu í efnahagsmálum, hefur ekki vantað upplýsingar um það, hve afli hefur minnkað mikið á undanförnum árum eða hvað verð hafi fallið mikið á sjávarafurðum o. s. frv. En nú er eins og þetta hafi ekki haft nein áhrif á kjör sjómannanna og yfirmannanna á bátaflotanum á undanförnum misserum. Það virðist alveg samkv. þessum áróðri eins og þeirra kjör hafi verið óbreytt, þó að afli hafi dregizt saman og þó að verðlag hafi fallið á íslenzkum sjávarafurðum erlendis. En til þess verða menn að taka eðlilegt tillit, þeir, sem vilja vera sanngjarnir í þessum efnum, að þó að þessi stétt manna bæri sæmileg kjör úr býtum á árunum 1964—1966, er allt annað uppi á teningnum í dag. Niðurstaðan er sú, að samkv. útreikningum, sem eru byggðir á tölum frá Efnahagsstofnun ríkisins og stjórnarliðar ættu þess vegna ekki að vefengja, þá hafa yfirmenn á skipum á síðasta ári sízt haft hærri laun en t. d. verkstjórar í landi. Vil ég ekki neitt lítið úr þeim gera, en hitt er þó alveg víst, að á langflestum þeirra hvílir minni ábyrgð en þeim, sem eru til fyrirsvars á okkar bátaflota, auk þess, sem allir sjá, að vinna þeirra er ekki eins erfið og áhættan miklu minni, sem þeirra störfum fylgir. Og hver getur nú ætlazt til þess að það verði til lengdar hægt að tryggja þá stefnu, sem allir virðast vera sammála um, að á okkar fiskiskipum þurfi að verða valinn maður í hverju rúmi, ef þeir, sem þar starfa, bera ekki meira úr býtum en t. d. verkstjórar í landi? Ég er ekki að segja það, að verkstjórar í landi eigi ekki að hafa sæmileg laun, síður en svo, og ég tel þeirra störf mjög þýðingarmikil og það skipti mjög miklu máli fyrir okkur að hafa góða verkstjórastétt, og við eigum að leggja áherzlu á að bæta hana. En þrátt fyrir það, þó að ég viðurkenni þessa stétt fullkomlega, hygg ég, að því verði ekki neitað, að þeir menn, sem veljast til þess að verða yfirmenn á bátaflotanum, hvort heldur þeir eiga að verða þar skipstjórar, stýrimenn eða vélstjórar, gegni enn ábyrgðarmeira, þýðingarmeira og örlagaríkara starfi fyrir íslenzkt þjóðfélag. Því að hvaða trú, sem menn kunna að hafa á stóriðju og öðru slíku og atvinnurekstri útlendinga hér á landi, er það víst, að um langa framtíð enn mun afkoma okkar þjóðarbúskapar fyrst og fremst velta á því, sem sjávarútvegurinn eða sjómennirnir koma með að landi og hvernig úr þeim afla verður unnið. Við getum ekki tryggt góðan rekstur á sjávarútveginum, nema það sé tryggt, sem menn telja, að sé nauðsynlegt, a. m. k. á sjómannadaginn og öðrum slíkum tyllidögum, að það sé valinn maður í hverju rúmi.

Ég vil vænta þess, að þeir erfiðleikar, sem nú ganga yfir og hvernig að okkar sjómannastétt er búið í dag, verði ekki til þess, sem hv. seinasti ræðumaður minntist á, að þeir muni leita sér atvinnu í öðrum löndum. Okkar þjóð má ekki við því og við verðum að treysta því, að til þess komi ekki. En það verðum við hins vegar að gera okkur ljóst samkv. mannlegu eðli, að ef engin breyting verður á í þessum efnum og ef störf þeirra, sem á sjónum vinna, eru ekki tiltölulega betur launuð en okkar, sem erum í landi, miðað við þá áhættu og erfiðleika og ábyrgð, sem á þeim hvílir, gæti þróunin hæglega orðið sú, áður en langt um liði.

Ég vil því nota þetta tækifæri til að fordæma með hinum sterkustu orðum þann áróður, sem hefur verið haldið uppi af ríkisstj. og stuðningsmönnum ríkisstj. gegn yfirmönnum bátaflotans á undanförnum dögum, hvernig hefur verið reynt að hengja þá upp sem ósanngjarna kaupkröfumenn, hátekjumenn, sem þyrftu alls ekki á því að halda, sem þeir væru að berjast fyrir og sýndu þar ósanngirni gagnvart öðrum stéttum í landinu. Ég vil sérstaklega láta þar í ljósi sterka fordæmingu á því, að á sama tíma og blað sjútvmrh. þykist vera velviljað sjómönnum, hafa það verið forystumenn Alþfl., sem öðrum frekar hafa gengið fram í þessum áróðri bak við tjöldin og breitt þetta út um yfirmennina á bátaflotanum, að þeir væru ósanngjarnir hátekjumenn, sem væru vegna heimtufrekju að reyna að stöðva aðalatvinnuveg þjóðarinnar.

Ég vil ekki brjóta það samkomulag, sem stjórnarandstöðuflokkarnir hafa gert við stjórnina í sambandi við þetta mál, þ. e. að ræða ekki almenn efnahagsmál, því að samkomulag er um það, að umr. um það mál fari fram síðar. Ég skal því ekki hafa þessi orð mín öllu fleiri um það, sem snertir þetta mál almennt, en víkja að lokum nokkrum orðum að því frv., sem hér liggur fyrir.

Ég vil í sambandi við það segja það fyrst, að það hefur frá upphafi verið meginstefna Framsfl. að leysa kaupdeilur með frjálsum samningum, og ég held, að ég segi það rétt, að á þeim einum 30 árum eða svo, sem Framsfl. hefur haft aðild að ríkisstj., muni það ekki hafa

komið fyrir nema í tvö eða þrjú skipti undir alveg sérstökum kringumstæðum, að gripið var til lagasetningar til þess að leysa kaupdeilur. Það má gjarnan í þessu sambandi minnast þess, að þegar íhaldsflokkurinn gamli, núv. Sjálfstfl., beitti sér fyrir því á þingi 1925, að komið yrði upp svokallaðri varalögreglu til þess að skerast í leikinn í kaupdeilum, áttu þm. Framsfl. frumkvæðið að því, þeir Tryggvi Þórhallsson og Ásgeir Ásgeirsson, að sett voru l. um sáttasemjara ríkisins eða sáttasemjara í vinnudeilum, sem hefur starfað síðan og tvímælalaust hefur átt oft mikinn og gæfuríkan þátt í því, að slíkar deilur hafa leyst. Allt frá þessum tíma hefur það verið meginregla, sem Framsfl. hefur viljað fylgja og fylgt, að slíkar deilur yrðu leystar með frjálsum samningum. En eins og ég sagði áðan, eru ein tvö eða þrjú undantekningardæmi frá þessu og ég skal líka fúslega viðurkenna það, að svo getur verið ástatt, að málum sé þannig komið og högum þjóðfélagsins þannig háttað, að ekki sé um aðra leið að ræða en að leysa mál með lagasetningu. En til þess að slíkt geti talizt réttmætt frá mínu sjónarmiði og þeirra manna, sem líta svipað á málin og ég, þá verða a. m. k. tvö meginskilyrði að vera fyrir hendi auk þess, sem lausn málsins verður að vera réttlát.

Þessi meginskilyrði eru þau, að í fyrsta lagi sé málum þjóðarinnar þannig komið og deilan eða verkfallið þannig vaxið, að þjóðarbúið þoli það ekki öllu lengur, að hún haldi áfram, án þess að löggjafinn skerist í leikinn.

Í öðru lagi þarf það að liggja fyrir, að samningar hafi verið reyndir til hins ýtrasta og ekkert hafi verið látið ógert til að koma þeim á með frjálsum hætti. Ég tel, að í sambandi við þá deilu, sem hér liggur fyrir, megi segja, hvað fyrra atriðið snertir um þörf þjóðfélagsins og það tjón, sem það verður fyrir af áframhaldandi deilu, að það geti réttlætt íhlutun eins og þá, sem hér er um að ræða, en þó því aðeins, að það sé um réttláta lausn að ræða. En hitt er alveg ljóst, að enn sem komið er hefur ekki í þessu máli verið reynt nægilega að koma á samningum. Deilan hefur dregizt von úr viti, þó að allir viðurkenni, að það sé raunverulega lítið, sem beri á milli, án þess að nokkuð hafi verið gert til þess að höggva á hnútinn og til að koma á samkomulagi, og sérstaklega hefur ríkisstj. látið það ógert að reyna að koma á samkomulagi um þessi mál, því að ef hún hefði gert það, væri deilan leyst fyrir löngu, m. a. má þar vitna í umsögn eins stjórnarblaðsins, eins og ég gerði áðan, um að það hefði ekki þurft að brúa bil, sem svaraði meiru en 27 millj. kr. fyrir þremur vikum síðan. Það gat stjórnin gert með einu pennastriki, ef hún hefði haft nokkurn áhuga fyrir því. Það er líka upplýst, að nú fyrir nokkrum dögum var reynd sáttatilraun í Vestmannaeyjum, sem sýnir það, að það munaði raunverulega ekki nema fáum millj. kr., að því er manni virðist, til þess að það væri hægt að ná samkomulagi í deilunni. En þrátt fyrir það þó að þetta liggi fyrir, hafa núna 4—5 dagar verið látnir líða síðan atkvgr. fór fram, án þess að samningaleiðin væri reynd til nokkurrar hlítar.

Það mætti segja þess vegna, að þar sem ekki er að mínum dómi fullnægt nema öðru af þessu meginatriði, þannig að fyrirsjáanlegt er mikið tjón þjóðarbúsins, ef deilan heldur áfram, en hinu ekki, að samningaleiðin hafi verið reynd til hlítar eða til hins ýtrasta, þá væri það eðlileg afstaða að greiða atkv. á móti þessu frv. Niðurstaðan er samt sú, að ég og mínir flokksmenn munum sitja hjá við atkvgr., og það byggi ég á eftirgreindum þremur atriðum:

Í fyrsta lagi er fyrirsjáanlegt, að það verður mikið tjón fyrir þjóðarbúið og fjölda aðila, ef deilan heldur áfram. Í öðru lagi liggur það fyrir eftir því, sem upplýst hefur verið hér í þinginu bæði af hæstv. ríkisstj. og þeim, sem styðja málstað hinna, að það er sáralítið, sem á milli ber, og þegar svo er komið, að ekki ber orðið nema sáralítið á milli í deilunni, viljum við ekki verða til þess að bregða fæti fyrir, að það mál gangi fram, sem hér liggur fyrir, þó að við hins vegar viljum ekki taka neina ábyrgð á afgreiðslu þess. Í fyrsta lagi vegna þess, að samningaleiðin hefur ekki verið reynd til fulls að okkar dómi og í öðru lagi vegna þess, að að öðru leyti hefur öll málsmeðferð ríkisstj. á þessu máli verið þannig, að við viljum hvergi nálægt henni koma. Til þess verður svo að taka einnig tillit, sem gerir þessa deilu alveg sérstæða, og það er það, að nokkur hluti þeirra manna, og það jafnvel meiri hluti þeirra manna, sem á bátaflotanum vinna, er búinn að samþykkja ákveðna lausn fyrir sitt leyti, og það er ekki óeðlilegt, að það hafi nokkur áhrif á þá heildarafstöðu, sem menn taka til þessa máls.

En þó að við framsóknarmenn fordæmum afstöðu ríkisstj. eins harðlega og hægt er að gera í sambandi við alla þessa málsmeðferð, þá viljum við ekki, eins og málið er komið nú, verða til þess að bregða fæti fyrir það, að þetta frv. nái fram að ganga af þeim ástæðum, sem ég hef nú gert grein fyrir og þess vegna verður það okkar niðurstaða að sitja hjá við þetta mál.

Ég sé svo ekki ástæðu til þess að ræða meira um þetta mál að sinni, en ég vænti þess, að það gefist tækifæri til þess að ræða frekar um það, því að ég tel þá aðferð, sem hæstv. ríkisstj. hafði í Ed., fullkomlega óverjandi og óþinglega. Hún var sú, að eftir að fulltrúar annarra flokka en stjórnarandstöðunnar höfðu talað, létu ráðh. eða aðrir fulltrúar stjórnarflokkanna ekki neitt til sín heyra. Ég álít, að þeir eigi ekki aðeins að sýna andstæðingum sínum heldur einnig þinginu þann sóma að svara þeirri gagnrýni, ef þeir treysta sér til þess, sem kemur fram í sambandi við meðferð þessa máls. Ég er ekki viss um, að það verði heldur neitt til þess að greiða fyrir framgangi málsins eða stuttum umr. hér í þinginu, ef ríkisstj. ætlar að halda áfram þessari siðvenju í sambandi við þessar umr. Jafnvel þó að ríkisstj. telji málið aðkallandi, á hún að ástunda þingleg vinnubrögð eigi að síður um meðferð málsins. Það eru óþingleg vinnubrögð, sem hæstv. ráðh. hafa í Ed. í sambandi við þetta mál og hafa oft haft í sambandi við önnur svipuð mál á undanförnum árum, þegar þeir halda aðeins sínar stuttu framsöguræður, síðan tala andstæðingarnir og ekkert heyrist meira af hálfu ráðh. Þeir reyna þannig að kæfa allar umr. niður. Ég held, að slík vinnubrögð þekkist hvergi á þingi nema hér. Einstaka sinnum kemur það að vísu fyrir, og það er helzt forsrh., sem beitir þeirri vinnuaðferð, að eftir að andstæðingarnir hafa talað, tekur hann til máls og talar það, sem eftir er af fundartímanum. Síðan er málinu frestað. Þetta á sérstaklega við um mál, sem stjórnarandstæðingar flytja, og málið oft og tíðum ekki tekið til umr. meir. Ég

veit ekki dæmi til þess, að nokkur ríkisstj. hagi sér í þessum efnum eins og hæstv. ríkisstj. gerir. Ég skal taka það fram, að það er einn ráðh., sem er undantekning í þessum efnum, og það er rétt að geta þess vegna þess, að honum ber viðurkenning fyrir það, það er hæstv. landbrh., Ingólfur Jónsson. Ég minnist ekki annars en, ef um mál er að ræða, sem hann flytur hér, að hann taki fullan þátt í umr. um þau og eins að hann ræði mál, sem koma fram af hálfu andstæðinganna og snerta þau rn., sem undir hann heyra. En allir hinir ráðh. eru meira og minna brotlegir í þessu sambandi, og ég verð að segja, að mér finnst nú brot hæstv. sjútvmrh. vera einna mest, ef hann lætur sér nægja í sambandi við þetta mál að flytja stuttar málamyndaframsöguræður í báðum d. og segja svo ekki neitt meira um málið, svara engu þeim ádeilum og þeirri gagnrýni, sem kemur fram af hálfu andstæðinga hans, heldur reynir að þegja málið í hel. Ef slík vinnubrögð verða höfð í þessu máli áfram, þá verður það áreiðanlega ekki til þess að greiða fyrir því, að það verði hægt að ná samkomulagi við stjórnarandstöðuna í framtíðinni um það að stytta umr. um mál, eins og nú hefur verið gert, því að það er það minnsta sem hægt er að ætlast til, þegar slíkt samkomulag hefur verið gert og stjórnarandstæðingar halda sínum málflutningi mjög í skefjum hvað tímann snertir, að þeim sé þá svarað aftur af hálfu ríkisstj. Ég vil þess vegna vænta þess, að hæstv. sjútvmrh. hafi annan hátt á hér í þessari d. en í Ed., og ræði við okkur um málið. Það þarf ekki að tefja það neitt. Það er ekkert meira fyrir okkur að vera hér kannske fram undir 5 eða 6 en fyrir sáttanefndina, sjómennina og útgerðarmennina, sem voru hér til 8–9 á morgnana og það á ekki neitt að þurfa að vera til trafala fyrir framgang þessa máls, sem ríkisstj. leggur svona mikla áherzlu á, en það á hins vegar þó að hafa þann kostinn í för með sér, að málið fær þó sæmilega þinglega meðferð.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Skyldi það ekki hafa hvarflað að hæstv. ráðh. undanfarna daga, þegar málið, sem hér er til umr., var komið í sjálfheldu, eins og hæstv. sjútvmrh. orðaði það í sinni framsöguræðu, að það hefði verið affarasælast í þessu máli að hugsa til íslenzks málsháttar, sem hljóðar á þá leið: „Í upphafi skyldi hver endirinn skoða"? Ég minni á þetta sökum þess, að það er ómótmælanleg staðreynd, að það ógæfuspor var stigið fyrir nokkrum mánuðum síðan að rifta samningum sjómanna með lagasetningu, og það er orsökin til allrar þeirrar langvinnu deilu, sem háð hefur verið síðan og það var svo sannarlega varað við að stíga þetta ógæfuspor. Ríkisstj. fékk aðvaranir frá öllum ræðumönnum stjórnarandstöðunnar, þegar það frv. lá hér frammi fyrir Alþ., að hún væri að stíga ógæfuspor, sem mundi leiða ógæfu yfir marga, en hún sinnti því ekki og fór sínu fram. Það er enginn vafi á því, að þegar hæstv. ríkisstj. gerði sér það ljóst, að hún yrði að fella gengið í annað skipti á einu ári, þá átti hún þegar í stað að hefja samningaviðræður við sjómenn. Ef hún hefur talið, að gengislækkunin kæmi ekki að gagni til þess að efla undirstöðuatvinnuveg þjóðarinnar með verkunum sínum, sjávarútveginn, þá átti hún að hefja samningaviðræður við sjómenn um lausn á því að fá breytingu á skiptakjörunum, hafi hún talið það vera undirstöðuatriði málsins. Ég fullyrti við þá umr., að það væri eingöngu til þess fallið, að setja illt blóð í sjómenn að beita þá lögþvingun á því stigi málsins. Það væri í raun og veru svo óskynsamlegt, að það mætti líkja því við það, að það væri milli vina verið að setja eitur í bikarinn. Ég held, að þetta hafi ekki farið fjarri. Það þýðir ekki að sakast nú, hæstv. ríkisstj. steig þetta ógæfuspor, og henni er það skyldast að bíta úr nálinni með það.

Af þessari lagasetningu í haust hefur leitt langvarandi deilu, verkfall, sem hefur staðið nú í heilan mánuð stöðvað atvinnulíf þjóðarinnar. Ef mönnum hefur ekki verið það ljóst, að sjávarútvegur og fiskiðnaður er undirstöðuatvinnuvegur þjóðarinnar enn í dag, þá er mönnum það vafalaust ljóst núna. Þegar bátaflotinn stöðvast, þegar fiskveiðar stöðvast, þá stöðvast nálega allt atvinnulíf kringum Íslandsströnd, og eru þar engar undantekningar frá, nema í Reykjavík og Akureyrarkaupstað, þar sem atvinnulíf hvílir á fleiri fótum en sjávarútveginum einum. En að öðru leyti má heita, að allt atvinnulíf landsmanna sé háð sjávarútvegi og fiskiðnaði annars staðar. Deilan hefur orðið undarlega torleyst, og ég held að meginástæðan til þess, hversu torleyst hún hefur orðið, sé einmitt lagasetningin frá s. l. hausti.

Einhverjir kunna að segja: Auðvitað var deilan svona torleyst og svona langvinn, af því að sjómenn sýndu enga sanngirni, þeir voru með svo óhóflegar og frekjulegar kröfur. En það eru þó tiltölulega fáir, sem taka svona upp í sig. Menn verða að viðurkenna það, að þegar búið var með löggjöf að breyta samningsbundnum hlutaskiptum svo, að þriðji hver fiskur af hlut sjómanna hafði verið tekinn í burtu frá þeim, þá var ekki við öðru að búast en að sjómannastéttin reyndi að heimta eitthvað af sínum rétti aftur. Það fór þó þannig, að þeir kröfðust ekki að fá sín gömlu hlutaskipti óbreytt, þeir fóru aðrar leiðir, og ég held, að allir sanngjarnir menn meti það svo, að þeir hafi borið fram hógværar kröfur. Þeir báru fram tvær meginkröfur. Kröfu um það að fá frítt fæði, svo sem tíðkaðist hjá flestum vinnustéttum, sem vinna fjarri heimili sínu og viðurkennt er af öllum sem nálega sjálfsagður hlutur, og að þeir fengju aðild að lífeyrissjóði, svo sem margar aðrar stéttir hafa þegar áunnið sér rétt til.

Lausnin, að því leyti sem lausn er fengin í deilunni, fer ekki fjarri því, sem menn hefðu getað sagt sér nokkurn veginn í upphafi, að þar yrði að mætast á miðri leið, ef menn ekki sæju sér fært að verða við hinum hógværu kröfum. Hásetar hafa fengið nokkurn veginn helminginn af sinni fæðiskröfu, og þeir hafa fengið loforð um það, að þeir fái aðild að lífeyrissjóði í áföngum á þó nokkuð löngum tíma.

Þannig hefur að hvorugu leytinu verið gengið að kröfum þeirra til fulls, meginkröfurnar svona nokkurn veginn helmingaðar, og ég held, að sjómenn hafi látið það í ljós tiltölulega fljótt eftir að verkfall var skollið á, að þeir væru til viðtals um málamiðlun. Ég held, að þegar vika var liðin af verkfallinu, hafi mönnum mátt nokkurn veginn vera það ljóst, að það væri hægt að leysa deiluna þarna nokkurn veginn með því að svara kröfum sjómanna ríflega til helminga. En það kostaði samt þriggja vikna verkfall að komast að þessari

niðurstöðu. Einn aðalforystumaður sjómanna, Jón Sigurðsson, hefur sagt það, nú að deilu lokinni við hásetana, að útgerðarmennirnir séu áreiðanlega búnir að kosta meiru til við að heyja verkfallið heldur en það hefði kostað þá að verða við kröfunum án afsláttar. Það hygg ég, að sé nú rétt. Ég hygg, að útgerðin í landinu sé búin að kosta meiru til til þess að heyja þetta stríð við sjómannastéttina heldur en þó hún hefði gengið alveg að fæðiskröfunni og lífeyrissjóðskröfunni.

Ég held, að það hafi verið mjög mikil mistök, hvernig á þessu máli hefur verið haldið, einkanlega frá hendi útgerðarmanna. Þeir hefðu átt að mæta kröfunum af meiri skilningi, mæta þessum sanngjörnu kröfum af meiri sanngirni. Þá held ég, að deilan hefði leystst og hvorki kostað útgerðina né þjóðarheildina þá ofurháu fúlgu, sem deilan er nú búin að kosta hvora tveggju. Það hefur allt of lengi verið bolazt í glímunni. Útgerðarmenn hafa verið að stimpast gegn í raun og veru sjálfsögðum kröfum. Og nú er svo komið, að deilan er aðeins leyst að nokkru leyti. Sjómenn, þ. e. a. s. hásetarnir og þeir aðrir, sem í deilunni áttu og eru meðlimir í stéttarfélögum innan Alþýðusambandsins, eru búnir að samþykkja lausn á deilunni, og það er ekki af því, að þeir hafi fengið sínum kröfum fullnægt, eins og ég hef gert grein fyrir, nei. Þeir voru fullvissir þess, að lengra yrði ekki komizt, nema með langri áframhaldandi deilu. En samt verða þeir nú að taka á sig áframhaldandi stöðvun, atvinnulífið kemst ekki í gang, þrátt fyrir það, þó að þeir hafi samið og slakað mjög til frá sínum kröfum og sýnt þannig mikla sáttfýsi.

Það er áreiðanlega ógæfa í þessu máli, að vélstjórar og fleiri, sem þátttakendur voru í þessari deilu, skuli vera skipulagðir í tvennum samtökum. Þessi deila á að kenna mönnum það, að það væri affarasælla, að þessi stétt væri skipulögð í einum og sömu samtökunum.

Nú, það má segja, að það hafi vissulega verið farið að lögum um meðferð þessarar deilu eftir að hún hófst. Þegar viðræður hófust milli aðila, þá kom auðvitað sáttasemjari ríkisins til, og hann hefur hagað afskiptum sínum, það efa ég ekki á nokkurn hátt, af deilunni til þess að reyna að ná sáttum í henni nákvæmlega eins og lögin um stéttarfélög og vinnudeilur ætlast til. Hann hefur, þegar honum sýndist ekki að samningar gætu tekizt milli aðilanna, notað sér ákvæði 30. gr., sem segir, að beri samningaumleitanir sáttasemjara ekki árangur til lausnar deilu, sé honum heimilt að bera fram miðlunartillögu, sem lögð verði fyrir félög verkamanna og atvinnurekenda. Þetta gerði hann, og fór einnig að lögum í því. Hann boðaði efnisatriði sinnar fyrirhuguðu till. aðilunum og reyndi sáttaumleitanir eftir að hafa kynnt þeim efni miðlunartillögunnar. Eftir að nokkrar breytingar höfðu svo fengizt fram, í framhaldi af þessu, þá náðust þessir samningar við meðlimi þeirra stéttarfélaga, sem í Alþýðusambandinu eru, en hins vegar strönduðu samningar, að því er snerti yfirmennina á skipunum.

Talað er um það nú, að rétt væri að setja sáttanefnd í þetta mál. Ég álít það algjörlega um seinan að taka slíkt í mál nú, en þegar menn gátu nokkurn veginn myndað sér skoðun um það með hvaða hætti væri hægt að leysa þessa deilu, og það var hægt að sjá þegar deilan hafði ekki staðið í mjög marga daga, að minnsta kosti innan fyrstu vikunnar, þá hefði alveg hiklaust átt að nota ákvæði laganna um stéttarfélög og vinnudeilur um það að skipa sáttanefnd í málið.

Í 22. gr. kaflans um sáttatilraunir í vinnudeilu segir, að sé um mjög alvarlega deilu að ræða geti ráðh. skipað sérstaka sáttanefnd vegna hennar, og þetta átti hæstv. sjútvmrh. að mínu áliti að gera á fyrstu dögum deilunnar. En það gerði hann ekki. Þess vegna er það staðreynd, að það hafa ekki verið notaðar heimildir laganna um stéttarfélög og vinnudeilur, 3. kafla þeirra laga, um sáttatilraunir í vinnudeilum, til þess að leysa þessa deilu, á meðan hún var á byrjunarstigi, og það harma ég að ekki skuli hafa verið gert. Því að ég trúi því, að slík sáttanefnd hefði getað borið gæfu til að leysa deiluna og að hún hefði þannig orðið skammvinn deila í staðinn fyrir, að hún er nú orðin einhver lengsta deila, sem hér hefur verið háð á seinni árum, búin að standa í fullan mánuð. Þetta ber mjög að harma, en það er sem sé að mínu áliti nú of seint að fara að hugsa til þess að setja sáttanefnd í þessa deilu, og því skal ég ekki fjölyrða meira um það.

Þarna er um beina vanrækslu að ræða af hendi hæstv. ríkisstj., og sérstaklega þessa ráðh., sem með þessi mál fer, sjútvmrh., að hafa ekki notfært sér það ákvæði, sem þarna er í l. og sem fær ráðh. þessi völd, þegar hann telur deilu mjög alvarlega, og það efar enginn, að þessi deila var mjög alvarleg. Hún fellur alveg undir þá skilgreiningu, að ráðh. sé heimilt að skipa sérstaka sáttanefnd vegna slíkrar deilu. Þetta er eitt af þeim atriðum, sem ég tel, að hæstv. ríkisstj. hafi vanrækt, og er þannig ekki að tala um einhver óákveðin atriði, þegar ég ásaka hæstv. ríkisstj. fyrir það að hafa ekki fyrr haft afskipti af þessu máli samkv. gildandi l. Ef hún hefði nú getað litið yfir farinn veg og sagt: „Ég hef notað sérhvert atriði, sem lög heimila mér, til að leysa þessa deilu", þá hefði ég ekki getað ásakað hana, þegar allar leiðir voru þrotnar, fyrir að fara fyrir Alþ. til að leysa deilu, sem var orðin þjóðarháski og búin að stöðva vertíðina í fullan mánuð. En hjá því verður ekki komizt, að hæstv. ríkisstj. hefur ekki notað sér heimildir gildandi l. um þessi viðkvæmu og vandasömu mál og þess vegna er komið, sem komið er.

Menn hneykslast mjög á því, að það skuli vera hálaunastéttirnar í sjómannastéttinni, sem ekki vilji fallast á miðlunartillögu sáttasemjara. Þeir eigi þó kost á sömu kjarabótum eins og hásetarnir og þar sem þeir séu að öllu leyti betur stæðir tekjulega og efnahagslega, þá sé furða, á svona erfiðum tímum, eins og nú ganga yfir þessa þjóð, að þeir skuli ekki vilja sætta sig við sömu kjarabætur og hinir lægra launuðu. Það er enginn vafi á því, að inn í þetta verður að taka þá staðreynd, að tekjuhrap sjómanna, og þá ekki síst yfirmannanna á skipunum, á seinustu árum, þegar bæði verðlag hefur hrapað og fiskigengd hefur minnkað, er gífurlegt. Og ég veit alveg fyrir víst, að eitt af því, sem gerir það að verkum, að þeir heimta í raun og veru meiri kjarabætur en hásetarnir, eru þau greiðsluvandræði, sem þeir eru í, einkanlega vegna hinna gífurlega háu skatta, sem á þá falla nú, eftir að þeir hafa orðið fyrir tekjuhruninu. En það segi ég í allri hreinskilni, að þó að þetta sé staðreynd og það sé ekki óeðlilegt, að þetta verki á hug þeirra, því að í erfiðum sporum standa þeir einmitt af

þessum sökum, þá er ekki hægt að hugsa til þess á erfiðum tímum að leysa þetta með kjarabótum, með hækkuðum tekjum þeim til handa. Það verður að gera það með breytingu á skattalögum þannig að skattar séu innheimtir jafnóðum og tekjur falla eða á sama ári. Þetta er orðin 12 ára gömul krafa verkalýðshreyfingarinnar, og það er sannarlega kominn tími til þess að fullnægja henni. Ef búið væri að koma á staðgreiðslukerfi skatta nú, þá er ég alveg viss um það, að það hefði eitt með öðru orðið til þess að auðvelda lausn þessarar deilu, að minnsta kosti að því er yfirmennina snertir. Það er þessi erfiða aðstaða þeirra, sem á nokkurn hlut í því, að þeir standa fastir á því, að þeir þurfi að fá kjarabætur umfram hásetana. Hins vegar gengur almenningsálitinu erfiðlega að fallast á þessa röksemd þeirra. En ég er reiðubúinn til þess að líta á hana af skilningi og viðurkenna, að þeir standa að þessu leyti í mjög erfiðum sporum, flestir ef ekki allir, hversu háar sem tekjur þeirra hafa verið á undanförnum árum. Og kannske í raun og veru í því erfiðari sporum, sem tekjur þeirra voru á uppgripaárunum meiri.

Ég þarf ekki að taka það fram einu sinni enn, ég hef gert það svo oft áður, að ég tel það vera hreint neyðarúrræði, sem ekki megi grípa til, fyrr en öll úrræði eru þrotin, að leysa vinnudeilu með löggjöf. En það segi ég þá jafnframt, að sú ríkisstj., sem vekur deilu með lagasetningu, verður að vera við því búin, að það berist að henni sá beiski bikar, að hún verði að leysa þá vinnudeilu með löggjöf. Og það er þetta, sem hefur gerzt hér. Af því að hún kom af stað viðkvæmri vinnudeilu á haustmánuðum, þá á hún nú einskis annars kost en að verða að beita neyðarúrræðinu, að leysa deiluna með löggjöf. Það mætti kannske, ef maður vildi tala af minni góðgirni, segja, það er henni því mátulegt!

Hér er um það að ræða, hvort réttlætanlegt sé, þó ekki hafi verið notaðar allar lagalegar heimildir til þess að reyna að ná sáttum í þessari deilu, og ég hef sýnt fram á það, að svo hefur ekki verið gert af hendi hæstv. ríkisstj., að leggja miðlunartill. sáttasemjara til grundvallar og lögfesta hana og gefa henni samningsgildi. Þó að miðlunartill. hafi aðeins verið samþykkt af sumum, sem í deilunni áttu, en felld af öðrum.

Ég álít það forkastanlegt með öllu, og hef alltaf haldið því fram, að beita gerðardómum í vinnudeilum. Hér er að vísu ekki um það að ræða, heldur hitt, að þegar löglegir samningar hafa átt sér stað og sáttasemjari hefur reynt að miðla málum og ná samningum og ekki tekizt það, þá er honum að l. heimilt að bera fram miðlunartill., og það er síðan undir aðilum komið, hvort þeir samþykkja slíka miðlunartill. eða fella. En það vitum við, sem að minnsta kosti höfum þvælzt í samningum lengi, að þegar sáttasemjari er farinn að kynna efni miðlunartillögu, vofir það yfir, að slík miðlunartill. verði borin fram, og sé hún þá felld, þá er ekki áhættulaust fyrir aðila að útiloka þann möguleika, að ríkisstj. lögfesti þá slíka miðlunartill. Einkanlega þegar aðilarnir eru sjálfir mjög ósamþykkir því, hvort hægt sé að samþykkja miðlunartill. eða ekki. Hér er það einmitt það, sem hefur gerzt, að aðilarnir í deilunni hafa sumir jafnvel viljað, heldur en að fá á sig löggjöf, sætta sig við miðlunartill. og ganga frá samningum sjálfir. Sumum sýnist vera aðgengilegt að sætta sig heldur við hana, aðrir, og þeir í meiri hluta í Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands mátu það þannig, að hún væri óaðgengileg og það bæri að hafna henni. Ég loka ekki augum fyrir því, að þjóðin stendur illa efnahagslega, og að þessi deila er þungt áfall fyrir þjóðarbúið, en ég tel, að ábyrgðin hvíli algjörlega á hæstv. ríkisstj. og að nokkru leyti á skortandi samningslipurð útgerðarmanna í þessu máli. A. m. k. tel ég, að sjómennirnir verði ekki sakaðir um stirðbusahátt, frekju eða kröfuhörku í þessu máli.

Mér er sagt, að nú beri aðeins milli 5 og 6 hundruð krónur á milli til þess, að samningar gætu tekizt við yfirmennina, og ég held, að ef ég hefði átt að leggja dóm á þetta deiluatriði og setið í ríkisstj., þá hefði ég talið, að það bæri að teygja sig mjög langt til þess að brúa þetta mjóa bil fremur en að beita löggjöf. En ef til vill er, þó að ég ekki viti um það, búið að þreifa fyrir sér um það og komast að þeirri niðurstöðu, að ekki sé samkomulags að vænta heldur um þá leið. En svo mikið er víst, að standi deilan um þetta eitt, þá stendur það ekki undir margra daga kostnaði þjóðarbúsins af áframhaldandi verkfalli.

Ég skal þá ekki fara fleiri orðum um málið. Það liggur þannig fyrir, að meðlimir Alþýðusambandsins, sem áttu í þessari deilu, hafa metið málið þannig, þó að þeir hafi ekki fengið kröfum sínum framgengt, að þeir vildu heldur skrifa undir og ljúka deilunni en að eiga á hættu langvarandi vinnustöðvun, eða fá á sig löggjöf að öðrum kosti. En þarna er um mismunandi mat að ræða hjá þessum tvennum samtökum meðlimanna í Alþýðusambandi Íslands og meðlimanna í Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands. En hvor tveggja samtökin eiga auðvitað sinn rétt óháð hinum, úr því að þau eru ekki undir sömu lögum, heldur starfa hvor á sinn hátt. Það versta er, að sumir vélstjórarnir eru þannig búnir að samþykkja lausn á deilunni, aðrir sjá sér ekki fært að lúta þeirri niðurstöðu. Málið er því á allan hátt komið verr en jafnvel eins og hæstv. ráðh. sagði, að það væri komið í sjálfheldu.

Ég lýk þá, herra forseti, máli mínu við þessa 1. umr. málsins með því að segja, að eins og þetta mál er nú í pottinn búið, þá mun ég ekki bregða fæti fyrir, að ríkisstj. leysi málið með sinni aðferð á sína ábyrgð. Verkfallið er orðið þjóðinni mikil fórn, það er orðið þjóðarhörmung og mér liggur við að segja þjóðarskömm.

Eðvarð Sigurðsson: Herra forseti. Hér er mikið alvörumál á ferðinni. Það er í fyrsta lagi það, að það verkfall, sem nú hefur staðið nokkuð framyfir einn mánuð á bátaflotanum, er að sjálfsögðu þjóðarbúinu, sjómönnum og verkafólki þessa lands mjög mikið alvörumál. En það er þessi lagasetning ekki síður, sem hér er á döfinni. Með þessu frv. er lagt til, að samningsfrelsið og verkfallsrétturinn verði tekinn af þeim hluta verkalýðshreyfingarinnar, sem enn á í vinnudeilu, þ. e. a. s. samtökum yfirmanna á bátaflotanum. Þetta liggur beint við og er það, sem gera á. Þegar um svo mikið alvörumál er að ræða, sem hvort tveggja er, sem ég nú hef nefnt, þá er náttúrlega nauðsynlegt að gera sér alveg ljósa grein fyrir því, hverjar séu orsakir þess, að svo alvarlega horfir.

Ég ætla ekki að ræða hér langt mál um efnisatriði þessa máls í heild. Það hefur svo rækilega verið gert af hv. 4. þm. Austf. að ég tel ekki, að þar sé þörf á við að bæta. En það verður hins vegar aldrei of oft fram tekið, að orsökin fyrir þessari deilu og því, hvernig nú er komið og þeirri lagasetningu, sem hér er til umr., eru þær aðgerðir ríkisvaldsins og Alþ. í haust í sambandi við gengisfellinguna að raska hlutaskiptum sjómanna, eins og þá var gert. Þetta er grundvallarorsökin. Það hefði ekki komið til þessara deilna eða átaka, ef þetta skref hefði ekki verið stigið. Þess vegna er alrangt að skella skuldinni á samtök sjómanna, hvort heldur er yfirmanna eða undirmanna á bátaflotanum, varðandi það hvernig málum er komið. Þetta frv., sem hér liggur fyrir, er einfaldlega um, að lögþvinguð verði kjör yfirmanna á bátaflotanum og verkfall þeirra bannað. Þetta tvennt er innihald frv. um leið og á að löggilda og lögfesta þá tillögu sáttasemjara, sem samtök yfirmanna hafa ekki fallizt á. Þessi aðgerð af hálfu ríkisstj. er ekki neitt nýtt fyrirbæri. Við þekkjum þess ákaflega mörg dæmi í valdatíð núv. hæstv. ríkisstj., að þessum aðferðum hefur verið beitt. Þær eru ekki orðnar margar starfsstéttirnar í þjóðfélaginu, sem ekki hafa fengið að kenna á slíkum valdbeitingum, allt frá verkamönnum til verkfræðinga, lækna o. s. frv. Þetta hefur sem sagt verið iðkað má segja nærri árlega og stundum oft á ári í valdatíð núv. ríkisstjórnar.

Í grg. þessa frv. segir, að atvinnuleysi það, sem nú er í landinu, stafi fyrst og fremst af yfirstandandi verkföllum á bátaflotanum, og til þess að firra þjóðina þessu neyðarástandi, þá sé þessi lagasetning réttlætt. Að sjálfsögðu þarf engum blöðum um það að fletta, að það væru margir menn í vinnu, sem nú eru ekki í vinnu, ef verkfallið væri ekki á bátaflotanum. Það er náttúrlega alveg augljóst. En ég held, að það sé ákaflega hættulegt, ef menn halda, að atvinnuleysismálin hjá okkur núna séu svo auðveld, að þó að þessu verkfalli ljúki, þá sé þeim málum lokið. Menn, sem hugsa á þann hátt, sem þessi tilvitnun í grg. frv. gefur sannarlega tilefni til að halda, að ríkisstj. geri, ja, þeir menn eru áreiðanlega alveg á rangri leið, hvað varðar atvinnuleysismálin. Það er að vísu rétt, að í hreinum verstöðvum, þar sem bókstaflega er ekki um neitt annað að ræða en sjósókn og fiskvinnslu, þar munu auðvitað verða algjör skil, ef verkfallið leysist, en það eru miklu fleiri atvinnuleysingjar í landi voru en svo, að þeim verði borgið með lausn þessa verkfalls. Ég ætla ekki að ræða þau mál frekar núna, en ég vil alvarlega vara við því, ef menn telja að atvinnuleysismálin leysist við það að samþykkja það frv., sem hér liggur fyrir. Atvinnuleysið, sem nú ríkir hér í landinu, er allt annað og meira en það, að hægt sé að leysa það á svona auðveldan hátt.

Í þessari grg. segir enn fremur, að mikill meiri hl. þeirra manna, sem á bátaflotanum starfa, hafi samþ. þá lausn deilunnar, sem í sáttatill. felst. Ég held, að þetta sé ákaflega hæpin fullyrðing, svo að ekki sé meira sagt, enda kom það fram hjá hæstv. ráðh. í hans framsögu hér í kvöld, hann einmitt sagði þvert á móti, að það væri þátttökuleysið í lausn þessarar deilu af hálfu sjómannanna, sem væri aðaleinkennið og væri mál til íhugunar. Ég er honum algjörlega sammála um það, að það er sannarlega mál til íhugunar, það er einmitt þátttökuleysi sjómannanna varðandi lausn þessara mála, sem er mest áberandi. Í félögum yfirmanna var þátttakan mun meiri, en það er áreiðanlega rangt, að meiri hl. yfirmanna á bátaflotanum, þó að það sé einvörðungu átt við þá, hafi samþykkt þá lausn, sem í þessu frv. felst, þ. e. sáttatillöguna, og áreiðanlega ekki heldur í samtökum undirmanna. Kannske hefði það staðizt, ef sagt hefði verið, að meiri hl. þeirra félaga, sem eiga samningsaðild, hefðu samþykkt það, en að halda því fram, að meiri hl. þeirra manna, sem á bátaflotanum starfa, eins og sagt er í grg. frv., hafi samþ. það, tel ég algjörlega rangt. Hæstv. ráðh. sagði einmitt, að meiri hl. hefði ekki tekið afstöðu til málsins, nokkrum sekúndum síðar sagði hann, reyndar í sömu ræðu, að meiri hl. hefði samþykkt sáttatill. Hið fyrra er rétt, hið síðara rangt, enda mótsögn algjör í þessum orðum. Okkur er sagt, að þetta mál sé komið í algjöra sjálfheldu. Það má vera, að málið sé ekki auðvelt til lausnar, þó er mér nær að halda, að ef virkilega hefði verið alvarlega reynt að leysa málið, hefði það mátt takast, og að sjálfsögðu hefði fyrir löngu síðan átt að setja sáttanefnd í þessa vinnudeilu, þ. e. vel skipaða sáttanefnd sem hefði haft það verkefni að leysa deiluna. Ef það hefði verið gert, þá er ég alveg sannfærður um, að það hefði tekizt. Ég er einnig sannfærður um það, að ef á laugardaginn eða núna fyrir helgina, – en það er ekki nokkur vafi á því, að hæstv. ríkisstj. hefur þá verið búin að taka ákvörðun um að lögbinda sáttatillöguna, – hefði verið farið í málið á þann veg, þá hefði einnig verið hægt að leysa það.

Það er enginn efi á því, að ef við ætlum að lifa í þessu landi okkar, þá verðum við að gera okkur ljóst, að við verðum að launa fiskimenn okkar vel. Ég skal ekki segja nákvæmlega, hve stór mannaflinn er á fiskibátum þeim, sem þessi deila hefur snert. Ætli þeir séu mikið yfir 2 þús.? Það er verið að láta það vefjast fyrir, hvort þessir menn eigi að fá aðild að lífeyrissjóði eða ekki. Hvað ætli opinberir starfsmenn séu mörgum sinnum fleiri en þessir fiskimenn? Ætli þeir séu ekki þrisvar sinnum fleiri eða meira en það? Ekki er ég að telja eftir, að þeir hafi lífeyrissjóð og það verðtryggðan lífeyrissjóð, sem kostar ríkissjóð margar millj. á ári hverju auk beinna greiðslna, iðgjaldagreiðslnanna. En ef við höfum efni á þessu við hæst launuðu embættismenn í landinu, þá hefðum við átt að bjóða fram lífeyrissjóðinn til fiskimannanna fyrir löngu síðan. Þetta eru mennirnir, sem standa undir grundvellinum að lífskjörum okkar allra í landinu, og ef síðan á að vera að telja svona hluti eftir, hvar lendum við þá? Ef við ekki getum tryggt það í sæmilegu árferði, – núna er kannske allt hægt, þegar menn neyðast til að taka hverju sem er, – að við fáum úrvalsmenn á bátaflotann, þá er illa komið fyrir okkur.

Almennt verkafólk í þessu landi hefur aldrei talið eftir eða séð ofsjónir yfir þeim tekjum, sem sjómenn hafa haft, þegar bezt hefur gengið hjá þeim. Það eru hins vegar ýmsir aðrir, og kannske margar hálaunastéttir þessa lands, sem hafa gjarnan borið sig saman við hæstu tekjur sjómanna og náð fram mikilli hækkun á sínum kjörum, en það er ekki verið að líta á það, að þó að þessir menn hafi góðar tekjur eitt árið, geta þær farið niður í lágmark tekna annað árið. Það er ekki verið að

miða við það. Síðasta Alþýðusambandsþing, sem fór fram í lok nóvember í haust, gerði mjög ákveðnar samþykktir varðandi aðstöðu sjómannanna og þá árás, sem þá var búið að gera, eða var um það bil verið að gera, á hlut sjómannanna. Það væri hægt að lesa þetta hér upp, ég ætla ekki út af fyrir sig að gera það, en þar var mjög skýrt að orði kveðið og sagt, að barátta sjómannanna væri jafnframt barátta allra stéttanna og ég hygg, að á því sé engin breyting. Það er náttúrlega ekkert vafamál, að við viljum allir saman lausn þessa verkfalls, og það er alveg sjálfgefinn hlutur, að það þyrfti að hafa verið búið að leysa það fyrir löngu síðan, en ekki á kostnað sjómannanna, það á ekki að gera það, slíkt er hættulegt bæði núna og upp á seinni tímann.

Grundvallarsjónarmið verkalýðshreyfingarinnar er, að það eigi ekki að leysa vinnudeilur með lögþvingunum, og verkalýðshreyfingin lítur á sérhverja slíka árás eða aðgerð gagnvart hinum minnsta hópi sem árás á verkalýðshreyfinguna í heild. Síðasta Alþýðusambandsþing talaði enga tæpitungu í þessum efnum, það var ákaflega fjarri því. Það sagði meðal annars, ef ég man rétt, að algjört skilyrði fyrir því, að Alþýðusambandið hugsaði sér að starfa með ríkisstj. og atvinnurekendum að atvinnumálum og að tryggja atvinnuöryggi í landinu, væri það, að fyrir lægju alveg óyggjandi yfirlýsingar og trygging fyrir því, að lögþvingunum yrði ekki beitt gagnvart verkalýðshreyfingunni, og fleira í þessum dúr. Hæstv. sjútvmrh. sagði hér í ræðu sinni, að nú væri mikil nauðsyn að bera klæði á vopnin, ja, hann hefði nú mátt sjá það fyrr, að slíkt væri nauðsyn, og fyrst og fremst að beita ekki þeim bitvopnum, sem hér hefur verið beitt af hálfu ríkisvaldsins, fyrst og fremst það, að það er ákaflega skakkt að halda það, að þetta frv. sé til þess fallið að bera klæði á vopnin. Ég er sannfærður um, að það hefur einmitt þveröfug áhrif. Það mun fyrst og fremst valda biturleik og hefndarhug þeirra, sem nú telja sig órétti beitta, og það er öll verkalýðshreyfingin, með slíkum lögþvingunum, sem hér er verið að fikta við.

Verkalýðsfélögin eru nú að undirbúa baráttu sína fyrir áframhaldandi verðtryggingu á kaup, og þar eru sjómannasamtökin einnig með, það er ekkert síður þeirra mál en annarra. Við vonum náttúrlega, að það komi ekki til verkfalla í sambandi við þá sjálfsögðu kröfu, sem verkalýðshreyfingin þar gerir. En verði nú svo á móti von okkar, að til þess þyrfti að grípa, hvar eru þá samtök sjómanna stödd eftir samþykkt þessa frv.? Stór hluti af sjómönnum er einvörðungu upp á kauptryggingu. Kaup hefur nú þegar frá gengisfellingunni í haust lækkað um full 10%. Það er náttúrlega óhugsandi að þetta haldi áfram, það er gert ráð fyrir, að þetta verði kannske upp í 20% á tiltölulega skömmum tíma. Það þarf náttúrlega enginn að gera sér í hugarlund, að verkalýðshreyfingin uni slíku til lengdar. Þetta er ekkert síður mál sjómanna þeirra, sem nú á að lögbinda, og ég spyr, hvar eru þeir á vegi staddir? Er ætlunin með þessu frv., að samtök sjómanna hafi ekki rétt til þess að beita verkfalli, til þess að fá vísitölu á sitt kaup, er það ætlunin? Ég óska svars áður en lýkur.

Lagasetningin í nóvember var ógæfuspor, eins og hér var sagt áðan. Þetta frv. er í rauninni alveg sama eðlis, og mundi verða enn eitt ógæfusporið, og þess vegna ber að fella það.

Magnús Kjartansson: Herra forseti. Þetta er dæmigerð alþingisumr., eins og þær gerast, þegar á dagskrá eru hin mikilvægustu og örlagaríkustu mál. Þá taka engir til máls nema stjórnarandstæðingar, þm. ríkisstj. bíða hér í húsinu vegna þess, að þörf er á þeim, þegar greiða á atkvæði, en þeir sjá ekki ástæðu til þess að taka þátt í umr. Þeir flytja ekki rök sín, þeir breyta sjálfum sér í atkvæðavélar. Einmitt á þeim dögum, þegar Alþ. ætti að starfa af mestri alvöru, sökkva vinnubrögð þeirra einna dýpst. Það má vera að hæstv. sjútvmrh. eigi eftir að taka til máls aftur. Hann hélt að vísu aðeins stutta ræðu í Ed., en ég hef tekið eftir því, að hann hefur skrifað hjá sér nokkrum sinnum í kvöld, svo að vera má, að hann sjái ástæðu til þess að ræða við þá þm., sem hér hafa borið fram hinar veigamestu röksemdir gegn þessu frv.

Mér þætti fróðlegt, ef hæstv. ráðh. vildi skýra frá því, hvort honum hafi persónulega ekki fundizt það erfið spor að verða að mæla fyrir slíku frv. Hæstv. ráðh. á langan feril í verkalýðssamtökunum, hann naut þar mikils álits, honum var sýndur mikill trúnaður, bæði í því félagi, sem hann var félagi í, og í Alþýðusambandi Íslands. Hæstv. ráðh. veit það mjög vel, að undirstaða verkalýðshreyfingar er frjáls samningsréttur. Með því að flytja frv., sem setur lögþvingun í staðinn fyrir frjálsan samningsrétt, er hæstv. ráðh. að vega að þeim samtökum, sem hann starfaði í og hafa lyft honum til þeirra metorða, sem hann gegnir nú. Ég held það hljóti að hafa verið erfið spor fyrir hæstv. ráðh., en ef til vill hafa þau orðið eilítið léttbærari áðan, þegar þau undarlegu tíðindi gerðust, að sjálfur forseti Alþýðusambands Íslands sagði í þessum ræðustóli, að hann vildi ekki bregða fæti fyrir frv. um lögþvingun. Svona gerast margir undarlegir atburðir á þessum síðustu tímum.

Hæstv. ráðh. mætti einnig minnast þess, að hann hélt ræðu í des., þegar rætt var um frv. það, er skerti aflahlut sjómanna, og hann sagði þá sér til málsbóta að hæstv. ríkisstj. hefði ákveðið að losa samninga allra þeirra aðila, sem þar var fjallað um, svo að þeir hefðu samningsfrelsi til þess að geta náð rétti sínum á eftir. Sá ágreiningur, sem þannig var vakinn, hefur nú leitt til verkfalls í heilan mánuð, og eftir það kemur hæstv. ráðh. til þess að taka þennan samningsrétt af vissum hópi manna aftur.

Hér hefur verið á það bent, að kröfur sjómanna hafi verið ákaflega sanngjarnar. Mig langar til að kalla eitt vitni, sem um það hefur borið, það er hæstv. forsrh. Þegar þing kom saman á ný að loknu jólaleyfi, urðu nokkrar umr. utan dagskrár um atvinnuleysið, og þá komst hæstv. forsrh. svo að orði um sjómannadeiluna, með leyfi hæstv. forseta:

„Svo virðist sem mun minna beri á milli en ef til vill hefði mátt vænta og sumir þm. sögðu fyrir hér um áramótin, eða fyrir áramótin að verða mundi. Þetta er vissulega ánægjulegt og sýnir, að almennari skilningur er á þeim örðugleikum, sem við er að etja, en sumir höfðu ætlað."

Hæstv. forsrh. taldi sem sagt, að kröfur sjómanna sýndu, að lítið bæri á milli. Afstaða sjómanna væri ánægjuleg, hún sýndi skilning á erfiðleikunum. En hvernig stóð þá á því, að haldið var uppi vinnudeilu í heilan mánuð út af kröfum, sem þannig eru metnar af hæstv. forsrh.? Menn hafa talað um mistök í því sambandi, en ekkert slíkt hefur gerzt. Hæstv. ríkisstj. var allan tímann aðili að þessum samningum, beinn aðili, meðal annars gegnum ákvörðun um fiskverð, sem er óhjákvæmilegur þáttur í slíkri samningsgerð. Auðvitað var fiskverðið reiknað út, þegar gengislækkunin var ákveðin í nóv. í fyrra. Sérfræðingar ríkisstj. vissu þá hvað fiskverðið yrði, en það var ekki birt, það var notað í samningunum, og með því var ríkisstj. þátttakandi í allri samningsgerðinni. Ef ríkisstj. hefði í raun og veru haft þá skoðun á kröfum sjómanna, sem hæstv. forsrh. lýsti, þá hefði henni verið í lófa lagið að hafa þau áhrif á útvegsmenn, að þeir hefðu fallizt á þessar kröfur. Öll þjóðin veit, að útgerðarmenn eru háðir hæstv. ríkisstj. og bönkum hennar á margvíslegan hátt. Hæstv. ríkisstj. hefur oft sannað það, að hún á mjög auðvelt með að hafa áhrif á aðila í þjóðfélaginu með slíkum ráðum. Það hefði verið ákaflega auðvelt fyrir ríkisstj. að fá útgerðarmenn til að fallast á þessar kröfur, en ríkisstj. fór þveröfuga leið, hún stappaði stálinu í útgerðarmenn að neita þessum kröfum. Útgerðarmenn vissu, að þeir höfðu ríkisstj. að bakhjarli í þessari afstöðu sinni. Þetta kom aldrei greinilegar í ljós en í lok þessarar deilu, þegar hásetar samþykktu, en yfirmenn felldu. Þá fóru menn í verstöðvum víða um land, í Vestmannaeyjum og víðar, að athuga, hvort ekki væri hægt að semja þar á stöðunum um tiltölulega smávægileg atriði, sem talið var að þá bæri á milli. Í ljós kom, að þessir samningamöguleikar voru í Vestmannaeyjum og víðar, en þá gerast þau tíðindi, að Landssamband ísl. útgerðarmanna segir við aðildarfélög sín út um land: „Þið megið ekki semja", og Landssambandið sagði meira: „Þið þurfið ekki að semja, vegna þess að það kemur lagasetning." Ef sú staðreynd hefði ekki legið fyrir þessa daga, að það væri von á lagasetningu, þá hefði verið samið, þá hefði verið búið að semja. Ástæðan til þess, að ekki var samið þá, var vitneskja útgerðarmanna um það, að ríkisstj. ætlaði að setja lög. Því er það einber hræsni, þegar hæstv. ríkisstj. kemur hér og þykist vera óháður aðili að þessari deilu og þykist vera að leysa einhvern vanda. Það er ríkisstj. sjálf, sem hefur búið þennan vanda til alla tíð og sérstaklega þennan lokavanda, sem nú á að leysa með þessari þvingunarlöggjöf.

Ég held, að menn verði að gera sér ljóst, að þessi deila er ekkert einangrað mál og að það er mikill misskilningur, þegar menn ræða um mistök og ranga stefnu í því sambandi. Þessi deila er liður í allri stefnu ríkisstj. Undirrótin er gengislækkunin í fyrra. Menn verða að átta sig á því, hvað það var, sem ríkisstj. var að gera með gengislækkun sinni. Hún var að færa til fjármuni í þjóðfélaginu. Hún var að breyta eignaskiptingu, færa fé frá sparifjáreigendum til skuldara, en fyrst og fremst vakti það fyrir henni að breyta tekjuskiptingunni. Á síðasta ári voru heildarlaunatekjur í landinu 15—20 milljarðar kr. Ef engar vísitölubætur fást fyrir gengislækkunina, þá jafngildir hún 20% kaupskerðingu, þ. e.a.s. 3—4 milljörðum kr., sem á að færa frá launamönnum af öllu tagi til útgerðarmanna og atvinnurekenda af öllu tagi. Þetta er það, sem ríkisstj. tók sér fyrir hendur að gera með gengislækkun sinni í fyrra haust. Og hvernig fer ríkisstj. að því að framkvæma slíka skerðingu? Hvaða ráðstafanir hefur hún til þess? Þær þekkjum við frá mörgum öðrum löndum. Ráðstafanirnar eru þær að reyna að veikja svo aðstöðu verkalýðshreyfingarinnar, að hún geti ekki hrundið slíkri árás. Það eru tvö einkenni á ástandinu á Íslandi síðan þessi ráðstöfun var gerð. Önnur er atvinnuleysi, víðtækasta atvinnuleysi, sem um getur síðan á kreppuárunum fyrir stríð, og hitt er þessi langvinna sjómannadeila. Það er alveg augljóst mál, að ríkisstj. hefur dregið á langinn allar aðgerðir, sem nauðsynlegar eru til að draga úr atvinnuleysi. Hún hefur lofað framkvæmdum, og hún hefur dregið þær. Hún hefur viðurkennt, að hún þurfi að stórauka rekstrarfé til þess að koma atvinnuvegunum í gang, en það dróst viku eftir viku og mánuð eftir mánuð að tryggja þetta rekstrarfé. Ríkisstj. hefur lofað að leggja fram 300 millj. til þess að efla atvinnuvegina, en jafnframt var sett upp kerfi, sem er svo seinvirkt, að þessir fjármunir munu ekki koma til útborgunar, fyrr en í næsta mánuði eða hver veit hvenær. Og hæstv. ríkisstj. hefur núna, löngu eftir að öllum var ljóst, að neyðarástand væri í húsnæðismálum, heitið að leggja fram 100 millj. sem bráðabirgðalán, um sömu mundir og sementskostnaður hækkar svo mjög, að það nemur um 60 millj. kr. á ári. Þessi stefna ríkisstj. hefur leitt til þess, að atvinnuleysið hefur haldið áfram að magnast, og hæstv. ríkisstj. veit ósköp vel, hvað í því kann að felast, að um næstu mánaðamót, 1. marz, kunna að vera í landinu mörg þús. atvinnuleysingja.

Einn af efnahagssérfræðingum hæstv. ríkisstj. minntist á það um daginn, að 3% atvinnuleysi væri ekki talið óeðlilegt ástand í ýmsum iðnþróuðum löndum. Hann bætti því að vísu við, að það væri ekki stefna ríkisstj. að hafa slíkt atvinnuleysi, en hann minnti á þessa staðreynd, og við vitum mjög vel, að það eru margir hálærðir hagfræðingar, sem segja að slíkt atvinnuleysi sé óhjákvæmilegt ástand, ef eigi að hafa hemil á verkalýðshreyfingunni. Ég er ekki í vafa um að það eru sterk öfl í núverandi ríkisstj., sem hugsa og framkvæma á þennan hátt. Og ég er ekki heldur í nokkrum vafa um það, að ástæðan til þess, að sjómannadeilan var dregin svona á langinn, þótt þannig væri til hennar stofnað, að kröfurnar væru það hófsamlegar, að hæstv. forsrh. hefur látið uppi sérstaka viðurkenningu hér á þingi, var sú, að hæstv. ríkisstj. telur það henta í átökum sínum við verkalýðssamtökin, að 1. marz verði aðeins liðin 1 vika eða 10 dagar frá því að langt og kostnaðarsamt verkfall hætti.

Ég held að þetta sé algjört undirstöðuatriði, ef menn vilja átta sig á þessum átökum í þjóðfélaginu. Hér er um að ræða samfellda stefnu, engar tilviljanir, engin mistök. Ríkisstj. er að reyna að framkvæma þá ákvörðun sína frá því í fyrrahaust að færa til mjög verulega fjármuni í þjóðfélaginu, frá launamönnum til eignastéttarinnar. Þess vegna er það fjarskalega raunalegt og til marks um mikla skammsýni, þegar framsóknarmenn og sjálfur forseti Alþýðusambands Íslands virðast líta á þann hluta sjómannadeilunnar, sem eftir er, sem eitt-

hvert einangrað fyrirbæri, en ekki hluta af almennri þróun, og segist ekki vilja bregða fæti fyrir aðgerðir ríkisstj. til þess að leysa þennan vanda. Það er einmitt þetta skilningsleysi, sem veldur því, að hæstv. ríkisstj. skrimtir enn, enda þótt hún sé fyrir löngu fallin á verkum sínum. Hún tórir vegna þess, að andstæðingar hennar eru of sundraðir, og gera sér ekki ljóst, hvert ríkisstj. er að fara. Ef launamenn á Íslandi kynnu að vinna saman á þann hátt, sem óhjákvæmilegt er nú, ef takast á að hrinda þessum stórfelldu árásum, sem ýmist eru komnar til framkvæmda eða fyrirhugaðar eru, mundu þessi ríkisstj. ekki starfa lengi eftir það.

Félmrh. (Eggert G. Þorsteinsson): Herra forseti. Til þess hefur nú verið mælzt, að ég léti til mín heyra í þessum umr. dálítið frekar en ég hef gert, og skal ég reyna að vinna úr þeim umr., sem hér hafa farið fram, og ég hef reynt að ná aðalatriðunum úr því, sem ég tel, að helzt þyrfti að ræða frekar, eða ég vildi gera mínar athugasemdir við.

Það er ekki rétt eftir mér haft, að ég hafi sagt það sem staðreynd, að það væru smámunir, sem milli aðila bæri. Ég sagðist hafa séð það haft eftir deiluaðilum, að þeir telji nú vera smámunalega lítið bil á milli sín. Þetta orðalag mun ég hafa haft, þegar ræðan var skrifuð.

Ég skal engan dóm leggja á það, hvað langt bil var á milli deiluaðila. Það er ágreiningur um það. Samningsaðilum ber ekki saman um, hve langt bil hafi þarna verið. Hins vegar mun það alveg rétt, að nú við lok síðasta fundar deiluaðila hafi því verið lýst yfir, að það þyrfti að byrja deiluna upp að nýju, þar sem málin væru komin í þá sjálfheldu, sem þau virtust vera í. Þetta er a. m. k. eftir deiluaðilum haft, hvort sem það er rétt eða rangt, en hins vegar var það allra manna mál, sem ég hafði samband við í þessari deilu, að málið væri í algerri sjálfheldu og óleysanlegt, þrátt fyrir það, að báðir aðilar hafa sjálfsagt valið sitt bezta lið í þessa samninga, og ég efast ekki um, hvað sem öllum fullyrðingum hv. stjórnarandstæðinga líður, að þessir aðilar báðir hafa lagt sig alla fram til að ná samkomulagi í þessari deilu. Það er það alvarlegt mál fyrir báða þessa aðila, að slík deila standi lengi, og þar veit ég, að hvorugur hefur af sér leift í því efni. Og þá er heldur ekki að efast um það, af langri reynslu af starfi sáttasemjara, að hann hefur gert sitt ýtrasta til að lausn mætti fást. Það er því ekki fyrr en þessi sund lokast, að ríkisstj. tekur þá ákvörðun að flytja það frv., sem hér liggur fyrir. Það hefur verið bent á ýmislegt í aðdraganda þessarar deilu, sem talið er, að ríkisstj. eigi sök á, m. a. því, að hún hafi látið, eins og sagt var hér áðan, oddamann verðlagsnefndar neita að afgreiða fiskverð. Þetta er ekki rétt, því að sannleikurinn er sá, að þetta var samkomulag milli þeirra aðila, sem í yfirnefndinni eiga fulltrúa.

Þá er það einnig fullyrt, að með 500 kr. á skipstjóra og stýrimann mætti leysa þessa deilu. Af þeim tölum, sem birtar hafa verið í blöðum um úrslit sáttatilraunanna, var það þó ljóst, ef þær eru réttar, — maður fast nú um ýmislegt í þessum blessuðum blöðum, jafnvel þó að góðir og gáfaðir menn stýri þeim, — að andstaðan við sáttatillöguna var ríkust í vélstjóraliðinu. Ekki hefðu 500 kr. á skipstjóra og 500 kr. á stýrimann í hækkuðu fastakaupi leyst vanda vélstjóranna! **(Gripið fram í:** Hvaða útúrsnúningur er þetta?) Ég er nú hér að svara ræðum úr þingsalnum, þannig að ég vildi nú hafa frið til þess.

Þá er því enn fremur haldið fram, að það hefði orðið til stórra bóta í deilunni, ef skipuð hefði verið á fyrri stigum hennar sáttanefnd, og hv. þm. Hannibal Valdimarsson sagði hér áðan, að þetta væri vanrækslu af hálfu ríkisstj. og þá fyrst og fremst mín. Þetta mál var á sínum tíma allmikið rætt, og það var líka mat manna þá í þeim umræðum, að það mundi engin áhrif hafa á gang málanna, svo að það er engin vanræksla, að það mál hafi ekki verið vandlega íhugað.

Hv. 4. þm. Austf. sagði, að ríkisstj. hefði átt að leggja hér nokkuð fram, ég hygg, að hann hafi átt þar við fé, til lausnar þessari deilu. Það hefur verið deilt allríkulega á ríkisstj. fyrir það, og ekki sízt við umr. um sjávarútvegsmálin hér á s. l. hausti, að hún byggi svo illa að íslenzkum sjávarútvegi, að hann væri ekki aflögufær um að hækka kaup til sinna manna. Ekki fór það þó á milli mála, að með þeim ráðstöfunum, sem var verið að gera í haust, þá var verið að færa peninga yfir til útgerðarinnar, sem hún hafði ekki haft áður, og bæta þar með rekstrargrundvöll flotans. Og það er alveg víst, hvað sem öllum fullyrðingum í þeim efnum líður, að ef þær ráðstafanir hefðu ekki verið gerðar á s. l. hausti, þá hefði flotinn ekki verið stöðvaður nú af áhöfnunum, yfirmönnum og undirmönnum, hann hefði verið stöðvaður af útgerðarmönnum sjálfum, og þess vegna jafnlítil atvinnutæki fyrir mannskapinn eins og um vinnudeilu væri að ræða. Það var alveg sannfæring allra þeirra, sem köfuðu í hag útgerðarinnar, að fram hjá þeim uppskurði, sem hér hefur verið nefndur, varð ekki komizt. Menn gátu deilt um það með hvaða hætti hann ætti að eiga sér stað, en þessa fjármuni varð útgerðin að fá, ætti að vera hægt að reka hana.

Þá hefur það verið sagt hér, sem ég get fyllilega tekið undir, að þótt bátaflotinn fari nú af stað, þá sé ekki búið að leysa öll atvinnuleysisvandamálin. Mér er það fyllilega ljóst, að svo er ekki, þrátt fyrir það, að það takist með þessari lagasetningu. Það eru mörg önnur mál, sem bíða úrlausnar, en öll hvíla þau á því, að útvegurinn gangi, og alla vega er það langstærsti liðurinn í því að útrýma atvinnuleysinu eða draga úr því, að flotinn geti farið af stað. Það fer ekkert á milli mála.

Hv. 2. landsk. þm. óskar eftir svari mínu um það, hvort fyrirbyggja ætti með lögum þessum, að sjómenn fengju vísitöluuppbætur, ef þær yrðu greiddar á laun verkafólks í landi með einhverjum hætti. Er það ekki rétt? **(Gripið fram í:** Nei, hvort þeir hefðu verkfallsrétt til að ná því fram.) Hvort þeir hefðu verkfallsrétt til að ná því fram, var það spurningin? Samkv. lögunum hafa þeir það ekki. Mér sýnist það alveg augljóst af því að lesa þau. En hins vegar er svo með vísitöluuppbætur til sjómanna, að þær hafa alltaf verið greiddar eftir á. Uppistaðan í þeirri hækkun, sem nú verður á fiskverðinu, eru þær vísitöluuppbætur, sem landverkafólk var búið að fá áður.

Allir ræðumenn hafa komið inn á það, að það væri hreint neyðarúrræði að leysa deilur sem þessar og reyndar allar deilur með löggjöf. Ég tek fyllilega undir það og þóttist undirstrika það nokkuð í minni framsöguræðu, að hér er um hreint neyðarúrræði að ræða.

Hér er hreinn voði á ferðum, sem einhverja lausn þarf að fá á, og ég verð að segja, að það eitt að segja, að löggjöf sé óhafandi og ófær, eins og hún er borin fram, það dugar ekki, það verður þá að benda á aðrar jafnhaldgóðar leiðir til úrlausnar vandanum. Það hafa hv. stjórnarandstæðingar veigrað sér við að gera. Það var nákvæmlega það sama, sem skeði við afgreiðslu sjávarútvegsmálanna hér í haust. Það var marglýst eftir því með hvaða hætti öðrum ætti að leysa þann vanda, sem þá steðjaði að. Tillögur í þeim efnum fengust ekki.

Svo að lokum, þá skal ég aðeins svara fsp. hv. þm. Magnúsar Kjartanssonar um það, hvort það hafi ekki verið þung spor fyrir mig að flytja þetta frv., og vitnaði þá sérstaklega til fortíðar minnar í verkalýðsmálum. Þessi ágæti þm. hefur nú ritstýrt flokksblaði sínu um langt árabil, og ég minnist þess nú ekki að hafa fengið þann lofgjörðarpistil um sjálfan mig, sem hann hafði hér uppi um mig áðan, á meðan ég var og hét í verkalýðshreyfingunni. Ég vissi ekki annað en að allverulegu rúmi af því blaði væri þá daglega eytt í það að útskýra, hverslags voðagripur þarna væri á ferðinni. Nú segir þessi hv. þm., að ég hafi notið þarna mikils trúnaðar og trausts, en það kom þá úr öðrum áttum en hans blaði. Ég skal fyllilega viðurkenna það, að það voru ekki létt spor að flytja þetta frv., en ég held, að hin sporin hefðu verið þyngri að sitja aðgerðarlaus og hafast ekki að, svo mikið sem í húfi er.

Forsrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Að því hefur verið fundið, að af hálfu ríkisstj. væri lítil þátttaka í þessum umr. og sumum öðrum svipuðum. Það er rétt að upplýsa, sem raunar mun hafa komið fram í umr. áður, að ég átti í dag tal við hv. form. stjórnarandstöðuflokkanna um afgreiðslu þessa máls og fór þess á leit, að greitt yrði fyrir því, að málið fengist afgr. í dag eða nú í nótt, og voru höfð góð orð um það.

Við þekkjum það, sem kunnugir erum þingstörfum, að til þess að svo geti orðið, eins og umræðuvenjur eru á Alþ., — ég hef stundum fundið að þeim í öðru sambandi, — þá næst slíkt ekki, nema ríkisstj. og hennar stuðningsmenn taki tiltölulega lítinn þátt í umr., einungis geri grein fyrir höfuðatriðum máls, en láti að öðru leyti umr. og einstök atriði að verulegu leyti afskiptalaus. Þetta er gömul reynsla, ekki einungis frá núv. stjórn, ég minnist þess, að Hermann Jónasson hafði orð á þessu á sínum tíma, bæði á hans fyrra stjórnartímabili og á vinstristjórnarárunum, að þetta væru nauðsynlegir starfshættir af hálfu ríkisstj., ef hún vildi koma málum fram af skyndingu. Og hv. stjórnarandstæðingar hafa nú, þrátt fyrir ólíka afstöðu og innbyrðis ólíka afstöðu til málsins, fallizt á, að eins og komið væri, þá væri það eðlileg ósk ríkisstj., að málið yrði skjótlega afgr. Ég tek hér undir með þeim hv. þm., sem sagði það hér áðan, að auðvitað er okkur engin vorkunn frekar en bæði hv. stjórnarandstæðingum og öðrum að sitja hér eina næturstund, ef það getur orðið einhverjum til fróunar og upplýst mál frekar. En þá er einnig á það að líta, að ég skil það svo, að samkomulag hafi orðið milli mín og hv. forustumanna stjórnarandstöðuflokkanna, um að nú einhvern næstu daga yrðu almennar umr. um vanda efnahagsmálanna, og þá einnig þennan þátt þeirra, almennar umr., sem tækju þá heilan dag að minnsta kosti. Og ég hafði skilið, að þá væri eðlilegra, að menn biðu með almennar umr. til þeirrar fyrirhuguðu umr. og reyndu að stytta mál sitt nú. Þetta vildi ég einungis segja almennt um málsmeðferð.

Það er rétt, sem ég tók fram við samkomu þingsins aftur eftir jólafríið, að í þessari deilu virðist hafa borið mun minna á milli heldur en fyrirfram hefði mátt ætla eftir ummælum hv. stjórnarandstæðinga, bæði fyrir áramótin og öðru hvoru nú. Menn geta haft og hafa mismunandi afstöðu til sjávarútvegslaganna, sem sett voru í desember, en það verður að viðurkenna, að samningarnir og samningaumleitanirnar, sem nú hafa átt sér stað, eru allar innan ramma þeirra laga, og meginatriði þeirra l. er grundvöllur þessara viðræðna. Það er ekki verið að reyna að brjóta þau l. á bak aftur með þessum samningum og heldur ekki með kröfugerð, sem ég hef heyrt um getið. Ég legg á það áherzlu, að þetta er mjög þýðingarmikið atriði, og sýnir — eins og ég sagði á dögunum — almennari skilning á okkar erfiðleikum en ýmsir öðru hvoru virðast halda að sé fyrir hendi. En með þessu er auðvitað ekki allur vandi leystur. Eftir sem áður stendur það eilífa vandamál, hvar eru mörkin milli þess, sem atvinnurekendur telja sér fært að greiða, og þess, sem verkalýður telur sér nauðsynlegt að fá. Hvorugt þarf að vera af nokkrum illvilja. Hvort tveggja getur verið sett fram í fullkomlega góðri trú, en þarna eru venjulega mismunandi skoðanir fyrir hendi, sem eins og nú getur tekið langan tíma að komast að niðurstöðu um. Það er rétt, að ef sjávarútvegslögin hefðu ekki verið sett í des., þá væri vandi okkar miklu meiri en hann er nú. Þá væri enginn fjárhagslegur grundvöllur fyrir útgerð hér á landi yfirleitt, og það, sem nú er um deilt, er auðvitað smáræði miðað við það, sem þá var leyst.

En engu að síður liggur það nú fyrir, að aðilar hafa haft mjög ólíkar skoðanir á því, hvað hægt væri að greiða. Ég tel sjálfur, að það hefði verið hægt að komast að samkomulagi í þessari deilu fyrr, og ég hef marglýst því yfir, að ég hafði trú á því, hafði þá bjartsýni, vegna þess að mér sýndist ekki meira bera á milli en raun ber vitni, að þarna ætti að vera hægt að finna lausn. Það má segja, að með meiri atorku hefði verið hægt að knýja fram lausn fyrr, ef til vill með skipun sáttanefndar, eins og sumir hafa nefnt hér nú. Við töldum, að eftir atvikum þá mundi það ekki hafa þýðingu. Og við getum sagt það, að okkur öllum öðrum ólöstuðum, að ég held, að enginn Íslendingur þekki betur til sáttastarfa, eða sé hæfari til þess að leiða aðila í deilum til sameiginlegrar niðurstöðu, en Torfi Hjartarson, sem að þessu vann nú af sínu vanalega þolgæði og hafði sér annan ágætan, nokkuð reyndan mann við hlið. Þessir menn lögðu sig alla fram um að fá lausn. Torfi Hjartarson sagði sjálfur, að þetta mál hefði verið í hálfgerðum baklás alla tíð, ef ég man rétt það, sem eftir honum var haft í einhverju blaði. Nú ætla ég ekki að áfellast neinn í þessu sambandi, en það má vel vera, að hv. stjórnarandstæðingar hafi rétt fyrir sér í því, að setning sjávarútvegslaganna, þó hún væri óhjákvæmileg og hafi verið viðurkennd af öllum sem forsenda fyrir áframhaldandi rekstri útvegsins, hafi skilið eftir nokkra þrjózku í hugsun sumra manna og hafi þess vegna átt óbeinan þátt í því, að erfiðara hefur verið að fá lausn á ýmsu,

sem okkur sýnist ekki hafa ýkjamikla þýðingu. Það má vel vera, að svona sé, og það er athyglisvert, að nú eftir að hásetarnir eru búnir að semja, þá nást ekki samningar við yfirmennina, sem fá þó öll þau sömu hlunnindi og hásetarnir, og án þess að það sé glöggt, hvað það er, sem þarna ber í raun og veru á milli. Ég og aðrir hafa sagt, að það sýnist ekki vera ýkjamikið, en við verðum að játa, að það hefur ekki verið hægt að festa hendur á, hvað það er, sem í raun og veru ber á milli. Og það er athyglisvert, að í sjónvarpinu s. l. föstudag, þá kemur þar fram ágætur maður, sem mér er sagt, að hafi lagt sig mjög fram um að leysa deiluna, og lýsir því yfir, að nú verði að taka málið allt til meðferðar frá upphafi, byrja á deilunni aftur, eins og málið stóð í byrjun, eða um miðjan janúar. Auðvitað verðum við að segja, að nokkuð hefur það mál verið sótt með offorsi, þegar verkföllin voru boðuð af slíkri skyndingu, eins og gert var um miðjan janúar, og sýnir, að þarna hefur verið eitthvað á ferðum, sem er ekki alveg gott að átta sig á, ef til vill, eins og ég segi, einhver afleiðing af því, að mönnum líkuðu ekki sjávarútvegslögin, þó að þeir hafi fallizt á meginforsendur þeirra og tekið þau gild sem undirstöðu, og alls ekki ætlað sér í verki að reyna að brjóta þau niður. Það má segja, að það hefði verið betra, ef fram hjá þessu hefði mátt komast. Það er rétt. En án setningar sjávarútvegslaganna í des. hefði verið um algjöra og fyrirsjáanlega stöðvun að ræða, og auðvitað var þar ekki verið að ganga á rétt sjómanna efnislega, vegna þess að hvorki þeir né neinir aðrir eiga rétt á því að fá aukin hlunnindi sökum slíkrar neyðarráðstöfunar, sem gengislækkun er. Og það er eðlilegt og sjálfsagt, að ríkisvaldið, sem ákveður gengislækkunina, ákveði þá einnig, hvernig þeim hlunnindum, sem hún skapar, skuli skipt niður, til þess að hún komi að því gagni, sem til er ætlazt. Þetta er óhjákvæmilegt. Hitt er svo annað mál, að að formi til mátti segja, að þarna væri hart að farið, og samningar voru vissulega felldir úr gildi, það er rétt, en þá einnig, að menn fengu rétt til þess að leita réttar síns með verkföllum, með samningsuppsögn, ef þeir svo vildu.

En eins og oft vill verða, ef aðilar hefðu þarna sýnt meiri skilning á báða bóga, ef útvegsmenn hefðu fyrr fallizt á lífeyrissjóðinn en þeir gerðu með þeim hætti, sem að lokum var samþykkt, og ef það hefði verið ljósara, hvað fyrir nokkrum hluta samningshópanna hinna vakti í raun og veru, þá hygg ég, að þessari deilu hefði verið hægt að fá lokið fyrr.

Varðandi hlut ríkisstj., þá er það sannast bezt að segja, að hún og hennar umboðsmenn tóku að sér að leysa vandasamasta þáttinn, spurninguna um matarpeningana, og það er síður en svo, að þar hafi verið reynt að leika á aðila, eins og einn hv. þm. virtist halda hér fram áðan. Það var einmitt með góðu samþykki aðila, og þegar þeir skoðuðu málið, þá sannfærðust þeir um, að þarna var um sanngjarna og eðlilega leið að ræða. Þegar það kom á daginn, að ekki stóð á öðru en því, að sjómenn eða hásetar töldu of þröngan stakk skorinn varðandi ákvörðun matarfjárins, þá beitti ríkisstj. sér fyrir því, að sú upphæð skyldi hækkuð, þó nokkur fjárhagsleg áhætta fylgi því. Þannig að tala um það, að ríkisstj. hafi látið eitthvað ógert til að leysa þetta mál, það hvílir á algjörum misskilningi, svo að ég noti ekki önnur sterkari orð. Ríkisstj. fylgdist þvert á móti með deilunni, lagði stöðugt áherzlu á, að henni yrði lokið sem fyrst, hafði stöðugt samband við hinn þrautreynda sáttasemjara Torfa Hjartarson um að ýta málinu áfram, hafði það samband við aðila, sem talið var að gæti greitt fyrir lausn, og átti hiklaust mestan þátt í því að lokum, að hægt var að hafa sáttatillöguna þannig, að sjómenn eða hásetar töldu sér fært að ganga að henni. Þetta er sannleikur málsins, og það er einnig þýðingarmikið, að menn átti sig á því, að alveg eins og yfirgnæfandi meiri hl. þeirra háseta, sem taka þátt í atkvgr., er samþykkur því, sem samningur hefur verið gerður um, þó að hitt hefði verið æskilegra, að það hefði verið meiri þátttaka í þeirri atkvgr., það er annað mál, þá liggur það fyrir, að það er ekki meira en ¼ hluti allra yfirmanna á flotanum, sem hér eiga hlut að máli, sem nú hefur fellt tillöguna og ræður því, að flotinn er stöðvaður, ef ekki er að gert, og án þess, að því er mér skilst, og ég styðst þar ekki sízt við þá yfirlýsingu, sem í sjónvarpinu var gefin, að það fáist í raun og veru ljóst fram, hvað það er í alvöru, sem þessir menn halda fast við og ætluðu sér að knýja fram.

Það er einnig alveg ljóst, að það er einungis nokkur hluti yfirmannanna, sem þarna hefur sérstöðu frá öðrum og er mun harðari í sinni afstöðu en hinir, og ég endurtek, án þess að ljóst sé til hlítar, hvað fyrir þeim vakir. Ég hef þann fyrirvara á því varðandi það, sem ég sagði áðan um, að manni sýndist, að hér bæri tiltölulega lítið á milli.

Ég sé svo ekki ástæðu til að fjölyrða um þetta mál. Ég vil einungis taka það fram, út af því, sem hv. 2. landsk. þm. spurði um, og hæstv. sjútvmrh. svaraði, að eftir því, sem ég skil þetta lagafrv., þá takmarkar það ekki á nokkurn hátt rétt aðila til baráttu fyrir visitöluuppbót, umfram það, sem þeir hefðu takmarkað rétt sinn sjálfir, ef þeir hefðu gengið að samningum, eins og hásetarnir hafa gert. Og sannast að segja, sé ég nú ekki, að það sé eðlilegt, að hv. 2. þm. landsk. ætli yfirmönnunum í þessu rýmri rétt en hásetarnir hafa skammtað sjálfum sér.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Það er nú út af fyrir sig gleðilegt, að tveir hæstv. ráðh. hafa tekið hér þátt í þessum umr. og svarað hér nokkru þeim aths., sem hér hafa verið gerðar. Þó verð ég að kvarta undan því, að mér þykir, að þeir taki heldur léttilega á málinu í þessum ræðum sínum. Ég tók t. d. eftir því, að hæstv. forsrh. hann margendurtók það hér í sinni ræðu, að sér hefði í rauninni skilizt það, að það bæri hér í rauninni lítið á milli, það væri ekki hægt að sjá eða skilja annað, en þó hefði hann ekki getað gert sér neina fulla grein fyrir því á hverju hafði strandað. Ég verð nú að segja það, að mér finnst nú, að ríkisstj. sem heild og hæstv. forsrh. sýni nú með yfirlýsingum sem þessum, að hún hefur lítið lagt sig fram um það að fylgjast með þessu alvarlega máli, ef hún hefur ekki getað áttað sig á því, á hverju í rauninni strandaði í lokin.

Ég tel fyrir mitt leyti, að hvort tveggja, það, sem ég hef heyrt frá samningaaðilum, og það, sem var staðfest á jafnrækilegan hátt og í atkvgr., sem fram fór í Vestmannaeyjum um nokkrar bætur yfirmönnum til handa umfram það, sem fram kom í miðlunartill. sáttasemjara, sýni það í raun og veru, að hér bar orðið ekki mikið á milli, til þess að hægt hefði verið að koma á sam-

komulagi, þó að hitt væri hins vegar ljóst, að þeir aðilar, sem ætluðu að sætta sig við slíka lausn, voru fjarri því að vera ánægðir með málalok. Ég held líka, að það sé mikill misskilningur, sem hér hefur komið fram hjá hæstv. ráðh., þegar þeir túlka það svo, að hásetarnir á bátaflotanum hafi verið ánægðir með sinn hlut, sem út úr samkomulaginu kom. Ég held, að þeir séu mjög óánægðir. En hins vegar hafa þeir fallizt á það að gera samkomulag á þessum grundvelli, þar sem þeir sáu, að hér var við ríkisvaldið sjálft að glíma. Það fór ekkert á milli mála, að ríkisstj. stóð á bak við útvegsmenn, sem neituðu að verða við sanngjörnum kröfum, sem fram komu um launaleiðréttingu.

Þegar svo hæstv. forsrh. fór að telja upp þátt ríkisstj. í að leysa þessa deilu, þá blöskraði mér nú alveg. Hæstv. forsrh. sagði, að þáttur ríkisstj. í lausn deilunnar hefði verið fyrirkomulagið með matarpeningana, eins og hann orðaði það. Já, það er þá runnið frá ríkisstj. að leysa þetta með þeim hætti að taka hluta af fiskverði, sem hægt var og raunverulega átti að koma fram, leggja þennan hluta af fiskverðinu í sjóð og borga sjómönnum á þann hátt þennan hluta fæðiskostnaðarins, sem gert er ráð fyrir. Hvað er það þá, sem ríkisstj. hefur verið að gera í þessum efnum, fyrst þetta er nú hennar aðalframlag? Jú, framlagið hjá henni liggur þá í raun og veru í því að finna út ákveðið patent, ákveðin bellibrögð í málinu. Hún leggur ekkert fram. Ekki er hún að leggja fram nokkra fjármuni með því að leggja útflutningsgjald á sjávarafurðir, með því að lækka fiskverð og setja það í þennan sjóð. Nei, til þess var auðvitað ætlazt, að ríkisstj. reyndi að brúa bilið á milli deiluaðila, ef á þyrfti að halda. Það var hún, sem kom deilunni af stað, og það var hreint ekki óeðlilegt, að hún legði jafnvel fram nokkra fjármuni, ef á þyrfti að halda til þess að leysa deiluna. Í þessum efnum viðvíkjandi fæðiskostnaðarsjóðnum hefur ríkisstj. ekki lagt neitt fram. Ég verð að segja það, að mér sýnist enn málið líta þannig út, að ríkisstj. hafi hreinlega ekkert af mörkum látið til þess að vinna að lausn deilunnar. Ekki leggur hún neitt fram í sambandi við lífeyrissjóðsmálið. Þar á ekki að koma til nein greiðsla af neinna hálfu á öllu þessu ári. Síðan eiga að koma fram framlög í lífeyrissjóðinn jöfnum höndum frá sjómönnum sjálfum og frá útvegsmönnum í áföngum þar á eftir. En ég sé ekki, að ríkisstj. hafi í þeim efnum lagt nokkurn skapaðan hlut til. Þá lítur málið sem sagt þannig út í mínum augum, að ég finn það ekki, hvað það er, sem hefur komið beinlínis frá ríkisstj. í þágu lausnar á deilunni. Þeir tala talsvert um það, hæstv. ráðh., að með gengisbreytingunni frá því í nóvember og hliðarráðstöfunum, sem fylgdu henni, hafði verið lagður grundvöllur að rekstri sjávarútvegsins í landinu. Ja, hvað segja nú þeir, sem við þennan grundvöll eiga að búa, hvað segja þeir um þennan nýja grundvöll? Aðalsérfræðingar frystihúsamanna hafa nýlega sent frá sér grg. um málið. Þeir segja, að þessi nýi grundvöllur verði í engu atriði betri en sá grundvöllur, sem frystihúsin bjuggu við eftir gamla laginu. Þetta hafa samningamenn frystihúsanna nýlega sent frá sér í grg. í sambandi við ákvörðun á fiskverðinu. Þeir segja, að það eina, sem hafi gerzt í þessum efnum sé það, að gengisbreyting hafi komið í staðinn fyrir uppbótarkerfi, sem fyrir var, en að raunverulegur afkomugrundvöllur frystihúsanna sé sízt betri en áður var. Og framámenn í samtökum bátaútvegsmanna hafa lýst því yfir, að sá hlutur, sem bátaútvegurinn fær út úr hinum nýja grundvelli, sé þannig, að þeir eiga nú að fá samkv. nýju löggjöfinni ákveðið framlag, sem á að renna í Stofnfjársjóð fiskiskipa. Þeir höfðu sams konar ákvæði eftir gamla fyrirkomulaginu eða svo að segja, og þeir eiga að fá sérstakt framlag, sem nemur 17% af fiskverði, sem á að standa á móti þeim hækkunarliðum á reksturskostnaði bátanna, sem leiða af gengislækkuninni. Útvegsmenn telja, að þetta muni mjög jafnast og að þeirra hagur sé í engu betri en hann var.

Nei, sannleikurinn er sá, eins og ég hef bent hér á áður í umr., að gengislækkunin mikla, sem samþ. var í nóvembermánuði s. l. var ekki gerð fyrst og fremst til stuðnings við sjávarútveginn eða útflutningsframleiðsluna almennt. Það voru aðrir aðilar, sem fengu hagnaðinn af hinu nýja kerfi. Gagnvart sjávarútveginum, þá var hér fyrst og fremst um það að ræða, að það kom ný gengisskráning í staðinn fyrir ákveðið uppbótarkerfi, sem í gangi var á undan. Ég er líka ákaflega hræddur um það, að ríkisstj. eigi eftir að reka sig á það í þessu tilfelli, eins og í fyrri tilfellunum, að þegar menn fara að vinna samkv. þessum grundvelli, munu umkvartanirnar koma fram, og hún mun standa frammi fyrir nýjum, hliðstæðum vandamálum á næsta hausti í efnahagsmálum, eins og á s. l. hausti, vegna þess, að það, sem hún hefur verið að gera í þessum efnum, hefur ekki verið raunhæft. Það er svo auðvitað hrein fjarstæða hjá ráðh., þegar þeir halda því hér fram, að það hafi ekki komið fram till. eða ábendingar hér frá öðrum um neinar aðrar leiðir út úr efnahagsvanda atvinnuveganna. Við fulltrúar stjórnarandstöðunnar hér á þingi höfðum gert grein fyrir okkar till., sem fóru í allt aðrar áttir en till. ríkisstj. og hefðu komið að miklu meira haldi. Ég skal ekki fara út í almennar umr. núna um það að þessu sinni. Það verður eflaust gert hér í hinum almennu umr. um efnahagsmálin, sem hæstv. forsrh. minntist hér á að mundu fara fram innan tíðar.

Ég held, að það sé nauðsynlegt fyrir hæstv. ríkisstj. að gera sér fulla grein fyrir því, að sú leið, sem hún ætlar sér nú að fara í þessum málum, er hættuleg leið. Hún er að reyna á þann hátt, sem þetta frv. stefnir að, að knýja hér sjómennina til þess að búa við kjör, sem eru óeðlileg, og hún stefnir að því að svipta yfirmennina á fiskibátaflotanum eðlilegum samningsrétti. Það liggur fyrir alveg óumdeilanlega að mínum dómi, og hefur komið fram skýrt í þessum umr. og reyndar staðfest hér af forsrh. sjálfum, að kröfur sjómanna í þessari deilu hafa ekki verið óeðlilegar. En hins vegar liggur það alveg ljóst fyrir, að það hefur ekki verið komið til móts við óskir þeirra svo að segja að neinu leyti. Þær litlu bætur, sem sjómenn eiga að fá frá útgerðarmönnum upp í fæðiskostnaðinn eftir þessu sérstaka fyrirkomulagi, sem nú á að taka upp, eru ekki verulega miklar. Ég held því, að það eigi að liggja nokkuð ljóst fyrir, að það sé hér verið að vinna að því að setja lögþvingun á yfirmennina á fiskiskipaflotanum, sem hafa verið með sanngjarnar kröfur miðað við allar aðstæður og það sé verið að lögbinda það sjónarmið, sem fram kom hjá útvegsmönnum og hefur verið sjónarmið ríkisstj. allan tím-

ann, en það er það að standa á móti öllum réttarbótum til handa sjómönnum. Þetta tel ég óeðlilegt og verulega hættulega leið. Ég skal svo ekki við þessa umr. orðlengja frekar um málið.

Þórarinn Þórarinsson: Herra forseti. Þó að ég sé nokkuð oft sammála sessunaut mínum, hv. 6. þm. Reykv., þá gat ég ekki gert að því að hvísla að honum, þegar hann lauk hér að ýmsu leyti ágætri ræðu áðan, að ég væri honum ekki að öllu leyti sammála, a. m. k. ekki einu atriði í ræðu hans. Þetta atriði var það, að ríkisstj. fylgdi mjög ákveðinni stefnu, vissi sjálfsagt, hvað hún vildi og stefndi alveg að ákveðnu marki. Mér finnst nú hins vegar það um hæstv. ríkisstj., að hún hafi ekki neitt ákveðið stefnumark og hún viti yfirleitt ákaflega lítið, hvað hún er að gera og þess vegna sé hún að leiða þjóðina út í meiri og meiri ófæru án þess að gera sér grein fyrir því. Þetta stafar ekki af því, að hæstv. ráðh. séu neitt illa meinandi menn, heldur þvert á móti. Ég tel alveg víst um þá eins og ráðh. yfirleitt, að þeir vilji gera sitt bezta og hljóta þakklæti og góða dóma fyrir sín störf. En það, sem er að hjá hæstv. ráðh. er það, að þeir hafa ekki næga þekkingu, næga reynslu á atvinnumálum og næga dómgreind til að gera það, sem rétt er og þarf að gera, heldur stefna þeir alltaf með sínum aðgerðum meira og meira út í ófæruna. Þess vegna er orðið nákvæmlega sami hátturinn á hjá hæstv. ríkisstj. og þar sem verst hefur gengið annars staðar. Hér er að verða nákvæmlega sama ástandið og var hjá þjóðverjum eftir fyrri heimsstyrjöldina, þegar hver gengisfellingin fylgdi annarri, peningarnir voru alltaf að lækka og allt stefndi út í meiri ófæru af þeim ástæðum, eða hjá Frökkum fyrstu árin eftir síðari heimsstyrjöldina, þegar þeir lækkuðu gengið átta sinnum á 6 árum eða eitthvað þar um bil og sem endaði með því, að þeirra stjórnarkerfi sprakk, og þeir urðu að taka upp hálfgert einræðisstjórnarfar til að komast út úr erfiðleikunum. Og það er nákvæmlega það, sem er að gerast hér. Ríkisstj. er algerlega áttavillt og ráðvillt, reynir að lifa með einhverjum bráðabirgðaaðgerðum frá degi til dags, gengisfellingum og öðru slíku, og eftir hverja ráðstöfun, sem hún gerir, þá er vandinn alltaf jafnmikill og hann var áður, alveg eins og hv. seinasti ræðumaður var að lýsa hér, og þrátt fyrir allar þær miklu efnahagsaðgerðir, sem stjórnin þykist vera að gera núna, þá er vandinn engu minni en áður var.

Hið sama gerðist á seinasta hausti, haustið 1967. Þá var ráðizt í gengislækkun og aðalbankastjóri Seðlabankans lýsti því yfir, að nú ætti að vera allt í lagi. Það væri búið að tryggja nokkuð varanlega lausn efnahagsmálanna. Niðurstaðan varð sú, að tæpu ári seinna var talið, að það þyrfti að gera enn þá meiri gengislækkun en hina fyrri. Ég er alveg sannfærður um það, eins og hv. seinasti ræðumaður, að það á ekki eftir að líða langur tími þangað til að við lendum í sömu erfiðleikunum aftur eða vandanum og var hér á s. l. hausti og það verði að gera nýjar ráðstafanir. Þetta er vegna þess, að hæstv. ríkisstj. hefur enga stefnu. Hún veit ekkert, hvað hún er að fara. Það veit eiginlega enginn, hvert hún er að fara nema það, að hún er að fara út í meira og meira öngþveiti, og allra sízt er það ríkisstj. sjálf, sem veit hvað hún er að fara. Og hafi ég verið í einhverjum vafa um þetta áður, þá sannfærðist ég fullkomlega um það, þegar hæstv. forsrh. var að tala hér áðan, því að þar kom fram á sjónarsviðið maður, sem bersýnilega vissi ekki nokkurn skapaðan hlut um það, sem hefur verið að gerast í landinu á undanförnum mánuðum.

Forsrh. sagðist kannske geta viðurkennt það núna, að lagasetning Eggerts G. Þorsteinssonar á s. l. hausti um að skerða kjör sjómannanna hafi orðið til þess að setja þrjózku í málið, og þess vegna hafi deilan orðið torleystari en ella. Loksins sá hann það. Það þurfti eiginlega stöðvun flotans í 50 daga, til þess að forsrh. gerði sér grein fyrir þessu. Þó stóð hér upp hver maðurinn á fætur öðrum á s. l. hausti, þegar þetta mál var til meðferðar og skýrði ráðh. frá því, að þetta mundi leiða til vandræða, þetta mundi valda stöðvun á flotanum. Nei, forsrh. sá það ekki þá, enn síður viðskmrh., sem er nú samt hans leiðarstjarna í efnahagsmálum. Enginn ráðh. sá þetta. Það var sama hve margir sögðu þeim frá þessu, og þess vegna gönuðu þeir út í ófæruna. Núna, þegar flotinn er búinn að vera stöðvaður í nær 50 daga eða það sem af er þessu ári, gerir forsrh. sér loksins grein fyrir því, að þessi lagasetning hafi nú eitthvað orðið til þess að setja þrjózku í málið og gera deiluna torleystari en ella.

Þetta er glöggt dæmi um það, hvernig þessi hæstv. ríkisstj. vinnur og hvað hún fylgist með í málunum og gerir sér mikla grein fyrir þeim. Enn þá aumari var sú lýsingin, þegar forsrh. fór að lýsa því, hvernig þetta hefði nú verið, þegar verkfallið hófst, og sjútvmrh. í raun og veru líka. Sjútvmrh. sagði það, að þeim ráðh. hefði verið sagt það, og forsrh. endurtók það, af deiluaðilum, að það væri sáralítið, sem bæri á milli, það væru smámunir. Forsrh. sagði, að þetta hefði verið svo lítið, að það hefði varla verið hægt að festa hendur á því, sem bar á milli. Ráðh. trúa því, eftir því, sem þessir ráðh. lýsa sjálfir, að það sé sáralítið, sem ber á milli og deilan muni leysast á morgun eða hinn daginn, og þess vegna þurfi þeir ekki að gera neitt. Svo stendur bara deilan í 45 daga, eða er raunverulega búin að standa það, því að flotinn hefur verið stöðvaður að mestu síðan um áramót. Þetta eru vinnubrögðin. Þetta er skilningurinn. Svona fylgir stjórnin málunum, og er von, að vel fari, þegar við búum við slíka ráðsmennsku.

Ég minnist þess ekki hér í þingi, og hef ég fylgzt sem fréttamaður með þingstörfum miklu lengur en ég hef verið hér þm., að hafa séð forsrh. standa hér upp og gefa aðra eins lýsingu á sjálfum sér og sinni stjórn og hæstv. forsrh. gerði hér áðan, að hann hafi enga grein gert sér fyrir því á s. l. hausti, að lagasetningin þá mundi leiða til stórfelldra átaka, en núna sjái hann það þó loks eftir þetta langa verkfall, að lagasetningin muni hafa sett þrjózku í málið. Og svo hitt, að í þessa 48 daga, sem liðnir eru síðan um áramót og deilan hefur raunverulega staðið, þá hafi stjórnin alltaf trúað því, að þetta væru bara smámunir, sem bæri á milli, þess vegna mundi deilan leysast og stjórnin þyrfti ekki að gera neitt. Loksins eftir þetta langan tíma, þegar þjóðin er búin að tapa svona 500—600 millj. kr. á verkfallinu, virðast þeir fyrst gera sér grein fyrir því, að eitthvað sé að og eitthvað þurfi að gera.

Nei, slík ríkisstj. dæmir sig svo sjálf, að það þarf ekki mörgum orðum um það að fara.

Það, sem ég ætla að segja að lokum, vegna þess að ég ætla ekki að tefja þessar umr., er að svara fsp., sem kom fram hjá hæstv. sjútvmrh. Hann taldi sig geta státað af einhverju áðan, er hann sagði: „Við leggjum þó til, að deilan sé leyst svona, eins og þessi lög gera ráð fyrir, en stjórnarandstæðingar, hvað gera þeir? Hver er þeirra tillaga? Standa þeir ekki bara alveg ráðalausir gagnvart þessum vanda?“ Mitt svar er það, að jafnvel þó að okkur takist með þessari vandræðalöggjöf, sem hér er verið að vinna að, að koma flotanum á stað, þá leysir það ekki vandann nema að sáralitlu leyti. Aðalvandinn er óleystur eftir sem áður, og hann er sá, að það þarf að gerbreyta stjórnarstefnunni, taka upp allt aðra starfshætti en þá, sem við höfum fylgt á undanförnum árum. Það þarf að fá ríkisstj., sem fylgist með málum og gerir sér grein fyrir málum, en vaknar ekki eftir dúk og disk, eins og kom fram í ræðu hæstv. forsrh. Það, sem þarf að gera núna, er fyrst og fremst það, að það á að rjúfa þingið og efna til nýrra kosninga og gefa þjóðinni tækifæri til að skipta um stjórn og taka vandamálið fyrir alveg að nýju og breyta um stefnu. Þetta er það, sem við leggjum til, og ef hæstv. ráðh. trúa alveg á það, að það sé rétt, sem þeir eru að gera og þeir geti sannfært þjóðina um það, hvers vegna gera þeir það þá ekki? Ef þeir ynnu í kosningum, mundu þeir standa miklu sterkari eftir en áður til að gera það, sem þeir vilja. Ef þeir tapa, hefur þjóðin kveðið upp sinn úrskurð og þá gefst tækifæri til þess að breyta um stefnu og taka upp önnur vinnubrögð.

Magnús Kjartansson: Herra forseti. Ég komst þannig að orði áðan, að hæstv. sjútvmrh. hefði notið trausts innan verkalýðshreyfingarinnar, bæði í því stéttarfélagi, sem hann var í og einnig gegnt forystustörfum í Alþýðusambandinu. Hæstv. ráðh. sagði, að ekki hefði ég haft þessar skoðanir á honum, meðan hann gegndi þessum störfum, heldur hefði ég haft uppi mikla gagnrýni á starfsemi hans í verkalýðshreyfingunni í blaði mínu. Þetta er alveg rétt. Ég taldi margsinnis, að þessi hæstv. ráðh. fylgdi rangri stefnu, og ég hafði meiri trú á öðrum forystumönnum í verkalýðshreyfingunni. Engu að síður er það staðreynd, að hæstv. ráðh. hafði þann stuðning, sem nægði honum til þess að verða ekki aðeins forystumaður í félagi sínu og í Alþýðusambandinu, heldur hefur sá stuðningur einnig fleytt honum upp í ráðherrastól. Ég get ósköp vel sagt, að framkoma hæstv. ráðh. nú og og ýmsar aðrar gerðir hafi sannað, að tortryggni mín í hans garð áður hafi verið réttmæt, en ég ber alls ekki þann hug til þessa hæstv. ráðh. Ég hefði sannarlega unnað honum betra hlutskiptis en að þurfa að koma hingað til þess að mæla fyrir þvingunarlögum á stéttarsamtök. Samt hygg ég, að það muni vera aðrir, sem bera enn þá þyngri hug til þessara verka, og það eru verkalýðsfélagamennirnir í Alþfl. Þeir hafa sannarlega ætlazt til annars, þegar maður úr verkalýðshreyfingunni komst í ráðherrastól fyrir hönd Alþfl., en að hann yrði hafður til þess að beita sér fyrir verkum eins og þessu.

Hæstv. forsrh. flutti hér næsta einkennilega ræðu áðan. Hún hafði á sér yfirskin sanngirninnar, en bar ekki vott um, að hæstv. ráðh. hefði sterk tök á því máli, sem hann var að fjalla um. Hann hélt því m. a. fram, að hæstv. ríkisstj. hefði beitt sér mjög fyrir lausn á verkfallinu, m. a. hefði hún í miðjum klíðum fundið eitthvert snilldarbragð til þess að leysa deiluna um fæðispeningana. Þessi lausn um fæðispeningana kom ekki til í miðri deilu. Ég heyrði einn af forystumönnum stjórnarflokkanna segja frá þessari lausn í miðjum desembermánuði. Þá var búið að leggja á ráðin um það, hvernig ætti að leysa þessa deilu. Tíminn hefur hins vegar farið í það, að ríkisstj. hefur reynt að fá sjómenn til þess að fallast á þann takmarkaða hlut, sem þeim er ætlaður. Hæstv. forsrh. sagði, að það mætti teljast eðlilegt, að ríkisstj., sem ákvæði gengislækkun, tæki einnig ákvörðun um það, hvernig þeim fjármunum, sem losaðir væru með gengislækkun, væri skipt. Og það er einmitt það, sem hæstv. ríkisstj. er að gera. Gengislækkunin hefur, eins og ég sagði áðan, þau áhrif að færa til 3—4 milljarða af launafúlgunni í landinu, ef ekki koma til neinar vísitölubætur á móti. Ríkisstj. er að færa til þessa upphæð.

Ég sagði, að menn yrðu að gera sér grein fyrir því, að þetta hefði verið stefna ríkisstj. síðan í haust, og við þetta miðaði hún allar aðgerðir sínar. Hv. 4. þm. Reykv. virtist ekki vilja fallast á þetta sjónarmið. Hann taldi, að þetta væri fremur til marks um ráðleysi ríkisstj., að hún vissi ekki hvað hún væri að gera. Ég held, að þetta sé háskalegur misskilningur. Ríkisstj. vissi, hvað hún var að gera, þegar hún felldi gengið, og hún veit, hvað hún er að gera, þegar hún reynir að koma í veg fyrir það, að fiskimenn og launafólk endurheimti þá fjármuni, sem þá voru af þeim teknir. Um þetta hafa átökin á Íslandi snúizt undanfarna mánuði, og þau munu halda áfram að snúast um þetta næstu mánuði. Við skulum gera okkur grein fyrir því, að með þessari stefnu er verið að leiða yfir launafólk á Íslandi ákaflega alvarlegt ástand. Svo að við tökum sjómennina, sem hér er aðallega rætt um, þá er það alkunn staðreynd, að íslenzkir sjómenn eru afkastamestu sjómenn í heimi. Þeir skila á land mesta afla, sem um getur. Aflinn á sjómann hefur komizt upp í 200 tonn á ári. Samt er staðreyndin orðin sú, að íslenzkir sjómenn eru að verða miklum mun tekjulægri en sjómenn hér í nágrannalöndunum. Núna nýlega var sagt frá því í fréttum, að færeyskir sjómenn væru í verkfalli. Þeir höfðu neitað að fallast á sáttatill., sem tryggði þeim 19 þús. kr. á mánuði og ókeypis fæði vegna þess, að þeir vildu fá 22—23 þús. kr. Það er alkunna, að sjómenn í Bretlandi og á Norðurlöndum eru með miklum mun hærri tekjur en íslenzkir sjómenn. Þetta er satt að segja staðreynd, sem forystumenn ríkisstj. á Íslandi mættu hugleiða mjög alvarlega. Það hlýtur að vera meira en lítið bogið við það þjóðfélagskerfi, sem leiðir til þess, að afkastamestu og dugmestu sjómenn í heimi, sem eru í nánd við mjög gjöful fiskimið og geta hagnýtt þau vegna þess, að þeir hafa vald á fullkominni tækni, skuli vera að dragast aftur úr öllum öðrum í tekjum. Þetta ástand getur ekki staðizt. Það er augljóst mál. Ekki heldur getur staðizt sú fyrirætlun ríkisstj. að ætla að dæma almenna verkamenn til þess að búa við 10 þús. kr. mánaðarkaup fyrir dagvinnu á sama tíma og stéttarbræður þeirra í Danmörku eru með tvöfalt hærra kaup. Þetta getur ekki staðizt, vegna þess

að þjóðartekjur okkar Íslendinga á mann eru, þrátt fyrir samdráttinn að undanförnu, mjög sambærilegar við þjóðartekjur í Danmörku. Mismunurinn hlýtur að stafa af röngu stjórnarfari. Annaðhvort verðum við að leiðrétta þetta stjórnarfar eða við verðum að viðurkenna þá staðreynd, að við erum ekki menn til þess að stjórna þessu þjóðfélagi. Það fær ekki staðizt til lengdar, að fólk hér lifi við miklu naumari kost en fólk í grannlöndum okkar. Þessa staðreynd tel ég, að ábyrgir menn í hvaða flokki, sem þeir eru, verði að hugleiða af fullri alvöru.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 18:3 atkv. og til sjútvn. með 22 shlj. atkv.

Á 47. fundi í Nd., 18. febr., var frv. tekið til 2. umr. (A. 257, n. 264, 265 og 266).

Of skammt var liðið frá 1. umr. og útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 22 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Guðlaugur Gíslason): Herra forseti. Sjútvn. þessarar d. hefur haft til meðferðar og athugunar frv. það, sem hér liggur fyrir til l. um lausn kjaradeilu útvegsmanna og yfirmanna á bátaflotanum. Það fór eins hjá sjútvn. Nd. og í Ed., að n. varð ekki sammála um málið. Meiri hl. leggur til, að frv. verði samþ. óbreytt, en minni hl. hefur þegar skilað áliti. Deila sú, sem hér um ræðir, hefur nú staðið um það bil réttan mánuð. Hún hefur farið fram að þessu hina eðlilegu og löglegu boðleið. Fyrst áttu sér stað umr. milli útvegsmanna og samtaka og fulltrúa sjómanna, og urðu þeir eftir skammar viðræður sammála um að vísa málinu til sáttasemjara. Hann hefur haft það síðan til meðferðar þangað til í síðustu viku. Endanleg lausn fékkst ekki í þeim viðræðum, og lagði hann þá fram sáttatill., sem síðan fór til afgreiðslu í hinum ýmsu samtökum sjómanna, eins og vera ber, og niðurstöður af þeirri atkvgr., sem þar átti sér stað, eru hv. alþm. kunnar.

Það hefur verið á það bent af stjórnarandstöðu, að enn þá væri ekki rétt, þrátt fyrir það, að till. sáttasemjara náði ekki fram að ganga hjá yfirmönnum á bátaflotanum, að stíga það skref, sem lagt er til í því frv., sem hér liggur fyrir, heldur væri eðlilegra, að skipuð væri sáttanefnd í málið enn á ný. Þetta hefur komið fram bæði hér í þessari hv. d. og einnig kom það fram í Ed., þegar málið var í gær til umr.

Ég hygg, að þeir, sem fylgzt hafa með þessari deilu og þekkja þá sjálfheldu, sem það er komið í, hafi ekki þá trú á því, að ný sáttanefnd mundi geta leyst málið, nema þá að taka upp víðtækar viðræður, sem án efa mundu taka miklu lengri tíma en æskilegt er og nauðsyn krefur. Það er að sjálfsögðu neyðarúrræði að leysa vinnudeilur með löggjöf, en þegar deila er komin í þá aðstöðu og þá sjálfheldu, sem þessi deila er komin í, þrátt fyrir mjög ýtarlegar tilraunir bæði í upphafi milli deiluaðila sjálfra og síðan eftir að sáttasemjari hefur haft hana til meðferðar, sýnist ekki vera, því miður, önnur lausn á málinu en að Alþ. taki það í sínar hendur og leysi það á þann hátt, sem lagt er til í því frv., sem hér liggur fyrir.

Tilraun sú, sem átti sér stað í Vestmannaeyjum, að leysa deiluna þar heima í héraði, hefur nokkuð komið til umr. hér í þessari hv. d., en ég hygg, að þar gæti nokkurs misskilnings varðandi það, að hún hafi verið eins auðveld lausn á málinu og menn hafa hér talið. Mér er kunnugt um afstöðu beggja aðila þar, og ég veit, að útgerðarmenn þar töldu sig ekki geta fallizt á þá málamiðlunartill., sem þar kom fram frá bæjarráði um hækkað kaup til yfirmanna, nema með því að það hækkaða kaup gengi einnig yfir til sjómanna. Með því móti var komið nýtt viðhorf í málið, og það allt orðið mikið stærra en það sýnist vera, hefði aðeins verið um yfirmenn á bátaflotanum að ræða. Einnig hygg ég, að fulltrúar sjómanna, sem þátt tóku í samningum um málið og einnig þeir sjómenn, sem atkv. greiddu um það og samþykktu það í hinum ýmsu sjómannafélögum, hefðu kannske getað talið, að nokkuð hefði verið komið aftan að sér, ef yfirmenn á fiskiskipaflotanum hefðu fengið þessa kauphækkun, sem þarna var um að ræða, en þeir ekki. Hefði það án efa síðar meir getað valdið deilum, því að þó að þeir hefðu ekki átt lagalegan rétt á þessu nú, má segja, að siðferðislegur réttur þeirra væri þar nokkur.

Ég tel ekki ástæðu til að ræða málið frekar í heild að þessu sinni, mun gera það síðar, ef ég tel ástæðu til, en eins og fram kemur í nál. meiri hl. leggur meiri hl. til, að frv. verði samþ. óbreytt.

Frsm. 1. minni hl. (Björn Pálsson): Herra forseti. Við erum þegnar í lýðræðislandi, og við viljum vera það. Því miður er nú þannig ástatt víða í heiminum, að menn hafa ekki frelsi til að gera verkföll, og jafnvel ekki frelsi til að tala. Ég hygg, að við viljum vernda lýðræðið umfram allt, og getum ekki hugsað okkur að lifa í einræðisríki. En ef við viljum vernda lýðræðið, megum við ekki misnota það. Þess vegna þurfa allar stéttir að kunna sér hóf. Það er ekki nema mannlegt og eðlilegt, að allir vilji vinna að sínum hagsmunum. Það er vafalaust svo, þegar á að skipta þeim tekjum, sem fyrir hendi eru, að fæstir þykjast hafa of mikið, og má raunar segja, að flestir þykist hafa of lítið, og það má vel vera. Það væri æskilegt, að heildartekjur þjóðarinnar væru meiri og flestum gæti liðið sem bezt. Ég hygg, að við séum allir sammála um, að við vildum óska, að þannig væri, að allir gætu a. m. k. haft það miklar tekjur, að þeim gæti liðið sómasamlega.

En það mun ævinlega reynast dálítið erfitt að skipta þeim tekjum, sem þjóðfélögin hafa ráð á, og í lýðræðislöndum verða að sjálfsögðu alltaf einhver ágreiningsatriði viðvíkjandi því. Þetta verðum við að gera okkur ljóst. Þetta eru viðkvæm mál og vandmeðfarin. En þó verðum við að skilja það, að ef við ætlum að vernda þetta frelsi, sem við búum við hér, og sem betur fer er í nokkrum löndum öðrum, þá megum við ekki misnota það. Verkföllum hefur verið beitt oft hér á landi, og vafalaust ekki alltaf að ástæðulausu. Við vissum það, að kjör verkamanna voru mjög slæm og raunar allrar þjóðarinnar á 19. öld og raunar öld eftir öld. Þetta fer að smálagast eftir því, sem þjóðartekjurnar aukast. En ég er sannfærður um það, að oft var nauðsynlegt fyrir fólkið að gera verkföll, því að það voru svo léleg kjör, sem ýmsir bjuggu við. Hitt vitum við líka, að við þurfum að stilla þessum deilum í hóf til að stórskaða

ekki þjóðfélagsheildina. Það er þannig með allt í veröldinni, að það þarf að kunna hóf á öllu, til þess að það verði ekki skaðlegt.

Það er þannig með ýmsar stéttir í okkar þjóðfélagi, að þær hafa ekki verkfallsrétt, nema þá að mjög takmörkuðu leyti. Bændur búa t. d. við kjaradóm, ef ekki semst. Opinberir starfsmenn búa einnig við það. Nokkrar stéttir hafa hins vegar verkfallsrétt, en hitt vitum við, að það er ekki hægt að reka þjóðfélag, ef fámennir hópar geta stöðvað alla atvinnu í landinu eða mjög þýðingarmiklar atvinnugreinar. Það eru takmörk fyrir því. Þess vegna er reynt að setja einhverjar reglur, reynt að koma á samningum og fara meðalveginn og ég hygg, það séu flestir, sem vilja reyna það, ef mögulegt er.

Þegar tveir deila, er það sjaldnast öðrum að kenna. Það er vafalaust, að í flestum tilfellum er hægt að kenna báðum um að einhverju leyti. Ég álít, að þær ráðstafanir, sem gerðar voru fyrir jólin, hafi fyrst og fremst valdið því, að til verkfalls kom. Við vöruðum við því, framsóknarmennirnir og ég held Alþb.-menn líka, að með þessum 17% ákvæðum væri beinlínis verið að veifa þeirri dulu framan í sjómannastéttina, að hún væri nauðbeygð til að gera kröfur. Ég held, að ríkisstj. hefði átt að ræða við fulltrúa sjómannasamtakanna um þetta, áður en frv. nær langt fram, því að við vitum það, að menn líta dálítið öðruvísi á hlutina, ef rætt er um þá fyrirfram, en ef þeir frétta það á skotspónum eftir að búið er að leggja fram frv. og það stjfrv., sem yfirleitt má ganga út frá, að verði samþ. Þessi hlutaskipti á fiskvertíðum hafa verið lengi við lýði hér, og það var búið að fá talsvert mikla reynslu fyrir þeim. Þegar illa árar og fiskverð fellur, er ekki nema eðlilegt, að atvinnuvegurinn beri sig illa, en þetta var orðin áratuga reynsla með ekki mjög miklum breytingum, þannig að það var ekki nema eðlilegt, að sjómenn tækju því illa, ef um stórbreytingar var að ræða, einkum ef ekkert var við þá talað.

Ég hef það mikil kynni af sjómönnum, að ég veit, að þeir eru ekki eigingjarnari eða kröfuharðari en aðrir menn, því fer fjarri, og allra síst hásetarnir. Þó hafa þeir ekki búið við betri kjör en aðrir í þjóðfélaginu. Ég held, að ríkisstj. hefði átt að ræða um þetta mál. Það má vel vera, að það hefði verið ómögulegt að ná samkomulagi fyrirfram, og ég get vel gengið út frá því. En það var þó betra að ræða þetta mál við viðkomandi aðila en að leggja það fram algerlega að þeim forspurðum. Og í öðru lagi var náttúrlega algerlega tilgangslaust að setja þessi 17% ákvæði inn í lagafrv. og breyta svo frv. þannig, að samningar voru lausir. Það var algerlega tilgangslaust, og var aðeins til þess að egna. Í fyrsta lagi var þeim leyft að fara í verkfall, sem er erfitt að banna, og þetta varð til að kveikja í þeim. Ég skal játa það, að það kom óbeint fram hjá hæstv. forsrh., að það varð að setja löggjöf um þetta. T. d. var alveg óhjákvæmilegt að setja einhverja löggjöf um það, að það væri tekið af heildarprósentunni til vaxta og afborgana af skipunum. Við vitum það, að útgerðarmenn og þau félög, sem ráku skipin árið 1967, voru hætt að borga vexti og afborganir af skipunum, menn gátu það ekki. Gengið var lækkað, því var haldið fram, að það væri nauðsynlegt vegna sjávarútvegsins. Ég ræddi um þetta mál, þegar frv. var hér til umr. Ég hélt því fram, að útgerðarmenn græddu ekkert á gengislækkun, það hljóta allir að gera sér það ljóst, að við sköpum engin raunhæf verðmæti með því að lækka gengið. Við fáum fleiri krónur, en við fáum líka þeim mun minni krónur. Má vera, að að nokkru leyti sé það rétt, sem hv. 6. þm. Reykv. hélt fram hér áðan, að tilgangurinn hafi verið að færa fjármagn á milli aðilanna. Það er oft búið að reyna að lækka gengi í þeim tilgangi að færa fjármagn á milli aðila, en það hefur bara aldrei tekizt, og við þurfum ekki að ímynda okkur, að það takist enn. Það tekur sinn tíma, að skriðan komi á eftir. Að mínu áliti hefur gengislækkun aldrei verið hættulegri en nú. Gengislækkun hefur þau áhrif, að fólk hættir að halda sparlega á fjármunum sínum. Það eyðir meiru, reynir að verja því í eitthvað annað, sem það heldur, að rýrni ekki í verði, og svo þarf alltaf fleiri og fleiri kr. Þetta skapar verðbólgu og eyðslu, og það er ómögulegt að lækna þann rekstrarfjárskort, sem er í okkar landi, nema fólk geti treyst genginu. Það var því ekki við því að búast, að sjómenn tækju því vel, að gengið væri lækkað jafnmikið og gert var, og þar að auki var hlutaskiptunum gerbreytt með þessum ákvæðum. Ég hygg, að sjómenn hefðu tekið því af skilningi, þó að það hefðu verið tekin 10% af óskiptum afla til þess að borga vexti og afborganir af skipum. Ég hef trú á því, að það hefði ekki kveikt í þeim neitt að ráði. En þegar 17% voru tekin í viðbót var ósköp eðlilegt, að þeir færu af stað. Það var í raun og veru algerlega útilokað annað.

Það má vel vera, og ég get í raun og veru fallizt á það, að kröfur þeirra hafi ekki verið óhóflegar, miðað við þessar breytingar, sem gerðar voru á skiptareglunum, þó að þeir færu fram á, að fæði þeirra væri greitt. Svo kom krafan um lífeyrissjóð. Það má vel vera, að það séu margir, sem ekki eru mér sammála um þessa lífeyrissjóði, en ég held, að þetta sé að fara út í hreina vitleysu hjá okkur. Það eru sumir með þrjá lífeyrissjóði. Í raun og veru er ellitrygging ekkert annað en lífeyrissjóður, þó að það heiti ekki því nafni. Það er styrkur handa mönnum, þegar þeir hætta að geta unnið fyrir sér. Ég held, að þetta eigi að vera einn sjóður, en ekki að sumir aðilar hafi rétt til að hafa þetta í mörgu lagi. Við höfum sérstakan lífeyrissjóð fyrir þm. og opinbera starfsmenn, og svo hafa þeir ellilaun líka. Ég sé ekki annað en það sé eðlilegt að miða ellitryggingarnar við efnahag þjóðarinnar. Ef við höfum ráð á að hafa tryggingarnar, þá er ekkert nema gott um það að segja, en það eru takmörk fyrir því. Ég lít svo á, að þessir samningar, eins og þeir liggja nú fyrir, séu báðum aðilum e. t. v. óhagkvæmari, en ef hlutaskiptin hefðu fengið að vera óbreytt. Ef svo hefði verið hef ég enga trú á, að sjómenn hefðu farið af stað með nein verkföll, menn þurfa að lifa, áður en þeir fara að njóta lífeyrissjóðs. Hann á raunar ekki að koma til framkvæmda í ár, en gert er ráð fyrir, að hann komi til framkvæmda á næsta ári. Annars hafa þessir samningar ekki verið kynntir það ítarlega fyrir okkur, að við höfum fengið að kynnast þeim mikið, þar til þetta frv. var lagt fram. Við fáum enga háseta, ef þeir fá ekki það góð laun, að þeir geti lifað, og þá þurfa þeir að fá 4% hærra kaup til þess að geta lagt í lífeyrissjóð. Útgerðin þarf að borga sín 6%, þannig að í raun og veru er þar komin 10% hækkun. Við vitum, að sjómenn hafa ekki

haft hærra kaup en það, að þeir hafa aðeins getað lifað á því hvað tryggínguna snertir. Þeir hafa haft hlut á beztu bátunum og þegar vel aflast, þá hafa þeir haft talsverðar tekjur, en lágmarkskröfur þeirra hafa ekki verið meiri en það, að þeir hafa aðeins getað lifað. Ég held því, að þarna hafi verið unnið miður heppilegt verk að hleypa allri þessari skriðu af stað.

Hitt er okkur ljóst nú, og það er sjómönnum ekki síður ljóst en öðrum, að verkfallið verður að leysa. Ég ætla að taka það fram, að ég ætla ekkert að vera að smjaðra sérstaklega fyrir þeim aðilum, sem ég býst við, að eigi hér einhverja fulltrúa á pöllunum. Ég geri það aldrei, þótt ég tali. Ég segi mína meiningu alveg án tillits til þess, hverjir hlusta á það. Okkur er það algerlega ljóst, að verkfallið verður að leysa. Það er ekki um það að tala í sjálfu sér, hvað snertir lausn þessa máls, hvort klaufalega hefur verið á málum haldið eða ekki. Við getum deilt um það og haft skiptar skoðanir, en verkfallið verður að leysa. Við vitum, að það er farið að ganga með betlistaf til annarra landa til þess að reyna að fá bráðabirgðalán til að fleyta okkur áfram. Við vitum, að það er að byrja sá tími ársins, sem getur gefið sjómönnum og útgerðarmönnum einhverjar verulegar tekjur umfram það, sem fer í beinan rekstur. Þess vegna er óhjákvæmilegt, og sjómenn vita það betur en allir aðrir, að koma flotanum af stað. Annars kæmist hver einasti útgerðarmaður í vandræði, og það væri heldur ekki hægt fyrir sjómennina. Við vitum það líka, að sjómenn hafa ekki á neinu að lifa. Þeir hafa verið í verkfalli í mánuð. Þeir hafa ekki fengið neina atvinnubótastyrki. Það kom til mín sjómaður í gær. Hann átti ekki nokkurn einasta eyri, og ætli það séu ekki nokkuð margir, sem eiga lítið í buddunni? Það er þannig alltaf, þegar menn deila, að öðrum aðilanum þykir erfitt að láta undan. Í þessu tilfelli álít ég, að annar aðilinn láti ekki eingöngu undan. Það er farin miðlunarleið. Hversu mikið hefur borið á milli, skal ég ekki fullyrða. Ég hef spurzt fyrir um það hjá samninganefndum annars aðilans, og þeir telja, að það hafi verið um mörg atriði að ræða, og einn þeirra sagði mér, að það hefði verið vonlaust að brúa bilið. Ég satt að segja hef nú enga trú á því, að það hefði ekki verið hægt að brúa, en það hefði vafalaust tekið fáeina daga, og ég hygg, að sá dráttur hefði skaðað þá meira en þeir e. t. v. hefðu haft upp úr því að draga þá samninga. Annað er það, að ég sé ekki annað en verkfallið sé meira og minna að renna út í sandinn, þó að samningum hefði verið haldið áfram. Það er vitað mál, að ýmsir vélstjórar og yfirmenn á skipum hefðu þegar farið af stað, og eru þegar farnir, ef ekki hefði verið samið. Fyrir vélstjórana sjálfa hefði það verið mjög óhentug lausn, ef samtökin hefðu bara leystst upp að einhverju leyti, þannig að málið er komið í algert öngþveiti.

Afstaða okkar framsóknarmanna er því þannig, að við álítum, að það hafi ekki verið rétt á málum haldið. Við álítum, að það hefði verið hægt að komast hjá öllum verkföllum og vafalaust hefði verið hægt að semja, ef rétt hefði verið á hlutunum haldið. Þó er dálítið erfitt fyrir þá menn, sem hafa staðið utan við þessa samninga, að fullyrða um slíka hluti. En ég hef þó ekki trú á öðru en það hefði verið hægt. Það verður að leysa þetta mál, því viljum við framsóknarmenn ekki spilla, þrátt fyrir það, að við teljum, að stjórnin eigi í raun og veru sök á því, að þetta verkfall fór nokkurn tíma af stað. Við getum tafið þetta mál, en við getum ekki ráðið úrslitum í því. Við hefðum getað tafið það með eilífu málþófi kannske 2—3 daga, en er nokkuð unnið við það fyrir nokkurn aðila? Ég hef alltaf verið frekar andvígur málþófi. Það má vel vera, að það væri hægt að gera það mikið verkfall, að við gætum komið stjórninni frá, en ég álít, að í lýðræðislandi megum við ekki beita þeim vinnubrögðum. Þeir aðilar geta átt eftir að komast í minni hl., sem nú stjórna og þannig megum við búast við, að það verði í lýðræðislandi. Stjórnir koma og fara. Við verðum að nota þær leikreglur, sem eru drengilegar og heiðarlegar og geta gengið í lýðræðislandi, en ekki nein ofbeldisverk. En að koma stjórn frá, jafnvel þó að menn séu henni ekki sammála og vilji gjarna skipta um stjórn, með verkfalli er ekki rétta leiðin. Við verðum að fara þá leið, að þjóðin velji sér aðra stjórn með atkvæðamagni. Ef við gerum það ekki, er okkar lýðræði í voða statt. Ég játa það, og það játa stjórnarliðar líka, að þetta er alger neyðarráðstöfun í sjálfu sér, og er leiðinlegt, að til þessara örþrifaráða þurfi að grípa. En eins og málum er komið, er vægast sagt dálítið erfitt að komast hjá því.

Annað atriði kemur þarna líka til greina. Ég veit það, gegnum samtöl mín við sjómenn, sem eru búnir að semja, að þeir yrðu mjög óánægðir, ef það yrði samið á allt annan hátt við yfirmenn skipanna. Ég get ekki tekið undir það, sem kom hér fram hjá einum ágætum ræðumanni áðan, að hásetarnir geti fengið betri kjör en yfirmenn á skipum. Ég efast um, að það komi fyrir og ef það kemur fyrir er það mjög fágætt, enda á það ekki svo að vera. Ég hef gert út í 10 ár, og mér hefur alltaf fundizt hásetarnir bera sízt of mikið úr býtum. Kjör þeirra eru þannig, að þeir hafa t. d. ekki nema 7 daga kauptryggingu, ef eitthvað kemur fyrir er þeim ekki borgað nema í 7 daga. Yfirmennirnir hafa 3 mánuði á fullu kaupi. Vélamenn hafa þau hlunnindi fram yfir hásetana, að þeir hafa alltaf vinnu, ef skipið er í landi. Ég er ekki að segja, að þeir vinni ekki fyrir sínu kaupi, en þeir hafa vinnu við að taka upp vélarnar og vinna ýmislegt viðvíkjandi skipinu og hafa hærra kaup en verkamenn. Ég veit, að þeirra starf er ábyrgðarmikið, og þeir eiga góð laun skilið. En ég hygg þó, að þeirra kjör séu ekki sambærileg við kjör háseta, bæði hvað aukafríðindi snertir og eins kaupupphæð. Annar vélamaður hefur $1^1/_4$ hásetahlut og 1. vélamaður $1^1/_2$, og þar að auki hafa þeir dálítið fast kaup. Auk þess þau fríðindi, sem ég er búinn að tala um, þriggja mánaða kauptryggingu, ef eitthvað kemur fyrir, og uppsagnarfresturinn er 3 mánuðir hjá þeim. Sama er að segja um stýrimenn og skipstjóra. Ég álít, að af sínu litla kaupi hafi hásetar engin efni á að greiða í lífeyrissjóði, við vitum, að allir þurfa að lifa. Ef einhver gæti tekið á sig einhverja kjaraskerðingu af þeim, sem vinna við þessa báta, þá eru það þó frekar yfirmennirnir en undirmennirnir.

Ég var á móti gengislækkun. Ég vildi, að við legðum alla okkar krafta fram til að ná greiðslujöfnuði. Ef við hefðum getað það, áttum við einhvern veginn að geta jafnað þær tekjur, sem við höfðum til að deila úr, án þess að fella gengið. Það má vel vera, að það sé rétt, sem

hv. 6. þm. Reykv. hélt fram, að stjórnin ætti að færa 3—4 milljarða á milli aðila. En það verður ekki. Við þurfum ekki að ímynda okkur, að það sé hægt að neita því að borga hærra kaup, þegar allar vörur hækka. Ég satt að segja hef enga trú á, að hækkunin verði ekki meiri en 20%. Það verður ekki meira en 20%, áður en hækkunin kemur á landbúnaðarvörur, en þegar öll skriðan er komin á eftir, sem óhjákvæmilega kemur og alltaf hefur komið, þá er hækkunin mikið meiri en þetta. Hún mun alveg éta upp þessa gengisfellingu. Þannig hefur reynslan líka ævinlega verið. Það er sjúkdómseinkenni að vera alltaf að fella gengi. Þjóðin gerði sér það ljóst, að hún varð að neita sér um ýmislegt, sem hún gat veitt sér undanfarin ár, og hún hefði verið fúsari til þess, ef gengið hefði verið hreint til verks, henni sagður alveg sannleikurinn, því að sannleikurinn er sá, að við gerum of mikið af því að smjaðra fyrir kjósendunum, skrökva að þeim, lofa þeim meiru en við getum efnt. Ég álít, að við hefðum átt að stefna að þessu marki að ná greiðslujöfnuði, og rekstur útgerðarinnar áttum við að laga með því að lækka allan þann rekstrarkostnað, sem við mögulega gátum, áður en við hreyfðum við að lækka kaupið hjá sjómönnunum.

Ég taldi upp 25 gjaldaliði, sem hvíldu á útgerðinni, ekki alla stóra og engan veginn alla óþarfa fyrir útgerðina, en suma, sem hægt var að létta af henni. Nú bætast tveir við, lífeyrissjóður og fæði. Ég get tekið undir með hv. 4. þm. Austf., Lúðvík Jósefssyni, að þessi matarsjóður er skopleg uppfinning. Þarna er búinn til einn skatturinn enn, og hann kannske með þeim allra vitlausustu. Ég sé ekki, hvað er unnið við þetta að fara að búa til sjóð til að borga hluta af fæðinu í staðinn fyrir að láta útgerðina hafa fleiri prósentur, og svo borgaði hún þessar upphæðir til háseta sinna. Það er ekkert nema skrípaleikur og fyrirhöfn, eins og þessi hv. þm. kom inn á að einhverju leyti, að þeir borgi, sem ekki njóta neins góðs af þessu, og auk þess þurfa þeir að borga, sem mikið afla, fyrir hina, sem lítið fiska. Áframhald af þessu verður meira og minna svindl með þennan sjóð. Menn fara að reyna að telja fæðisdaga hásetanna fleiri en þeir eru, eins og alltaf er með allar skýrslugerðir, ef hægt er að koma því við. Þetta verður hreinn skrípaleikur. Þarna er verið að finna upp hlut, sem hægt er að gera miklu einfaldari. Svo mun þessi skriða halda áfram. Ég efast ekkert um, að það verður allt fæðið næst. Má vera, að það sé ekkert verra. Það er ósköp eðlilegt, að sjómennirnir vilji hafa eitthvað í staðinn fyrir það, sem tekið er af þeim. Það er ekkert óeðlilegt, að þeir vilji fá eitthvað í staðinn. En þá var hægt að gera þetta miklu einfaldara. Heilbrigðara hefði verið að hafa það þannig, að útgerðarmenn fengju fleiri krónur fyrir fiskinn og borguðu svo fæðið hver fyrir sig, annaðhvort einhvern hluta af því eða allt saman.

Útgerðarmenn hafa kostað alla vinnu við matreiðsluna og kaup kokksins, en ekki efnið í fæðuna. Ég hygg, að það hafi dálítið gert það að verkum, að útgerðarmenn eru tregir að taka að sér fæðið, að þeir halda, að það verði meira vanþakklæti og e. t. v. meira vafstur í kringum það.

Þetta má allt deila um. Við álítum framsóknarmenn, að hjá þessu verkfalli hefði verið hægt að komast, það hefði átt að fara aðrar leiðir til að leysa efnahagsvandann, en þrátt fyrir það er komið í óefni, og við sjáum, að þetta verður að leysa. Við viljum ekki tefja fyrir að málið leysist og þess vegna sitjum við hjá við þessa atkvgr., þrátt fyrir að við lítum þannig á, að það hefði verið hægt að komast hjá þessu og æskilegra hefði verið að leysa það á annan hátt. Ég hef bent á þessi aðalatriði, og það eru þau, sem valda því, að við hefjum ekki margra daga baráttu út af þessu máli. Við álítum, að eins og málum er komið, þá muni það ekki svara kostnaði.

Viðvíkjandi því, að hér hafi fólk miklu lakari kjör en í öðrum löndum, þá er dálítið vafasamt að fullyrða það. Ég efast ekkert um, að nú rétt eftir gengislækkunina hafi sjómenn í nágrannalöndum hærra kaup miðað við gengið, eins og það er í dag, en við vitum líka ósköp vel, að það mun breytast, því að kaupið á eftir að hækka eftir þessa gengisbreytingu. Yfirleitt hefur það verið þannig, ég veit það a. m. k. á ensku togurunum, að undirmennirnir hafa mjög lágt kaup, aftur hafa yfirmennirnir hátt kaup, og sannleikurinn er sá, að jöfnuður á kaupi hefur verið meiri hér á landi en í mörgum öðrum löndum. Vafalaust má deila endalaust um þetta, en við höfum takmarkað til skiptanna og þegar menn eru að tala um þjóðartekjur og tekjur á einstakling, þá er ýmislegt annað, sem getur komið til greina, m. a. hvað kostar að afla þessara tekna. Það er hlutur, sem er dýr hjá okkur. Hann er einna ódýrastur í iðnaði, en bæði í fiskveiðum og landbúnaði þarf mjög mikið rekstrarfé til þess að geta aflað þessara tekna. Það er ekki nóg að þessar brúttótölur séu svo og svo háar og gangi frá manni til manns, það þarf að athuga, hvað kostar að afla þessara tekna. Og þannig er það í sjávarútveginum. Það vantar ekki að við höfum háar tölur, en þær eru undarlega fljótar að étast upp. Það væri í raun og veru ekkert óeðlilegt, þó að þeir, sem hafa ekki fengizt við að gera upp af skipum, furði sig á, þegar þeir heyra þessar brúttótölur nefndar, en hafa ekki sett sig inn í kostnaðarliðina, að skipin geti ekki borið sig. Sannleikurinn er sá, að fjárhagur okkar í dag er alls ekki eingöngu kaupgjaldinu að kenna. Það, sem hefur sett okkur, að nokkru leyti a. m. k., í þessa fjárhagsörðugleika er óskynsamleg fjárfesting. En það er ekki til neins að tala um það í sambandi við þetta verkfall. Það er komið sem komið er, og þennan hlut þarf að leysa. Það er ómögulegt, þannig að allir verði ánægðir, en ég efast um, að héðan af sé önnur leið færari en þessi.

Frsm. 2. minni hl. (Lúðvík Jósefsson): Herra forseti. Ég hef skilað sérstöku nál., en það hefur ekki unnizt tími til að láta prenta það eða fjölrita, og ég vil því leggja það fram hér og afhenda hæstv. forseta það með ósk um, að hann sjái um, að það verði prentað og lagt hér fram, þó síðar verði. Niðurstaðan í minu nál. er sú, að ég legg til, að frv. verði fellt, en ég vil svo gera hér grein fyrir minni afstöðu til málsins nánar, ef tími verður.

Ég verð að segja það, að mér þykir sú afstaða, sem fram kemur hjá fulltrúum Framsfl. harla einkennileg í þessu máli. Þeir halda hér gjarnan ræður, sem mjög fordæma öll þau vinnubrögð, sem við hafa verið höfð í þessu máli og lýsa í rauninni yfir fullkominni andstöðu við gerðir ríkisstj. í málinu, en þó verða lokaorðin þau, eins og þau voru mælt hér af talsmanni Framsfl. að þessu sinni, að þeir efist um, að það sé önnur leið út úr

málinu en að samþykkja frv. ríkisstj. En það voru lokaorð þessa ræðumanns, sem hér talaði á undan mér. Afstaða mín gegn frv. hún mótast af því, að við Alþb.-menn lítum á þetta frv. sem mjög stórt og þýðingarmikið prinsipmál. Við teljum, að þær aðstæður séu ekki fyrir hendi, að það réttlæti að setja lögþvingun á í þessari kjaradeilu, sem hér er um að ræða. Við teljum, að það séu allar líkur, sem bendi til þess, að það hefði átt að vera hægt og það sé hægt að ná samkomulagi í deilunni með eðlilegum hætti, þar sem það er viðurkennt af flestum, að hér beri í rauninni ekki orðið mikið á milli, vegna þess að yfirmenn eins og undirmenn á skipunum hafa fallið frá miklum hluta af kröfum sínum, sem þeir lögðu fram á fyrra stigi málsins. Hins vegar er það alveg vitað, að þeirra viðsemjendur hafa sáralítið viljað ganga til móts við þá um leiðréttingar á þeirra kjörum, sáralítið. Það þýðir vitanlega ekki að reyna að neita því, að þau ákvæði, sem samið hefur verið um við undirmenn á skipunum um lífeyrissjóð, færa ekki sjómönnum miklar bætur fyrst um sinn, á þessu ári engar beinar bætur. Í þeim efnum leggja þeirra viðsemjendur ekki mikið fram.

Því er á sama hátt ekki hægt að neita, að um hitt samningsatriðið, sem var um greiðslu á fæðiskostnaði, er gengið mjög skammt til móts við kröfur sjómanna. Það er algjör misskilningur, sem hér hefur komið fram í þessum umr., að það hafi verið fallizt á það að greiða sjómönnum sem nemur hálfum fæðiskostnaði. Það er aðeins á yfirborðinu, sem það lítur þannig út. Það er e. t. v. hægt að segja, að það eigi að greiða þeim um það bil sem nemur hálfum fæðiskostnaði, en með þeim sérstaka hætti, að þeir borgi helminginn af þessum helmingi sjálfir. Þannig er það, að það er ekki verið að mæta kröfum þeirra í þessum efnum, nema sem nemur í mesta lagi 1/4 af fæðiskostnaði. Það sem verra er er það, að peningarnir, sem aflað er til þess að standa undir þessum greiðslum upp í fæðiskostnað, eru að talsverðu leyti frá öðrum sjómönnum, sem eiga ekki að njóta neinna réttinda úr þessum fæðissjóði. Það á að skattleggja þá sjómenn, sem veiðar stunda á smábátum, bátum undir 12 rúmlestum að stærð, það á að láta þá borga í sjóðinn, en þeir eiga ekki að geta fengið neitt úr honum. Það á einnig að láta togarasjómenn borga í þennan sjóð, en þeir fá heldur ekkert úr honum. Ég segi því, að í þessum efnum hefur verið gengið mjög skammt til móts við kröfur sjómanna, og ég er því ekkert hissa á því, þó fram komi kröfur um það hjá yfirmönnum á bátaflotanum, að þeir fái nokkra leiðréttingu á sínu fastakaupi, eða þá á lágmarkskauptryggingu, því það er alveg óumdeilanlegt, að kauptrygging þeirra hefur verið tiltölulega lág miðað við þeirra aflahlut. Þegar ráðstafanir hafa verið gerðar til þess að skerða aflahlutinn jafnfreklega og gert hefur verið, þá er ofur eðlilegt, að þeir, sem hafa byggt kaup sitt fyrst og fremst á aflahlut, eins og yfirmennirnir, geri nokkrar kröfur um að fá fastakaup sitt eða kauptrygginguna eitthvað hækkaða. Ég tel, að það hafi komið greinilega fram, að það eru allar líkur, sem benda til þess, að hægt hefði verið að ná samkomulagi við yfirmennina um eðlilega lausn á deilunni, ef sýnd hefði verið nokkur sanngirni frá hinum samningsaðilanum varðandi þessi sjónarmið þeirra.

Menn verða að gera sér grein fyrir því, að auðvitað hlýtur það að fara þannig í öllum vinnudeilum, að ef annar aðilinn er algjörlega staður og fæst ekki til að hreyfa sig, þá gengur seint að ná samkomulagi. Ég hef bent á það, að ástæðan til þess, að útvegsmennirnir í þessu tilfelli hafa verið svona staðir og ósanngjarnir að mínum dómi í samningaviðskiptum sínum við yfirmennina, eru ábyggilega þær, að þeir hafa greinilega vitað, hver var afstaða ríkisstj. í þessum efnum, en hún hafði gefið út þá stefnu sína áður, að það ætti að skerða kjör sjómannanna, eins og gert var ráð fyrir í löggjöfinni, sem sett var um þeirra málefni í desembermánuði. Útgerðarmenn hafa bókstaflega treyst á það, að ríkisstj. stæði við bakið á þeim, þar sem þeir neituðu að verða við sanngjörnum kröfum, og það hefur komið í ljós, að ríkisstj. vill lögfesta þeirra sjónarmið í málinu. Með þessu frv. er því samningsréttur inn í raun og veru tekinn af yfirmönnum á fiskiskipaflotanum. Það á að setja lög um það við hvaða kjör þeir eiga að búa.

Þetta álít ég mjög alvarlegt, og þá ekki síður, þegar þess er gætt, sem ég hef minnzt á, að kröfur þeirra voru tvímælalaust eðlilegar miðað við allar aðstæður, og þeir höfðu fallið frá miklu af sínum upphaflegu kröfum. Ég tel, að setning þessara laga sé mjög hættulegt fordæmi. Ég efast ekkert um það, að sú ríkisstj., sem nú kemur fram með frv. í þessa átt, hún er vís til þess að koma með hliðstæða löggjöf á verkalýðssamtökin í landinu og banna þeim að knýja fram eftir samningaleiðum í eða með verkfallsátökum visitöluuppbætur á laun. Ríkisstj. hefur sömu rökin í þeim tilfellum eins og nú. Hún segir: Þjóðfélagið þolir það ekki, að efnt verði til verkfalla, og af því setjum við lög og bönnum ykkur að ganga eftir þessum réttindum. Hér er því vitanlega um stórt prinsipmál að ræða, sem verkalýðshreyfingin hefur hvað eftir annað gert samþykktir um, og það hefur ekki verið neinn vafi á því, hver hefur verið afstaða verkalýðshreyfingarinnar í þessum efnum. Eins og fram hefur komið hér í þessum umr., þá samþykkti m. a. síðasta Alþýðusambandsþing mjög harðorða yfirlýsingu í þá átt, að verkalýðshreyfingin neitaði með öllu að eiga nokkurt samstarf við ríkisstj., sem ætlaði sér að beita lögþvingunarleiðum. Það er full ástæða að benda hæstv. ríkisstj. á þessa yfirlýsingu frá síðasta Alþýðusambandsþingi, það er ekki öll nótt úti enn. Ríkisstj. mun enn þurfa að eiga ákveðin samskipti við verkalýðssamtökin í landinu, hún kemst ekki hjá því, og það getur orðið henni kostnaðarsamt að bregðast þannig við yfirlýsingum frá hálfu verkalýðshreyfingarinnar sem hún gerir raunverulega með þessu frv., en þar heldur hún sér enn þá við það að fara lögþvingunarleiðina.

Það er ofureðlilegt, að sjómenn, bæði undirmenn og yfirmenn, geri tilraunir til þess að fá breytt sínum launakjörum meira bæði í hlunnindaátt og eins í þá átt að tryggja sér hærra lágmarkskaup. Það leiðir aðeins af því, að ríkisstj. er greinilega að eyðileggja þann grundvöll, sem byggt hefur verið á í launamálum sjómanna til þessa, en það eru hlutaskiptakjörin. Það rekur eitt frv. annað, sem fer í þessa átt. Ég skal nefna hér nokkur atriði um það, hvernig fiskverðið er gert óeðlilegt með sérstakri löggjöf frá Alþ. Eins og hv. þm. kannast við, þá er nú komið í lög, að það skuli taka fyrst 10% af fiskverðinu, sem ekki kemur til skipta og rennur í Stofn-

fjársjóð fiskiskipa, til þess að borga afborganir og vexti af bátunum, en þó 20% þegar um síldarafla er að ræða. Þetta er ekki það eina, því þar að auki er svo tekið af því fiskverði, sem ákveðið hefur verið, 17%, sem ekki heldur á að koma til skipta, og afhent er útgerðarmönnum til að greiða upp í almennan rekstrarkostnað skipanna.

Það er til fleira af þessu tagi. Það er búið að taka af óskiptum afla til þess að greiða vátryggingarkostnað af skipunum. Sú upphæð, sem tekin er á þann hátt af fiskverðinu til þess að greiða vátryggingarkostnaðinn, mun orðið nema á milli 300 og 400 millj. kr. á ári. Það er einnig tekið með sérstökum skatti allhátt gjald af hinu almenna fiskverði í Aflatryggingasjóð, en Aflatryggingasjóður er samkv. lögum sjóður útgerðarmanna. Greiðslur úr honum ganga aðeins til útgerðarinnar. Þær greiðslur ganga ekki til skipverja, en tekjur sjóðsins eru fengnar með útflutningsgjaldi á sjávarafurðum, og á þann hátt er verið að velta greiðslum til sjóðsins yfir á herðar hlutamanna. Nýlega hefur verið myndaður sjóður, sem heitir Verðjöfnunarsjóður. Ef svo vill til, að fiskverð á erlendum markaði hækkar, þá má taka ákveðinn hluta af hækkuninni á fiskverðinu, leggja hann í ákveðinn sjóð, og ríkisstj. og þeir menn, sem hún hefur tilnefnt af hálfu útgerðarmanna, geta ráðstafað þessu fé, þannig að það komi ekki fyrr en eftir langan tíma inn í fiskverð, og kannske aldrei inn í fiskverð í viðkomandi grein. Þarna er einn skatturinn enn! Svo er nýjasta tiltækið þetta að leggja á enn nýtt útflutningsgjald til þess að greiða þennan margumtalaða fæðiskostnað.

Á þennan hátt er verið að leggja alls konar gjöld á sjávarútvegsframleiðsluna, sem öll verða til þess að halda fiskverðinu hér niðri og gera það óeðlilega lágt. Þetta kerfi er í eðli sínu stórhættulegt, auk þess sem þetta er líka óréttlátt, því að það var gengið út frá því, að sjómennirnir á bátunum ættu að eiga ákveðinn hundraðshluta af aflaverðmætinu, en ekki af aflaverðmæti, sem búið væri að stýfa með alls konar ráðstöfunum. Þetta verður til þess, að fiskverð hér verður algjörlega ósambærilegt við það, sem fiskverð er í nálægum löndum, því að enn þá hefur ekki verið ákveðið að þessu sinni verð á loðnu, þó að bátarnir séu nú að undirbúa sig til þess að fara að veiða loðnu, en ekki hygg ég, að það fari langt frá því, að verð á loðnu muni vera ákveðið núna eitthvað í kringum 60—70 aura, og heyrt hefur maður, að það yrði lægra, það mun hafa verið 41 eyrir síðast á kg. En hins vegar vitum við það, að verð á loðnu í Færeyjum er rétt aðeins tæpar 2 kr. fyrir kg. Það er nefnilega ofureðlilegt, að þegar okkar sjómenn sjá það, að það verð, sem þeir eiga að fá hér innanlands, er svona kannske helmingur eða ekki helmingur af erlenda verðinu, þá verði þeim nokkuð gjarnt á það að landa heldur erlendis. Að vísu hefur nú ríkisstj. reynt að sjá dálítið við því með því að leggja þá enn þá hærra gjald á þann afla, sem landað er erlendis. En eigi að síður mun þetta fara svona.

Við samanburð á þorskverðinu hér og t. d. í Noregi kemur út nokkuð svipuð mynd. Hér er um stórhættulegt fyrirbæri að ræða, og ég efast ekkert um það fyrir mitt leyti, að það mun draga til þess, m. a. vegna alls þessa fyrirkomulags, að sá fiskveiðifloti okkar, sem getur auðveldlega hreyft sig á milli landa, mun í vaxandi mæli stunda veiðarnar við önnur lönd og leggja þar upp afla sinn. Það er búið að brjála á þennan hátt allt verðlag hér. Þetta er vitanlega óeðlilegt. Fiskverðið átti að fá að koma út eins og efni stóðu til, og útgerðin átti að hafa aðstöðu til að borga sína rekstrarliði með eðlilegum hætti, en það átti ekki að velta kostnaðinum yfir í einhvern almennan sjóð, eins og gert hefur verið, því að áframhald á þessari stefnu leiðir auðvitað út í algjört öngþveiti.

Ég býst við því t. d., að næsti almenningssjóður, sem verður myndaður í þessum efnum, verði t. d. olíukostnaðarsjóður. Það verður lagt á útflutningsgjald, safnað peningum í einn stóran sjóð, og svo koma allir útgerðarmenn í landinu og segja: Ég vil fá borgaðan minn olíukostnað úr þessum almenna sjóði. — Á þennan hátt verður sá látinn borga alltaf langmest í olíukostnað úr sjóðnum, sem hefur aflað mest, því hann leggur auðvitað mest í sjóðinn. Svo kemur almennur veiðarfærasjóður, og svona verður haldið áfram. Það kemur auðvitað að því, að efnahagsráðunautar ríkisstj. átta sig á því, að þeir eru hér úti á glapstigum í þessum efnum, þeir eru á algjörum villigötum.

Ég hef hér, eins og hv. þm. hafa hlustað á, haldið margar ræður á hverju ári í sex ár um þá óhemjuvitleysu, sem væri fólgin í því fyrirkomulagi, sem hér hefur gilt á vátryggingarkerfinu. Ég hef ekki talið það eftir mér að halda þessar ræður, en það hefur ekki hnikað ríkisstj. til, fyrr en nú á þessu ári, að þá fékk ég að lesa eitt bréf, skrifað af Jónasi Haralz, þar sem hann segir, að um það sé ekkert að villast, að þjóðarbúið hafi tapað hundruðum milljóna á þessu vitlausa fyrirkomulagi. Hann er að byrja að rumska, en samt hefur hann ekki áttað sig betur á þessu en svo, að hann ætlar að leggja út í einn nýjan fæðiskostnaðarsjóð, sem er raunverulega byggður á sömu hugsuninni. En löngunin hjá ríkisstj. til þess að reyna að hafa hlut af sjómönnum í þessum efnum hefur verið svo mikil, að hún hefur farið þessa leið alltaf í vaxandi mæli.

Ég skal nú ekki flytja hér langt mál til viðbótar þessu, sem ég er búinn að ræða um þetta frv. Þó eru atriði í þessu samkomulagi, sem hefði verið nokkur ástæða til þess að fá hér frekari skýringar á, en ég býst þó varla við því, að þær skýringar fáist. Þegar ég t. d. las yfir það samkomulag, sem hér á að lögfesta varðandi lífeyrissjóðinn, þá tek ég eftir, að í upphafi þessa samkomulags segir: „Það er samkomulag samningsaðila, að þeir beiti sér fyrir því á árinu 1969, að bátasjómönnum verði með lögum tryggð aðild að Lífeyrissjóði togarasjómanna og að þeir aðilar beiti sér fyrir því, að settur verði upp lífeyrissjóður.“ Þá minnist ég þess, að ríkisstj. hafði eitthvað svipað orðalag um almenna lífeyrissjóðinn, þegar hún lýsti því yfir, að ríkisstj. ætlaði að beita sér fyrir því að koma upp almennum lífeyrissjóði, en það gerði hún fyrir rúmum tveim árum og hann er ekki kominn enn.

Þó að útgerðarmenn og sjómenn í þessu tilfelli lýsi því yfir, að þeir ætli að beita sér fyrir því að koma á þessum sjóði, þá er það nú ekki alveg öruggt. Mér sýnist, að þarna hefði nú verið full ástæða til þess, að ríkisstj. hefði a. m. k. lofað því alveg skuldbindandi, til þess að koma hér á sáttum, að löggjöf yrði sett um þennan lífeyrissjóð, sem þessir aðilar vildu standa að. En þannig er ekki formið, hvað sem verður um fram-

kvæmdina. Þá tók ég eftir í þessu samkomulagi, að í niðurlagi 7. töluliðar segir: „Þeim sjómönnum, sem hættir eru störfum á sjó, skal heimil áframhaldandi aðild, enda vinni þeir í landi við útgerð.“ Enda vinni þeir í landi við útgerð? Hvað þýðir þetta? Vinnur sá bátasjómaður við útgerð, sem t. d. vinnur í frystihúsi eða í fiskvinnslustöð, eða vinna ekki aðrir skv. þessu orðalagi við útgerð en þeir, sem eru hlutarráðnir menn á bát, þó í landi séu? Ég vil nú vænta, að meiningin sé sú, að þeir bátasjómenn, sem fara í land, sem oft vill verða, og fara þá t. d. að vinna í fiskverkun, eða ýmsum öðrum útgerðarstörfum, eigi rétt á því að vera áfram í sjóðnum. En hver á þá að borga fyrir þessa menn? Ekki geta útgerðarmenn eða bátaeigendur og hásetar ákveðið það í samningi sín á milli, að þessi eða hinn frystihúsamaðurinn skuli borga sínum starfsmanni 6% af launum hans í lífeyrissjóð. Til þess þarf löggjöf, ef það á að skylda þá til þess. Þá er auðvitað komið hér upp ákvæði um það, að sumir starfsmenn í frystihúsunum hafa þarna lífeyrissjóðsréttindi og aðrir ekki. Hvaða hugsun liggur á bak við þetta? Hvernig á að framkvæma þetta? Það hefur auðvitað ekkert komið fram um það í þessum umr.

Í því samkomulagi, sem hér er birt og fjallar um fæðiskostnaðinn, segir, að það skuli miða þessar fæðisgreiðslur við úthaldsdaga. Svo segir síðar: „Ákvörðun úthaldsdagafjölda og áhafnarstærðar fer eftir almennum reglum sjóðsins,“ þ. e. a. s. Aflatryggingasjóðs. Nú auðvitað vaknar sú spurning, hvort úthaldsdagar á fiskibát eru þeir dagar, sem skráðir hafa verið á bátinn, lögskráningardagarnir. Auðvitað hefði verið það eðlilega að miða þetta við skráningardagana, þá daga, sem skipverjinn er sannanlega skráður á bátinn. Þá er sagt, að í þessum efnum skuli þó fara eftir almennum reglum um Aflatryggingasjóð. Ég þykist þekkja talsvert til þessara reglna, hef gert upp við þennan sjóð fyrir fjölda marga aðila og veit, að í ýmsum tilfellum, þar sem lögskráningardagarnir eru t. d. 100, segir sjóðurinn: „Ég viðurkenni ekki nema 70–80 daga af þessu sem úthaldsdaga og færi þetta þannig niður.“ Sjóðurinn hefur engar fastar reglur um þetta mat sitt. Hann miðar þó við nokkur tilvik, t. d. þegar það liggur fyrir, að fiskibátur á skráningartímanum hefur ekki getað haldið róðrum vegna vélarbilunar eða annarrar bilunar. Þá hefur sjóðurinn venjulega tekið þann dagafjölda og dregið hann frá skráningardagafjöldanum til þess að finna úthaldsdagafjöldann. Þá mundi sem sé samkv. þessu það koma út, að ef sjómaður á fiskibát verður fyrir því óhappi, sem oft vill nú verða, að bátur bilar í eina viku og bíður eftir viðgerð, þá fær hann ekki greiðslur upp í fæðiskostnaðinn þann tíma, þó að hann þurfi auðvitað að vera á fæði við útgerðina þessa daga alveg eins og hina, meðan á rekstri stendur. En það er sýnilega þá ætlazt til þess, að fæðisgreiðslur falli niður í þessu tilfelli. En svo færir Aflatryggingasjóður þennan dagafjölda niður í ýmsum öðrum tilvikum eftir mati og samanburði við rekstur annarra. Ég er mjög hræddur um það, að miðað við þær vinnuaðferðir, sem hafa verið hafðar hjá þessum sjóði, verði svolítið erfitt fyrir útgerðarmenn að ákveða það fyrirfram, hverju þeir eiga að halda eftir af kauptryggingu sjómanna upp í væntanlegan fæðiskostnað þeirra. Þeir vita ekkert um það, hvað Aflatryggingasjóður gerir í þessum efnum, fyrr en eftir dúk og disk, fyrr en eftir marga mánuði. En þetta voru miklu frekar aukaatriði og voru mörg fleiri af þessu tagi, sem ég hefði gjarnan viljað ræða um, en það er sýnilega enginn tími til þess að fara út í það, eins og hér er stefnt að afgreiðslu þessa máls.

Mér sýnist, að þetta mál liggi þannig fyrir, að það verði ekki um það villzt, að sjómannadeilan, sem staðið hefur að undanförnu, varð til vegna þeirrar löggjafar, sem ríkisstj. knúði hér í gegnum Alþ. í desembermánuði s. l. Mér sýnist það liggja einnig alveg glögglega fyrir, að með þeirri löggjöf var gengið freklega á umsaminn rétt sjómanna um aflahlut. Mér sýnist, að það hafi komið alveg greinilega fram, að í samningum þeim, sem fram hafa farið í sambandi við þessa deilu, hafa sjómenn gert hóflegar kröfur, bæði yfirmenn og undirmenn. Þeir hafa mjög fallið frá sínum upphaflegu kröfum til þess að reyna að ná samkomulagi, en þeirra viðsemjendur, studdir af ríkisstj., hafa sáralítið gengið til móts við þá og þegar tiltölulega lítið ber á milli, eins og við yfirmenn, þá er sagt nei og ákveðið að fara lögþvingunarleið. Mér sýnist, að það liggi líka alveg skýrt fyrir, að sú lögþvingunarleið, sem hér er ráðgerð, skapar hér mjög hættulegt fordæmi. Það hlýtur að verða litið á hana mjög alvarlegum augum af verkalýðshreyfingunni í landinu, og ég get ekki ímyndað mér annað en þessi lagasetning verði til þess að torvelda mjög samstarf allt á milli verkalýðshreyfingar í landinu og ríkisstj. Enginn vafi er á því, að þeir sjómenn, sem verða nú fyrir þessari lögþvingun, telja, að mjög hafi verið á sinn rétt gengið, og það er líka hættulegt, því að þeir eru sannarlega þýðingarmiklir starfsmenn í okkar efnahagskerfi. Það var allra sízt, eins og ég hef bent á áður í þessum umr., þörf á því eða ástæða til þess að ætla að fara að skerða umsaminn kauprétt sjómanna. Nú þurftum við einmitt meira á góðum og duglegum sjómönnum að halda til þess að koma lífi í okkar efnahagskerfi en nokkru sinni fyrr. En þetta hefur hæstv. ríkisstj. ekki skilið, og því hefur hún kosið að fara þá ógæfuleið, sem hún hefur valið með þessu frv.

Afstaða mín og okkar Alþb.-manna er sú, að við leggjum til, að þetta frv. verði fellt, og ég óska eftir því, að það fari hér fram nafnakall um afgreiðslu frv. nú við 2. umr. Við höfum bent á það, að við teljum, að rétta leiðin hefði verið sú að setja sem allra fyrst á laggirnar sérstaka sáttanefnd, til þess að leita eftir fullu samkomulagi, og við teljum, að miklar líkur bendi til þess, að hægt hefði verið að ná slíku samkomulagi.

Eðvarð Sigurðsson: Herra forseti. Við 1. umr. gat ég þess, að almennu verkalýðsfélögin væru nú að undirbúa aðgerðir sínar til þess að ná samningum að nýju um verðtryggingu launa. Ég tók þá fram, að við vonuðumst að sjálfsögðu til þess, að það tækist, án þess að til verkfallsátaka þyrfti að koma, en ef svo færi nú mót von okkar, að verkfallsvopninu þyrfti að beita, þá spurði ég, hver væri staða þeirra sjómannasamtaka, sem nú væri verið að binda með þessum lögum, — hver væri staða þeirra til þess að taka þátt í með öðrum verkalýðsfélögum að ná samningum um vísitölugreiðslur með verkfalli, ef á þyrfti að halda. Hæstv. sjútvmrh. svaraði því til, að þeir hefðu ekki þann verkfallsrétt. Hæstv. forsrh. tók þetta nokkuð öðrum tökum, taldi, að þeir

mundu hafa sama rétt og þeir hásetar, undirmenn, sem þegar hefðu samið. En þá liggur nú beint við að spyrja, hvort litið sé svo á, að undirmenn hafi nú samið á þann veg, að þeir geri ekki ráð fyrir því, að vísitala komi á þeirra kaup, nema því aðeins að einhverjir aðrir verði til þess að ná því fram og þeir geti síðan fengið það sjálfkrafa á eftir. Ég vil minna á það, að í fyrravetur, fyrir 11 mánuðum, var gerður sérstakur samningur varðandi verðtryggingu launa, eftir að þau ákvæði höfðu verið numin úr lögum með gengisfellingunni í nóv. 1967. Þetta var sérstakur samningur, sem sjómannasamtökin, eins og önnur verkalýðsfélög, stóðu að. Ég hygg, að það séu ekki mörg verkalýðsfélög, sem hafa fellt þetta samkomulag inn í sína samninga. Ég er alveg viss um, að þetta hefur ekki verið inni í almennum samningum, t. d. samningum Sjómannafélags Reykjavíkur eða annarra slíkra félaga, sem nú voru endurnýjaðir. Hér var um alveg sérstakan samning að ræða. Vegna mjög óljósra svara, sem eru gefin við þessu, tel ég, að það sé býsna þýðingarmikið að fá að vita, hvort hér er raunverulega um það að ræða, að með þessu frv., ef að lögum verður, séu þessi verkalýðsfélög, sem við ræðum nú, svipt verkfallsréttinum einnig hvað þessa sérstöku samninga snertir, sem ég tel óháða þeim samningum, sem hér er verið að lögfesta. Í þessu sambandi væri fróðlegt að vita a. m. k. fyrir mig og ég hygg, að fleiri teldu svo vera, hvað hv. 10. þm. Reykv., ritari Sjómannafélags Reykjavíkur, segir um þetta efni. Er það skoðun hans og er það skoðun forustumanna Sjómannafélags Reykjavíkur, að t. d. það félag og önnur, sem nú sömdu, hafi bundið svo hendur sínar með þessum samningum, að þau geti ekki beitt samtökum sínum til að fá fram verðtryggingu á kaup á ný? Ég mundi nú gjarnan óska eftir, að þessu yrði svarað á heldur gleggri hátt en hingað til hefur verið gert.

Tómas Árnason: Herra forseti. Það er ekki ætlun mín að lengja þessar umr. mikið með langri ræðu, en vissulega væri ástæða til þess að ræða ýmsa þætti, sem snerta sjávarútveginn og þróun í íslenzkum sjávarútvegi á undanförnum misserum. Það væri t. d. ástæða til þess og dálítið freistandi að ræða um þá möguleika, sem menn eygja nú helzta í sambandi við sjávarútveginn og sem mundu auðvelda sjávarútveginum að komast hjá stórátökum eins og þeim, sem nú er sennilega að ljúka. Hér á ég einkum við þá auknu möguleika, sem menn hafa komið auga á nú upp á síðkastið, sérstaklega í sambandi við frystihúsin og fiskiðnaðinn. Það mætti kannske segja það með fullum rétti, að í raun og veru væri eina stóriðjan, sem Íslendingar gætu sjálfir komið á, einmitt í fiskiðnaðinum. Þar höfum við hráefnið, þar höfum við kunnáttuna og þó nokkra reynslu, og það er ástæða til að búast við auknum markaði á þessu sviði. Það væri raunar ástæða til þess að ríkisstj. hefði forustu um að setja upp „prógramm", sem væri fólgið í því að endurskipuleggja hraðfrystihúsin og hraðfrystiiðnaðinn í landinu, með tilliti til þess að hefja stóraukna fiskvinnslu á því sviði og miða alveg sérstaklega að því að auka í stórum mæli neytendapakkningaframleiðslu með það fyrir augum að hagnýta mjög svo vaxandi markaði í Bandaríkjunum. Það væri einnig freistandi í raun og veru í sambandi við þetta mál að ræða almennt um efnahagsmálin. En hvort tveggja er, að það hefur verið um það samið, að hindra ekki svo mjög fljóta afgreiðslu þessa máls og svo hitt, að fyrir dyrum standa umr. um atvinnumál og þá væntanlega efnahagsmál í því sambandi.

Auðvitað er margt, sem snertir almennt þetta mál eins og t. d. yfirlýsingar, sem ríkisstj. hefur gefið í sambandi við efnahagsráðstafanirnar, sem gerðar voru á s. l. hausti. Á ég þar sérstaklega við ræðu, sem hæstv. sjútvmrh. flutti á aðalfundi Landssambands ísl. útvegsmanna í desembermánuði s. l. Án þess að ég vilji gera þá ræðu að umræðuefni, nema að mjög litlu leyti, þá er ástæða til þess að ætla, að við slíkt tækifæri tali hæstv. sjútvmrh. fyrir munn ríkisstj., þegar hann mætir með undirbúna ræðu hjá samtökum eins og Landssambandi ísl. útvegsmanna. Á einum stað í þessari ræðu segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Með þeim lagafrv., sem ríkisstj. hefur nú lagt fyrir Alþ. um öruggari rekstrargrundvöll íslenzks sjávarútvegs, er gerð tilraun til að tryggja sem mesta atvinnu. Takist þetta ekki, mun verða nauðsynlegt að efna til nýrra alþingiskosninga og láta á það reyna, hvort fyrir hendi er með þjóðinni þingræðislegur meiri hl. fyrir þeirri stefnu, sem haldið hefur verið, eða nýrri stefnu, sem enn liggur ekki ljós fyrir. Um þessi atriði munu næstu vikur og mánuðir skera úr. Núv. ríkisstj. hefur lagt fram sínar till., svo sem henni bar skylda til. Eftir er að sjá þær í raunhæfri framkvæmd."

Það, sem við höfum verið áhorfendur að undanfarnar vikur, er fyrsti áfanginn í raunhæfri framkvæmd þeirrar viðtæku till. og lagasetningar, sem hæstv. ríkisstj. beitti sér fyrir á s. l. hausti. Við höfum séð vaxandi atvinnuleysi í landinu, sem að vísu nú upp á síðkastið á m. a. rót sína að rekja til sjómannaverkfallsins, en ég er þó sannfærður um, að það muni koma á daginn, þegar sjómannaverkfallið hefur verið leyst, að um verður að ræða sums staðar á landinu verulegt atvinnuleysi og e. t. v. vaxandi. Við höfum enn fremur horft á mjög alvarlega vinnudeilu, sjómannaverkfallið, sem sennilega er nú að ljúka. Þó er það svo, að sums staðar á landinu er ólokið samningum t. d. við háseta, eins og t. d. á Austfjörðum, í Keflavík og e. t. v. víðar. Það er t. d. deilt um eitt atriði, sem mér er kunnugt um, að ekki hefur náðst samkomulag um, og það er það, að hásetar krefjast sérþóknunar fyrir aðgerð um borð í skipunum. Þó er sennilegra, að deilan muni leysast með lögfestingu þessa frv., sem hér er til umr.

Ef litið er yfir helztu drættina af því, sem skeð hefur á undanförnum vikum og mánuðum, þá má minna á það, að á s. l. hausti efndi ríkisstj. til viðræðna allra stjórnmálaflokka um efnahagsmálin. Margir töldu þá, að samstarf á breiðari grundvelli en nú er væri hugsanlegt. Vissulega hefði þá verið þörf á víðtækari samstöðu um nauðsynlegar aðgerðir í efnahagsmálum, en í stað þess völdu stjórnarflokkarnir hina gamalreyndu viðreisnarstefnu, og vildu með engu móti breyta til, þrátt fyrir reynslu liðinna ára. Það var ástæða til að óttast bæði atvinnuleysi og stórátök um kaup og kjör, þegar hér var komið sögu. Því miður hefur hvort tveggja skeð, að verulegt atvinnuleysi hefur ríkt um allt land og, eins og ég sagði áður, virðist það fara vaxandi. Enn fremur hefur staðið yfir verkfall sjómanna um mánaðarskeið,

og enginn veit nú, hvað kann að gerast um næstu mánaðamót eða á næstu vikum.

Við erum margir þeirrar skoðunar, að þráseta ríkisstj. eigi mikinn þátt í því upplausnarástandi, sem er að skapast með þjóðinni. Hún virðist ekki vera þess umkomin að veita málefnum þjóðarinnar þá forustu, sem nauðsyn ber til. Hins vegar heldur ríkisstj. um völdin jötungripi, þótt ekki verði sagt það sama um tök hennar á efnahags- og atvinnumálum.

Sjómannadeilunni var vísað til sáttasemjara eða sáttameðferðar snemma í janúar, en það var ekki fyrr en 12. febr. sem sáttasemjari treysti sér til að leggja fram miðlunartill. Þetta varpar í raun og veru nokkru ljósi á þá sjálfheldu, sem sjávarútvegurinn virðist vera kominn í. Það hefur hallað undan fæti hjá sjávarútveginum, og það er ekki eingöngu um að kenna versnandi afla og lækkandi verði. Það er einnig um að kenna forustuleysi ríkisstj. og fyrirhyggjuleysi, sérstaklega að því er varðar þann þátt sjávarútvegsins, sem menn byggja nú mestar vonir á, þ. e. a. s. hraðfrystiiðnaðinn og bolfiskveiðarnar. Efnahagsráðstafanir ríkisstj. ásamt almennri stefnu í efnahags- og atvinnumálum eiga raunar mikinn þátt í því, hvernig komið er. En nú standa menn frammi fyrir ákveðnum gerðum hlutum, og þjóðin býr nú raunverulega við neyðarástand. Það er rétt. Ríkisstj. hefur gripið til þess að fórna minni hagsmunum fyrir meiri hagsmuni. Í raun og veru beitir hún neyðarrétti gegn afleiðingum sinnar eigin stefnu. Með hliðsjón af því hve alvarlegt ástandið er teljum við framsóknarmenn rétt að leggja ekki stein í götu þessa frv. Vitanlega verður frv. samþ. Það er vitað mál. En við viljum jafnframt undirstrika andstöðu okkar við efnahagsmálastefnu ríkisstj. með því að láta hana bera alla ábyrgð á meðferð málsins frá upphafi til enda.

Eins og ég sagði áður, vil ég ekki við þetta tækifæri ræða ýtarlegar um ýmsa þætti, sem snerta þó málið mjög. Það er ekki tími né tækifæri til þess, en ég vonast til þess, að umr. um atvinnumál og efnahagsmál verði látnar fara fram fyrr en síðar.

Pétur Sigurðsson: Herra forseti. Hv. 2. landsk. þm. beindi fsp. til mín í síðustu ræðu sinni. Nú skal ég viðurkenna það, að ég hef ekki orðalag á þeim samningum hjá mér, sem gerðir voru af Sjómannafélagi Reykjavíkur og samþykktir voru fyrir skömmu um bátakjörin, en ég þykist mega fullyrða það, að það hafi ekki verið sleppt niður neinum þeim ákvæðum varðandi vísitöluna í þessum nýju samningum. Þau ákvæði voru fyrir hendi, og með hliðsjón af því, að Sjómannafélag Reykjavíkur er eitt af aðildarfélögum Alþýðusambandsins, og það mál er ekki enn komið á dagskrá, þá þykist ég mega fullyrða það, að bæði varðandi bátasjómenn og reyndar einnig hvað varðar farmenn og togarasjómenn mun Sjómannafélag Reykjavíkur eiga aðild að Alþýðusambandinu í þeim umr., sem fara að hefjast um það mál.

Ég er einn af þeim stuðningsmönnum stjórnarinnar, sem hef gengizt undir það við þessa og aðrar umr. um þetta mál, að tefja ekki málið með því að ræða það efnislega. Ég mun standa við það. Það mun gefast tækifæri til þess síðar í vikunni að ræða þetta og önnur vandamál sem steðja að þjóðfélaginu efnislega, og þá mun ég ræða frekar um þetta mál. Ég vil hins vegar taka það fram, að það eru, eins og reyndar hæstv. sjútvmrh. tók fram í einni ræðu sinni hér í kvöld, vissulega ekki létt spor fyrir marga, sem þurfa að greiða þessu frv. atkv., og hefði vissulega verið miklu æskilegra, að lausn hefði fengizt á málinu með frjálsum samningum. Hins vegar virðist öllum þeim, sem bezt til þekkja, bera saman um það, að málið sé komið í þann hnút, að á þann hnút verði að skera, og þess vegna mun ég fylgja framgangi frv. og greiða því atkv.

Eðvarð Sigurðsson: Herra forseti. Ég þakka yfirlýsingu þessa hv. 10. þm. Reykv. Ég er honum sammála. Ég álít, að Sjómannafélag Reykjavíkur og önnur sjómannasamtök hafi engan veginn samið af sér þann rétt, sem þau eiga, eins og önnur félög, til þess að berjast fyrir því, að verðtrygging kaups verði tekin upp að nýju. Þá hlýtur líka að leiða af því, að ef þessi félög eiga þennan rétt, eiga líka þau félög, sem nú er verið að lögbinda hér, sama rétt, vegna þess að það eru sömu samningar, sem er verið að lögbinda á þau, og samkv. yfirlýsingu forsrh. einmitt, að þessi félög muni eiga sama rétt og þau, sem sömdu. Þá sem sagt stenzt ekki sú yfirlýsing, sem hér var gefin fyrr, að þau hafi ekki þennan rétt, og ef þessari skoðun minni verður ekki mótmælt, tel ég, að þögn sé sama og samþykki.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 19:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SvJ, BGr, BK, BBen, BGuðm, BrS, EmJ, FÞ, GuðlG, GÞG, IngJ, JóhH, JP, MB, MÁM, PJ, PS, SI, SB.

nei: EðS, GeirG, LJós, MK, SP.

TÁ, ÞÞ, ÁÞ, BP, EystJ, HS, HV, IG, JSk, SE, SV, greiddu ekki atkv.

5 þm. (BF, JJ, GunnG, JónasÁ, SkG) fjarstaddir.

2.—4. gr. samþ. með 19:5 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 19:5 atkv.

Á 48. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 21 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 19:5 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 267).

---

17. Fyrirmæli Öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna.

Á 6. fundi í Sþ., 30. okt., var útbýtt:

Frv. til l. um framkvæmd fyrirmæla öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna [39. mál] (stjfrv., A. 39).

Á 8. fundi í Ed., 31. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Utanrrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Sameinuðu þjóðirnar hafa við ýmis vandamál að glíma í fram-

kvæmd sinna mála og sinna áhugamála, og eitt af þeim og kannske eitt af þeim stærri er það, hversu litla möguleika þessi samtök hafa til að fylgja eftir þeim samþykktum, sem gerðar eru. Þessi samtök hafa enga möguleika til þess að beita valdi á neinn hátt, hernaðarvaldi, enda ekki til þess ætlazt, að það sé gert, því að ágreiningsmál á að leysa þar með friðsamlegum hætti, ef upp kunna að koma, en það reynist oft ærið vandasamt að gera þetta á þann hátt, og þá er ekki eiginlega um nema eitt ráð að ræða til þess að koma ályktunum í framkvæmd, ef ekki er hægt að gera það öðruvísi, og það er að beita refsiaðgerðum með einhverjum hætti. Til þessara aðgerða er þó mjög sjaldan gripið, og ég ætla, að það hafi ekki verið gert nema einu sinni, þegar 1966 var ákveðið af Öryggisráðinu að beita þessum *aðgerðum gegn Suður-Rhodesíu vegna þeirrar hættu*, sem þar vofði yfir af valdmisbeitingu, vil ég segja, minni hluta þjóðarinnar, hvítu mannanna, gegn þeim þeldökku.

Þegar Öryggisráðið samþykkir slíka ákvörðun, er það skylda allra aðildarríkjanna að fylgja þeim, eins og fyrir er lagt í samþykktum Öryggisráðsins. Þessi ákvörðun 1966 um að beita þessari aðferð gegn Suður-Rhodesíu felur í sér, að meðlimaþjóðunum er bannað að kaupa vissar vörutegundir á einn eða annan hátt, og í öðru lagi að flytja þangað vörur, sem nánar eru tilgreindar í þessari samþykkt. Þessar ráðstafanir voru Íslendingar náttúrlega skyldir til þess að framkvæma, eins og aðrar aðildarþjóðir Sameinuðu þjóðanna, en svo vel vildi til, vil ég segja, að engin af þessum vörutegundum hefur undir venjulegum kringumstæðum verið flutt frá Suður-Rhodesíu til Íslands og ekki heldur hafa þær vörutegundir, sem bannaður er á innflutningur þangað, verið fluttar frá okkur til þeirra, þannig að í þessu tilfelli var þetta ákaflega auðvelt fyrir okkur. Þó kom fyrir einu sinni, að við vorum grunaðir um flutning þangað, en sem betur fór reyndist það ekki á rökum reist, en þessi hætta er alltaf yfirvofandi, að einstaklingar annist þessar fyrirgreiðslur, ef ekki eru ákvæði til, sem beinlínis geta komið í veg fyrir það.

Þess vegna er þetta frv., sem hér liggur fyrir, lagt fram, en í því er heimilað, að ríkisstj. geri þær ráðstafanir, sem nauðsynlegar kunna að vera, til þess að framfylgja þessum ákvörðunum Öryggisráðsins. Því þó að þetta hafi ekki komið fyrir nema í þetta skipti, getur alltaf komið fyrir, að það verði gert aftur og þá verði fyrir hendi kannske kringumstæður, sem erfiðara er fyrir okkur að framfylgja þessum ákvörðunum í sambandi við, nema því aðeins að í lögum sé heimild handa ríkisstj. til þess að gera þær ráðstafanir, sem þarf í því skyni. Þessar ráðstafanir eða heimild til ráðstafana fyrir ríkisstjórnirnar hafa verið samþykktar í nokkrum af Norðurlöndunum og eru í bígerð hjá öðrum, þannig að það er farið hér að fordæmi hinna Norðurlandaþjóðanna.

Ég held ekki, að um þetta þurfi að hafa mörg fleiri orð. Málið er ákaflega einfalt, og í þessu felst ekkert annað en það að heimila ríkisstj. að gera þær ráðstafanir, sem þarf, til þess að geta uppfyllt þau fyrirmæli vildi ég segja, sem Öryggisráð Sameinuðu þjóðanna samþykkir í þessu sambandi.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til allshn. með 17 shlj. atkv.

Á 14. fundi í Ed., 14. nóv., var frv. tekið til 2. umr. (A. 39, n. 61).

Frsm. (Pétur Benediktsson): Herra forseti. Það þarf víst ekki að hafa mörg orð um þetta frv. um framkvæmd fyrirmæla Öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna. Það liggur ljóst fyrir í aths. við frv., að með aðildinni að Sameinuðu þjóðunum hefur Ísland tekið á sig ýmislegar skuldbindingar og að nauðsynlegt er, sérstaklega í sambandi við 41. gr. sáttmálans, sbr. og 39. gr., að hafa lagaheimild tiltæka til þess að ríkisstj. hafi stjórnlagalega heimild til að framkvæma þær skyldur, sem hún hefur þjóðréttarlega tekið á sig með undirskrift sáttmálans. Það liggur í augum uppi, að þarna verður ekki bæði sleppt og haldið, og fyrst við erum skuldbundnir af þjóðarétti til þessara framkvæmda, verður ríkisstj. Íslands að hafa heimild í l. til að gera það, sem gera þarf, en að sjálfsögðu er það hennar túlkun, sem þarna kemur til greina um það, hver sé rétt framkvæmd, svo að ég held, að hér sé ekki nein stórhætta á ferðum fyrir Ísland, það lendi varla í neinum sérstökum vandræðum á alþjóðavettvangi fyrir samþykkt þessara laga.

Ég leyfi mér að mæla með því, að frv. verði samþ. við þessa umr. og vísað til 3. umr.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
2.—4. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Á 16. fundi í Ed., 19. nóv., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 16 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 17. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á 18. fundi í Nd., 25. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Utanrrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Þetta frv. er komið frá hv. Ed., þar sem ég ætla, að það hafi verið samþ. samhljóða. Eins og kunnugt er, hafa Sameinuðu þjóðirnar mjög takmarkaða getu til þess að fylgja eftir till. þeim, sem þar eru samþykktar. En einn möguleikinn til þess að gera þetta er sá að samþykkja refsiaðgerðir á þá, sem ekki vilja hlíta þessum samþykktum. Það er nú ekki oft, sem þetta kemur fyrir, og er raunar í fyrsta sinn framkvæmt fyrir tveimur árum, þegar Öryggisráðið samþykkti, að þessum refsiaðgerðum skyldi beitt gagnvart Suður-Rhodesíu vegna þess ástands, sem þar hafði skapazt. Öryggisráðið gerir sam-

þykkt um þessar refsiaðgerðir, og þær eru skuldbindandi fyrir öll aðildarríki samtakanna. Hins vegar er ekki hægt á þeim vettvangi að samþykkja fyrirmæli til einstaklinga í aðildarlöndunum, heldur verður viðkomandi ríki að sjá um, að einstaklingarnir hlíti þeim fyrirmælum, sem Öryggisráðið samþykkti.

Efni þessa frv. er að heimila ríkisstj. að gera þær ráðstafanir, sem nauðsynlegar kunna að vera til þess að framfylgja þeim ákvörðunum, sem Öryggisráðið tekur í þessu sambandi, og gera ríkisstj. hér kleift að gefa út fyrirmæli til allra einstaklinga þjóðarinnar um það að hlíta þessum fyrirmælum. Þessar refsiaðgerðir eru venjulega á þann hátt, að það er sett viðskiptabann á það ríki, sem um er að ræða, annaðhvort takmarkað eða algert. Í þessu tilfelli hefur það verið takmarkað, þannig að ákveðnar vörur er bannað að kaupa frá þessu landi og eins bannað að flytja þangað aðrar tilteknar vörur.

Ég þarf ekki að útskýra þetta nánar. Þetta er mjög einfalt mál. Í hv. Ed. var þessu frv. vísað til hv. allshn., og ég vil leyfa mér, herra forseti, að leggja til, að þessu frv. verði hér einnig vísað til þeirrar nefndar.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 27 shlj. atkv. og til allshn. með 27 shlj. atkv.

Á 45. fundi í Nd., 17. febr., var frv. tekið til 2. umr. (A. 39, n. 254).

Frsm. (Bragi Sigurjónsson): Herra forseti. Allshn. Nd. tók fyrir á fundi sínum 12. febr. s. l. frv. til l. um framkvæmd fyrirmæla Öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna, en það frv. hafði áður gengið í gegnum Ed. og verið samþ. þar óbreytt. Allshn. Nd. var sammála um það að leggja til, að frv. yrði samþ. í d. óbreytt. Nefndarmenn voru allir viðstaddir á fundinum nema einn, Jónas Jónsson, varaþm. Gísla Guðmundssonar. Sem sagt, allshn. Nd. leggur til, að frv. verði samþ. óbreytt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
2.—4. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 23 shlj. atkv.

Á 49. fundi í Nd., 18. febr., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 22 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 271).

---

18. Gjaldaviðauki.

Á 28. fundi í Sþ., 12. febr., var útbýtt:
Frv. til l. um innheimtu ýmissa gjalda með viðauka [137. mál] (stjfrv., A. 250).

Á 42. fundi í Ed., 13. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Frv. það, sem hér liggur fyrir, er þess efnis að veita ríkisstj. heimild til að innheimta á yfirstandandi ári tiltekin gjöld með sömu viðaukum og gilt hafa um margra ára bil. Því miður er þetta frv. nokkuð seint á ferðinni, þess vegna skiptir miklu máli, að það geti fengið hraða meðferð hér í hv. deild. Það hefur aldrei verið neinn ágreiningur um það á undanförnum árum, og vil ég vona, að svo verði einnig nú, þar sem er ekki um neinar breyt. á l. að ræða. Ég sé því ekki ástæðu til, herra forseti, þar sem málið er efnislega mjög kunnugt hv. dm., að hafa um það fleiri orð, en legg til, að frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. fjhn., og vildi jafnframt beina þeirri ósk til hv. fjhn., að hún hraðaði afgreiðslu málsins eins og henni væri frekast kostur.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til fjhn. með 14 shlj. atkv.

Á 48. fundi í Ed., 20. febr., var frv. tekið til 2. umr. (A. 250, n. 269).

Frsm. (Ólafur Björnsson): Herra forseti. Samkv. frv. því, sem hér liggur fyrir, er farið fram á heimild til handa hæstv. ríkisstj. til þess að innheimta þau gjöld, sem nánar eru tiltekin í frv., með viðauka, en sams konar frv. hefur verið samþ. frá ári til árs á undanförnum þingum. Það er ekki um að ræða neina breyt. á þessum gjöldum frá því, sem verið hefur, enda ekki ágreiningur um málið undanfarin ár, og eins og nál. fjhn. á þskj. 269 ber með sér, mælir n. eða þeir nm., sem viðstaddir voru á þeim fundi, þegar málið var afgr., einróma með því, að það verði samþ. óbreytt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

Á 49. fundi í Ed., s. d. var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. – Afbrigði leyfð og samþ. með 17 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 18 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 50. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á 51. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá 3. umr. í Ed. — Afbrigði leyfð og samþ. með 21 shlj. atkv.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Frv. þetta er til framlengingar á heimildum til gjaldaviðauka, sem samþ. hafa verið hér á hinu háa Alþ. um langt árabil.

Hér er ekki um neinar breyt. að ræða frá þeim gjaldaviðaukum, sem innheimtir hafa verið á undanförnum árum, og frv. þetta hefur um langa hríð verið samþ. ágreiningslaust hér á Alþ. Ég sé því ekki ástæðu til þess að orðlengja frekar um málið, en legg til, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. fjhn. (Gripið fram í.) Ég veit ekki, hvort ég má fara fram á að taka aftur till. mína og fara þess á leit við hv. d., að málið verði afgr. án n. Ég mun að sjálfsögðu ekki halda því til streitu, en það væri þægilegra á margan hátt. Raunverulega átti þetta mál að vera afgr. fyrir áramót, en hafði verið utanveltu með einhverjum hætti. Eins og ég sagði, þá hefur það jafnan verið afgr. ágreiningslaust. Það var afgr. í Ed. frá n. samhljóða á mjög skömmum tíma, raunar nánast formsatriði, þannig að mér er náttúrlega þökk í því, ef hv. þdm. vildu fallast á það að afgreiða málið héðan í dag.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv.

Á 52. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 2. umr.
Of skammt var liðið frá 1. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 27 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 27 shlj. atkv.

Á 53. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 28 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 28 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 279).

---

19. Hækkun á bótum almannatrygginga.

Á 41. fundi í Ed., 11. febr., var útbýtt:
Frv. til l. um hækkun á bótum almannatrygginga [135. mál] (stjfrv., A. 248).

Á 42. fundi í Ed., 13. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Félmrh. (Eggert G. Þorsteinsson): Herra forseti. Frv. það, sem hér er til umræðu, um hækkun á bótum almannatrygginga, er sennilega hv. þm. þegar nokkuð kunnugt af blaðaskrifum, sem um það hafa verið, eiginlega frá því um síðustu áramót. Í sambandi við gengisbreyt. í nóvember s. l. þá lýsti ríkisstj. því yfir, að hún mundi beita sér fyrir hækkun á bótum almannatrygginga um a. m. k. 150 millj. kr. Frv. það um hækkun á bótum almannatrygginga, sem er hér til umræðu, er því flutt í samræmi við þessa yfirlýsingu ríkisstj. Með frv. þessu er lagt til, að fjölskyldubætur verði hækkaðar um 10%. Fjölskyldubætur eru nú greiddar með hverju barni, samtals 3.961 kr. á ári, en hækka samkvæmt frv. um 395 kr. og verða því frá 1. jan. s. l., ef frv. nær samþykki, 4.356 kr. á ári. Fæðingarstyrkur hækkar í kr. 10.200, eða um ca. 33%. Lagt er til, að aðrar bætur hækki um 17%. Sem dæmi má nefna ellilífeyri til einstaklinga, sem verið hefur 36.786 kr. á ári, samkv. frv. hækkar hann um 6.258 kr. og verður því 43.044 kr. á ári frá 1. jan. s. l. að telja. Í sambandi við þá miklu hækkun, sem ákveðin var á daggjöldum sjúkrahúsa, hækkaði legukostnaður á fæðingardeild Landspítalans og Fæðingarheimili Reykjavíkurborgar allverulega. Til að bæta fæðandi konum þessa miklu hækkun, er lagt til í frv., að fæðingarstyrkurinn hækki svo sem áður er getið og að sjúkrasamlög greiði legudaga, sem verða umfram 7. Samkvæmt núgildandi l. greiða sjúkrasamlög aðeins þá legudaga, sem verða umfram 9.

Með frv. er lagt til, að ákvæði þessi gildi frá 1. jan. s. l., eins og hin fyrri ákvæði. Ef frv. verður að l., verður staða sængurkvenna gagnvart nefndum stofnunum í Reykjavík ekki lakari en hún hefur til þessa verið. Í fjárl. þessa árs var gert ráð fyrir 90 millj. kr. hækkun á framlagi ríkissjóðs til almannatrygginganna til þess að mæta fyrirhuguðum hækkunum á bótum. Fjölskyldubætur höfðu verið áætlaðar 292 millj. kr. á þessu ári, en þær eru greiddar að fullu af framlagi ríkissjóðs til tryggginganna. Af áðurnefndum 90 millj. kr. fara því 29.2 millj. kr. til greiðslu á hækkun fjölskyldubóta. Gert er ráð fyrir því, að aðrir aðilar, sem bera uppi tryggingarnar, þ. e. hinir tryggðu, sveitarfélög og atvinnurekendur, leggi á móti þeim 60.8 millj. kr., sem ríkissjóður leggur fram, í sömu hlutföllum og ákveðin eru í 23. gr. laga nr. 40 frá 1963 um almannatryggingar. Á þennan hátt hækka bæturnar samtals um 198.1 millj. kr., eða allmiklu meira en gert var ráð fyrir í áðurnefndri yfirlýsingu ríkisstj. Þegar iðgjöld hinna tryggðu og atvinnurekenda voru ákveðin með reglugerð lögum skv. um s. l. áramót, var gert ráð fyrir hækkun iðgjaldanna í samræmi við þær hækkanir bóta, sem frv. þetta gerir ráð fyrir. Hjónaiðgjöld hækka úr 4.730 kr. í 5.500, iðgjöld karla úr 4.300 kr., eins og þau eru nú, og í 5.000 kr., iðgjöld kvenna úr 3.225 kr. í 3.750 kr., iðgjöld atvinnurekenda, sem voru kr. 40 fyrir hverja vinnuviku, hækka í 48 kr. fyrir vinnuvikuna.

Í 3. gr. frv. er gert ráð fyrir því, að bótahækkanir fyrir mánuðina jan. og febr. verði greiddar með bótagreiðslunni í marzmánuði á þessu ári. Ég vil því leggja áherzlu á, að meðferð frv. verði hraðað svo sem kostur er í n., svo að unnt sé að greiða bótahækkanir fyrir jan. og febr. með bótagreiðslum marzmánaðar, eins og frv. gerir ráð fyrir.

Herra forseti. Ég tel ekki þurfa að hafa um frv. fleiri orð, en legg til, að því verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. heilbr.- og félmn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 16 shlj. atkv.

Á 50. fundi í Ed., 24. febr., var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 51. fundi í Ed., 25. febr., var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 248, n. 276).

Frsm. (Jón Þorsteinsson): Herra forseti. Meginefni þessa frv. til l. um hækkun á bótum almannatrygginga er það, að frá 1. jan. 1969 skuli fjölskyldubætur hækka um 10% frá því, sem þær voru á árinu 1968, fæðingarstyrkur skuli hækka í 10.200 kr. og aðrar bætur samkv. almannatryggingarl. skuli, eftir því sem við getur átt, hækka um 17% frá sama tíma.

Ég tel að öðru leyti ekki frekari þörf á að rekja efni þessa frv., þar sem hæstv. félmrh. gerði grein fyrir þessu við 1. umr. málsins.

Þessu frv. var vísað til heilbr.- og félmn., og varð n. sammála um að mæla með samþykkt þess, en þrír nm. áskildu sér þó rétt til þess að flytja brtt. við frv., eða fylgja brtt., er fram kynnu að koma, svo sem þessi fyrirvari þeirra kemur fram í nál.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.

2.—4. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Á 52. fundi í Ed., 27. febr., var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 15 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 57. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.

Á 58. fundi í Nd., 3. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Félmrh. (Eggert G. Þorsteinsson): Herra forseti. Frv. þetta hefur verið afgr. frá hv. Ed. Alþ. einróma með shlj. atkv. þaðan. Ég vildi geta þess þegar, að ég legg á það áherzlu við þá n., sem málið fær hér til meðferðar, að hún hraði afgreiðslu þess svo sem kostur er, vegna þess að ekki má lengur dragast, að farið sé að framkvæma þau ákvæði laganna um greiðslu bóta samkvæmt þeim, ef meirihlutafylgi er til fyrir frv.

Í sambandi við gengisbreytinguna í nóv. s. l. lýsti ríkisstj. því yfir, að hún mundi beita sér fyrir hækkun á bótum almannatrygginga um a. m. k. samtals 150 millj. kr. Frv. það um hækkun á bótum almannatrygginga, sem hér liggur fyrir, er flutt í samræmi við þessa yfirlýsingu ríkisstj. Með frv. þessu er lagt til, að fjölskyldubætur verði hækkaðar um 10%. Fjölskyldubætur eru nú greiddar með hverju barni, samtals 3.961 kr. á ári, en hækka samkvæmt frv. þessu um 395 kr. og verða því frá 1. jan. s. l. 4.356 kr. á ári. Fæðingarstyrkur hækkar í kr 10.200 eða um ca. 33%. Lagt er til, að aðrar bætur hækki um 17%. Sem dæmi má nefna ellilífeyri til einstaklings, sem verið hefur um 36786 kr. á ári, en samkvæmt frv. hækkar hann um 6258 kr. og verður því 43048 kr. á ári frá 1. jan. s. l. að telja. Í sambandi við þá miklu hækkun, sem ákveðin var á daggjöldum sjúkrahúsa, hækkaði legukostnaður á fæðingardeild Landsspítalans og Fæðingarheimili Reykjavíkurborgar allverulega. Til þess að bæta fæðandi konum þessa miklu hækkun er lagt til í frv., að fæðingarstyrkurinn hækki svo sem áður er getið og að sjúkrasamlög greiði legudaga, sem verða umfram 7. Skv. núgildandi lögum greiða sjúkrasamlög aðeins legudaga, sem verða umfram 9. Með frv. er lagt til, að ákvæði þessi gildi frá 1. jan. s. l. Ef frv. verður að l., verður staða sængurkvenna gagnvart nefndum stofnunum í Reykjavík ekki lakari en hún hefur verið hingað til.

Í fjárl. þessa árs var gert ráð fyrir 90 millj. kr. hækkun á framlagi ríkissjóðs til almannatrygginga til þess að mæta fyrirhuguðum hækkunum á bótum, sem frv. þetta gerir ráð fyrir. Fjölskyldubætur höfðu verið áætlaðar 292 millj. kr. á þessu ári, en þær eru greiddar að fullu af framlagi ríkissjóðs til tryggginganna. Af áðurnefndum 90 millj. kr. fara því 29,2 millj. til greiðslu á hækkunum á fjölskyldubótum. Gert er ráð fyrir því, að aðrir aðilar, sem bera uppi tryggingarnar, nefnilega hinir tryggðu, sveitarfélög og atvinnurekendur leggi á móti þeim 60.8 millj. kr., sem ríkissjóður leggur fram, í sömu hlutföllum og ákveðin eru í 23. gr. l. nr. 40 frá 1963, um almannatryggingar. Á þennan hátt hækka bæturnar samtals um 198.1 millj. kr. eða allmiklu meira en ráð var fyrir gert í áðurnefndri yfirlýsingu ríkisstj. Þegar iðgjöld hinna tryggðu og atvinnurekenda voru í ákveðin með reglugerð l. samkvæmt rétt fyrir s. l. áramót, var gert ráð fyrir hækkun iðgjalda í samræmi við þær hækkanir bóta, sem frv. þetta gerir ráð fyrir. Hjónaiðgjöld hækka úr 4.730 kr. í 5.500 kr., iðgjöld karla úr 4.300 kr. í 5.000 kr., iðgjöld kvenna úr 3.225 kr. í 3.750 kr., iðgjöld atvinnurekenda, sem voru 40 kr. fyrir hverja vinnuviku, hækka í 48 kr. fyrir hverja vinnuviku.

Í 3. gr. frv. er gert ráð fyrir því, að bótahækkanir fyrir mánuðina jan. og febr. verði greiddar með bótagreiðslum marzmánaðar 1969.

Ég vil ítreka það, sem ég sagði í upphafi, að ég legg áherzlu á, að meðferð frv. verði hraðað svo sem mögulegt er, svo að unnt verði að greiða bótahækkanir fyrir jan. og febr. með bótagreiðslum marzmán., eins og frv. gerir ráð fyrir.

Ég legg til, herra forseti, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. heilbr.- og félmn.

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. Hér eru almannatryggingar á dagskrá, og ég vil nota það tækifæri til þess að bera fram eina fsp. til hæstv. ríkisstj.

Hinn 19. des. 1967 voru samþ. á Alþ. l. um breyt. á l. um almannatryggingar. Í þessum l. voru ákvæði til bráðabirgða, og síðasta málsgreinin í bráðabirgðaákvæðinu hljóðar þannig, með leyfi hæstv. forseta:

„Athuga skal möguleika á að draga úr kostnaði við rekstur Tryggingastofnunar ríkisins með því að semja við banka eða sparisjóði um, að þær stofnanir annist útborganir á bótum frá almannatryggingunum."

Ég vil spyrja hæstv. ráðherra um það, hvað stjórnin hafi gert til þess að framfylgja þessu lagaákvæði. Nú, í s. l. mán., febrúar 1969, var mér sagt, að þá hefði enn engin málaleitun komið til stjórnar Landsbankans frá ríkisstj. þessu viðkomandi. Ef það er þannig, að hæstv. ríkisstj. hafi enn ekkert gert til þess að uppfylla þessi

fyrirmæli Alþ., þá vildi ég leyfa mér að spyrja, hvernig á því stendur eða hvort ríkisstj. hefur ekki í hyggju að framkvæma þetta, eins og l. mæla fyrir um, að athuga þá möguleika, sem þar um ræðir.

Magnús Kjartansson: Herra forseti. Hæstv. félmrh. fór þess á leit við Alþ., að það hraðaði meðferð þessa máls eftir megni. Mér finnst, að hæstv. ráðh. hefði mátt beina slíkum tilmælum til sjálfs sín fyrir alllöngu. Hér er um að ræða hliðarráðstöfun, sem átti að verða samferða gengislækkun þeirri, sem var framkvæmd í nóvembermán. s. l., og auðvitað hefði hæstv. ráðh. verið í lófa lagið að leggja þetta mál fyrir þing, áður en það var sent heim í jólaleyfi, og þá hefði vafalaust ekki staðið á því, að það hefði fengið skjóta afgreiðslu í báðum d. Alþ. Þetta var hins vegar ekki gert, og af því hefur hlotizt margvíslegt óhagræði, t. d. þeir furðulegu atburðir nú í ársbyrjun, að nýjum þegnum var fagnað í heiminn með reikningum á fæðingardeildum hér í borginni. En það hefur einnig hlotizt af þessu annað og mjög alvarlegt óhagræði. Kauplagsnefnd og Hagstofa hafa skýrt svo frá, að þau hafi ekki getað reiknað út vísitölu miðað við verðlag 1. febr. s. l. vegna þess, að ekki hafi verið formlega frá því gengið, hver þau gjöld ættu að verða, sem felast í þessu frv. Vinnubrögð af þessu tagi eru auðvitað ósæmileg með öllu. Jafnvel þótt hæstv. ráðh. kæmi því ekki í verk að leggja þetta frv. fyrir á s. l. ári, þá var honum í lófa lagið að gera það þegar er þing kom saman að loknu jólaleyfi, þá hefði það vafalaust getað fengið skjóta afgreiðslu hér í báðum d. Það hefur hins vegar staðið ótrúlega lengi við í Ed., og sú grunsemd læðist a. m. k. að mér, að hæstv. ríkisstj. hafi ekki haft neinn sérstakan áhuga á því, að málið yrði afgr. það tímanlega, að vitað væri formlega, hver vísitalan væri 1. marz. Afleiðingin af því, að ekki er kunnugt um formlegan útreikning vísitölunnar, er m. a. sú, að málatilbúnaður verkalýðsfélaga og opinberra starfsmanna verður örðugri í þeirri miklu deilu, sem nú stendur yfir um greiðslu vísitölubóta á laun, og það væri satt að segja í samræmi við ýmsar aðrar aðgerðir hæstv. ríkisstj., að hún hefði vitandi vits viljað láta þetta atriði vera óljóst á þessum tímamótum.

Að því er sjálft málið snertir, þá hefur því verið lýst í stjórnarblöðunum og einkanlega í Alþýðublaðinu sem nýju dæmi um það, hversu mjög hæstv. ríkisstj. og einkanlega Alþfl. beri fyrir brjósti hagsmuni aldraðs fólks og annarra viðskiptavina almannatrygginga. En mér finnst þetta frv. vera til marks um allt annað. Þarna er gert ráð fyrir 17% hækkun á ellilífeyri og örorkubótum, og er það reiknað út í samræmi við áætlaða hækkun á meðalvísitölu, en eins og ég hef bent á áður hér í hv. þd., þá hefur verðlagsþróunin verið slík, að einmitt ýmsar nauðþurftarvörur, sem ellilaunafólk notar alveg sérstaklega, hafa hækkað mun meir heldur en meðalhækkun á vísitölunni nemur. Hvers konar matvæli, mjólkurvara, fiskur, kjötmeti, hafa hækkað miklu meira en nemur meðalhækkun á vísitölunni. Þess vegna eru þessar hækkanir, sem verið er að framkvæma á bótum almannatrygginga, ekki meiri en svo, að þær ná aldrei verðlagshækkunum. Þarna er um raunverulega skerðingu að ræða, enda hefur raunin orðið sú á þessum síðasta áratug, að almannatryggingar hafa verið að dragast aftur úr almennri efnahagslegri þróun í þjóðfélaginu. Þetta veit hver maður, og þetta sést t. d. ákaflega vel, þegar bornar eru saman þær bætur, sem hér eru greiddar, og bæturnar í nágrannalöndum okkar. T. d. eru fjölskyldubætur í Danmörku nú 855 danskar kr. með hverju barni, en það eru um 10000 ísl. kr. Hér eiga þessar fjölskyldubætur að verða 4356 kr. eftir hækkunina. Hér er sem sé um að ræða bætur, sem eru meira en helmingi lægri en bæturnar í Danmörku. Hið sama kemur í ljós, þegar athugaður er ellilífeyrir. Ellilífeyrir einstaklings er í Danmörku 601 dönsk kr. á mán., eða u. þ. b. 7000 íslenzkar. En hér verður ellilífeyrir einstaklings 3585 kr. eftir hækkunina, þarna er enn helmingsmunur. Ellilífeyrir hjóna í Danmörku er 905 kr. á mánuði, og þar við bætast 118 kr. á mánuði, ef hjónin hafa ekki neinar aðrar tekjur, og verður þá ellilífeyrir hjóna í Danmörku 1.023 danskar kr. á mán. eða u. þ. b. 12000 ísl. kr. Hér verður ellilífeyrir hjóna 6455 kr. eftir að búið verður að samþykkja þetta frv. Mér finnst það vera ákaflega fróðleg staðreynd, að ellilífeyrir hjóna í Danmörku er nú hærri upphæð en almennar verkamannatekjur á Íslandi, talsvert hærri upphæð en þær tekjur, sem nú er deilt um, hvort eigi að hafa fullar verðbætur. Mér finnst þetta vera staðreynd, sem allir hv. alþm. þurfa að hugleiða mjög og ekki sízt stuðningsmenn núv. ríkisstj.

En það er fleira, sem kemur í ljós í sambandi við þær breyt., sem nú er verið að gera á almannatryggingalögum. Það er ekki aðeins verið að hækka bætur, það er einnig verið að hækka gjöld. Almannatryggingasjóðsgjald hækkar nú um 16.3%. Gjald hjóna hækkar úr 4.730 í 5.500 kr. Sjúkrasamlagsgjöld, sem eru hliðstæð að sínu leyti, hækka um hvorki meira né minna en 36.7%. Gjald hjóna hækkar úr 3.600 kr. í 4.920 kr. Aukin útgjöld hjóna af þessum sökum eru 2.090 kr. á ári. Þegar hækkunin á fjölskyldubótum er borin saman við þetta, þá kemur út ákaflega einkennilegur útreikningur. Hjón með eitt barn á framfæri fá hækkun, sem nemur 396 kr., en þau verða sjálf að auka útgjöld sín um rúmar 2000 kr., eins og ég sagði áðan. Sé haldið áfram að bera saman með vaxandi barnafjölda, þá kemur alltaf út halli fyrir fjölskylduna, þangað til börnin eru orðin 6. Þetta er enn eitt dæmi um það, hvernig verið er að rýra almannatryggingarnar í verki. Enda þótt hér séu við og við alltaf flutt frv. um hækkanir, þá er efnahagsþróunin slík í þjóðfélaginu, að gildi almannatrygginga hefur sífellt verið að skerðast og heldur áfram að skerðast einnig með þessu frv.

Félmrh. (Eggert G. Þorsteinsson): Herra forseti. Hv. 1. þm. Norðurl. v. beindi þeirri fsp. til mín, hvort til framkvæmda hefði komið bráðabirgðaákvæði það, sem sett var inn í tryggingalöggjöfina fyrir s. l. áramót.

Þessu er til að svara, að þetta ákvæði er ekki komið til framkvæmda, en um það mun haft fullt samráð við tryggingaráð, með hvaða hætti þessu ákvæði yrði bezt fullnægt.

Við, sem höfum þær kvaðir á herðum að þurfa að lesa dagblöð bæjarins, höfum fengið af því nokkurn forsmekk, hvert álit Alþbl. hefur á þessu frv., og þó að hv. þm. Magnús Kjartansson, 6. þm. Reykv., hafi tekið að sér að flytja boðskap þessa blaðs hér inn í Alþ. og

hefja þar upp deilur, sem í blöðum hafa verið um þessi mál, þá skal ég ekki verða til þess að viðhalda þeim. Það er öllum ljóst, enda reyndi þm. ekki að bera brigður á það, að þetta frv. hérna væri til stórlegra bóta, þó að hann vildi meina það, að enn hefðum við ekki náð því marki, sem við vildum í sambandi við uppbótaupphæðir. Ég hygg, að við getum allir verið sammála um það, að við vildum, að bætur væru hærri, og samanburður við Norðurlönd í því efni um þetta efni eitt segir okkur enga sögu. Við verðum að vita, hver framfærslukostnaður er þar í landinu, hver laun eru og annað slíkt til að geta haft þar eðlilega viðmiðun. Ekkert slíkt reyndi þm. að draga fram.

Ég vil taka það fram, og það var aðalástæðan til þess, að ég stóð hér upp, að ég vil eindregið mótmæla því, að það sé nokkurt samband hér á milli seinagangs þessa frv. eða meðferðar hv. Ed. á því og útreiknings núverandi kauplagsvísitölu. Þetta er í meira lagi ómaklegt að bera slíkt á borð, því að þarna á milli eru engin tengsl. Ég skal í fáum orðum skýra gang þessa máls: Tryggingaráð útbjó þetta frv. Það var flutt hér á Alþ. daginn eftir að það barst rn. Og það var flutt í Ed. með nákvæmlega sams konar óskum um, að málinu yrði hraðað þar, þannig að ríkisstj. eða ég sem frummælandi þessa máls hef á engan hátt dregið úr hraða þess í þingi. Og ég vona það, að við getum a. m. k. hér í hv. Ed. verið sammála um það, að þetta sé ekki það viðamikið eða flókið mál, að það ætti að þurfa langan tíma til meðferðar, svo auðveld sem einstök atriði þess eru og tvímælalaust til mikilla bóta. Ég skal undir það taka, að ég kysi að geta flutt frv. um langtum hærri bætur og að betur yrðu jöfnuð metin við annaðhvort nágranna okkar í öðrum löndum eða bókstaflega fullnægt brýnni nauðsyn þess, að bæturnar hækki, en til þess þarf fjármuni. Og það hefur hingað til skort töluvert á samvinnu við hv. stjórnarandstæðinga, þegar til þess hefur komið að tryggja framgang mála eins og tryggingafrv.

Magnús Kjartansson: Herra forseti. Ég vil vekja athygli hæstv. félmrh. á því, að það eru lögbrot, að ekki skuli vera búið að birta formlega vísitöluna eins og hún átti að vera miðað við verðlag 1. febrúar, og það hefði verið mjög auðvelt fyrir hæstv. ráðh. að koma þessu máli í gegnum Alþ. á 1–2 dögum. Slíkt gerist mjög oft, ef þingflokkar eru sammála um, að hraða þurfi máli, og ef hæstv. ráðh. hefði lagt á það áherzlu að koma þessu máli gegnum þingið á stuttum tíma, er ég viss um, að um það hefði verið hin bezta samvinna. En þetta ástand, sem núna er, að ekki skuli vera um formlegan vísitöluútreikning að ræða á þessum örlagaríku tímamótum, 1. marz, er auðvitað alger óhæfa, sem ber að víta.

Hæstv. ráðh. taldi, að eitthvað hefði staðið upp á stjórnarandstöðuna um samvinnu um umbætur á tryggingunum. Ég vil skýra hæstv. ráðh. frá því, að sá flokkur, sem ég er fulltrúi fyrir hér á þingi, mun ævinlega vera til samvinnu um umbætur á því kerfi. Hins vegar hvílir mikil ábyrgð sérstaklega á Alþfl., að því er þetta varðar. Hann hefur lýst þessu sem einu aðalmáli sínu, ekki sízt meðan svokölluð viðreisnarstjórn hefur verið við völd, en reynslan hefur orðið sú, að almannatryggingarnar hafa skerzt hlutfallslega í samanburði við aðra þróun efnahagskerfisins. Síðast þegar Alþfl. hafði flokksþing, var lögð á það sérstök áherzla á flokksþinginu, að Alþfl. bæri að taka þessi mál sérstaklega fyrir í samningum um áframhaldandi stjórnarsamvinnu. Og m. a. var flokknum falið að gera viðbót við tryggingakerfi okkar, lífeyrissjóð fyrir alla landsmenn, að skilyrði fyrir áframhaldandi samvinnu um ríkisstj. Það kom í ljós í umr. hér á þingi fyrir skömmu, að í þessu hefur Alþfl. ekkert gert, og ég held, að hæstv. ráðh. ætti að hugleiða þetta ástand af fullu raunsæi og fullri gagnrýni á sín eigin störf.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 29 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 29 shlj. atkv.

Á 59. fundi í Nd., 4. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 248, n. 315).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. – Afbrigði leyfð og samþ. með 25 shlj. atkv.

Frsm. (Bragi Sigurjónsson): Herra forseti. Heilbr.- og félmn. tók frv. þetta til l. um hækkun á bótum almannatrygginga til umræðu á fundi sínum í gær, þegar að loknum þingdeildarfundi, til að verða við óskum félmrh. um að hraða afgreiðslu frv. sem mest, enda svo ráð fyrir gert, að greiðslur samkvæmt því á bótahækkunum skuli koma til framkvæmda í þessum mánuði, en hækkanir gilda frá 1. janúar. Allir nm. voru á fundi þessum nema hv. 4. landsk., Jónas Árnason. N. varð sammála um að leggja til, að frv. yrði samþ. óbreytt, þótt í þeirri ályktun felist að sjálfsögðu ekkert mat á því, hvort lög um almannatryggingar þurfi eða þurfi ekki fleiri breytinga við. Var það samróma álit nm., að óæskilegt væri að taka aðrar hugsanlegar breytingar inn í frv., þar sem slíkt mundi tefja fyrir afgreiðslu þess, sem er aðkallandi vegna útborgana bóta, svo sem fyrr segir. N. mælir þannig einróma með því, að frv. verði samþ. óbreytt.

Geir Gunnarsson: Herra forseti. Áætlað er, að hækkun framfærslukostnaðar af völdum síðustu gengislækkunar muni nema allt að 30%. Frv. það, sem hér liggur fyrir, miðar að því að verja 198.1 millj. kr. til þess að bæta lífeyrisþegum almannatrygginga hækkun framfærslukostnaðar, með aukningu fjölskyldubóta um 10% og hækkun annarra bótagreiðslna um 17%. Að sjálfsögðu duga þessar upphæðir ekki til þess að jafna skerðingu lífeyris vegna hækkana á lífsnauðsynjum, einkum á þetta við um fjölskyldubætur, sem hækka aðeins um 10%, og þess er þar að auki að gæta, að iðgjöld til almannatrygginga hækka verulega í kjölfarið. Enn fremur má telja líklegt, að hækkun framfærslukostnaðar lífeyrisþega verði meiri en útreiknuð meðaltalshækkun í landinu. Fjár til þessara greiðslna er aflað þannig, að ríkissjóður greiðir 90 millj. kr., hinir tryggðu 54.1 millj., sveitarsjóðir 30.4 millj. og atvinnurekendur 23.6 millj., eða samtals 198.1 millj. Þegar um það er að ræða að verja tæplega 200 millj. kr. til þess að viðhalda raungildi tryggingabóta, að svo miklu leyti sem upphæðin dugir til þess í þeirri verðhækkanaöldu, sem nú

ríður yfir landsmenn, þá koma að sjálfsögðu ýmsar leiðir til greina. Þetta mál ber þó þannig að, að erfitt er um vik að haga þessum viðbótargreiðslum á annan hátt en þann, sem lagt er til með frv., og hækka bætur einfaldlega um ákveðinn hundraðshluta án þess að gera aðrar breytingar. Vissulega geta menn þó haft þá skoðun, að réttlátara væri að nota þetta fjármagn með öðrum hætti og á þann veg, sem menn teldu, að betur nýttist til þess að aðstoða þá, sem kjaraskerðingin leikur verst, en í því fælist í raun að endurmeta sjálft tryggingakerfið. Ekki aðeins þá tillögu, sem hér er gerð, um nýtingu tiltekinnar viðbótarfjárhæðir, heldur nýtingu alls þess fjármagns, sem almannatryggingarnar verja til bótagreiðslna. Að mínum dómi verður slíkum endurbótum ekki komið við í sambandi við það frv., sem hér liggur fyrir. Það er þegar komið í eindaga, að Alþ. afgreiði þetta mál og naumast um annað að ræða en að hv. alþm. samþykki það eins og það liggur fyrir, hverja skoðun sem þeir kunna að hafa á því, hvernig þessu fjármagni yrði í rauninni bezt varið.

Ég mun því fylgja þessu frv. og greiða því atkv., enda þótt ég sé, eins og ég ég lýsti yfir í tryggingaráði, þegar það lá þar fyrir, engan veginn á þeirri skoðun, að það fullnægi réttlætinu eins og bezt mætti verða að mínum dómi. Eins og ég áðan gat um, þarf þetta mál að hljóta skjótan framgang, og ég skal því ekki tefja afgreiðslu þess með löngu máli, en ég vil þó ekki láta hjá líða að minnast aðeins á örfá atriði í sambandi við almannatryggingar í heild sinni.

Í löggjöfinni um almannatryggingar hafa nokkuð togast á annars vegar hrein tryggingasjónarmið, þ. e. að líta á þær sömu augum og almenna tryggingastarfsemi, þar sem menn kaupa sér ákveðinn og sama rétt gegn sömu greiðslu, og hins vegar tekjujöfnunarsjónarmiðin. Mætti e. t. v. segja, að í framkvæmd hafi tryggingasjónarmiðin verið að sækja á, að því er lýtur að afnámi skerðingarákvæða, sem áður giltu vegna tekna bótaþega, en hins vegar hafa þó sérstök heimildarákvæði um viðbótargreiðslur til einstakra bótaþega verið nokkuð rýmkuð, en eru þó fyrst og fremst heimildarákvæði en ekki lögbundinn réttur, sem tekur tillit til mismunandi aðstæðna bótaþega. Ég er þeirrar skoðunar, að sé tryggingalöggjöfin svo fullkomin, að bótaþegar njóti bóta, sem teljast mega öllum viðunandi til framfærslu, þá megi una því, að um sé að ræða jafnar bætur til allra, án tillits til tekjumöguleika og annarra aðstæðna, sem ráða fjárhagslegri afkomu bótaþega. Þegar hins vegar er um það að ræða eins og háttar hjá okkur, að tryggingabætur duga engan veginn til að tryggja einar sér afkomu nokkurs manns, þá ætti í ríkara mæli en ella og í ríkara mæli en nú er gert og jafnvel fyrst og fremst að nota fjármagnið með hliðsjón af aðstöðu hvers og eins bótaþega, þannig að þeir, sem verst eru staddir og hafa ekki annað að styðjast við, njóti bóta, sem gætu talizt lífvænlegur framfærslueyrir, jafnvel þótt það yrði að bíða fullkomnara tryggingakerfis, að þeir, sem við betri aðstæður búa, gætu vænzt sömu greiðslu. Þetta sjónarmið tekjujöfnunar kemur helzt fram í heimildargreinum almannatryggingalaganna. Í ákvæðum þessum felast m. a. heimildir til þess að greiða uppbót á elli- og örorkulífeyri, ef sýnt þykir, að lífeyrisþegi geti ekki komizt af án hækkunarinnar, og er samkvæmt l. heimilt að verja 10% af heildaruphæðum elli- og örorkulífeyris í þessu skyni. Þá er heimilt að greiða ekki lífeyri með börnum, eða eins og l. segja með sínu kynduga orðalagi, „ef fráfall eiginkonu veldur tilfinnanlegri röskun á afkomu hans." Samsvarandi reglur gilda um ellilífeyrisþega, einstæða móður, sem er öryrki, svo og hjón, sem verða fyrir verulegum tekjumissi eða útgjaldaaukningu sökum örorku eiginkonu. Enn fremur er heimilt að verja allt að 10% þeirrar heildarfjárhæðar, sem árlega er varið í örorkulífeyri, til viðbótargreiðslna handa þeim, sem misst hafa 50—70% starfsorku sinnar, en annars er markið 75%. Uppbætur á elli- og örorkulífeyri eru að 3/5 hlutum greiddar af Tryggingastofnuninni, en 2/5 hluta greiða viðkomandi sveitarfélög. Það er mín skoðun, að leggja þurfi meiri áherzlu á það hlutverk almannatrygginga, sem í þessum heimildarákvæðum felst, þ. e. að koma meira til móts við þá, sem við erfiðastar aðstæður búa, og í raun þurfi ýmsar breytingar til þess, að þessum tilgangi verði betur náð. M. a. þyrfti að breyta þessum ákvæðum úr heimildum í lögbundinn rétt, enda þótt framkvæmdin á þessum heimildum fari nú fram samkv. ákveðnum starfsreglum, sem Tryggingastofnunin hefur sett sér. Nú er það svo, að þessar heimildargreiðslur, sem miðaðar eru við 10% af heildarbótum samsvarandi tegunda tryggingabóta, hafa ekki verið notaðar að fullu, en til þess liggja að mínum dómi tvær ástæður, sem eru óeðlilegur hemill á greiðslu þessara sérstöku hækkana á bótagreiðslum til einstakra bótaþega: Í fyrsta lagi er upplýsingastarfsemi Tryggingastofnunarinnar ekki meiri en svo, að fjölda bótaþega, gamalmenna og öryrkja, ekkla og annarra er ekki kunnugt um þessi heimildarákvæði, og ýmsir þeir, sem illa eru staddir, njóta ekki þessara heimiluðu hækkana. Í öðru lagi verkar það sem hemill á greiðslu uppbóta á elli- og örorkulífeyri, að fulltrúar sveitarsjóða, sem greiða eiga 2/5 hluta hækkananna, eiga sjálfir að sækja um þessar viðbótargreiðslur, og þar getur sparnaðarhvöt forráðamanna sveitarfélaga ráðið nokkru um, að þessi heimildarákvæði eru ekki nýtt að fullu. En ástæðan til þess, að slík mál eru á þennan hátt lögð í hendur sveitarfélaganna mætti ætla að væri sú, auk þeirrar staðreyndar, að sveitarsjóðir greiða 2/5 hluta kostnaðar, að fulltrúar hvers sveitarfélags hafa að sjálfsögðu betri aðstöðu til að dæma um þörf ellilífeyris- og örorkulífeyrisþega til viðbótargreiðslna, en Tryggingastofnunin getur sjálf haft, eins og málum er nú háttað.

Og kem ég þá að enn einu atriði í starfsemi almannatrygginganna, auk upplýsingastarfseminnar, sem ég áður nefndi, sem ég tel, að bæta þurfi verulega úr, en það er félagsleg könnun á högum bótaþega. Mín skoðun er sú, að smám saman þurfi að létta af sveitarfélögunum greiðslum á 2/5 hlutum viðbótanna, eða hækkana á elli- og örorkulífeyri, en jafnhliða taki Tryggingastofnunin sjálf upp nána félagslega könnun á högum bótaþega og tryggingastarfsemin verði á grundvelli þess færð meira í það horf, að unnt sé að taka tillit til aðstæðna hvers bótaþega, þannig að einstaklingar eigi rétt á ákveðnum viðbótargreiðslum, ef um er að ræða sérstakar aðstæður, sem metnar eru gildar. Nokkrum hluta af árlegum tekjum almannatrygginga

þyrfti að verja annars vegar til miklu meiri kynningar á rétti bótaþega en nú á sér stað og hins vegar félagslegra rannsókna, sem ekkert hefur verið sinnt til þessa, með það markmið, að stofnunin hafi jafnan sjálf upplýsingar um hag og aðstöðu hvers bótaþega og geti grundvallað viðbótargreiðslur af þeim upplýsingum, en ekki verði búið við það, sem nú á sér stað, að sveitarfélögin, sem greiða eiga 2/5 hluta hækkananna, hafi ein með höndum þá einu könnun á högum bótaþega, sem á sér stað. Þótt ekki væri varið nema 1/4% af tekjum lífeyristrygginga til þessara tveggja verkefna, þá væri þar árlega um að ræða milli 3 og 4 millj. kr.

Það hefur jafnan verið haft mjög á orði í umr. um kjaramál, að erfitt sé að koma tekjubótum til þeirra, sem erfiðast eiga í þjóðfélaginu, án þess að slíkar hækkanir fari um allt launakerfið. Það ætti að vera óþarft að láta slíkt hið sama gerast í tryggingakerfinu, þannig að meginhluti fjármagnsins fari fram hjá þeim, sem helzt þurfa þess með, en til þess þarf að koma ýmislegt af því, sem ég hef minnzt á, t. d. aukin réttindi til sérstakra viðbótargreiðslna, aukin upplýsingastarfsemi og auknar félagslegar rannsóknir á högum bótaþega. Það er mín skoðun, að þegar auknu fé er veitt í tryggingakerfið, þurfi að hafa þessi sjónarmið í huga, og á ýmsan hátt má koma til móts við þá bótaþega, sem erfiðast eiga, t. d. skal ég nefna, að hugsanlegt væri, að sjúkrasamlögin greiddu hærri hluta af lyfjakostnaði ellilífeyrisþega en annarra. Það mundi verka sem hækkun á ellilífeyri til þeirra sérstaklega, sem vegna sjúkleika búa við meiri framfærslukostnað en hinir, sem hraustari eru. En þess eru mörg dæmi að verulegur hluti ellilífeyris einstakra lífeyrisþega fari til greiðslu á lyfjakostnaði. Sérstök útgjöld, sem heimili geta orðið fyrir og eru í krónutölu ámóta há hjá öllum, valda að sjálfsögðu meiri fjárhagslegum erfiðleikum hjá þeim, sem lægri tekjur hafa, en hinum. Ef slík útgjöld eru greidd úr tryggingakerfinu, eru því þau tiltölulega bezta hjálpin fyrir þá, sem erfiðast eiga með að kljúfa þann kostnað. Ég nefni sem dæmi útfararkostnað. Til þess að greiða úr almannatryggingum t. d. 15.000 kr. í útfararkostnað vegna allra dauðsfalla færu á ári hverju 20 millj. kr. af 1300 millj. kr. útgjöldum lífeyristrygginganna og mundi líklega hækka árleg iðgjöld bótaþega um 50 kr. Mér virðist fullkomlega ástæða til að taka upp slíkar greiðslur. Þær kæmu þeim bezt að notum, sem sízt ráða við sérstakar viðbótargreiðslur, sem hvenær sem er geta bætzt við venjulega framfærslu heimilis.

Þá get ég ekki stillt mig um að minnast aðeins á fjölskyldubæturnar. Fjölskyldubætur eru sérstaklega til þess fallnar að beita þeim til jöfnunar til að draga úr þeirri auknu framfærslubyrði, sem helzt í hendur við tölu barna á heimili. Til þess að það fé, sem varið er til fjölskyldubóta, komi að gagni í þessu skyni, þarf greiðslum þeirra að vera hagað þannig og tilgangur þeirra að vera sá að miða fyrst og fremst að því að jafna fjárhagslegan aðstöðumun lítilla og stórra fjölskyldna. Það hefur þó algjörlega mótað tilhögun á greiðslu fjölskyldubóta og nýtingu þess fjár, sem til þeirra er varið, að þær eru ódýrasta leið hverrar ríkisstj. til að halda niðri vísitölu framfærslukostnaðar, en til þess þarf að sjálfsögðu fyrst og fremst að tryggja, að vísitölufjölskyldan með 1.8 barn á framfæri fái sem allra mest af bótunum, því að það fjármagn, sem fer til greiðslu fjölskyldubóta með börnum fram yfir 2 á heimili, virkar ekkert á þetta kerfi. Þessi staðreynd ræður því, að hér eru fjölskyldubætur greiddar jafnháar vegna hvers og eins barns, hins fyrsta og hins tíunda í fjölskyldunni. Það má jafnvel ganga svo langt að halda því fram, að hver ríkisstj., sem vill beita fjölskyldubótafé til þess að lækka vísitölu og þar með vísitölubætur á laun, þegar þær eru greiddar, gæti haft tilhneigingu til að veita öllu fjármagninu til greiðslu á bótum með fyrsta og öðru barni, en sleppa hinum. Þá kæmi heildarfjárhæðin öll að notum til að halda niðri vísitölubótunum. Svo langt hefur að sjálfsögðu engin ríkisstj. talið sér fært að ganga, en þó ber notkun fjármagnsins, sem veitt er til fjölskyldubóta, greinileg merki þessarar viðleitni, að nota féð fyrst og fremst í baráttu gegn vísitöluhækkunum og gegn hækkun á vísitölubótum á laun, en ekki til aðstöðujöfnunar milli lítilla fjölskyldna og stórra barnafjölskyldna. Það er persónuleg skoðun mín, að þessu eigi að breyta með stighækkandi fjölskyldubótum. Í Noregi t. d. er miðað við 500 norskra kr. í greiðslu á ári með fyrsta barni, en síðan hækkandi allt að 2400 norskar kr. með fimmta barni, og fjölskyldubætur með 5 börnum nema þar um 100.000 kr. íslenzkum á ári.

Ég er einnig þeirrar skoðunar, að dálætið á vísitölufjölskyldunni með sín tæplega tvö börn og viðleitnin til þess að viðhalda, á pappírunum a. m. k., kaupmætti launa hennar hafi um of skyggt á þörfina á könnun og athugun á þróun á afkomumöguleikum stærri barnafjölskyldna og þróun á kaupmætti þeirra launa, sem verður að verja til þess að sjá fyrir stærri fjölskyldum en vísitölufjölskyldan er og hér eigi bæði ríkisvaldið og verkalýðshreyfingin hlut að máli. Á sama hátt og stjórnarvöldin hafa einbeitt sér að því að nota fjölskyldubætur til þess að halda niðri vísitölubótum á laun virðist mér, að verkalýðshreyfingin hafi um of látið sér nægja, að þessar reikningsaðferðir og fjármálaráðstafanir sýni á hverjum tíma viðhald kaupmáttar launa vísitölufjölskyldunnar, tveggja barna fjölskyldunnar, en hitt látið um of lönd og leið, hver er hin raunverulega þróun í afkomu stærri fjölskyldna, einmitt þeirra sem við erfiðari afkomumöguleika búa. Einkum er ástæða til þess að gefa þessu gaum, þegar haft er í huga, að á undanförnum árum hefur þróunin verið sú, að neyzluskattar, sérstakir skattar á brýnustu lífsnauðsynjar, hafa mjög aukizt, en hlutur beinna skatta minnkað að sama skapi, en hjá stærstu fjölskyldunum fer að sjálfsögðu hlutfallslega mest af launanum í brýnustu lífsnauðsynjar, en hinir tekjuhæstu hafa mest notið hlutfallslegrar lækkunar beinna skatta.

Ég endurtek það svo að lokum, að þótt ég hafi látið þessar almennu athugasemdir um almannatryggingarnar koma fram og sé engan veginn á þeirri skoðun, að með því frv., sem hér liggur fyrir, sé tilgreindu fjármagni varið á beztan hugsanlegan hátt, þá tel ég ekki ástæðu til annars, eins og málin eru nú vaxin, en að fylgja þessu frv. óbreyttu.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 31 shlj. atkv.

2.—4. gr. samþ. með 32 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 31 shlj. atkv.

Á 60. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 30 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 29 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 319).

---

20. Lífeyrissjóður hjúkrunarkvenna.

Á 14. fundi í Sþ., 21. nóv., var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. um Lífeyrissjóð hjúkrunarkvenna, nr. 16 24. apríl 1965 [77. mál] (stjfrv., A. 96).

Á 18. fundi í Ed., 26. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Frv. þetta er mjög einfalt í sniðum og þarf því ekki langa framsögu. Með því er lagt til, að heimilt verði, að þær hjúkrunarkonur, sem starfa að félagsmálum hjúkrunarkvenna á vegum Hjúkrunarfélags Íslands, njóti fullra réttinda í Lífeyrissjóði hjúkrunarkvenna.

Eins og lögin eru nú, eru það aðeins starfandi hjúkrunarkonur, sem hafa þennan rétt, en félaginu þykir það mikil nauðsyn að hafa a. m. k. eina sérmenntaða hjúkrunarkonu, sem starfi að félagsmálum stéttarinnar. Stjórn Lífeyrissjóðs hjúkrunarkvenna er sammála um það, að rétt sé að veita slíkri hjúkrunarkonu full réttindi í sjóðnum, og það er augljóst, að ekki er kostur á að fá slíka hjúkrunarkonu til starfa fyrir félagið, nema því aðeins, að hún njóti þessara réttinda. Áður hefur hliðstæð heimild verið veitt í sambandi við Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, þar sem starfsmanni eða starfsmönnum BSRB var veitt full aðild að lífeyrissjóðnum.

Ég vænti þess, að ekki þurfi um þetta frv. að verða neinn ágreiningur, og sé ekki ástæðu til að fara um það fleiri orðum, en legg til, herra forseti, að því verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umræðu og hv. fjhn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv. og til fjhn. með 16 shlj. atkv.

Á 41. fundi í Ed., 11. febr., var frv. tekið til 2. umr. (A. 96, n. 215).

Frsm. (Sveinn Guðmundsson): Herra forseti. Frv. til l. um breyt. á 1. um Lífeyrissjóð hjúkrunarkvenna, 77. mál Ed., hefur verið athugað í fjhn., og mælir hún samhljóða með samþykkt frv. á þskj. 215. Frv. þetta er flutt að beiðni Hjúkrunarfélags Íslands, og færir það hjúkrunarkonum, sem starfa að félagsmálum hjúkrunarkvenna á vegum félagsins, rétt til að vera meðlimir í Lífeyrissjóði hjúkrunarkvenna. Sams konar réttindi fékk BSRB fyrir sína starfsmenn með l. frá 1967. Eins og fram kemur í grg. með frv., þá mælir stjórn lífeyrissjóðsins með því, að þetta lagaákvæði verði samþ. Fjhn. þykir rétt að verða við þessum tilmælum.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Á 42. fundi í Ed., 13. febr., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 44. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á 45. fundi í Nd., 17. febr., var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 22 shlj. atkv.

Á 60. fundi í Nd., 4. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 96, n. 300).

Frsm. (Guðlaugur Gíslason): Herra forseti. Heilbr.- og félmn. hefur haft til athugunar frv. það, sem hér liggur fyrir, og eins og fram kemur á þskj. 300, þá mælir hún einróma með, að það verði samþ. óbreytt.

Ég vil geta þess, að forstöðukona Hjúkrunarkvennafélagsins átti tal við mig um þetta frv., og var það í sambandi við það, að sá aðili, sem þarna er um að ræða, að verði einnig hlutgengur í Lífeyrissjóði hjúkrunarkvenna, er nýr, en hann byrjaði starf sitt hjá félaginu að félagsmálum hjúkrunarkvenna árið 1965, og munu standa yfir viðræður um, að hann fái að kaupa sér eftirlaunaréttindi eða lífeyrisréttindi frá þeim tíma sem hann byrjaði að starfa. Ég taldi ekki eðlilegt, að þetta yrði tekið inn í frv., en heilbr.- og félmn. fyrir sitt leyti mundi að sjálfsögðu vera því samþykk, að samningar gætu orðið um þetta atriði, eins og stjórnendur Hjúkrunarkvennafélagsins munu hafa farið fram á, og eins og fram kemur þá leggur n. einróma til, að frv. verði samþ. óbreytt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 23 shlj. atkv.

A 61. fundi í Nd., 6. marz, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 22 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 329).

---

21. Hollustuhættir og heilbrigðiseftirlit.

Á 1. fundi í Sþ., 14. okt., var útbýtt frá Nd.:

Frv. til l. um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit [4. mál] (stjfrv., A. 4).

Á 4. fundi í Nd., 21. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Dómsmrh. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Í stjórnaryfirlýsingu, sem forsrh. gerði grein fyrir í byrjun þings í fyrra, var m. a. gerð grein fyrir því, að ríkisstj. vildi beita sér fyrir því, að sett yrðu ný lög almennt og samræmt heilbrigðiseftirlit í öllu landinu, eins og það var orðað. En frv. það, sem hér liggur fyrir, var lagt fyrir þingið í framhaldi af þessu og er nú endurflutt á þessu þingi, þar sem það hlaut ekki afgreiðslu á s. l. Alþ. Eins og gerð var grein fyrir þá og segir í grg., hafði verið skipuð nefnd 10. marz 1967 af dómsmrh. til þess að endurskoða lög nr. 35/1940 um heilbrigðisnefndir og heilbrigðissamþykktir og gera till., eftir því sem þurfa þykir, til nýskipunar, sem stuðli að því að tryggja raunhæfa og samræmda framkvæmd heilbrigðiseftirlitsins á þessu sviði. Þessi nefnd, sem starfaði undir formennsku Benedikts Tómassonar læknis, vann ötullega að sínu verkefni, hélt marga fundi og kynnti sér málefnið mjög vandlega, eins og fram kemur í ýtarlegri grg. frv., og einnig gildandi reglur um hliðstæð málefni hjá nágrannaþjóðum okkar og skilaði svo tillögum sínum í formi frv. þess, sem hér liggur fyrir, 29. nóv. á s. l. ári. Frv. var lagt fyrir þingið 16. janúar 1968, þegar þing kom saman eftir jólafrí. Nú var mér það ljóst, að frv., jafnumfangsmikið eins og hér er um að ræða, þarf gaumgæfilega athugun og meðferð hjá þingnefnd og kannske ekki hægt að ætlast til, að þing ljúki afgreiðslu slíkra frv., sérstaklega þegar þau eru þá ekki lögð fram strax í byrjun þings, eins og hér var um að ræða. En þingnefndin hafði hins vegar rúman tíma til þess að átta sig á málinu, og vildi ég mega vonast til þess, að það greiði mjög fyrir meðferð málsins nú.

Ég skal aðeins lítillega víkja að aðalefni þessa frv., en það er fyrst og fremst megintilgangurinn að setja samræmdar reglur um allt land um heilbrigðiseftirlit og hollustuhætti. Það er gert ráð fyrir því, að í hverju sveitarfélagi landsins verði heilbrigðisnefndir, og þær eru nú í mörgum, en mikil brotalöm hins vegar á því, að þær séu alls staðar, þar sem vera skyldi, og síðan er gert ráð fyrir því að þyngja nokkuð frá því, sem nú er, kröfur um heilbrigðiseftirlit, og þá sérstaklega á ég við, að þar sem kaupstaðir eru orðnir með 10 þús. íbúum eða fleirum segja l., að þar skuli ráða sérmenntaðan heilbrigðisfulltrúa í fullu starfi, einn eða fleiri eftir íbúafjölda, og í kauptúnum með 800 íbúum eða fleiri skal ráða heilbrigðisfulltrúa, en undirbúningsmenntun og starfstími er ótiltekinn. Sveitarfélögum er svo heimilað með vissum takmörkunum að sameinast um heilbrigðisfulltrúa. Það er svo meginreglan, að heilbrigðisnefndirnar annist undir umsjón héraðslæknis heilbrigðiseftirlit, þar sem ekki er heilbrigðisfulltrúi. Svo er það nýmæli í þessum l., að það er gert ráð fyrir að koma á fót nýrri stofnun, sem kölluð er Heilbrigðiseftirlit ríkisins, sem á að hafa undir stjórn landlæknis yfirumsjón með heilbrigðiseftirlitinu í landinu. Hún tekur einnig að sér yfireftirlit samkv. l. nr. 24/1936, um eftirlit með matvælum og öðrum neyzlu- og nauðsynjavörum, og í staðinn er svo felld niður heimild þeirra laga til þess að fela yfirumsjón sérstökum kunnáttumönnum, eins og þar stendur. Með þessu er í raun og veru vikið að meginatriðunum í frv., en eins og kunnugt er, hvílir núverandi skipan heilbrigðiseftirlitsins á l. nr. 35 frá 1940, og í grg. er gerð grein fyrir þeim l., meginefni þeirra, og svo einnig í 11. kafla í grg. er gerð grein fyrir annarri löggjöf, sem varðar heilbrigðiseftirlitið, og allt er þetta gert í þeim tilgangi að létta undir störfum þeirrar nefndar sem fær þetta mál til meðferðar, og að lokum fylgir svo einnig skrá um helztu löggjöf, sem snertir heilbrigðisnefndir og heilbrigðissamþykktir. Að öllu athuguðu held ég því, að segja megi, að málið sé vandlega undirbúið, og jafnframt er málið mjög veigamikið og þýðingarmikið, eins og ég geri ráð fyrir, að hv. þm. geri sér fulla grein fyrir.

Um 8. gr., sem kveður á um, að ríkið starfræki stofnun, sem nefnist Heilbrigðiseftirlit ríkisins, skal ég aðeins fara nokkrum orðum. Það er nýmæli, en þessu Heilbrigðiseftirliti ríkisins er ætlað að hafa yfirumsjón með öllum þeim þáttum, sem heilbrigðisnefndir eiga að fjalla um. Og fyrir þessari skipan mála eru færð þau rök, að með því að fela slíkt samræmt eftirlit yfir öllu landinu einni stofnun nýtast starfskraftar betur heldur en ella og eftirlitið að sjálfsögðu samræmdara og heilsteyptara en annars mundi vera. Og það er einnig ætlað, að það muni í slíkri framkvæmd geta orðið ódýrara heldur en ella. Og loks er einnig álitið, að slíkt heilbrigðiseftirlit hafi sterkari aðstöðu til áhrifa heldur en einstakir aðilar, einstakir eftirlitsmenn, sem starfa kannske hver á sínu sviði og óháðir hver öðrum. Það er auðvitað mikilvægt og meginatriði málsins, að þetta Heilbrigðiseftirlit ríkisins nái góðri samvinnu og efli góða samvinnu við heilbrigðisnefndirnar, gangi síður en svo fram hjá þeim og fái þeim í hendur framkvæmd ráðstafana, sem það telur nauðsynlegar, og þetta heilbrigðiseftirlit ætti m. a. að vekja ábyrgðartilfinningu nefndanna til sjálfstæðra athafna og í ríkari mæli kannske heldur en áður hefur verið, en varast, að fram komi sá skilningur og festist, að nefndirnar geti varpað áhyggjum sínum yfir á Heilbrigðiseftirlitið og setið auðum höndum. Ég hef nú ekki nokkra ástæðu til þess að ætla annað heldur en slík samvinna Heilbrigðiseftirlitsins og nefndanna, sem fyrir eru, og þeirra, sem kunna að verða stofnaðar, muni takast með góðu móti og er reyndar kunnugt um það, að vilji og óskir eru uppi um slíkt einmitt hjá þeim fyrirsvarsmönnum heilbrigðismála, sem að þessum málum hafa starfað í þessum einstöku heilbrigðisnefndum og víðar. Í grg. hefur nefndin reynt að sýna nokkuð eða draga upp mynd af því, hvernig eftirlitinu yrði skipað, þegar það yrði komið í það horf, sem að er stefnt í frv., og fylgir nokkur álitsgerð nefndarmanna um það, sem einnig er fyrst og fremst hugsuð til ábendingar fyrir nefndina og þingnefnd til betri glöggvunar á því, hvað í þessu kunni raunverulega að felast. Þegar minnzt er á nýjar stofnanir, sem svo eru nefndar, verður mönnum æðioft á að segja sem svo: Er nú ekki verið að efna hér til einhvers aukakostnaðar, nýs kostnaðar í stjórnarframkvæmdinni eða stjórnsýslunni, sem hægt væri að komast hjá?

Um kostnaðinn af þessu heilbrigðiseftirliti segir nefndin eftirfarandi sem ég vil mega vitna til, með leyfi hæstv. forseta:

„Stofnun Heilbrigðiseftirlitsins er eina nýmæli frv., sem veldur ríkissjóði auknum útgjöldum. Nefndin telur ekki unnt á þessu stigi að áætla kostnaðinn nákvæmlega, en með hliðsjón af því, að rekstrarkostnaður mjólkureftirlitsins og veitingahúsaeftirlitsins er áætlaður samtals tæplega 930 þús. kr. í frv. til fjárl. fyrir árið 1968, ætti heildarkostnaður Heilbrigðiseftirlitsins varla að fara fram úr 1½ millj. kr., eða 500–600 þús. kr. viðbót," en hér vil ég skjóta því inn, að það er gert ráð fyrir því, að mjólkureftirlitið og þetta veitingahúsaeftirlit falli undir hið almenna Heilbrigðiseftirlit ríkisins. Síðan segir áfram: „Mjólkureftirlitsmaðurinn og veitingahúsaeftirlitsmaðurinn hafa alls um 1½ ritara, en ef Heilbrigðiseftirlitið hefði bækistöð á skrifstofu landlæknis, sem væri langheppilegast, kemur ekki til mála, að þar þyrfti að bæta við nema einum ritara vegna eftirlitsins, og e. t. v. mundi ritari í hálfu starfi nægja að landlæknisembættinu óbreyttu að öðru leyti. Húsakostur vegna Heilbrigðiseftirlitsins ætti varla að þurfa að verða meiri en núv. húsakostur þessara tveggja eftirlitsmanna. Hins vegar má gera ráð fyrir, að ferðakostnaður á hvern starfsmann hækkaði eitthvað, að starfsmenn Heilbrigðiseftirlitsins yrðu að ferðast meir en núv. mjólkureftirlitsmaður og veitingahúsaeftirlitsmaður. Um þetta verður þó ekki vitað fyrr en stofnunin er komin í gang og nokkur reynsla fengin af starfstilhögun hennar. Áður hefur verið vikið að því, að nefndin telur óhjákvæmilegt, að forstöðumaðurinn verði í 26. launaflokki og aðstoðarmennirnir í 21. Þessar ábendingar eru m. a. fram settar til þess að gera sér grein fyrir þeim kostnaði, sem af þessu kynni að leiða".

Það er þess vegna skoðun mín, að beinn aukinn kostnaður af því Heilbrigðiseftirliti, sem hér er um að ræða, verði sáralítill fyrir ríkissjóð, en auk þess vil ég vekja athygli á því, að aukinn kostnaður í krónutali við almennt heilbrigðiseftirlit með hollustuháttum í landinu, beinn kostnaður við það getur náttúrlega gefið þjóðinni í aðra hönd svo mörgum sinnum og margfalt meiri óbein verðmæti, eins og ég veit, að hv. þm. gera sér fyllilega grein fyrir.

Ég vil nú mega vænta þess, að þetta frv., sem nú er endurflutt og strax í byrjun þings að hv. heilbr.- og félmn., sem ég legg til, að fái það til meðferðar og er þegar kunnug frv., taki rösklega til athugunar frv. og stuðli að því, að það geti nú með þeim undirbúningi, sem það hefur fengið og þeirri meðferð áður á þinginu, fengið fullnaðar- og lokaafgreiðslu á þessu þingi. Ég tel, að hér sé mikilvægt og þýðingarmikið málefni, sem um er að ræða, og þinginu væri ekki sæmandi að fá það til meðferðar í annað sinn heldur ljúka afgreiðslu þess með einum eða öðrum hætti. Að sjálfsögðu gildir um þetta mál sem önnur, að till. manna til breytinga, sem fram kunna að koma og verða til bóta, þurfa að hafa sinn tíma til meðferðar og er eðlilegt, að þær séu athugaðar og nái fram að ganga og ekki verði þær breytingar á meðferð málsins, að megintilganginum verði ekki þess vegna náð.

Ég vil svo, herra forseti, leyfa mér að leggja til, að málinu verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og eins og ég sagði hv. heilbr.- og félmn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 26 shlj. atkv.

Á 27. fundi í Nd., 12. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 4, n. 135, 136).

Frsm. (Guðlaugur Gíslason): Herra forseti. Heilbr.- og félmn. hefur haft mál það, sem hér liggur fyrir, til athugunar. Hún sendi það til umsagnar nokkurra aðila, sem hún taldi eðlilegt, að um málið gæfu álit. Einnig fékk hún á sinn fund Benedikt Tómasson skólayfirlækni, sem var formaður þeirrar nefndar, sem frv. samdi. Helztu nýmæli frv. koma fram í grg. þess, og tel ég rétt að kynna þau helztu, þó að hæstv. heilbrmrh. hafi við framsögu gert allýtarlega grein fyrir því. En í grg. frv. segir:

„1. Heilbrigðisnefnd skal vera í hverju sveitarfélagi landsins. Sveitarfélögum er heimilt að sameinast um heilbrigðisnefnd með vissum takmörkunum.

2. Heilbrigðisnefnd skal öll kosin af sveitarstjórn, þar eð skylda lögreglustjóra og héraðslækna til setu í nefndunum er felld niður.

3. Ákvæði eru um vald heilbrigðisnefnda til stöðvunar á starfrækslu eða notkun.

4. Héraðslæknir er gerður faglegur ráðunautur heilbrigðisnefndar.

5. Heimila má héraðsdýralækni að sitja heilbrigðisnefndarfundi.

6. Kaupstaðir með 10 þús. íbúum eða fleiri skulu ráða sér sérmenntaða heilbrigðisfulltrúa í starfið, einn eða fleiri eftir íbúafjölda.

7. Komið skal á fót nýrri stofnun, Heilbrigðiseftirliti ríkisins, sem hefur undir stjórn landlæknis yfirumsjón með heilbrigðiseftirlitinu í landinu."

Þetta eru þau helztu nýmæli, sem fyrirfinnast í frv. Að vísu eru þar nokkur önnur, en veigaminni og ekki ástæða til þess að rifja þau upp hér. Eins og ég sagði, var frv. sent til umsagnar nokkurra aðila, þ. á m. til Sambands ísl. sveitarfélaga og stjórnar Læknafélags Íslands. Umsögn Sambands ísl. sveitarfélaga er á þá leið, að þar er lagt til, að frv. verði samþ. óbreytt. Í umsögn Læknafélags Íslands, hún verður að teljast jákvæð, koma fram nokkrar ábendingar, og eina þeirra tók heilbr.- og félmn. til sérstakrar athugunar, en hún er á þá leið, að Reykjavíkursvæðið allt verði undir einu og sama heilbrigðiseftirliti. Sem form. n. hafði ég samband við ráðamenn þeirra sveitarfélaga, sem hér eiga hlut að máli, þ. e. borgarstjórnar Reykjavíkur og bæjarstjórnar Hafnarfjarðar og Kópavogs og sveitarstjórnar í Garðahreppi og Seltjarnarneshreppi. Í viðtali við þessa aðila kom það fram, að þeir höfðu áhuga fyrir að kynna sér þetta mál betur og óskuðu eftir, að n. sendi sér það til umsagnar, eins og gert var, en það varð til þess að tefja nokkuð framgang málsins hjá n. Umsagnir hafa nú borizt frá þessum aðilum flestum, og kemur það fram í umsögn borgarstjórnar Reykjavíkur eða borgar-

læknis, sem málið var sent til athugunar, að hann telur ekki ástæðu til að sameina þetta svæði allt í eitt umdæmi, en bendir hins vegar á, að mörg atriði í sambandi við heilbrigðismálin geti mjög vel farið saman á þessu svæði í heild, og yrði þá að sjálfsögðu gerður um það sérstakur samningur.

Frá bæjarstjórn Kópavogs kemur það álit fram, að þeir telja, að mjög vel komi til greina að sameina þau sveitarfélög, sem þar liggja næst, þ.e. Hafnarfjörð, Kópavog og Garðahrepp, í eitt umdæmi. Svipað kemur einnig fram frá hreppsnefnd Garðahrepps og Seltjarnarnesshrepps, að það komi mjög til greina, að þeir verði sameinaðir í umdæmi með þeim kaupstöðum, sem þar liggja næst. Eins og ég sagði, varð þessi ábending stjórnar Læknafélags Íslands nokkuð til þess að tefja afgreiðslu málsins hjá n., en henni þótti það þess vert, að þeir aðilar, sem þar áttu hlut að máli, fengju að skoða það nánar, og tel ég, að svo hafi verið, því að þetta vekur hjá þeim aðstöðu til þess að athuga, hvort þeir geti komið þessum málum fyrir á hagkvæmari hátt hjá sér heldur en þeir annars kannske hefðu verið með í huga. N. gerir við frv. þrjár brtt., sem ekki eru veigamiklar, en hún telur þó, að eðlilegt sé, að fram komi. En það er í fyrsta lagi við 2. gr. frv., 1. mgr. þess, en þar segir, með leyfi forseta:

„Er þá sveitarfélögum innan sama læknishéraðs öðrum en kaupstöðum og kauptúnum heimilt að sameina umdæmi heilbrigðisnefnda, þannig að það nái yfir tvo eða fleiri hreppa."

N. fannst þetta of þröngur rammi og leggur til, að þessi 1. mgr. 2. gr. hljóði þannig:

„Heilbrigðisnefnd skal vera í hverju sveitarfélagi landsins. Með leyfi ráðh. er þó sveitarfélögum heimilt að sameina umdæmi heilbrigðisnefnda þannig, að það nái yfir tvö eða fleiri sveitarfélög."

Þetta gæfi t. d. sveitarfélögum hér í nágrenni Reykjavíkur, bæði kaupstöðunum og eins þeim hreppsfélögum, sem að þeim liggja, Seltjarnarnesi og Garðahreppi, aðstöðu til þess að sameinast í eitt eða fleiri umdæmi, ef ráðamenn þessara staða teldu sér það til hagræðis.

Þá gerir n. brtt. einnig við 2. gr., 3. mgr. hennar, en þar segir í 2. málsl.: „Heilbrigðisnefnd, samkv. fyrri málsl. 1. mgr., skal kosin hlutfallskosningu, ef 1/4 hluti sveitarstjórnarmanna krefst þess." N. leggur til, að þetta ákvæði verði fellt niður, því að í sveitarstjórnarlögum er ráð fyrir því gert, hvernig kosningu nefnda skal hagað, og ef það þykir hentara og eðlilegra að hafa hlutfallskosningu, þá er það á valdi sveitarstjórnar að ákveða slíkt og n. taldi ekki ástæðu til þess að vera að binda ákvæði um eina nefnd í lögum hvað þetta varðar. Leggur n. til, að 3. málsgr. hljóði svo:

„Heilbrigðisnefnd skal kosin af sveitarstjórn til fjögurra ára í senn að afloknum hverjum almennum sveitarstjórnarkosningum. Um kosningatilhögun heilbrigðisnefndar samkv. 2. málsl. 1. mgr. skulu vera ákvæði í samningum sveitarfélaga um sameiningu umdæma."

Það segir sig sjálft, að ef fleiri sveitarfélög sameinast í eitt umdæmi, verður að hafa þar um samning, hvernig kjósa skuli heilbrigðisnefnd.

Við 5. gr. gerir n. þá brtt., að síðasta mgr. falli niður, en hún hljóðar svo:

„Héraðslækni skal gefinn kostur á að sitja sveitarstjórnarfund, þegar heilbrigðismál eru til umr., og hefur hann þar sama rétt og á fundum heilbrigðisnefndar."

Heilbrn. er þeirrar skoðunar, að það sé ástæðulaust að hafa þetta ákvæði í l., því að ef sveitarstjórn óskar þess að kalla sérstaka aðila á sinn fund, þá hafi hún samkv. sveitarstjórnarlögunum og eðli málsins aðstöðu til þess að gera það. Þetta ákvæði er í gildandi l., en n. telur ekki ástæðu til, að það verði framlengt í þeim l., sem hér liggja fyrir.

Við 7. gr. gerir n. brtt. og leggur til, að 5. mgr. orðist svo: „Sveitarstjórn ræður heilbrigðisfulltrúa að fenginni till. heilbrigðisnefndar og umsögn héraðslæknis og setur honum erindisbréf með ráði sömu aðila. Laun hans skulu greidd úr sveitarsjóði." Breytingin, sem þarna er lagt til, að gerð verði, er sú, að í frv. er gert ráð fyrir, að bæði heilbrigðisnefnd og héraðslæknir skuli gera till. um ráðningu heilbrigðisfulltrúa til sveitarstjórnar. N. telur eðlilegra, að það sé heilbrigðisnefnd ein, sem að fenginni umsögn héraðslæknis gerir till. til sveitarstjórnar um ráðningu heilbrigðisfulltrúa.

Ég tel ekki, að ástæða sé til að svo stöddu að fara um þetta fleiri orðum, en n. leggur til, að frv. verði samþ. Einstakir nm. hafa þó áskilið sér rétt til þess að flytja eða fylgja brtt., sem fram kunna að koma.

Dómsmrh. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Ég vil þakka hv. heilbr.- og félmn. fyrir hennar afgreiðslu á þessu máli. Í sambandi við þær till., sem n. hefur flutt og gerð hefur verið grein fyrir, get ég lýst því yfir, að ég get fellt mig við allar þær till. og tel þær til bóta, eftir því sem ég fæ bezt séð, á frv. frá því, sem áður var.

Ég get vel skilið, að n. hafi þurft að hafa nokkuð langan tíma til þess að ljúka afgreiðslu málsins, þó að ég hafi lagt á það áherzlu í upphafi þingsins, að málið næði nú fljótt fram að ganga, þar sem það hafi verið lagt fyrir síðasta þing og þá ekki hlotið afgreiðslu úr n., en ég tel nú, að allar horfur séu á því, að þetta mál geti fengið sína afgreiðslu á þessu þingi og tel það mjög mikilvægt. Ég vil t. d. benda á eitt atriði, sem ég vék að við framsögu málsins, að það er næsta mikilvægt að fá þá heimild, sem er í þessu frv., til þess að setja eina heilbrigðisreglugerð, sem ráðh. getur sett með ráði landlæknis, og hún gildi fyrir öll sveitarfélög landsins. Þá hefur mér alveg sérstaklega verið í huga, sem ég skal viðurkenna, að mér hefur verið nokkurt áhyggjuefni á mörgum undanförnum árum, og má kannske ásaka mig fyrir að hafa ekki hafizt frekar handa um, en það eru ákvæði tiltekinna reglugerða, og í þessu tilfelli mundi það verða heilbrigðisreglugerða, um hollustuhætti og hreinlæti í sambandi við sumarbústaði hér á landi og þó sérstaklega sumarbústaðalendur. Þetta hefur færzt mjög í vöxt á síðari árum, að sumarbústaðir hafa verið byggðir víðs vegar í sveitum landsins og sums staðar í svo kölluðum sumarbústaðalendum, þar sem myndast smáþorp sumarbústaðafólks og byggt er á vegum ýmissa samtaka. Hjá ýmsum er þetta sennilega til mestu prýði eftir því, sem ég bezt veit. Annars staðar hafa risið upp sumarbústaðalendur mjög óskipulega, og ég óttast, að ýmsu sé mjög ábótavant í þessum efnum, eins og t. d. vatnsveitum, vatnsbólum, salernum og frárennsli. Það hafa mörg samtök verið að festa kaup á

jafnvel heilum jörðum uppi í sveit til þess að koma upp stórum sumarbústaðalendum. Þá er afar nauðsynlegt, að frá öndverðu verði gengið frá skipulagi slíkra hluta samkv. fyrirfram ákveðnum reglum og þar með heilbrigðisreglugerðum, sem lúta að svo mikilvægum þáttum.

Ég skal svo ekki orðlengja um málið, en endurtek þakkir mínar til n. fyrir hennar afgreiðslu á málinu.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
Brtt. 136,1 samþ. með 24 shlj. atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 24 shlj. atkv.
3.–4. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
Brtt. 136,2 samþ. með 25 shlj. atkv.
5. gr., svo breytt, samþ. með 25 shlj. atkv.
6. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
Brtt. 136,3 samþ. með 25 shlj. atkv.
7. gr., svo breytt, samþ. með 24 shlj. atkv.
8.–19. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 24 shlj. atkv.

Á 30. fundi í Nd., 16. des., var frv. tekið til 3. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 31. fundi í Nd., 17. des., var frv. aftur tekið til 3. umr. (A. 158).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 27 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 30. fundi í Ed., 18. des., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 33. fundi í Ed., s. d., var frv. aftur tekið til 1. umr.

Dómsmrh. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Þetta frv. til l. um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit er allmikill lagabálkur, en að undirbúningi þess vann sérfræðinganefnd, eins og getið er í aths. við frv. Ég tel frv. mjög mikilvægt og legg mikla áherzlu á, að það geti náð fram að ganga á þessu þingi. Það var lagt fyrir s.l. Alþ., eins og kunnugt er, í Nd., en náði ekki afgreiðslu. Nú hefur frv. hlotið afgreiðslu í Nd. með lítils háttar breyt., sem efnislega skipta ekki neinu verulegu máli. Mér er það ljóst, að þessi hv. d. þarf að hafa sinn eðlilega tíma til að athuga málið, en eins og ég sagði, legg ég mikla áherzlu á, að það geti náð fram að ganga, en í frv. sjálfu er gert ráð fyrir, að gildistaka þess verði frá 1. jan. 1970, svo að það vinnst nægur tími til að vinna að málinu á framhaldi þessa þings. Ég skal ekki eins og nú standa sakir tefja tímann með neinni frekari grg. fyrir þessu máli, sjálfar aths. og þær upplýsingar, sem þeim fylgja frá þeirri n., sem undirbjó málið, eru mjög ítarlegar, og sem hv. þdm. hafa góðan og greiðan aðgang að til að gera sér fulla grein fyrir eðli málsins, og að svo miklu leyti, sem þn., sem fær málið til meðferðar, teldi sig þurfa að fá frekari upplýsingar, þá er auðvitað rn. reiðubúið til að láta þær í té með aðstoð allra þeirra sérfræðinga, sem að málinu störfuðu.

Ég vil leyfa mér að leggja til, herra forseti, að málinu verði vísað að lokinni þessari umr. til 2. umr. og hv. heilbr.- og félmn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 19 shlj. atkv.

Á 54. fundi í Ed., 4. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 158, n. 303).

Frsm. (Auður Auðuns): Herra forseti. Heilbr.- og félmn. hefur haft til athugunar þetta frv. um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, sem er allmikill lagabálkur. Það er e.t.v. ástæða til að drepa með örfáum orðum á þær breytingar frá núgildandi l., sem þetta frv. hefur inni að halda, bezt að stikla þar mjög á stóru.

Þá er þar fyrst að nefna, að samkv. frv. er lagt til, að heilbrigðisnefndir skuli vera í öllum sveitarfélögum á landinu. Samkv. núgildandi lögum er það hins vegar aðeins skylda fyrir kaupstaði eða kauptún með 500 íbúa eða fleiri að hafa heilbrigðisnefndir, og í núgildandi lögum er beinlínis bannað, að sveitarfélög sameinist um heilbrigðisnefndir. Í frv. er hins vegar lagt til, að sveitarfélögum sé heimilt að sameinast um heilbrigðisnefndir, og skal ég koma nokkuð nánar að því atriði síðar, en á því hafa orðið nokkrar breytingar í hv. Nd.

Þá eru í öðru lagi breytingar lagðar til með frv. á skipun heilbrigðisnefndanna. Eins og nú er, eru lögreglustjóri og héraðslæknir sjálfkjörnir í heilbrigðisnefnd, og hins vegar er með frv. lagt til, að heilbrigðisnefndir séu kosnar algerlega af sveitarstjórn. Héraðslæknar skulu samkv. því vera faglegir ráðunautar heilbrigðisnefndar, en lögreglustjórar eiga ekki heldur, eins og ég áður sagði, samkv. frv. setu í heilbrigðisnefnd, og það má segja, að það sé eðlileg breyting, vegna þess að það kemur oft til kasta lögreglustjóra að meta og framkvæma ákvarðanir heilbrigðisnefnda.

Þá er 6. gr. frv. nýmæli. Þar er héraðsdýralæknum *gefinn kostur á að sitja heilbrigðisnefndarfundi, ef svo* ber undir. Þá kem ég að 7. gr. frv., sem er um skyldu sveitarfélaga til þess að ráða hjá sér heilbrigðisfulltrúa. Í núgildandi lögum er það skylt, að kaupstaðir ráði hjá sér heilbrigðisfulltrúa, en þeirri skyldu er alls ekki alls staðar fullnægt. Eftir frv. á hverjum kaupstað með 10 þús. íbúum eða fleiri að vera skylt að ráða heilbrigðisfulltrúa, sem sé sérmenntaður í heilbrigðiseftirliti, og séu kaupstaðir mannfleiri en áður segir, skal fjölga heilbrigðisfulltrúum þannig, að til jafnaðar komi 15-16 þús. íbúar á hvern heilbrigðisfulltrúa.

Þá er í frv. einnig lagt til, að í hverjum kaupstað með færri en 10 þús. íbúa og í hverju kauptúni eða kauptúnshreppi, þar sem búa 800 manns eða fleiri, eigi að ráða heilbrigðisfulltrúa, en sérmenntunar til starfsins er ekki krafizt á þessum stöðum. Sveitarstjórnir ákveða þá daglegan eða vikulegan vinnutíma heilbrigðisfulltrúa, því að vitanlega mun í fjöldamörgum tilfellum engin þörf vera fyrir mann í fullu starfi til þessa starfs.

Þá er sveitarfélögum heimilað að sameinast um

heilbrigðisfulltrúa, en nánar tiltekið þó, hvert er hámark þess íbúafjölda, sem koma megi á hvern fulltrúa. Þá er nýmæli í l. að finna í 8. gr., þar sem lagt er til, að ríkið starfræki stofnun, sem heiti Heilbrigðiseftirlit ríkisins. Það á að hafa yfirumsjón með heilbrigðiseftirliti í landinu undir stjórn landlæknis. Í greininni eru nánari ákvæði um, hvaða kröfur skuli gerðar til menntunar forstöðumanns Heilbrigðiseftirlitsins, og að hann skuli hafa sér til aðstoðar tvo heilbrigðisráðunauta, og í því sambandi er rétt að geta þess, að eins og fram kemur í grg. með frv. er jafnframt ráð fyrir því gert, að niður verði lögð störf tveggja manna, þ.e.a.s. mjólkureftirlitsmanns og eftirlitsmanns með veitinga- og gististöðum, en þetta eftirlit falli undir Heilbrigðiseftirlit ríkisins.

Þá er í 9. gr. ákvæði um það, að ráðh. skuli með ráði landlæknis setja heilbrigðisreglugerð, sem gildi fyrir öll sveitarfélög landsins eftir því, sem við getur átt, og eftir sem áður er þó einstökum sveitarfélögum heimilt að setja sér heilbrigðissamþykktir, sem að sjálfsögðu mega þó ekki ganga í bága við heilbrigðisreglugerð þá, sem fyrir allt landið gildir, nema að því leyti sem hún kann að veita heimildir til að víkja frá ákvæðum.

Þá er loks þess að geta, að í frv. eru svo ákveði um það, hver úrskurða skuli, ef ágreiningur rís upp, en í núgildandi lög vantar tilfinnanlega ákvæði um, hvernig fara skuli að í slíkum tilvikum.

Ég hef nú með örfáum orðum rakið þær breytingar frá núgildandi lögum, sem í frv. felast, en í hv. Nd. tók frv. nokkrum breytingum, og heilbr.- og félmn. þessarar hv. þd. kynnti sér þær breytingar og einnig umsagnir, sem borizt höfðu til heilbr.- og félmn. hv. Nd., en sá hins vegar ekki ástæðu til þess að vísa frv. til umsagnar annarra aðila en þeirra, sem höfðu fengið tækifæri til að tjá sig við heilbr.- og félmn. hv. Nd. Ég skal aðeins nefna hér tvær umsagnir af þeim, sem bárust til Nd. Það er þá fyrst umsögn stjórnar Sambands ísl. sveitarfélaga, sem mælir með samþykkt frv. athugasemdalaust. Hins vegar kom frá Læknafélaginu ítarleg umsögn og ábendingar um breytingar á frv., og það er rétt að láta það fylgja með, að Læknafélagið telur frv. hið merkasta eða eins og orðrétt segir í umsögninni, með leyfi hæstv. forseta: „Það felur í sér merkt nýmæli og tímabæra samræmingu margra þátta heilbrigðiseftirlitsins.“

Af ábendingum þeim, sem frá Læknafélaginu komu, hefur heilbr.- og félmn. hv. Nd. tekið nokkrar til greina og flutt um þær brtt. við frv. Ég skal hér aðeins nefna tvær eða þrjár af þeim breytingum. Það er þá í fyrsta lagi í sambandi við heimild sveitarfélaga til að sameinast um heilbrigðisnefndir og eftirlit. Í frv. eins og það var lagt fram í hv. Nd. segir, að heimilt skuli vera að sameina umdæmi heilbrigðisnefnda eða m.ö.o. með leyfi ráðh. er sveitarfélögum innan sama læknishéraðs öðrum en kaupstöðum og kauptúnshreppum heimilt að sameina umdæmi heilbrigðisnefnda, þannig að það nái yfir tvo eða fleiri hreppa.

Á frv. var gerð sú breyting í hv. Nd., að heimildin var víkkuð þannig, að kaupstaðir og kauptúnshreppar voru ekki þarna undanskildir, heldur er heimildin til samninga almenn án tillits til þess, hvort um er að ræða kaupstaði eða kauptúnshreppa eða önnur sveitarfélög.

Þá var ein sú ábending frá Læknafélaginu, að Reykjavíkursvæðið allt verði sett undir eitt og sama heilbrigðiseftirlit. Af þessu tilefni var frv. og þessi ábending send til umsagnar sveitarfélaga hér í nágrenninu, svo og til Reykjavíkurborgar, en umsagnir þeirra aðila voru ekki jákvæðar utan umsögn frá Seltjarnarneshreppi, og í umsögnum sveitarfélaganna hér í nágrenninu kemur það fram, að þau telji eðlilegri þá stefnu, að þessi smærri sveitarfélög, þar sem þéttbýli að vísu er allmikið, sameinist þá um heilbrigðiseftirlit, en hins vegar hefur Reykjavíkurborg það mikla sérstöðu, að það var ekki talið eðlilegt að sameining þessara nágrannasveitarfélaga og höfuðborgarinnar mundi verða heppileg.

Ég skal svo ekki hafa fleiri orð um frv., en eins og fram kemur í nál. á þskj. 303, hefur n. rætt frv. og leggur til, að það verði samþykkt, en einstakir nm. áskildu sér þó rétt til að flytja brtt. við það eða fylgja brtt., sem kynnu fram að koma. Hv. 1. þm. Vesturl. var fjarstaddur, þegar málið var afgreitt í n.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
2.–6. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
7.–9. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
10.–19. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 17 shlj. atkv.

Á 55. fundi í Ed., 6. marz, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 330).

---

22. Þjóðskjalasafn Íslands.

Á 13. fundi í Nd., 11. nóv., var útbýtt:
Frv. til l. um Þjóðskjalasafn Íslands [51. mál] (stjfrv., A. 54).

Á 15. fundi í Nd., 14. nóv., var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 16. fundi í Nd., 18. nóv., var frv. aftur tekið til 1. umr.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Þetta frv. er þáttur í þeirri fyrirætlan, að Alþ. setji nýja löggjöf um ríkisskjalasöfnin öll. Gildandi lög um Þjóðskjalasafn eru frá árinu 1915, mjög fáorð, en reglugerð var áður gefin út, og hefur hún raunverulega verið sá grundvöllur, sem starf safnsins hefur hvílt á. Þess vegna þótti nú tímabært um leið og lögð hafa verið fram frv. um hin ríkissöfnin að leggja einnig fram frv. um Þjóðskjalasafn Íslands, sem í aðalatriðum hvílir á sama grundvelli og þau frv., sem hafa verið flutt um Landsbókasafn, Þjóðminjasafn og Listasafn. Það er rétt, að það komi fram hér, að þó lagasetningarnar um Þjóðskjalasafn hafi ekki verið margar né margbrotnar, þá hefur þó á grundvelli gildandi reglugerðar verið um að

ræða ýmis nýmæli í starfsemi safnsins á undanförnum árum. Þess er fyrst að geta, að 1952 komu mormónar hingað og fengu leyfi til þess að taka míkrófilmur af öllum helztu ættfræðiheimildum skjalasafnsins, þ. á m. manntölum, kirkjubókum, dómabókum og skiptabókum, eins og þeim var þá raunar heimilað í öllum meiri háttar skjalasöfnum annars staðar á Norðurlöndum og víðar. Þjóðskjalasafnið fékk, sér að kostnaðarlausu, eitt eintak af hverri spólu, sem þeir tóku hér, og áskotnuðust safninu þar um 1000 spólur, og þar með ágæt lestrarvél, og var þetta stofn að ágætu og mjög handhægu míkrófilmusafni í Þjóðskjalasafni, sem síðan hefur verið lögð rækt við að auka með ári hverju.

Árið 1959 var einnig byrjað að afrita gömul manntöl skjalasafnsins á vél til afnota fyrir gesti í stað frumritanna, sem lágu undir beinni hættu og skemmdum af völdum mikillar notkunar. Slík afrit liggja nú fyrir af manntölum 1870, 1880, 1890, 1920 og 1930, og verið er nú af kappi að vinna að því að afrita manntalið 1860. Þetta hefur forðað dýrmætum frumskjölum frá eyðileggingu.

Fyrir fjórum árum var í svipuðum tilgangi byrjað að ljósrita gamlar kirkjubækur skjalasafnsins, sem allt of lengi hafa sætt mikilli ofnotkun og þess vegna beinlínis legið undir skemmdum. Þá er rétt að geta þess þáttar í starfsemi Þjóðskjalasafnsins, sem er þýðingarmikill þáttur skjalavörzlunnar, en það er skjalaviðgerðarstofnun, sem komið er á fót á árunum 1964-1965, en hún annast einnig handritaviðgerðir fyrir Landsbókasafn og Handritastofnun. Hefur á þessari nýju deild innan Þjóðskjalasafnsins verið unnið ómetanlegt starf að varðveizlu skjala og annarra dýrmætra heimilda. En stærsta og merkasta nýjungin í starfi Þjóðskjalasafnsins á undanförnum árum er þó sú, að smám saman hafa verið keyptir stálskápar á rennibrautum, sem síðan 1964 hefur verið komið fyrir í skjalageymslurými safnsins á tveim hæðum af þeim fimm, sem safnið hefur til umráða í vesturenda Safnahússins. Hér er ekki aðeins um að ræða nýjar og mjög fullkomnar geymslur fyrir skjöl safnsins, heldur er hér einnig um að ræða verulega aukningu á geymslurými hússins, en við þessa endurbót hefur geymslurými þess aukizt um því sem næst 60%. Þetta hefur að sjálfsögðu allt verið hægt að gera án þess að til þess hafi þurft sérstakan lagagrundvöll, og verður þessu starfi að sjálfsögðu haldið áfram. En um t. d. handritaviðgerðarstofnunina voru engin ákvæði, hvorki í gömlu l. eða gildandi l. né heldur í reglugerðinni, en ákvæði eru tekin upp um starfsemi hennar og hlutverk í þetta frv. Þá eru lagaákvæði um starfsmenn safnsins, launakjör þeirra og fjölda og skipunarhátt, samræmd því, sem er í hinum frv., sem lögð hafa verið fyrir hið háa Alþingi.

Að svo mæltu leyfi ég mér, herra forseti, að leggja til, að málinu verði vísað að lokinni þessari umr. til 2. umr. og hv. menntmn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 28 shlj. atkv. og til menntmn. með 29 shlj. atkv.

Á 21. fundi í Nd., 2. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 54, n. 109).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.

2.–7. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 21 shlj. atkv.

Á 22. fundi í Nd., 3. des., var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 32 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 21. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 22. fundi í Ed., 5. des., var frv. tekið til 1. umr.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Þetta frv. er komið frá hv. Nd. og var þar samþ. óbreytt og samhljóða. Flutningur frv. er þáttur í þeirri viðleitni að setja nýja löggjöf um öll íslenzku söfnin, en löggjöfin um Þjóðskjalasafn er frá árinu 1915, mjög stutt og í raun og veru ófullkomin löggjöf, en reglugerð frá árinu eftir er nokkru fullkomnari, nokkru orðfleiri, og hefur safninu í raun og veru verið stjórnað á grundvelli hennar allar götur síðan. Efni frv. er einfalt. Þar er rakið, hvert skuli vera hlutverk Þjóðskjalasafnsins og svo sett hliðstæð ákvæði um stjórn safnsins og skipun bókavarða og eru í l. eða frv., sem fyrir liggja um hin ríkissöfnin. Þá er enn fremur ákvæði um það, að starfrækja skuli viðgerðarstofu skjala og handrita og starfi hún jafnframt fyrir Landsbókasafn og Handritastofnun, en þessari stofnun var komið á fót fyrir nokkrum árum, án þess að nokkur lagaákvæði væru um það sett. Eru hér í fyrsta skipti sett lagaákvæði um viðgerðarstofuna, sem veitt hefur verið fé til á fjárlögum.

Þótt lagasetning og reglugerðarákvæði um þessa stofnun hafi verið jafnfyrirferðarlítil og einföld og raun ber vitni, þá merkir það að sjálfsögðu ekki það, að ekki hafi átt sér stað veruleg þróun á undanförnum árum í málefnum Þjóðskjalasafnsins. Er þar fyrst og fremst að geta þeirra nýjunga, að húsakynni Þjóðskjalasafnsins voru endurbætt stórlega og aðstaða öll fyrir skömmu á þann hátt, að þar var komið fyrir nýjum stálskápum á rennibrautum, það mun hafa verið 1964, á tveimur hæðum af þeim fimm, sem safnið hefur til umráða í vesturenda Safnahússins við Hverfisgötu. Var þetta ekki aðeins stórkostleg endurbót á vörzlu skjalanna, sem þar eru geymd, heldur verulegur sparnaður vegna betri nýtingar á geymslurými safnsins. — Ég gat áðan um handritaviðgerðarstofuna, sem safnið ræki og þjónaði einnig Landsbókasafni og Háskólabókasafni. Aukinn starfsmannafjöldi í Þjóðskjalasafni og bætt húsnæðisaðstaða hefur gert það kleift að hefja þar ýmis nýmæli, svo sem t.d. að afrita gömul manntöl skjalasafnsins á vél til afnota fyrir gesti þess í stað frumritanna, sem fyrir löngu voru farin að láta verulega á sjá og lágu raunar undir skemmdum af völdum ofnotkun-

ar. Eru nú til í því tæki afrit af manntölunum 1870, 1880, 1890, 1920 og 1930, og verið er að afrita manntalið fyrir 1860. Fyrir 4 árum var í svipuðum tilgangi byrjað að ljósrita gamlar kirkjubækur skjalasafnsins, sem allt of lengi hafa sætt beinni ofnotkun, og er unnið rækilega að ljósritun þessara mikilvægu skjala.

Þetta vona ég að dugi, herra forseti, til skýringar á því einfalda máli, sem hér er um að ræða. Ég óska þess, að að lokinni þessari 1. umr. verði málinu vísað til 2. umr. og til hv. menntmn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv. og til menntmn. með 16 shlj. atkv.

Á 54. fundi í Ed., 4. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 54, n. 302).

Frsm. (Auður Auðuns): Herra forseti. Menntmn. hefur athugað þetta frv. til l. um Þjóðskjalasafn Íslands. Ef frv. þetta verður að lögum, sem reyndar má nú nokkurn veginn víst telja, leysir það af hólmi núgildandi lög, sem eru orðin meira en hálfrar aldar gömul, en gildandi lög eru nr. 39 frá 1915. Þau lög eru ekki mikil að vöxtum, aðeins tvær stuttar lagagr., en hins vegar er allítarlegar reglur um starfsemi Þjóðskjalasafnsins að finna í reglugerð frá 1916. Eins og kemur fram í nál. á þskj. 302, leggur n. til, að frv. verði samþ., en hins vegar er rétt, að það komi hér fram, þegar mælt er fyrir nál., að í menntmn. kom það til athugunar, hvort ástæða væri til að kveða í sjálfum l. nánar á um afhendingarskyldu skjala til Þjóðskjalasafns, skjala opinberra embætta og stofnana, en að slíkri afhendingarskyldu er vikið í 1. tölulið 2. gr. frv.

Í reglugerðinni frá 1916 eru ákvæði um það, hvenær slík skjöl séu afhendingarskyld, og jafnframt taldar upp þær stofnanir og embætti, sem undir þetta falla. Aðalreglan er sú, að skjöl séu afhendingarskyld, þegar 20 ár eru liðin frá því, að þau fyrst voru tekin í notkun, en þó ekki á meðan þau enn eru notuð, þ.e.a.s. bækur embætta og stofnana hafa enn ekki verið skrifaðar út til fulls. Þetta ákvæði reglugerðarinnar um afhendingarskyldu er þó túlkað þannig, að rn. geti leyft, að skjöl, sem skylt er orðið að afhenda, séu áfram við embætti eða stofnun, og það mun líka svo vera með ýmsar bækur, m.a. t.d. veðmálabækur o.fl. varðandi réttindi yfir fasteignum o.s.frv. Þjóðskjalasafnið hefur, að ég ætla, ekki gengið mjög ríkt eftir afhendingu skjala nema þá að sjálfsögðu þeirra, sem eru sérlega þýðingarmikil, en ég býst líka við, að safninu muni vera orðinn nokkur vandi á höndum að ganga ríkt eftir afhendingu skjala, því að skortur á geymslurými er vandamál, sem Þjóðskjalasafnið og slík söfn reyndar víða um lönd horfast í augu við og verður erfiðara viðfangs með hverju ári sem líður, vegna þess að stöðugt eykst magn það af skjölum, sem hrúgast upp hjá embættum og stofnunum, sem varðveita þarf. Rétt er að geta þess, enda kemur það fram í aths. við frv., að nýlega hefur verið bætt mjög um í þeim efnum í skjalageymslum Þjóðskjalasafns, en með nýtízkuútbúnaði í skjalageymslum og varðveizlu skjala á míkrófilmum, sem mér er sagt, að muni nú þó vera æðikostnaðarsamt, mun m.a. vera hægt að leysa vandann að vissu marki, en þó ljóst, að því eru takmörk sett, hve langt slíkar aðgerðir hrökkva.

Ég skal að lokum geta þess, að í viðtali við núverandi þjóðskjalavörð lét hann í ljós, þegar það var undir hann borið, hvort hann hefði nokkuð við það að athuga eða teldi ekki eðlilegt, að í l. sjálfum yrði ákvæði um tímamörk afhendingarskyldu, að hann áleit, að 20 ára viðmiðun með þeim takmörkunum, sem áður er getið, væri mjög eðlileg. En hins vegar áleit hann þó, að þegar víss árafjöldi, og það ætla ég, að hann hafi nefnt 50 ár, er liðinn frá því, að skjöl fyrst voru tekin í notkun, ættu þau fortakslaust að vera afhendingarskyld, þó að þau séu ekki fullnotuð, þ.e.a.s. embættisbækur, sem ekki hafa verið skrifaðar út til fulls, og nefndi í því sambandi t.d. kirkjubækur í mjög fámennum söfnuðum.

Eftir að málið hafði verið rætt eða þessi hugmynd hafði verið rædd í n., var þó niðurstaðan sú, að n. flytti ekki brtt. við frv., en í framsögu yrði hins vegar getið þessara umr. í n.

Ég skal svo ekki fjölyrða frekar um málið nema tilefni gefist til og vísa þá aftur til nál. á þskj. nr. 302, þar sem segir, að n. hafi athugað frv. og leggi til, að það verði samþ.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
2.–7. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 16 shlj. atkv.

Á 55. fundi í Ed., 6. marz, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 331).

---

23. Ráðstafanir vegna flutninga sjósaltaðrar síldar af fjarlægum miðum.

Á 15. fundi í Ed., 18. nóv., var útbýtt:

Frv. til l. um ráðstafanir vegna flutninga sjósaltaðrar síldar af fjarlægum miðum sumarið 1968 [68. mál] (stjfrv., A. 87).

Á 16. fundi í Ed., 19. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Félmrh. (Eggert G. Þorsteinsson): Herra forseti. Eins og fram kemur af þskj. þessa máls, þá er það flutt til staðfestingar á brbl., sem samkomulag varð um að setja á s.l. vori, skömmu eftir lok síðasta Alþ., og voru till. nefndar um þann vanda, sem fyrirsjáanlega framundan var, vegna þeirrar fjarlægðar, sem síldin var í frá hinum venjulegu íslenzku miðum. Lögin voru gefin út í framhaldi af till. umræddrar nefndar, sem skipuð hafði verið hinn 20. febr. s.l. til að gera till. um ráðstafanir til að leysa eftir því sem tök yrðu á þann vanda, sem

skapaðist við það, að orðið hefur að sækja síldina á fjarlæg mið. Þessi lög eru aðeins einn þáttur í mörgum alhliða ráðstöfunum, sem gerðar voru s.l. vor til bættrar þjónustu við síldveiðiflotann á fjarlægum miðum. Eftir að lögin höfðu verið gefin út, var gefin út reglugerð um ráðstafanir vegna flutninga saltaðrar og ísvarinnar síldar af fjarlægum miðum á þessu sumri. Lögin og reglugerðin fjölluðu um lántökuheimildir, framkvæmd og greiðslukostnað við þessa flutninga. Síldarútvegsnefnd var falið að hafa á hendi framkvæmd flutninga saltaðrar síldar af fjarlægum miðum til hafna hér á landi á þessu sumri. Var nefndinni heimilað að taka á leigu flutningaskip í þessu skyni og að gera þær aðrar ráðstafanir, sem nauðsynlegar teljast til að tryggja framgang flutninganna. Ákveðið var að greiða 130 kr. í flutningastyrk á fiskipakkaða tunnu til þeirra veiðiskipa og móðurskipa, sem fluttu saltaða síld af fjarlægum miðum til íslenzkra hafna. Enn fremur var heimilað að verja allt að 3 millj. kr. til að styrkja flutninga á ísvarinni síld af fjarlægum miðum.

Síldarútvegsnefnd tók á leigu 2 skip, Caterine og Laxá, til síldarflutninganna. Skipin fluttu tiltölulega mjög lítið magn á land, en á hinn bóginn veittu þau mjög verðmæta og vinsæla þjónustu með því að sjá skipunum fyrir tunnum og salti. Sjósaltaðar voru rúml. 66 þús. tunnur, eða rúmur þriðjungur þess magns, sem enn þá hefur tekizt að salta upp í gerða samninga, og nam flutningastyrkur á sjósaltaða síld rúml. 8.5 millj. kr. Ísvarin og kæld síld, sem greiddur var flutningastyrkur með, nam tæpum 35 þús. tunnum, og greiddar voru rúmar 2 millj. kr. í slíkan flutningastyrk. Samtals voru því greiddar 10 ½ millj. kr. í flutningastyrk samkv. lögunum, eða á samt. 100 þús. tunnur saltsíldar. Ekki þarf að útlista það, að með þessu móti hefur síldin orðið miklu verðmætari vara en hún er til bræðslu. Segja má, að flutningastyrkirnir hafi ótvírætt orðið til þess, að mikið magn var saltað um borð í veiðiskipunum, en í vor töldu margir, að erfitt mundi reynast að fá sjómenn til að salta um borð í veiðiskipunum sjálfum. Þótt flutningaskipin hafi flutt lítið magn á land, er það þó álit margra, er að sjósöltuninni hafa staðið, að aðstoð flutningaskipanna sé meginforsenda þess, að sjósöltun í mörgum tilfellum fór fram. Einnig er á það að líta, að sumir skipstjórar hefðu e.t.v. farið öðru vísi að og hagnýtt sér betur þessa þjónustu, ef þeir hefðu haft þá reynslu í vor, sem þeir fengu á þessu sumri. Óhikað má segja, að reynslan af þessum tilraunum með flutninga saltaðrar og ísvarinnar síldar í sumar hafi reynzt veiðiflotanum mjög mikilvæg. Við ættum að geta undirbúið næsta sumar síldarvertíð með hliðsjón af þessari reynslu mun betur en okkur tókst í vor. Þá er á það að líta, að flutningarnir hafa orðið okkur að öðru leyti mjög verðmætir. Talið er, að flutningar þessir hafi stórbætt aðstöðu okkar á sænska, finnska og rússneska markaðnum frá því, sem útlit var fyrir. Við höfum á ný vakið traust kaupenda saltsíldar með því að sýna vilja og getu til að framleiða saltsíld að sumrinu til, þótt engin síld veiddist í námunda við landið á þeim árstíma. Er það einkum mikils virði, þar sem síldarsöltun í haust hefur verið mjög lítil og kom seint til, og hefur sú þróun ekki sízt aukið gildi sjósöltunarinnar í sumar.

Ég tel ekki þörf á því, herra forseti, að fara nánar út í einstakar greinar frv., þær eru svo ljósar og skýrar, að þess gerist ekki þörf. Ég vildi mega vænta þess, að frv. yrði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og háttv. sjútvn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til sjútvn. með 15 shlj. atkv.

Á 22. fundi í Ed., 5. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 87, n. 111).

Frsm. (Pétur Benediktsson): Herra forseti. Á s.l. vetri var skipuð nefnd til að gera till. um hagnýtingu síldar af fjarlægum miðum sumarið 1968, og bar hún fram till. um flutninga á síld, sem söltuð yrði um borð í skipum, og um greiðslu kostnaðar við þá flutninga. Samtök sjómanna, útvegsmanna og síldarsaltenda lýstu sig samþykk þessum till., og með því að brýna nauðsyn þótti til bera að gera ráðstafanir í þessu efni, voru sett brbl. um málið hinn 10. maí s.l.

Frv. það, sem hér liggur fyrir, er fram borið til staðfestingar á þessum brbl., og hefur það legið fyrir sjútvn. til athugunar og nefndin orðið einhuga um að leggja til, að það verði samþ. óbreytt. Leyfi ég mér því að fara fram á, að frvgr. verði samþ. eins og þær liggja fyrir hv. Ed. og að frv. verði vísað til 3. umr.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
2.–6. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Á 23. fundi í Ed., 9. des., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 24. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á 26. fundi í Nd., 10. des., var frv. tekið til 1. umr.

Félmrh. (Eggert G. Þorsteinsson): Herra forseti. Frv. það, sem hér liggur fyrir um ráðstafanir vegna flutninga sjósaltaðrar síldar af fjarlægum miðum sumarið 1968, er flutt til staðfestingar brbl., sem út voru gefin 10. maí s.l. Eftir að l. höfðu verið gefin út, var gefin út reglugerð um ráðstafanir vegna flutninga saltaðrar og ísvarinnar síldar af fjarlægum miðum á þessu sumri. Lögin og reglugerðin fjalla um lántökuheimildir, framkvæmd og greiðslu kostnaðar við þessa flutninga. Síldarútvegsnefnd var falið að hafa á hendi framkvæmd flutninga saltaðrar síldar af miðunum til hafna hér á landi á þessu sumri, og var n. falið að taka á leigu flutningaskip í þessu skyni og gera þær aðrar ráðstafanir, sem nauðsynlegar teljast til að tryggja framgang flutninga. Ákveðið var að greiða 130 kr. í flutningastyrk á fiskipakkaða tunnu, til þeirra veiðiskipa og móðurskipa,

sem fluttu saltaða síld af fjarlægum miðum til íslenzkra hafna. Enn fremur var heimilað að verja allt að 3 millj. kr. til að styrkja flutninga á ísvarinni síld af fjarlægum miðum. Segja má, að flutningastyrkirnir hafi ótvírætt verið til þess, að meira magn var saltað um borð í veiðiskipunum í vor, en í vor töldu margir, að erfitt mundi reynast að fá sjómenn til að salta. Þótt flutningaskipin hafi flutt lítið magn á land, er það þó álit mjög margra, sem að sjósöltuninni hafa staðið, að aðstoð flutningaskipanna sé meginforsenda þess, að sjósöltunin fór fram. Óhikað má segja, að reynslan af þessum tilraunum með flutninga saltaðrar og ísvarinnar síldar í sumar sé mjög mikilvæg. Við ættum að geta undirbúið næstu sumarsíldarvertíð með hliðsjón af þeirri reynslu, sem í sumar fékkst. Þá er á það að líta, að flutningarnir hafa orðið okkur að öðru leyti mjög verðmætir. Talið er, að flutningar þessir hafi stórbætt aðstöðu okkar á sænska, finnska og rússneska markaðinum frá því, sem útlit var fyrir. Við höfum á ný vakið traust kaupenda saltsíldar með því að sýna vilja og getu til að framleiða saltsíld að sumrinu til, þótt engin síld veiddist í námunda við landið á þeim árstíma. Það er einkum mikils virði, að þar sem síldarsöltun í haust hefur verið mjög lítil og komið seint til, hefur sú þróun mála ekki sízt aukið gildi sjósöltunarinnar frá s.l. sumri.

Herra forseti. Ég tel óþarft að hafa um frv. fleiri orð nema sérstakt tilefni gefist til, en legg til, að málinu verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. sjútvn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 26 shlj. atkv. og til sjútvn. með 26 shlj. atkv.

Á 64. fundi í Nd., 13. marz, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 65. fundi í Nd., 17. marz, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 87, n. 338).

Frsm. (Birgir Finnsson): Herra forseti. Það er alkunna, að á síðustu árum hafa orðið miklar breytingar á hegðun síldarinnar hér við land. Síldin hefur fjarlægzt landið, og í sambandi við þessa breytingu hafa skapazt ýmis vandamál, bæði hvað það snertir að stunda síldveiðarnar og eins hvað það snertir að sjá síldveiðiflotanum fyrir ýmiss konar þjónustu og nauðsynjum. Það frv., sem hér liggur fyrir um ráðstafanir vegna flutninga sjósaltaðrar síldar af fjarlægum miðum sumarið 1968, er lagt fyrir hv. Alþ. til staðfestingar á brbl., sem gefin voru út s.l. vor í sambandi við það vandamál, sem ég gat um áðan. Snemma árs, eða skömmu eftir áramót s. l. ár, hóf Síldarútvegsnefnd viðræður við ýmsa aðila, sem þetta mál snertir, og sömuleiðis lét Farmanna- og fiskimannasamband Íslands sig þetta mál varða og átti um það viðræður við sjútvn. beggja þd. á þinginu í fyrra. Upp úr þessum viðræðum kom svo það, að sjútvmrh. skipaði 5 manna n. undir formennsku Jóns L. Arnalds deildarstjóra í rn. til þess að gera till. um ráðstafanir í þessu efni.

Frv., sem hér liggur fyrir, snertir eingöngu flutninga sjósaltaðrar síldar af fjarlægum miðum sumarið 1968. Hygg ég, að óhætt sé að segja, að það sé almenn skoðun þeirra, sem þetta mál snertir, að þær ráðstafanir, sem gerðar voru á grundvelli brbl., hafi komið að mjög góðu gagni. Árangurinn varð sá, að það voru sjósaltaðar um 66 þús. tunnur síldar lengst norður í höfum og fluttar hingað heim til þess að fullverka og fullvinna. Þessi starfsemi hafði m.a. þá þýðingu, að það reyndist unnt að koma saltsíld á finnska markaðinn, sem hefur verið ágætur markaður fyrir saltsíld okkar, fyrr en ella hefði orðið. En það hefur legið við borð, að finnski markaðurinn glataðist okkur alveg vegna þess, að í lengri tíma hefur ekki verið hægt að standa við það að afgreiða síld til Finnanna nógu snemma. Það blandast að vísu fleira inn í markaðsmálin í Finnlandi, sem ég ætla ekki að gera að umræðuefni í þessu sambandi. En þetta hafði þýðingu að þessu leyti s.l. ár. Í brbl. fólust lántökuheimildir, ákvæði um framkvæmd síldarflutninganna og ákvæði um greiðslu kostnaðar vegna flutninga saltsíldar af fjarlægum miðum, og var Síldarútvegsnefnd falin framkvæmd brbl. að þessu leyti. Það var heimilað samkv. brbl. að taka á leigu allt að 5 flutningaskip, en reyndin varð sú, að ekki voru tekin á leigu nema tvö flutningaskip. Það sýndi sig, að veiðiskipin notuðu sér ekki, eins og búizt hafði verið við, þá möguleika, sem fyrir hendi voru til að flytja síldina eftir að hún var komin í tunnurnar, til lands með flutningaskipunum. Aftur á móti notuðu þau sér það að geta keypt tómar tunnur beint úr skipunum á miðunum, og að þessu leyti fékkst nokkur reynsla, sem sjálfsagt kemur að góðu haldi, þegar síldarvertíð verður undirbúin fyrir þetta ár, eins og nú er þegar byrjað að ræða um. Það var ákveðið að greiða 130 kr. á fiskipakkaða tunnu í flutningastyrk til veiðiskipa og móðurskipa, sem fluttu síldina að landi.

Brbl. gerðu ekki ráð fyrir, að greiddur yrði sérstakur styrkur vegna ísvarinnar síldar, en þegar leið á vertíðina, voru allir aðilar, þ. e. Síldarútvegsnefnd og fulltrúar útgerðarmanna og sjómanna, sammála um, að það væri mjög æskilegt að greiða styrk á ísvarða síld. Í reglugerð, sem sett var um þetta, var svo heimilað að verja allt að 3 millj. kr. í þessu skyni, eða sem svaraði 60 kr. styrk á 50 þús. tunnur, en með þessu móti voru fluttar að landi 35 þús. tunnur, sem nutu þessa 60 kr. styrks á tunnu. Lögin gerðu ekki beinlínis ráð fyrir þessu, en þetta var tekið upp í reglugerðina með samþykki allra aðila, sem hagsmuna eiga að gæta. Við meðferð hv. Alþ. á þessu frv. í þessari hv. d. hefur sjútvmrn. því óskað eftir, að frv. yrði breytt þannig, að inn í það kæmi afdráttarlaus heimild til þess að verja þessu fé þannig, og leyfi ég mér að vísa nánar um þetta atriði til bréfs sjútvmrn., sem er dags. 28. febr. þetta ár og er birt sem fskj. með nál. sjútvn. á þskj. 338. Ég hygg, að það sé skoðun allra, sem til þekkja, að flutningastyrkurinn á ísvörðu síldina eigi fyllsta rétt á sér. Hann bjargar því, að það er hægt að flytja síldina óskemmda að landi lengri leið en annars.

Ég skal svo ekki fjölyrða frekar um þetta mál. Ég álít, eins og ég sagði áðan, að reynslan í þessu efni s.l. ár sé mjög dýrmæt. Það er talið af kunnugum, að búast megi við, að sjósöltun á þessu ári verði meiri en hún reyndist í fyrra vegna þess, að sjómennirnir og þá aðallega skipstjórarnir á bátunum hafa sannfærzt um, að þetta er framkvæmanlegt með þessu móti. Einnig sýndi það

sig, að sú vara, sem framleidd var á þennan hátt, var í alla staði góð. A.m.k. er óhætt að segja, að hún hafi verið lítið gölluð. Alltaf má búast við einhverjum göllum á síld, hvort sem hún er söltuð á landi eða sjó, en þetta tókst furðanlega vel, og þess er vænzt, að á þessu ári muni flest eða öll þau skip, sem fara á annað borð á síldveiðar á norðlægar slóðir, leitast við að koma sem mestu af veiði sinni í salt, enda er síldin unnin á þann hátt margfalt verðmætari en ef hún er látin fara í bræðslu.

Það er ekki enn sem komið er hægt að segja neitt um það, hve mörg skip muni fara til síldveiða þarna norður í höf á þessu ári, en kunnugir menn gizka á, að þau verði 60–70, og talið er, að 25–30 skip muni stunda síldveiðar í Norðursjó og sigla með afla sinn beint til löndunarhafna í Þýzkalandi og e.t.v. víðar, eins og nokkur skip gerðu með allgóðum árangri s.l. ár. En á undirbúningsfundi, sem síldarútvegsnefnd hélt nýlega með fulltrúum hinna ýmsu aðila, sem þarna eiga hlut að máli, komu fram mjög eindregnar óskir um það, að sjútvmrh. skipaði undirbúningsnefnd á sama hátt og gert var í fyrra til þess að gera till. um þessi mál í heild, ekki aðeins að því er snertir flutninga á sjósaltaðri síld, heldur einnig að því er tekur til læknisþjónustu, viðgerðarþjónustu og ýmissa annarra atriða í sambandi við þessar úthafsveiðar okkar.

Ég leyfi mér svo, herra forseti, að leggja til fyrir hönd sjútvn. d., að frv. verði samþ. með þeim breytingum, sem n. leggur til á þskj. 338. Þetta mál er komið frá hv. Ed. til þessarar hv. d. og þarf því, ef brtt. n. verða samþ., að fara á ný fyrir hv. Ed.

ATKVGR.
Brtt. 338,1 samþ. með 23 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 23 shlj. atkv.
2.–6. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Brtt. 338, 2 samþ. með 23 shlj. atkv.
Fyrirsögn, svo breytt, samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 23 shlj. atkv., með fyrirsögninni:
Frv. til l. um ráðstafanir vegna flutninga sjósaltaðrar og ísvarinnar síldar af fjarlægum miðum sumarið 1968.

Á 66. fundi í Nd., 18. marz, var frv. tekið til 3. umr. (A. 363).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 22 shlj. atkv. og endursent Ed.

Á 59. fundi í Ed., 19. marz, skýrði forseti frá, að frv. væri endursent frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 62. fundi í Ed., 24. marz, var frv. tekið til einnar umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 388).

---

24. Lífeyrissjóður barnakennara.

Á 28. fundi í Sþ., 12. febr., var útbýtt frá Nd.:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 85 30. des. 1963, um Lífeyrissjóð barnakennara [139. mál] (stjfrv., A. 252).

Á 44. fundi í Nd., 13. febr., var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 23 shlj. atkv.

Á 59. fundi í Nd., 4. marz, var frv. tekið til 2. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 60. fundi í Nd., s. d., var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 252, n. 298).

Frsm. (Bragi Sigurjónsson): Herra forseti. Heilbr.- og félmn. tók mál þetta fyrir á fundi sínum 27. febrúar s.l. og varð sammála um að leggja til, að frv. væri samþ. óbreytt. Tveir nm., Jón Skaftason og Hannibal Valdimarsson, voru fjarstaddir, þegar málið var afgreitt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 24 shlj. atkv.

Á 61. fundi í Nd., 6. marz, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 22 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 55. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 56. fundi í Ed., 10. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Frv. þetta er einfalt í sniðum og er þess efnis, að veitt verði heimild til þess, að kennarar, sem starfa við einkaskóla, geti orðið aðilar að Lífeyrissjóði barnakennara. Það þótti brýna nauðsyn bera til að hafa þessa heimild mjög þrönga til þess að opna ekki óeðlilega gátt fyrir menn til þess að komast inn í lífeyrissjóðinn, og það þótti því eðlilegast að binda heimildina við það, að þetta væru stofnanir, sem féllu inn í fræðslukerfi ríkisins, og það væri staðfest af menntmrn., að viðkomandi skólar uppfylltu þessa kröfu. Eins og sakir standa er aðeins einn skóli, sem hér er um að ræða. Það er Landakotsskólinn í Reykjavík, sem hefur starfað um langan aldur, og forráðamenn skólans eiga við mikla erfiðleika að stríða vegna þess, að kennararnir fá ekki aðild að lífeyrissjóði. Þessi skóli hefur létt af barnaskólum hér í Reykjavík og sinnt mikilvægu hlutverki, og þykir þess vegna rétt og eðlilegt að ganga til móts við skólann að þessu leyti, svo að það kann að vera auðvitað, að fleiri

skólar komi til, þó að það sé ekki líklegt að sinni, að svo verði miðað við þá framkvæmd, sem er á þessum málum í sambandi við fræðsluskyldustigið. En ég sé ekki ástæðu til, herra forseti, að fara um þetta fleiri orðum, frv. er mjög einfalt í sniðum og auðskilið, en legg til, að því verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. fjhn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til fjhn. með 15 shlj. atkv.

Á 61. fundi í Ed., 20. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 252, n. 361).

Frsm. (Ólafur Björnsson): Herra forseti. Um efni þessa frv. leyfi ég mér að vísa til framsöguræðu hæstv. fjmrh. við 1. umr. málsins. Fjhn. hefur haft málið til athugunar, og eins og álit hennar á þskj. 361 ber með sér, leggja allir þeir nm., sem viðstaddir voru á þeim fundi, þegar málið var afgreitt, til, að það verði samþ. óbreytt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Á 62. fundi í Ed., 24. marz, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 389).

---

25. Yfirráðaréttur íslenzka ríkisins yfir landgrunninu.

Á 42. fundi í Nd., 10. febr., var útbýtt:
Frv. til l. um yfirráðarétt íslenzka ríkisins yfir landgrunninu umhverfis Ísland [131. mál] (stjfrv., A. 243).

Á 44. fundi í Nd., 13. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Utanrrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Meginefni þessa frv. er, að íslenzka ríkið fái fullan og óskoraðan umráðarétt yfir landgrunni Íslands að því er tekur til rannsókna á auðæfum landgrunnsins og vinnslu og nýtingu þeirra. Öll slík auðæfi skuli vera eign íslenzka ríkisins og skuli íslenzk lög gilda í einu og öllu í þessu efni. Þessi ákvæði taka til allra þeirra jarðefna, fastra, fljótandi og loftkenndra, sem finnast kunna í íslenzka landgrunninu, og allra annarra auðæfa þess, lífrænna og ólífrænna. Ástæðan til þess, að farið er fram á, að samþ. sé frv. um lögsögu íslenzka ríkisins yfir landgrunninu kringum Ísland, er auðvitað fyrst og fremst sú, að með vaxandi tækni er nú hægt að vinna þær auðlindir, sem í landgrunninu kunna að felast eins og stendur, allt út á 200 metra dýpi, en gera má ráð fyrir, að á næstu árum eða á næstunni verði komizt lengra og hægt verði að nýta þessa hluti, ef til eru, lengra út. En þá má náttúrlega spyrja, hvers vegna það hafi ekki verið ráðizt í það fyrirtæki fyrr að setja löggjöf eins og þessa. En því er til að svara, að eftir Genfarsamninginn 1958, þar sem strandríkjum var heimiluð lögsaga yfir landgrunninu, var það skoðun íslenzku nefndarinnar á Genfarfundinum, að Íslendingar tækju ekki þátt í því eða gerðust aðilar að þessum samningi vegna þess, að þeir vildu hafa hvort tveggja afgreitt í einu, yfirráðin yfir landgrunninu og yfirráðin yfir fiskistofnunum yfir landgrunninu.

Annað atriði, sem réði því líka, að menn voru ekkert sérstaklega fíknir í það að setja löggjöf eins og þessa, var það, að almennt hefur verið talið, að í eða undir landgrunninu kringum Ísland mundu ekki finnast nein verðmæt efni að ráði vegna þess, að Ísland væri svo ungt land og þess vegna litlar líkur til, að þar mundu finnast jarðefni, sem eftirsóknarverð væru. Þetta er ástæðan til þess, að ekki hefur verið fyrr hreyft þessu máli, en upp á síðkastið hefur það komið á daginn, að verðmæt jarðefni hafa fundizt, ég vil segja á hinum ólíklegustu stöðum. Það, sem næst okkur er á því sviði, er sá árangur, sem náðst hefur í Norðursjónum. Þar hafa þau lönd fjögur, sem liggja að Norðursjónum, Bretland, Holland, Danmörk og Noregur, skipt upp á milli sín Norðursjávarsvæðinu öllu og hafa hafið þar boranir, sem hafa gefið — ja, ég vil segja merkilega góða raun. Englendingar og Hollendingar hafa fundið þar jarðgas, sem er mjög verðmætt. Það hefur líka fundizt á norska svæðinu, og raunar olía líka, þannig að þar sem menn töldu litlar líkur til, að slík efni fyndust áður, þá hefur það verið afsannað nú með þeim árangri, sem náðst hefur á þessum svæðum.

Norðmenn hafa skipt sínu svæði í æðimarga reiti. *Þeir eru að mér skilst í kringum 500 ferkm að stærð hver* reitur, og þessir reitir eru nú þegar orðnir 278 og þar af 78 reitir, sem hafa verið leigðir til tilrauna og veittur þar réttur æðimörgum félögum, ég ætla 9 félögum, sem flest eru olíufélög eða í tengslum við olíufélög, áhugamannafélög um þessi mál, sem olíufélögunum eru tengd, og þeir hafa náð þar árangri, sem þeir telja sjálfir eftir þeim upplýsingum, sem fyrir liggja frá þeim, mjög athyglisverðan. Það er talið, að þessi jarðefni, sem þeir hafa fundið þegar, séu að verðmæti til margir milljarðar norskra króna, þannig að þarna eru fjársjóðir, sem áreiðanlega geta í framtíðinni komið að miklu gagni fyrir þá, sem fá aðstöðu til þess að nýta þá, og fyrir landið, sem veitir þessi vinnsluleyfi, sem væntanlega fær þá hluta af arðinum af þessum rekstri að svo miklu leyti, sem ríkið þá ekki vill sjálft taka þetta í sínar hendur. Þetta svæði, sem Norðmenn hafa tekið fyrir að leigja út, nær frá 62. gráðu norðurbreiddar, og erum við þá komnir nokkuð nærri suðurmörkum Íslands, þ. e. a. s. mælt á breiddargráðum, en þetta norska svæði liggur náttúrlega verulega miklu austar heldur en okkar svæði, og nú hafa Norðmenn aftur, árið 1968, boðið út 68 reiti til viðbótar og óskað eftir umsóknum frá mönnum, sem vilja nýta þessa möguleika.

Við þetta er að athuga, að þessar rannsóknir allar eru afar dýrar. Það hafa verið boraðar á norska svæðinu að mér skilst eitthvað rétt um 20 holur, sem sumar hafa gefið árangur og aðrar ekki. Þetta er mjög áhættusamt fyrirtæki. En þær, sem hafa gefið góða raun, eru það arðgæfar að því er virðist, að þær réttlæti það, að í þetta sé varið mörgum millj. norskra kr. Það er talið, að hver borun kosti á dag hátt í 200 þús. n. kr., og er þess vegna sýnilegt, að þarna er um geysilegan kostnað að ræða.

Hér við Ísland hafa ekki verið framkvæmdar neinar rannsóknir, þannig að við vitum ekki, hvort um nein slík verðmæti er hér að ræða. Jarðfræðingar hafa ekki treyst sér til að láta í ljósi ákveðna skoðun á því, en segja hins vegar, að það sé ekki útilokað, að hér geti verið um eitthvað slíkt að ræða. Ríkisstj. telur þess vegna mjög æskilegt og nauðsynlegt, að þetta sé athugað og að við helgum okkur þessi verðmæti og tryggjum það, að þau lendi ekki á annarra manna höndum. Þessi réttindi, sem Ísland þannig helgar sér eða tryggir sér, eru ekki takmörkuð, hvorki niður á við né út á við. Landgrunnið sjálft er ekki skilgreint með föstum tölum, ákveðnum km-tölum. Það var að vísu á undanförnum árum talið, að það væri eðlilegt, að landgrunnið næði út á 200 m dýpi, og með því hefur verið reiknað í flestum tilfellum, en í Genfarsamningnum frá 1958 er gert ráð fyrir, að mörkin geti verið tvenns konar, annaðhvort 200 m dýptarlínan eða takmörkin fyrir því, sem hægt er að vinna. Og þess vegna eru í þessu frv. sett þau mörk, að landgrunnið íslenzka teljist í merkingu þessara laga ná svo langt út frá ströndum landsins sem unnt reynist að nýta auðæfi þess. Þetta er talið öruggara heldur en miða við 200 m mörkin eins og áður var gert vegna þess, að til er komin eða er að koma til svo fullkomin tækni, að hægt er að framkvæma þessar boranir lengra út heldur en út á 200 m dýptarlínu.

Fjöldi landa hefur tryggt sér þennan rétt. Eftir 1958 hafa 16 lönd helgað sér sitt landgrunn, sem talin eru upp í grg. frv., og áður höfðu um 20 ríki tryggt sér þennan rétt, og eru þau líka talin upp í grg. fyrir frv. Norðurlöndin hafa öll farið út í að tryggja sér þessi réttindi og búast við að nýta þessi auðæfi, sem þegar hafa fundizt hjá þeim, og eru þegar byrjuð á því. Ég held, að það sé ekki ástæða til, að ég fari um þetta fleiri orðum. Málið liggur ákaflega ljóst fyrir. Þetta eru auðæfi, sem við þurfum að helga okkur, ef til eru. Það er sýnt, að málin bæði, sem fyrst var miðað við, að yrðu samferða, nýting sjálfs landgrunnsins og fiskveiðimarkalínan, geta ekki fylgzt að eins og nú horfir, og verðum við sjálfsagt að láta okkur nægja eins og er að taka það, sem fáanlegt er. Að hinu vinnum við svo í framtíðinni að reyna að tryggja okkur einnig fiskveiðiréttindin á þessu svæði eða yfir þessu landi.

Ég vildi svo leyfa mér, herra forseti, að leggja til, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. allshn. líklega.

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. Ég vil láta í ljós ánægju með, að þetta frv. er komið fram og lýsa stuðningi við það. Þetta er stórmál, og yrði vafalaust erfitt úr að bæta, ef mistök yrðu á því að helga þjóðinni landgrunnið. Það er því áreiðanlega tímabært að taka af skarið um yfirráð Íslendinga yfir landgrunninu og því rétt að gera þetta frv. nú að lögum.

Magnús Kjartansson: Herra forseti. Hér er um að ræða mjög mikilvægt þjóðréttarlegt hagsmunamál fyrir okkur, og því þykir mér rétt þegar við 1. umr. að lýsa yfir því, að þingflokkur Alþb. er fylgjandi þessu sjálfsagða máli. Hins vegar eru vafalaust ýmis atriði, sem vert er að íhuga nánar í nefnd. Það geta komið upp nokkur álitamál, þegar þjóð helgar sér landgrunnið sjálft, en ekki hafið yfir því. Til að mynda sú spurning, hvernig á að meta yfirborð hafsbotnsins. Í 2. gr. er sagt, að ákvæði frv. nái til allra jarðefna, sem finnast kunna í íslenzka landgrunninu, lífrænna og ólífrænna, en í grg. er sagt, að botnföst sjávardýr og þau, sem aðeins hreyfast í föstu sambandi við botninn, mundu heyra undir ákvæði frv.

Nú er það alkunna, að það eru notuð ýmis veiðarfæri, sem velta fram og aftur á hafsbotni og skafa botninn, og þá kemur upp það álitamál, hvort ekki sé rétt að hafa í l. ákvæði um, að yfirráðaréttur Íslendinga nái til yfirborðsins á þann hátt, að við getum, að okkar eigin mati, lagt bann við slíkum botnsköfuveiðum á þessu svæði. Þarna er um að ræða mörk, sem vandi er tengdur og sjálfsagt, að þetta atriði verði athugað.

Ég vil lýsa ánægju með það, að þarna eru mörk landgrunnsins mótuð á þann hátt, sem gert er. Lengi vel var talað hér um 200 m dýpi sem eðlileg mörk fyrir landgrunninu, en menn hafa mjög verið að fjarlægjast það sjónarmið. Og sé landgrunnið umhverfis Ísland athugað frá landfræðilegu og jarðmyndunarlegu sjónarmiði, eru mörkin raunar á 400—500 m dýpi.

Ég tel, að það sé ákaflega mikilvægt, að við tryggjum okkur þann rétt, sem víðastur kann að verða í þessu sambandi. Þetta er auðvitað mjög mikilvægt líka í sambandi við hina fornu stefnu okkar, að við teljum, að það sé þjóðarréttur okkar, að við eigum einnig að hafa lögsögu yfir fiskimiðunum yfir landgrunninu. Sú stefna var mörkuð með landgrunnslögunum 1948, og sú stefna er enn ríkjandi, enda þótt við höfum ekki haft bolmagn til þess enn þá að framkvæma hana nema að nokkru leyti. Hins vegar fyndist mér eðlilegt, að frv. eins og þetta héldist í hendur við eitthvert áframhald á sókn okkar í landhelgismálunum sjálfum. Um þau mál hefur verið verulegur ágreiningur eins og við vitum og skiptar skoðanir á því, hvort tilteknar ákvarðanir á því sviði hafi auðveldað okkur áframhaldið eða ekki. Ég skal ekki fara að rifja upp þau deilumál, en það er enn sem fyrr yfirlýst stefna allra flokka, að okkur beri að stefna að því að ná yfirráðum yfir fiskimiðunum yfir öllu landgrunninu. Ég held, að það sé orðið tímabært, að reynt sé að móta einhverja sóknarstefnu einnig á því sviði, gera einhverja áætlun um það, hvernig við getum náð því marki í fyrirsjáanlegri framtíð. Mér fyndist mjög eðlilegt, að það mál væri íhugað í sambandi við þetta frv., sem hér liggur fyrir.

Utanrrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Ég vildi nú leyfa mér að þakka þeim hv. þm., sem til máls hafa tekið, fyrir góðar undirtektir við frv. Hitt er mér ljóst, að það geta alltaf verið einstök atriði, sem tvímælis geta

orkað, og sjálfsagt, að þau verði rædd og athuguð í þeirri nefnd, sem fær frv. til meðferðar.

En út af orðum hv. síðasta ræðumanns um það, að hann teldi eðlilegt, að þetta frv. héldist í hendur við fiskveiðitakmarkamálið, þá er það að segja, að þessi hefur verið stefna okkar á undanförnum árum, að þessi tvö mál fylgdust að. Og það er fyrst nú fyrir stuttu, að við höfum komizt að þeirri niðurstöðu, að það væri ekki heppilegt að binda þau saman. Við gætum leyst annað, þó að við ekki enn séum færir um að leysa hitt.

Hitt vildi ég segja líka, að þó að við ekki getum leyst þessi bæði mál samtímis, þá er það alveg óbreytt okkar stefna að vinna að því, að við fáum rétt til þess að njóta einir þeirra auðæfa, sem í hafinu felast yfir landgrunninu, og það hefur allmikið eða allnokkuð, get ég sagt, verið rætt á alþjóðavettvangi, þó að það hafi ekki tekizt að fá um það endanlega niðurstöðu enn þá. En þeim umr. og athugunum verður að sjálfsögðu haldið áfram, þó að þetta frv. verði afgreitt nú, eins og það liggur fyrir. Ég held þess vegna, að það sé enginn skaði skeður, þó að við leysum þetta mál eitt út af fyrir sig, en höldum áfram að berjast fyrir hinu.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til allshn. með 26 shlj. atkv.

Á 59. fundi í Nd., 4. marz, var frv. tekið til 2. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.

Á 60. fundi í Nd., s. d., var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 243, n. 296).

Frsm. (Pétur Sigurðsson): Herra forseti. Allshn. hv. deildar hefur haft mál þetta til meðferðar og rætt það á fundi sínum. Á fund nefndarinnar komu Gunnar Schram, deildarstjóri í utanrrn., og Jón Jónsson, forstjóri Hafrannsóknastofnunarinnar, og svöruðu ýmsum fsp. nm. Að lokinni athugun á frv. mælir n. eindregið með, að frv. þetta verði samþ. óbreytt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 29 shlj. atkv.
2.—5. gr. samþ. með 31 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 32 shlj. atkv.

Á 61. fundi í Nd., 6. marz, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 22 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 55. fundi í Ed., 6. marz, skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 57. fundi í Ed., 11. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Utanrrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Þetta frv. hefur verið samþ. í hv. Nd., að ég ætla með shlj. atkv. Efni þess er það, sem kemur fram í 1. og 2. gr. frv. aðallega, þar sem segir, að íslenzka ríkið eigi fullan og óskoraðan rétt yfir landgrunni Íslands, að því er tekur til rannsókna á auðæfum landgrunnsins og vinnslu og nýtingu þeirra. Öll slík auðæfi eru eign íslenzka ríkisins, og skulu íslenzk lög gilda í einu og öllu í þessum efnum. Ákvæði þessi taka til allra þeirra jarðefna, fastra, fljótandi og loftkenndra, sem finnast kunna í íslenzka landgrunninu.

Ástæðan til þess, að æskilegt þykir, að samþ. sé frv. um lögsögu íslenzka ríkisins yfir landgrunninu umhverfis Ísland, er fyrst og fremst sú, að með vaxandi tækni er nú hægt að vinna þær auðlindir, sem í hafsbotninum finnast, út á miklu meira dýpi og við erfiðari skilyrði heldur en áður var. En ástæðan til þess, að flutningi þessa máls hefur ekki verið flýtt meira en þetta, er í fyrsta lagi, að Íslendingar vildu hnýta saman nýtingu hafsbotnsins og fiskveiðilögsöguna. Þegar það varð séð, að þetta átti ekki samleið, a. m. k. ekki að svo stöddu, þá var talið rétt að flytja sérstaklega þetta frv. um landgrunnið út af fyrir sig og vinna síðan áfram að hinu málinu, eftir því sem tækifæri gæfist til. Enn var líka sú ástæða til þess, að það var ekki flýtt sér með þetta mál, að engar rannsóknir höfðu farið fram á því, hvort í hafsbotninum á íslenzka landgrunninu fyndust nein þau efni, sem eftirsóknarverð væru. En nú allra síðustu ár hafa mörg ríki tekið upp þetta mál, helgað sér réttinn yfir landgrunninu og látið hefja rannsóknir á því, hvaða efni kynnu þar að finnast. Þetta hefur komið hvað greinilegast fram í Norðursjónum, sem hefur nánast verið skipt upp á milli þeirra landa, sem að honum liggja, þ. e. a. s. milli Noregs, Bretlands Danmerkur og Hollands, og það hefur verið borað í Norðursjónum á æðimörgum stöðum, og þar hafa fundizt ýmis verðmæt efni, sem möguleikar virðast til að hagnýta á þann hátt, að það geti gefið góðan arð og verið þeim löndum til nytja, sem að Norðursjónum liggja. Aðferðin hefur verið sú hjá þessum löndum, að ég ætla flestum, að ríkisstj. hafa veitt leyfi til rannsókna og síðan til vinnslu á þessum jarðefnum, eftir því sem þau hafa fundizt, og hafa því bæði þeir, sem rannsóknirnar hafa framkvæmt, og viðkomandi ríki möguleika á að fá af þessu verulegan arð, a. m. k. eftir því sem reynslan hefur verið í Noregi. Þar hefur hluti Noregs af hafsbotninum verið bútaður niður í hluta, ég mundi ekki segja smáhluta, heldur er hver reitur, sem úthlutað hefur verið, í kringum 500 ferkm, og síðan hafa ýmsir aðilar fengið svo og svo marga reiti til þess að rannsaka og hafa síðan möguleika til þess að nytja þau efni, sem fundizt hafa. Þessi efni, sem fundizt hafa, bæði við Noregsstrendur og Bretlandsstrendur, eru fyrst og fremst jarðgas, sem að mestu leyti er metan með mjög hátt brennslugildi og er mjög vel nýtanlegt til ýmiss konar framleiðslu, hitunar o. fl. Líka hafa fundizt í sambandi við þetta gas olíur, og enginn vafi er á, að ef þeir fundir eru nýttir, þá geta þeir gefið góðan hagnað.

Íslenzka landgrunnið í þessu frv. er ekki ákveðið í kílómetratölu frá landinu, heldur er það skilgreint þannig, að það nái svo langt út sem unnt reynist að nýta auðæfi þess. Þessi skilgreining er í samræmi við Genfarsamninginn, sem gerður var 1958 um þetta mál og kemur í staðinn fyrir fyrri skilgreiningu, sem var sú, að landgrunnið næði út á 200 m dýpi. Það var gamla skilgreiningin, sem mikið var notuð en er nú orðin úrelt að því leytinu til, að það er talið, að nýta megi þessi efni

í landgrunninu lengra út en á 200 m dýpi. En hvor tveggja möguleikinn fyrir skilgreiningu á landgrunninu er leyfilegur samkv. Genfarsamningnum. Það er líka talið, að eðlileg mörk fyrir landgrunnið samkv. áliti Hafrannsóknastofnunarinnar séu allt út á 400 m dýptarlínuna, og sýnist þess vegna ekki fráleitt að miða á þessu stigi málsins við þau takmörk, þar sem hægt er að framkvæma boranir og nýta þau efni, sem finnast. Fjöldamörg ríki hafa tileinkað sér landgrunnið fyrir sínu landi, ég get t. d. nefnt Norðurlöndin öll, Bretland, Bandaríkin, Sovétríkin og svo ein 30—40 önnur ríki, þannig að samtals munu á milli 40—50 ríki víðs vegar um heim hafa tryggt sér réttinn yfir hafsbotninum.

Ég held, að ég þurfi ekki að hafa um þetta fleiri orð. Í Nd., og ég vona, að svo verði einnig hér, varð samkomulag um, að þetta mál nái fram að ganga og hvort sem það leiðir til þess, að við getum hafið einhverjar rannsóknir fyrst og síðan vinnslu, ef eitthvað finnst, þá er í öllu falli rétt að tryggja það, að við eigum þennan rétt og höfum helgað okkur hann. Ég held, að í Nd. hafi þessu máli að lokinni 1. umr. verið vísað til hv. allshn., og ég vildi leyfa mér, herra forseti, að sami háttur yrði hafður á hér.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til allshn. með 12 shlj. atkv.

Á 60. fundi í Ed., 18. marz, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 61. fundi í Ed., 20. marz, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 243, n. 351).

Frsm. (Jón Þorsteinsson): Herra forseti. Frv. þetta er um yfirráðarétt íslenzka ríkisins yfir landgrunni Íslands, að því er tekur til rannsókna á auðæfum landgrunnsins og vinnslu og nýtingar þeirra. En öll slík auðæfi, hvort heldur föst, fljótandi eða loftkennd, skulu vera eign íslenzka ríkisins. Landgrunnið í merkingu frv. telst ná svo langt út frá ströndum landsins sem unnt reynist að nýta auðæfi þess. Slík mörk eru að sjálfsögðu óljós, en með reglugerð má ákveða þessi mörk nánar. Það landgrunnssvæði, sem hér er um að tefla, er mun stærra en landið sjálft. Með lögfestingu þessa frv. er verið að stækka Ísland og tryggja okkur rétt yfir auðlindum, sem tækni og vísindi framtíðarinnar kunna að leysa úr læðingi. En í dag rennum við blint í sjóinn með það, hvort landgrunnið býr yfir vinnsluhæfum verðmætum. Nágrannaþjóðir okkar hafa þegar sett sín landgrunnslög svipuð að inntaki og frv. þetta, svo að með lögfestingu þessa frv. erum við ekki að aðhafast neitt, sem líklegt sé, að sæti andmælum af hálfu annarra þjóða.

Ég leyfi mér að öðru leyti að vísa til grg. með frv. og til ræðu hæstv. utanrrh. við 1. umr. málsins í þessari d. Allshn. var falið að athuga þetta frv. Mælir n. einróma með því, að frv. sé samþ., eins og fram kemur í nál. á þskj. 351.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.

2.—5. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Á 62. fundi í Ed., 24. marz, var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 15 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 390).

---

26. Siglingalög (stjfrv.).

Á 1. fundi í Sþ., 14. okt., var útbýtt frá Ed.:

Frv. til l. um breyt. á siglingalögum, nr. 66 31. des. 1963 [15. mál] (stjfrv., A. 15).

Á 5. fundi í Ed., 22. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Félmrh. (Eggert G. Þorsteinsson): Herra forseti. Frv. þetta um breyt. á siglingalögunum er flutt til staðfestingar brbl., sem út voru gefin 31. ágúst s. l. að tillögu minni.

Svo sem í aths. frv. kemur fram, er ástæðan til þessara brbl. sú, að síldarflutningaskipin höfðu um langt skeið gert það mögulegt, að meginhluti okkar síldarflota gæti stundað veiðar svo fjarri heimahöfn sem raun hefur borið vitni um s. l. tvö ár. Þegar sýnt þótti, að nokkur aflatregða og það allveruleg yrði á síldveiðunum og því um greiðsluerfiðleika hjá vélbátunum að ræða á sínum nauðsynjum og vistum, er síldarflutningaskipin fluttu, var svo komið um tíma, að síldarflutningaskipin töldu sig ekki geta flutt þessar vistir öllu lengur, án þess að einhver trygging fengist fyrir greiðslu þessara vista. Þegar svo var komið, að flotinn hafði um alllangt skeið verið án þess að fá nokkra endurnýjun sinna vista þótti sjálfsagt að tryggja það, að greiðsla gæti komið fyrir þessar nauðsynjar, og voru því umrædd brbl. sett.

Ég tel, að ekki þurfi frekari skýringar á þessu við. Öllum er ljóst, hvaða afleiðingar það hefði haft, ef flotinn hefði þurft að sigla heim vegna vistaskorts.

Ég legg til, herra forseti, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. sjútvn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til sjútvn. með 15 shlj. atkv.

Á 14. fundi í Ed., 14. nóv., var frv. tekið til 2. umr. (A. 15, n. 62).

Frsm. (Pétur Benediktsson): Herra forseti. Frv. það, sem hér liggur fyrir, er flutt í samræmi við 28. gr. stjskr. til staðfestingar á brbl., sem út voru gefin hinn 31. ágúst í sumar, þar sem gefinn var sjóveðréttur fyrir kröfur, sem skipstjóri stofnar til vegna kaupa á nauðsynjum skipsins eða viðgerðarþjónustu, til að tryggja áframhald veiðiferðar á fiskimiðum í 300 sjómílna fjarlægð frá Íslandi eða meira. Nú er það svo, að sjóveðréttur og

önnur lögveð eru náttúrlega gallagripir að því leyti, að þau rýra mjög verðgildi skipanna og gera þess vegna útgerðinni erfiðara fyrir um lánaöflun, en þó hefur þótt rétt að fara þessa leið í ýmsum tilfellum, þar sem ella kynni að vera örðugt að afla hinna brýnustu nauðsynja til skipsins eða tryggja afkomu sjómanna, sem í annars væru illa settir, ef ekki kæmu slík ákvæði til. Við höfum athugað þetta mál í sjútvn., og við höfum sannfærzt um, að það hafi verið brýn nauðsyn að gefa út þessi brbl., þau séu því réttmæt, þarna séu ný atvik, sem ekki hafi verið séð fyrir, er siglingalögin voru sett, og séu fyllilega hliðstæð þeim öðrum undantekningartilfellum, þegar sjóveðréttur er veittur fyrir ákveðnar kröfur. Með tilliti til þessa var n. sammála um að leggja til við hv. þd., að frv. verði samþ. óbreytt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Á 15. fundi í Ed., 18. nóv., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 18 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 16. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á 17. fundi í Nd., 19. nóv., var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 30 shlj. atkv. og til sjútvn. með 29 shlj. atkv.

Á 66. fundi í Nd., 18. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 15, n. 356).

Frsm. (Birgir Finnsson): Herra forseti. Frv. það, sem hér liggur fyrir, er lagt fyrir hið háa Alþ. til staðfestingar á brbl., sem út voru gefin 31. ágúst 1968. Efni l. er eingöngu það að veita kröfum sjóðveðrétt, sem skipstjóri stofnar til vegna kaupa á nauðsynjum skips, eða viðgerðarþjónustu, til að tryggja áframhald veiðiferðar á fiskimiðum í 300 sjómílna fjarlægð frá Íslandi eða meira. Eins og hv. d. er kunnugt, stundaði íslenzki fiskveiðiflotinn veiðar á fjarlægum slóðum í fyrra, og þá voru fluttar til hans ýmsar nauðsynjar, olíur og vistir, með síldarflutningaskipum. Á tímabili horfði svo illa með veiðina, að það var talið nauðsynlegt, til þess að hægt væri að halda áfram þessari þjónustu við flotann, að veita kostnaðinum þann forgangsrétt, sem felst í sjóveðrétti. Sjútvn. d. hefur athugað þetta frv., en það er komið til þessarar hv. d. frá Ed. N. er sammála því, sem fram kemur í nál. sjútvn. Ed., að það sé almennt varhugavert að fjölga þeim kröfum, sem sjóveðrétt eiga í skipum. Það er af þeirri ástæðu, að það gefur auga leið, að eftir því sem sjóveðréttarkröfum er fjölgað, þá eru að sjálfsögðu aðrar veðkröfur þeim mun minna virði, og ef mikið af sjóveðréttarkröfum hvílir á skipi, getur útgerðarmanni þess reynzt erfitt að fá nauðsynleg lán til rekstrarins. En eins og þarna stóð á samkv. því, sem ég áður sagði, var þetta talin nauðsyn, og það er enginn ágreiningur um það innan sjútvn. þessarar d., að staðfesta beri brbl., sem voru út gefin af þessu tilefni. Er n. sammála um að leggja það til. Hins vegar gerir n. þá brtt. við frv., að þessi réttindi verði ekki lögfest fyrir fullt og allt, heldur tímabundin, þannig að þessi ákvæði gildi fyrir árin 1968 og 1969, og leggur sjútvn. til, að frv. verði samþ. með þeirri breytingu.

Sömuleiðis hefur sjútvn. tekið upp aðra breytingu við 216. gr. siglingal., eins og gerð er grein fyrir í nál. á þskj. 356, en þar er eingöngu um að ræða smáleiðréttingu. Það hefur komið í ljós við athugun, að þegar siglingal. voru samin og staðfest af Alþ. 1963, hefur slæðzt villa inn í 1. tölul. 216. gr. l. Þar hafa slæðzt inn orðin „kostnaður við affermingu" í staðinn fyrir „kostnaður við hafnsögu." Ég gekk úr skugga um það í samráði við dr. juris Þórð Eyjólfsson, sem á sínum tíma samdi frv. til siglingalaganna, að þarna hefði skeð óhapp og þessi villa slæðzt inn, og er þessi brtt., sem n. flytur, flutt til leiðréttingar á þessu í samráði við dr. Þórð Eyjólfsson.

Ég leyfi mér svo að mæla með því, herra forseti, fyrir hönd sjútvn. d., að frv. verði samþ. með þeim breytingum, sem n. flytur á þskj. 356. Frv. er komið til þessarar hv. d. frá Ed., og ef það hlýtur afgreiðslu eins og sjútvn. leggur til, þarf það að fara aftur fyrir hv. Ed.

ATKVGR.
Brtt. 356 (ný l. gr.) samþ. með 26 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 24 shlj. atkv.

Á 67. fundi í Nd., 20. marz, var frv. tekið til 3. umr. (A. 370).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 28 shlj. atkv. og endursent Ed.

Á 61. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að frv. væri endursent frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 63. fundi í Ed., 25. marz, var frv. tekið til einnar umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 398).

---

27. Listasafn Íslands.

Á 1. fundi í Sþ., 14. okt., var útbýtt frá Nd.:
Frv. til l. um Listasafn Íslands [11. mál] (stjfrv., A. 11).

Á 6. fundi í Nd., 28. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Í þessu frv. er gert ráð fyrir tveim breytingum á gildandi lögum um Listasafn Íslands, og er hvorug stórvægileg. Fyrri breytingin er sú, að breytt er því ákvæði gildandi laga, að skipa skuli safnvörð og annað nauðsynlegt starfslið fyrir fé, sem veitt er til þess í fjárl. Þetta gæti skilizt þannig, að við safnið megi aðeins starfa einn safnvörður. Þessu er breytt í það horf, að skipa skuli safnverði og annað nauðsynlegt starfslið, þegar fé sé veitt til þess í fjárl.

Hin breytingin, nokkru mikilvægari, er sú, að breytt er gildandi reglum um kjör varamanna í safnráð. Uppi hefur verið deila um það, hvernig varamenn skuli kjörnir. Hingað til hefur samkv. úrskurði menntmrn. verið fylgt þeirri reglu að kjósa varamennina sérstaklega, þ. e. aðalmenn og varamenn hvora í sínu lagi. Þetta veldur því, að sá meiri hluti, sem stendur að baki kjöri aðalmannanna, fær líka alla varamennina kjörna, ef þeir halda saman, eins og þeir hafa gert. Með þessa skipun hefur verið nokkur óánægja meðal myndlistarmanna, sem á kjörskrá eru, og hefur minni hluti myndlistarmanna óskað eftir því, að sú skipan verði tekin upp, að þeir verði varamenn, sem næstflest atkv. fá á eftir aðalmönnum, og er gert ráð fyrir þeirri skipan í frv. Safnráð hefur fyrir sitt leyti fallizt á það einróma, að þessi breyting verði gerð, og vona ég, að mér sé óhætt að segja, að meðal myndlistarmanna almennt sé þetta talin stefna í friðarátt, a. m. k. hafa engin andmæli borizt gegn þessari fyrirhuguðu breytingu.

Að svo mæltu legg ég til, herra forseti, að málinu verði vísað til 2. umr. og hv. menntmn.

Magnús Kjartansson: Herra forseti. Í síðustu viku mælti hæstv. menntmrh. fyrir frv. um Landsbókasafn Íslands. Að því var þá vikið hér í umr. á eftir, að vandi þess safns er ákaflega mikill vegna mjög alvarlegs húsnæðisskorts. Þessu er einnig þannig farið um Listasafn Íslands. Mér finnst það vera orðið dálítið umhugsunarefni fyrir hæstv. ráðh. viðskipta og mennta, hvaða byggingar standa hér uppi í höfuðborginni eftir býsna langan ráðherradóm hans. Á þessu tímabili hafa bætzt við ákaflega veglegar og miklar viðskiptahallir, hvers konar verzlunarmusteri. Þar er búið ákaflega vel um þær vörur, sem hér eru á boðstólum, hvort sem það eru bílar eða aðrar neyzluvörur. En þegar kemur að hinum þættinum í störfum hæstv. ráðh., menntamálunum, þá fer minna fyrir slíkum stórbyggingum. Ástæðan er sú, að á þessu tímabili hefur gróðinn átt að skera úr um það, hvað gert væri. Það hefur verið hagnaðaratriði að byggja stórhýsi yfir vörur, en til þess að byggja yfir menningarstarfsemi okkar hefur þurft opinbert frumkvæði, og það frumkvæði hefur skort hjá hæstv. ráðh. Mér finnst, að hæstv. ráðh. mætti hugleiða þetta mjög alvarlega og bera t. d. saman, hvað gerðist hér í upphafi þessarar aldar, þegar stjórnin var flutt inn í landið. Þá réðust landsmenn í það af ákaflega litlum efnum að byggja ákaflega myndarlega byggingu, safnahúsið. En nú á þessu tímabili, þegar tekjur þjóðarinnar hafa verið miklu meiri en nokkurn tíma fyrr, þá hefur hæstv. menntmrh. ekki tekizt að finna leiðir til þess að ráðast í brýnustu byggingar í þágu mennta. Listasafnið er eins konar niðursetningur hjá Þjóðminjasafninu, eins og menn vita. Það ræður þar yfir húsnæði, sem er orðið allt of lítið. Listasafnið á á 15. hundrað mynda, en veggrými til sýningar nægir fyrir svo sem eins og 100 myndir. Allar hinar eru í geymslu. Geymslurými er raunar ekkert þarna. Það hefur orðið að taka það af sjálfu sýningarrýminu, og þessar geymslur eru svo lélegar, að það er stórhætta á því, að dýrmæt málverk eyðileggist. Dæmi um það höfum við raunar þegar haft. Það bilaði hitun í safninu ekki alls fyrir löngu með þeim afleiðingum, að vatn lenti á einum 10 málverkum og eyðilagði þau mjög verulega.

Þetta ástand er óviðunandi með öllu. Það fer sannarlega að verða álitamál, hvort það er skynsamlegt að verja opinberu fé til þess að kaupa málverk handa þjóðinni, ef þau eiga að hreppa þau ein örlög að vera geymd, lokuð inni í hirzlum, sem eru auk þess svo lélegar, að það er mikil hætta á því, að listaverkin eyðileggist. Það eru nú liðin nærri 10 ár síðan sett voru lög um byggingarsjóð fyrir Listasafnið. Í hann hefur safnazt smávegis upphæð, en það er nú ekki meira en svo, að hún haldi í við verðbólguþróunina á þessu tímabili. Og ég hygg, að framtaksleysið af hálfu hæstv. ráðh. sé svo mikið, að það sé ekki enn þá einu sinni búið að ákveða lóð undir væntanlega safnbyggingu. Ég vildi mælast til þess við hæstv. ráðh., að hann gerði hér grein fyrir því, hvort einhver von er um framkvæmdir í þessu máli á næstunni. Það er ekki aðeins mikilvægt fyrir Listasafnið, eins og ég hef verið að lýsa, heldur fer það einnig að verða mjög mikilvægt fyrir Þjóðminjasafnið, því að það er einnig að verða mjög þröngt um starfsemi þess, og það þarf nú þegar á að halda því húsrými, sem nú er lagt undir Listasafn Íslands.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð. Hv. þm. saknaði þess, að ekki væru byggðar byggingar í þágu menningarmála til jafns við þau verzlunarhús, sem hér hafa risið ört á undanförnum árum. Ástæðan til allmikilla bygginga verzlunarhúsa er kunnari en frá þurfi að segja. Áður fyrr hafði verið hér eftirlit með fjárfestingu, raunar algert bann um fjölda margra ára skeið á því að byggja verzlunar- og skrifstofuhúsnæði. Þegar fjárfestingareftirlitið var afnumið á fyrstu valdaárum núv. ríkisstj., þurfti ekki aðeins að byggja yfir árlega vaxandi þörf fyrir verzlunarhúsnæði og skrifstofuhúsnæði, heldur líka vinna upp margra ára húsnæðisskort á þessu sviði. Þannig stendur auðvitað á þeim fjörkipp, sem um skeið hljóp í byggingu verzlunar- og skrifstofuhúsnæðis.

En hann saknaði stórbygginga í þágu menntamála eða menningarmála. Hér er um algeran misskilning að ræða, að ekki hafi verið byggt mikið af byggingum í þágu þeirra. Skólabyggingar hafa aldrei á Íslandi verið líkt því eins miklar og þær hafa verið undanfarin ár. Það eru u. þ. b. 10 ár síðan þessi hv. þm. var stuðningsmaður ríkisstj. Nú eru byggingar miðað við sambærilegt verðmæti meira en tvöfalt meiri á ári en var á valdaárum þeirrar stjórnar, sem hann studdi og virtist vera ánægður með. En það er raunar líka misskilningur, að eingöngu hafi verið byggt mikið af skólahúsnæði. Hér hefur risið hver stórbyggingin af annarri af almennu skólahúsnæði. Ég veit, að honum er kunnugt um kennaraskóla, honum er kunnugt um raunvísinda-

stofnun, honum er kunnugt um Árnagarð, svo að ég nefni nokkrar einstakar byggingar. Hitt er annað mál, að af þessu mætti gjarnan gera meira, en ég stilli mig ekki um að minna á það, sem í þessu efni hefur verið vel gert og hefur í öllu falli verið miklu, miklu betur gert en á valdaárum þeirrar stjórnar, sem hv. þm. studdi dyggilega.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til menntmn. með 22 shlj. atkv.

Á 57. fundi í Nd., 27. febr., var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 28. fundi í Nd., 3. marz, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 11, n. 288).

Frsm. (Birgir Kjaran): Herra forseti. Menntmn. hv. d. hefur haft til meðferðar frv. til l. um Listasafn Íslands. Hefur n. rætt þetta frv. á fundum sínum og heimsótt Listasafnið til þess að kynna sér aðstöðu þar og rætt við forstöðumann safnsins, dr. Selmu Jónsdóttur. Saga safnsins er ýtarlega rakin í grg. frv. og því óþarfi að endurtaka þá merku sögu hér. Hins er vert að geta, hver listaverkaeign safnsins er í dag. Samkv. upplýsingum forstöðumanns mun hún vera þessi:

Íslenzk olíumálverk 680, erlend olíumálverk 152, íslenzkar vatnslitamyndir, teikningar og svartlitamyndir 298, erlendar vatnslitamyndir og teikningar 357. Íslenzku myndirnar á safninu eru eftir 94 íslenzka málara. Auk þess á safnið 85 höggmyndir eða skulptúrmyndir, flestar gerðar af Íslendingum. Listasafnið á því um 1700 listaverk. Slík tala segir lítið. Hitt fer ekki á milli mála, að þó að þessi listaverk kunni að vera misjöfn að gæðum, eru þar á meðal mörg af ágætustu verkum íslenzkra myndlistarmanna, og hefur safnið því að geyma töluverðan hluta íslenzks þjóðarauðs og verðmætan menningararf, sem óbætanlegur væri, ef forgörðum færi, og nauðsynlegt er að búa vel og tryggilega að.

Heimsókn n. í safnið sannfærði nm. því miður um, að húsakostur þess er ófullnægjandi og listaverkin í hættu. Þessu veldur m. a. safnahúsið, sem er tiltölulega ný bygging og myndarleg að ytra útliti, en virðist vera stórgölluð smíði, sprungin og lek á köflum. Auk þessa er hitalögn og loftræstingarkerfi áfátt, gluggar óþéttir og frá sprungnu þaki seytlar vatn inn í húsið. Ekkert eldvarnarkerfi mun heldur vera í húsinu og hvorki rakamælar eða sjálfvirkir hitamælar í sýningarsölum. Hér er ekki verið að veitast að forstöðumönnum safnsins eða þeim, sem rekstur þess hvílir á, með þessari því miður heldur óskemmtilegu lýsingu, heldur aðeins er bent á þær staðreyndir, sem n. varð áskynja við heimsókn sína í safnið. Þess heldur er minnzt á þessi atriði, að þegar hefur hlotizt slys af. Í ágústmánuði s. l. komst leki að hitunarkerfinu, og vatn flæddi niður um loft og veggi safnsins. Þetta óhapp hafði í för með sér, að á 15 málverkum urðu skemmdir, og voru þar á meðal ágætar myndir eftir Jóhannes Kjarval, Jón Stefánsson, Guðmund Einarsson frá Miðdal og dýrmætar danskar myndir frá síðustu öld, sem voru á sínum tíma hluti af stofni safnsins. Mér er tjáð, að þegar þetta óhapp vildi til, hafi hæstv. menntmrh. brugðið skjótt við og farið sjálfur á staðinn og kynnt sér þar aðstæður. Voru myndirnar síðan sendar til Danmerkur til viðgerðar, því að safnið hefur enga aðstöðu til slíkra viðgerða, hefur ekki einu sinni trésmíðaverkstæði eða aðra nauðsynlega hluti til að dytta að því, sem kann að bila. Myndirnar eru nú komnar aftur heim, og hefur viðgerðin tekizt mjög vel. Þá hefur það og gerzt í málinu, að á fjárlög hefur verið sett tæp millj. kr. til viðgerðar á safnahúsinu. Ætti það fé að hrökkva til þess að lagfæra mestu galla þessara húsakynna, þótt þeir fjármunir muni ekki nægja til þess að ráða varanlega bót á þessu húsnæði, þannig að listaverk megi teljast þar örugg fyrir skemmdum eða af völdum mishitunar og raka. Auk þess vanhagar safnið algerlega um sæmilega rúmgóðar og traustar geymslur. N. er því sammála um að hvetja ríkisstj. og aðra hlutaðeigandi eindregið til þess að leggja áherzlu á að leysa húsnæðisvandræði safnsins og veita því þá aðstöðu, sem íslenzkri myndlist sæmir. Virðist fyrsta verkefnið þá vera að tryggja lóð undir væntanlega byggingu fyrir safnið. Síðan mætti svo byggja hús í áföngum, t. d. byrja á málverkageymslu, síðar sýningarsal og svo halda áfram, eftir því sem efni stæðu til.

Þó mér af gefnu tilefni hafi orðið tíðrætt um byggingarmál safnsins, snerta þau þó ekki þetta frv., sem n. mælir einróma með, að verði samþ. óbreytt.

Magnús Kjartansson: Herra forseti. Mig langaði með örfáum orðum að taka undir hina skýru og skilmerkilegu ræðu, sem hv. frsm. menntmn. flutti hér áðan, en hann rakti enn frekar það ófremdarástand, sem gerð er grein fyrir í nál. menntmn. Ég vil jafnframt vekja athygli á því, að hér er að gerast atburður, sem er allt of sjaldgæfur í störfum Alþ. Það er mjög algengt á þingi, að þegar borin er fram gagnrýni á einhvern þátt þjóðfélagsins, þá er hann afgreiddur með því, að þar sé einvörðungu um að ræða pólitíska árás. Ráðh. sá, sem hlut á að máli, snýst til pólitískrar varnar, og síðan skipta alþm. sér eftir því, sem þeir skipast í flokka. En með þessu einróma nál. er annar háttur á hafður. Hér er það einróma álit menntmn., sem skipuð er fulltrúum frá öllum flokkum, að bera fram mjög alvarlega gagnrýni á ástand mjög mikilvægrar ríkisstofnunar, Listasafns Íslands. Mér finnst, að alþm. mættu viðhafa slík vinnubrögð oftar, þegar tilefni gefast til, og auðvitað er um slík tilefni að ræða á mörgum sviðum. Það er gert allt of mikið af því að afgreiða slík mál einvörðungu á pólitískum forsendum. En þegar atburður eins og þessi gerist, að n. er sammála um gagnrýni sem þessa, verður einnig að ætlast til þess, að gagnrýnin leiði til athafna. Mér finnst, að Alþ. beri að fylgja slíkum niðurstöðum eftir með því að gefa hæstv. menntmrh. allan þann stuðning, sem nauðsynlegur er til þess að kippa þessum málum í lag. Og þess vegna vildi ég beina þeim fsp. til hæstv. ráðh., hvort ekki megi vænta einhvers frumkvæðis á þessu sviði frá honum. Það er í sjálfu sér ótrúleg staðreynd, að enn skuli ekki vera búið að ákveða lóð undir Listasafn Íslands. Það hefur verið rætt um það í tvo til þrjá áratugi, að það hljóti að vera verkefni Íslendinga að byggja listasafn, en samt er ekki búið að koma því í verk enn þá að ákveða lóð, sem er

Listasafn Íslands.

auðvitað algert frumatriði, því að án þess er ekkert hægt að gera. Ég vil spyrja hæstv. ráðh., hvort þess megi ekki vænta, að ráðizt verði í það mjög fljótlega að finna hentuga lóð fyrir Listasafnið. Þegar lóðin er fundin, virðist mér, að auðvelt eigi að vera að hefjast handa um framkvæmdir. Á sínum tíma var ákveðið að stofna byggingarsjóð Listasafnsins, og í hann er komin upphæð, sem mig minnir, að nálgist nú 5 millj. kr. Auk þess á Listasafnið aðrar eignir, sem því hafa verið gefnar, og þessir fjármunir eru það miklir, að mér virðist, að auðvelt ætti að vera að hefja byrjunarframkvæmdir, þegar búið er að ákveða, hvernig safninu verður háttað. Mér skilst, að það sé afstaða forráðamanna Listasafnsins, að hægt sé að byggja þetta safn í áföngum, það sé ekki hugsað sem ein samfelld höll, heldur jafnvel fleiri byggingar, og stjórn Listasafnsins hefur rætt um, að t. d. væri hægt að hefjast handa um það að byggja sýningarsal og geymslur. En þetta þolir enga bið, og ég vil vænta þess, að þegar hæstv. ráðh. veit um einróma hug Alþ., noti hann þann stuðning til þess að hrinda málinu í framkvæmd.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Ég er þakklátur hv. menntmn. fyrir að hafa vakið einróma og með skilmerkilegum hætti athygli Alþ. og þjóðarinnar á miklu vandamáli. Það, sem hér er um að ræða, getur með engu móti skoðazt gagnrýni á mig, og ég mun því ekki snúast til neinnar varnar og tek alveg undir orð síðasta ræðumanns um það efni, að alþm. ættu að sjálfsögðu að geta rætt mikil vandamál, eins og hér er um að ræða, án þess að á það þurfi að koma stjórnmáladeilusvipur. En sú staðreynd, sem ríkisstj. hefur verið ljós síðan í sumar og Alþ. var raunar gerð nokkur grein fyrir í sambandi við fjárlagaafgreiðslu og hefur enn verið vakin myndarleg athygli á núna, sú staðreynd er sú, að komið hefur í ljós, að hið glæsilega Þjóðminjasafnshús, sem Alþ. ákvað að reisa í tilefni af lýðveldisstofnuninni 1944, hefur því miður reynzt stórgölluð bygging. Byggingargallar hennar eru svo miklir, að í raun og veru verður að teljast hæpið, hvort þetta hús sé til frambúðar nothæft sem safnahús yfir höfuð að tala. Þetta á ekki aðeins við um þá hæðina, sem myndlistarsafnið er í, heldur einnig hinar hæðirnar, þar sem fornmenjar þjóðarinnar eru geymdar.

Þetta hús var byggt á stríðsárunum, eins og allir vita, á þeim árum, þegar ekki var einatt vandað nógu vel til verka, sérstaklega ekki á byggingarsviði, og þeir ágallar, sem rannsóknir í sumar leiddu í ljós, að væru á húsinu, eru þess eðlis, að ekki var við því að búast, að þeir kæmu í ljós fyrr en að verulegum tíma liðnum. Þegar það óhapp gerðist, sem vikið hefur verið að, bæði af frsm. og seinni ræðumanni, að skyndileg bilun varð á vatnshitakerfi og vatnskerfi hússins, þá var þegar í stað látin fara fram af sérfræðingum vandlega athugun á húsinu öllu, sem því miður leiðir í ljós þessa staðreynd, sem ég nú lýsi, að ég dreg það mjög í efa, að þessi bygging megi til frambúðar á næstu áratugum, hvað þá öldum, verða aðalsafnbygging Íslendinga. Það mun kosta um 5 millj. kr. að gera við húsið með þeim hætti, að fullkomlega öruggt sé, að svo miklu leyti sem við húsið verður yfir höfuð að tala gert. Alþ. brást mjög myndarlega við beiðni menntmrn. um fjárveitingar til þess að framkvæma þær viðgerðir, sem talið var tæknilega unnt að framkvæma strax í sumar og síðan nú á þessu ári, og hefur um það bil 1 millj. þegar verið varið til þess arna, og þeim fjárveitingum vona ég fastlega að verði haldið áfram, þannig að húsinu verði á næstunni komið í það horf, sem því yfir höfuð að tala verður komið.

Um mál Listasafnsins er það annars að segja, að mér og safnráði hefur verið það ljóst, að brýnasta verkefnið á því sviði er að útvega safninu geymslur fyrir þau málverk, sem ekki eru sýnd hverju sinni, og aðstöðu til pökkunar og skoðunar á málverkunum. Ég held, að óhætt sé að segja, að safnráðið sé mér sammála um, að lausn á þessu máli má ekki draga og nauðsynlegt sé að útvega safninu góða geymslu annars staðar í bænum og þess konar húsnæði, að einnig verði þar aðstaða til pökkunar og skoðunar á myndum. Það er nú þessa dagana verið að leita að slíku húsnæði annars staðar í bænum eða fara fram á því skoðun, og er verið að gera kostnaðaráætlanir um, hvað það mundi kosta að hagnýta það húsnæði, sem völ muni vera á í þessu skyni, og má búast við, að ákvarðanir um þetta efni verði teknar innan örfárra vikna. Ástæða þess, að ekki hefur enn verið tekin afstaða til þess, hvar væntanlegt Listasafn skuli standa, er sú, að sá staður, sem — að vísu eru listamenn ekki á einu máli um það, hvar óska ætti eftir stað. Það mál hefur lengi verið rætt og skoðanir nokkuð skiptar um það. Mikið hefur verið rætt um Öskjuhlíðina í því sambandi, en það svæði, sem þar hefur einkum verið talið koma til greina, er ekki enn að fullu skipulagt, svo að endanlegar ákvarðanir hafa ekki verið teknar í þessu efni. Ég hef einnig litið þannig á, að meðan ekki væri meira fé fyrir hendi til þess að hefja byggingarframkvæmdir en nú er, 5—6 millj. kr., komi dráttur á ákvörðun um það, hvar ætla skuli væntanlegu Listasafni endanlega stað, ekki að sök og betra sé að hugsa það mál vandlegar og betur, nota tímann til þess þangað til nægilega mikið fé er fyrir hendi, til þess að unnt sé að hefja framkvæmdir. En í þessu sambandi vildi ég á það minna, að því fer víðs fjarri, að ekki sé hitt og þetta að gerast í myndlistarmálum höfuðborgarinnar og Íslendinga yfir höfuð að tala um þessar mundir. Á Miklatúni er að rísa stórhýsi, sem er ætlað að verða sýningarsalur fyrir myndir. Að nokkrum hluta reisir Reykjavíkurborg þetta stórhýsi ein á sinn kostnað og hefur af því veg og vanda, en sumpart er um að ræða samvinnu milli Reykjavíkurborgar, myndlistarmanna og ríkisstj. um byggingu á sýningarsal, sem bæta mun úr mjög brýnni þörf, þegar það hús kemst upp, svo að sem betur fer er hægt að segja, að á sviði myndlistarinnar sé talsvert að gerast í höfuðborginni og þá með Íslendingum yfir höfuð að tala. En að öðru leyti vildi ég endurtaka þakkir mínar til n. fyrir áhuga hennar á því mikla vandamáli, sem hér er um að ræða, og fyrir áhuga hennar á málefnum Listasafnsins, og ég mun áreiðanlega reyna að hagnýta mér stuðning þeirra ágætu manna, sem í menntmn. eru, næst þegar málefni Listasafnsins ber á góma við afgreiðslu fjárlaga.

Sigurvin Einarsson: Herra forseti. Menntmn. hefur gert allýtarlega grein fyrir ástandi Listasafnsins eða húsakynnum þess í nál., og hv. frsm. n. hefur undir-

Listasafn Íslands.

strikað þá lýsingu, svo og hv. 6. þm. Reykv. Ég þarf því ekki að bæta neinu við þeirra mál. En hér er um svo alvarlegt mál að ræða og svo mikla hættu, sem getur verið yfirvofandi, að ég vil beina því til hæstv. menntmrh., að hann láti athuga án tafar, hvort ekki sé full ástæða til að flytja listaverkin þegar í stað burt úr þessum húsakynnum til þess að aftra því, að annað slys verði líkt og varð á s. l. ári. Hann hefur sagt í ræðu sinni hér áðan, og ég efast ekki um, alveg réttilega, að það muni kosta um 5 millj. að gera þetta hús þannig úr garði, að það sé tryggt, að þarna eigi sér ekki stað skemmdir, en það verður ekki gert á fáum dögum eða fáum vikum. Og hvað getur komið fyrir þessi listaverk þangað til þetta hús er orðið nothæft? Þarna er um verðmæti að ræða, sem aldrei verða metin til fjár, og ég vil því undirstrika þessa ábendingu mína til hæstv. ráðh., hvort ekki sé ástæða til að flytja listaverkin burt nú þegar í örugga geymslu, þar sem þau geta ekki skemmzt, því að við vitum ekki, hvað kann að koma fyrir aftur. Ég efast ekki um vilja hans til þess að bæta úr því, sem hægt er að bæta, og það standa allir einhuga að því, sem að þessu máli koma, að reyna að bæta úr þessu ástandi. En við verðum að byrja á því að fyrirbyggja slys, meiri slys en orðið hefur.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Ég skal með ánægju svara þessari fsp. með örfáum orðum. Þetta var einmitt fyrsta spurning mín til hinna byggingarfróðu manna, sem kvaddir voru til, þegar hitalögnin sprakk á s. l. sumri, þessi spurning: Er hægt að tryggja eins og í mannlegum mætti stendur, er hægt að tryggja, að til slíks komi ekki aftur með tafarlausum viðgerðum á húsnæðinu, eða er ástæða til þess að flytja myndirnar burtu? Ég fékk alveg einróma og óyggjandi svar af hálfu þeirra þriggja sérfræðinga, sem um þetta fjölluðu, að sú viðgerð, sem þá þegar í stað var efnt til, væri alger trygging fyrir því, að annað eins og þetta gæti ekki gerzt aftur, þannig að ég er núna fullvissaður um það og trúi því, hef enga ástæðu til þess að rengja skoðun hinna byggingarfróðu manna á því, að listaverkin séu nú ekki í neinni hættu. Að öðrum kosti mundi þau auðvitað ekki vera látin vera þarna kytt. Það er búið að verja til viðgerðarinnar eitthvað nær 1 millj., og það sem ég sagði, að mundi kosta um 5 millj., er það að gera húsið eins tryggt eða eins gott og það getur verið án þess beinlínis að rífa það og byggja það að nýju. Dýrasti hluturinn í þessu öllu saman eða langdýrustu kostnaðarliðirnir eru þeir að skipta algerlega um glugga og setja tvöfalt gler í allt húsið. Það er einfalt gler í því, það tíðkaðist ekki tvöfalt gler á þeim tíma, þegar húsið var byggt, en þetta er dýrasti einstaki kostnaðarliðurinn. Og jafnframt er gert ráð fyrir alveg sérstöku hitastillikerfi og rakamælikerfi, sem líka er mjög dýrt, en hvorugt þetta snertir að neinu leyti þá hættu, sem listaverkin óneitanlega voru í þá daga, sem sprengingin varð í vatnsleiðslukerfinu. En það get ég fullvissað, að — þjóðminjavörður bjó í húsinu, sá nýi þjóðminjavörður býr þar ekki lengur — ráðstafanir hafa verið gerðar til þess, að um sérstaka húsvarðarstöðu verði þar að ræða.

Sem sagt, ég get fullvissað hv. þm. um það, að í þessu efni hefur þegar verið gert það, sem framkvæmanlegt hefur þótt að ráði sérfróðra manna, og yfirlýsingar þeirra liggja fyrir um, að enginn munur, sem í þessu húsi er núna, megi teljast eða þurfi að teljast í nokkurri hættu.

Magnús Kjartansson: Herra forseti. Ég vona sannarlega, að það reynist spámannleg orð, sem hæstv. ráðh. sagði áðan, þegar hann fullvissaði okkur um, að engin hætta væri á því, að nokkur listaverk í safninu mundu skemmast eftir þá viðgerð, sem nú er verið að framkvæma. En ég óttast, að ástand hússins sé það alvarlegt, að menn megi ekki verða allt of undrandi, þótt eitthvað slíkt komi í ljós. Þarna er um meira að ræða heldur en leka og slíkt. Það vantar algerlega útbúnað, sem hvarvetna er hafður í fullkomnum listasöfnum til þess að tryggja t. d., að rakastig og hitastig haldist nokkurn veginn stöðugt. En ef slíkan útbúnað vantar, skemmast listaverk smátt og smátt. Af því er reynsla hvarvetna.

En ástæðan til þess, að ég kvaddi mér hljóðs aftur, er sú, að mér urðu það býsna mikil vonbrigði, að hæstv. ráðh. fékkst ekki til þess að segja neitt ákveðið um byggingu nýs Listasafns. Hann hafði um það mjög eindregin fyrirheit, að tryggðar yrðu geymslur handa listaverkum safnsins, og það er vissulega nauðsynlegt eins og nú er komið. Hins vegar er af því reynsla hér á Íslandi, að þegar ráðizt er í bráðabirgðaaðgerðir eins og slík geymsla er, leiðir það oft til þess, að raunveruleg lausn dregst á langinn. Ég óttast það mjög, að ef lagt er í mikinn kostnað við að koma upp nothæfum geymslum, kunni það að leiða til þess, að endanleg bygging Listasafns muni dragast enn lengur en annars hefði orðið. En það var eitt atriðið í einróma nál. menntmn. að leggja áherzlu á að leysa húsnæðisvandræði safnsins og veita því þá aðstöðu, sem íslenzkri myndlist sæmir. Það er sem sé einróma skoðun n., að það verði sem fyrst að ráðast í að hefja byggingu Listasafns, sem okkur sé sæmandi.

Hæstv. ráðh. taldi, að dráttur á því að ákveða lóð hefði ekki orðið til baga vegna þess, að ekki hefði verið nægilegt fjármagn. Þetta held ég, að sé algerlega rangt. Ef lóð hefði verið ákveðin, hefði sú staðreynd auðvitað ýtt undir áhuga manna á því að ráðast í safnbyggingu. Auðvitað kemur alltaf upp ágreiningur, þegar ákveðnar eru lóðir undir slíkar byggingar. Hjá því verður ekki komizt, en slíkan ágreining verður að útkljá, en bíða ekki endalaust vegna þess, að menn séu ekki á einu máli um alla hluti.

Ég vil minna á það, að hv. menntmn. hefur einu sinni áður í vetur vakið athygli á mjög mikilvægu menningarmáli. Í nál., sem hér var flutt fyrr í vetur, sagði hv. menntmn., með leyfi hæstv. forseta:

„Að rík nauðsyn sé að taka sem fyrst ákvörðun um framtíð Landsbókasafns og Háskólabókasafns. Gera þarf sem fyrst áætlun um byggingu bókasafnshúss, er rúmi hin vísindalegu bókasöfn Íslendinga, og stefna að því, að hún verði reist í sambandi við ellefu hundruð ára afmæli Íslandsbyggðar."

Hæstv. menntmrh. lýsti fullu fylgi sínu við þessa hugmynd. En ég vakti athygli á því þá, að ef mönnum væri alvara, yrði að taka um þetta ákvörðun á þessu þingi. Verði það ekki gert, er það borin von, að nokkur áfangi slíks bókasafnshúss verði kominn upp 1974. Því

miður sé ég engin merki þess og hef ekki haft neinar fregnir af því, að ætlunin sé, að Alþ. taki þessa ákvörðun á þessu þingi. Og ég óttast það satt að segja eftir hin dauflegu ummæli hæstv. menntmrh. áðan, að einnig hörmungarástandið hjá Listasafni ríkisins og almenn viðurkenning á því ástandi leiði aðeins til einhverra bráðabirgðaaðgerða eins og geymslu, en ýti ekki undir endanlega framkvæmd. Ég vil leggja á það sérstaka áherzlu, að nú verðum við að taka ákvarðanir um byggingu, og hæstv. menntmrh. hefur alveg sérstaklega góða aðstöðu til þess að biðja Alþ. aðstoðar eftir þessa afgreiðslu í menntmn.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
2.—16. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 26 shlj. atkv.

Á 59. fundi í Nd., 4. marz, var frv. tekið til 3. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 60. fundi í Nd., s. d., var frv. aftur tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 25 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 54. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 56. fundi í Ed., 10. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Þetta frv. um Listasafn Íslands er komið frá hv. Nd. og var þar samþ. shlj. eftir shlj. meðmælum hv. menntmn. d. Þetta frv. er eitt frv. um endurskoðun á löggjöf Alþ. um söfn þjóðarinnar. Fyrir Alþ. liggja einnig frv., eins og hv. dm. er eflaust kunnugt, um nýja lagasetningu fyrir Landsbókasafn, Þjóðskjalasafn, Handritastofnun og Þjóðminjasafn, og eru þau öll til meðferðar í annarri hvorri deild Alþ. Meiningin með þessari endurskoðun safnalöggjafarinnar er að sameina hana. Sum l. voru tiltölulega nýsett, og á það við um þetta frv., sem hér er til umræðu. Lögin um Listasafnið voru sett 1961 og eru því aðeins 8 ára gömul. Önnur lög voru aftur á móti áratuga gömul og því brýnust nauðsyn til þess að endurskoða þau. En eins og að líkum lætur með jafn nýsett lög eins og þau, sem nú gilda um Listasafnið, þá var ekki rík ástæða til breytinga á þeirri löggjöf, enda eru breytingarnar, sem hér er um að ræða, mjög smávægilegar. Það er reyndar aðeins um það að ræða, að í gildandi lögum segir, að skipa skuli safnvörð og annað nauðsynlegt starfsfólk, þegar fé er veitt til þess í fjárl. En í þessu frv. er þetta orðað á þann hátt, að safnverði og annað nauðsynlegt starfslið skuli skipa, þegar fé er veitt til þess á fjárl. Breytingin er m. ö. o. aðeins sú, að í gildandi lögum er gert ráð fyrir aðeins einum safnverði, en í þessu frv. er gert ráð fyrir því, að þeir geti verið fleiri, ef Alþ. ákveður svo í fjárl.

Hitt atriðið, sem breytt er, er ákvæði gildandi laga um kosningu varamanna í safnráð. En í þessu frv. er gert ráð fyrir því, að skýrt komi fram sú meginregla, að varamenn skuli ekki kosnir sérstaklega, heldur verði þeir varamenn, sem næstflest atkv. hljóta við kjör aðalmanna. Í gildandi lögum eru ákvæði um þetta ekki alveg skýr, en lögskýringin varð þó sú á ákvæðum gildandi laga, að kjósa skuli bæði aðalmenn og varamenn sérstaklega, þannig að ef um skoðanaágreining er að ræða meðal listamanna, sem kjósa fulltrúa í safnráð, ef þar myndast meiri hl. og minni hl., þá fær meiri hl. alla aðalmenn og líka alla varamenn. Þessi skipan hefur valdið nokkrum ágreiningi meðal listamanna, og því hefur þótt eðlilegt að breyta þessu á þann hátt, að varamenn skuli vera þeir, sem næstflest atkv. hljóta, þ. e. a. s. aðalmenn verða fulltrúar þess meiri hl., sem kann að myndast, en varamennirnir verða fulltrúar minni hl., sem kann að eiga sér stað. Er safnráðið sammála um að mæla með þessari breytingu, og það hefur einnig verið tryggt, að listamenn séu henni fylgjandi og telja hér vera um lýðræðisleg sjónarmið að ræða.

Þetta eru þær breytingar, sem þetta frv. gerir ráð fyrir, og féllst hv. Nd., eins og ég gat um áðan, á það, að þessar breytingar væru eðlilegar. Ég vona, að það verði einnig niðurstaðan hér í hv. Ed.

Við 2. umr. þessa máls bar það á góma í framhaldi af heimsókn hv. menntmn. Nd. í Listasafnshúsið eða húsakynni Listasafnsins í Þjóðminjahúsinu, að ástand Þjóðminjasafnsbyggingarinnar er ekki eins gott og vera skyldi. Það átti sér stað óhapp í júlímánuði s. l., þegar í ljós komu verulegir gallar á hitakerfi og hitalögn í húsi Þjóðminjasafnsins. Það varð um nokkurn vatnsflaum að ræða á efstu hæð hússins, þar sem einmitt Listasafnið er til húsa, og urðu nokkrar skemmdir á nokkrum málverkum. Þetta var tilefni til þess, að þegar í sumar voru gerðar ráðstafanir til þess í fyrsta lagi að senda þessi málverk til viðgerðar, og þeirri viðgerð er þegar lokið, og auk þess að gera við húsið, eins og hægt var, til bráðabirgða til þess að koma í veg fyrir, að slíkt gæti endurtekið sig. En jafnframt var efnt til allsherjar athugunar á húsinu, sem leiddi það í ljós, að á því hafa frá byrjun, frá því að það var byggt á stríðsárunum, verið ýmsir gallar, sem síðan hefur sumpart þegar verið bætt úr og sumpart hefur verið gerð nákvæm framkvæmdaáætlun um, hvernig skuli bætt úr til frambúðar. Það var samþykkt aukafjárveiting í þessu skyni þegar í stað í sumar, þannig að ekki hefur staðið á fjárveitingum til þess að bæta húsið eins og kostur er, og Alþ. brást mjög vel við fjárlagabeiðni menntmrn. um fé til viðgerða á húsinu, og er í fjárl. yfirstandandi árs meira en 1 millj. kr. fjárveiting til slíkra viðgerða, en talið er, að í heild muni það kosta ekki minna en 5 millj. kr. Hins vegar er ekki hægt að vinna þær allar saman á einu ári, jafnvel þó að öll sú fjárhæð væri til ráðstöfunar þegar í stað.

Í hv. Nd. urðu nokkrar umr. um ástand Þjóðminjasafnshússins, en allir hljóta að hafa á því mikinn áhuga, hvernig því máli er í raun og veru háttað, þar sem í Þjóðminjasafnshúsinu eru geymd m. a. elztu menningarverðmæti, sem íslenzka þjóðin á, þ. e. a. s. fornminjar þjóðarinnar og listaverk hennar. Ég lét þar orð um það falla, og byggði það á ummælum eins af þeim sérfróðu mönnum, sem skoðuðu húsið á s. l. sumri, að það kynni að vera ástæða til þess að draga í efa, að

Listasafn Íslands.

Þjóðminjasafnshúsið yrði um alla framtíð talið hæft til þess að vera aðalgeymsla fyrir þau verðmæti, sem nú eru í húsinu. Úr þessum ummælum mínum hér var gert meira í blöðum heldur en ég hafði eða ég tel ástæðu til þess að gera, og ég hef orðið var við það, að þau hafa af hálfu sumra verið skilin þannig, að hér sé miklu, miklu meiri voði á ferðum heldur en raunverulega er. Ég bað því húsameistara ríkisins, sem er aðaltrúnaðarmaður ríkisins varðandi ríkisbyggingar, er sjálfur sérfróður um byggingarmál og hefur auk þess á að skipa sérfróðum mönnum í þessu efni, ég bað hann að gera skýrslu um ástand Þjóðminjasafnshússins, sem ég mundi síðan gera hinu háa Alþ. grein fyrir, þegar þetta frv. kæmi til 1. umr. hér í þessari hv. d. Og ég ætla nú að leyfa mér með leyfi hæstv. forseta að lesa þessa grg. E. t. v. verður réttast að senda blöðum, útvarpi og sjónvarpi hana til birtingar alla eða einhvern útdrátt úr henni, því að ég tel mjög mikilvægt, að íslenzkur almenningur sé ekki í neinum vafa um það, hvað hér er á ferðinni, hvað hefur gerzt og hvað búið er að gera til úrbóta, hvað hægt er að gera til úrbóta og hvert raunverulegt ástand þessarar byggingar er sem framtíðarbyggingar fyrir fornminjar og sem bráðabirgðabyggingar fyrir listaverk þjóðarinnar. En skýrsla húsameistara ríkisins um þetta efni hljóðar þannig með leyfi hæstv. forseta:

„Í júlímánuði 1968 komu í ljós gallar á hitakerfi og hitalögn í húsi Þjóðminjasafnsins, er m. a. urðu þess valdandi, að vatn, sem flaut úr lofttæmdum loka á efstu loftplötu og rann niður veggi í málverkageymslu Listasafns ríkisins, sem er til húsa á efri hæð Þjóðminjasafnsins, olli skemmdum á nokkrum málverkum. Embætti húsameistara ríkisins var af forstöðumönnum Þjóðminjasafnsins falið að kanna orsakir þess, sem skeð hafði, og gera þegar í stað ráðstafanir til þess að stöðva frekari skemmdir og sjá um lagfæringu á því, er þeim hafði valdið. Forstöðumaður byggingaeftirlitsins kvaddi til aðstoðar Svein Torfa Sveinsson verkfræðing, en skýrsla þeirra um málið fer hér á eftir ásamt því, sem þegar hefur verið gert til þess að bægja frá hættu á frekari skemmdum í húsinu af völdum þeirra galla, sem fram hafa komið í hitakerfinu, og því, sem endurbæta þarf, þannig að öruggt verði.

Við athugun tilkvaddra sérfræðinga varð þegar ljóst, að mjög skorti á, að hitalögn hússins væri sem skyldi, og þótt allt fram til þessa hafi eigi komið að sök, er orsakanna að leita til hins enska fyrirtækis, er á sínum tíma var falið að sjá um verkið í öruggri trú um, að það væri starfi sínu vaxið. Þótt hér hafi óheppilega til tekizt, sem þó engan veginn gat verið séð fyrir, og nauðsynlegar lagfæringar á hitakerfi hússins í heild séu allkostnaðarsamar, þá tel ég enga minnstu ástæðu til þess að óttast, að Þjóðminjasafnshúsið sé ekki og verði til frambúðar öruggur samastaður þeirra verðmæta, sem í safninu eru, og þá fyrst og fremst fyrir muni Þjóðminjasafnsins, sem húsið er byggt fyrir. Það er engan veginn óalgengt, að ýmsir gallar komi fram í eldri húsum, en úr þeim má venjulega bæta, og svo er einnig hér. Við heildarathugun á húsinu að þessu gefnu tilefni komu einnig í ljós nokkur atriði, sem bæta verður úr og falla undir eðlilegt viðhald á hinni rúmlega 20 ára gömlu byggingu. Sum þessara atriða eru minni háttar, en önnur mikilvæg og er þar helzt frágangur þakbrúnar, sem brýnust nauðsyn er að bæta hið fyrsta og má raunar eigi lengur bíða. Rennur eru steyptar í þakbrúnina, eins og algengast var á þeim tíma, þegar húsið var byggt, en víðast verið rifið niður og endurbætt, þegar gallar þessa fyrirkomulags urðu ljósir. Allmikið er af sprungum í þakbrún, er gætu verið lekar, þannig að regnvatn kæmist í gegnum þær. Lagfæring þessi er einföld, en kostnaðarsöm, og er áætlun um það í skýrslum þeim, sem hér fara á eftir. Breytingar á gluggum þyrfti að athuga, þannig að koma megi við tvöföldu gleri, sem lítið var tíðkað á þeim tímum, sem húsið var byggt. Annað það, sem æskilegt væri að gera og hlýtur að koma, er loftræstikerfi í húsið með ákveðnu rakastigi fyrir safngripi. Nánari grein fyrir þessum atriðum er einnig gerð í meðfylgjandi skýrslum. Um aðbúnað Listasafns ríkisins á efri hæð hússins er það að segja, að hann er ekki sem skyldi. Húsið er ekki ráðgert sem Listasafn þeirrar stærðar, sem þar er, og af sömu ástæðum eigi verið séð fyrir neinu teljandi athafnasvæði, svo sem nægilegu geymslurými utan sýningarsala, er hlýtur að vera höfuðskilyrði fyrir Listasafn ríkisins, og hin aukna geymsluþörf þrengir að sýningarsvæði í safninu. Á meðan sjálfstætt Listasafn er ekki byggt, verður að sjá fyrir nægu geymslurými á aðgengilegum stað utan við núverandi húsnæði safnsins. Enda þótt nú hafi verið komið í veg fyrir hættu á frekari skemmdum af völdum galla í hitakerfi, verður engu að síður að flytja geymslur safnsins í annan stað, er uppfyllir þau skilyrði, sem að framan greinir, til bráðabirgða. Allt að 1200–1400 málverkum þarf þannig að koma fyrir í aðgengilegri geymslu. Menntmrh. hefur óskað eftir því, að í samráði við safnnefnd, safnráð Listasafns ríkisins, verði þegar leitað slíkra möguleika, og liggja fyrir till. og áætlanir um þá lausn.

Hörður Bjarnason."

Þessari skýrslu fylgja síðan langar sérfræðiskýrslur, sem ég sé ekki ástæðu til þess að lesa yfir öllum hv. dm. en mun að sjálfsögðu láta menntmn. d. fá til athugunar. Það er skýrsla um hitalögnina í húsinu, um loftræstingarkerfi, um glugga, um þakskegg, um einangrun þaksins og sem till. til úrbóta um hitalögn, um loftræstingarkerfi, um glugga, um þakskegg og þakeinangrun. Síðan fylgir kostnaðaráætlun fyrir þessar framkvæmdir allar, og er niðurstaða hennar 5 millj. 980 þús. kr.

Hér er um að ræða þá kostnaðaráætlun, sem gerð var á s. l. sumri að beiðni minni strax eftir að gallarnir komu í ljós. Það er gamla kostnaðaráætlunin, sem er upp á 5 millj. 980 þús. kr. Hún hefur síðan verið endurskoðuð vegna þeirra breytinga á verðlagi, sem orðið hafa síðan, og er þessi kostnaðaráætlun talin muni hækka hér í viðbótarskýrslu um 1403 þús. kr., og síðan er hér um að ræða hina endurskoðuðu kostnaðaráætlun. Og þá er hér enn fremur skýrsla um þær breytingar, sem þegar er búið að gera á húsinu til þess að koma í veg fyrir, að það, sem gerðist í júlí s. l., geti gerzt aftur. Eins og kemur fram í niðurlagi skýrslu húsameistara ríkisins, er húsameistaraembættið í samsamráði við safnráð og forstjóra Listasafnsins og menntmrn. að leita að hentugu húsnæði, sem þjónað gæti sem geymslur, gott geymslurými fyrir safnið, ásamt

þökkunaraðstöðu og aðstöðu til skoðunar á myndum. Þegar heppilegt húsnæði hefur fengizt fyrir þetta, mun að sjálfsögðu sýningarrými safnsins stækka sem því svarar, að nokkrir salir eru nú notaðir á efri hæðinni fyrir geymslur. Þeir mundu þá verða útbúnir sem sýningarsalir, enda alveg sama eðlis og þeir aðrir hliðarsalir, sem á efri hæð Þjóðminjasafnshússins eru, svo að þegar geymsluaðstaða er fundin nógu góð annars staðar, mun sýningarrými safnsins stækka sem því nemur, sem nú er tekið undir geymslur í því húsnæði, sem Listasafn Íslands hefur til umráða.

Með því að hrinda þessum fyrirætlunum í framkvæmd vona ég, að segja megi, að stigið hafi verið stórt spor til þess að bæta úr þeim þrengslum, sem Listasafnið býr nú við, og íslenzk þjóð muni fá eðlilega og nauðsynlega bætta aðstöðu til þess að skoða þau ágætu listaverk, sem listasafn ríkisins á, en þeim hefur fjölgað mjög á undanförnum árum í kjölfar aukinna fjárveitinga til safnsins til kaupa á íslenzkum listaverkum.

Að svo mæltu leyfi ég mér, herra forseti, að óska þess, að máli þessu verði vísað til 2. umr. og hv. menntmn. og endurtek, að ég mun láta form. hennar í té þau gögn, sem ég nú hef greint hv. þd. frá.

Gils Guðmundsson: Herra forseti. Ég mun nú ekki fjölyrða um það frv., sem hér er til umr. Það kemur væntanlega til þeirrar n., sem ég á sæti í, og ég hef þá tækifæri til þess að fjalla um það þar. En þar sem hæstv. menntmrh. er hér staddur í d., vildi ég leyfa mér að nota þetta tækifæri til þess að æskja nokkurra upplýsinga í sambandi við málefni Listasafns Íslands. Vissulega þóttu mönnum það ill tíðindi, þegar frá því var skýrt nýlega, að Þjóðminjasafnshúsið, þar sem hinir mestu dýrgripir í eigu þjóðarinnar, fornminjarnar og ýmis eldri og mörg hinna yngri listaverka þjóðarinnar, málverk og höggmyndir, eru geymd — þegar fregnir bárust um það, að þetta hús hafi reynzt mjög gallað og jafnvel stórgallað. En upplýsingar komu fram um það eftir meðferð þessa máls í hv. Nd. Það er því ánægjulegt, að hæstv. menntmrh. upplýsir nú, að væntanlega hefur verið gert heldur mikið úr göllum þessa húss, þó að hinu sé sízt að neita, að þar virðast veruleg mistök hafa átt sér stað í sambandi við bygginguna, og verður vafalaust töluverðum örðugleikum bundið að ráða þar fulla bót á. Hins vegar treysti ég því, að þeir, sem þarna eiga um að fjalla, muni gera allt, sem í þeirra valdi stendur, til þess að bæta úr þeim ágöllum, sem þarna hafa komið í ljós, á þann veg, að þeim þjóðardýrgripum, sem geymdir eru í Þjóðminjasafnshúsinu verði sem minnst hætta búin. En þetta ástand Þjóðminjasafnshússins minnir okkur vissulega á það, hversu brýnt er orðið, að Listasafn Íslands fái eigið hús til umráða. Það kunna nú ýmsir að segja, að ekki ári þannig nú, að það sé sérstaklega bjart framundan í byggingarmálum hjá ríki eða ríkisstofnunum, en þó er það nú svo, að hér er um svo stórt mál og brýnt að ræða, að full ástæða er til að kanna alla möguleika í sambandi við það að leysa úr vanda þessa safns. Það er að sjálfsögðu góðra gjalda vert og mjög virðingarvert að fá nú fyrirheit um það, að bætt verði a. m. k. til bráðabirgða úr geymslurými safnsins, þannig að þær mörgu myndir, sem safnið þarf að hafa í geymslu, liggi væntanlega ekki undir skemmdum, eins og verið hefur í því húsnæði, þar sem þessar myndir hafa verið geymdar. En í sambandi við þetta mál vildi ég mega æskja upplýsinga frá hæstv. menntmrh. um eftirtalin atriði:

1. Hve mikið fé er nú í byggingarsjóði Listasafnsins?

Það kann að vera, að þetta hafi komið fram í sambandi við umr. um þetta frv. í hv. Nd., en ég minnist þess þó ekki, og mér þætti vænt um, ef hæstv. ráðh. getur upplýst þetta. Það er orðið alllangt síðan farið var að leggja fé til þessa byggingarsjóðs. Það hefur að vísu verið lítið mörg árin, en nokkurt fé mun þó vera til í þessum byggingarsjóði, þó að hins vegar ég efist mjög um, að það, sem til hans hefur verið lagt undanfarin ár, hafi gert betur heldur en hamla gegn verðbólgunni, hafi það þá gert það.

Í öðru lagi langar mig til að spyrja hæstv. ráðh., hvort nokkur ákvörðun hafi verið tekin um lóð eða réttara sagt um landsvæði til handa Listasafni Íslands, þar sem framtíðarbyggingar þess koma væntanlega til með að rísa og þar sem þá jafnframt þarf að hugsa fyrir svæði, allmiklu landsvæði, vegna höggmynda og annarra verka, sem fremur kunna að eiga heima úti heldur en inni. Og enn vil ég beina þeirri spurningu til hæstv. ráðh., hvort nokkur könnun hafi farið fram á því, nokkrar athuganir hafi verið gerðar hin síðari ár eða nýlega í sambandi við það, á hvern hátt hentugast væri talið nú að leysa húsnæðismál Listasafns Íslands. Ég veit, að fyrir allmörgum árum voru nokkuð skiptar skoðanir um það, hvort nauðsynlegt væri að byggja í því sambandi stórhýsi í einum áfanga ellegar hitt, sem mér sýndist mjög koma til greina, að hægt væri að leysa þessi húsnæðismál, byggingarmál Listasafnsins, í áföngum með því að haga byggingunni þannig, að ekki væri byggt eitt stórhýsi, heldur kannske mörg smærri hús, sem væri þá auðveldara að byggja í áföngum og hægt væri þá fyrr að hefjast handa á einhverjum áfanganum. Ég tel æskilegt, að þetta mál yrði kannað sem fyrst, ef ekki liggja fyrir tiltölulega nýlegar athuganir á því, á hvern hátt kunnáttumenn telja eðlilegast að standa að byggingarmálum safns eins og Listasafn Íslands er.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Ég skal með ánægju reyna að svara með fáeinum orðum þeim spurningum, sem hv. þm. beindi til mín. Hann spurði, hve mikið væri í byggingarsjóði Listasafnsins. Ég hef því miður ekki með mér reikninga byggingarsjóðsins, en ég held, að ég muni það örugglega rétt, að í honum sé nú nokkuð á 6. millj. kr. Hann spurði, hvort ákvörðun hafi verið tekin um lóð fyrir safnið. Ákvörðun um það efni hefur ekki verið tekin enn. Eins og auðvitað öllum hv. dm. er ljóst, er það Reykjavíkurborg, sem ráðstafa mundi lóð undir safnið. Það hafa oftsinnis átt sér stað viðræður milli menntmrn. og borgaryfirvalda um þetta mál, og auk þess hefur það verið þrautrætt í safnráði Listasafnsins, sem að sjálfsögðu er sá aðili, sem eðlilegast er, að geri tillögur um lausn þessa máls. En sannleikurinn er sá, að engum aðila hefur sýnzt vera nauðsyn til þess að taka endanlega ákvörðun í jafn vandasömu máli og staðarákvörðun fyrir Listasafnið er, meðan ekki er meira fé til ráðstöfunar til byggingarinnar en það sem nú er, nokkuð á 6. millj. kr. Og

það er að sjálfsögðu Alþ., sem ákveður það, hvenær Listasafn verður byggt, en ekki ríkisstj., hvað þá menntmrn. eða safnráðið sjálft. Öll ákvörðun í þessu máli er auðvitað í höndum Alþ., sem segir til um það með sínum fjárveitingum, hvenær Listasafnshúsið skuli byggt. Ég held, að allir hljóti að vera sammála um það, að með 5 millj. kr. í hendinni er ekki ráðlegt að hefjast handa um byggingu fyrir Listasafnið. Endanlegar ákvarðanir um það, hvar sú bygging skuli vera eða hvernig hún skuli vera, er ekki eðlilegt að taka fyrr en Alþ. hefur veitt mun meira fé í þessu skyni heldur en þegar hefur átt sér stað. En því er ekki að leyna, að um það er nokkur ágreiningur meðal þeirra manna, sem áhuga hafa á málinu í safnráði, og meðal listamanna almennt, hvar ætla skuli væntanlegu Listasafnshúsi stað í bænum. Ýmsir staðir hafa komið til greina og verið mjög ýtarlega ræddir og þá fyrst og fremst Öskjuhlíðin annars vegar og lóðarými við Skerjafjörð hins vegar. Fleiri staðir hafa einnig komið til greina. Þess er að vænta, að frekari umræður um þetta mál leiði til meiri samstöðu um hugmyndir í þessu efni, heldur en nú á sér stað. Og ég tel, að frekari umr. og athuganir geti aðeins orðið til góðs. Að knýja fram ákvörðun nú, meðan allir vita, að ekki er raunhæft að hefja byggingu slíkrar byggingar, mundi geta orðið til þess, að ákvörðun yrði tekin, sem enn meiri ágreiningur eða deilur kynnu að verða um síðar. Þess vegna held ég, að enn sem komið er sé rétt að halda áfram viðræðum innbyrðis hjá listamönnum sjálfum og milli þeirra, menntmrn. og borgaryfirvalda í þeirri von, að sem víðtækust samstaða fáist um málið.

Þá var þriðja spurningin um, hvort gerðar hafi verið athuganir á því yfirleitt, hvernig leysa eigi húsnæðismál safnsins. Og hér er einmitt um að ræða aðra ástæðuna fyrir því, að ekki hefur verið talið rétt að knýja fram endanlega ákvörðun um staðarvalið. Alveg eins og kom fram í spurningu hv. þm., eru uppi meðal listamanna og arkitekta nokkuð ólíkar skoðanir um það, hvernig taka skuli á þessu máli í grundvallaratriðum, þ. e. a. s. eins og hann orðaði það alveg réttilega í sinni ræðu, hvort stefna eigi að því strax að byggja eitt, stórt listasafn, sem rúmi þar alla myndlist þjóðarinnar, þ. e. a. s. þann hluta af henni, sem er í opinberri eigu, þ. e. a. s. bæði myndir og höggmyndir, eða hvort eigi að keppa að því að hafa söfnin fleiri og minni og blanda e. t. v. ekki saman málverkum annars vegar og höggmyndum hins vegar, heldur ætla höggmyndum stað víðs vegar um bæinn í almenningsgörðum og öðrum slíkum stöðum, en ekki í forgarði stórs Listasafnshúss eða stórrar listahallar. Þetta mál er langt frá því að vera útrætt enn, og m. a. og ekki síður af þessum sökum eða jafnhliða af þessum sökum hef ég ekki talið tímabært að knýja á borgaryfirvöld um það, að endanleg afstaða sé tekin um það, hvar Listasafnið skuli vera. Ég tel eðlilegt, að listamenn og ríkisvaldið hafi fram að bera ákveðnari óskir í þessum efnum en þeir hafa nú á þessari stundu, áður en óskað er eftir endanlegri afstöðu borgaryfirvalda til málsins. Þess má og geta, að það svæði við Öskjuhlíðina, sem margir eru mjög hlynntir sem framtíðarstað fyrir Listasafn, er ekki enn þá að öllu leyti skipulagt. En þess vildi ég geta í framhaldi af svari mínu við þessum spurningum hv. þm., að það er síður en svo, að ekki sé hitt og þetta á döfinni í Reykjavík, sem bætir aðstöðu íslenzkrar myndlistar. Reykjavíkurborg hefur ákveðið að reisa á Miklatúni stórt stórhýsi, sem ætlað verður íslenzkri myndlist. Er þar annars vegar um að ræða svo nefndan Kjarvalsskála, þ. e. a. s. skála, sem Reykjavíkurborg mun kenna við þennan mesta núlifandi myndlistarmann þjóðarinnar og ætlað er til sýningar á verkum hans eins í framtíðinni.

Hins vegar er um að ræða almennan sýningarsal, sem gert er ráð fyrir, að komi í staðinn fyrir sýningarsalinn hér við hlið alþingishússins, sem núna er horfinn, en verður miklu stærri og auðvitað miklu fullkomnari en sá salur var. Að byggingu þessa húss munu standa sameiginlega Reykjavíkurborg, myndlistarmenn og ríkisstj. eða ríkisvaldið. Og þessi salur er í byggingu. Þegar hann verður fullbyggður, fæst ágætt sýningarrými, sem verður til afnota fyrir íslenzka listamenn og þeir sjálfir eru aðilar að fjárhagslega og munu verða meðstjórnendur að, svo að við tilkomu þessa húss má segja, að sýningarrými fyrir myndir í höfuðstað landsins muni stórbatna frá því, sem verið hefur undanfarna áratugi. Þá má þess enn fremur geta, að hið svo nefnda Kjarvalshús er fullbyggt, og hefur listamaðurinn fengið umráð þess, þótt heilsu hans sé því miður þannig háttað nú, að hann dveljist á sjúkrahúsi, en í því húsi er í raun og veru líka um að ræða sýningaraðstöðu, þó auðvitað í miklu smærri stíl sé heldur en þeirri, sem verið er að koma upp á Miklatúni.

En hitt vil ég að síðustu alveg taka undir með hv. fyrirspyrjanda, sem ég veit, að hefur einlægan áhuga á þessu máli, að það væri æskilegt, að fjárveitingar Alþ. í byggingarsjóð Listasafnsins ykjust verulega frá því, sem verið hefur, og ákvörðunum um framtíðarskipulag Listasafnsbyggingar í höfuðstaðnum og svo enn fremur hvar Listasafnið skuli vera, þeim ákvörðunum öllum saman sé hraðað, og ég mun fyrir mitt leyti vinna að því, að svo verði.

Gils Guðmundsson: Herra forseti. Ég þakka hæstv. menntmrh. fyrir svör hans við þeim fsp., sem ég beindi til hans. Þar kemur fram, að enn hefur ekki verið tekin ákvörðun um lóð eða húsnæði undir Listasafn, og taldi hæstv. ráðh., að það stafaði af því, að enn væri allmikil óvissa ríkjandi um það, hvaða meginstefna yrði uppi í sambandi við byggingarmálin, hvort heldur stefnt yrði að því að byggja eitt stórhýsi ellegar þá að byggja á annan hátt, smærri og fleiri byggingar. Ég vil aðeins í tilefni af þessum upplýsingum leggja á það áherzlu, að ég tel það orðið mjög brýnt, að umræður um þessi mál geti nú farið fram og það megi á skömmum tíma leiða þær til lykta á þann veg, að ljóst geti orðið, hver stefna ætti að verða uppi í þessum efnum, til þess að hægt verði innan allt of langs tíma að taka ákvarðanir um byggingarmál Listasafnsins. Það getur vitanlega haft veruleg áhrif á Alþ., á fjárveitingavaldið, hvor stefnan verður ofan á, hvort heldur verður talið nauðsynlegt að byggja í einu lagi stórhýsi, sem e. t. v. kostar upphæðir eins og 100 eða 150 millj. kr., svo að nefnd sé einhver tala kannske út í bláinn, en einhver mjög há tala, ellegar hitt, hvort hægt yrði að ná verulegum áfanga í þessum byggingarmálum Listasafnsins með e. t. v. 20—30 millj. kr. fjárveitingu á tiltölulega mjög fáum árum. Þetta

getur skipt höfuðmáli, og allra hluta vegna virðist orðið brýnt, að ákvarðanir verði teknar um meginstefnu í byggingarmálum Listasafns ríkisins.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til menntmn. með 12 shlj. atkv.

Á 61. fundi í Ed., 20. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 11, n. 360).

Frsm. (Auður Auðuns): Herra forseti. Það frv., sem hér er til umr., felur í sér sáralitlar breytingar frá því, sem er í núgildandi lögum um Listasafn Íslands. Í aths. er þess getið, að breytingarnar séu þær, að með 4. gr. frv. skuli um tölu safnvarða og starfsliðs fara eftir því, sem fé er veitt til í fjárl. á hverjum tíma, en samkv. núgildandi lögum virðist vera gert ráð fyrir einum safnverði. Og þá er önnur breyting, sem í frv. felst, í 5. gr. um kosningu í safnráð. Menntmn. hefur haft frv. til athugunar, og hefur orðið samkomulag um það í n. að flytja brtt. við 4. gr. frv. Sú brtt. liggur fyrir á þskj. nr. 360, og það má segja, að það séu tvær breyt. á 4. gr., sem brtt. felur í sér. Það er fyrst, að upphaf gr. orðist þannig, að menntmrh. skipi forstöðumann safnsins. Í frv. segir, að menntmrn. skuli skipa forstöðumanninn. Ég held, að þetta sé nú svo sjálfsögð og eðlileg breyt., að það þurfi ekki nánar að skilgreina hana.

Önnur breyting, sem n. leggur til, að gerð verði, er við síðasta málsl. 4. gr., þar sem segir, að laun starfsmanna skuli vera hin sömu og hliðstæðra starfsmanna við önnur ríkissöfn. Þetta stangast á við okkar núgildandi löggjöf um kjarasamninga opinberra starfsmanna, ríkisstarfsmanna, og er þess vegna lagt til, að þetta orðist þannig, að þeir skuli taka laun samkv. hinu almenna launakerfi starfsmanna ríkisins. Eins og fram kemur í nál. á þskj. 360, hafa einstakir nm. áskilið sér rétt til að flytja frekari brtt. við frv. og að fylgja brtt., sem kunna fram að koma, en n. í heild mælir með samþykkt frv. með þessari breytingu, sem ég áður greindi frá.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Brtt. 360 (ný 4. gr.) samþ. með 14 shlj. atkv.
5.—16. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Á 62. fundi í Ed., 24. marz, var frv. tekið til 3. umr. (A. 381).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og endursent Nd.

Á 68. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að frv. væri endursent frá Ed., eftir 3. umr. þar.

Á 69. fundi í Nd., 25. marz, var frv. tekið til einnar umr.

Benedikt Gröndal: Herra forseti. Á fundi, sem haldinn var í menntmn. þessarar d. í morgun, kom til tals sú smávægilega breyting, sem Ed. hefur gert á frv. um Listasafn ríkisins. Var ekki að heyra á menntmn.-mönnum, að þeir sæju neina ástæðu til þess, að málið yrði athugað frekar hér í d., og get ég því mælt með því, að það verði samþ. eins og það kemur frá Ed.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 29 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 399).

---

28. Lántökuheimild fyrir ríkissjóð.

Á 70. fundi í Nd., 27. marz, var útbýtt:
Frv. til l. um lántökuheimild fyrir ríkissjóð [201. mál] (stjfrv., A. 409).

Á 71. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 23 shlj. atkv.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Frv. það, sem hér liggur fyrir, er tvíþætt. Það er annars vegar um heimild til þess að taka allt að 300 millj. kr. lán fyrir Framkvæmdasjóð Íslands og hins vegar til þess að taka allt að 180 millj. kr. lán í þýzkum mörkum til byggingar hafrannsóknaskips. Ég vil fyrst víkja aðeins örfáum orðum að síðari heimildinni, sem felst í 2. gr. frv. um hafrannsóknaskipið.

Í fjárlögum yfirstandandi árs var veitt heimild til þess að ábyrgjast lántöku vegna hafrannsóknaskips, en þegar til kom, var það ljóst, að það var hagkvæmara að taka lánið með þeim hætti, að ríkissjóður yrði lántaki í stað þess að vera ábyrgðaraðili. Það fengist þá með hagstæðari lánskjörum. Lán hefur verið tryggt til byggingar skipsins til 12 ára með 5½% vöxtum, sem er mjög hagstætt lán miðað við núverandi lánskjör á hinum alþjóðlega lánamarkaði, og niðurstaðan er sú, að ríkissjóður taki lánið. Það er því aðeins um það að ræða að fá heimildinni breytt á þann veg, að ríkið taki lánið í stað þess að veita ábyrgð, þannig að hér er ekki um nýja lántöku að ræða.

Um Framkvæmdasjóðinn er það að segja, að eins og mönnum var kunnugt, var, meðan Framkvæmdabanki Íslands var starfandi, almenn lántökuheimild í lögum um þann banka, sem var hækkuð öðru hverju hér á Alþingi og nam orðið mjög verulegum fjárhæðum. Það var venja, að þessar lántökuheimildir væru veittar án þess að sérstaklega væri ákveðið af Alþ. hverju sinni til hverra þarfa þetta fé væri notað, heldur var það látið vera á valdi bankastjórna og bankaráðs Framkvæmdabankans á þeim tíma. Nú hefur Framkvæmdasjóður Íslands tekið við hlutverki Framkvæmdabankans, en það er engin hliðstæð lántökuheimild vegna Framkvæmdasjóðsins. Þetta hefur valdið ýmsum erfiðleikum og það þykir því mikla nauðsyn bera til þess nú vegna mikillar fjárþarfar, sem Framkvæmdasjóður sýnilega stendur andspænis, að fá sérstaka lántökuheimild, sem væntanlega yrði miðuð við erlent lán. Stjórn Framkvæmdasjóðs er þingkjörin, og

það þykir því ekki ástæða til þess að vera að taka sérstaklega fram í þessu frv. til hverra einstakra þarfa þetta lánsfé skuli ganga, heldur er aðeins vikið að einstökum viðfangsefnum, sem mjög brýnt er nú að leysa og sem gera óumflýjanlegt að afla allverulegs lánsfjár. Á s. l. ári fékk Framkvæmdasjóður 113 millj. kr. af ensku framkvæmdaláni, sem tekið var og gerði honum þá kleift að leysa brýnustu vandamál, sem að steðjuðu, og var þá raunar um verulega umframfjárþörf að ræða hjá Framkvæmdasjóði, sem ekki var hægt að leysa úr.

Nú er það ljóst, að sjóðurinn stendur andspænis enn þá stærri vandamálum og viðfangsefnum á þessu ári, og það er jafnframt ljóst, að það verður ekki nema að takmörkuðu leyti hægt að leysa þessa lánsfjárþörf með innlendu lánsfé. Gert er ráð fyrir að leita samstarfs við bankana eins og áður um hlutdeild í sparifjármyndun í landinu, en það er augljóst, að það hrekkur ekki nema skammt til að mæta þörfunum. Það er ekki enn þá búið að ganga frá lánsfjár- eða fjárveitingaáætlun Framkvæmdasjóðs í ár. Stjórn Framkvæmdasjóðs á eftir að gera það, og þess vegna er á þessu stigi málsins ekki nákvæmlega hægt að segja um það, til hverra þarfa þessar 300 millj. muni ganga, sem hér er gert ráð fyrir að taka. En ég get aðeins drepið á nokkur atriði í þessu sambandi til að útskýra vandamálin, sem fyrir hendi eru.

Ég hygg, að stærsta vandamálið nú, sem sjóðurinn stendur andspænis í nýjum lánveitingum, sé vegna Fiskveiðasjóðs Íslands og þá ekki hvað síst vegna skipabygginga innanlands, sem eru að sjálfsögðu stórfellt atvinnuvandamál og mikilvægt hagsmunamál þess vegna nú, bæði skipasmíðastöðvanna og þjóðarinnar í heild, að sé hægt að hrinda áleiðis. Fiskveiðasjóð vantar mikið fé á þessu ári, vafalaust um 150 millj. kr., sem verður að útvega með einhverjum hætti, og það er hlutverk Framkvæmdasjóðs að reyna að sjá Fiskveiðasjóði fyrir þessu fjármagni. Þá er enn fremur gert ráð fyrir, að ráðizt verði á næstunni í stækkun Áburðarverksmiðjunnar og það mun þurfa verulegt fjármagn í því sambandi. Þá er vitanlegt, að Samband íslenzkra samvinnufélaga hefur ákveðið stóra stækkun skinnaverksmiðjunnar Iðunnar á Akureyri og hefur leitað til Framkvæmdasjóðs eftir aðstoð í því sambandi og má gera ráð fyrir, að þar þurfi einnig að útvega allverulegt fjármagn. Þá eru framundan byrjunarframkvæmdir við nýju Laxárvirkjunina, og þannig mætti nefna margvísleg viðfangsefni, sem of langt er að nefna hér, og ég vil taka skýrt fram, að ekki er tæmandi þó að ég drepi hér á helztu viðfangsefnin.

En þessi vandamál eru öll þess eðlis, að það verður óumflýjanlegt að afla til þeirra mjög verulegs fjár og eðlilegt, að það verði á snærum Framkvæmdasjóðs Íslands að hafa milligöngu um þá fjáröflun. Það er ekki ætlunin, að þetta fjármagn fari til ríkisþarfa í þrengri merkingu. Það verður sérstakur þáttur í framkvæmdaáætlun ríkisins, sem hér kemur til meðferðar aftur síðar á þinginu, þegar þarf að afla lántökuheimilda í sambandi við framkvæmdaáætlun ríkissjóðs, en gert er ráð fyrir á þessu stigi, að sú fjáröflun verði takmörkuð annars vegar við PL-lán, sem hefur verið veitt á undanförnum árum, og hins vegar innlenda spariskírteinasöfnun, þannig að hún þurfi ekki að grípa inn í almennt lánsútboð á erlendum markaði. Þá vil ég enn fremur taka það fram, að það ber brýna nauðsyn til þess, og það er haft í huga með þessari lánsfjáröflun, að breyta í miklu hagkvæmari lán ýmsum lausaskuldum erlendis, og er þar ekki hvað síst um að ræða stórlán, sem er skuld frá tímum Framkvæmdabankans við banka í London, um 160 millj. kr., sem ætlunin er að breyta í hagkvæmara lán, ef tekst nú að fá það lán, sem hér er gert ráð fyrir að taka.

Þetta lánamál hér verður einnig að skoða með hliðsjón af því frv., sem var hér til meðferðar í hv. þd. rétt áðan, þ. e. a. s. fjáröflun vegna atvinnumálanefndar ríkisins. Þar er gert ráð fyrir að taka 300 millj. kr. að láni, og það má gera ráð fyrir, að verulegur hluti af því fé, væntanlega ⅔, þurfi að vera erlent lánsfé. Þannig að samkv. þessu má gera ráð fyrir, að stefnt verði að því að afla um 500 millj. kr. í erlendu lánsfé til þessara tveggja verkefna. Ég vil leggja á það ríka áherzlu, sem ég hef áður gert, að miðað við okkar ástand nú varðandi greiðslubyrði út á við, þá er vitanlega varhugavert að taka mikið af erlendum lánum. Hitt er jafnljóst, að við getum ekki stöðvað þessa lántöku vegna brýnna fjárþarfa okkar á mörgum sviðum, og einmitt með það í huga að komast út úr þessum vanda og skjóta nýjum stoðum undir atvinnulíf þjóðarinnar. Af þessum sökum tel ég, ef við gætum þess eins að einbeita þessum lánum annars vegar að því að auka framleiðslu þjóðarinnar og hins vegar að því að breyta óhagkvæmum, erlendum lánum í hagkvæmari lán, séum við að bæta okkar stöðu en ekki rýra hana, þó að við að einhverju leyti aukum lántökur okkar erlendis. Það er nú unnið að þessari lántöku á erlendum vettvangi og þykir mjög líklegt, að hún geti tekizt, og það þótti ekki rétt að leggja þetta frv. fram, fyrr en nokkuð ljóst væri, að það gæti orðið að veruleika. Ég tel hins vegar ekki mögulegt á þessu stigi málsins að skýra nákvæmlega frá því, hvar lánið verður tekið. Það er ekki hægt, fyrr en samningar hafa verið gerðir um það, en þeir samningar eru það skammt undan, ef allt fer að óskum, að það er mjög mikil nauðsyn, að þetta mál gæti orðið afgreitt hér frá hinu háa Alþ., helzt nú fyrir páskahléið, þannig að ég vil leyfa mér að fara þess á leit, ef það þykir ekki alveg ótilhlýðilegur afgreiðslumáti, að hv. þdm. fallist á að hraða verulega afgreiðslu málsins, þannig að það gæti orðið að lögum hér frá Alþingi og vildi jafnframt beina þeim tilmælum til hv. fjhn. nú fyrir páska.

Ég legg til, herra forseti, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. fjhn. og vildi jafnframt beina þeim tilmælum til hv. fjhn., að hún hefði samvinnu við fjhn. Ed. um athugun frv., þannig að það gæti þá orðið afgreitt með skjótari hætti í hv. Ed.

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. Þetta frv. fjallar um heimild til þess að taka erlend lán. Af þeim er nú orðið æðimikið fyrir eins og kunnugt er, en samt sem áður vil ég ekki mæla gegn því, að þessi heimild verði samþ. Ég geri það í því trausti, að þess verði vandlega gætt, að þetta lánsfé verði eingöngu notað til fyrirtækja, sem afla gjaldeyris, sem svarar fullkomlega því, sem þarf til þess að standa undir lánunum, eða þá til þess að framkvæma verk, sem spara gjaldeyri að sama skapi, þannig að öruggt sé með öllu, að lántakan íþyngi ekki þjóðar-

búinu, þegar fram í sækir.

Svo er nú orðið áhlaðið erlendum skuldbindingum, að það veldur miklum ótta og kvíða varðandi framtíðina og er það sannast að segja ekki að ófyrirsynju, þó að við vonum öll, að úr því rætist, og það takist að standa undir þeim böggum, sem hnýttir hafa verið.

Það er að heyra á ýmsu því, sem kemur fram um þessar mundir, að stjórnvöldum landsins finnst í raun og veru ekkert vera hægt að gera lengur í landinu, sem máli skipti, nema með erlendu lánsfé. Okkur vanti peninga til alls. Það þurfi að sækja þá alla til útlanda, fá fé erlendis frá. Það er allur sá blær á þeim umr., sem fara fram, bæði í blöðum af hendi stjórnarinnar og eins hér á hv. Alþ., og allur sá blær á úrlausnum hennar í atvinnuleysisvandamálunum, ef úrlausnir skyldi kalla, að það sé ekki hægt að vinna bug á atvinnuleysinu vegna peningaleysis. Það sé sem sagt um það tvennt að velja að þola atvinnuleysið eða taka erlend lán. Það sé aðeins um þetta tvennt að velja.

Þetta vil ég ekki viðurkenna. Ég vil ekki viðurkenna það sjónarmið, að það séu til innlendir peningar til þess að greiða atvinnuleysisstyrki, til þess að borga mönnum fyrir að gera ekki neitt, en á hinn bóginn séu ekki til peningar til þess að borga kaup fyrir arðbær störf. Og ég segi í bróðerni við alla, sem hér eiga hlut að máli, að þennan hugsunarhátt verður að endurskoða. Þetta gengur ekki. Það verður hreinlega að endurskoða þennan hugsunarhátt og líta á þessi mál öll frá nýjum sjónarhóli, því að þessi hugsunarháttur spólar menn látlaust lengra og lengra niður í kelduna.

Ég hef sagt það við annað tækifæri og ég vil segja það enn, að það, sem er höfuðatriðið í þessu, er, að við gerum okkur grein fyrir því, að þjóðin verður að fá tækifæri til þess að vinna sig út úr þeim vanda, sem í er komið, en ekki að menn loki sig inni með því að temja sér þann hugsunarhátt, að ekki sé hægt að notfæra sér íslenzkt vinnuafl til arðbærra verkefna vegna peningaleysis. Það væri eitthvað meira en lítið bogið við þetta allt saman, ef þessu væri í raun þannig varið. En ég veit vel, hvaða hugsunarháttur liggur hér á bak við, sem sé sá, sem innprentaður er á æðstu stöðum. Það má ekki láta meira peningamagn í umferð vegna þess, að það þyngir á gjaldeyrisverzluninni. En hvernig skyldi það verka á gjaldeyrisverzlunina við útlönd og gjaldeyrisjöfnuðinn, að fólk dragi fram lífið þúsundum saman á atvinnuleysisstyrkjum, sem það fær enga arðgæfa vinnu að láta í þjóðarbúið fyrir? Vilja menn ekki reyna að reikna það dæmi? Og ég segi enn, höfum við frekar peninga til þess að borga mönnum atvinnuleysisstyrki en að setja verk í gang til þess að menn geti unnið fyrir sér?

En við skulum gera okkur alveg ljóst, að eins og við erum sett nú, er ekki hægt að fara eftir þessum hugsunarhætti, sem ég er að boða, nema með því að taka upp alveg nýja stjórnarstefnu. Það verður að taka upp nýja stefnu í lánamálum. Það verður að taka upp nýja stefnu í atvinnumálum, og það verður að taka upp nýja stefnu í fjárfestingarmálum, m. a. vegna þess að það er ekki hægt að reka þá lánapólitík, sem þarf að reka, nema með því að setja á bak við hana fjárfestingarstjórn og gjaldeyrisstjórn. Ef núv. hæstv. ríkisstj. heldur áfram að berja höfðinu við steininn og vill ekki hlusta á, að þetta þurfi að gera, þá bíður okkar áfram svipaður ferill og undanfarin ár, að íslenzkir atvinnuvegir hafa verið lamaðir með þessum stjórnaraðferðum í sjálfu góðærinu og ef eitthvað bjátar á, kemur bullandi atvinnuleysi, sem enginn ræður við nema breyta um stefnu. Út úr þessu er óhugsandi að komast nema með algerum nýjum hugsunarhætti og eftir nýjum leiðum.

Það er talað mikið um það hér, að okkar vandi stafi allur af því, að afli hafi minnkað og verð fallið. Ég held, að það sé óhugsandi að koma nýrri og betri skipan á þessi mál, á meðan menn berja höfðinu við steininn og halda þessu fram, þeir, sem eiga að taka ákvarðanir og ráða stefnunni: Vegna þess að það er staðreynd, að við höfum lifað 10 mestu góðærisár, þegar meðaltöl eru tekin, sem íslenzka þjóðin hefur nokkurn tíma átt við að búa. Þetta er staðreynd. Og það er staðreynd, að þegar lakast hefur gengið á þessu tímabili, hafa verzlunarkjörin verið betri en nálega nokkru sinni fyrr. Meira að segja eftir það verðfall, sem kom á afurðirnar eftir kúfinn, voru verzlunarkjörin eins góð eins og við getum búizt við að hafa þau bezt að meðaltali. Og það hefur ekki brugðizt alveg nema ein síldarvertíð. En hér fyrir nokkrum árum, meðan ólík stjórnarstefna var framkvæmd, sem að sjálfsögðu mátti margt að finna, höfðum við hér hvert síldarleysisárið eftir annað og var þó nálega ekkert atvinnuleysi samanborið við það, sem nú er. Og kaupmáttur tímakaups var meiri fyrir 10 árum en hann er nú. Halda menn, að þetta sé bara allt saman tilviljun? Þetta er hreinlega vegna þess, að á þessum árum var fylgt öðru vísi stjórnarstefnu, sem betur hentaði við íslenzka staðhætti.

Þessi feiknalegi vandi, sem við búum nú við, er að langmestu leyti heimatilbúinn og vegna þess, að hér hefur verið reynt að framkvæma úrelta stjórnarstefnu, sem annars staðar er hætt að nota. En sú stefna, sem hér hefur verið framkvæmd, hefur verið fólgin í því, eins og við vitum, fyrst og fremst að draga inn lánsfé, láta ekki vera of mikið af peningum í umferð. Það voru minnkuð afurðalánin, það var minnkað, sem Seðlabankinn lagði inn í þjóðarbúið fyrir atvinnuvegina til að starfa með. Það var farið að draga sparifjáreignina inn í Seðlabankann og draga þannig peningana úr umferð, þrengja að, og þetta átti að vera til þess að koma á jafnvægi í þjóðarbúskapnum og átti alveg vélrænt að hafa í för með sér, að allt yrði í lagi um ófyrirsjáanlega framtíð og raunar alla framtíð.

Það hefur verið sagt og varað við því öll þessi ár, að einmitt þessi nýja lánapólitík verkaði eins og eitur á íslenzkt atvinnulíf. Á sjálfum góðu árunum fengu atvinnuvegirnir ekki notið sín fyrir skorti á rekstrarfé. Þegar bent var á, að það þyrfti að bæta úr í þessum efnum og breyta til um lánastefnuna, þá var alltaf svarað: Það eru ekki peningar til.

En þessi lánastefna hefur lamað atvinnuvegina. Þetta duldist dálítið fyrir mönnum meðan síldarmoksturinn var sem allra mestur og meðan verðið á útflutningsvörunum var hærra en nokkru sinni hafði áður þekkzt, en undir eins og ástandið fór að verða líkara því, sem menn eiga venjulega við að búa, kom það í ljós, hvernig búið var að leika íslenzkt atvinnulíf og við það búum við núna.

Jafnframt því að draga úr lánsfé var dregið úr kaup-

getunni og átti að halda jafnvæginu með því, og látlaust mokað nýjum álögum á atvinnulífið og þar með enn minnkað umráðafé atvinnuveganna. Jafnframt var fylgt algerri stjórnleysisstefnu í atvinnu- og fjárfestingarmálum. Afleiðingin af öllu þessu varð sú, að mikið af því mikla fjármagni, sem hér barst að á þessum árum, fór í alls konar framkvæmdir, sem hefðu mátt bíða eða missa sig. Jafnvel var í þeim mörgum fólgin æðimikil sóun, en það, sem mestu máli skipti, lenti aftur fyrir, og það var talað með háðsyrðum um þær till., sem komu fram um að raða verkefnunum eftir nauðsyn þeirra í þjóðarbúinu. Allar slíkar aðvaranir og till. um breytta stefnu í þessu efni voru hafðar að háði og spotti og sagt, að þetta mundi allt koma af sjálfu sér.

Hvað liggur svo fyrir? Hversu hagkvæm hefur fjárfestingin orðið á þessum árum? Hún hefur vægast sagt orðið ákaflega óhagkvæm eins og sést á því, að hér er komið stórfellt atvinnuleysi undir eins og dró úr síldarmokinu. Þess vegna er lífsnauðsyn, að það verði breytt um stefnu. Við getum ekki haldið áfram að taka endalaust erlend lán. Það getum við ekki. Við verðum að taka hér upp nýja stefnu í atvinnumálum, sem er byggð á forystu ríkisvaldsins og samstarfi ríkisvaldsins við atvinnugreinarnar og launþegasamtökin í landinu, breyta lánastefnunni og miða hana við þarfir atvinnulífsins og miða lánastefnuna einnig við útrýmingu atvinnuleysisins. Í stað stjórnleysisstefnunnar í atvinnu- og fjárfestingarmálum verður að koma þessi forysta, sem m. a. verður að vera byggð á því að taka fyrir hverja grein atvinnulífsins um sig og gera sér grein fyrir því, hvað þarf að gera til þess að hún njóti sín sem bezt og beita síðan ríkisvaldi, bankavaldi og einstaklingsframtaki og félagsframtaki í samvinnu til þess að koma því í framkvæmd. Ég nefni bara 2—3 dæmi. Ég nefni t. d. þau feiknaverkefni, sem fram undan eru til þess að endurbæta okkar frystiiðnað og gera honum mögulegt að afgreiða allan þann fisk í neytendaumbúðum, sem lífsnauðsynlegt er, að héðan komi á markaðinn. Ég nefni allsherjarendurskoðun á meðferð á fiski um borð í veiðiskipunum, sem þarf að fara fram, og sameiginleg átök allra aðila til þess að koma þar nýjum aðferðum á framfæri. Þetta gæti haft í för með sér gífurlega aukningu þjóðarteknanna, eins og færustu menn hafa sýnt fram á. Ég nefni fulla nýtingu iðnaðarfyrirtækjanna, sem standa mörg hver hálfnýtt, en mokað er inn í landið erlendum iðnaðarvarningi, sem hægt væri að framleiða í þessum fyrirtækjum. Og þannig væri nálega endalaust hægt að telja þau verkefni, sem krefjast úrlausnar og þyrfti að taka á samkv. þessari nýju stefnu.

Ég held því hiklaust fram, að bankakerfið íslenzka gæti hjálpað stórkostlega til í þessu efni, ef tekin væri upp lánastefna eitthvað svipuð þeirri, sem rekin var áður en breytt var um. Í þann tíð lét Seðlabankinn inn í peningakerfið sem svaraði 67% af andvirði framleiðsluvaranna, útflutningsframleiðsluvaranna, í stað þess, að nú lætur hann aðeins 55%, og á þessum árum höfðu viðskiptabankarnir allt sitt sparifé í lánum til almennings og atvinnuveganna. En á síðari árum hefur Seðlabankinn verið látinn draga veltufé úr umferð í staðinn fyrir að leggja til veltufé inn í kerfið. Það er nánast eins og barnaleikur, þegar fullábyrgir menn eru að ræða þessi málefni með upphrópunum, eins og t. d. þeim, að peningar séu ekki til og öðru því um líku, því að allir, sem hafa komið nokkuð nálægt þessum málum, vita, að það er algert matsatriði, hversu mikið seðlabankarnir í hverju landi skuli leggja til af fjármagni. Það er metið hverju sinni, hversu mikið fjármagn er skynsamlegt að leggja til, og það er hægt að leggja algerlega að áhættulausu mun meira lánsfjármagn til inn í veltuna, ef höfð er örugg stjórn á fjárfestingunni og gjaldeyrismálunum. Og þarna liggur kjarnapunkturinn í öllum þessum málum. Ef menn ekki vilja hafa neina stjórn á fjárfestingar- og gjaldeyrismálunum umfram það, sem verið hefur, gjalda menn fyrir það með samdráttarstefnu, sem þýðir, eins og nú er komið á daginn, verulegt atvinnuleysi.

Ég segi ykkur alveg satt, að hvernig sem reynt verður að velta þessum málum fyrir sér, mun það koma á daginn, að það er ekki hægt að komast sómasamlega inn á nýtt spor í þessum málum nema með því að taka upp þessa stefnu, sem ég hef bent hér á þráfaldlega á undanförnum árum og leyfi mér enn einu sinni að leggja áherzlu á, í tilefni af því, að þessi tvö frv. eru komin fram hér í dag frá stjórninni. Bæði þessi frv. fjalla í raun og veru um aukningu framkvæmda til þess að hjálpa til að vinna gegn atvinnuleysinu. En þau eru bæði byggð á því, að það verði ekki gert nema með því að taka lán erlendis.

Ég beiti mér alls ekki á móti því, að þessi frv. verði samþ., því að ég tel, að það þurfi nokkurt erlent lánsfé að koma til. En ég held hinu fram, að þessi frv. nái skammt, þau séu eins og dropi í hafið samanborið við þær ráðstafanir, sem þarf að gera til þess að rífa okkur út úr vandanum, og til þess að full atvinna verði í landinu.

Ég segi enn, það eru takmörk fyrir því, hvað við getum tekið mikið af erlendum lánum, og þess vegna verður að koma fjármagn til viðbótar, og það verður að koma með nýrri lánastefnu, en það er ekki hægt að taka upp þessa nýju lánastefnu, nema henni fylgi alveg ný stefna í atvinnumálum, til þess að stuðla að því, að fé, sem látið er í umferð, sé skynsamlega varið og þá fyrst og fremst þannig, að það komi aftur sem fyrst í fullum verðmætum.

Ég viðurkenni alls ekki þann hugsunarhátt, sem komið hefur fram fyrr og síðar og m. a. í þeim málum, sem hér eru lögð fram í dag, að við höfum ekki ráð á því að greiða mönnum kaupgjald fyrir að vinna arðgæf störf, en höfum fremur ráð á hinu að greiða mönnum atvinnuleysisstyrki, sem þeir fá ekki tækifæri til að vinna fyrir. Ég mótmæli slíkum hugsunarhætti, og ég bið menn að endurskoða þetta allt og líta á frá algerlega nýjum sjónarhóli, áður en það er orðið of seint, og bið menn að halda ekki dauðahaldi í úreltar kennisetningar, því að það er engum manni skömm að því að endurskoða framkomu sína og breyta um, ef hann kemst að þeirri niðurstöðu, að annað sé hyggilegra en það, sem hann hefur áður gert.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Ég hef óskað eftir hraðri afgreiðslu þessa máls og skal því ekki efna til umr. um það, þó að margt hefði verið í ræðu hv. 1. þm. Austf., sem fróðlegt hefði verið að gera að umtalsefni. En það er svipað með það, sem kom fram í

ræðu hans eins og birtist í umr. við síðasta mál, sem var á dagskrá hér í dag, að þarna greinir okkur í grundvallaratriðum á um stefnuna, annars vegar ríkisstj. og stuðningsmenn hennar og hins vegar stjórnarandstöðuna, ekki aðeins í efnahagsmálum, heldur einnig í fjármálum og peningamálum, og sé ég ekki ástæðu til þess að fara að hefja hér umr. um það atriði. Það gefst tækifæri og tóm til þess síðar.

Ég vildi aðeins láta í ljós algert samþykki mitt við yfirlýsingu hv. síðasta ræðumanns um notkun hins erlenda fjármagns. Ég hef lýst því yfir hvað eftir annað og tek undir það með honum, að þegar hagur okkar er slíkur, sem hann er nú, verður að gæta mikillar varúðar við töku erlendra lána og af þeim sökum megi ekki taka þau nema til framkvæmda, þar sem annaðhvort er um sköpun nýrra gjaldeyrisverðmæta að ræða beinlínis eða óbeinlínis á þann hátt, að við spörum gjaldeyri, sem við höfum áður þurft að eyða til viðkomandi þarfa. Þetta get ég fullkomlega tekið undir með honum.

Ég vil svo aðeins að lokum segja það, að það er reginmisskilningur, að það sé skoðun ríkisstj., að ekkert sé hér hægt að gera nema taka erlend lán. Við teljum, að tvímælalaust eigi að nota allt það innlenda fjármagn, sem mögulegt er að nota. Og það er vissulega gert, en að því marki að þetta innlenda fjármagn sé ekki prentun seðla, sem ekkert verðgildi hafa að baki sér og aðeins verðbólgumyndandi peningaútgáfa. Við teljum, að forsenda þess, að við komumst upp úr þeirri lægð, sem við nú erum í, sé sú, að við byggjum upp traust efnahagskerfi, sem byggist á raunverulega styrkum efnahag og réttri stefnu í peningamálum og fjármálum og ef út af þeirri stefnu er brugðið, sé vonlaus fyrir okkur öll þessi uppbygging, sem við þurfum nú svo mikið á að halda. Það er með hliðsjón af þessu, sem við tölum um að taka erlend lán. Og ástæðan til þess, að við fáum erlend lán – það er rétt að leggja áherzlu á það — er fyrst og fremst sú, að það er skoðun erlendra aðila og alþjóðlegra fjármálastofnana og annarra, sem til þekkja hér á Íslandi, að við höfum í meginatriðum fylgt réttri efnahagsmálastefnu á undanförnum árum, stefnu, sem tvímælalaust hefur leitt til þess, að okkar atvinnuvegir hafa byggzt upp með meiri hraða en þeir nokkru sinni áður hafa gert, og þetta er orsök þess, að við getum fengið þessi lán. Ef við hyrfum frá þessari stefnu, er ég ósköp hræddur um, að það yrði ekki aðeins erfitt að starfrækja okkar þjóðarbúskap hér séð frá almennum sjónarhóli, heldur einnig mundi taka fyrir þá möguleika, sem við hefðum til þess að fá erlendar lánastofnanir til að veita okkur lán til þeirrar uppbyggingar, sem er brýn nauðsyn, að við getum ráðizt í hér til að tryggja næga og örugga atvinnu í landinu.

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. Ég skal ekki endurtaka það, sem ég sagði áðan. Ég reyndi að vera þá eins stuttorður eins og ég gat að rifja upp það, sem ég hef sagt hér á Alþingi í 8 ár. Rifjaði það upp í örfáum orðum. Það er náttúrlega ávinningur að heyra það nú viðurkennt úr herbúðum ríkisstj., að við höfum stefnu. Ég tel það raunar mikinn ávinning. Allt fram á þennan dag hefur ríkisstj. rætt þessi mál af slíkum hroka, að það hefur verið sagt, að við hefðum enga stefnu og hefðum ekkert til málanna að leggja. Það væri raunar aðeins ein stefna til og hún væri þessi, sem ríkisstj. hefur fylgt. Sem sé, hin leiðin, sem ég kallaði hér í gamni okkar stefnu, væri alls ekki til. Á þessu hefur þjóðin verið fóðruð í 8 ár.

Það er skemmtilegt og það er kannske fyrsta skrefið, að þeir eru nú farnir að viðurkenna, að stjórnarandstaðan hafi aðra stefnu að bjóða. Það er þá eftir allt saman eitthvað annað til en þetta, sem hæstv. ríkisstj. hefur gert. En ætli það komi til af góðu, að þeir hafa nú sveigt þetta undan? Ég held ekki. Þeir eru á hinn bóginn að byrja að bogna undan staðreyndunum. Þeir eru að byrja að bogna undan þeim staðreyndum, sem nú eru komnar fram og eru þannig, að það er ekki hægt að leyna því, hvernig ástatt er. Fjöldinn allur af fólki sér auðvitað núna, að það er eitthvað bogið við þetta, hvernig komið er. Það þýðir ekkert að bjóða mönnum upp á það lengur, að þetta sé allt vegna þess, að síldveiðar hafa brugðizt í tvö ár eða verðlag á afurðum farið niður úr því, sem það var hæst o. s. frv. Þetta þýðir ekki lengur, svo að þetta er byrjun á undanhaldinu og það er út af fyrir sig gott.

En auðvitað var það eðlileg krafa til þeirra öll þessi ár, að þeir ræddu þetta af fullri skynsemi og viðurkenndu, að þarna var um tvær stefnur að ræða. Kjarninn í þeirri stefnu, sem hæstv. ráðh. og hæstv. ríkisstj. hefur fylgt, kom í raun og veru fram að sumu leyti í þeim fáu orðum, sem ráðh. sagði. Hann sagði þá setningu, að þeir vildu setja til að vinna gegn atvinnuleysinu allt það fjármagn, sem hægt væri að nota, allt það innlent fjármagn, sem hægt væri að nota. Og þá mundi ég vilja, fyrst þetta er svona einfalt, spyrja hæstv. ráðh., hvað er mikið af peningum til? Hvað er mikið af peningum til á Íslandi? Hann vildi kannske svara því. Í hugum þeirra, sem hugsa svona, ætti að vera ákaflega einfalt svar við þessu, því það kemur sem sagt í ljós, að þeir miða við það, hvað mikið er af peningum til, og hafa sennilega alltaf gert í þessi 8 ár. Og ráðh., sem stýrir fjár- og efnahagsmálum, hlýtur þá að vita það nálega hvern dag, hve mikið er til af peningum. Og hvað er þá mikið af peningum til á Íslandi í dag? Vill ekki hæstv. ráðh. svara þessari spurningu, fyrst þetta er leiðarstjarnan, sem miðað er við?

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til fjhn. með 22 shlj. atkv.

Á 72. fundi í Nd., 28. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 409, n. 423).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 26 shlj. atkv.

Frsm. (Guðlaugur Gíslason): Herra forseti. Fjhn. þessarar deildar hefur haft þetta frv. til athugunar. Efni þess er tvíþætt, annars vegar er um að ræða heimild til handa ríkisstj. til að taka lán vegna byggingar hafrannsóknaskips og hins vegar heimild til handa ríkisstj. til að taka lán og endurlána Fiskveiðasjóði Íslands allt að 300 millj. kr. eða jafngildi þeirrar upphæðar í erlendri mynt.

Á fjárlögum fyrir þetta ár var ríkisstj. veitt heimild til

þess að ábyrgjast allt að 185 millj. kr. lán vegna byggingar hafrannsóknaskipsins Bjarna Sæmundssonar. Við samninga um þetta lán kom hins vegar í ljós, að hagstæðara mundi vera, að ríkissjóður sjálfur yrði lántakandi fyrir hönd Hafrannsóknastofnunarinnar og liggur nú fyrir, að hér geti orðið um að ræða lán til 12 ára með 5½% vöxtum, sem telja verður hagstætt.

Hin lánsheimildin, sem frv. felur í sér, er eins og fyrr er sagt, heimild til handa ríkisstj. til að taka lán og endurlána það Framkvæmdasjóði Íslands, allt að 300 millj. kr. Í lögum um Framkvæmdasjóð er ekki að finna neinar sérstakar lántöku- eða ábyrgðarheimildir til handa ríkisstj. nema að ábyrgjast þau lán, sem þessi stofnun yfirtók af Framkvæmdabanka Íslands. Er ríkisstj. því nauðsyn á þeirri heimild, sem frv. felur í sér, eigi sjóðurinn að gegna hlutverki sínu sem skyldi. Hæstv. fjmrh. gerði í gær í framsögu um málið grein fyrir ráðstöfun á fé sjóðsins og sé ég því ekki ástæðu til að fara nánar út í það. Eins og ég sagði í upphafi, hefur fjhn. athugað frv., og leggur hún til, að það verði samþ. Einn nm., hv. 4. þm. Austf., Lúðvík Jósefsson, var fjarverandi, er málið var afgr. í n., og tveir nm. hafa skrifað undir nál. fyrirvara.

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. Ég hef skrifað undir nál. fjhn. á þskj. 423 með fyrirvara. Og er sá fyrirvari við 1. gr. frv. um lán til að endurlána Framkvæmdasjóði eða ábyrgjast lán fyrir hann að fjárhæð allt að 300 millj. eða jafngildi þess í erlendri mynt.

Talað er um það í athugasemdum, að Framkvæmdasjóður þurfi nýtt lánsfé, annars vegar til þess að breyta stuttum lánum í lengri lán og hins vegar til þess að kosta nýjar framkvæmdir með lánveitingum til þeirra. Ég tel, að þarna skipti höfuðmáli, að þar sé um skynsamlegar framkvæmdir að ræða, nauðsynlegar, og þannig að þær skili arði.

Að öðru leyti vil ég taka fram út af þessu máli, að mér finnst það óskyggilegt, hvað stjórnin tekur mikið af erlendum lánum. Mér finnst það mjög óskyggilegt, og er þessi fyrirvari minn til þess að vekja athygli á því.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 24 shlj. atkv.

Á 73. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 24 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 24 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 66. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 67. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Frv. það, sem hér liggur fyrir, er tvíþætt. Annars vegar er óskað eftir heimild til, að ríkissjóður taki allt að 180 millj. kr. lán í þýzkum mörkum til byggingar hafrannsóknaskips, og hins vegar, að heimilað verði að taka allt að 300 millj. kr. lán eða jafngildi þess í erlendri mynt vegna Framkvæmdasjóðs Íslands.

Um lántökuheimildina vegna hafrannsóknaskips er það að segja, að í fjárl. yfirstandandi árs var ríkissjóði heimilað að ábyrgjast lán vegna byggingar hafrannsóknaskips. Það kom hins vegar í ljós, að auðveldara mundi reynast að fá lánið, ef ríkissjóður yrði beinlínis lántaki og þá yrði hægt að fá lán með hagstæðari kjörum. Það þótti því sjálfsagt að hverfa að því ráði og er því óskað eftir þessari heimild, en hér er sem sagt ekki um nýja lántöku að ræða.

Varðandi lántöku í sambandi við Framkvæmdasjóð Íslands er það að segja, að eins og hv. þdm. er kunnugt, var það svo, meðan Framkvæmdabanki Íslands var starfandi, að sá banki hafði almenna lántökuheimild, sem var hækkuð eftir atvikum hér á Alþ., en ekki ákveðið hverju sinni til hverra þarfa þessu lánsfé yrði varið. Framkvæmdasjóðurinn hefur í gildandi lögum ekki slíka almenna heimild. Það hefur hins vegar komið í ljós, að það hefur þurft hvað eftir annað að afla Framkvæmdasjóði fjár, til þess að hann gæti staðið undir sínum skuldbindingum. En hlutverk hans er fyrst og fremst það að afla lánsfjár vegna stofnlánasjóða atvinnuveganna og enn fremur að standa straum af lánsfjáröflun til ýmissa stórframkvæmda.

Eins og nú standa sakir, er ljóst, að óumflýjanlegt er að afla aukins lánsfjár til Framkvæmdasjóðs og hverfa verður að því ráði að taka erlent lán í því sambandi. Hér er um tvíþætt vandamál að ræða. Annars vegar skortir allverulegt fjármagn til þess að leysa brýnustu viðfangsefni, sem nú bíða úrlausnar, og má þar nefna ýmsar framkvæmdir, sem nú er unnið að, svo sem stækkun Áburðarverksmiðjunnar, fyrirhugaða Laxárvirkjun, ýmsar nauðsynlegar lánsfjáraflanir vegna Sementsverksmiðju og jafnvel vegna verksmiðja Sambands íslenzkra samvinnufélaga á Akureyri. Og loks ekki hvað sízt lánsfjáröflun vegna Fiskveiðasjóðs Íslands, sem er ljóst, að þarf á mjög verulegu fé að halda á þessu ári, einkanlega til þess að skjóta fótum undir íslenzkan skipasmíðaiðnað, sem er hin brýnasta nauðsyn, að gert verði, bæði af þjóðhagslegum ástæðum, vegna nauðsynjar skipasmíðastöðvanna og vegna atvinnuástands í landinu.

Þá er enn fremur mikil nauðsyn á því að konvertera ýmsum stuttum lánum, sem eru erlendis, og er þar fyrst og fremst um að ræða lán í Englandi, frá tímum Framkvæmdabanka Íslands, sem nemur rúmum 160 millj. kr. og áætlað er að breyta í langt lán með þessari fyrirhuguðu lántöku. Á þessu stigi er ekki hægt nánar að skýra frá því, hversu fer um ráðstöfun þessa lánsfjár, en innan tíðar mun stjórn Framkvæmdasjóðs, sem er þingkjörin stjórn, ganga frá framkvæmdaáætlun fyrir sjóðinn á þessu ári og þá mun það koma skýrar í ljós, hversu ástatt er með fjárþörf sjóðsins.

Þetta lántökumál hér tengist öðru máli, sem hér mun koma til umr. í hv. þd. nú á eftir, en það er lánsfjáröflun vegna atvinnuframkvæmda á vegum atvinnumálanefndar ríkisins. Þar er gert ráð fyrir að afla 300 millj.

kr. lánsfjár og verður óumflýjanlegt að afla töluverðs hluta þess fjár á erlendum markaði. Það er gert ráð fyrir því, að hið erlenda lánsfé, sem samtals verði aflað vegna þessara tveggja frv., muni nema um 500 millj. kr. Ég get ekki nánar skýrt frá því, hversu verður um lán þetta eða lánskjör, þar sem ekki hefur endanlega verið frá samningum gengið, en málið er þó komið það langt, að það þykir nokkurn veginn öruggt, að þetta lán muni fást. Ég vil taka það fram, sem ég hef áður gert, að svo sem ástatt er með okkar skuldamál erlendis, þá ber brýna nauðsyn til þess að gjalda hina mestu varúð við því að taka of mikið af erlendum lánum. Hitt er alveg jafnljóst, að miðað við þann fjárskort, sem við eigum við að búa, getum við ekki komizt út úr okkar vanda og eflt atvinnulíf okkar, sem óumflýjanlegt er að gera til þess að komast upp úr þeirri lægð, sem við erum í, nema með því að nota verulegt, erlent fjármagn. Ég legg hins vegar áherzlu á það, að erlent fjármagn má ekki nota nema til arðbærra framkvæmda í landinu og til þeirra framkvæmda, sem annaðhvort auka gjaldeyristekjur okkar beinlínis eða óbeinlínis á þann hátt, að þær séu gjaldeyrissparandi. Þetta tel ég vera grundvallaratriði, sem ég vil leggja sérstaka áherzlu á í sambandi við þessar lántökur, sem hér er um að ræða. Og ég tel, að bæði þetta lán, sem hér er talað um, og einnig ráðstöfun atvinnumálanefndanna á því erlenda lánsfé, sem þær fá til meðferðar, verði að mótast af þessari höfuðnauðsyn.

Ég sé ekki ástæðu til, herra forseti, að hafa um þetta fleiri orð, en legg til, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. fjhn., en ég vonast til þess, að hv. n. geti skilað áliti mjög skjótt um málið vegna þess, að nefndir beggja þd. unnu saman að athugun málsins í gær, þannig að ég vildi mega vænta þess, að hægt yrði að afgreiða þetta mál héðan út úr hv. þd., áður en páskahlé hefst.

Einar Ágústsson: Herra forseti. Ég vil nú byrja þessa stuttu ræðu á því að lýsa því yfir fyrir hönd okkar framsóknarmanna, sem eigum sæti í þessari hv. d., að við munum vera því fylgjandi, að þetta frv. nái fram að ganga. Eins og hæstv. fjmrh. gat um í sinni framsöguræðu, var í gær haldinn sameiginlegur fundur fjhn. beggja d. og frv. þar skoðað, og hygg ég, að það muni ekki standa á okkur a.m.k. að stuðla að því, að þetta frv. megi verða að l., áður en páskahlé alþm. hefst. En mig langar til þess að fara um efni frv. aðeins örfáum orðum hér við 1. umr., áður en því verður vísað til n. Enda þótt afstaðan sé skýr, eru örfá atriði, sem mig langar til að koma á framfæri, áður en málið fær afgreiðslu hér.

Frv. er, eins og hæstv. ráðh. gat um, í tvennu lagi, ef svo má segja. 2. gr. frv. fjallar um það, að ríkissjóður taki lán í þýzkum mörkum til þess að kosta smíði fiskileitarskips eða hafrannsóknaskips, eins og það mun heita, og er hér um að ræða formbreytingu frá því, sem Alþ. hefur þegar samþ., þar sem í fyrra, að mig minnir, var samþ. hér heimild fyrir ríkisstj. til að veita ábyrgð fyrir slíkri lántöku. Nú hefur það eftir upplýsingum, eins og segir í aths. þessa frv., komið í ljós, að hentugra þykir, að ríkissjóður verði sjálfur lántaki. Er það vitanlega einungis formbreyting en ekki efnis og ekkert við það að athuga, ekki sízt þar sem upplýst er, að þessi breyting hefur orðið til þess, að betri lánskjör fást heldur en ella munu hafa verið í boði. En á smíði þessa hafrannsóknaskips er auðvitað hin mesta nauðsyn, eins og Alþ. hefur margsinnis áréttað, og er gleðilegt til þess að vita, að nú skuli vera kominn skriður á byggingu þess.

1. gr. frv. er svo hins vegar um það, að ríkisstj. taki lán og endurláni Framkvæmdasjóði eða ábyrgist lán fyrir þann sjóð að upphæð 300 millj. kr. eða jafngildi þess í erlendri mynt. Þessi frvgr. leiðir vitanlega hugann að því, að sífellt er nú verið að auka erlendar lántökur og auka skuldabyrði ríkissjóðs gagnvart útlöndum. Og ég tek mjög eindregið undir það, sem hæstv. ráðh. sagði hér áðan, að slíkar lántökur eru því aðeins réttlætanlegar, að þessu fjármagni sé varið. í gjaldeyrisaflandi framkvæmdir eða a. m. k. gjaldeyrissparandi framkvæmdir. Nú er ekki tekið fram í þessu frv., til hvaða framkvæmda þessu fjármagni skuli varið, en samkv. þeim upplýsingum, sem hæstv. fjmrh. gaf, virðist mér, að flestar ef ekki allar þær framkvæmdir, sem hann nefndi, uppfylli téð skilyrði og eigi þannig rétt á því samkv. þessu mati, sem ég legg á það, að til þeirra sé aflað fjármagns, og fyrst það reynist ekki vera hægt innanlands, verði að taka það erlendis. Þannig hygg ég, að sé hagað um stækkun Áburðarverksmiðju og Sementsverksmiðju og viðbyggingu við Laxárvirkjun. Þessar verksmiðjur allar spara okkur kaup á framleiðsluvörum sínum erlendis frá. Iðnaðardeild Sambands íslenzkra samvinnufélaga á Akureyri hefur í vaxandi mæli aflað erlendra markaða fyrir framleiðsluvörur sínar, og hygg ég, að þau lán, sem hún tekur í þessu skyni og með þessum hætti, muni fyllilega standa undir sér gjaldeyrislega skoðað. Og þá þarf væntanlega ekki að ræða um það, hver nauðsyn okkur er á því að efla innlendar skipasmíðar, og hversu stórlega það getur dregið úr gjaldeyriseyðslu þjóðarinnar, að við verðum sem mest okkur sjálfum nægir í því tilliti. Og það síðasta, sem hæstv. ráðh. nefndi, að breyta stuttum erlendum lánum í lengri lán, er vitanlega dæmi eða atriði, sem gengur út og inn í þessu sambandi.

En það er vissulega alvarlegt mál, hve greiðslubyrðin í erlendri mynt er orðin gífurlega há. Það kom fram hér í umr. á Alþ. um daginn, þegar hæstv. fjmrh. svaraði fsp. um það, hverju þessar erlendu skuldir næmu, að greiðslubyrðin, greiðsla vaxta og afborgana, er nú orðin miklu hærri hundraðshluti af tekjum þjóðarinnar heldur en nokkru sinni fyrr og hátt í það tvöföld við það, sem hún var árið 1958, þegar stjórnarbyltingin varð og þegar ein helzta röksemd þeirrar byltingar eða breytingar, ef hæstv. ráðh. vill heldur kalla það svo, var þó talin, að um þyrfti að skipta. Svo að hafi ástandið verið alvarlegt 1958 og ástæða til stjórnarbreytinga þá, hversu ríkt er ekki ástæðan þá orðin nú, ef þetta væri eina matið, sem leggja bæri á slíka hluti? Og þá var talið, að greiðslubyrði okkar erlendis væri með því allra hæsta, sem gerðist hjá nokkurri þjóð, og hygg ég þá, að við hljótum mjög að vera farnir að nálgast heimsmetið nú.

Til þess að halda hér uppi eðlilegu atvinnulífi þarf aukið fjármagn. Um það eru nú allir sammála, og æskilegast væri, að til þess væri hægt að nota innlent fjármagn. Ég hef nokkrum sinnum lagt það til hér á hv.

Alþ., að viðskiptabönkum landsins yrði gert kleift að taka aukinn þátt í uppbyggingu atvinnulífsins með því t.d. að hætta að binda aukningu sparifjárins, eins og gert hefur verið nú um 8 ára skeið. Og að Seðlabankinn kæmi meira til móts við atvinnuvegina heldur en hann hefur treyst sér til að gera undanfarin ár, t.d. í formi afurðalána. Um þessi mál liggja nú fyrir frá mér og fleiri þm. þáltill., sem ganga í þá átt annars vegar að hækka afurðalánin upp í það, sem þau voru, áður en þau voru lækkuð í tíð núv. hæstv. ríkisstj., eða upp í 67% af skilaverðinu, og svo hins vegar, að sparifjárbindingunni verði aflétt. Í þeirri till. hef ég þó ekki gengið lengra en svo, að hætt verði að binda nýja aukningu, en ekki krafizt þess, að fjármagninu verði skilað til baka.

Nú sé ég það, að sjálfstæðismenn úr verzlunarmannastétt hafa haldið hér ráðstefnu og komið inn á fjármagnsskort atvinnufyrirtækjanna. Og þeir ganga miklu lengra heldur en ég hef treyst mér til, því að þeir krefjast þess, að bankarnir fái ráðstöfunarrétt á öllu því bundna fé, sem af þeim hefur verið tekið. Vitanlega væri það æskilegt, að það væri hægt, en ég hef gert mér það ljóst, að nokkrum erfiðleikum væri bundið að skila aftur öllu því, sem ráðstafað hefur verið, og heppilegra mundi vera að taka skrefið í áföngum og t. d. byrja á því að afnema þá bindingu, sem nú er. Um þessar till. báðar veit ég ekkert eða afdrif þeirra, þeim hefur verið vísað til n. Þar bíða þær, en ég leyfi mér að vænta þess með hliðsjón af þeim vaxandi skilningi, sem aukin fjármagnsþörf atvinnufyrirtækjanna á að mæta í stjórnarherbúðunum nú upp á síðkastið, að þær hljóti jákvæða afgreiðslu eða a. m. k. verði framkvæmdar efnislega.

Það er vitað mál, að kaupgeta fólks má ekki fara niður úr vissu marki til þess, að eðlilegt athafnalíf og viðskiptalíf geti haldið áfram hér á landi. En heyrzt hefur, að of mikil kaupgeta hafi óheillavænleg áhrif á bæði gjaldeyriseyðslu og fjárfestingu, og leiði til óheppilegra aðgerða. Það má vera rétt kenning, ef ekkert er að gert. En ég bendi á það, að hér fyrr í dag á fundi þessarar hv. d. var til meðferðar frv. um atvinnumálastofnun, fjárfestingu og gjaldeyrisnotkun. Þessu frv. hefur nú verið vísað til ríkisstj., og í því er að finna það svar, sem við framsóknarmenn hér í þessari hv. d. og við allir, sem á þingi sitjum, höfum við þessari spurningu og því, hvernig beri að snúast við þeim vanda. Ég fagna því, að í umr. um þetta mál, sem fóru fram hér t. d. í gær og í því nál., sem hv. meiri hl. gaf út um það, þá er nú í fyrsta skipti viðurkennt, svo að ég hafi tekið eftir, skýlausum orðum, að sterkari stjórnar á fjárfestingarmálum og á atvinnumálum sé þörf. Hins vegar treysta hv. meirihlutamenn sér ekki enn til þess að viðurkenna það, að nokkra stjórn þurfi að hafa á meðferð gjaldeyrismála. Vonandi líður ekki langt þangað til þeir einnig átta sig á því, að slíkri stjórn þarf uppi að halda.

Mér er það ljóst, að nokkrum erfiðleikum er bundið fyrir hæstv. ríkisstj. að gera Alþ. nú nákvæma grein fyrir því, til hvers þær 300 millj. kr. skuli notaðar, sem skv. 1. gr. frv. er ráðgert að taka að láni erlendis. Ég finn ekkert að þessu, og hæstv. ráðh. kom til móts við óskir okkar með því að upplýsa svona í stórum dráttum það, sem helzt kæmi til greina. Óneitanlega væri það æskilegra fyrir Alþ. að vita það nákvæmlega hverju sinni, hvaða lántökuheimildir það er að samþykkja, en á það má fallast, að hér sé ekki um neina breytingu að ræða frá því, sem verið hefur, því að það er rétt, sem fram hefur komið, að í lögum um Framkvæmdabankann var heimild til þess að taka lán og Alþ. hafði ekki neitt sérstakt um það að segja hverju sinni.

Þessar almennu hugleiðingar mínar um lánsstöðuna og hættuna á því að sökkva sér lengra í skuldafenið erlendis ber ekki að taka sem andstöðu við þetta frv. Eins og ég hef hér gert grein fyrir, tel ég, að þau mál, sem úrlausn eiga að fá samkv. ákvæðum þess, séu þess eðlis, að það sé réttlætanlegt að taka til þeirra erlend lán, og sú afstaða mótast af því, að þessar framkvæmdir muni skila þeim gjaldeyri, sem til þeirra gangi.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til fjhn. með 18 shlj. atkv.

Á 68. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 2. umr. (A. 409, n. 436).

Of skammt var liðið frá 1. umr. og útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 15 shlj. atkv.

Frsm. (Ólafur Björnsson): Herra forseti. Eins og nál. það, sem útbýtt hefur verið, ber með sér, leggur fjhn. einróma til, að frv. það, sem hér liggur fyrir, verði samþ. Ég sé nú ekki ástæðu til þess að hafa hér langa framsögu, en get þó ekki látið hjá líða í tilefni af ræðu hv. 11. þm. Reykv. við 1. umr. málsins, þar sem hann fór með nokkrar tölur, að bæta þar nokkru við til áréttingar. Má ekki skoða það þannig, að ég sé að fara hér í stjórnmáladeilur. Slíkt ætti ekki við, bæði vegna þess, að málinu þarf að hraða, og auk þess mæli ég hér fyrir sameiginlegu nál. En hann minntist á það, að menn hefðu haft miklar áhyggjur árið 1958 út af greiðslubyrðinni, sem þá hefði aðeins numið 7—8%, en hún hefði numið 15% á s. l. ári. Nú vefengi ég það ekki, að rétt hafi verið með þessar tölur farið hjá hv. þm., en því má bæta við, að þá var reiknað út, að óbreyttum aðstæðum, að þessi 7—8% yrðu eftir 2—3 ár komin upp í 11% eða meira. Það varð, og árið 1961 mun greiðslubyrðin hafa numið 11% eða meira, og ég man, að á Alþ. fyrri hluta ársins 1961 höfðu menn áhyggjur af því og var um það rætt, að greiðslubyrðin kynni þá að fara upp í 15—20%, en það varð ekki vegna góðrar síldveiði seinni hluta ársins. En því má við þetta bæta, að þessi 11%, sem talið var 1958, að greiðslubyrðin mundi nema 1961, voru miðuð við það árferði, sem þá var, sem var sæmilega gott. En hefði þjóðarbúskapurinn þá orðið fyrir þeim áföllum, sem nú hafa orðið, að útflutningstekjurnar minnkuðu um helming, þá er auðvitað sýnt, að greiðslubyrðin hefði farið yfir 20%. Einnig var það nú ekki alveg rétt, að við hefðum heimsmet í þessu sambandi. Það mun hafa verið talað um það 1958, að Íslendingar væru þá önnur hæsta þjóðin af Evrópuþjóðum, fyrir utan Júgóslava, að mig minnir. En förum við út fyrir Evrópu, veit ég, að fyrir nokkrum árum var greiðslubyrði sumra þróunarlandanna, eins og t. a. m. Indónesíu, 30% eða þar yfir. Nú eru þessi 15% miðuð við þann öldudal, sem atvinnulífið vonandi hefur verið í á árinu 1968. En ef útflutningstekjur aukast frá því,

sem þá var, sem við vonum, þá kemur greiðslubyrðin til með að lækka af sjálfu sér. Og með tilliti til þess mikla vaxtar, sem orðið hefur á þjóðarauðnum síðan 1958, þá hygg ég, að það sé ekki þyngri byrði, þó að greiðslubyrðin nemi 15% nú, heldur en 11% voru þá. Þessar staðreyndir taldi ég rétt, að kæmu fram, en annars tek ég undir það bæði með hv. 11. þm. Reykv., svo og hæstv. fjmrh., að greiðslubyrði okkar er orðin það há, að allrar varúðar ber að gæta í sambandi við erlendar lántökur, þó að við í fjhn. höfum nú orðið sammála um að mæla með þessari lántökuheimild.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
2.—3. samþ. með 15 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

Á 69. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 15 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 16 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 440).

---

29. Aðgerðir í atvinnumálum.

Á 68. fundi í Nd., 24. marz, var útbýtt:
Frv. til l. um aðgerðir í atvinnumálum [191. mál] (stjfrv., A. 383).

Á 70. fundi í Nd., 27. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Forsrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Frv. þetta fjallar um staðfestingu á samkomulagi um aðgerðir í atvinnumálum, sem gert var á milli ríkisstj., samtaka vinnuveitenda og miðstjórnar Alþýðusambands Íslands hinn 17. janúar 1969. Er nauðsynlegt að fá þá lánsheimild, sem frá er greint í 5. gr. frv., og jafnframt að kveða á um það, hvaða aðilar eigi að ráðstafa því fé og með hverjum hætti í aðalatriðum. Þetta samkomulag er alþjóð kunnugt og hefur áður verið í stórum dráttum rætt hér á Alþingi, og skal ég því ekki fjölyrða um það út af fyrir sig. Mér þykir rétt í þessu sambandi að gera nokkra grein fyrir því starfi, sem þegar hefur verið unnið af hálfu atvinnumálanefndar ríkisins, og fara þá fyrst nokkrum orðum um fjáröflun þá, sem ráðgerð var og nú er veitt heimild fyrir í 5. gr. frv.

Í samkomulaginu frá 17. janúar var gert ráð fyrir, að aflað væri fjár að upphæð 300 millj. kr. vegna starfsemi atvinnumálanefndanna. Frá upphafi var talið, að mikils hluta þessarar fjárhæðar yrði að afla með erlendri lántöku. Ríkisstj. hóf þegar í stað undirbúning að þessari fjáröflun, og er nú tryggt, að erlent lán til þessara og annarra þarfa muni bráðlega fást með útboði á lánamarkaði í Evrópu, svo sem fjmrh. mun gera Alþ. nánari grein fyrir. Enda þótt frá upphafi væri ljóst, að þessara 300 millj. kr. yrði fyrst og fremst að afla með erlendri lántöku, var æskilegt, að nokkur hluti fjárins yrði fenginn með láni innanlands, þar sem margir af væntanlegum lántakendum eiga erfitt með að taka lán í erlendri mynt með þeirri gengisáhættu, sem því fylgir. Gert er ráð fyrir, að a. m. k. ⅓ hluta upphæðarinnar, þ. e. a. s. 100 millj. kr., verði aflað með lántöku innanlands, þar af ekki minna en 50 millj. kr. á þessu ári og mun hæstv. fjmrh. gera nánari grein fyrir þeim ráðagerðum, áður en langt um líður. Ríkisstj. gerði samkomulag við Seðlabankann um, að hann veitti Atvinnujöfnunarsjóði lán til bráðabirgða til þess að ekki þyrfti að verða töf á lánveitingum atvinnumálanefndar ríkisins eða á hagnýtingu þeirra lána, sem hún samþykkti að veita. Þeim lántakendum, sem þegar hefur verið úthlutað lánum, hefur verið boðið að taka með þessum hætti til bráðabirgða innlend lán, er síðar yrði breytt í endanlegt lán, þegar fjár hefði verið aflað til frambúðar. Óhætt er því að fullyrða, að dráttur á fjáröflun hefur ekki valdið töfum á störfum atvinnumálanefndar ríkisins.

Þá skal ég víkja að starfsemi atvinnumálanefndanna. Þegar að gerðu samkomulaginu hinn 17. janúar var í samræmi við það boðað til ráðstefnu allra atvinnumálanefndanna í Reykjavík, og var hún haldin dagana 27.—29. janúar. Sumar nefndanna höfðu þá þegar haldið fundi með sér, en flestar þeirra héldu fyrstu fundi sína í Reykjavík þessa daga. Á fundunum fékkst eftir atvikum gott yfirlit um atvinnuástandið í heild og í hverju héraði um sig. Enn fremur voru starfshættir nefndanna ræddir ítarlega og settar þær starfsreglur, er fylgja þessu frv. sem fskj. II. Að lokinni ráðstefnunni voru n. síðan beðnar um að gefa nánari upplýsingar um einstök atriði og þá fyrst og fremst um þau atvinnutæki, sem ekki væru starfrækt. Þær voru spurðar um fiskiskip, er ekki væru gerð út eða ekki væru líkur fyrir, að yrðu gerð út, fiskvinnslustöðvar og iðnfyrirtæki, er ekki væru starfrækt að fullu. Þá voru nefndirnar einnig beðnar að benda á opinberar framkvæmdir, sem helzt gætu komið til greina í sambandi við lánveitingar. Frá nefndunum komu greinargóð svör um þessi efni og auk þess ítarlegar skýrslur frá mörgum sveitarfélögum. Jafnframt þessu tóku að berast umsóknir um lánveitingar ýmist fyrir tilstuðlan nefndanna eða beint frá aðilum sjálfum. Flestar bárust þessar umsóknir seint í febrúar og fyrri hluta marz. Væntanlega má nú telja, að ýkjamargar umsóknir berist ekki úr þessu. Héraðanefndirnar hafa þegar veitt umsagnir sínar um verulegan hluta þessara umsókna og flokkað þær eftir mati sínu á þýðingu þeirra.

Um s. l. helgi, þ. e. a. s. þann 22. marz, höfðu borizt 275 umsóknir um lán eða styrki til atvinnufyrirtækja víðs vegar að, og eru umsóknir um opinberar framkvæmdir þá ekki taldar með. Láns- eða styrkjaupphæðir, sem um er sótt, þ. e. a. s. fyrir utan opinberu framkvæmdirnar, eru samtals 526 millj. kr. Flestar þessara umsókna eru vegna fiskveiða, eða 96 að tölu, og nema 72 millj. kr. Frá fiskvinnslufyrirtækjum, öðrum en niðursuðu- og niðurlagningarverksmiðjum og fiski- og síldarmjölsverksmiðjum, eru 59 umsóknir að upphæð 101 millj. kr. Frá niðursuðu- og niðurlagningarverksmiðjum eru 7 umsóknir, 30 millj. kr. að fjárhæð,

og frá fiski- og síldarmjölsverksmiðjum 8 umsóknir, 17 millj. kr. að upphæð. Frá vinnslustöðvum landbúnaðarafurða og fóðurblöndunarstöðvum voru 10 umsóknir, er nema 57 millj. kr. Frá skipasmíðastöðvum og dráttarbrautum eru 9 umsóknir, að fjárhæð 38 millj. kr. og frá netagerðum 5 umsóknir, samtals 27 millj. kr. Þar við bætist mikill fjöldi umsókna, sem flokka má undir ýmislegan iðnað annan en þann, sem áður hefur verið talinn, og eru þetta 81 umsókn að upphæð 185 millj. kr.

Þessar umsóknir atvinnufyrirtækja eru margvíslegrar tegundar. Þar er bæði um að ræða umsóknir vegna framkvæmda, þ. e. a. s. til stækkunar bygginga eða aukningar vélakosts starfandi fyrirtækja og til stofnunar nýrra fyrirtækja. Enn fremur er mikið af umsóknum til endurskipulagningar á fjárhag starfandi fyrirtækja, er geri þeim kleift að halda áfram starfsemi eða auka starfsemi sína án þess að um beinar framkvæmdir sé að ræða. Þetta eru tveir aðalflokkar umsóknanna. Í þeim fyrri eru 141 umsókn, samtals að upphæð 324 millj. kr. Í þeim síðari eru 82 umsóknir, að upphæð 120 millj. kr. Á milli þessara flokka eru þó hvergi nærri skýr mörk, enda oft um hvort tveggja að ræða framkvæmdir og endurskipulagningu á fjárhag. Þá er nokkuð um umsóknir um hrein rekstrarlán eða 31 umsókn, að upphæð 65 millj. kr. Umsóknir um styrki eru 21, að upphæð 16 millj. kr.

Umsóknir skiptast þannig eftir landshlutum, að flestar þeirra eru frá Norðurlandi, þ. e. a. s. bæði Norðurl. v. og Norðurl. e., 86 umsóknir, samtals að fjárhæð 171 millj. kr. Næstflestar eru frá Austurlandi, 54 umsóknir, að upphæð 84 millj. kr. Frá Vesturlandi eru 36 umsóknir, að fjárhæð 52 millj. kr. Frá Suðurlandi eru 32 umsóknir, sem nema samtals 68 millj. kr. Frá Vestfjörðum eru 28 umsóknir, samtals 36 millj. kr. Frá Reykjanesi er 21 umsókn, að fjárhæð 52 millj. kr. Fæstar eru umsóknirnar frá Reykjavík eða 18, að upphæð 64 millj. kr. samtals.

Þá skal ég ræða sérstaklega um starfsemi atvinnumálanefndar ríkisins. Þegar samkomulagið hinn 17. janúar var gert, hafði gengisbreytingin skapað grundvöll þess, að atvinnuástand í landinu gæti að nýju færzt í eðlilegt horf. Það var hins vegar ljóst, að margvíslegra viðbótarráðstafana væri þörf til þess að unnt yrði að hagnýta þennan grundvöll, og fjallaði samkomulagið einmitt um sum þeirra vandamála. Eitt þeirra var aukning rekstrarfjár fyrirtækja, en þörf hennar varð enn brýnni við gengisbreytinguna. Undirbúningur var fljótlega hafinn til úrbóta í því efni, og var það m. a. rætt á fyrstu fundum atvinnumálanefndar ríkisins. Þær ráðstafanir, sem í þessu skyni voru gerðar, eru í aðalatriðum þessar: Afurðalán til sjávarútvegsins voru hækkuð í samræmi við verðhækkanir vegna gengisbreytingarinnar, og hefur þetta leyst þau rekstrarfjárvandamál fiskvinnslustöðva, sem stöfuðu af gengisbreytingunni. Þá ákvað Seðlabanki Íslands að verja 100 millj. kr. til sérstakra rekstrarlána til fiskiskipa. Þessi rekstrarlán skyldu einkum notuð til að létta byrði af lausaskuldum, og þau veitt fyrir milligöngu viðskiptabanka til 1½ árs, þ. e. a. s. tveggja vertíða. Enn fremur ákváðu viðskiptabankarnir að auka venjuleg rekstrarlán til fiskiskipa um 50%. Framangreindar ráðstafanir komu til framkvæmda strax og vertíð hófst eftir sjómannaverkfallið. Loks ákvað Seðlabankinn að verja 150 millj. kr. til aukningar rekstrarlána iðnaðarins í samvinnu við viðskiptabankana. Veiting þessara lána hófst um miðjan febrúar og hefur haldið áfram síðan, en þessar lánveitingar taka nokkurn tíma, þar sem fyrirtæki verður að sækja um þær hjá viðskiptabanka sínum, og málið fer síðan til athugunar hjá Seðlabankanum. Framkvæmd þessara ráðstafana er þó nú komin vel á veg. Í upphafi árs fengu enn fremur allmörg frystihús, sem voru í fjárhagserfiðleikum, sérstaka fyrirgreiðslu, samtals að fjárhæð 30 millj. kr., af fé, sem Atvinnujöfnunarsjóði hafði verið veitt í fjárl. í þessu skyni.

Auðvitað hefur ekki allur vandinn verið leystur með þessum ráðstöfunum og sjálfsagt stendur sitthvað enn til bóta, einnig hjá öðrum atvinnugreinum. Ýmsir gera sér t. d. títt um óhæfilegan gróða verzlunarinnar á s. l. árum. Sannleikurinn er hins vegar sá, að verzlunin hefur verið hart leikin síðustu misseri. Hennar almennu vandamál hafa raunar ekki verið rædd í atvinnumálanefnd ríkisins, en sjálfur verð ég að lýsa þeirri skoðun, að kanna þurfi betur ýmis atriði, sem hér að lúta, t. d. nauðsyn á ráðstöfunum til að hagræða eða framlengja lausaskuldir verzlunarinnar vegna gengisbreytinganna tveggja á hliðstæðan hátt og gert hefur verið fyrir aðra höfuðatvinnuvegi, þótt af öðrum orsökum sé. Ákvarðanir um það verður þó að taka á öðrum vettvangi en þessara nefnda, og skal ég því ekki fara fleiri orðum um það vandamál.

Með framannefndum aðgerðum hefur verið stuðlað að því að sjávarútvegur hefur verið stundaður með góðum árangri á þessari vertíð, frá því að sjómannaverkfallinu lauk. Fiskibátarnir hafa verið gerðir út með eðlilegum hætti og fiskvinnslutæki verið nýtt eftir því, sem hráefni hefur fengizt. Af þessu hefur leitt, að þörf fyrir afskipti atvinnumálanefndanna af fiskveiðum og fiskvinnslu hefur ekki reynzt jafnbrýn og ætlað hafði verið af ýmsum, áður en áhrifa þessara aðgerða fór að gæta. Atvinnumálanefndirnar hafa þó vissulega þýðingarmikið verk að vinna til lausnar á sérstökum vandamálum í þessum efnum svo sem nú skal nánar vikið að.

Atvinnumálanefnd ríkisins hefur látið athugun á umsóknum vegna fiskibáta njóta forgöngu umfram aðrar. Umsagnir héraðsnefnda um báta bárust snemma, en síðan var þremur trúnaðarmönnum ríkisnefndarinnar, völdum af þeim þremur höfuðaðilum, er hana skipa, falið að kanna umsóknirnar nánar. Þessir trúnaðarmenn hafa gert drög að till. um meðferð lánsumsókna vegna fiskibáta og hafa nú lokið könnun á flestöllum þeim umsóknum, sem borizt hafa. Í stuttu máli eru niðurstöður trúnaðarmannanna þær, að fram úr þeim erfiðleikum, sem þarna sé við að etja, verði sjaldan ráðið með nýjum lánveitingum fyrir milligöngu atvinnumálanefndar ríkisins. Lausnar vandans sé oftast að leita hjá þeim fjárfestingarlánasjóðum, sem að þessum málum starfa, þ. e. einkum Fiskveiðasjóði og Atvinnujöfnunarsjóði. Samkomulag hefur og orðið um það milli atvinnumálanefndar ríkisins og Atvinnujöfnunarsjóðs, að hann taki að sér að leysa sérstök vandamál, sem að hafa borið, t. d. vegna breytinga á skipum til togveiða og til kaupa á veiðarfærum í því skyni. Enn fremur er talið, að Atvinnujöfnunarsjóður geti yfirleitt

greitt úr þeim vandamálum, sem upp koma í sambandi við kaup á notuðum bátum, vegna endurbóta báta, þar sem Fiskveiðasjóður getur einnig hlaupið undir bagga, og vegna sérstakra greiðsluerfiðleika báta. Þá eru lánareglur um nýsmíði báta svo rúmar, að ekki er þörf nýrra lánastofnana, heldur fjáröflunar, til þess að sjóðir þeir, sem annast eiga um þessar lánveitingar, hafi nægilegt fé milli handa. Þrátt fyrir þetta hafa trúnaðarmennirnir talið, að í einstökum tilvikum, svo sem vegna sérstakra óhappa, sé eðlilegt, að atvinnumálanefnd ríkisins veiti fyrirgreiðslu um lán, enda hafa nokkur slík lán verið samþ. og önnur munu væntanlega brátt bætast við. Á meðal þeirra fiskibáta, sem sótt hafa um lán, eru að sjálfsögðu allmargir, sem fengið hafa mikil lán, en eiga annaðhvort ekki fyrir skuldum eða standa fyrirsjáanlega ekki undir auknum skuldum. Þeir, sem svo stendur á um, eru sennilega ekki fleiri nú en lengst af hefur tíðkazt. Á meðal hins mikla fjölda báta, sem héðan eru gerðir út, hljóta alltaf að vera nokkrir, sem þannig er komið fyrir og því er ekki unnt að aðstoða með frekari lánveitingum. Sterk rök má færa fyrir því, bæði um fiskveiðar og fiskvinnslu, að þessar atvinnugreinar eigi í erfiðleikum, ekki svo mjög af of naumum lánveitingum, heldur miklu frekar af hinu, að lánsfé hafi ekki verið notað af nægilegri fyrirhyggju.

Enda þótt fiskveiðar séu nú stundaðar með eðlilegum hætti og fjárhagsörðugleikar eða lánsfjárskortur hamli sjaldnast rekstri fiskiskipa, getur starfsemi atvinnumálanefndanna haft mikla þýðingu fyrir lausn sérstakra vandamála. Slík vandamál eru einkum tvenns konar. Útgerð togara eða stórra togbáta frá þeim stöðum í landinu, þar sem slíkar veiðar hafa verið stundaðar árangursríkt, þarf að haldast. Hér er um að ræða Reykjavík, Hafnarfjörð, Akureyri og Siglufjörð. En kunnara en frá þurfi að segja er, að á undanförnum áratug hefur togurum mjög farið fækkandi. Þessi þróun er nátengd takmörkunum á veiðisvæðum togaranna, skipshafnarstærð, hinum mikla uppgangi síldveiðanna, betri aðstöðu og afla hinna minni þorskveiðibáta. Togveiðar á stórum togskipum hafa hvorki staðizt samkeppni við síldveiðar né við þorskveiðar minni báta, enda þótt togaraútgerðin hafi notið opinberra styrkja umfram aðra. Þrátt fyrir þessa annmarka er sem sagt þýðingarmikið, að útgerð stórra togskipa sé haldið áfram frá þeim stöðum, þar sem þau ein geta skapað grundvöll fyrir öflugum sjávarútvegi, þó að álitamál geti verið, hver gerð og stærð togveiðiskipa muni henta bezt í þessu skyni. Fyrir atvinnumálanefnd Reykjavíkur hafa legið till., sem hún hefur sent til atvinnumálanefndar ríkisins um viðgerð á þremur gömlum reykvískum togurum, sem legið hafa ónotaðir um nokkurra ára skeið. Ítarlegar athuganir og viðræður hafa farið fram um viðgerð og útgerð þessara skipa og sýnist sitt hverjum, hvað hyggilegt sé í þessum efnum, þótt óumdeilt sé, að viðgerð skipanna og útgerð muni um sinn skapa mikla atvinnu. Atvinnumálanefnd ríkisins hefur því boðið Reykjavíkurborg að láni til langs tíma þá upphæð, sem þarf til viðgerðar á þessum togurum, og er talið, að hún sé um 26 millj. kr. Á valdi Reykjavíkurborgar er hins vegar að kveða á um, hvort þessari upphæð skuli varið til viðgerða á þessum þremur tilteknu togurum eða til eflingar fiskveiða frá Reykjavík á annan hátt, sem atvinnumálanefnd ríkisins samþykkir. Um leið og atvinnumálanefnd ríkisins tók þessa ákvörðun, ákvað hún að svipaðri upphæð skyldi varið til eflingar fiskveiða frá öðrum stöðum, þar sem togaraútgerð hefur sérstaka þýðingu.

Enginn efi er á, að fiskiskipasmíði innanlands er mjög löguð til þess að bæta í bráð úr atvinnuleysi og tryggja atvinnu til frambúðar. Í landinu er nú veruleg afkastageta til skipasmíða. Á hinn bóginn er eftirspurn eftir nýjum skipum lítil í bili, enda þótt búast megi við, að hún vaxi aftur áður en langt um líður. Til þess að unnt sé að halda áfram að efla skipasmíðar og hafa fyrir hendi hentug ný skip, þegar eftirspurn fer vaxandi á ný, er þörf sérstakra aðgerða. Þetta verkefni hefur verið til athugunar hjá atvinnumálanefnd ríkisins, og um það hafa verið gerðar till. frá öllum héraðsnefndum. Þá hefur iðnmrn. haft málið til sérstakrar athugunar, svo og Fiskveiðasjóður. Fyrirætlun atvinnumálanefndar ríkisins er að láta gera sérstaka áætlun um þessar smíðar hið allra bráðasta og verja nokkrum hluta af því fjármagni, sem hún hefur yfir að ráða, til framkvæmdar hennar. Dugar þar sennilega ekki minna en um 50 millj. kr. Á hinn bóginn er sá vandi á höndum, að umráðafé Fiskveiðasjóðs til þessara þarfa er mjög takmarkað, svo að ekki sé meira sagt, og mun verða það næstu árin, meðan verið er að greiða niður lán fiskiskipa þeirra, er keypt hafa verið í útlöndum á undanförnum árum. Er því enn óvíst, hversu umfangsmiklum skipasmíðum er unnt að hrinda í framkvæmd. En hér er um að ræða einhverja áhrifaríkustu ráðstöfun til atvinnuaukningar í bráð og lengd, að mati atvinnumálanefndar ríkisins, og leggur n. því megináherzlu á framgang þessarar ráðstöfunar.

Fiskvinnslustöðvar eru nú starfræktar hvarvetna þar sem nægilegt hráefni er fyrir hendi. Lánveitinga frá atvinnumálanefndum hefur því ekki verið þörf til að koma þeim af stað. Á hinn bóginn á hér einnig við hið sama og um bátana, að æskilegt er, að nefndirnar sinni nokkrum úrlausnarefnum. Þessi vandamál eru þrenns konar:

Í fyrsta lagi eru vandamál frystihúsanna í þeim landshlutum, þar sem síldveiðar hafa einkum verið stundaðar á undanförnum árum og bolfiskvinnslustöðvar hafa því ekki verið endurbættar og jafnvel beinlínis komizt í niðurníðslu. Þetta á í mismunandi ríkum mæli við norðan frá Raufarhöfn suðaustur um til Djúpavogs og að nokkru leyti um Siglufjörð. Á þessu svæði er þörf verulegra lánveitinga til þeirra frystihúsa, sem fyrir eru. Fiskveiðasjóður og atvinnumálanefnd ríkisins hafa þegar tekið ákvarðanir um fyrirgreiðslu til fjögurra frystihúsa, þ. e. á Raufarhöfn, Seyðisfirði og tveggja á Siglufirði. Umsóknum annarra úr þessum byggðarlögum mun verða sinnt eins fljótt og tök eru á, er nauðsynlegar athuganir hafa farið fram.

Í öðru lagi er um að ræða mikla fjárhagsörðugleika hjá frystihúsum á nokkrum stöðum, þar sem skipulag hefur verið óheppilegt og rekstur fiskvinnslustöðva hefur gengið illa árum saman, svo að miklar skuldir hafa safnazt. Hér er ekki um ný vandamál að ræða, enda þótt erfiðleikar frystiiðnaðarins á 2—3 síðustu árum hafi gert úrlausn þeirra enn brýnni en áður. Endurskipulagning frystiiðnaðarins á þessum stöðum

bæði varðandi fjárhag og rekstur hefur verið til athugunar í Fiskveiðasjóði og í bönkunum um tveggja ára skeið og hefur þegar verið greitt úr þessum málum víða, að miklu eða öllu leyti, fyrir milligöngu Fiskveiðasjóðs og Atvinnujöfnunarsjóðs, þar sem slíkt er á þeirra færi. Sums staðar eru þó vandamál enn óleyst og leggja atvinnumálanefndir sig nú fram um lausn þeirra. Ljóst er, að forsenda árangurs er, að nauðsynlegt samstarf fyrirtækja á þessum stöðum takist. Ef óhjákvæmilegar umbætur fást ekki, hrökkva ný fjárframlög eða lán frá opinberum aðilum skammt, því að nýrra erfiðleika og nýrrar stöðvunar er þá skjótt að vænta.

Í þriðja lagi er um að ræða lánveitingar til endurbóta á frystihúsum og öðrum fiskvinnslustöðvum í öðrum landshlutum en þar sem um sinn voru einkum stundaðar síldveiðar. Þar er ekki um miklar fjárhæðir að ræða, enda mun Fiskveiðasjóður að verulegu leyti geta leyst úr þeirri þörf og er þó til athugunar, hvort, og að hve miklu leyti, atvinnumálanefndir þurfa einnig að hlaupa þar undir bagga.

Athugun á afgreiðslu umsókna í sjávarútvegi hefur verið látin ganga fyrir öðrum. Athugun annarra umsókna, en þær eru fyrst og fremst til ýmiss konar iðnaðar, er því skemmra á veg komin. Þó hafa nokkur þýðingarmikil mál þegar hlotið athugun og fyrirgreiðslu. Má í því sambandi sérstaklega nefna fyrirætlanir Sambands íslenzkra samvinnufélaga um stækkun sútunarverksmiðju á Akureyri, sem atvinnumálanefnd ríkisins ásamt öðrum aðilum hefur heitið verulegri lánveitingu, eftir því sem nánar semst um milli umsækjenda og lánveitenda í heild. Undirbúningur þeirrar framkvæmdar heldur því áfram af fullum krafti.

Önnur þýðingarmikil mál eru nú til athugunar hjá Framkvæmdasjóði. Í sumum tilvikum er þar um að ræða nýjar framkvæmdir eða iðnað nýrrar tegundar hérlendis. Auðséð er, að slíkar lánveitingar krefjast nákvæmrar athugunar. Afgreiðsla þeirra kann þess vegna að taka nokkurn tíma. Honum mun þó vel varið, bæði frá sjónarmiði umsækjenda sjálfra og væntanlegra starfsmanna, þar sem illa undirbúnar og óheppilegar framkvæmdir mundu ekki stuðla að varanlegum atvinnubótum, heldur von bráðar leiða af sér ný vandamál. Aðrar umsóknir frá minni fyrirtækjum eru til athugunar í Atvinnujöfnunarsjóði, en athuganir eru skammt á veg komnar, vegna þess að meira máli hefur verið talið skipta að sinna sjávarútveginum. Oft er um að ræða fyrirtæki, sem Atvinnujöfnunarsjóður hefur þegar kynni af og hefur veitt lán, svo að málsmeðferð mun þess vegna taka skemmri tíma en ella. En of oft kann að reynast erfitt að greiða úr vanda þessara fyrirtækja, vegna þess að hann er ekki fyrst og fremst fólginn í skorti lánsfjár, heldur í skorti á eigin fé og nægilegri þekkingu og reynslu í stjórnun og rekstri. Í þessum efnum er mikilla umbóta þörf hér á landi, svo sem alviðurkennt er. Lausn þess vanda er utan verksviðs atvinnumálanefnda, en almannavaldið og stofnanir þess geta þó stuðlað að því með ýmsu móti, að aðilar sjálfir og þeir, sem næstir standa, geri ráðstafanir til þess að reyna að bæta úr þessum annmörkum.

Nokkur brögð eru að því, að sótt hafi verið um hrein rekstrarlán, því að alls eru þvílíkar umsóknir 31 að tölu og að fjárhæð 65 millj. kr. Atvinnumálanefnd ríkisins hefur ákveðið, að hún muni ekki veita slíka fyrirgreiðslu, sem eðli sínu samkv. heyri undir hinar varanlegu lánsstofnanir, enda mundi slík íhlutun valda varhugaverðum glundroða. N. hefur því þegar afgreitt allmargar þessara umsókna og vísað umsækjendum til viðskiptabanka sinna og þeirrar fyrirgreiðslu, sem Seðlabankinn veitir með þeirra aðstoð. Aðrar sams konar umsóknir munu væntanlega verða afgreiddar á sama hátt.

Þá skal ég fara nokkrum orðum um opinberar framkvæmdir. Í starfsreglum atvinnumálanefndar er berum orðum fram tekið, að lán til atvinnufyrirtækja skuli yfirleitt sitja í fyrirrúmi fyrir lánum til opinberra framkvæmda, en þó mega þær einnig koma til greina, þegar þær hafa mikil og skjót áhrif til atvinnuaukningar, og jafnframt mikla þýðingu fyrir framtíð atvinnulífsins á staðnum. Mikill fjöldi umsókna um opinberar framkvæmdir hefur borizt frá flestum sveitarfélögum í þéttbýli. Áhugi fyrir lánveitingum hefur einnig komið fram af hálfu aðila, sem sjá um hreinar ríkisframkvæmdir. Erfitt er að segja með vissu, hve háar upphæðir er hér um að ræða, þar sem upplýsingar um framkvæmdakostnað og lánaþörf eru ekki alltaf fullnægjandi. Þó má telja, að þær framkvæmdir, sem um er að ræða á árinu 1969, mundu kosta nokkuð yfir 300 millj. kr., og þau lán, sem um er sótt, nema um eða yfir 200 millj. kr. Augljóst er, að ekki er unnt að sinna nema litlum hluta þessara umsókna með því fjármagni, sem atvinnumálanefnd ríkisins hefur yfir að ráða og samkv. starfsreglum hennar. Annað mál er, að sveitarfélögin eiga nú við að etja sérstakan vanda, sem á rætur sínar að rekja til þess, hversu mjög mörg þeirra juku framkvæmdir sínar á veltiárunum frá 1962—1966. Slíkar framkvæmdir jukust þá meira en annarra aðila í landinu eða um 22% á ári að meðaltali á föstu verðlagi eða um það bil þrisvar sinnum örar heldur en þjóðartekjur jukust á þessu tímabili og meira en helmingi örar heldur en ríkið sjálft jók sínar framkvæmdir á þessum sömu árum. Sveitarfélögunum var þetta unnt vegna hinna auknu tekna, sem þau höfðu á þessum árum. Nú þegar viðhorfin eru önnur, verður vandinn enn meiri einmitt af þessum sökum.

Sjálfsagt er, að atvinnumálanefnd ríkisins hlaupi undir bagga, eftir því sem máttur hennar endist, og þegar slík aðstoð er líkleg til varanlegs gagns. En hér verður vel að vanda athugun og undirbúning. Enn sem komið er, hefur aðeins verið ákveðin ein slík lánveiting, og er það lán vegna Hitaveitunnar í Reykjavík. Þessi lánveiting er að upphæð 20 millj. kr. og ásamt jafnháu láni frá Atvinnuleysistryggingasjóði mun hún gera Hitaveitu Reykjavíkur kleift að halda uppi framkvæmdum, er nema 70—80 millj. kr. á þessu ári. Þær framkvæmdir munu veita mikla atvinnu, meðan þær standa yfir, og leiða til varanlegra hagsbóta fyrir þá, sem með þessu móti geta fyrr en ella orðið hitaveitu aðnjótandi. Loks verður að þessu verulegur gjaldeyrissparnaður fyrir landið í heild.

Nokkrar aðrar framkvæmdir eru nú til athugunar hjá atvinnumálanefnd ríkisins. Þar er einkum um að ræða hitaveitu- og vatnsveitufranvkvæmdir og hafnargerðir, en allar slíkar framkvæmdir hafa bæði mikla þýðingu

fyrir atvinnu þegar í stað og fyrir framtíðarheill byggðarlaganna. Enn er ekki hægt að segja, hversu háar fjárhæðir hér getur verið um að ræða eða hvaða framkvæmdir þykja árangursríkastar, en till. um þessi efni hafa nú þegar borizt frá atvinnumálanefndum kjördæmanna.

Þá er þetta að segja sérstaklega um ráðstafanir til að auka húsbyggingar. Atvinnumálanefnd ríkisins fjallaði á fyrstu fundum sínum um sérstakar ráðstafanir til að örva byggingarstarfsemi. Nefndin átti viðræður um þetta við fulltrúa Seðlabankans og varð samkomulag um, að Seðlabankinn veitti sérstaka fyrirgreiðslu til húsnæðismálastjórnar, að upphæð rúmar 100 millj. kr. til þess að flýta lánum til húsbygginga. Frekari aðgerðir í þessum efnum eru nú til athugunar á vegum atvinnumálanefndar ríkisins. Slíkar aðgerðir hafa mikla almenna þýðingu fyrir atvinnuástandið í landinu líkt og aðgerðir til aukningar rekstrarlána til sjávarútvegs og iðnaðar og jafnvel enn skjótari en hagnýting þeirra 300 millj. kr., sem n. hefur beint til ráðstöfunar.

Þá hef ég gert stuttlega grein fyrir þeim málum, sem atvinnumálanefnd ríkisins hefur einkum fjallað um. Eðlilegt er, að menn spyrji, hvaða áhrif þessar ráðstafanir hafi haft á atvinnuástandið í landinu. Nú er það að vísu svo, að á því hefur orðið mikil breyting á síðustu vikum. Í desemberlok var tala atvinnuleysingja talin kringum 2220. Í janúarlok var þessi tala komin upp í 5475 menn. Í febrúarlok hafði hún lækkað niður í 3607. Í gær var, eftir því sem næst verður komizt, það er ekki nákvæm tala, álitið, að atvinnuleysingjar væru um 2100. Þetta er enn allt of há tala og ljóst, að betur má, ef duga skal, því að að sjálfsögðu keppum við öll að því, að ekkert atvinnuleysi eigi sér stað í landinu. Það er einnig sjálfsagt að viðurkenna, að þessi mikla breyting, sem þó hefur á orðið frá því í janúarlok, er ekki nema að sáralitlu leyti að þakka starfsemi atvinnumálanefndanna, vegna þess að hér er það, sem mestu hefur valdið um, að sjávarútvegurinn hefur getað tekið til starfa með fullum krafti. Það eru þess vegna þær almennu ráðstafanir, sem gerðar hafa verið honum til eflingar varðandi rekstrarlán, að vísu í samráði við atvinnumálanefnd ríkisins, sem hér hafa ráðið úrslitum. Og það er ljóst, hverja þýðingu einmitt eðlilegur rekstur sjávarútvegsins hefur, af því, að í janúarlok skyldu um 5500 manns hafa verið atvinnulausir eða nær 3000 mönnum fleiri en nú. Þessir menn voru atvinnulausir til viðbótar þeim mikla fjölda, sem þá var í verkfalli. Eins hygg ég, að það sé greinilegt, að áframhaldandi velgengni sjávarútvegsins fyrst og fremst, en auðvitað einnig annarra greina, muni eiga mestan þátt í því að ráða bug á því atvinnuleysi, sem enn er eftir.

Sanni mun nær, að meginorsök þess sé sú, að byggingarstarfsemi í landinu er nú miklu minni en áður. Þetta er óhjákvæmileg afleiðing þess, að allur almenningur, alþjóð getum við sagt, hefur nú miklu rýrari tekjur heldur en áður fyrr var, svo að menn geta síður ráðizt í byggingarframkvæmdir heldur en hér var um alllangt skeið. Höfuðbótin hlýtur því að verða sú, að atvinnuvegirnir rétti sig við á ný, þannig að það umframfé skapist, ef svo má segja, sem runnið geti til slíkra framkvæmda. Það er svo annað mál, að hér er hægt að gera margt til styrktar og til að hraða þessari þróun. Og það hefur atvinnumálanefnd ríkisins einmitt reynt að gera í sinni starfsemi. Hún hefur talið mjög mikilsvert að ýta undir byggingarframkvæmdir með því að beita sér fyrir því láni, sem Seðlabankinn veitti húsnæðismálastjórn ríkisins. Atvinnumálanefndin hefur einnig t. d. varðandi hitaveitufrankvæmdirnar hér í Reykjavík stuðlað að því, að þær gætu hafizt í stærra mæli heldur en áður var fyrirhugað, svo að tvennt eitt sé talið. Aðrar þær framkvæmdir, sem hér skipta máli, hef ég þegar talið upp og skal því ekki rekja á ný. En við höfum verið sammála um það, að þótt æskilegur væri hinn allra mesti flýtir, þá verður einnig að athuga vel hverja framkvæmd um sig, og gæta þess, að ekki væri um aðrar framkvæmdir frekar að ræða, sem fljótar eða til meiri frambúðar gætu bætt úr þeim vanda, sem hér er við að etja.

Það er ljóst, að nú þegar er verulega gengið á það fé, sem atvinnumálanefnd ríkisins hefur yfir að ráða. Þó er verulegur hluti þess eftir. Menn hafa margar ráðagerðir til íhugunar, sem ég skal ekki rekja hér að sinni. Ég hef einungis minnzt á það, sem fastráðið má heita. En ætlunin var, og um það var samið, að fénu yrði fyrst og fremst varið til arðbærs atvinnurekstrar, sem kæmi að varanlegu gagni. Og það vona ég, að reynslan eigi eftir að sanna, að ávöxtur af starfi nefndarinnar verði slíkur, að við höfum fylgt þeirri meginreglu. Hitt skiptir svo langsamlega mestu og hefur úrslitaþýðingu, að vinnufriður haldist í landinu, að menn geti ótruflað starfað að eðlilegum atvinnurekstri, og þá mun það skjótlega, þótt nokkurn tíma taki, koma í ljós, að sá arður, sem kemur t. d. af sjávarútveginum, dreifist um allt þjóðfélagið og verður öllum stéttum að gagni.

Ég skal svo ekki fjölyrða meira um málið að sinni, en leyfi mér að leggja til, að frv. verði sent til 2. umr. og hv. fjhn. d. til athugunar.

Halldór E. Sigurðsson: Herra forseti. Á þskj. 383 er frv. til l. um aðgerðir í atvinnumálum. Frv. þetta er til staðfestingar á samkomulagi því, sem gert var 17. janúar s. l. á milli hæstv. ríkisstj., stéttarfélaganna í landinu og vinnuveitenda. Það er heimild fyrir ríkisstj. til þeirrar fjáröflunar, er þar er gert ráð fyrir, og lögfest skipan að þeim till., sem var samið um, bæði um atvinnumálanefndir héraðanna og um atvinnumálanefnd ríkisins. Enn fremur eru þar þær starfsreglur, sem þessar nefndir hafa sett sér til þess að starfa eftir.

Um frv. sjálft þarf ég ekki að segja mikið og vil taka það fram fyrir hönd Framsfl., að hann mun veita því brautargengi í gegnum þingið og ekki tefja á neinn hátt framkvæmd þess, enda telur hann, að það hefði gjarnan mátt vera fyrr á ferðinni heldur en raun ber vitni um. Enda þótt það sé skoðun flokksins, er það ekki þar með sagt, að ekki hefði mátt skipa þessum málum á annan veg, ef fyrr og betur hefði verið staðið að þessum málum á undanfarandi árum.

Það, sem ég vildi spyrja um í sambandi við þetta mál og ekki kom fram í ræðu hæstv. forsrh. hér áðan, var það, hvort það er ekki hugsun atvinnumálanefndar ríkisins að taka til athugunar atvinnu skólafólks á komandi sumri. Ég hygg, að það verði eitt með meiri háttar vandamálum í atvinnumálum okkar í sumar að leysa atvinnumál skólafólksins og unga fólksins í land-

inu og ég vonast því til þess, að þetta verði eitt af þeim verkefnum, sem atvinnumálanefndin muni sinna, fyrst hennar hlutur er orðinn svo stór í atvinnumálum, eins og þetta frv. gerir ráð fyrir. Ég vil líka segja það, að ég vonast til þess, að það verði farið að hraða afgreiðslu á rekstrarlánum iðnaðarins, sem hæstv. forsrh. nefndi hér áðan, því að mér er kunnugt um það, að mörg iðnaðarfyrirtæki í landinu hafa þörf fyrir þessa aðstoð og atvinnurekstur þeirra er ekki með eðlilegum hætti, fyrr en einhver lánsútvegun er komin þar til. Og það er einmitt hætta á því, að á sumum stöðum á landinu geti atvinnuleysi jafnvel aukizt frá því, sem nú er, ef ekki verður unnið fljótt að þessum málum. Út af frv. og þeirri leið, sem fara á um öflun fjárins, vil ég segja það, að það hefði verið æskilegt, að það hefði verið hægt að afla þessa fjár í landinu sjálfu, og ég hef skilið þannig þá stefnu, sem tekin var upp með þeirri starfsemi Seðlabankans að binda sparifé viðskiptabankanna, að það væri hugsað til að hafa þau áhrif í peningamálunum, að það væri hægt að veita þessu fé út í atvinnulífið aftur, þegar atvinnuástandið væri með þeim hætti, að það jaðraði við atvinnuleysi eða um atvinnuleysi væri að ræða. Enda er það beinlínis tekið fram í lögum Seðlabankans, að það eigi að vera hans hlutverk að haga sínum störfum á þann veg. Þess vegna hefði það ekki verið óeðlilegt, þó að hann hefði getað látið af hendi þær 300 millj., sem atvinnumálanefnd ríkisins ætlar að verja til lánveitinga. Ég vil því leyfa mér að spyrja um það, hvort það hafi verið útilokað, að Seðlabankinn gæti látið þetta fé af hendi, þar sem a. m. k. í mörgum tilfellum mun reynast fyrirtækjum erfitt, sem ekki stunda útflutningsframleiðslu, að taka lán með gengisáhættu, ef miðað er við reynslu síðustu ára.

Ég get svo ekki látið hjá líða í sambandi við þetta frv. um aðgerðir í atvinnumálum að líta á það sem nokkurs konar úttekt hæstv. ríkisstj. á afrekum sínum í atvinnumálum þjóðarinnar eftir 10 ára valdasetu. Og vil í því sambandi minna á þau fyrirheit, sem hæstv. ríkisstj. gaf, þegar hún hóf valdaferil sinn og vil, með leyfi hæstv. forseta, vitna í þau ummæli, er þá komu fram, m. a. í bókinni Viðreisn. En þar voru gefin þessi fyrirheit:

„Ríkisstj. leggur til, að framleiðslustörfum og við-s skiptalífi þjóðarinnar sé skapaður traustari, varanlegri og heilbrigðari grundvöllur en atvinnuvegirnir hafa búið við undanfarandi ár."

Og til að skýra það, hvað hæstv. ríkisstj. átti við með þessum orðum, gaf hæstv. núv. forsrh., Bjarni Benediktsson, skýringu á þessu í áramótagrein í Morgunblaðinu um áramótin 1959—1960, þar sem hann segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Það kann ekki góðri lukku að stýra, að sjávarútvegurinn, sem framleiðir nær allar útflutningsvörur þjóðarinnar, fær ekki staðizt nema með ríkisstyrkjum."

Og hvað segir svo hæstv. forsrh. nú í 4. gr. frv. um aðgerðir í atvinnumálum? Þar segir svo í niðurlagi þeirrar gr. um hlutverk atvinnumálanefndar ríkisins og tillögur hennar, að þær séu miðaðar við það eða gerðar í þeim tilgangi að útrýma atvinnuleysi og efla heilbrigðan atvinnurekstur, svo að atvinna sé betur tryggð í landinu í framtíðinni. Núverandi ríkisstj. hefur löngum hælt sér af því, að hún treysti á framtak einstaklingsins og með því frelsi, sem hún hafi skapað, hafi einstaklingurinn og atvinnurekandinn í landinu fengið það frelsi, sem athafnaþrá hans þráði, til þess að nýta möguleikana. Mér finnst, að þetta frv. sé frá hendi hæstv. ríkisstj. vantraust á atvinnurekendur í landinu, og það er vantraust á bankakerfið og stjórnendur opinberra sjóða í atvinnumálum, þar sem þeir voru ekki einu sinni hæfir til þess að annast lánveitingu á þeim 300 millj., sem hér á að lána til atvinnuveganna. Þetta er yfirlýsing hæstv. ríkisstj. um afrek sín í atvinnumálum og það kerfi, sem hún hefur hælt sér af og hefur beitt sér fyrir að gera sem allra frjálslegast.

Hitt er svo annað mál, að afkoma atvinnuveganna í landinu er augljóslega með þeim hætti, að þar þarf stórra aðgerða við. Meira heldur en hér er að gert. Afkoma atvinnuveganna er nú sú, að kaupmáttur launa í landinu er um 15% minni heldur en hann var fyrir 10 árum. Þrátt fyrir þetta er það staðreynd, að atvinnurekstur inn getur ekki borið sig og þarf aðstoðar við í flestum greinum, eins og hæstv. forsrh. drap á. Þetta er niðurstaðan eftir 10 ára góðæri, þó að tvö síðustu ár hafi verið erfið og erfiðari heldur en árin 1964—1965 og 1966. Þá sýnir það kannske bezt stjórnarstefnuna og árangur hennar, að á þeim árum, 1964, 1965 og 1966, beztu afla- og viðskiptaárum í sögu þjóðarinnar, gengu höfuðatvinnuvegirnir ekki nema með ríkisstyrkjum. Það er staðreynd um stefnu eða framtak hæstv. ríkisstj. í atvinnumálum, að öll þessi ár varð ríkið að styrkja atvinnuvegina, svo að rekstur þeirra gengi með eðlilegum hætti. Ástæðan fyrir þessu er það stjórnleysi, sem hér hefur ríkt í fjárfestingar- og gjaldeyrismálum. Það eru þær álögur, sem hafa verið á fjármagni því, sem til atvinnuveganna hefur gengið, og það eru skattar á skatta ofan, sem hafa verið lagðir á atvinnuvegina, og dýrtíðin er svo afleiðing af þessu öllu saman. Um þetta ætla ég ekki að fara fleiri orðum, þó að ég minnti á það við þetta tækifæri.

Hinu vil ég svo vekja athygli á, að hæstv. ríkisstj. hefur verið furðu sinnulaus um framkvæmdir í sambandi við atvinnuleysið. Það var öllum ljóst á s. l. sumri, að atvinnuleysi mundi verða hér á yfirstandandi vetri, og þegar þær umr. fóru fram, sem fóru fram á milli stjórnmálaflokkanna s. l. haust, var þetta mergurinn málsins í umr. Það kom greinilega fram í ræðu hv. 3. þm. Norðurl. v., formanns Framsfl., sem hann flutti hér í sambandi við umr. um gengisbreytingarnar s. l. haust, að flokkurinn legði höfuðáherzluna á það, að fram hjá því yrði komizt, að hér yrði atvinnuleysi. Tillögugerð hans var við það miðuð og í öllum umr., sem hér fóru fram á hv. Alþ. í sambandi við fjárlagaafgreiðsluna, var það höfuðatriði í umr. okkar framsóknarmanna, að komizt yrði hjá atvinnuleysi og það yrði fyrirbyggt þegar í fyrrahaust, að atvinnuleysi yrði hér í vetur. Í sambandi við afgreiðslu fjárl. fluttum við minni hl. fjvn. till. til breytinga við fjárl., þar sem gert var ráð fyrir að verja 350 millj. til atvinnumála. Við tókum fram í sambandi við þá tillögugerð, að við værum fúsir til samstarfs um málið hér á hv. Alþ. og í fjvn. og umræðna um, hvor leiðin yrði farin; að þetta fé yrði tekið að láni eða það yrði veitt til þess að einhverju leyti á fjárl., og endanlega gerðum við till. um lántöku upp á 150 millj. og 200 millj. í fjárveitingu. En við tókum það fram,

bæði í umr. á hv. Alþ. og eins í fjvn., að við værum til viðræðu um það að breyta því á annan hátt, ef það mætti verða til þess að leysa málið. Hins vegar væri okkur það ljóst, að það yrði að koma til fé, ef forða ætti atvinnuleysi og það riði á, að það kæmi til nógu snemma til þess að hjá atvinnuleysinu yrði komizt. Nú er hér frv. um að verja 300 millj. í þessu skyni eða álíka upphæð og við lögðum til. En nú eru nærri 3 mánuðir liðnir af árinu 1969, og hefði verið mikill munur, ef þetta mál hefði verið afgreitt fyrir áramótin síðustu. Við bentum á það í sambandi við umr. um fjárl. og þessa till. okkar, að t. d. skólabyggingarnar væru sá þáttur, sem auðvelt væri að hagnýta sér til þess að koma í veg fyrir atvinnuleysi hjá iðnaðarmönnum. Ef sú hugmynd okkar hefði verið tekin hér og unnið úr henni á s. l. hausti, hefði ekki þurft að vera það atvinnuleysi hjá iðnaðarmönnum, sem verið hefur í vetur og er enn. Sama má segja um fleiri opinberar framkvæmdir, aukið fé til vegagerðar gæti komið að verulegum notum í sambandi við atvinnu í sumar, m. a. fyrir skólafólkið.

Í sambandi við þetta frv. langar mig að spyrja um það, hvert sé raunverulega hlutverk Efnahagsmálastofnunarinnar. Ég hef litið svo á, að hlutverk Efnahagsmálastofnunarinnar væri það að vera til ráðuneytis fyrir ríkisstj. í atvinnu- og efnahagsmálum. Hjá þessari stofnun ættu að vera fyrir hendi skýrslur um hreyfingu í þessu, og hún ætti að eiga auðvelt með að gera áætlanir um úrlausnarefni í atvinnumálum. Það kom mér og fleiri þm. á óvart í sumar, þegar hæstv. ríkisstj. boðaði til umr. hjá stjórnmálaflokkum, að þá skyldi Efnahagsmálastofnunin ekki hafa tilbúnar athuganir á ástandinu í efnahagsmálunum, eins og það var þá. Ég leit á þetta sem viljaleysi hæstv. ríkisstj.-manna, til þess að þessar viðræður bæru nokkurn árangur. Ég gat í raun og veru ekki áttað mig á því, að Efnahagsmálastofnunin hefði ekki þessa greinargerð eða skýrslur tilbúnar. Nú hefur það hins vegar komið í ljós, að hið sama hefur gerzt nú. Frá hendi Efnahagsmálastofnunarinnar hafa ekki verið lagðar fram þær greinargerðir eða skýrslur eða till. í atvinnumálum, sem mátti gera ráð fyrir. Nú er ekki hægt að bera því við, að þessi stofnun hefði ekki haft aðgang að því að fá sér upplýsingar úti um landsbyggðina, því að hún getur, með því að snúa sér til sveitarstjórnanna í landinu og t. d. verkalýðsfélaganna, fengið þær upplýsingar um atvinnumál staðanna, sem er verið að safna nú. Ég hélt, að í raun og veru þyrfti ekki að setja upp sérstaka ríkisstofnun til þess að gera þessa athugun. Hún ætti að liggja fyrir í Efnahagsmálastofnuninni og ætti a. m. k. að vera þar auðunnin. Þetta hefur hins vegar komið á daginn, og mér leikur því forvitni á að vita, hvert hið raunverulega verkefni þessarar stofnunar er. Ég vil líka benda á það, að hæstv. ríkisstj. hefur verið knúin af stjórnarandstöðunni og stéttarfélögunum til þess að sinna þessum málum á þann hátt, sem hér er stefnt að, því að það var ekki fyrr en eftir nokkuð langa samninga með stéttarfélögunum og atvinnurekendunum, sem þetta varð niðurstaðan, en ekki af því, að hæstv. ríkisstj. hefði forystu þar um. Þetta harma ég, því að engum er það skyldara heldur en hæstv. ríkisstj. að hafa forystu um svo veigamikið atriði í þjóðmálunum, eins og um atvinnu landsmanna. Og eins og ég hef áður drepið á, var það öllum ljóst, að að þessu mundi fara, sem farið hefur, að atvinnuleysi yrði hér á yfirstandandi vetri. Ég vil svo undirstrika það, að þó að þessar aðgerðir, sem hér er stefnt að með þessu frv., muni taka sárasta broddinn úr atvinnuleysinu og draga úr því verulega í bili, þá munu þessar aðgerðir ekki nægja til þess að treysta atvinnulífið í landinu. Til þess þarf breytta stefnu hjá stjórnvöldum og nýja forystu. Þar verður að koma til stefna, sem dregur úr fjármagnskostnaði atvinnuveganna, stefna, sem dregur úr skattaálögum á atvinnuvegina, stefna, sem byggir atvinnulífið og fjárfestinguna upp með skipulögðum hætti samkv. fyrirframgerðum áætlunum. Aðeins þess háttar vinnubrögð geta raunverulega leyst vandamál atvinnulífsins. Og þessi stefna verður að miða atvinnumálastefnu sína við það, að atvinnulífið í landinu geti greitt eðlilegt kaupgjald til þeirra, sem vinna hjá atvinnufyrirtækjunum, en ekki eins og nú er gert. Allt annað er óraunhæft í þessum atriðum.

Herra forseti. Ég skal ekki lengja mál mitt mikið úr þessu. En ég vil að lokum leggja áherzlu á þessi atriði. Ég tel frv. þetta nauðsyn, eins og nú er komið. Hins vegar lít ég líka á það eins og yfirlýsingu hæstv. ríkisstj. um skipbrot hennar í atvinnumálum. Það er frá hennar hendi vantraust á stefnu hins frjálsa framtaks og banka- og peningastofnana í landinu. Í öðru lagi sannar það athafnaleysi hæstv. ríkisstj. Hún er knúin til þessa verks af stjórnarandstöðunni og stéttarfélögunum. Í þriðja lagi: Það leysir ekki vanda atvinnulífsins og tryggir ekki fulla atvinnu í landinu. Til þess þarf breytta stjórnarstefnu, þar sem framkvæmdir og fjárfesting eru gerð með skipulögðum hætti og samkv. fyrirframgerðum áætlunum, þar sem stjórn kemur í stað stjórnleysis. Það eitt getur treyst atvinnumál þjóðarinnar.

Magnús Kjartansson: Herra forseti. Mér virðist þetta frv. setja Alþ. í dálítinn sérstæðan formlegan vanda. Í því felst staðfesting á samkomulagi, sem gert var 17. janúar í vetur milli hæstv. ríkisstj., Vinnuveitendasambandsins og stjórnar Alþýðusambands Íslands. Þessir þrír aðilar eru bundnir af því samkomulagi, sem þeir gerðu. Ef við alþm. vildum gera breytingu á þessu frv. og þar með breyta framkvæmd þessa samkomulags, þá mundu aðilar samkomulagsins að sjálfsögðu ekki vera bundnir af því lengur. Ég fæ ekki séð, að eins og þetta mál ber að, sé þess nokkur kostur fyrir alþm. að bera fram brtt., hversu skynsamlegar, sem þær eru, og hversu mikla áherzlu, sem menn kynnu að leggja á þær efnislega, vegna þess að breytingar á þessu frv. mundu raska sjálfum grundvellinum, því samkomulagi, sem ég var að tala um áðan. Og þetta eru í sjálfu sér ákaflega slæm vinnubrögð. Með þessu er í rauninni aðeins verið að gera Alþ. að afgreiðslustofnun. Það er oft talað um, að Alþ. sé afgreiðslustofnun og þegar málin ber þannig að, að í rauninni er ekki hægt að breyta þeim, þá er skörin farin að færast upp í bekkinn. Ég fæ ekki betur séð en hæstv. ríkisstj. hefði auðveldlega getað haft þann hátt á að leita lagaheimildar um þau atriði, sem löggjöf þurfti til. Þar á ég við heimild til lántöku, sem felst í 5. gr. frv. og í annan stað atriði, sem að er vikið í 6. gr. frv. En þessi sérstaki málatilbúnaður veldur því, að það er í sjálfu sér næsta tilgangslítið að fjalla um einstök efnis-

atriði í einstökum greinum frv., en engu að síður hafði ég hug á því að flytja hér nokkrar hugleiðingar, sem eru tengdar eðli málsins og aðdraganda þess.

Þetta samkomulag, sem gert var 17. janúar, var afleiðing af mjög alvarlegu ástandi, sem þróazt hafði í atvinnumálum. Atvinnuleysingjum hafði farið mjög ört fjölgandi og skömmu eftir að þetta samkomulag var gert, sýndu skýrslur, að þeir voru orðnir hátt á 6. þúsund talsins. Því var lýst yfir, þegar þetta samkomulag var gert, að tilgangur þess væri sá að uppræta atvinnuleysið, og það voru birtar um það mjög stórar fyrirsagnir í blöðum og frásagnir í öðrum fjölmiðlum, að þarna væri verið að gera hluti, sem mundu bæta úr þessu neyðarástandi á skömmum tíma. Við höfum haft af því nær tveggja mánaða reynslu, að þessi hefur ekki orðið raunin. Eins og hæstv. forsrh. greindi frá hér áðan, voru atvinnuleysingjar í gær 2100, eða ámóta margir og þeir voru um seinustu áramót. Og fækkun sú, sem orðið hefur frá janúarlokum, er ekki afleiðing af því samkomulagi, sem gert var 17. janúar, heldur afleiðing af hinu, að vertíðin hefur komizt af stað og gengið ákaflega vel.

Ég er ákaflega hræddur um það, að það kunni að eiga eftir að líða langur tími, án þess að þetta atvinnuleysi verði upprætt. Við skulum gera okkur grein fyrir því, að eftir rúman mánuð kemur á vinnumarkaðinn stór hópur manna, nemendur úr öllum framhaldsskólum landsins, þúsundir manna. Og ef enn verður hópur atvinnuleysingja úr hinum venjulega verkamannahópi, þegar þessi hópur bætist við, hvernig halda menn þá, að ástandið verði? Það hefur verið framkvæmd könnun í skólunum og hún leiddi í ljós, að mikill meiri hl. nemenda hafði enga tryggingu fyrir vinnu í sumar, og um það bil þriðjungur þeirra gerði sér enga von um vinnu. Og í menntaskólunum er þannig ástatt, að nemendur lýsa yfir því — ég held, að það hafi verið um það bil þriðjungur þeirra — að þeir sjái ekki fram á, að þeir geti haldið námi sínu áfram, ef þeir fái ekki sumaratvinnu. Mér virðast því miður allar líkur á því, að atvinnuleysi það, sem hófst í fyrrahaust og náði hámarki í janúarlok, kunni að eiga eftir að móta allt þetta ár, ef ekki verður meira að gert en felst í þessu frv.

En var það þá í raun og veru tilgangur hæstv. ríkisstj. með samkomulaginu í janúar að uppræta atvinnuleysið án tafar? Ég held, að full ástæða sé til þess að bera þá spurningu upp við sig, og svara henni af fullu raunsæi. Atvinnuleysið, sem hófst í fyrrahaust, kom ekki á neinn óvæntan hátt. Það var einnig atvinnuleysi hér í fyrravetur, og það atvinnuleysi hafði verið séð fyrir. Atvinnuleysið í fyrravetur kom mjög til tals milli verkalýðshreyfingarinnar og ríkisstj. í sambandi við verkfallið mikla, sem gert var í marz í fyrra. Því verkfalli lauk með því, að verkalýðssamtökin slökuðu mjög verulega á lágmarkskröfum sínum um fullar vísitölubætur, gegn því að hæstv. ríkisstj. hét ákveðnum aðgerðum til þess að uppræta atvinnuleysi og koma í veg fyrir atvinnuleysi á Íslandi. Það var birt yfirlýsing um þetta efni í mörgum liðum og gefin mjög fögur fyrirheit. Það var sett á laggirnar sérstök nefnd með aðild allra þeirra aðila, sem stóðu að samkomulaginu í janúar í vetur, og ráðh. var settur sem formaður þessarar nefndar. En hverjar urðu svo efndirnar? Efndirnar urðu engar. Þessi nefnd gerði ekki nokkurn skapaðan hlut og hún lognaðist út af eftir vissan tíma og síðan hefur enginn til hennar heyrt.

Það hefði verið hægt að gera þær ráðstafanir á síðasta ári, sem hefðu dugað til þess, að ekki kæmi til atvinnuleysis s. l. haust. En þær ráðstafanir voru ekki gerðar. Og hæstv. ríkisstj. fékkst ekki einu sinni til þess að gefa þau loforð, sem fólust í samkomulaginu 17. janúar, fyrr en atvinnuleysið var orðið svo víðtækt, að það var orðið greinilegt pólitískt vandamál.

Það er ástæða til þess að hugleiða einnig, hvernig á þessu atvinnuleysi stendur. Hæstv. ríkisstj. segir, að ástæðan fyrir atvinnuleysinu sé sú, að síldarafli hafi minnkað og að verð á útflutningsafurðum okkar sé lægra en það var, þegar það náði hinu mikla hámarki 1966. Ef menn kunna að hugsa rökrétt, þá liggur það í hlutarins eðli, að þetta eru ekki ástæður fyrir atvinnuleysi. Ef síldarafli er minni en verið hefur áður, þá er það sannarlega ekki tilefni til þess að láta þúsundir manna ganga um atvinnulausa. Þvert á móti ætti slíkt ástand að leiða til þess, að reynt væri að efla atvinnu á öðrum sviðum. Slíkt hið sama er um það að segja, er verð á útflutningsafurðum okkar lækkar; við verðum að reyna að vinna það upp með meiri vinnusemi. Þetta kunna að virðast ósköp einföld og barnaleg sannindi, en þetta eru sannindi. Menn eiga ekki að loka sig inni í einhverjum hagfræðilegum kenningum. Ef þjóð verður fyrir ytri áföllum, ber henni að vinna það upp með aukinni vinnusemi.

Ástæðurnar fyrir atvinnuleysinu eru allt aðrar. Ástæðurnar eru þær, að hér hafa ekki verið tiltæk næg atvinnutæki handa vinnandi mönnum í landinu. Ýmist hefur þessi atvinnutæki skort eða atvinnutækin hafa ekki verið í notkun. Við vitum ósköp vel, hvernig þeir atburðir hafa þróazt á ýmsum sviðum. Ég þarf ekki enn einu sinni að rifja upp staðreyndirnar um togaraflotann eða um bátaflotann eða um samdráttinn í öllum tegundum iðnaðar. Það er þessi samdráttur, sem hefur leitt til þess, að þetta víðtæka atvinnuleysi varð hér í vetur, og þessi samdráttur er afleiðing af stefnu hæstv. ríkisstj. Þetta er ekkert óviðráðanlegt ástand. Þetta er afleiðing af pólitík, afleiðing af stjórnarstefnu.

Þegar viðreisnarstjórnin tók við, tók hún upp eitt grundvallarnýmæli í stjórn efnahagsmála á Íslandi. Hún hafnaði algerlega allri félagslegri forystu í efnahagsmálum og atvinnumálum og ætlaðist til þess, að markaðslögmál ættu að stjórna þróun þeirra mála á Íslandi. Þar með braut hún í bága við margra áratuga þróun hér á landi. Það hefur verið stefna allra íslenzkra flokka, að vegna þess, hve hið íslenzka þjóðfélag er fámennt og hve fjármagn hér er lítið, komumst við ekki hjá því að hafa félagslega forystu á miklu fleiri sviðum en aðrar og stærri þjóðir, alveg án tillits til þess, hvaða þjóðskipulag menn aðhyllast. Á þennan hátt hafa ýmsir helztu þættir atvinnumála okkar verið byggðir upp á undanförnum áratugum, og allir flokkar hafa að því staðið. En nýmæli viðreisnarstjórnarinnar var það, að þannig mátti ekki á málum halda. Í stað hinnar félagslegu forystu ríkisins áttu að koma hin sjálfvirku markaðslögmál. Með þessu ímyndaði hæstv. ríkisstj. sér, að hún væri að festa í sessi á Íslandi það kapítalíska hagkerfi, sem hún trúir á. En hún gætti ekki að því, að þessi

stjórnaraðferð í efnahagsmálum getur með engu móti átt við um þjóðfélag eins og það íslenzka. Hún hlaut að leiða til ófarnaðar og hún leiddi til ófarnaðar. Hún hefði leitt til ófarnaðar miklu fyrr, ef við hefðum ekki notið alveg óvenjulegra happa af völdum náttúrunnar.

Það er mikil tízka hjá stjórnarvöldum um þessar mundir að vitna til ársins 1966, eins og það sé eitthvert meðalár á Íslandi. Þegar talað er um árið í ár sem neyðarár og erfiðleikaár, þá er það alltaf borið saman við árið 1966. En árið 1966 var svo óvenjulegt happaár, að það ár urðu útflutningstekjur Íslendinga tvöfalt meiri en þær eru í meðalári, tvöfalt meiri. Árið í fyrra, sem talið er mikið erfiðleikaár á þessum forsendum, er raunar mjög nálægt meðalári. Gjaldeyristekjurnar og þjóðartekjurnar eru svipaðar og þær voru 1962 og 1963, þegar var fullt atvinnuöryggi á Íslandi og þegar afkoma launamanna var mun betri en hún er núna.

Ef menn ætla að gera ráðstafanir til þess að vinna bug á atvinnuleysi, verða þeir að átta sig á þessari staðreynd, að þetta eru orsakir atvinnuleysisins, að röng stefna hefur leitt til þess, að okkur skortir framleiðslutæki á sumum sviðum og að framleiðslutæki á öðrum sviðum eru ekki hagnýtt. Og ef hæstv. ríkisstj. hefði viljað snúast við þessum vanda, bar henni að horfast í augu við þá staðreynd, að hún yrði að breyta stefnu sinni. En því miður hefur hæstv. ríkisstj. ekki haft djörfung til þess að viðurkenna þessa óhjákvæmilegu staðreynd. Stefna hennar hefur í staðinn verið sú að reyna að viðhalda gjaldþrota efnahagskerfi með því að leggja sívaxandi byrðar á launamenn í landinu. Þetta hefur m. a. verið gert með tveimur gengislækkunum á einu ári, og þessum gengislækkunum er ætlað að stuðla að mjög verulegri tilfærslu á fjármunum í þjóðfélaginu frá launamönnum og til atvinnurekenda. Og öll stefna hæstv. ríkisstj. miðast við það, að fjármunatilfærslan nái fram að ganga. Einnig þetta verða menn að muna, að hæstv. ríkisstj. telur sig standa og falla með því, að þessi fjármunatilfærsla nái fram að ganga. Og hvernig hefur hæstv. ríkisstj. staðið að þessu verkefni í vetur? Ég held, að það sé ekkert álitamál, að hæstv. ríkisstj. hefur hagnýtt þetta atvinnuleysi til þess að reyna að gera verkalýðshreyfingunni sem erfiðast fyrir að hrinda af sér þessum byrðum. Þetta hefur hæstv. ríkisstj. að minni hyggju tvímælalaust gert vitandi vits. Hún hefði auðveldlega getað komið í veg fyrir þetta atvinnuleysi, eins og ég sagði áðan, með réttum aðgerðum á síðasta ári, og hún hefði getað unnið bug á því miklu fyrr. Hún hefði getað gert það þegar í lok síðasta árs, og hún hefði getað gert þær ráðstafanir í janúar, sem hefðu breytt þessum aðstæðum á tiltölulega fáum vikum í stað þess að setja upp kerfi, sem er svo seinvirkt, að það verkar ekki fyrr en eftir marga mánuði.

Ég er ekki að segja, að hæstv. ríkisstj. standi þannig að málum af einhverri mannvonzku, eins og stundum er sagt. Þetta stafar af því, að hæstv. ráðh. hljóta að ímynda sér það í góðri trú, að þeir séu að framkvæma rétta stefnu, og þá beita þeir þeim ráðum, sem þeim eru tiltæk. En ég held, að það sé fyrir löngu orðið tímabært, að þessir ráðh. átti sig á því, að þessi stefna er röng og það er ekki hægt að halda henni áfram lengur, ef við viljum ekki leiða yfir þjóðfélagið mjög alvarlegar hættur og mun alvarlegri hættur en við höfum séð framan í allt til þessa. Raunar er mér það næsta mikil ráðgáta, hvers vegna Sjálfstfl. hefur ríghaldið í þessa hagfræðikreddu nú í heilan áratug. Sjálfstfl. er enginn nýliði í íslenzkum stjórnmálum. Hann hefur orðið að takast á við mörg vandamál, og hann hefur löngum áður þorað að brjóta í bága við hagfræðikreddur af þessu tagi. Sjálfstfl. stóð að því í upphafi heimskreppunnar að taka hér upp margs konar haftastefnu, m. a. þá þjóðnýtingu á gjaldeyri, sem enn þá tíðkast á Íslandi, og einokunarstarfsemi í sambandi við útflutningsverzlun. Eftir síðasta stríð stóð Sjálfstfl. að rammasta haftakerfi, sem verið hefur á Íslandi, kerfi, sem hv. þm. Ólafur Björnsson hefur lýst fyrir okkur mjög skemmtilega í mörgum ræðum og á vonandi eftir að gera margsinnis enn. En Sjálfstfl. hefur einnig gert meira. Sjálfstfl. hefur staðið að þeirri einu tilraun til áætlunarbúskapar, sem gerð hefur verið á Íslandi. Það er dálítið skemmtilegt að rifja það upp núna, hvert var verkefni Nýbyggingarráðs, sem sett var á laggirnar 1944 með aðild Sjálfstfl. Um það efni sagði svo í lögum, með leyfi hæstv. forseta:

„Ríkisstj. skipar fjögurra manna n., er nefnist Nýbyggingarráð. Hlutverk þess er að búa til heildaráætlun, fyrst um sinn miðaða við næstu 5 ár, um nýsköpun íslenzks þjóðarbúskapar. Skal þar áætlað, hver atvinnutæki, samgöngutæki, byggingar og annað þurfi til sjávar og sveita, til þess að allir Íslendingar geti haft vinnu við sem arðbærastan atvinnurekstur, svo og hvernig bezt verði fyrir komið innflutningi fáanlegra tækja og efnis á næstu árum með það fyrir augum að hagnýta sem bezt vinnuafl þjóðarinnar og auðlindir landsins. Þá skal Nýbyggingarráð gera áætlanir um, hvar tæki skuli staðsett og till. um byggingar og aðrar framkvæmdir í því sambandi. Nýbyggingarráð hlutast til um, að slík tæki verði keypt utanlands eða gerð innanlands svo fljótt sem auðið er og hefur milligöngu fyrir þá aðila, sem þau vilja kaupa og þess óska."

Hér var í fyrsta skipti á Íslandi tekin upp áætlunarstefna, sem er alger andstæða haftastefnu, þótt hæstv. forsrh. virtist ekki gera sér það ljóst í almennum umr., sem urðu hér einu sinni í vetur. Áætlunarstefna felur í sér jákvætt frumkvæði hins opinbera um að ráðast í athafnir, sem ekki verður ráðizt í að öðrum kosti. Og það var þetta, sem gerðist um þriggja ára skeið, eftir að nýsköpunarstjórnin var mynduð. Á þeim stutta tíma var endurnýjaður togarafloti landsmanna, bátaflotinn, millilandaskipin og fjölmargt annað, sem ég hirði ekki um að telja upp. En þessar áætlunarframkvæmdir gerbreyttu íslenzku þjóðfélagi. Þær urðu undirstaða þeirrar þróunar, sem síðan tók við og leiddi okkur til þess að verða ein mesta velmegunarþjóð í heimi í nokkur ár. Þetta var árangur af áætlunarstefnu, og Sjálfstfl. sjálfur tók þátt í þeirri áætlunarstefnu. Ég man vel eftir því, að Sjálfstfl. og forystumenn hans og Morgunblaðið hældu sér af þessu ár eftir ár og pökkuðu Sjálfstfl. einmitt þessa forystu. En núna um 10 ára skeið hef ég ekki heyrt minnzt á nýsköpunarstjórnina í Morgunblaðinu. Það er vegna þess, að grundvöllur þeirrar stjórnar er í algerri andstöðu við þá efnahagskreddu, sem nú er fylgt.

En ég held, að reynslan ætti að hafa fært okkur heim sanninn um það, að áætlunarvinnubrögð af þessu tagi eru okkur algerlega óhjákvæmileg, ef við ætlum að

halda velli í samvinnu og samkeppni við önnur margfalt stærri og margfalt auðugri þjóðfélög. Ég vík að þessum atriðum vegna þess, að í því frv., sem hér liggur fyrir, felst vissulega undanhald hæstv. ríkisstj. fyrir því sjónarmiði verkalýðshreyfingarinnar, að nú verði að koma til félagsleg forysta til þess að tryggja fulla atvinnu í landinu. En þetta undanhald er fjarskalega lítið. Ríkisstj. hefur af pólitískum ástæðum, vegna þess, að hún dirfist ekki annað, látið örlítið undan, en hún hefur aðeins á sér yfirskin guðrækninnar, en afneitar hennar krafti.

Upphæð sú, sem þarna er til afnota, er svo lág, að hún getur engan veginn leyst nema örlítið brot af þeim vandamálum, sem nú blasa við. Og kerfið sjálft, sem þarna er byggt upp, minnir miklu fremur á haftastefnu en áætlunarstefnu. Sú nefnd, sem þarna er sett upp, er úthlutunarnefnd. Hún á fyrst og fremst að taka við umsóknum, gera upp á milli manna og skammta. Frumkvæði hefur hún ekki nema þá að afar takmörkuðu leyti. Þetta er haftapólitík. Þetta er ekki áætlunarstefna.

Ég hef vikið að þessu atriði oft áður hér í umr., vegna þess að ég held, að þetta skipti sköpum um alla framtíðarþróun hins íslenzka þjóðfélags. Ef við eigum að hefja þá iðnvæðingu, sem mest er rætt um, þá getum við ekki gert það án áætlunarbúskapar. Það er algert sjálfsmorð að hafa þann hátt á, sem hæstv. forsrh. lýsti í sjónvarpsviðtali á dögunum, að ganga fyrst í EFTA og gera sér síðan vonir um, að á eftir muni eitthvað opnast fyrir okkur, án þess að hafa hugmynd um, hvað það yrði. Ef við ætlum að vera menn til þess að hefja iðnþróun á Íslandi og keppa við aðra, þá verðum við að leggja saman krafta okkar og leggja á ráðin sameiginlega og hagnýta alla þá þekkingu, sem okkar beztu sérfræðingar ráða yfir. Og við eigum að vera menn til þess að skipuleggja allt atvinnulíf okkar. Við verðum að muna eftir því, að þjóðarbúskapur okkar er svo fjarskalega lítill, að hann jafngildir aðeins meðalfyrirtæki hjá stórþjóð. Við getum ekki leyft okkur þennan glundroða, sem verið hefur einkenni viðreisnartímabilsins og að vísu allt of mikið einkenni á allri sögu okkar. Við getum ekki haldið þessu áfram, því að ef við gerum það, verðum við örugglega undir og þá bíður okkar það eitt hlutskipti að eftirláta erlendum auðfélögum það, sem þau kunna að sækjast eftir hér, ódýra orku og kannske eitthvað annað, en hvað verður um okkur sjálfa og okkar eigin forystu? Ég held, að þetta sé atriði, sem þeir flokkar, sem alltaf hafa beitt sér fyrir áætlunarbúskap, verkalýðsflokkarnir báðir, ættu að fara að hugleiða af fullri alvöru og af fullu raunsæi.

Það voru verkalýðsflokkarnir báðir, sem stuðluðu að því, að áætlunarbúskapur var hagnýttur í nýsköpunarstjórninni. Verkalýðsflokkarnir báðir komu inn í stefnuyfirlýsingu vinstri stjórnarinnar ákvæðum um áætlunarbúskap, sem ekki var staðið við, vegna þess að Framsfl. hafði þá allt aðra afstöðu til áætlunarbúskapar en núna kemur fram. Það er gott, að hann hefur breytt um skoðun, en svona var þetta þá. En á sama hátt held ég, að verkalýðsflokkarnir báðir þurfi að beita áhrifum sínum nú og ekki láta neina fordóma standa þar í veginum til þess að knýja á um áætlunargerð. Þær raddir hafa raunar mjög heyrzt frá Alþýðuflokksmönnum að undanförnu. Núna nýlega birtist t. d. í Alþýðublaðinu mjög skýr grein eftir formann Sambands ungra jafnaðarmanna, Örlyg Geirsson, og henni lauk á þessum orðum, með leyfi hæstv. forseta:

„Skipan atvinnumálanefndar ríkisins, þar sem ríkisvald, verkalýðshreyfing og atvinnurekendur vinna saman að útrýmingu atvinnuleysis, er spor í rétta átt, en lítið spor. Uppbygging nýrra atvinnuvega jafnframt því, sem hinir gömlu eru treystir, er þjóðinni lífsnauðsyn, því að ef ekki verður tryggður efnahagslegur grundvöllur lýðveldisins, er sjálfstæði þjóðarinnar í hættu. Það verður því að vera hlutverk Alþfl. í ríkisstj. nú að knýja fram nýja stefnu í stjórn efnahagsmála. Takist það ekki, verður flokkurinn að endurskoða afstöðu sína til setu í ríkisstj."

Ég hygg, að allverulegur hluti Alþfl. taki undir þessa afstöðu. Og ég held, að atvinnurekendur innan Sjálfstfl. ættu að fara að hugleiða þessi mál á nýjan leik eftir þá reynslu, sem nú er komin. Áætlunarbúskapur felur ekki í sér neina þjóðnýtingu. Hann felur aðeins í sér bætt skipulag og þeir íslenzkir atvinnurekendur, sem nú óttast, að þeir verði undir í samkeppni við erlenda aðila, eiga að vera menn til þess að taka hér upp þær hagstjórnaraðferðir, sem hafa gefizt öðrum þjóðum bezt, hvernig svo sem þjóðskipulagið hefur verið þar. Ef þessir aðilar, flokkar verkalýðshreyfingarinnar og þeir atvinnurekendur, sem bera ábyrgð á hinum þjóðlegu atvinnuvegum, leggja sameiginlega áherzlu á þessa nauðsyn, mun eitthvað undan láta.

Jónas Árnason: Herra forseti. Ég ætla ekki að tefja þessar umr. og stend upp af sérstöku tilefni, en vil þó áður en ég kem að því taka undir þær aths., sem hér hafa fram komið varðandi þessar margrómuðu 300 millj., sem að vísu eru spor í rétta átt, eins og hv. 6. þm. Reykv. vitnaði hér í áðan, í orð eins upprennandi ungs Alþýðuflokksmanns, spor í rétta átt, en afskaplega lítið spor. Sú staðreynd, sem rædd hefur verið æ ofan í æ af hálfu okkar stjórnarandstæðinga hér á hinu háa Alþ., sú staðreynd, að á undangengnu góðæristímabili leyfðu stjórnarvöldin óprúttnum gróðaöflum, einstaklingum og fyrirtækjum, að láta greipar sópa um gjaldeyri og önnur verðmæti, sem alþýða manna hafði skapað með striti sínu, sú staðreynd verður með engu móti sniðgengin, en hlýtur að verða höfð til hliðsjónar, þegar vega skal og meta þetta mál, margnefndar 300 millj. til atvinnuaukningar.

Verzlunarhallir þær, sem risið hafa á undanförnum árum, svo og bankabyggingar, svo og heil íbúðarhverfi hér á höfuðborgarsvæðinu, þar sem lúxusinn og tildrið er bókstaflega yfirþyrmandi, allt þetta óhóf er ekki annað en ránsfengur, hvað sem það kann að heita á kurteisu máli hagfræðinga og hæstv. ráðh., ekki annað en ránsfengur, sem gróðaöflin hafa tekið af alþýðu manna í skjóli ranglátrar stjórnarstefnu. Ég er að vísu ekki ýkja fróður um verð á fasteignum. En trúað gæti ég því, að það ætti að vera auðvelt að benda á svo sem eins og 5, kannske í hæsta lagi 10, allavega einar 5 verzlunarhallir í eigu einstaklinga og einstakra fyrirtækja, sem samtals mundu að verðmæti samsvara þessum 300 millj., sem ríkisstj. ætlar til uppbyggingar því atvinnulífi, sem stefna hennar, sú stefna, sem gerði smíði þess-

ara halla mögulega, hefur lagt í rúst víðs vegar um landið. Og sá, sem færi hér um lúxushverfin á höfuðborgarsvæðinu, gæti án efa fljótlega bent á svo sem eins og 50 einbýlishús, sem að verðmæti mundu svona hvert um sig, þegar allt er talið með, vera um 6 millj., þannig að sú híbýladýrð, sem 50 einstaklingar geta leyft sér og sínum, mundi samsvara þeim 300 millj., þeirri upphæð, sem hæstv. ríkisstj. virðist telja mátulegan skammt til þess að bæta kjör þeirra þúsunda alþýðufólks, sem vegna ófremdarástandsins í atvinnumálum á nú fullt í fangi með að hafa í sig og á.

Ég vek athygli á þessu til rökstuðnings þeirri fullyrðingu, að margnefndar 300 millj. til atvinnubóta eru ekki annað en kák og raunar enn ein staðfesting á þeirri ósvífnu stefnu, sem hæstv. ríkisstj. hefur rekið og ætlar sér auðsjáanlega áfram að reka gagnvart alþýðu þessa lands. Það er ekki einu sinni svo vel, að þessar 300 millj. skuli teknar til baka af ránsfeng gróðaaflanna, t. d. með eignakönnun, eins og við Alþýðubandalagsmenn höfum lagt til, og skattlagningu í samræmi við hana, stóreignaskatti, sem um mundi muna, og gróðaskatti. Nei, það á að afla þeirra með lántöku. Allt þetta kák verður raunar þeim mun argvítugra, sem það hefur dregizt úr hömlu, eins og bent hefur verið á hér, að þessum 300 millj. yrði úthlutað, og voru margir farnir að halda, að komin yrðu græn grös og þau jafnvel farin að sölna aftur, áður en nokkur lifandi manneskja fengi notið góðs af þessum margrómuðu 300 millj.

En þá vildi ég aðeins drepa á það atriði, sem ég sagði áðan, að væri ástæðan til þess, að ég stend hér upp fyrst og fremst. Þetta er atriði, sem snertir mál, sem ég ber hér fram eða drep á fyrir tilmæli fólks í kjördæmi mínu, þ. e. nánar tiltekið uppi á Akranesi. Þar starfar nú sútunarverksmiðja, að vísu ekki neitt stórfyrirtæki, en sér þó svona 15—20 manns fyrir atvinnu, og það munar um slíkt á þessum erfiðu tímum. Nú er það altalað þarna efra, að til standi að flytja þessa sútunarverksmiðju í annan landshluta, þar sem síðan eigi að stofnsetja hana að nýju í eitthvað stækkuðu formi að því er manni skilst, en með fjármagni, sem fengið yrði við úthlutun á þessum títtnefndu 300 millj. Þetta vekur að sjálfsögðu furðu, og mig grunar, að nefna mætti fleiri dæmi slíks. Og menn hljóta að spyrja: Er nokkurt vit í svona löguðu? Hljóta menn ekki að spyrja, hvers konar eiginlega hagspeki það sé að auka atvinnu í einum landshluta með því að svipta fólk atvinnunni í öðrum landshluta?

Loks vil ég taka það fram, að ég tel, að þær nefndir, sem skipaðar hafa verið til þess að úthluta þessum smánarskammti ríkisstj., séu síður en svo öfundsverðar af sínu hlutskipti. Og eins og allt var í pottinn búið tel ég, að verkalýðshreyfingin hafi gert rétt í því að tilnefna fulltrúa til þess að hafa áhrif á þessa úthlutun, annað komi að sjálfsögðu ekki til mála. Hitt sýnist mér aftur á móti alger óþarfi, sem komið hefur fyrir, að fremstu menn verkalýðshreyfingarinnar tali um þetta sem merkilega viðleitni af hálfu stjórnarvaldanna til að bæta úr því ófremdarástandi, sem stjórnarvöldin bera ábyrgð á. Viðleitni mætti kannske kalla þetta, en það er alveg af og frá að kalla það merkilega viðleitni.

Forsrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Ég þakka þm., sem hér hafa talað, fyrir þeirra að flestu leyti fögru orð og góðu hugsanir og eindreginn samvinnuvilja, sem ekki sízt lýsti sér í ræðu hv. 6. þm. Reykv. Ég vonast til þess, að það eigi eftir að koma fram í fleiru, hversu hann vill efla samhug og góðvild meðal landsmanna eftir þeim orðum, sem hann nú viðhafði. Fagna ber hverjum þeim sauð, sem kemur heim til föðurhúsa.

Varðandi fsp., þá vil ég svara síðustu fsp. umsvifalaust, og það er hægt að svara henni algerlega neitandi. Það mun ekki koma til greina, að atvinnumálanefnd ríkisins stuðli að því, að sútunarverksmiðja verði flutt frá Akranesi eitthvað annað. Þvert á móti hefur verið um það rætt, að æskilegt væri að efla sútunarverksmiðju á Akranesi, svo að hér skýtur mjög skökku við í þeim hugleiðingum, sem hv. þm. lét uppi.

Varðandi fsp. hv. 3. þm. Vesturl. er það svo, að atvinnumál skólafólks hljóta auðvitað mjög að vera tengd almennu atvinnuástandi í landinu. Að því er öfluglega unnið af hálfu ríkisstj. að efla atvinnulífið, og vissulega standa vonir til þess, að það geti eflzt svo, að þetta vandamál verði mun minna heldur en ýmsir nú óttast. Við verðum hins vegar í því sambandi að gera okkur grein fyrir því, að meðan öll okkar afkoma er komin undir sjávarafla, — ég segi öll okkar afkoma, það eru auðvitað ýkjur, — en meðan hún er komin undir sjávarafla í svo verulegum mæli, sem raun ber vitni og meira en 90% útflutningsins kemur af sjávarafla, þá verðum við að hafa í huga hið fornkveðna, að svipull er sjávarafli. Þess vegna er ákaflega erfitt að gera sér fyrirfram grein fyrir þróun í efnahagsmálum Íslendinga, nærri því frá mánuði til mánaðar, hvað þá frá misseri til misseris, og enn þá síður á milli ára, jafnvel þó að langt árabil kunni að leiða til viss jafnaðar. En sveiflurnar eru svo miklar, að það er ákaflega erfitt að sjá fyrir þróun, sem framundan er. Þetta vitum við allir. Ef þróun verður slík, að sérstakra ráðstafana verði þörf, þá verður auðvitað að skoða það, þegar þar að kemur, hvers eðlis þær þurfa að verða og hvaða geta sé til þess að fullnægja þeirri þörf, sem þannig kynni að blasa við. En vitanlega er það okkur öllum ljóst, að æskilegt er, að sem flestir skólanemar á Íslandi geti haft atvinnu. Ég tel, að það sé eitt aðalsmark á íslenzku þjóðfélagi, að ungt fólk í skólum hefur ætíð gengið að venjulegum störfum, kannske upp á síðkastið minna en oft áður, en sá háttur má ekki niður falla. En eins og ég segi, getan í þessu efni hlýtur að verulegu leyti að skapast af hinni almennu atvinnuþróun í landinu.

Varðandi annað atriðið, sem hv. þm. spurði um, hvað liði lánum til iðnaðarins og hvort gerðar hefðu verið ráðstafanir til að hraða þeirri starfsemi, þá gat ég þess í mínum inngangsorðum, að á þessu hlýtur að verða nokkur hægagangur. En ég tel nauðsyn að hraða því, eftir því sem efni málsins frekar stendur til, og mun beita mínum áhrifum í þá átt.

Um þá fsp. hv. þm., hvort Seðlabanki Íslands hefði getað látið það lánsfé af hendi, sem nú á að ráðstafa, þá er því miður svo, að geta til þess var ekki fyrir hendi. Hér komum við inn á það, sem mestu máli skiptir um ágreining á milli ríkisstj. og hennar stuðningsmanna og hv. stjórnarandstæðinga, og það er um áhrif efnahagsþróunarinnar á fjármagnsgetu og atvinnu í landinu. Í

mínum augum er það alveg augljóst, og þarf engra skýringa við, heldur einungis sagt frá staðreynd, að þegar þjóðfélag verður fyrir jafnmiklum tekjumissi eins og íslenzka þjóðfélagið nú að undanförnu, hlýtur það að lýsa sér m. a. í því, að peningar til ráðstöfunar verða miklu minni heldur en áður var, og um leið og þeir atvinnuvegir bregðast, sem menn hafa haft höfuðatvinnu af, er mjög hætt við, að atvinnuleysi hljóti að blossa upp. Því að það er auðvitað misskilningur, að íslenzka þjóðfélagið geti haft efni á því að hafa margföld atvinnutæki, þannig að hægt sé að grípa til annarrar höfuðatvinnu, ef sjálfur aðalatvinnuvegurinn bregzt, eins og ætla má af sumum orðum, sem hér hafa fallið. Seðlabankinn hefur auðvitað orðið fyrir miklum áföllum vegna þeirra áfalla, sem þjóðarbúið hefur orðið fyrir, og þess vegna var ekki hægt að ætla honum að standa undir þeirri fjármagnsöflun, sem hér var þörf á. Enda hefur það verið ljóst í öllum þeim viðræðum, sem átt hafa sér stað milli þeirra þriggja aðila, sem standa að samkomulaginu, að menn gerðu ráð fyrir því, að erlends fjármagns yrði að leita, þó að menn hafi auðvitað kannske mismunandi skoðanir á því með hvaða kjörum hið erlenda fjármagn ætti svo að lána innanlands. Það er allt annað mál.

Þá spurði hv. þm. að því, hvaða hlutverk Efnahagsmálastofnunin hafi, hvort hún eigi ekki að hafa til skýrslur um efnahag þjóðarinnar hverju sinni. Ég held, að öllum okkur, sem höfum fylgzt með gangi mála hér að undanförnu, sé ljóst, að mjög ólíkt er nú við að fást miðað við það, sem áður var. Þá voru sáralitlar skýrslur til og þær skýrslur, sem safna varð í skyndi, voru ákaflega ófullnægjandi. Nú er búið að safna mjög greinargóðum gögnum um fjölmarga þætti okkar efnahagsmála, skýrslum, sem hægt er að grípa til hvenær sem er. Þessu má ekki rugla saman við það, að einmitt vegna breytileika í þjóðfélagi okkar og efnahag vegna þess, hversu við eigum mikið undir veðri og vindi, sjó og afla, sem alveg er óvíst, að fáist, þá er ákaflega örðugt að hafa skýrslur um allt þetta til hverju sinni.

Það er t. d. alveg ótvírætt, að það var ekki hægt fyrr heldur en að áliðnu s. l. sumri að gera sér grein fyrir efnahagsþróun ársins 1968. Þar komu þrjú höfuðatriði til, sem öll höfðu úrslitaþýðingu. Verðlagsþróunin í útlöndum, sem menn sáu ekki fyrir, heldur urðu að reyna markaðsgetu, ef svo má segja, og reyndist markaðurinn fyrir eina tegund okkar framleiðslu, skreiðina, lokast að verulegu leyti. Þetta var ófyrirsjáanlegt. Aflamagnið og þá einkum á síldveiðunum gat enginn maður séð fyrir. Þessi þrjú úrslitaatriði gátu ekki eðli málsins samkv. verið vituð fyrr heldur en á s.l. hausti og þá auðvitað enn mjög á getgátum byggð. Og ég vil lýsa því yfir, að því fer svo fjarri, að Efnahagsstofnunin sé ásökunarverð fyrir seinlæti, að ég tel það nánast þrekvirki — ég tel það þrekvirki, hversu miklum gögnum hún gat safnað á tiltölulega stuttum tíma á s.l. hausti. Það var einungis mögulegt vegna þeirrar miklu skýrslugerðar, sem fyrir var og vegna þess, að þarna er afburðamönnum á að skipa, starfshæfum, fjölfróðum og vinnusömum, þannig að ég þekki ekki aðra, sem þeim taki fram í þessum efnum, að öllum öðrum ólöstuðum. Það má ekki rugla skýrslugjöf og álitsgerðum þessara manna saman við það, þó að menn séu óánægðir með stefnu stjórnarinnar. Það er allt annað mál. Það er pólitískt ágreiningsefni, sem hlýtur ætíð að verða í frjálsu þjóðfélagi. En við eigum ekki vegna ágreinings um stefnu að kasta steinum að þeim mönnum, sem vinna frábært starf og allir, sem vilja kynnast, hljóta að meta fyrir það, hversu mikið gagn þeir hafa gert og hversu auðveldara þeir gera að átta sig nú á málum, heldur en áður fyrri var. Það getur svo vel verið, að við, sem kallaðir erum í bili til forystu, séum öðrum óhæfari eða höfum ranga skoðun á málum. Það er allt annars eðlis. Ég vil loks geta þess, að Jónas Haralz, sem er skipaður forstöðumaður Efnahagsstofnunarinnar, leitaði lausnar í bili eða um sinn, til þess að sinna öðrum störfum, frá forstöðu Efnahagsstofnunarinnar. Það var ekki vegna þess, að við vantreystum honum þar, eins og kom fram hér í umr. um daginn, því fer fjarri, heldur vegna þess, að hann taldi sig þurfa að ljúka öðrum störfum, sem hann hafði að sér tekið. En tók jafnframt að sér, sem ég taldi mjög mikilsvert, að verða ráðunautur eða framkvstj. atvinnumálanefndar ríkisins. Og ég held, að enginn, sem þar hefur starfað, geti borið brigður á, að hann hafi einnig þar unnið ágætt starf.

Að öðru leyti skal ég ekki fjölyrða um þetta mál. Það er af ýmsum orsökum, sem menn hér hafa lýst því yfir, að þeir séu ýmist samþykkir frv. eða þvíiekki andvígir. Við getum sagt, að allar leiðir liggi til Rómar. Úr því að menn komast að réttri niðurstöðu, þá er ekki að sakast um það, þó að forsendurnar séu ólíkar. Ég skal heldur ekki nú fara að taka upp almennar umr. um ágreining í efnahagsmálum. Það er eðlilegt, að okkur hafi ekki komið saman, úr því að sjónarmiðin eru jafn gersamlega ólík, eins og þau birtast hér enn í dag. Hv. stjórnarandstæðingar vilja enn halda því fram, að sá mikli hnekkir, sem þjóðarbúið hefur orðið fyrir af margræddum ástæðum, skipti í raun og veru sáralitlu máli og þyrfti ekki að vera tilfinnanlegur, ef réttri stefnu hefði verið fylgt, svo sem þeir kalla. Ég tel aftur á móti, að það sé nánast sagt undursamlegt, hversu vel íslenzka þjóðfélagið hefur þó staðið af sér þá gerbreytingu, sem á hefur orðið, að frá því, að það hafði hraðastan framgang til bættra lífskjara, sem nokkur þjóð hefur notið, að verða fyrir því áfalli á skömmum tíma, að útflutningsframleiðsla hennar fellur hér um bil um helming. Þetta sýnir styrkleika þess þjóðfélags, sem við búum í, og auðvitað er ekki eingöngu því að þakka, að rétt hefur verið stefnt hin síðustu ár, heldur íslenzku þjóðinni í heild, þeim þroska, sem hún hefur, og því starfi, sem þær kynslóðir, sem hér hafa búið á undan okkur, hafa unnið. En um leið og við játum, að hér hafa orðið mjög snögg umskipti, þá er það einnig rétt, að þau eru samt ekki meiri en svo, að við höfum enn sambærilegar tekjur miðað við það, sem var á árabilinu 1961—1963. Ef menn yndu sams konar lífskjörum og þá voru, og þau voru þá miðað við það, sem við áður þekktum, mjög góð, þá væri allur okkar vandi leystur. Allt þetta hefur verið margtekið fram áður, og liggur ljóst fyrir. Ég vil ekki halda því fram, að hv. andstæðingar mínir tali þarna gegn betri vitund. Þeim missýnist einfaldlega, að mínu mati. En meðan þeir halda slíkum firrum fram, geta þeir ekki vænzt þess, að menn fari í þá augljósu villu, sem mundi vera að fylgja þeirra ráðum um stefnubreytingu.

Magnús Kjartansson: Herra forseti. Ég reyndi í ræðu minni hér áðan að gera málefnalega grein fyrir því, hvers vegna ég hefði ekki trú á því, að þetta frv. eða samningur sá, sem gerður var 17. janúar, leysti þau vandamál, sem honum var ætlað að leysa og sem heitið var, að hann mundi leysa. Hæstv. forsrh. hefur sagt, að hann kjósi að taka ekki þátt í neinum almennum umr. um þessi grundvallaratriði, og það er að sjálfsögðu hans mál, svo að ég sé ekki ástæðu til þess að fylgja þeim sjónarmiðum neitt sérstaklega eftir.

Það var raunar aðeins eitt sjónarmið, sem hæstv. forsrh. orðaði í tilefni af ræðu minni, að það væri ekki hægt að ætlast til þess, að hægt væri að halda uppi margföldu atvinnukerfi í landinu, svo að hægt væri að grípa til eins, ef annað brygðist. Ég held, að vandamálið hafi ekki verið þetta. Tökum dæmi af togaraflota okkar. Afkoma togaranna var býsna góð á síðasta ári í samanburði við mörg ár þar á undan. Ef við hefðum á síðari árum haft togaraflota eins og við höfðum hann mestan, hefðu gjaldeyristekjur okkar orðið um það bil einn milljarður umfram það, sem þær urðu á síðasta ári. Þetta hefði haft feiknalega mikil áhrif, bæði á afkomu almennings og atvinnu í landinu og afkomu þjóðarbúsins. Ein aðalmeinsemdin í viðreisninni var einmitt þessi, að menn afræktu allt nema það, sem gaf skyndigróða í það og það skiptið. Og það er af þessu, sem atvinnuleysið stafar fyrst og fremst. Við getum alltaf átt von á verðsveiflum og aflasveiflum. En við verðum að haga stjórninni á þjóðarbúinu þannig, að við verðum fyrir sem minnstum áföllum af slíku. Þetta er verkefni ríkisstj. hverju sinni, og það ber að dæma ríkisstj. eftir því, hvernig þetta tekst.

En af því að ég hef hæstv. forsrh. hérna og af því að hann var að minnast á það, að fjármagn skorti í þjóðfélaginu til þess að standa undir nauðsynlegum verkefnum til þess að tryggja fulla atvinnu, þá langar mig til þess að bera upp við hann svolitla spurningu:

Í þessu þjóðfélagi hefur verið mjög mikill fjármagnsstraumur á undanförnum árum, miklu meiri fjármagnsstraumur en nokkurn tíma áður. Og þetta fjármagn hefur ekki gufað upp. Það er til í þjóðfélaginu. Og mikið af þessu fjármagni hefur ávaxtazt við gengislækkanirnar sérstaklega. Mig langar til þess að minna hæstv. forsrh. á orð, sem hann mælti hér í þessum stól 12. desember 1966 um þetta atriði. Hæstv. forsrh. sagði, með leyfi hæstv. forseta:

„Loks vil ég gefa þá afdráttarlausu yfirlýsingu, að núv. ríkisstj. kemur ekki til hugar að fella gengið. Það er að vísu rétt, að þannig getur staðið á í þjóðfélagi, að það sé nauðsynlegt að fella gengi, eins og dæmin sýna, bæði hér og annars staðar. Og það væri auðvitað alveg fásinna, ef ég ætlaði að segja, að aldrei kæmi til mála að fella gengi á Íslandi. Slíkt mun ég ekki segja, einfaldlega af því, að ég ræð því ekki, og það mundi enginn maður trúa mér. Hitt segi ég, og við það skal ég standa, að ég skal aldrei verða með gengislækkun framar, nema því aðeins, að ráðstafanir verði gerðar til þess, að þeir, sem ætla sér að knýja fram gengislækkun til þess að græða á henni sjálfir, fái að borga sinn brúsa fyllilega."

Nú er mér spurn, hvað meinti hæstv. forsrh. með þessum orðum? Og mér er enn spurn, hvaða ráðstafanir hefur hæstv. forsrh. gert til þess að standa við þessi orð?

Forsrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Mér er mikil ánægja að fá færi til þess að svara þessari spurningu frá hv. þm. Þegar þessi yfirlýsing var gefin, hafði í mörg ár gjaldeyriseign þjóðarinnar stóraukizt ár frá ári. Engu að síður voru stöðugt uppi raddir frá vissum aðilum um, að það ætti að leysa þá erfiðleika, sem við væri að etja – og í öllum mannlegum félagsskap er ætíð við einhverja erfiðleika að etja — með því að fella gengið. Ég taldi og ég tel enn, að slíkt hefði verið með öllu fráleitt. Gengi er eðlilegt að fella, ef gjaldeyrisskortur er. Það má segja, að það sé einfalt lögmál, sem hv. þm. stundum finnur að hér á Alþingi, en hefur þó býsna víðtækt gildi, að ef vöru skortir, hækkar hún í verði. Eftir það að Íslendingar lentu, af þeim ástæðum, sem ég áðan gerði grein fyrir, í gjaldeyrisskorti, þá er viðhorfið orðið gersamlega breytt. Og ég játa það, að það hefði verið með öllu fráleitt að fella gengi til þess að ráða við erfiðleikana, sem voru á árunum frá 1961 til 1966, án þess að gera verulegar gagnráðstafanir, m. a. til þess að koma í veg fyrir, að menn beinlínis högnuðust á þvílíku gengislækkunarbraski. Aftur á móti er það svo með gengislækkanirnar 1967 og 1968, að þær voru báðar gerðar af illri nauðsyn, að gerbreyttum atvikum. Og um það verður heldur ekki deilt, og ég veit, að hv. þm., þó að margt standi nú öðru vísi fyrir honum heldur en flestum öðrum, hann ber ekki brigður á það, að þær ráðstafanir hafi orðið til þess að þrengja mjög hag þeirra stétta, sem hv. þm. hingað til hefur talið mestu gróðastéttirnar í landinu, og m. a. hans samflokksmaður hér áðan talaði sérstaklega um. Gengislækkunin var gerð til þess að rétta við hag útflutningsframleiðendanna, það má segja á kostnað annarra, sem telja allir mjög harkalega með sig farið. Það var eins og hv. þm. sagði. Það var fjárflutningur frá þeim, sem höfðu hagnazt vel áður, m. a. frá þeim til útflutningsframleiðendanna. Þetta eru óhagganlegar staðreyndir.

Ég hef þess vegna í einu og öllu staðið við þá yfirlýsingu, sem ég gaf 1966. Ég hef sjálfur oft minnzt á hana í mínum ræðum, bæði hér á Alþ. og annars staðar, og ég þakka hv. þm., að hann skuli þó vera byrjaður að reyna að læra nokkuð af mér, vegna þess að sökum greindar sinnar og yfirburða að mörgu leyti hygg ég, að ef hann gengur í læri hjá góðum mönnum, þá geti nú rætzt úr strák áður en yfir lýkur. (**MK:** Telur hæstv. ráðh., að enginn hafi hagnazt nema útflutningsatvinnuvegirnir?) Ráðstöfunin er gerð til þess að bæta þeirra hag, og hún er forsenda fyrir því, að útflutningsatvinnuvegir hafi getað verið reknir á undanförnu tímabili frá 1967 og verði reknir með sæmilegum árangri hérlendis. Og ég hygg, að þess séu ekki dæmi, að þeir menn hafi hagnazt á því, sem gerðust talsmenn gengislækkunar á árunum 1963, 1964 og 1965 og fram yfir árslok 1966 og ætluðu sér að fá óheilbrigðan gróða af gengislækkun. Engin slík sjónarmið gátu komizt að eða höfðu þýðingu fyrir þær ráðstafanir, sem gerðar voru 1967 og 1968. Sanni er hins vegar nær, og það er bezt að segja það alveg hiklaust, og ég gerði það raunar í mínum inngangsorðum, að það má vel segja um þá, sem hv. þm. og hans flokksbræður mest hafa haft á milli tannanna, verzlunarstéttina, að þessar ráðstafanir allar hafa verið mjög harkalegar fyrir hana. Og ég hygg, að þrátt fyrir allt hafi öðru hverju örlað á skilningi á þeirri staðreynd einnig í

blaði hv. þm., þótt ótrúlegt sé. Verkin hafa þar ekki enn þá fylgt, en orðin eru til alls fyrst, og það ber að meta.

Ég var ekkert að skorast undan almennum umr. um efnahagsmál. Ég segi hins vegar: Ágreiningurinn er svo augljós, að það þarf ekki alltaf að vera að endurtaka hann. Hann er þessi, hvort sú gerbreyting, sem hér hefur á orðið, hljóti óhjákvæmilega að hafa mikla þýðingu fyrir afkomu þjóðarbúsins í heild og allra einstaklinga. Hv. þm. og sálufélagar hans hv. neita þessu, a. m. k. öðru hverju. Hv. þm. segir, að við hefðum haft svo og svo miklar tekjur af togurum, ef þeir hefðu verið til á árinu 1968. Það má vel vera, að ef menn hefðu haft togara til á árinu 1968, þá hefði verið góð afkoma, betri afkoma en varð. En ef við hefðum haft togara þá, hefðum við ekki haft þær miklu tekjur af síldveiðum, sem við höfðum á árunum þar á undan. Menn geta ekki gert allt samtímis. Og ég vil segja, að það var enginn mannlegur máttur, sem gat stöðvað úrval íslenzku sjómannastéttarinnar í því að sækja á síldarmiðin, meðan uppgripin voru þar jafnmikil og raun bar vitni. Og þrátt fyrir það þó að menn nú eftir á tali með fyrirlitningu um síldarævintýrið, þá skulum við ekki gleyma öllum þeim auði, sem skilinn hefur verið eftir hjá þjóðarheildinni með og af arði síldveiðanna. Og einmitt ekki sízt þess vegna stöndum við nú þrátt fyrir allt miklu betur að vígi en ella mundi, svo að því fer fjarri, að við þurfum að örvænta, ef skynsamlega er á haldið.

Halldór E. Sigurðsson: Herra forseti. Það eru fá atriði úr ræðu hæstv. forsrh., sem ég vildi gera að umtalsefni. Í fyrsta lagi vil ég víkja að því, sem hann sagði um atvinnu fyrir skólafólk. Það er mín skoðun, að með aðgerðum í atvinnumálunum á s.l. hausti hefði að mestu leyti mátt komast fyrir það atvinnuleysi, sem nú hefur átt sér stað. Ef fer eins um skólafólkið, að það verði beðið eftir aðgerðum þess vegna, þangað til í vor, þá hygg ég eftir reynslunni nú, að þá verði sumarið langt liðið, þegar þær aðgerðir koma til framkvæmda. Ég vil því leggja á það mikla áherzlu við hæstv. forsrh., að þetta mál verði sérstaklega tekið til athugunar, því að ég hef ekki trú á því, að hjá verulegu atvinnuleysi skólafólks verði komizt, ef ekki verða gerðar sérstakar athuganir þar um. Hið sama er að segja um iðnaðarmálin, að atvinnuleysi í iðnaði fer vaxandi og það heldur áfram að fara vaxandi, ef seinagangur verður svo á þeirra málum eins og nú hefur verið. Það hefur verið reynt að halda úti iðnaði á ýmsum stöðum og gefin von um að geta aukið þar eitthvað við, en þetta hefur verið byggt á því, að það kæmi til sú aðstoð, sem reiknað hefur verið með frá atvinnunefnd ríkisins. Ef hún brestur, mun samdráttur í iðnaði halda áfram. Og það er mjög alvarlegt mál. Í mörgum byggðarlögum hefur það afgerandi þýðingu fyrir atvinnureksturinn.

Ég skal ekki fara að deila við hæstv. forsrh. um getu Seðlabankans. Hinu held ég fram, að það sé stefna og eigi að vera stefna Seðlabankans, að í kringumstæðum eins og þessum eigi hann að auka rekstrarfé og fé til veltu til þess að auka atvinnulífið í þjóðfélaginu. Eins og það er hugsað, að á tímum, þegar fjármagnið og eftirspurn eftir vinnuafli er meira heldur en þörf er fyrir, eigi að draga inn til Seðlabankans fé frá viðskiptabönkunum, eins á að auka þetta fé út í viðskiptalífið, þegar þannig stendur á, eins og nú á sér stað.

Út af Efnahagsstofnuninni vil ég segja það, að fsp. mín var ekki beint af því, að ég álíti, að í Efnahagsstofnuninni sé ekki margt af nýtum mönnum. Þeir fáu menn, sem ég þekki þar, ég efast ekki um, að þeir séu nýtir til starfa og ég geri ráð fyrir, að það sé svo með hina. Hins vegar hef ég litið svo á, að húsbóndavaldið yfir þessari stofnun væri hjá hæstv. ríkisstj. Og við höfum oft heyrt það hér á hv. Alþ. frá hendi hæstv. ríkisstj., að betur væri að þessum málum búið nú og betur séð um alla skýrslugerð heldur en áður hefur verið. Mér finnst engan þurfa að undra það, þótt það sé betur að þeim málum unnið, þegar heil stofnun hefur verið sett upp til þess að leysa þessi verkefni og við hliðina á þessari stofnun er Seðlabankinn, sem einnig vinnur að skýrslugerð og athugun í efnahags- og atvinnumálum. Ég held því fram, að það sé hæstv. ríkisstj. að kenna, að Efnahagsstofnunin skyldi ekki vera betur undir það búin að leggja fram gögn um ástand í atvinnumálum og efnahagsmálum á s.l. sumri heldur en reyndist vera í sambandi við viðræður, sem fóru fram á milli stjórnmálaflokkanna. Ég álít, að það sama hafi gerzt nú og það, sem á hafi skort, sé það, að hæstv. ríkisstj. hafi ekki lagt fyrir þessa stofnun að vinna að þessum málum eins og skylt hefði verið. Ég skal ekki fara frekar út í umr. almennt um efnahags- og atvinnumálin og stjórnarstefnuna. Það hef ég oft gert áður. En ég vil bara undirstrika það, sem ég gerði áðan, að ég hef byggt þessa skoðun mína á fullkomnum rökum um það, að það væri stjórnarstefnunni að kenna, hvernig ástandið væri í atvinnumálunum, þó að þessi tvö síðari ár hafi ekki reynzt hinum jafngóð. Og ég vitnaði til þess áðan, að það sýndi, hvernig stjórnarstefnan væri, að í mestu góðærum, sem yfir þetta land hafa gengið, á árunum 1964, 1965 og 1966, hefði orðið að styrkja höfuðatvinnuvegina með ríkisstyrkjum, eins og þá var gert. Og ég vil vitna enn á ný til orða hæstv. núv. forsrh., Bjarna Benediktssonar, þegar hann sagði um slíka stefnu, með leyfi hæstv. forseta:

„Það kann ekki góðri lukku að stýra, að sjávarútvegurinn, sem framleiðir nær alla útflutningsvöru þjóðarinnar, fær ekki staðizt nema með ríkisstyrkjum."

Þess vegna endurtek ég það, að það sýnir, að stjórnarstefnan er röng stefna, að þessi höfuðatvinnuvegur þjóðarinnar skyldi ekki fá staðizt í mestu góðærunum, sem yfir þessa þjóð hafa gengið, nema með ríkisstyrkjum.

Forsrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Ég viðurkenni fúslega, að hv. þm. hefur frá sínu sjónarmiði talað hér af rökum og það er ekkert við því að segja, þótt menn hafi mismunandi skoðanir. Sjónarmiðin eru ólík og viðhorf manna. En ég vildi einungis taka það fram, að sú styrktarstarfsemi, ef svo má segja, sem var við atvinnuvegina á því árabili, sem hann nú taldi upp, kom af því, hversu þeir eru ákaflega misjafnlega arðbærir. Vegna þess, hversu síldveiðarnar voru miklu arðbærari á þessu tímabili, var óhjákvæmilegt að styðja hinar greinar sjávarútvegsins, til þess að þar hallaðist ekki allt of mikið á. Þar var einmitt verið að reyna að forða því misræmi, sem aftur á móti hv. 6. þm. Reykv.

var að ásaka stjórnina fyrir, að hún hefði látið afskiptalaust, sem ekki var.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til fjhn. með 21 shlj. atkv.

Á 72. fundi í Nd., 28. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 383, n. 424 og 425).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 26 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Fjhn. beggja þingdeilda tóku mál það, sem hér liggur nú fyrir, til meðferðar á sameiginlegum fundi nefndanna í gær og fjhn. þessarar hv. deildar afgreiddi þar málið, eins og fram kemur í nál. á þskj. 424 frá meiri hl. fjhn. og svo á þskj. 425 frá minni hl. fjhn., sem þeir skipa hv. 1. þm. Norðurl. v. og hv. 5. þm. Austf. Einn nm. fjhn. Nd., hv. 4. þm. Austf., var fjarstaddur afgreiðslu málsins. Eins og fram kemur á þskj. 424 mælir meiri hl. fjhn. með því, að frv. verði samþ. óbreytt. Hér er um að ræða frv. til staðfestingar, eins og fram hefur komið, á samkomulagi, sem gert var milli ríkisstj., samtaka vinnuveitenda og miðstjórnar Alþýðusambands Íslands.

Hæstv. forsrh. gerði í framsöguræðu hér í gær grein fyrir frv., svo og starfsháttum þeirra nefnda, sem skipaðar hafa verið, og tel ég ekki ástæðu til þess að fjölyrða um frv. hér. Hins vegar hefur komið fram ábending varðandi frv., að á því yrði gerð ein örlítil breyting og hafði ég hugsað mér, að við í fjhn. þessarar deildar gætum fjallað um þá brtt. milli 2. og 3. umr., og mundi ég þá við 3. umr. gera grein fyrir henni.

Frsm. minni hl. (Skúli Guðmundsson): Herra forseti. Með þessu frv. vill stjórnin fá staðfestingu Alþ. á því samkomulagi, sem hún gerði við vinnuveitendur og verkalýðssamtökin í n. l. janúarmánuði. Það er liðið töluvert á þriðja mánuð, síðan þetta samkomulag var gert, og má segja, að hæstv. ríkisstj. sé nokkuð seint á ferð með þetta þingmál sitt. Ráðh. í núverandi ríkisstj. hér virðast vera seinlætismenn eins og Sírak. Nú, en þetta er nú þó loks komið. Þarna er gert ráð fyrir lántöku og að verja fénu til atvinnuaukningar, og enn ætlar stjórnin að bæta við erlendu skuldirnar, að því er manni sýnist. Og svo er þarna ákvæði um úthlutunarnefnd í öllum kjördæmum landsins og eina yfirúthlutunarnefnd, sem auðvitað á að vera í höfuðborginni. Ég öfunda ekki ríkisstj. af því að leggja þetta frv. fyrir hv. Ed. og fjhn. þeirrar deildar, þessar till. um skömmtunarkerfi hið nýja. En formaður í fjhn. Ed. mun vera hv. 12. þm. Reykv., Ólafur Björnsson, prófessor. En hvað sem um það er, við, sem stöndum að áliti minni hl. í fjhn. Nd. á þingskjali 425, viljum mæla með því, að þetta frv. verði samþ. og þannig staðið við það samkomulag, sem stjórnin gerði við vinnuveitendur og verkalýðssamtök, sem áður er um getið. Það er mikil þörf á ráðstöfunum nú þegar og hefði þurft að vera búið að gera þær fyrir löngu til að ráða bót á atvinnuleysinu, sem enn er mikið víðs vegar um landið, þó að vertíðin sé nú í fullum gangi. Og svo er eitt atriði, sem við vekjum athygli á í okkar nál., og það er atvinnuþörf námsfólksins úr framhaldsskólunum yfir sumarmánuðina. Við bendum í okkar nál. á sérstaka nauðsyn þess, að ráðstafanir verði gerðar til þess, að skólafólk geti fengið viðunandi atvinnu yfir sumarmánuðina, þar sem margt af því mun ekki geta haldið áfram námi að öðrum kosti. Og ég vil leggja sérstaka áherzlu á þetta, að hæstv. ríkisstj. geri allt, sem í hennar valdi stendur, til þess að skólafólkið geti fengið viðunandi atvinnu yfir sumarið.

Ég hef veitt því athygli, að í einni gr. frv. er dálítið óvenjulegt orðalag. Í 5. gr., 1. málsgr., þar stendur m. a. þetta, með leyfi hæstv. forseta:

„Féð skal vera í umsjá Atvinnujöfnunarsjóðs, er annast fyrirgreiðslu þess."

Ég held, að það sé dálítið óvenjulegt að tala um fyrirgreiðslu fjármuna, og ég vildi skjóta því til hv. formanns fjhn., sem er frsm. meiri hl., hvort hann vildi ekki íhuga það að bera fram brtt. til leiðréttingar á þessum stíl, þannig að það kæmi annað orð í staðinn fyrir fyrirgreiðslu, svo að þetta væri fært til betra samræmis við venjulegt íslenzkt mál. Að öðru leyti skal ég ekki fjölyrða um frv.

Stefán Valgeirsson: Herra forseti. Þegar umr. um þetta mál stóðu yfir í gær, fór ég upp að forsetastólnum til þess að biðja um orðið, en fyrir tilmæli forseta frestaði ég því þar til nú við 2. umr. þessa máls. En þó að störf þingsins byggist stundum á tillitssemi okkar í stjórnarandstöðuflokkunum, ber ekki að líta svo á, að í því felist nein viðurkenning á störfum eða stefnu hæstv. ríkisstj. eða að baráttuþrek okkar sé nokkuð að bila í baráttunni við að koma á heilbrigðari stjórnarháttum í landi okkar. Það eru ekki eingöngu við, sem fylgjum stjórnarandstöðuflokkunum, heldur einnig fjölmargir, sem fram að þessu hafa fylgt stjórnarflokkunum að málum, sem hafa sannfærzt um það, að þessari ríkisstj. sé ekki við bjargandi. Stefna hennar og störf séu þannig, að hún sé dæmd til að falla um leið og sá dagur rennur upp, að ekki tekst lengur að fá erlend lán eða gjafafé með nokkurra daga millibili. Hæstv. ráðh. og sendimenn þeirra eru í endalausu boðflugi úti um öll lönd í þessum tilgangi, og má segja með undraverðum árangri fram að þessu, eftir því sem fregnir herma. En hvað slíkar bónbjargaferðir ganga lengi úr þessu, og til hvers þær leiða, er svo annað mál, en líf hæstv. ríkisstj. byggist eingöngu á þessu, hvað erlendar þjóðir eru örlátar við þessa ráðvilltu ríkisstj. Og hvernig mun þjóðinni ganga að axla þær byrðar í næstu framtíð, sem hæstv. ríkisstj. er nú að binda á hennar herðar?

Á því er enginn vafi, að það vakti athygli, ekki sízt á þeim stöðum, þar sem atvinnuleysið var mest, þegar sú fregn barst út um landið þann 17. janúar s. l., að 300 millj. kr. yrði varið til þess að vinna bug á atvinnuleysinu og þegar fjölmiðlunartækin voru látin tilkynna það með miklum fjálgleik, að nú þegar yrði unnið að því að kveða niður þá drauga, sem atvinnuleysinu valda, og ýmsir litu bjartari augum á framtíðina í þorrabyrjun heldur en áður hafði verið. En nú síðan þetta gerðist er liðið á 3. mánuð. Hæstv. forsrh. játaði það hér í gær, að lítilla áhrifa gætti enn frá þessum fyrirheitum hæstv.

stjórnarvalda, enda held ég nú, að trúin á þessi fyrirheit minnki með hverjum deginum, sem líður. Ekki sízt á þeim stöðum, þar sem ástandið er verst, enda er það staðreynd, að þrátt fyrir metaflabrögð í flestum verstöðvum landsins, ef ekki öllum, að ógleymdum loðnuveiðunum hér fyrir Suðurlandi, eru nú á hávertíðinni á þriðja þúsund manns atvinnulausir hér í landinu. Á sumum stöðum er algjört atvinnuleysi, t. d. á Þórshöfn, Raufarhöfn og ég held Hofsósi, svo að einhverjir staðir séu nefndir. 1. febrúar voru t. d. 80 manns atvinnulausir á Þórshöfn, en 1. marz 91 og hefur þeim ekki fækkað síðan. Sums staðar hafa róðrar tafizt, vegna þess að rekstrarfé hefur ekki fengizt, þó að sú upphæð, sem um var beðið, sé lítið hærri en atvinnuleysisbætur mundu nema til þeirra, sem við útgerð bátsins vinna yfir vetrartímann.

Þannig er haldið á þessum málum, en ekki vantar það, að um málið sé nóg fjasað, en það nægir skammt til þess að auka atvinnu í landinu, ef raunhæfar aðgerðir fylgja þar ekki í kjölfarið. Dagblaðið Vísir sagði frá því í gær, að aðeins 30% af skólafólki í landinu hefði von um einhverja atvinnu í sumar. Sagan frá í vetur má ekki endurtaka sig, það er ekki nóg að gera ráðstafanir í haust til að leysa erfiðleika skólafólksins í vor og sumar, það verður að gera ráðstafanir þá þegar, án frekari tafar, til þess að allt þetta fólk hafi lífvænleg störf að vinna í sumar. Langar ræður hér á hinu háa Alþ., og þó að þær séu endursagðar með stóru letri í dagblöðunum, leysa þar engan vanda. Það eru raunhæfar aðgerðir, sem hér þurfa að koma til. En ýmis teikn eru á lofti, sem ekki spá góðu um atvinnu í sumar, a. m. k. í sumum þéttbýlisstöðunum. T. d. hefur ekki verið beðið um eina einustu byggingarlóð á Húsavík, og á fleiri stöðum norðanlands er svipaða sögu að segja. Allir hljóta að sjá og skilja, til hvers slíkt muni leiða.

Eitt af því, sem gæti haft höfuðþýðingu fyrir suma þéttbýlisstaði norðanlands á næsta vetri, er, að í sumar verði skipulögð fiskileit fyrir Norður- og Norð-Austurlandi, sérstaklega leitað að rækju og loðnu. Margt bendir til þess, að rækjuveiðar sé hægt að stunda fyrir Norðurlandi. Stór og falleg rækja finnst oft í fiski fyrir norðan og athugun á þessu er því mjög brýn. Ef sæmileg rækjumið fyndust fyrir Norðurlandi, gætu slíkar veiðar haft mikil áhrif til að auka atvinnu á einhverjum þeirra staða, þar sem lítil atvinna er nú, því að rækjan veitir, eins og allir vita, mikla atvinnu hér í landi. Er hér um mjög aðkallandi mál að ræða, sem ekki má dragast lengi að sinna. Fiskifræðingar telja líklegt, að hægt sé að veiða loðnu fyrir Norður- og Norð-Austurlandi frá því í ágúst og fram yfir áramót. Þeir telja líklegt, að á þeim tíma sé loðnan um eða jafnvel yfir 20% feit, en rétt fyrir hrygningartímann er hún ekki nema 4% feit, eins og hefur komið fram í fréttum, eða á þeim tíma, sem veiðar eru hér suð-vestanlands. Ef hægt reyndist að veiða loðnu á þessum árstíma fyrir Norður- og Norð-Austurlandi, gæti það haft mikla þýðingu fyrir þá staði, sem nú eru verst úti, hvað atvinnu snertir. En þessar veiðar verða því aðeins stundaðar, að fylgzt verði með loðnugöngum í sumar, og því má það ekki koma fyrir, að þessu mikla hagsmunamáli verði ekki fullur gaumur gefinn nú þegar. Á Norðurlandi er meira atvinnuleysi nú hlutfallslega en í öðrum landshlutum. Þegar atvinnumálanefndir voru skipaðar, var starfssvæði þeirra yfirleitt miðað við hvert kjördæmi, nema á Norðurlandi. Þar skyldi ein atvinnumálanefnd vera fyrir bæði kjördæmin, eins og frv. það, sem hér liggur fyrir, ber með sér. Hefði nú atvinnuástandið verið betra á Norðurlandi en í öðrum landshlutum, hefði mátt skilja þessa ráðstöfun, en þar sem því er alveg öfugt farið, vil ég leyfa mér að leggja þá spurningu fyrir hæstv. forsrh., hvaða ástæður hafi legið til þess, að ein atvinnumálanefnd var sett fyrir allt Norðurland, en ekki í hvert kjördæmi þar eins og annars staðar á landinu, og hvort ekki sé full ástæða að breyta þessari skipan nú, í sambandi við afgreiðslu á þessu frv., á þann veg, að það sé á Norðurlandi atvinnumálanefnd starfandi í hverju kjördæmi.

Forsrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Vegna fsp. hv. síðasta ræðumanns skal ég geta þess, að það var eftir till. fulltrúa Alþýðusambands Íslands, og að ég hygg einnig vinnuveitenda, a. m. k. þeirra fyrrgreindu, sem ákveðið var að hafa atvinnumálanefnd eina í báðum kjördæmum norðanlands. Ástæðan fyrir þeirri afstöðu er sú, að mínu viti, að í nokkur ár hefur starfað atvinnumálanefnd fyrir allt Norðurland og menn eftir atvikum verið ánægðir með hennar starf. Og það var á grundvelli þeirrar reynslu, sem þannig var fengin, sem þessi ósk var fram borin og á hana var fallizt. Að öðru leyti sé ég ekki ástæðu til að svara ræðu hv. þm.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
2.–7. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 25 shlj. atkv.

Á 73. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 22 shlj. atkv.

Frsm. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Eins og ég gat um við 2. umr. málsins, þá hafði komið fram ábending um, að betur mætti fara að gera smábreytingu á frv., og hefur nú fjhn. þessarar deildar haft þessa ábendingu til athugunar, auk þess sem hv. 1. þm. Norðurl. v. kom fram með ábendingu um, að betur mætti fara í 5. gr. annað orðalag en þar stæði. Fjhn. d. hefur því leyft sér að flytja skriflega brtt. við frv., sem í er fólgið, að 5. gr. frv. verður að tveimur gr. í stað þess að vera í einni gr. og í stað orðanna í 5. gr., 2. málslið, þar sem stendur: „Féð skal vera í umsjá Atvinnujöfnunarsjóðs, er annist fyrirgreiðslu þess samkvæmt reglum ....“ komi: „Féð skal vera í umsjá Atvinnujöfnunarsjóðs, sem fer með það samkvæmt reglum. . . .“

Brtt. er því þannig, að 5. gr. orðist svo: „Ríkisstj. er heimilt að taka lán að upphæð 300 millj. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt, til atvinnuaukningar og eflingar atvinnulífs í landinu. Féð skal vera í umsjá Atvinnujöfnunarsjóðs, sem fer með það samkvæmt reglum, sem um það eru settar af atvinnumálanefnd ríkisins.“ Enn fremur að upphaf 6. gr. hljóði svo: „Verja skal fé því, sem aflað er samkvæmt 5. gr.,

eftir ákvörðun atvinnumálanefndar ríkisins.“ Síðan yrði það, sem eftir er af 5. gr. frv., áframhald af 6. gr., 6. gr. yrði síðan 7. o. s. frv. Ég leyfi mér fyrir hönd fjhn., – þar voru mættir allir fjhn.-menn, að undanskildum hv. 4. þm. Austf. og 5. þm. Austf., – að leggja til, að frv. verði samþ., svo breytt.

ATKVGR.

Afbrigði um brtt. 429, sem voru of seint fram komnar, leyfð og samþ. með 23 shlj. atkv.

Brtt. 429 samþ. með 22 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 23 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 67. fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 430).

Á 68. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. – Afbrigði leyfð og samþ. með 15 shlj. atkv.

Forsrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Það frv., sem hér liggur fyrir, var samþ. í hv. Nd. með mjög óverulegum breytingum. Það var orðalagsbreyting í 4. gr. Orðið fyrirgreiðsla var notað um meðferð Atvinnujöfnunarsjóðs. Það var í fyrsta hluta 5. gr.: „Féð skal vera í umsjá Atvinnujöfnunarsjóðs, sem annast fyrirgreiðslu samkv. reglum, sem um það verða settar af atvinnumálanefnd ríkisins.“ Þessu var breytt, svo að það er Atvinnujöfnunarsjóður, sem fer með féð samkv. reglum. Það þótti einungis fara betur á þessu. Svo var 5. gr. skipt í tvær gr., þannig að lánsheimildin var tekin sér, en efnið að öðru leyti, með þessari breytingu, algerlega óbreytt.

Frv. er til staðfestingar á því samkomulagi, sem komst á milli ríkisstj., samtaka vinnuveitenda og Alþýðusambands Íslands hinn 17. janúar s. l., eftir að umr. á milli aðila höfðu staðið nokkra hríð. Þetta samkomulag hefur þegar verið rætt að nokkru við almennar umr. um efnahagsmál hér á Alþ., og er hv. þingheimi bæði kunnugt þaðan og af umr. annars staðar. Það var bent á það á sínum tíma, réttilega, af hv. 3. þm. Norðurl. v., Ólafi Jóhannessyni, að nauðsynlegt væri að fá lagaheimild fyrir þeim aðgerðum, sem ráðgerðar voru í þessu samkomulagi. Það var vissulega rétt ábending, því að þarna er bæði um að ræða lántöku og ráðstöfun fjár, sem ekki er heimil, nema til þess séu lög, og þá þarf einnig að taka fram, hverjir eiga að ráðstafa fénu. Þetta er aðalefni þess frv., sem hér er nú fram lagt, og er út af fyrir sig enginn ágreiningur um efni frv. eða form þess. Það var að vísu bent á það í hv. Nd., að það hefði verið nóg að hafa eingöngu lánsfjárheimildina og, að því er ég hygg, heimild til þess að verja fénu í frv., vegna þess að öðrum ákvæðum væri ekki hægt að breyta, vegna þess að það mundi brjóta samkomulag, sem gert hefur verið. Auðvitað hefur Alþ. alveg frjálsar hendur um að gera hverjar breytingar, sem það kýs, á frv. Hitt er annað mál, að þá þyrfti að leita samkomulags við aðra aðila eða samkomulagið í heild mundi niður falla.

En í frv. eru tekin þau aðalatriði, sem ég hygg, að þar þurfi að vera eðli málsins samkv.

Ég gaf í hv. Nd. ítarlega skýrslu um störf atvinnumálanefndar ríkisins fram að þessu, og skal ekki rekja þá ítarlegu skýrslu í einstökum atriðum nú. En ljóst mál er, að höfuðverkefni nefndanna var í fyrstu að fá það tryggt, að lánsfé fengist, og var því þegar yfirlýst af hálfu ríkisstj., að svo miklar líkur væru til þess, að störf nefndanna gætu hafizt af þeim sökum, enda útveguð bráðabirgðalán í bili til þess, að störf þyrftu ekki að tefjast af þeim ástæðum. Nú hefur formlega verið tryggt, að lánið sé fáanlegt, og verður það boðið út sem hluti af því heildarláni, sem hv. Ed. var nú áðan að samþykkja frv. um, þ. e. a. s. 200 millj. af þessu láni, sem atvinnumálanefndirnar eiga að ráðstafa, en 100 millj. er ráðgert, að verði fengnar hér innanlands.

Um síðustu helgi höfðu borizt frá einstökum atvinnufyrirtækjum 275 umsóknir, samtals að upphæð 526 millj. Þar að auki fjölmargar umsóknir frá sveitarstjórnum, að segja má í öllum þéttbýlissveitarfélögum landsins, og er talið, að þar hafi a. m. k. verið farið fram á lánveitingar að upphæð 200 millj. kr. Ljóst er, að þær 300 millj., sem hér er verið að afla, endast ekki til þess að fullnægja öllum þessum óskum, enda hefur auðvitað enginn búizt við því, að við öllum óskum væri hægt að verða. En greinilegt er, að verulegt starf hlýtur að vera í því fólgið að vinna úr þessum umsóknum, og hefur það nú þegar verið gert að töluverðu leyti með þeim árangri, að ákveðið hefur verið að veita allveruleg lán til fiskveiða, bæði skipa og vinnslustöðva. Enn fremur lán til iðnaðarframkvæmda og má þar fyrst nefna sútunarverksmiðju SÍS á Akureyri, sem ráðgert er að veita lán af þessu fé í samráði við og samvinnu við aðrar lánastofnanir hér innanlands, og er eftir að koma sér saman um skiptingu lánsfjár frá hverjum aðila um sig. Þá hefur einnig að meginstefnu til verið tekin ákvörðun um það að verja verulegu fé, allt að 50 millj., til eflingar innlendra skipasmíða til þess að gera skipasmíðastöðvum hér mögulegt að hefja og halda áfram smíði fiskiskipa, þó að ekki sé þegar fyrir hendi kaupandi. Þetta mundi skapa skipasmíðastöðvum í öllum héruðum landsins mjög aukin verkefni, verða bæði til mikilla atvinnubóta í bili, efla íslenzkan iðnað og veita frambúðaratvinnu vegna þeirra skipa, sem þannig yrði hleypt af stokkum. En um þetta er ekki búið að kveða á í einstökum atriðum, enda er ekki unnt að gera það, fyrr en séð verður, hvort Fiskveiðasjóður reynist þess megnugur að veita lán út á smíðarnar af sinni hálfu. Að því er nú unnið að greiða fyrir því, að slíkt takist og mun atvinnumálanefnd ríkisins ýta þar verulega á eftir samkv. sinni getu. Þá hefur verið ákveðið að veita 20 millj. til hitaveitufram-kvæmda hér í Reykjavík, sem gera það mögulegt, að þær verði mun umfangsmeiri, komi fleirum að gagni og veiti fleirum atvinnu, meðan á byggingunni stendur, heldur en ella hefði verið unnt.

Það má e. t. v. segja, að þegar þetta tvennt er tekið saman, það, sem til sjávarútvegsins hefur verið veitt, til iðnaðar og til hitaveitunnar, þá fari að nálgast það, að helmingi fjárins sé ráðstafað. En þó eru þar í enn allmörg óviss atriði, enda er stöðugt unnið að því að hraða afgreiðslu annarra mála, sem enn eru til meðferðar. Samhliða þessum lánveitingum hefur verið unnið að því að greiða fyrir framkvæmdum með öðrum hætti. Ein af fyrstu ákvörðunum nefndarmanna var að

beina því til Seðlabankans að hafa fyrirgreiðslu um hraðari lánveitingar til húsnæðismálastjórnar. Eða réttara sagt, að Seðlabankinn hlypi í skarðið, þar sem tekjur húsnæðismálastjórnar voru ekki nægar, til þess að hægt væri að veita þegar lán til byggingar. Lagt var til, að þá væru veittar af Seðlabankanum nokkuð yfir 100 millj. kr., til þess að byggingarframkvæmdir gætu hafizt eða haldið áfram. Enn fremur hafði Seðlabankinn samráð við nefndina, og það var eitt af fyrstu málum, sem í nefndinni var rætt, um þá mjög auknu fyrirgreiðslu, sem hann hefur veitt til sjávarútvegs, bæði útgerðarmanna og eigenda fiskvinnslustöðva, og einnig til iðnaðar. Ákvörðunarvaldið í þessum efnum er hjá Seðlabankanum og bönkunum, en Seðlabankinn hafði samráð um þetta við atvinnumálanefndina, sem var þess hvetjandi, að þessi aukna fyrirgreiðsla gæti sem fyrst hafizt.

Við erum öll sammála um það, hygg ég, að það fé, sem hér er um að ræða, geti komið að miklu gagni, en þó er okkur ljóst, að það eitt hrekkur skammt. Það, sem langsamlega mestu máli skiptir, er, að höfuðatvinnuvegir landsmanna geti starfað ótruflaðir og geti eflzt svo, að þeir megni að taka við sem allra flestum vinnufærum mönnum til starfa. Það má hins vegar búast við því, að eftir slíka erfiðleika, sem við nú höfum átt við að etja, en einnig ella, séu á nokkrum stöðum og í einstökum greinum erfiðleikar, er vari lengur og þurfi að gera sérstakar ráðstafanir til þess að bæta úr, og einkanlega í þeim tilfellum er enginn vafi á því, að þessar ráðstafanir geta bætt úr mjög brýnni þörf.

Ég sé ekki ástæðu til þess að fjölyrða meira um málið að svo stöddu. Ég skal ekki fara í þær almennu stjórnmáladeilur, sem út af fyrir sig er eðlilegt, að upp vakni í hugum manna við meðferð máls eins og þessa, en þau ágreiningsatriði hafa margoft verið rædd, og ég sé ekki ástæðu til þess að hefja þær deilur að fyrra bragði.

Ég leyfi mér að leggja til, að málið verði samþykkt til 2. umr. og vísað til hv. fjhn. d., sem ég hygg, að nú þegar hafi raunar um það fjallað að einhverju leyti í samvinnu við fjhn. hv. Nd.

Ólafur Jóhannesson: Herra forseti. Ég ætla ekki við þetta tækifæri að stofna til almennra umr. um atvinnumál. Ég vil þó aðeins minna á það, að þegar á s. l. hausti var það skoðun okkar framsóknarmanna, að gera þyrfti alveg sérstakar ráðstafanir til atvinnueflingar víðs vegar um landið, ef koma ætti í veg fyrir tilfinnanlegt atvinnuleysi. Þá skoðun okkar létum við óspart í ljósi. Þessi skoðun okkar breyttist ekki við gengisfellinguna, heldur lögðum við ríka áherzlu á það þegar þar á eftir, að það yrði þá strax að gera sérstakar og verulegar ráðstafanir til þess að efla atvinnulíf víðs vegar um landið. Enda var þá fyrirsjáanlegt, að víða mundi draga til verulegs atvinnuleysis. Og þessum ábendingum okkar fylgdum við eftir með því að flytja till. um það í sambandi við fjárlagaafgreiðslu, að það yrði varið um 350 millj. kr. til atvinnuaukningar, sumpart með beinni fjárveitingu og sumpart með lánsfé. Þessar till. okkar um þetta efni voru felldar, en síðan gerðist svo það eftir áramótin, sem þingheimi er öllum kunnugt um, að samkomulag varð á milli vinnuveitenda, verkalýðshreyfingar og ríkisstj. um það efni, sem hér er nú lagt fram í frv.-formi, og það má segja, að eitt meginefni þess samkomulags sé það, að ríkisstj. heitir því að beita sér fyrir að afla 300 millj. kr. til atvinnuuppbyggingar og atvinnuaukningar. Um þetta vil ég segja það, að það er betra seint en aldrei, og þó að þessar ákvarðanir væru teknar allt of seint, að dómi okkar framsóknarmanna, þá er það þó betra, að þær hafa þó verið teknar, heldur en það hefði ekki verið gert. En vitaskuld hefði verið betra, að þær hefðu verið teknar fyrr, enda er þá líklegt, að það hefði verið hægt að afstýra einhverju af því atvinnuleysi, sem herjaði hér um miðjan vetur.

Það er auðvitað ljóst, að þetta samkomulag, sem hér er gert, og sú fjáröflun, sem þar er rætt um, leysa ekki allan vanda, eins og hæstv. forsrh. reyndar viðurkenndi í orðum sínum hér áðan. Það er ljóst af þeim umsóknum, sem fyrir liggja, að þörfin fyrir fé í þessu skyni hefur verið rík og það liggur ljóst fyrir, að þessar 300 millj., þó að þær komi allar til skila, geta ekki leyst úr nema hluta af þeim umsóknum, sem fyrir liggja. Þær geta ekki fullnægt nándar nærri þeim óskum, sem fram hafa verið bornar í þessu skyni. Og sjálfsagt er ekki hægt að vefengja, að þær óskir séu í langflestum tilfellum á fullum rökum reistar. Samt er það svo, að þó að þetta leysi ekki allan vandann, þá er ekki ástæða til af þeirri sök að andmæla þessu frv. eða gera lítið úr því. Það er að mínu viti spor í rétta átt, og ráðstafanir samkv. því geta að mínum dómi orðið að verulegu gagni, ef rétt er á haldið og fjármagni því, sem hér er um að ræða, verður skynsamlega varið og úthlutað.

Það má segja, að þetta frv. sé helzt til seint á ferðinni. Það hefði verið æskilegra að mínum dómi og raunar sjálfsagt, að þegar eftir þetta samkomulag hefði verið fenginn lagagrundvöllur fyrir þeim nefndum, sem gert er ráð fyrir, að starfi að þessum málum, svo og heimild til fjáröflunar og úthlutunar, enda er það ljóst af því, sem þegar hefur verið sagt af hæstv. forsrh., að það hafi ekki verið tök á því að fresta að öllu leyti ákvörðunum um þessi málefni, þangað til lagaheimild og lagarammi væri fenginn, þar sem hann lýsti því, að þegar hefðu nefndirnar starfað að því að taka ákvarðanir um úthlutun nokkurs hluta þess fjár, sem hér er um að ræða. Um þetta skal ég ekki hafa mörg orð. Það má segja líka um þetta, eins og ég sagði um hitt, að það er betra seint en aldrei, og ef frv. verður nú að l., sem ekki þarf að efa, þá verður náttúrlega nokkuð bætt úr í þessu efni, þó að ég hefði talið hin vinnubrögðin eðlilegri, að það hefði þegar verið leitað til Alþingis, eftir að þetta samkomulag lá fyrir og var gert.

Það frv., sem hér liggur fyrir, er byggt á því samkomulagi, sem gert hefur verið á milli þessara aðila, sem ég þegar hef nefnt. Það liggur því ljóst fyrir, að það eru naumast tök á því að gera breytingar á þessu frv., a. m. k. ekki neinar þær breytingar, sem verulegu máli skipti, vegna þess að þá mundi verða haggað því samkomulagi, sem um þessi málefni hefur verið gert. Þó að ég telji sum fyrirmæli þessa frv. engan veginn annmarkalaus, mun ég ekki flytja brtt. þar við, heldur greiða fyrir því, að frv. geti nú fengið skjóta afgreiðslu. Ég vil þó aðeins benda á nokkur atriði, sem ég tel, að betur hefðu mátt fara og ég felli mig ekki alls kostar við í þessu frv.

Þá nefni ég það nú fyrst, sem kannske þykir ekki mikið atriði, en þó er í sjálfu sér ekki svo smátt, en það er það, að ég fæ ekki skilið og ég hef ekki fundið nein frambærileg rök fyrir þeirri sérreglu, sem er að finna í l. gr. þessa frv. að því er Norðurland varðar, þar sem fyrir tvö kjördæmi er sett ein nefnd í stað þess, sem alls staðar annars staðar er fylgt þeirri reglu, að sérstök atvinnumálanefnd sé fyrir hvert kjördæmi. Og úr því að þessi leið var farin að því er Norðurland varðar, þá geta menn spurt, hvort það hefði ekki þá eins mátt hafa nefndirnar færri og slengja saman einhverjum öðrum landshlutum, sem ekki eiga neitt minna sameiginlegt heldur en þessi tvö kjördæmi, sem þarna eiga í hlut.

Ég vil í annan stað nefna það, að mér sýnist á þessu frv. eins og það er úr garði gert og því samkomulagi reyndar, sem liggur því til grundvallar, að vald atvinnumálanefndar ríkisins sé næsta víðtækt og næsta óskorað að því er varðar þessi málefni, sem þarna er um að ræða. Ég fæ ekki betur séð en hún sé að öllu leyti hæstiréttur í þeim efnum. Ég sé ekki, að það sé eiginlega um það að ræða, að nokkurs staðar að komi nokkurt aðhald að eða eftirlit með þeirri nefnd, né að hún þurfi eiginlega að standa nokkrum aðila reikningsskap sinna gerða. Og það er engan veginn lítið vald, sem þessari nefnd er falið. Henni er falið að úthluta þessum 300 millj., henni er fengið óskorað vald, að því er virðist, að ákveða öll þau kjör, sem þar að lúta, lánskjör öll, bæði lánstíma og vaxtakjör og annað. Enn fremur er henni veitt heimild til þess að veita styrki eftir atvikum, óendurkræf framlög. Og allar eru þessar lagareglur, sem að þessu lúta, aðeins rammaákvarðanir, þannig að nefndin hefur í raun og veru þrátt fyrir þessi lagaákvæði ákaflega frjálsar hendur í þessu efni, og getur farið í þeim efnum að vild sinni. Það má segja, að það felist kannske nokkurt aðhald í því fyrirmæli, að ákvarðanir á ekki að taka í nefnd, nema þar sé óvenjulega gott samkomulag, þ. e. a. s. að mér skilst, að allir nefndarmenn verði að vera sammála. Nú má náttúrlega deila um það, hversu heppilegt ákvæði það sé í fjölskipuðu stjórnvaldi og nefnd, og sums staðar mundi það nú reynast nokkuð tafsamt að hafa þá reglu að veita einum aðila algert neitunarvald. En það virðist vera meiningin, eða ég skil það svo, þar sem segir, að styrkveitingar og lánskjör skuli háð samþykki allra nefndarmanna, er fund sækja, þegar ákvarðanir eru teknar.

Þá segir það nú í þessu frv., að ríkisstj. skuli skipa þrjá af þeim 9, sem sitja í atvinnumálanefnd ríkisins, og þ. á m. formanninn. Það segir nú ekki í þessu lagafrv., að þeir, sem skipaðir eru af ríkisstj. hálfu, skuli vera ráðh. En mér skilst, að reyndin hafi nú orðið sú, að það sitji þrír ráðh. í þessari úthlutunarnefnd. Ég vil um þetta segja, að ég tel það vægast sagt óviðkunnanlegt. Við höfum hlustað á það talsvert oft í undanförnum umr., að þar hefur verið deilt á nefndir og þá ekki hvað sízt á þær gömlu úthlutunarnefndir, sem fóru með úthlutun á gjaldeyris- og innflutningsleyfum. Og enginn hefur gert það skeleggar heldur en hv. 12. þm. Reykv. Og þær lýsingar, sem hann hefur gefið á vinnubrögðum þeirra nefnda, eru nú ekki fagrar, þar sem hann hefur m. a. gefið það í skyn, að það hafi greitt mjög fyrir afgreiðslu mála á þeim vettvangi, að umsækjandi gæti sýnt viðeigandi félags- eða flokksskírteini. Hann hefur sem sagt haldið því fram, að þar hafi mjög gætt pólitískra áhrifa. Nú hef ég ekki viljað gera þessi ummæli hans að mínum, og ég hef talið, að hann hafi mjög ofmælt í því sambandi. En hinu hef ég ekki neitað, að það kunni eitthvað talsvert að vera til í því, sem hann hefur sagt, og að pólitískra áhrifa í þessum nefndum hafi kannske stundum gætt eitthvað. Og það hefur líka borið á því að undanförnu, að ýmsir áhrifamenn í stjórnmálaflokkum, og þá ekki sízt yngri kynslóðin, hafi látið heyra til sín í sambandi við þessi mál og hafi átalið það, að á ýmsum vettvangi gætti pólitískra áhrifa of mikið og það væri óeðlilegt, að pólitískir aðilar tilnefndu menn í ýmsar stjórnir og nefndir, sem færu með ýmiss konar úthlutanir eða lánveitingar.

Ég held, að það sé talsvert til í þessari gagnrýni. Ég held þess vegna, að það sé, eins og ég sagði, ekki viðkunnanlegt, að ráðh. sitji í úthlutunarnefnd sem þessari, því að ef þessi nefnd ætti einhvers staðar frá að hafa eitthvert aðhald og lúta einhverju eftirliti, þá ætti það að vera ríkisstj., sem það hefði með höndum. En það gefur auga leið, hvernig því muni vera háttað, þegar sjálfir ráðh. sitja í þessari úthlutunarnefnd. Nú dettur mér ekki í hug, að hæstv. ráðh. séu haldnir þeim mannlega veikleika, sem t. d. hv. 12. þm. Reykv. hefur gefið í skyn, að nefndarmenn í gjaldeyris- og innflutningsnefnd hafi á sínum tíma verið haldnir. En samt sem áður getur þetta gefið tilefni til tortryggni, að þeir verði kannske hlustarnæmari, þegar einhverjir vildarmenn þeirra eiga í hlut.

Ég held, að það sé, eins og ég sagði áðan, talsvert til í þeirri gagnrýni, sem komið hefur fram að undanförnu, ekki sízt frá ungu fólki, m. a. á stjórn bankanna og það, hvernig pólitískir aðilar sitja þar í starfi. Og ég held, að það sé kominn tími til að taka það til athugunar, hvort það sé ekki rétt að fara að breyta þar til. Og ég vil segja það, að ég er a. m. k. til viðræðu um það, að það verði teknir upp nýir hættir í því efni og það verði skilið betur en gert hefur verið hingað til, á milli hins pólitíska valds og fjármálavaldsins, sem fer með stjórn ríkisbankanna. Og það skal ekki standa á framsóknarmönnum í því efni.

Ungir sjálfstæðismenn mega vita það, að þeir geta mætt samherjum þar, í því efni. Og það skal standa á öðrum en framsóknarmönnum til endurbóta á því sviði. Og ég held, að það þurfi endurbóta við á ýmsum öðrum sviðum, og ég hef látið það koma fram áður, að ég tel þá skipan, sem hér hefur tíðkazt að undanförnu ekki aðeins hjá þessari hæstv. ríkisstj., heldur einnig hjá öðrum ríkisstj., að t. d. ráðh. sitji í ýmsum stjórnum, bankaráðum og úthlutunarnefndum, sé óheppileg regla og við eigum að sameinast um það að breyta þeim reglum. En þá verð ég að segja, að þetta frv. er ekki spor í þá átt. Það er alveg spor í öfuga átt og það hlýtur að vera jafnsanngjörnum manni og frelsisunnandi og hv. 12. þm. Reykv. þung raun að játast undir það úthlutunarkerfi, sem þarna er verið að setja upp.

Það er, eins og ég sagði, eitt meginefni þessa frv., að ríkisstj. er veitt heimild til lántöku, og við það hef ég ekki aths. að gera í sjálfu sér. Það er gert ráð fyrir því, að verulegur hluti þeirrar fjárhæðar, eða ⅗, sé tekinn í erlendri mynt eða með lántöku erlendis. Um þann

þáttinn í lántökunni vil ég aðeins undirstrika og taka undir það, sem hv. 11. þm. Reykv. sagði í sambandi við það mál, sem var fjallað um á öðrum fundi hér í dag, að eins og komið er, ætti það öllum að vera ljóst, að í erlendum lántökum verður að fara varlega. Og það verður að binda nýjar lántökur erlendis þröngum skilyrðum, þeim skilyrðum, að það sé tryggt, að hið nýja lánsfé fari þá til endurgreiðslu eldri lána eða sé varið í **framkvæmdir, sem örugglega gefa það af sér gjaldeyrislega séð**, að þær standi undir þeim lántökum eða hafi samsvarandi gjaldeyrissparandi verkanir. Og ég vil þá undirstrika það, að þetta verði haft í huga við ráðstöfun þessa fjár. En þá er þess að gæta, að þar geta stangazt nokkuð á sjónarmið, þarfirnar víða eru svo miklar vegna atvinnuástands, að það er ekki alltaf víst, að það sé hægt að halda jafnstranglega og æskilegt væri við þessi sjónarmið, sem að mínum dómi verður að hafa í huga, þegar um lántökur erlendis er að ræða. Þess vegna verð ég að segja, að ég hefði talið miklu æskilegra, að það hefði verið hægt að afla þessa fjár eða meginhluta þessa fjár hér innanlands. Ég veit vel, að það er fjárskortur hér og lánsfjárskortur mikill. En aðalatriðið í því sambandi er auðvitað það, að lánsfénu sé réttilega varið og skynsamlega varið, og það er spurningin, hvort haldið hafi verið nægilega vel á í því efni að undanförnu, hvort bankarnir hafi gætt þess við ráðstöfun þess fjár, sem þeir hafa haft með höndum. Og þá komum við aftur að öðru atriði, sem við höfum rætt hér um í öðru sambandi, þ. e. a. s. spurningunni um það, hvort stjórnin á fjárfestingunni hafi verið í því lagi, sem þurft hefði að vera. Þeirri spurningu svara ég neitandi og ég held, að það eigi að nokkru leyti rætur að rekja til þess, að stjórn ríkisbankanna hafi ekki verið á verði í þessum efnum eins og skyldi og þó alveg sérstaklega það, að milli lánastofnana og ríkisbanka hefur ekki verið sú samvinna eða það samstarf í þessum efnum, sem æskilegt hefði verið.

Ég skal svo samkv. því, sem ég sagði í upphafi, ekki fara fleiri orðum um þetta mál á þessu stigi. Ég endurtek það, sem ég sagði, að ég tel þetta spor í rétta átt og ég efast ekki um, að þetta geti orðið að gagni víðs vegar, ef réttilega er á haldið. Að vísu er það ljóst, að þrátt fyrir þau lánsloforð, sem nú er verið að gefa og jafnvel búið að gefa, koma þessar ráðstafanir að litlu haldi á þessum vetri. Það er of seint að vera með þær ráðstafanir til þess. En samt sem áður geta þær komið að fullum notum seinna, og ég skal ekki gera of lítið úr því. En það er vissulega mikið undir því komið, að það verði skynsamlega staðið að úthlutun þessa fjár, sem hér er um að ræða, og það fari virkilega til atvinnuuppbyggingar eða undirstöðuframkvæmda, sem geta verið og eru nauðsynlegur þáttur í atvinnuuppbyggingu á hverjum stað. Og þó að það megi segja, að það sé viss afturfótafæðing á þessu, þar sem um er að ræða samkomulag, sem gert er utan þingsins löngu áður, þá vil ég þó ekki gera aths. við það út af fyrir sig, og ég tel raunar, að það sé eðlilegt, að um þessi mál, atvinnumálin, sé haft fullt samstarf við þá aðila, sem þarna er um að ræða, verkalýðshreyfinguna og vinnuveitendur, og það sé eðlileg skipun, sem að því leyti til er byggt á í þessu frv. Og ég álít, að það sé skynsamlegt einmitt að byggja atvinnumálin upp með þeim hætti. Og fyrir því var einmitt gert ráð í því frv., sem við framsóknarmenn fluttum hér í d. og nú er búið að vísa til hæstv. ríkisstj., frv. um atvinnumálastofnun o. fl. Og sannleikurinn er sá, að þetta frv. er á vissu sviði, en þó aðeins á takmörkuðu sviði, spor í þá átt, sem við vildum ganga með því frv.

Einar Ágústsson: Herra forseti. Afstöðu okkar framsóknarmanna til þessa frv., sem hér er til umr., hefur nú þegar verið lýst, og ég hef engu við það að bæta. En það eru aðeins tvö atriði í skýrslu hæstv. forsrh., sem mig langar til þess að gera örlítið að umtalsefni með örfáum orðum án þess þó að vilja tefja fyrir afgreiðslu þessa máls umfram það, sem hæfilegt má teljast.

Ein af þeim framleiðslugreinum, sem viðurkennt er af öllum nú, að njóta þurfi aukinnar fyrirgreiðslu vegna gengisfellinganna, er iðnaðurinn. Og það hefur verið lögð mikil áherzla á það hér á hv. Alþ. og þá ekkert síður af hæstv. ráðh., að þessi atvinnugrein þyrfti að hafa nokkurn forgang. En ég verð að segja, að mörgum finnst, og ég er í þeirra hópi, að þessi endurreisn hafi gengið ákaflega seint, og það hygg ég, að við verðum allir að viðurkenna. Fyrir rúmum mánuði, ég hygg, að það hafi verið um miðjan febrúar, ritaði Seðlabankinn viðskiptabönkunum bréf, þar sem frá því er skýrt, að ákveðið hafi verið að útvega iðnaðinum um það bil 100—150 millj. kr. af nýju lánsfé gegn jafnháu framlagi frá viðkomandi viðskiptabanka. En fyrirkomulag þessara lána átti, eins og kunnugt er, að vera þannig, að lánin væru tekin á ábyrgð viðkomandi viðskiptabanka. Þeir ættu að standa Seðlabankanum skil á endurgreiðslunni, lánin átti aðeins að veita í mesta lagi til tveggja ára, og ef lántakandi gat ekki endurgreitt lánin á þeim tíma, átti viðkomandi viðskiptabanki að taka þau að sér. Þetta vita auðvitað allir, sem hér eru viðstaddir. Og það voru fleiri og mjög ströng, vil ég segja, skilyrði, sem Seðlabankinn setti til þess, að til slíkra lánveitinga gæti komið.

Þegar atvinnumál Reykjavíkur voru rædd síðast í hv. borgarstjórn Reykjavíkur, ég hygg, að það hafi verið 19. febrúar s. l., lýsti formaður atvinnumálanefndar Reykjavíkur þessari fyrirgreiðslu Seðlabankans þannig, að hún væru ófullnægjandi og það þyrfti að taka hana til endurskoðunar. Nú langar mig til þess að beina þeirri fsp. hér til þeirra, sem svarað geta, hvort nokkur endurskoðun á þessum lagareglum hafi farið fram, því að ég tel víst, að formaður atvinnumálanefndar Reykjavíkur hafi sótt á með það, eins og hann lét í skína og raunar lofaði á áðurnefndum borgarstjórnarfundi. En mér er ekki kunnugt um, að þessum reglum hafi verið breytt. Það má þó vera, að það hafi verið gert, án þess að ég viti.

Þá væri enn fremur mjög fróðlegt að fá það upplýst, annaðhvort hér eða við síðara tækifæri, hversu mikið af lánum sé búið að afgreiða eftir þessari leið. Ég hygg, að það sé næsta lítið og eftir þeim upplýsingum, sem ég hef fengið, hafa aðeins verið afgreidd tvö slík lán, um það bil 2 millj. kr. Þetta verður sjálfsagt leiðrétt, ef ég fer með rangt mál, en þetta er ákaflega lítil fyrirgreiðsla og seinvirk, og ég hygg, að ég sé ekki einn um þá skoðun, að þessu þurfi endilega að breyta. Þá verð ég að segja það, að ég tel fremur litlar líkur á því, að viðskiptabankarnir, eins fjárvana og þeir eru og hafa verið,

verði færir um að leggja fram á móti þeim lánum, sem úr Seðlabankanum eiga að koma, því að ég hygg, að það sé staðreynd, að flestir viðskiptabankanna hafi verið þannig staddir við Seðlabankann um s. l. áramót, að þeir hafi skuldað þar, meira að segja umfram umsamin lán. Og ef ekkert verður gert til þess að auka aðstöðu eða möguleika viðskiptabankanna til þess að koma til móts við þessa reglu, sem út af fyrir sig er ekkert fráleit, ef fjármagn væri til, þá hygg ég, að þeir muni eiga mjög erfitt með að standa þarna í stykkinu. Einn af þeim möguleikum, sem til greina koma til þess að auðvelda viðskiptabönkunum þessa byrði, er að létta á sparifjárbindingunni. Það hefur verið um það talað og vel í það tekið hér á hv. Alþ., en mér er ekki kunnugt um, að það hafi enn þá verið gert. Ef það er svo, eins og ég óttast, að í fyrsta lagi séu lánareglur Seðlabankans það stirðar í vöfum, að mjög lítið af nýjum lánum fáist eftir þeim leiðum, og því til viðbótar, að viðskiptabankarnir telji sig vanbúna undir það að leggja fram fé á móti, þá sé þessi fyrirgreiðsla til iðnaðarins ekki nægilega fullkomin og þá eigi við lýsing formanns atvinnumálanefndar Reykjavíkur um hana, sem ég áðan greindi. Vera má, að þessu hafi verið kippt í liðinn, en mér er ekki kunnugt um það, og það væri æskilegt að fá það upplýst, ef svo er.

Þá minntist hæstv. forsrh. á þá fyrirgreiðslu, sem húsnæðismálastjórn hefur verið veitt af Seðlabankanum til þess að létta undir með byggingariðnaðinum. Það er alveg rétt, að húsnæðismálastjórn hefur fengið úr Seðlabanka, að ég hygg, 120 millj. kr. En ég hef áður lýst þeirri skoðun hér á hv. Alþ. og skal endurtaka það í örstuttu máli, að ég tel, að eins og þessum lánveitingum húsnæðismálastjórnar á þessu fé hefur verið varið, verði það til sáralítillar atvinnuaukningar hér í borginni, eða öðrum stöðum, þar sem því verður úthlutað. Og það er vegna þess, að húsnæðismálastjórn hefur ákveðið, að þessi fjárhæð skuli ganga til þess að greiða út seinni hluta húsnæðismálastjórnarlána. En þau lán eru venjulega, þegar svona langur dráttur er, veitt út á fullgerðar íbúðir og skapa þar af leiðandi ekki neina aukna atvinnu í byggingariðnaðinum. Ég er ekki að halda því fram, að ekki sé rétt, að þetta fólk, sem er búið að bíða eftir lánunum, búið að taka út á þau bráðabirgðalán, bæði hjá bönkum, eftir því sem hægt er, hjá iðnaðarmönnum, sem við íbúðirnar hafa unnið, hjá vinum og vandamönnum og hvar sem hægt er að komast yfir þau, eigi að fá þetta fjármagn til þess að standa í skilum. Það er auðvitað sjálfsagt. En engu að síður er það staðreynd, að ég hygg, að til mikillar atvinnuaukningar af þessum sökum komi ekki, því miður. Og þetta minnir á það, að húsnæðismálastjórn og Byggingarsjóður eru ákaflega fjárvana, því að ástandið mun vera þannig nú, að þeir, sem lögðu inn vottorð um fokheldar íbúðir á tímabilinu frá 15. marz 1967 – fyrir tveimur árum — og til 15. marz 1968, hafa ekkert fengið annað en loforðin. En þeir, sem hafa lagt inn vottorð síðan 15. marz 1968, eða núna í rúmt ár, á þeirra umsóknir er ekki farið að líta. Og ég minni á það hér, leyfi mér það, að þrátt fyrir þá fyrirgreiðslu, sem ég skal ekki vanmeta, sem Byggingarsjóður hefur fengið hjá Seðlabanka, þá sýnist hér vera mjög brýnt verkefni að auka fjármagn til húsnæðismálanna, ekki síst þar sem þessu útláni Seðlabankans nú fylgir sú kvöð, að það skuli greiðast upp af lánveitingum Byggingarsjóðs á þessu ári. Og ég hygg, að það fjármagn, sem Byggingarsjóð vantar nú, sé um 600 millj. kr., svo að hér er sannarlega mikið verkefni fyrir höndum.

Ég skal ekki, herra forseti, vera að tefja hér tímann. Mig langaði til þess að minna á þessi atriði í framhaldi af því, sem hér kom fram í framsöguræðu. Einnig í þessu frv. er um erlenda lántöku að ræða. Um það get ég vísað til þess, sem ég sagði við umr. um annað mál hér fyrr í dag um lántökur vegna Framkvæmdasjóðs o. fl. Hv. 12. þm. Reykv. hafði nokkrar aths. fram að færa við þær tölur, sem ég nefndi hér og þau ummæli, sem ég lét falla um greiðslubyrðina. Hann viðurkenndi það nú og tók undir það, sem ég hafði hér sagt og fleiri, að hún væri það há, að vissulega væri þörf á því að gæta allrar varúðar í nýjum lántökum og tók undir þá stefnu, sem hér var lýst, að þær framkvæmdir, sem fjár væri aflað til með þeim hætti, þyrftu helzt að geta staðið undir þeim lántökum. Um þetta erum við sammála. Hann benti mér á það, að hér væri ekki, þrátt fyrir háa greiðslubyrði, um neitt heimsmet að ræða, sagði svona frá því, að t. d. Indónesía væri með helmingi hærri greiðslubyrði. Það er okkur öllum vissulega mikil huggun, og ég tel ekki ástæðu til þess að hafa fleiri orð um þetta.

Forsrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Ég þakka hv. þm., sem hér hafa talað, fyrir góðar undirtektir undir málið. Þó að við séum ósammála um annað, þá erum við sammála um, að það sé rétt að samþykkja þetta frv., og það er það, sem mestu máli skiptir.

Varðandi aths. hv. 11. þm. Reykv. vil ég segja um fyrirgreiðslu Seðlabankans um húsnæðislánin, þá var það mat fulltrúa verkalýðshreyfingarinnar og einkum þeirra, sem gjörþekktu til starfa húsnæðismálastjórnar, að einmitt þessi fyrirgreiðsla mundi koma að mestu gagni, hvað snerti atvinnuaukningu. Við fórum að ráðum þeirra aðila um þetta. Það er enginn vafi á því, að þetta hefur komið að mjög miklu gagni og kemur að mjög miklu gagni. Það losar einnig um og gerir áframhaldandi starfsemi auðveldari en áður, jafnvel þó að um fullgerðar íbúðir sé í einstökum tilfellum að ræða. En okkur var tjáð, að yfirleitt væru þarna íbúðir, sem væru komnar á það stig, að það mundi hjálpa mest til vinnu yfir vetrarmánuðina.

Varðandi lánin til iðnaðarins skal ég ekki blanda mér í deilur í borgarstjórn Reykjavíkur (Gripið fram í.) eða yfirlýsingar, ég hef ekki heyrt þær fyrr og skal ekkert um þær segja. Það er vonandi gott samkomulag þar. Ég vil einungis taka undir það, að ég held, að þetta hafi gengið of seint, þessi úthlutun. Ég er ekki að ásaka neinn í því efni, það eru, eins og hv. þm. sagði, flóknar reglur og fjárskortur á alla vegu og það er þörf á fénu. Það eru erfiðleikar á því að afla þess. Það þarf eðli málsins samkv. verulegrar athugunar við. Ég mun gera mitt til þess að ýta á eftir í þessum málum. Ef það kemur á daginn, að þetta fyrirkomulag nær ekki sínum tilgangi, þá verður að breyta því. En ég vil vona, að í meginatriðum heppnist það, og sá var tilgangurinn, þegar menn féllust á að hafa þennan hátt á.

Varðandi ummæli hv. 3. þm. Norðurl. v. höfum við nú rætt um sum þeirra atriða áður. Ég vil einungis ítreka það, sem ég hygg, að ég hafi þá sagt varðandi l.

liðinn, að það fyrirkomulag að hafa eina atvinnumálanefnd á Norðurlandi var samkv. till. a. m. k. fulltrúa Alþýðusambandsins. Fulltrúar vinnuveitenda hafa einnig fallizt á þetta. Skýringin, sem á þessu var gefin, var sú, að þar hafi undanfarin ár starfað atvinnumálanefnd, hennar störf hafi tekizt vel, og við skildum það svo, að það væri allsherjarsamkomulag um að hafa þennan hátt á.

Varðandi það, að atvinnumálanefnd ríkisins væri eftirlitslaus, þá má segja það um ýmsar sjóðsstjórnir, að þær hafa úrslitaákvörðunarvald í málum og það er ekkert æðra stjórnvald, sem fylgist með þeirra venjulegu aðgerðum, annað en þá Alþ., eins og Alþ. hefur fullkomið vald til þess og skyldu að fylgjast með því, að hér sé skaplega að farið. Hv. þm. gat þess raunar, sem ég er sammála, að það er mikil trygging og aðhald, að nefndin á að vera sammála, ekki einungis um styrkveitingar, heldur einnig um lánskjör, sem mundu geta leitt til þess óbeint a. m. k. í mörgum tilfellum, að lán yrðu ekki veitt, nema allir væru um það sammála. Það ætti þó ekki við, ef menn væru búnir að koma sér saman um almenn lánskjör, rétt er að hafa það í huga. Hv. þm. talar um, að þetta verði nokkuð einstætt ákvæði. Ég hygg þó, að það sé nokkuð gamalt. Er það ekki svo varðandi Ríkisábyrgðasjóðinn, að þar má ekki gefa eftir, nema allir séu sammála? (Gripið fram í.) Já, nema fjvn., en er það ekki hún öll, jú, þannig að þar þurfa allir að vera sammála til þess að um eftirgjöf sé að ræða. Nú hefur þannig atvikazt, að menn af öllum pólitískum flokkum eiga sæti í þessari atvinnumálanefnd ríkisins og þess vegna er þar öllum gefinn kostur á að stöðva mál, ef þeir vilja. Ég vil hins vegar segja, að hingað til hefur samstarfið þarna verið ágætt. Menn hafa litið málefnalega, að ég hygg, á allar umsóknir, og aldrei reynt á það, að neinn þyrfti að segja nei, vegna þess að verið væri að toga fram mál, sem öðrum litist ekki á.

Þá kem ég að því, sem hv. þm. leggur kannske einna mesta áherzlu á, að það sé óviðeigandi, að ráðh. séu í þessari n. Nú er ég hv. þm. í meginatriðum sammála um þetta. Ég tel ekki heppilegt, að ráðh. séu í of mörgum nefndum, ef svo má segja, og hef sjálfur vikið mér undan slíkum störfum á seinni árum. Þetta hefur hins vegar lengi tíðkazt. Það á við um núv. ráðh., eins og það hefur tíðkazt áratugum saman. Þó ekki frá upphafi innlendrar stjórnar, því að í fyrstu reyndu menn að komast hjá því, en síðan hefur þetta lengi tíðkazt. En ég lít öðruvísi á þessa nefnd heldur en venjulega nefnd, sem skipuð er. Ég tel þarna um að ræða samningsaðila ríkisvalds, verkalýðshreyfingar og vinnuveitenda, þannig að í raun og veru sé það eðlilegt, að þeir, sem úrslitaráð hafa hjá hverjum um sig — eftir því, sem atvik standa til, að þau geti verið hjá einhverjum einstökum mönnum, — þeir komi þarna saman og reyni að leysa málin, ekki með valdboði eða meiri hl. atkvgr., heldur með samningum sín á milli. Samningar komast ekki á, nema allir séu samþykkir, og ég tel, að það sé einmitt um að ræða þarna, að verið sé að reyna að semja um mjög mikilsverð mál.

Nú er það svo, að þó að höfuðverkefni hafi fram að þessu verið úthlutun þessa fjár, þá er auðvitað ætlunin sú, að menn þarna reyni að leysa og koma í veg fyrir það atvinnuleysi, sem nú er, og koma í veg fyrir frambúðaratvinnuleysi. Og það verður auðvitað ekki gert, nema þeir þrír höfuðaðilar, sem hér koma saman í nefnd, leggi ráð sín saman og komist að samkomulagi. Það var ekki til þess að taka þátt í úthlutun þessara 300 millj. út af fyrir sig, sem við töldum skynsamlegt, að ráðh. færi í þetta, heldur vegna þess, að við töldum verkefni nefndarinnar vera varðandi bæði nútímann og framtíðina töluvert viðameira, þó að þetta sé þýðingarmikið, svo að einnig verði að gæta þess að fara rétt að í þessu. Við töldum, að hér sé fyrst og fremst verið að leita eftir sameiginlegum ráðum til þess að bægja þeim vágesti frá, sem við öll erum sammála um, að atvinnuleysið sé. Ég held þess vegna, að það sé misskilningur hjá hv. þm. að blanda sinni skoðun, sem ég að vissu marki tek undir, — en einungis að vissu marki — að það sé ekki heppilegt, að ráðh. séu í allt of mörgum nefndum, saman við það, hvernig að hefur verið farið í þessari nefnd og sumum öðrum, sem svipað verkefni hafa.

Ég skal ekki fara að blanda mér í deilur hv. þm. og hv. 12. þm. Reykv. En auðvitað gerir hv. 3. þm. Norðurl. v. sér fyllilega grein fyrir því, að hér er um töluvert aðra skömmtun að ræða heldur en átti sér stað uppi á Skólavörðustíg í gamla daga og hv. 12. þm. Reykv. hefur frá skýrt. Sú skömmtun, sem hér er um að ræða, hlýtur auðvitað alltaf að vera því fylgjandi, ef menn eru að veita lán. Það koma auðvitað alltaf fleiri lánbeiðnir til allra lánastofnana, hvort sem það er lítill sparisjóður eða stór banki, heldur en hægt er að veita. Og þá verða þeir, sem þar eru settir yfir, að velja og hafna. Það er eðli málsins samkv. og allt annað heldur en deila um það, hvort það eigi að hafa þá stjórn á fjárfestingarmálum og innflutningsmálum, sem hv. þm. nú svo nefna, og við köllum öðru nafni, en ég skal ekki fara að þræta um hér.

Það gleður mig mjög, að hv. þm. vill fara að óskum ungra sjálfstæðismanna, og ég vildi óska, að hann vildi gera það í sem allra flestum málum. Það er enginn vafi á því, að út af fyrir sig væri það æskilegt að geta dregið fjármálastofnanir landsins út úr hinni pólitísku togstreitu. En eins og ég hef sagt annars staðar, það tjáir ekki að setja lambið til þess að gæta úlfsins. Ég er hræddur um, að það verði allt of ójafn leikur. Það verður þá að vera allsherjarsamkomulag um að hafa þann hátt á. Nú segist hv. þm. vilja taka upp þennan sið. Það er harla gott. Ég skal ekki fara að rifja upp söguna í þeim efnum, en við verðum að játa, að þá þarf gerbreytingu á stjórn og meðferð bankamála, þeirri sem verið hefur við lýði, frá því að bankar komust hér fyrst á, getum við sagt, a. m. k. alla tíð frá stofnun Landsbankans, svo að ekki sé talað um frá því að Íslandsbanki kom og þær hatrömmu deilur hófust, sem stóðu yfir bæði um Íslandsbanka og Landsbankann og voru oft megindeiluefni í íslenzkum stjórnmálum allt fram á þennan dag. Hér þarf margt að breytast, áður en þessi breyting verður á komin. Það skal auðvitað setja sér góð markmið. Við, sem einhverja reynslu þykjumst hafa, teljum aftur, að stundum miði sorglega seint. Ég skal fúslega taka undir, að hér sé umbóta þörf. En þá er líka rétt að gera sér þess grein, að annars staðar, þar sem bankar eru ekki eins háðir ríkisvaldinu eins og hér, þar er fyrst og fremst um einkastofnanir að ræða. Hér hefur

ríkið til skamms tíma þurft að útvega fjármagn til þessara stofnana, og það hlýtur ætíð að vera nokkuð umdeilanlegt, hvort eðlilegt sé, að ríkið sleppi áhrifum á þær stofnanir, sem það útvegar fjármagnið til. Ég er hræddur um, að ef menn segja það eitt, að menn vilji losna við pólitísk áhrif á bankana, og ef þeir eiga að halda áfram að vera í ríkisins eigu, þá á ég mjög erfitt með að sjá, að það takist. Hins vegar ef hv. þm. vill taka undir þá till. ungra sjálfstæðismanna að gera ríkisbankana alla að einkabönkum, þá hygg ég, að málið leysist af sjálfu sér.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv. og til fjhn. með 16 shlj. atkv.

Á 69. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 2. umr. (A. 430, n. 438 og 439).

Of skammt var liðið frá 1. umr. og útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 15 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Sveinn Guðmundsson): Herra forseti. Frv. til l. um aðgerðir í atvinnumálum, 191. mál Nd., flutt að tilhlutan hæstv. ríkisstj., hefur verið afgreitt úr fjhn. Ed. eins og það var samþ. í Nd., en þar voru gerðar á því smábreytingar, eins og kemur fram í endurprentuðu frv. Meiri hl. mælir með frv. óbreyttu, en minni hl. n. hefur skilað séráliti, en mælir þó með samþykkt frv.

Lagafrv. þetta er fyrst og fremst staðfesting á samkomulagi frá 17. janúar, um ráðstafanir til að ráða bug á atvinnuleysi, milli ríkisstj. Íslands, Vinnuveitendasambands Íslands og Alþýðusambands Íslands. Fyrsti þáttur frv. staðfestir skipan 7 atvinnumálanefnda í kjördæmum landsins, svo og atvinnumálanefndar ríkisins. Annar aðaltilgangur frv. er að heimila ríkisstj. lántöku að upphæð kr. 300 millj. til atvinnuaukningar og eflingar atvinnulífsins í landinu. Sem fskj. með frv. er prentað samkomulag aðila, svo og starfsreglur, sem atvinnumálanefndirnar hafa sett sér, auk þess sem hæstv. forsrh., sem jafnframt er formaður atvinnumálanefndar ríkisins gefur hv. Alþ. ýtarlega skýrslu um störf nefndarinnar fram að þessu. Sem einum nefndarmanni í atvinnumálanefnd ríkisins er mér kunnugt um starfshætti atvinnumálanefndanna. Er ekki að efa, að nú þegar hafa þessi störf haft margháttuð bætandi áhrif á atvinnuástandið, ekki síður óbein en bein. Mér virðist nú að meiri bjartsýni gæti hjá aðilum vinnumarkaðarins um fulla atvinnu, svo fremi sem vinnufriður helzt í landinu, sem allir vona að sjálfsögðu, þótt nokkuð sé spáð í óvissu í bili. Fjármál atvinnuveganna hafa verið skert óviðunandi með tveimur gengisfellingum. En fyrir utan þær 300 millj., sem lagafrv. þetta gerir ráð fyrir að taka að láni, hefur atvinnumálanefndin haft forgöngu um marghátta lánafyrirgreiðslu til atvinnuveganna, eins og hæstv. ráðh. tók fram í skýrslu sinni í Nd. í gær, sem birt er í Morgunblaðinu í dag. Lán Seðlabankans til húsnæðismála, 100 millj. kr. eða ríflega það, mun flýta húsbyggingum og hafa þegar verkað til þess að bæta úr atvinnuleysi hjá byggingarmönnum. Nefndin hefur einnig leitazt við að hafa áhrif á lánastofnanir, sjóði og banka um fyrirgreiðslu til atvinnurekstrarins og margt orðið ágengt að mínum dómi. Hæstv. forsrh. upplýsti, að nálega helmingi lánsfjár þess, sem atvinnumálanefnd fær til úthlutunar samkv. frv. þessu, hafi þegar verið ráðstafað. Upplýst er einnig, að stærstu upphæðirnar verða til uppbyggingar iðnaðar, sem þó einnig grípur oft inn í hina höfuðatvinnuvegi landsmanna. Iðnaðarlán 20 millj. til sútunarverksmiðju er að sjálfsögðu ekki síður til stuðnings íslenzkum landbúnaði. Lán til þess að koma af stað skipabyggingum hér innanlands er beint til stuðnings íslenzkum skipasmíðastöðvum, en að sjálfsögðu verður þessi stórkostlega fyrirgreiðsla einnig stuðningur við íslenzkan sjávarútveg. Gert er ráð fyrir, að þær 50 millj., sem fara til skipasmíðastöðva innanlands, nægi til þess að greiða 20% af byggingarkostnaði skipanna, sem ráðgert er að hefja smíði á, án þess að kaupendur séu fyrir hendi. Og eins og tekið var fram, verður leitazt við að skapa Fiskveiðasjóði lánsmöguleika, svo að hann geti einnig staðið við sinn hluta. Þannig komast 8 skipabyggingarstöðvar í fullan gang, og veita þær að sjálfsögðu fjölda manns atvinnu.

Nokkrar umr. fóru fram hér í hv. þd. við 1. umr., m. a. um 150 millj. króna lán til iðnaðar, sem Seðlabankinn hefur heitið, gegn sömu upphæð frá viðskiptabönkunum. Yfirlýsing hæstv. forsrh. við þetta tækifæri ætti að vera fullnægjandi. Ef viðskiptabankarnir ekki geta staðið við sinn hluta lánsloforðsins, verður Seðlabankinn að sjálfsögðu þar til að koma. Lánstíminn, sem Seðlabankinn ráðgerir, að lánin borgist upp á tveimur árum og byrji að borgast eftir 6 mánuði, þarf að lengjast. Hann þarf að lengjast í 5 ár og afborgun byrji ekki fyrr en eftir fyrsta árið. Þetta er alger nauðsyn til þess að þessi lán komist í kring og atvinnumálanefnd ríkisins mun eflaust ræða það nánar.

Hv. 3. þm. Norðurl. v. ræddi nokkuð um skipun þessarar nefndar. Ég var aðili að þessu samkomulagi, sem varð milli Alþýðusambandsins og Vinnuveitendasambandsins, sem var grundvöllur að þessari nefnd, og þar kom ríkisstj. raunverulega inn í á síðasta stigi málsins, eftir að ákveðið hafði verið um skipan nefndar, m. a. um það, að ein nefnd yrði fyrir bæði Norðurlandskjördæmin. Og þetta var gert eingöngu vegna óska heiman frá úr héruðunum, og það voru allir sammála um það að verða við þessum óskum. Ég vildi aðeins upplýsa þetta út af þeim umr., sem fram fóru.

Það er varla von, að þessi fskj., sem fylgja frv., hafi verið lesin svo vandlega á stuttum tíma, en hv. 3. þm. Norðurl. v. talaði um það neitunarvald, sem er minnzt á í, held ég, 6. gr. frv., en það neitunarvald á eingöngu við um styrki og lánakjör. Um venjulegar lánsúthlutanir fer eftir venjulegri atkvgr. En eins og forsrh. upplýsti, hefur það aldrei komið til. Það hefur verið full samvinna í atvinnumálanefndinni.

Frsm. minni hl. (Einar Ágústsson): Herra forseti. Eins og fram kom hjá hv. frsm. meiri hl., mælir fjhn. öll með samþykkt frv., en við tveir, ég og hv. 3. þm. Vestf., höfum leyft okkur að gefa út sérstakt nál. Þetta nál. kom nokkuð seint fram, vegna þess að okkur var ætlaður skammur tími til athugunar, og þess vegna hefur

því enn ekki verið útbýtt, en við erum því sammála, að engu að síður verði málið tekið fyrir. Ég ætla þess vegna að leyfa mér að lesa þetta nál., sem er örstutt, en það er þá svona:

„Frv. þetta er byggt á samkomulagi, sem ríkisstj. gerði við vinnuveitendur og verkalýðssamtökin í janúarmánuði s. l. í því skyni að ráða nokkra bót á því mikla atvinnuleysi, sem hér hefur verið á þessum vetri. Með hliðsjón af því leggjum við til, að frv. verði samþ., enda þótt við hefðum kosið, að ýmis ákvæði þess væru á annan veg. Fram hefur komið, að til atvinnumálanefndar ríkisins hafa þegar borizt umsóknir um lán og aðra fyrirgreiðslu samtals að fjárhæð röskar 700 millj. kr. Er því ljóst, að fjármagn það, sem fyrir hendi verður á þessu ári, fullnægir ekki nema að litlu leyti þörfinni, og því sýnilegt, að frekari aðgerðir þurfa til að koma. Þá bendum við á brýna nauðsyn þess, að skólafólki verði séð fyrir viðunandi atvinnu yfir sumarmánuðina, þar sem margt af því mun ekki geta haldið áfram námi að öðrum kosti."

Ég sé ekki ástæðu til þess að hafa fyrir þessu nál. neina framsögu. Þau atriði, sem við eigum við, að við hefðum kosið á annan hátt, hafa þegar verið rakin hér við 1. umr. málsins, og ég ætla ekki að endurtaka neitt af því. En það er sem sagt niðurstaða okkar, að við leggjum til, að frv. verði samþ.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
2.—8. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 16 shlj. atkv.

Á 70. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 17 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 16 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 441).

---

30. Happdrætti fyrir Ísland.

Á 1. fundi í Sþ., 14. okt., var útbýtt frá Ed.:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 86 31. des. 1963, um stofnun happdrættis fyrir Ísland [7. mál] (stjfrv., A. 7).

Á 3. fundi í Ed., 17. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Frv. þetta til breyt. á l. um stofnun happdrættis fyrir Ísland var flutt hér á síðasta þingi, en náði þá ekki endanlegri afgreiðslu, og er nú aftur flutt að beiðni háskólaráðs.

Frv. er einfalt í sniðum, og er þess efnis, að háskólahappdrættinu verði heimilað að gefa út nýjan flokk hlutamiða, C-flokk. Nú eru flokkar í happdrættinu tveir, A- og B-flokkur, með sömu númeratölu, og ætlunin er að gefa út þriðja flokkinn, einnig með sömu númeratölu. Svo sem öllum hv. þdm. er kunnugt, er hlutverk Happdrættis Háskólans að standa undir kostnaði við allar nýbyggingar Háskólans, viðhald núverandi bygginga og ýmiss konar tækjakaup og frágang lóða. Hér er að sjálfsögðu um mjög mikilsvert viðfangsefni að ræða og með stuðningi happdrættisins hefur hingað til tekizt að leysa að verulegu leyti húsnæðisþörf Háskólans. Það er hins vegar alveg ljóst, að þarfir Háskólans fara mjög vaxandi, nemendatala hefur vaxið mjög og húsakostur hans er að verða mjög þröngur, þannig að það er óumflýjanlegt að gera ráðstafanir til þess að bæta fjárhagsaðstöðu Háskólans að þessu leyti. Það verður naumast betur gert að sinni á annan hátt en þann að leyfa Háskólanum að auka við happdrætti sitt með þeim hætti, sem hér er lagt til, og vænti ég, að hv. þdm. geti fallizt á að mæta óskum Háskólans að þessu leyti.

Ég sé ekki ástæðu til að hafa um þetta fleiri orð. Málið er ljóst, og ég vil leyfa mér að mega vænta þess, að það fái nú endanlega afgreiðslu hér sem fyrst í hv. þd. Það er mjög æskilegt, að stjórn háskólahappdrættisins og háskólaráð fái vitneskju um það sem fyrst hvort heimild fæst til að bæta við þessum nýja flokki.

Ég leyfi mér að leggja til, að málinu verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. fjhn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv. og til fjhn. með 17 shlj. atkv.

Á 8. fundi í Ed., 31. okt., var frv. tekið til 2. umr. (A. 7, n. 40).

Frsm. (Ólafur Björnsson): Herra forseti. Eins og hv. dm. er kunnugt, var frv. sama efnis lagt fyrir síðasta Alþingi og var það afgr. einróma bæði í fjhn. og út úr hv. d. Hins vegar náði málið ekki að fá afgreiðslu í hv. Nd., enda töluvert liðið á þingtíma, þegar frv. var lagt fram. Nú er þetta frv. hér á ferðinni aftur. Fjhn. hefur haft það til meðferðar og ekki talið neitt það koma fram í málinu, sem tilefni gefi til, að hún breyti afstöðu sinni frá því á s.l. ári, þannig að, eins og nál. á þskj. 40 ber með sér, leggur n. einróma til, að frv. verði samþykkt. Einn nm., hv. 4. þm. Norðurl. e., var fjarstaddur, þegar n. afgreiddi málið.

Herra forseti. Samkv. þessu leggur fjhn. til, að frv. verði samþykkt óbreytt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

Á 9. fundi í Ed., 4. nóv., var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 9. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.

Á 15. fundi í Nd., 14. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Frv. þetta hefur verið afgr. shlj. frá hv. Ed. Það er þess efnis að heimila Happdrætti Háskóla Íslands að bæta einum flokki happdrættismiða við þá tvo flokka, sem nú eru gefnir út, samhliða flokki. Í grg. frv. er að því vikið, sem öllum hv. þdm. er kunnugt, að Happdrætti Háskólans er ætlað að standa straum af kostnaði við byggingar Háskólans og það eru að sjálfsögðu mjög brýnar þarfir, sem þar er við að glíma, og úr þeim þörfum hefur ekki dregið, þannig að það ber brýna nauðsyn til þess að reyna að greiða sem bezt fyrir því, að Háskólinn fái fjármagn til að sinna þeim aðkallandi verkefnum, sem hér er um að ræða. Það þótti því eðlilegt að verða við ósk stjórnar Happdrættis Háskólans um að heimila happdrættinu að auka starfsemi sína að þessu leyti. Ég sé ekki ástæðu til þess að orðlengja frekar um málið, það er mjög einfalt í sniðum og ég þykist viss um, að hv. þdm. hafi allir ríkan skilning á nauðsyn þess að bæta aðstöðu Háskólans að þessu leyti.

Ég leyfi mér að leggja til, herra forseti, að frv. verði að umr. lokinni vísað til 2. umr. og hv. fjhn.

Pétur Sigurðsson: Herra forseti. Áður en mál þetta fer til n., sem ég tel sjálfsagt, að það geri, þótt ég sé á móti þessu frv. og muni greiða atkv. gegn því, þegar það kemur frá 2. umr., þá vil ég leyfa mér að benda hv. þdm. á það, að hér er verið að leggja til að lögfesta eitt nýtt happdrætti í viðbót. Þetta hefur að sjálfsögðu gífurleg áhrif á önnur happdrætti, sem starfandi eru í landinu, og miðað við þær aðstæður, sem við búum við, þá er þetta ekki til annars heldur en að draga úr því fjármagni eða þeim ágóða, sem þau happdrætti nú búa yfir, vegna þeirrar sérstöðu, sem Happdrætti Háskólans býr við, að hafa einkaleyfi til þess að vera með peningahappdrætti. En um leið og mál þetta fer til n., sem, eins og ég sagði, ég tel sjálfsagt, að það geri, þá vil ég óska eftir ákveðnum upplýsingum frá n., þegar málið kemur frá henni aftur. Það er í fyrsta lagi varðandi þá flokka eða þau tvö happdrætti, sem Háskóli Íslands hefur nú leyfi til að reka, hvort Happdrætti Háskólans hafi þegar notað sér heimildina til þess að hafa 65 þús. miða í hvorum flokki eða hvort þeir séu 60 þús., og einnig hvaða fjármagn Háskólinn hafði til umráða t.d. á s.l. tveimur árum og hvernig það fjármagn var notað, sem hann hafði til umráða. Mér finnst, að það hafi svolitla þýðingu fyrir alþm. að vita um þetta, sérstaklega, þegar verið er að leggja til að auka svona fjárráð um þriðjung.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Það verður að sjálfsögðu hver hv. þm. að marka sér sína skoðun til þessa máls eins og hans sannfæring segir honum, og hef ég ekkert við það að athuga, þó að ég hins vegar vænti þess, að meginþorri hv. þdm. geti fallizt á að samþykkja frv. Ég skal ekki orðlengja um það, en aðeins taka það fram, til þess að það valdi ekki misskilningi, að hér er að sjálfsögðu ekki verið að heimila stofnun neins nýs happdrættis. Það er reginmisskilningur. Happdrætti Háskólans er þarna veittur réttur til þess að fjölga hlutamiðum, ef svo má segja, eða stofna nýjan flokk við sitt happdrætti, en það er ekki verið að tala um neitt nýtt happdrætti. Hvort sala viðbótarhlutamiða í Happdrætti Háskólans hefur þau áhrif, að menn kaupi eitthvað minna af happdrættismiðum í öðrum happdrættum, það verður fólk að sjálfsögðu að gera upp við sig og það hefur engin áhrif, hvorki á einn né annan veg, þetta frv. Það auðvitað verður ekki nein skylda fyrir einn né neinn að kaupa þessa miða fremur en hann vill. Vilji menn styðja Happdrætti Háskólans, gefst þeim kostur á að gera það með þessum hætti. Vilji þeir fremur styðja önnur lögleyfð happdrætti í landinu, þá ræður að sjálfsögðu hver þjóðfélagsborgari því. Ég vil ekki gera lítið úr hlutverki annarra happdrætta síður en svo, en ég held, að það sé alveg ljóst mál, að hér er um að ræða mjög mikilvæga kvöð, sem Happdrætti Háskólans á að standa undir, og það hefur mikið um það verið rætt hér innan hins háa Alþ. og víðar, að það væri brýn nauðsyn að efla starfsemi Háskólans. Húsakostur hans er orðinn mjög þröngur, og ég sé því ekki betur en það sé eðlilegt að reyna að kanna það, hvort almenningur í landinu vill þá taka þátt í þeim tilkostnaði með því að leggja til þess fé með þessum hætti, sem hér er gert ráð fyrir.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 27 shlj. atkv. og til fjhn. með 28 shlj. atkv.

Á 74. fundi í Nd., 10. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 7, n. 418).

Frsm. (Sigurður Ingimundarson): Herra forseti. Fjhn. hv. d. hefur haft þetta mál til athugunar. Það er að efni til um nokkra rýmkun á happdrættisleyfi Háskólans og skipulagsbreytingu, sem talið er, að sé til hagræðis. Frv. var samþ. shlj. í Ed. og fjhn. hefur shlj. lagt til, að frv. verði samþ. Við 1. umr. hér komu fram tilmæli frá einum hv. þm. um, að aflað yrði nokkurra upplýsinga varðandi þetta mál, og hefur n. aflað þeirra upplýsinga með bréfi frá Happdrætti Háskólans, og eru þær upplýsingar prentaðar sem fskj. með frv.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 24 shlj. atkv.

Á 75. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. – Afbrigði leyfð og samþ. með 21 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 21 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 450).

31. Handritastofnun Íslands.

Á 1. fundi í Sþ., 14. okt., var útbýtt frá Nd.:
Frv. til l. um Handritastofnun Íslands [10. mál] (stjfrv., A. 10).

Á 4. fundi í Nd., 21. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Þetta mál er þáttur í þeirri fyrirætlan að setja ný lög um íslenzk söfn að Handritastofnuninni meðtalinni. Gildandi lög um þá stofnun eru tiltölulega ung, þ.e.a.s. frá árinu 1962, svo að ekki reynist þörf verulegra breytinga á þeirri lagasetningu. Þó var hún með sama marki brennd og lagasetningin um Landsbókasafn á sínum tíma, að í l. um Handritastofnun er tala aðstoðarmanna forstöðumanns takmörkuð við 2. Þetta lagaákvæði hefur verið, ég vil ekki segja brotið, en það hefur verið sniðgengið í reynd, þ.e. að starfsmönnum Handritastofnunarinnar hefur verið fjölgað umfram þessa 3, en það hefur ekki verið hægt nema með lausráðningu þess starfsmanns, sem um er að ræða. Nú er gert ráð fyrir því, að tölutakmarkið verði numið úr gildi, og þá er hægt að ganga frá venjulegri skipun þess fræðimanns, sem hér er um að ræða, eins og annarra starfsmanna Handritastofnunarinnar. Auk þess stendur til innan skamms að fjölga starfsmönnum hennar enn meir, þ.e.a.s. í kjölfar heimflutnings handrita úr Árnasafni og Konungsbókhlöðu, og er þá ekkert í lögum þessarar stofnunar, eins og nú er, sem því væri til fyrirstöðu. Jafnframt er breytt ákvæðinu um skipun forstöðumanns á þann hátt, að gert er ráð fyrir, að hann verði skipaður með sama hætti og prófessorar, enda er hann nú samkv. gildandi l. prófessor við heimspekideild Háskólans.

Fleiri orð held ég, að ég þurfi ekki að hafa um þetta frv. og leyfi mér því að óska þess, herra forseti, að að lokinni þessari 1. umr. verði því vísað til 2. umr. og hv. menntmn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til menntmn. með 23 shlj. atkv.

Á 60. fundi í Nd., 4. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 10, n. 297).

Frsm. (Gunnar Gíslason): Herra forseti. Menntmn. þessarar hv. d. hefur haft til athugunar og afgreiðslu frv. til l. um Handritastofnun Íslands. Eins og fram kemur í áliti n. á þingskjali 297, þá er lagt til, að frv. verði samþ. með lítils háttar breyt., sem birt er á þessu sama þskj. Samkvæmt ósk, sem fram kom í n., var frv. sent til umsagnar Félagi íslenzkra fræða, og er brtt. í samræmi við ábendingar, sem fram komu í umsögn þessa félags. Brtt. snertir 3. málsgrein 4. gr. frv. Í málsgreininni eru ákvæði um, að við stofnunina starfi styrkþegar, sem ráðnir séu til skemmri tíma, en í brtt. er lagt til að við stofnunina starfi styrkþegar, sem ráðnir séu til náms og starfi um skamman tíma í senn.

Þá er einnig lagt til, að niður falli úr málsgr. orðið „annarra", því að ljósmyndun handrita og vélritun á efni þeirra verður naumast talin til venjulegra skrifstofustarfa. Fleiri ábendingar var að finna í umsögn Félags íslenzkra fræða, en n. sá ekki ástæðu til þess að taka þær inn í frv. Frv. felur í sér smávegis breyt. á gildandi l. um Handritastofnunina, en það eru nýleg lög, sem lítil reynsla er af enn. Það kom fram í n., að misskilja mætti 1. málsgr. 4. gr. frv., þar sem ákvæði er að finna um forstöðumann stofnunarinnar. Að athuguðu máli, þá telur n. það ótvírætt, að greinina beri að skilja svo, að hver, sem skipaður verði forstöðumaður stofnunarinnar, verði jafnframt prófessor við Háskólann með nokkurri kennsluskyldu, og það þótt hann hafi ekki verið áður prófessor við Háskólann. Ég vænti þess, að hv. þd. geti fallizt á að samþykkja þetta frv. með þeirri breytingu, sem menntmn. leggur til, að á því verði gjörð.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
2.–3. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
Brtt. 297 samþ. með 28 shlj. atkv.
4. gr., svo breytt, samþ. með 26 shlj. atkv.
5.–6. gr. samþ. með 28 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 28 shlj. atkv.

Á 61. fundi í Nd., 6. marz, var frv. tekið til 3. umr. (A. 321).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 22 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 55. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 56. fundi í Ed., 10. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Þetta frv. er komið frá hv. Nd. og var samþ. þar við 3. umr. með shlj. atkv. samkv. shlj. meðmælum hv. menntmn. Hið sama gildir um þetta frv. og annað mál, sem á dagskránni var, Listasafnið, að hér er um að ræða lið í endurskoðun og samræmingu íslenzkrar löggjafar um söfn þjóðarinnar. Löggjöfin um Handritastofnunina er einnig tiltölulega ný, frá árinu 1962, og reyndist því þörf mjög lítilla breytinga á þeirri lagasetningu. Eina breytingin, sem máli skiptir, er sú, að í l., sem nú eru í gildi, var tala starfsmanna stofnunarinnar ákveðin í l. sjálfum og bundin við 3, en hér í þessu frv. er gert ráð fyrir því, að tala starfsmanna stofnunarinnar fari eftir því, sem fé er veitt til í fjárl. Í 4. gr. segir, að til aðstoðar forstöðumanni séu sérfræðingar, sem hafi fullt og fast starf við stofnunina, eftir því sem fé er veitt til í fjárlögum. En tala sérfræðinga í gildandi lögum er bundin við 3, enda eru þar 3 sérfræðingar starfandi núna auk styrkþega, sem gert er ráð fyrir, að geti verið þar áfram.

Nd. gerði þá eina breytingu á frv. að taka af öll tvímæli um það, að forstöðumaður stofnunarinnar

skuli vera prófessor í heimspekideild, þegar hann er skipaður, en ekki að skylt sé að skipa forstöðumann stofnunarinnar einhvern af prófessorum heimspekideildarinnar. Það var aldrei meiningin með lagaákvæðunum, eins og þau nú eru, en ég get alveg fallizt á, að það mætti kannske skilja ákvæði í gildandi lögum þannig og þess vegna lagði menntmn. Nd. til, að tekin væru af öll tvímæli um þetta. Enda er sjálfsagt, að á því geti ekki leikið nokkur vafi, að það sé ekki skylt að taka einhvern af prófessorum heimspekideildarinnar sem forstöðumann stofnunarinnar, en hins vegar, að hann verði prófessor við heimspekideildina, þegar hann hefur verið skipaður. Auðvitað er frjálst að taka einhvern af prófessorum heimspekideildarinnar úr hópi umsækjenda, en tengsl við heimspekideildina verða auðvitað bezt tryggð með því, að forstöðumaður sé jafnframt prófessor við deildina, en þó án kennsluskyldu.

Að svo mæltu leyfi ég mér, herra forseti, að óska eftir því, að þessu máli verði vísað til 2. umr. og hv. menntmn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv. og til menntmn. með 16 shlj. atkv.

Á 76. fundi í Ed., 21. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 321, n. 471).

Frsm. (Auður Auðuns): Herra forseti. Eins og fram kemur í stuttri grg. með þessu frv., er hér um að ræða sáralitlar breytingar frá núgildandi l. frá 1962 um Handritastofnun Íslands. Í 1. gr. núgildandi l. segir, að komið skuli á fót Handritastofnun Íslands. Eins og við vitum, hefur Handritastofnunin þegar starfað í allmörg ár, og samkv. því er 1. gr. núgildandi l. frá 1962 felld niður, en heiti stofnunarinnar fellt inn í 2. gr. l. frá 1962, og hún, svo breytt, er þá 1. gr. þessa frv.

Þá hefur verið fellt niður ákvæði í 4. gr. núgildandi l. um það, hvar Handritastofnunin skuli vera til húsa, og loks er lögð til sú breyting, að í stað þess, að í 6. gr. núgildandi laga segir, að forstöðumanni til aðstoðar séu tveir menn, sem hafi fullt og fast starf við stofnunina, skuli kveðið svo á, að til aðstoðar honum séu sérfræðingar, sem hafi fullt og fast starf við stofnunina, eftir því sem fé er veitt til í fjárl. Þetta ákvæði er í 2. mgr. 4. gr. frv. og ákvarðast þá samkv. því fjöldi aðstoðarmanna eða sérfræðinga af fjárveitingum á hverjum tíma.

Heimspekideild Háskólans hafði óskað eftir því að fá að tjá sig um frv. og barst menntmn. umsögn hennar og enn fremur erindi forstöðumanns Handritastofnunarinnar, þar sem gefið er yfirlit yfir starfsemi stofnunarinnar, þ. á m. öflun gagna og útgáfustarfsemi þau ár, sem stofnunin hefur starfað. Eftir að hafa athugað þessi erindi varð niðurstaðan sú í n., að hún leggur til, eins og fram kemur í nál. á þskj. nr. 471, að frv. verði samþykkt óbreytt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
2.–6. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

Á 77. fundi í Ed., 22. apríl, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 14 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 528).

---

32. Læknaskipunarlög.

Á 1. fundi í Sþ., 14. okt., var útbýtt frá Nd.:
Frv. til l. um breyt. á læknaskipunarlögum, nr. 43 12. maí 1965 [3. mál] (stjfrv., A. 3).

Á 3. fundi í Nd., 17. okt., var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 5. fundi í Nd., 22. okt., var frv. aftur tekið til 1. umr.

Dómsmrh. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Frv. þetta til l. um breyt. á læknaskipunarl. frá 1965 fjallar um einn þátt þeirra mála, þ. e. svo kallaðar læknamiðstöðvar, möguleika til að koma þeim upp og fyrirkomulag í sambandi við stofnkostnað og rekstur þeirra. Nú mætti varpa fram þeirri spurningu, hvort þessi til þess að gera unga löggjöf þyrfti nú þegar endurskoðunar við, og eins hitt, hver árangur hefði orðið af endurskoðun laganna eða hinum nýju læknaskipunarlögum frá 1965, og skal ég víkja örfáum orðum að því almennt, áður en ég kem að efni sjálfs frv.

Eins og menn rekur minni til, var ekki alger samstaða milli þm. við setningu læknaskipunarlaganna 1965 og nokkuð ólík viðhorf. Ekki skal ég þó neitt úr því gera nú, enda náði málið fram að ganga. En menn skiptust þó nokkuð á um skoðanir í þessu sambandi, í aðalatriðum á þann veg, hvort rétt væri að sameina minni læknishéruð og fækka læknishéruðunum þannig, en eins og oft endranær á þingi var bæði einstökum þm. og svo einnig umbjóðendum þeirra úti í héruðunum sárt um hin gömlu og litlu héruð, enda þótt þau væru læknislaus og hefðu verið læknislaus um langan tíma, og auðvitað var enginn ágreiningur milli þm. um það að gera sitt ýtrasta til þess að skapa betri læknisþjónustu utan Reykjavíkur og utan helztu kaupstaðanna í strjálbýli landsins, en nokkur ágreiningur um það, með hverjum hætti þetta mætti verða. Þessa sögu skal ég ekki rekja.

Þó að ekki séu nú liðin nema rúm 3 ár síðan þessi lög voru afgreidd frá þinginu, hefur reyndar margt gerzt á þessu tímabili, og ég geri einnig ráð fyrir því, að viðhorf manna kunni töluvert að hafa breytzt til málsins. En spurningin er þá um það, hvort þessi löggjöf hafi ekki haft tilætlaðan árangur. Nú var auðvitað fyrst og fremst megintilgangur lagasetningarinnar 1965 að stuðla að því, að fólkið í strjálbýlinu fengi viðunandi læknisþjónustu, og því miður verður að segja það eins og er, að það vantar mikið á enn, að svo sé. Engu að síður held ég, að mér sé óhætt að fullyrða, að l. hafi haft verulegan

árangur, þrátt fyrir það að ástandið í þessum efnum sé kannske tölulega séð um það, hvar lækna vantar o.s.frv., engu betra nú en þá, nema síður sé. En við höfum á árinu 1965, hygg ég, verið orðnir nokkuð seinir að breyta læknaskipunarlögunum og gengið þá of skammt, en hins vegar voru þá lögbundin margvísleg og mikilvæg hlunnindi, sem vissulega hafa stuðlað að því, að málum er þó ekki verr komið en er í dag, og einnig hefur margt, sem þá var athugað og gerðar till. um, síðan verið til meðferðar og íhugunar, og ég tel að því leyti málin töluvert miklu betur á vegi stödd en þegar umr. áttu sér stað um læknaskipunarfrv. 1965.

Það liggur í augum uppi, að það voru veitt svo mikil hlunnindi í kjaramálum og á ýmsan annan hátt með löggjöfinni frá 1965, að hjá því gat ekki farið, að það hefði veruleg áhrif, enda þótt benda megi enn á það, hversu ástandið er mjög slæmt. Þá var, svo að ég nefni aðeins nokkur af þessum atriðum, það ákveðið, að í 17 tilteknum læknishéruðum og ef nauðsyn krefur í 5 öðrum enn ótilteknum héruðum skyldi greiða héraðslækni staðaruppbót á laun, er nemi hálfum launum í hlutaðeigandi héraði, og þetta má segja að hafi verið í rýrustu héruðunum og gekk þá til þess að laða menn þangað m.a. með þessum hætti, og í framhaldi af því var svo einnig ákveðið, að í þessum sömu héruðum skyldi héraðslæknir, sem hefur setið 5 ár eða 3 ár samfleytt í héraðinu, eiga rétt á að hljóta eins árs frí með fullum launum til framhaldsnáms hér á landi eða erlendis. Og þetta ákvæði var ákveðið, að skyldi koma til framkvæmda tveimur árum eftir gildistöku laganna. En mismunurinn á 3 og 5 árum var sá, að læknir sá, sem hafði verið 5 ár samfleytt í einhverju af þessum héruðum, eins og segir í l., átti rétt á að hljóta án skuldbindingar um áframhaldandi héraðslæknisþjónustu eins árs frí með fullum launum til framhaldsnáms hér á landi eða erlendis og fá greiddan úr ríkissjóði fargjaldakostnað fyrir sig og fjölskyldu sína að heiman og til þess lands í Evrópu eða Norður-Ameríku, þar sem hann hyggst stunda námið, að ársleyfinu loknu skal hann eiga rétt á að fá greiddan á sama hátt fargjaldakostnað heim til Íslands aftur, enda skuldbindi hann sig þá til að gegna áfram héraðslæknisstörfum. Eftir þriggja ára samfellda setu á hann þó rétt á að hljóta slíkt frí með sömu kjörum, en gegn skuldbindingu um að gegna áfram héraðslæknisstörfum eigi skemur en 2 ár að ársleyfi loknu.

Þetta voru talin mundu vera mikil hlunnindi fyrir lækna í dreifbýlinu og hinum minni héruðum, vegna þess að meðal margs, sem um var kvartað, var sú einangrun, sem þar skapaðist, og hæpin aðstaða þeirra, og var nærri útilokað fyrir þá að fylgjast með í sinni fóknu *vísindagrein*, ef þeir ættu ekki kost á því að takast á hendur námsferðir, sem þeir tæpast gætu gert með þeim kjörum, sem þeim væru boðin þar, nema slík ákvæði eins og hér um ræðir kæmu til. Síðan var sú meginregla ákveðin í l., að við veitingu héraðslæknaembætta skyldi sá umsækjandi, sem hefur lengstan starfsaldur sem héraðslæknir, að öðru jöfnu sitja fyrir öðrum umsækjendum um stöðuna, en jafnframt ákveðið, að embættis- eða starfsaldur hérlendis í þeim afskekktu héruðum, sem ég vék að áðan, í þessum 17 minni héruðum, skyldi teljast 5 ár fyrir hver 3 ár, sem hann hefur gegnt hlutaðeigandi héraði. Allt miðaði þetta að því sama marki, að bæta verulega aðstöðu þeirra, sem í þessum héruðum störfuðu, og laða nýja lækna til þeirra.

Þá var einnig heimilt í þessum lögum, eftir því sem nánar yrði ákveðið í reglugerð, að veita læknastúdentum ríkislán til náms gegn skuldbindingu um læknisþjónustu í héraði að loknu námi, og reglugerð um þetta var sett skömmu eftir að lögin voru afgreidd, og nú standa sakir þannig, að 15 lán af þessu tagi, svo kölluð námslán til læknanema gegn skuldbindingu um læknisþjónustu í héraði, hafa verið veitt og fjögur oftar en einu sinni. En skuldbindingin er sú, að fyrir hvert lán, sem árlega er veitt, skuldbindi viðkomandi sig til þess að gegna a.m.k. eins árs þjónustu í héraði. Það eru 15 lán, sem hafa verið veitt, og fjögur oftar en einu sinni, og ég held eitt lán þrisvar sinnum eða einum lántakanda þrisvar sinnum. Nú hafa sjö lokið námi af þeim, sem þessi lán hafa sótt um og fengið, og 5 hafa byrjað sína þjónustu, að leysa af höndum þá skuldbindingu, sem fylgir því að hafa fengið þetta lán.

Þá var einnig ákveðið, að stofnaður skyldi bifreiðalánasjóður, og um það var sett reglugerð. Hlutverk hans var að lána héraðslæknum, sem eru að hefja héraðslæknastörf, fé til bifreiðakaupa, og úr þessum lánasjóði hafa verið veitt, eins og nú standa sakir, 9 lán, en lánin hafa verið veitt þannig, að þau hafa verið veitt til tveggja ára með fjórum jöfnum afborgunum höfuðstóls og vaxta og 100 þús. kr. hvert.

Ég held þess vegna, að það séu nokkuð óskiptar skoðanir manna um það, að yfirleitt séu kjör héraðslækna ekki því til hindrunar, að læknar sæki um héruðin, þó að þetta sé nokkuð misjafnt og e.t.v. megi sums staðar kvarta undan þeim, en sums staðar eru þau mjög góð og reyndar annarra lækna en héraðslækna afar góð úti á landsbyggðinni, eins og spítalalækna, þar sem spítalar eru starfandi, en samt sem áður fæst enginn læknir.

Nú skal ég ekki fara neitt nánar út í að ræða það, hvað þessi laun eru mikil og hvað vitað er um, að kjörin séu góð á hinum og þessum stað. Það er viðkunnanlegra, að sú þn., sem fær þetta mál til meðferðar, kynni sér það til frekari staðfestingar á þeim hugmyndum, sem ég hef haft um það. En þá er náttúrlega, eins og öllum er ljóst, og oft hefur verið tekið fram, úr vöndu að ráða, þegar menn setja í sjálfu sér ekki kjörin fyrir sig, heldur aðstöðuna. Menn skirrast við að hverfa út á landsbyggðina, þó að kjörin séu góð, og spurningin er þá, hvað þessu veldur. Það var gerð mjög ýtarleg grein fyrir ýmsum atriðum, sem hér koma til álita, í grg. frv. um læknaskipunarl. frá 1965 um orsakir læknaskortsins í dreifbýlinu, og skal ég ekki tefja tímann með því að fara að rekja það upp, en þar var m.a. talað um hina starfslegu einangrun og hina miklu starfsábyrgð, sem á einn mann legðist og væri mönnum fjötur um fót, það væri fagleg einangrun og læknaskorturinn væri m.a. afleiðing hennar, það væri hin þunga vaktaskylda, vinnutíminn og vinnuskilyrði, sem fjöldi þm. þekkir vel af eigin raun. Það var talað um vanmat á almennum læknisstörfum, sem hér hefði áhrif til þess að draga úr því, að menn sæktu um héruðin, og einnig var vikið að því, að nám og námsuppeldi læknastúdenta mundi vera

ábótavant í þeim efnum að örva menn til héraðslæknastarfa, og yfirleitt væri mjög mikil ásókn ungra lækna í sérfræðinám, eins og reyndar er alkunnugt, og slíkt nám er náttúrlega ekki til þess fallið að takast á hendur almenna læknisþjónustu, þegar því er lokið eftir mjög langan tíma. Og loks var vikið að því, að læknar hefðu mikla atvinnumöguleika erlendis og það seiddi þá til annarra landa, og í því efni er það kunnugast, að mjög mikill hluti íslenzkra lækna, ég hef nú ekki nákvæmlega prósenttölu þeirra, sem erlendis starfa, eru starfandi í Svíþjóð. Og þeir telja sig að vísu fá þar viðunandi kosti og kjör og vilja vera þar, en þó staðhæfi ég, að margir sitja þar í afskekktum héruðum og við lélegan aðbúnað við miklu lægri laun og verri kjör en þeim stæðu til boða hér heima á Íslandi. Og þessum orðum er hægt að finna stað og upplýsingar liggja fyrir um það í rn., sem n., sem málið fær til meðferðar, mundu að sjálfsögðu látnar í té.

En í sambandi við þessi félagslegu sjónarmið og persónulegu og faglegu, sem réttilega var vikið að í grg. frv., sem samin var af nefnd sérfræðinga, sem undirbjó málið, þá samdi þessi n., en dr. Sigurður Sigurðsson landlæknir var formaður hennar, ályktunartillögur, sem hún lét fylgja frv. til rn., og þær snerta vissa þætti þessara mála, og mig langar til þess að minna á þær, því að því miður voru þær ekki látnar fylgja sem fskj. með málinu, og þó að gerð væri grein fyrir þeim þá, er nú farið að fyrnast yfir það. En fyrsta ályktunartill. var um breytingu á læknakennslu, og þar segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Nefndin telur, að læknakandídötum sé tilfinnanlega vant þjálfunar í almennum læknisstörfum utan sjúkrahúsa. Er því lagt til, að rn. fari fram á það við menntmrn., að læknadeild Háskólans verði falið að gera till. um slíkt nám og tilhögun þess."

Og í öðru lagi var ályktun um sérfræðiréttindi heimilislækna og embættislækna:

„N. álítur mikilsvert að auka veg almennrar læknisþjónustu og embættislæknastarfa með því að gera heimilislækningar og embættislækningar að sérgreinum. Leggur n. til, að læknadeild Háskólans verði falið að semja reglur um nám í þessum sérgreinum."

Þessar ályktunartill. n. sendi dómsmrn. að sjálfsögðu til menntmrn., sem framsendi þær til Háskólans, og síðan hefur rn. tvisvar eða þrisvar rekið á eftir þessum málum, og ég tel, að það hafi gengið of seint að vinna að framgangi þeirra á því sviði, þar sem það á að gerast, en þó mun vera nú kominn skriður á þessi mál. En það er sennilegt, að það sé réttilega metið, að læknakennslan eigi því miður nokkuð ríkan þátt í lítilli löngun þeirra, sem útskrifast frá Háskólanum, til þess að taka að sér læknisstörf í héraði. Kannske vík ég að því nánar, en annars er það ekki á mínu sviði að vera dómari um þau efni. En í aðalatriðum er það svo, eins og hv. þm. mörgum hverjum er kannske kunnugt um eða flestum, að við læknakennsluna læra stúdentarnir í hópum hér og við það að ganga á sjúkrahús, á spítalana, og þeim er algerlega framandi að eiga að koma einir og taka á sig ábyrgð sem heimilislæknar úti í afskekktum byggðum, eftir að náminu er lokið.

Þá kem ég að þeim þætti, sem þetta frv. fjallar alveg sérstaklega um og er breyting á læknaskipunarlögum, heimild 4. gr. til að setja upp læknamiðstöðvar. En ég geri ráð fyrir því, að menn hafi tekið eftir því, að ungir læknar hafa látið til sín heyra nú á undanförnum árum og eftir að þessi læknaskipunarlög frá 1965 gengu í gildi um það, að þeir teldu, að það gæti verið mikil meinabót í þessu mikla vandamáli að stuðla að skilyrðum fyrir hópstarfsemi lækna, að þeir þyrftu ekki að starfa nema í alveg ýtrustu neyð — hvað eigum við að segja? — í einmenningslæknishéruðum, þar sem þeir væru hver einn síns liðs, en stuðlað að því að skapa þeim skilyrði til þess að vera a.m.k. tveir eða fleiri saman á svokölluðum læknamiðstöðvum. Þegar heimildarákvæðið var sett í læknaskipunarlögin frá 1965, var gerð ýtarleg grein fyrir þessari hugmynd um læknamiðstöðvar og flokkaðir ýmsir staðir, sem eðlilegir töldust að dómi þeirra sérfræðinga, sem undirbjuggu málið, til að koma þar upp læknamiðstöðvum. Síðan voru aftur í öðrum flokki þeir staðir, sem þetta mundi tæpast eiga við, og við skulum segja, að ekki væri þörf þess, og einnig þeir staðir, þar sem slíkar læknamiðstöðvar væru ekki framkvæmanlegar, og það held ég, að líka sé sameiginlegt álit flestra eða allra þeirra, sem ég hef heyrt tjá sig um þessi mál, að hvað sem gert yrði nú með læknamiðstöðvar og sameiningu læknishéraða, verði ekki komizt hjá því, a. m. k. í nánustu framtíð, að einhver einmenningslæknishéruð verði við lýði í okkar strjálbýla landi.

Hún var óljós, heimildin í læknaskipunarlögunum frá 1965 um læknamiðstöðvarnar, hvernig þær áttu að vera, hver átti að kosta þær, hvernig átti að reka þær o.s.frv. Þess vegna var unnið að því innan rn. og í samvinnu fyrst og fremst við landlækni að kanna möguleikana á því, hvernig slíkar læknamiðstöðvar gætu verið, og í sept. 1967, eftir allmikla athugun á því máli, fól ég n. þriggja manna, sem í áttu sæti Þór Vilhjálmsson prófessor, formaður, Ólafur heitinn Björnsson læknir og Helgi Valdimarsson læknir, að semja reglur um fyrirkomulag og rekstur læknamiðstöðva samkv. 4. gr. læknaskipunarlaganna, nr. 43 12. maí 1965, og sérstaklega um afstöðu læknanna hvers til annars og verkaskiptingu þeirra. Þessi n. skilaði svo áliti 23. sept. 1967, hafði verið skipuð 10. marz sama ár, en í september sem sagt 1967 skilaði hún till. að reglugerð um læknamiðstöðvar héraðslækna, eins og hún orðaði það. Og fengnar voru umsagnir um till. n. frá Læknafélagi Íslands og Sambandi ísl. sveitarfélaga, sem voru jákvæðar um þetta frv., og einnig leitað til Tryggingastofnunarinnar, sem ég held að hafi ekki tjáð sig um þetta reglugerðarfrv.

Eftir að þessar till. að reglugerð voru nánar athugaðar í rn. og í samráði við landlækni, varð það uppi á teningnum, að okkur sýndist, að það væri óhjákvæmilegt að breyta ákvæðum l. sjálfra, 4. gr. l., og gera þau ýtarlegri um læknamiðstöðvar, og niðurstöðuna af þeim athugunum, hvernig þau lagaákvæði skyldu vera, er að finna í 1. gr. þessa frv. En þar er meginefni málsins, að ráðh. er heimilt, ef þetta verður að lögum, eftir till. landlæknis að breyta skipan læknishéraða samkv. 1. gr. l. þessara og sameina í eitt læknishérað tvö eða fleiri nágrannahéruð eða hluta úr héruðum, svo fremi sem staðhættir og aðrar aðstæður leyfi. Þarna er beinlínis veitt heimild án löggjafar, að ráðh. sé heimilt að

breyta skipan læknishéraðanna. En áður en slík breyting eigi sér stað af hálfu ráðh., á að leita álits stjórnar Sambands ísl. sveitarfélaga, Tryggingastofnunar ríkisins, stjórnar Læknafélags Íslands, svo og hlutaðeigandi héraðslækna, ef héruð þau, sem sameina á, eitt eða fleiri, eru skipuð héraðslæknum. Hins vegar er rétt, að það sé mönnum ljóst, að álit og till. hinna tilgreindu aðila binda ekki hendur ráðh.

Hér er um veigamikið atriði að ræða, og kann að vera, að mönnum sýnist sitt hverjum um það. En það er fjarri því, að það sé í hugum þeirra, sem að þessu standa, og í *mínum huga sem ráðh.* nokkur minnsta löngun til þess að seilast hér til meira valds en áður til þess að geta breytt skipun læknishéraðanna, en sá eini tilgangur með þessu er sá, að þetta sé sennilegasta og líklegasta leið í bili til þess að geta aukið svo að um muni læknisþjónustuna úti á landinu, því að í framhaldi af þessu, ef slík breyting á sér stað af hálfu ráðh., skal setja á stofn læknamiðstöð í þessu nýja læknishéraði.

Svo er nánar til tekið, að til læknamiðstöðvanna teljist íbúðir héraðslækna og húsakynni fyrir starfsemi þá, sem fram fer í stöðinni, og ráðh. ákveður svo með ráði landlæknis og að fengnu áliti þeirra aðila, sem upp eru taldir í 1. mgr., sem ég nefndi áðan, hve margir héraðslæknar skuli vera í læknishéraði, sem stofnað hefur verið samkv. 1. mgr., en þeir mega þó aldrei vera færri en tveir.

Síðan koma ákvæði um það, að kostnaður við byggingar vegna stofnunar læknamiðstöðvar skuli greiddur úr ríkissjóði. Sjálfur kostnaðurinn við byggingu læknamiðstöðvarinnar og þá læknisbústaðar, ef þarf að byggja læknisbústað í þessu héraði í tengslum við læknamiðstöðina, skuli allur greiddur úr ríkissjóði, en eins og kunnugt er, eru hlutaskipti milli ríkissjóðs og sveitarsjóðanna um byggingu læknisbústaða fram til þessa og einnig sjúkrahúsa samkv. sjúkrahúsalögum. En þarna er tekið, má segja, nokkuð róttækt skref, en að mínu áliti nauðsynlegt til þess að hrinda þessu máli í framkvæmd. En aftur á móti hafi svo sveitarfélögin, sem hlut eiga að máli, rekstrar- og viðhaldskostnað læknamiðstöðvanna, hlutaðeigandi sveitarfélög í hlutfalli við íbúafjölda.

Nú geta menn spurt: Bætir þetta nokkuð úr skák, þessi ákvæði um læknamiðstöðvar? Ég hef áður vitnað til viðhorfs ungra lækna, sem er mjög ríkt í þessum efnum, á þann veg, að þeir telja, og það hefur beinlínis komið fram í álitsgerðum frá þeim, að kandídatar eða stúdentar, réttara sagt, við nám, sem spurðir hafa verið um það, hvort þeir hefðu hug á því að gerast héraðslæknar að námi loknu, hafa allir svarað því neitandi, nema þeir fengju aðstöðu til þess að starfa við læknamiðstöðvar, þá hafa ýmsir tjáð sig vera reiðubúna eða mundu hafa hug á því að taka upp læknisþjónustu við slík skilyrði. Af þessu mætti ætla, að nokkuð gott gæti af þessu leitt. Frá einstökum aðilum hafa borizt óskir um það og áskoranir til rn. að stuðla að því að koma upp læknamiðstöðvum úti á landi. Frá bæjarstjórn Ísafjarðar var skorað mjög ákveðið á landlækni, ríkisstj. og Alþ. að nota heimild í l. til þess að stofna og starfrækja læknamiðstöð á Ísafirði, er a.m.k. taki yfir Ísafjarðar- og Súðavíkurlæknishérað. Og Samband sveitarfélaga í Austurlandskjördæmi hefur einnig hreyft svipuðum sjónarmiðum í álitsgerðum, sem sambandið hefur gert, að athugaðir verði möguleikar á því að koma á fót læknamiðstöðvum. Og vísir hefur skapazt að læknamiðstöð fyrir samstarfsvilja ungra lækna á Húsavík. Má segja, að vísir hafi skapazt til þess á Patreksfirði, og það er vitað um, að dálítið er unnið að þessu líka í þéttbýlinu, því að þetta tekur ekki í augum læknanna aðeins til dreifbýlisins, heldur vilja þeir einnig, að heimilislæknar í þéttbýlinu, án þess að þetta frv. taki til þess, að þeir vinni saman á læknamiðstöðvum í viðkomandi þéttbýli, og skal ég víkja að því síðar. En það eru margir agnúar á þessu, og það er ekki læknamiðstöð eins og gert er ráð fyrir í þessu frv. og því reglugerðaruppkasti, sem fylgir sem fskj., en menn hafa þarna verið að þreifa sig áfram.

Læknafélag Íslands efndi til heilbrigðisráðstefnu nú á þessu hausti, sem er önnur í röðinni, aðra ráðstefnu hélt Læknafélag Íslands haustið 1967, en dagskráin á ráðstefnunni núna snerist fyrst og fremst um læknisþjónustu í dreifbýli og þéttbýli. Og þar komu einmitt alveg sérstaklega við sögu möguleikarnir til þess í báðum tilfellum að koma upp læknamiðstöðvum. Á þessari ráðstefnu, þar sem ég var viðstaddur við setningu hennar, fluttu tveir læknar ræður um rekstur læknamiðstöðva í þéttbýli: Örn Bjarnason héraðslæknir í Vestmannaeyjum, það er sem sagt í kaupstað, og Gísli Auðunsson héraðslæknir á Húsavík um læknisþjónustu í strjálbýli. Og það eru mjög athyglisverðar hugmyndir eða hugleiðingar, sem fram koma hjá þessum læknum, og getur að mínum dómi verið til mikillar styrktar fyrir þingnefnd að hafa aðgang að plöggum ráðstefnu Læknafélags Íslands, bæði framsöguræðum læknanna og fskj., sem þeim fylgdu, og umræðum, sem um þessi mál fóru fram. Læknafélag Íslands hefur að mínum dómi með þessum tveimur ráðstefnum sínum lagt mikinn skerf til bóta í sambandi við heilbrigðisstarfsemina í landinu.

Fyrri ráðstefnan, 1967, fjallaði m.a. um yfirstjórn heilbrigðismála, og voru mörg merk erindi flutt þar. Ráðuneytið hafði þá til meðferðar endurskoðun á yfirstjórn heilbrigðismála, en það snertir ekki þetta mál. Ég vil aðeins geta þess, að það hafa unnið 4 menn að því á vegum rn. nú s.l. ár og skilað frumhugmyndum eða grg. um málið í sambandi við endurskoðun á yfirstjórn heilbrigðismála, og læknaráðstefnan lagði góðan skerf til þeirra mála að mínum dómi. En ég skal ekki lengja mál mitt með því að víkja að því hér, þar sem það snertir ekki frv., sem hér er til umræðu.

Mig langar aðeins til að víkja að nokkrum atriðum í framsöguræðum þessara lækna á ráðstefnu Læknafélags Íslands nú í haust um læknamiðstöðvar í þéttbýli og strjálbýli, því að ég held, að sumt af því, sem þeir segja, geri skýrara fyrir mönnum, hvað við er átt með þessum læknamiðstöðvum.

Örn Bjarnason héraðslæknir í Vestmannaeyjum dregur upp þessa mynd af læknamiðstöð í þéttbýli:

„Hópstarf almennra lækna merkir, að heimilislækningar eru stundaðar af almennum læknum, sem starfa mjög náið saman, leita ráða hver hjá öðrum um rannsóknir og meðferð og hafa sameiginlega spjaldskrá með öllum upplýsingum um sjúklingahópinn, en sjúklingi er

heimilt að leita til þess læknis, sem hann óskar. Hópurinn hefur nokkra starfsskiptingu, þannig að læknarnir kynna sér sérstaklega eina eða fleiri greinar læknavísindanna. Hópurinn hefur sameiginlegt húsnæði fyrir starfsemina í læknamiðstöð og stjórnar þeirri stofnun sjálfur. Slíkur hópur nýtur aðstoðar sérþjálfaðra aðila:

1. Einkaritari sér um að vélrita öll bréf, vottorð og skýrslur, svo að spjaldskrá sé í röð og reglu, og ritarinn er tengiliður á milli aðstoðarfólks og læknanna innbyrðis og sér um skipulagningu hins daglega starfs.
2. Sé vinnuálag ekki mikið, getur ritarinn annazt móttöku sjúklinga og símavörzlu, ella verður að ráða til þeirra starfa.
3. Hjúkrunarkonur aðstoða læknana við störf þeirra, svo sem við slys og smærri aðgerðir og við skoðanir, sem ekki verða framkvæmdar án hjálpar eða nærveru hjúkrunarkonu. Annars vinnur hún sjálfstætt, skiptir á sárum, gefur flestar sprautur, sér um alla sótthreinsun, og sér um ýmsar einfaldari rannsóknir.
4. Læknamiðstöðvar, sem liggja fjarri stórum rannsóknarstofum, þurfa að geta annazt slíka þjónustu, og hafa því á að skipa sérþjálfuðum aðila í þessum efnum (laborant) og tækjabúnaði við hæfi.

Í stuttu máli má segja, að þannig eru heimilislæknum búin lík vinnuskilyrði og sjúkrahúslæknar hafa."

Þetta segir héraðslæknirinn í Vestmannaeyjum og það liggur fyrir, að læknar þar eru í undirbúningi með það að koma á slíku samstarfi hjá sér. Og örlað hefur á því, eins og ég segi, af sjálfsdáðum frá lækna hálfu hér í bænum. Sannleikurinn er sá, að læknaþjónustan er ekki aðeins orðin vandamál í dreifbýlinu, heldur einnig í þéttbýlinu og tilfinnanlega hér í Reykjavík. Og ég vil aðeins minna á, að það hefur verið starfandi undanfarandi tvö ár sérstök nefnd á vegum borgarstjórnar Reykjavíkur til þess að vinna að endurskipulagningu heimilislæknisþjónustunnar í borginni, og hún skilaði ýtarlegu áliti í vor, og er þar um að ræða ýmiss konar merkar nýjungar á því sviði, sem ég vík ekki frekar að hér.

Í lokaorðum héraðslæknisins í Vestmannaeyjum segir:

„Læknaskorturinn utan Reykjavíkur er þegar orðinn alvarlegt vandamál og fjöldi héraða er ósetinn og mörg aðeins til bráðabirgða. Þar við bætist, að á næstu árum munu allmargir héraðslæknar hætta störfum fyrir aldurs sakir.

Það verður því að bregða skjótt við af opinberri hálfu að koma til móts við þá, sem vilja taka að sér að skipuleggja læknamiðstöðvar og starfa í þeim. Það er ekki nóg að reisa miðstöðvarnar. Vísir að starfshóp verður að vera kominn, áður en stöðin rís. (Hann er að tala um þéttbýlisstöðvarnar.) Læknarnir, sem ætla að ganga til starfs, verða að gera sér grein fyrir, hversu mikið húsnæði þeir þurfa, hvernig þeir geta bezt nýtt það, hvað þeir þurfa af aðstoðarfólki og hver tækjabúnaður þarf að vera fyrir hendi.

Hlutverk opinberra aðila er að stuðla að því, að fjármagn sé fyrir hendi til þessara framkvæmda og síðan að líta eftir því, að stöðvarnar verði reknar í samræmi við þau fyrirheit, sem gefin eru."

Gísli Auðunsson héraðslæknir á Húsavík varpar fram þessari spurningu í sínu erindi, með leyfi hæstv. forseta. hvaða leiðir eru til úrbóta:

„Hér framar hefur verið drepið á helztu orsakir læknaskortsins. Það, sem ber að gera, er að reyna með öllum ráðum að uppræta þær. Í fyrsta lagi þarf að taka upp skipulega kennslu í heimilislækningum, bæði innan og utan Háskólans, og með því móti að vekja áhuga læknastúdenta á þessum þætti heilbrigðisþjónustunnar. Þá þarf að gera mun strangari kröfur um framhaldsmenntun heimilislækna en nú er, og heimilislæknar verða að hafa möguleika á síendurteknum námskeiðum. Í því sambandi er vert að vekja athygli á námskeiðum þeim, sem Læknafélag Íslands gengst fyrir árlega, og eru þau félaginu til hins mesta sóma.

Í öðru lagi verður að ráðast gegn fámennu héruðunum með oddi og egg, leggja sem allra flest þeirra niður, sameina þau nágrannahéruðum og mynda síðan læknamiðstöðvar, þar sem helzt þrír læknar starfi saman."

Svo vitnar hann í fskj., sem fylgdu ræðu hans, um ýmsar hugsanlegar breytingar í þessu sambandi, en ég hef aðeins vitnað í þetta til þess, að hér komi fram viðhorf þessara lækna sjálfra.

Síðan dregur hann upp eina mynd af hugsanlegri læknamiðstöð í strjálbýli á svipaðan hátt og héraðslæknirinn í Vestmannaeyjum gerði, og þá hugsar hann sér læknamiðstöð á Húsavík og reiknar með, að hún nái yfir núverandi Húsavíkur- og Breiðumýrarhéruð, að viðbættum Kelduneshreppi í Norður-Þingeyjarsýslu.

„Íbúar þessa svæðis," segir læknirinn, „eru um 4200, svo að gera yrði ráð fyrir 4 læknum og einni héraðshjúkrunarkonu að minnsta kosti og sæti hún í Laugaskóla í Reykjadal. Lengstu vegalengdir á svæðinu eru 94 km fram að Svartárkoti í Bárðardal. Ég tel þó frekar ólíklegt, að aðalvandamálið yrði að þjóna Bárðdælingum, þar sem sveitin er fámenn. Hins vegar yrði mun meira vandamál að þjóna jafnfjölmennri byggð sem Mývatnssveitinni, en þar eru íbúar orðnir yfir 500. Vegalengdin að fyrstu bæjum í Mývatnssveit eftir hinum nýja „kísilgúrvegi" er rétt rúmir 50 km og lengsta vegalengdin á bæ 72 km. Sömuleiðis er nokkuð langt í Kelduhverfið, en það eru 44 km að fyrsta bænum og 68 km að þeim fjærsta. Í Kelduhverfinu búa um 300 manns. Á Húsavík verður bráðlega tekið í notkun myndarlegt héraðssjúkrahús fyrir allt að 60 legusjúklinga. Það er þó jafnvel ánægjulegra, að það hefur verið gætt þeirrar framsýni að reikna með að flytja alla almenna læknisþjónustu inn á sjúkrahúsið og verður þar mjög góð aðstaða fyrir tvo lækna að sinna sjúklingamóttöku samtímis og nokkuð góð fyrir þrjá lækna samtímis. Það er því greinilegt, að húsnæði fyrir þessa starfsemi er þegar að verða fyrir hendi á Húsavík. Hin daglegu störf með skiptingu á vöktum o.s.frv. yrðu mjög lík því, sem Örn Bjarnason hefur lýst í Vestmannaeyjum, en að auki þyrftu læknarnir á Húsavík að ætla sér mun rýmri tíma til vitjana og eins þyrftu þeir að hafa aðstöðu á þrem stöðum í héraðinu utan Húsavíkur til sjúklingamóttöku. Þessir staðir yrðu Breiðamýri eða

Laugaskóli, Reykjahlíðarþorp í Mývatnssveit og Skúlagarður í Kelduhverfi. Ósagt skal látið, hvað þétt þyrfti að fara á þessa staði, en örugglega er nóg að heimsækja hvern þeirra einu sinni í viku. Þessar ferðir munu að sjálfsögðu skiptast jafnt niður á læknana."

Ég hef vitnað til þessa til að fá fram raunhæfar myndir, eftir því sem þeir gera sér grein fyrir, þeir læknar, sem um þessi mál m.a. hafa fjallað.

Það er líka mjög athyglisverður síðasti kaflinn í ræðu héraðslæknisins Gísla Auðunssonar, en þar víkur hann að bók, sem nýlega er komin út í Bretlandi: „Um almenna læknisþjónustu", eins og hún heitir, og er skrifuð af Platt lávarði, og hann vitnar til hennar á þessa leið, með leyfi hæstv. forseta:

„Að síðustu, þessi bók flytur mér þá óþægilegu tilfinningu," segir Platt lávarður, „að allt, sem hún lýsir, hefði verið hægt að gera áður. Það er auðvelt að benda á heilbrigðisstjórnina og gera hana að sökudólgnum, en það væri í alla staði rangt, því að hefði læknastéttin barizt af heilum hug fyrir breytingum í þessa átt, hefði aðstaðan verið geysisterk og málið auðsótt. En ég ásaka ekki aðeins afturhaldssemi stéttarinnar. Ég óttast, að efst á listann verðum við hiklaust að setja kennara læknastéttarinnar, sem hafa verið svo helteknir af að nota vísindalegar rannsóknaraðferðir við leit „organiskra" sjúkdóma, að þeir hafa vanmetið, hversu mikilvæg grein heimilislækningarnar eru, og hafa engan áhuga vakið hjá stúdentum sínum fyrir þeim. Hluti þessarar bókar fjallar um, hversu geysimikilvægur undirbúningur undir heimilislækningar er, en jafnvel það nægir ekki, ef ógæfan hefur þegar skeð með algerri vanrækslu þeirra í læknaskólunum. Ef háskólarnir taka ekki breytingum til batnaðar, verða framfarirnar vissulega hægar." Og hér lýkur tilvitnuninni í ummæli Platts lávarðar.

En sjálfur segir Gísli Auðunsson:

„Þetta sagði læknirinn Platt lávarður. Ég vil gera orð hans að mínum og fullyrði, að verði læknastéttin einhuga í þessu máli, muni ekki standa á heilbrigðisstjórninni. Ungir læknar eru einhuga. Ábyrgðin er því hjá eldri starfsbræðrunum og þá fyrst og fremst þeim, sem eftir eru úti um landsbyggðina. Hafni þeir hugmyndum okkar og snúist gegn þeim af einhverjum sökum, á læknaskortur strjálbýlisins eftir að verða enn alvarlegra vandamál en nú er orðið, og þykir þó flestum nóg um."

Og lýkur þá þessu erindi læknisins. Menn sjá, að það kennir nokkuð margra grasa, og það eru eflaust margar orsakir þess mikla vanda, sem við eigum við að stríða, og það eiga sannarlega fleiri við að stríða sams konar vanda, sbr. tilvitnunina í þessa brezku bók, og sama hefur verið upp á teningnum hjá nágrönnum okkar, Norðmönnum, í fjarlægum héruðum þar – og eflaust Svíum, sem hafa bjargað sér á því að leita liðstyrks hjá Íslendingum.

Hér eru úrbætur á læknaskortinum úti í strjálbýlinu svo aðkallandi, að spurt mun verða, hvort ekki væri fleira til ráða en að stuðla að því að koma upp þessum læknamiðstöðvum og breyta læknakennslunni o.s.frv., eins og ég hef vikið að. Það er ýmislegt fleira, sem reynt hefur verið, og m.a. hugleitt að fá erlenda lækna hingað. En það getur orðið erfitt mál. M.a. þyrfti þá að breyta löggjöf. Lækningaleyfi hafa aðeins íslenzkir ríkisborgarar hér á landi. Á fundi nú í gær með stjórn Læknafélags Íslands var það rætt við hana, hvert hún teldi viðhorf íslenzkra lækna til þess, og var ekki á henni að heyra, að hún teldi það neitt óeðlilegt, að það verði fengnir erlendir læknar hér í bili til að bæta úr neyðarástandi og þeir fengju réttindi til þess. En þessi fundur með stjórn Læknafélagsins í gær í rn. var framhald af fundi, sem haldinn var s.l. föstudag í rn. með þm. Austfjarðakjördæmis, en þeir höfðu óskað eftir viðræðufundi vegna hins alvarlega ástands á Austfjörðum nú vegna læknaskorts. Og það er hörmulegt ástand, sem þar blasir við. Þm. voru ljós hin margvíslegu vandkvæði, en eins og þeir sögðu, þetta er neyðarkall frá okkur sem umboðsmönnum fólksins þarna fyrir austan, því að við sjáum ekki, hvernig þetta má verða, þegar svo fer, sem nú fram vindur, að það eru mörg læknishéruðin þegar læknislaus og önnur eru að verða læknislaus. Og það var sameiginlegt mál þeirra og okkar, að hvað sem öllu öðru liði og framtíðaraðgerðum í þessu máli, yrði að reyna að gera þarna mjög skjótar bráðabirgðaráðstafanir til þess að forða frá neyð. Landlæknir hafði þá rætt við Landsspítalann, yfirlækna hans, um þann möguleika, að þeir gætu hlaupið undir bagga með því að sinna læknisþjónustu í neyðartilfellum einhvern tíma, og þá var talað sérstaklega um Norðfjörð í því sambandi, þar sem er sjúkrahús, og yrði þar læknir frá handlæknisdeildinni, meðan ekki réðist fram úr þessu. Og ég vil, að það komi fram hér, að þó að þeir telji sig ekki hafa miklum mannafla og of litlum þar á að skipa, þá tóku landsspítalalæknarnir þessu mjög vel. Þeir voru á fundi á laugardaginn, eftir að við höfðum þennan fund á föstudag, og þeir voru þá ákveðnir í því, að ef á þyrfti að halda, mundu þeir taka að sér að skiptast á um að sinna læknisþjónustu í neyðartilfellum úti á landsbyggðinni, þarna eða annars staðar eftir atvikum.

Ég get búizt við því, að sú reynsla, sem fékkst af læknisþjónustunni á síldarmiðunum í sumar, hafi nokkuð ýtt undir, að slíkt er gerlegra nú en áður, og það gæti í sjálfu sér verið þess virði, að þannig væri reynt að búa að deildum eins og handlæknisdeildinni í Landsspítalanum, að þeir ættu greiðara með að víkja frá tiltekinn tíma og skiptast þá á um að sinna störfum, meðan neyðin er sem mest og meðan við höfum ekki ráðið fram úr vandanum betur en nú er orðið.

Einnig hefur þeirri hugmynd skotið upp, að kæmust upp læknamiðstöðvar, þegar út í það væri komið, mundu þær kannske einnig vera betur aflögufærar en með því kerfi, sem nú er, til þess að einn af þremur eða fleiri læknum gæti skotizt til staðar, þar sem um virkilegt neyðarástand væri að ræða.

Það hafði verið hlutazt til um það af hálfu rn. í samvinnu við landhelgisgæzluna vegna þess neyðarástands, sem er nú á Austfjörðum, að þyrlan færi austur og athugaðir væru möguleikar, á hvaða stöðum hún gæti fengið skýli, ef reynt yrði að staðsetja hana fyrir austan til þess að fá þá fáu lækna, sem þar eru, og þá, sem þurfa alveg nauðsynlega að koma í viðbót, til þess að vera hreyfanlegri og geta betur sinnt læknisþjónustunni. En þá var jafnframt hugsað um það, að Ægir, hið nýja varðskip, sem er með skýli fyrir þyrluna, mundi

vera staðsett fyrir austan, þannig að hún gæti átt athvarf í skipinu eða á hinum ýmsu höfnum, sem kom í ljós að höfðu tómar mjölskemmur og annað slíkt, því miður kannske, liggur mér við að segja, en það snertir annað mál, þannig að þess vegna væri hægt að hýsa hana. Þá fæst líka af þessu reynsla og mundi þá leiða til þess, að byggð yrðu síðar sérstök skýli fyrir litlar þyrlur eða kannske stærri en þessi er, en þau eru alveg óhjákvæmileg til þess að skjóta skjólshúsi yfir þessar litlu flugvélar, þegar allra veðra er von, þegar þær eiga að staðsetjast um einhvern tíma á viðkomandi stað. En hér getur náttúrlega varðskipið bætt úr með þyrluskýli sínu og einnig til flutninga, eins og landhelgisgæzlan hefur alltaf verið reiðubúin til að veita aðstoð til sjúkraflutninga og aðra aðstoð í hinum dreifðu byggðum og er tiltekið verkefni hennar samkv. hinum nýju landhelgisgæzlulögum, sem nýlega voru samþ., og einnig almannavarnalögunum, sem tengja að þessu leyti landhelgisgæzluna og almannavarnir nokkuð saman. Og ég get að vísu látið þess getið í þessu sambandi, að forstöðumaður Almannavarna, Jóhann Jakobsson, sem gegnt hefur því starfi undanfarin 2 ár, sagði því starfi lausu frá 1. okt., og eins og nú standa sakir, hef ég sett Pétur Sigurðsson, forstjóra Landhelgisgæzlunnar, til þess að gegna jafnframt sínu starfi sem forstjóri Landhelgisgæzlunnar forstöðumannsstarfi Almannavarna, og kemur þá í ljós, hvernig sú skipan mála reynist, áður en endanlegar ákvarðanir yrðu teknar um nýja skipun þeirra.

Nú hef ég dvalið við Austfirðina. Það er því miður ekki vegna þess, að það séu ekki líka erfiðleikar annars staðar á landinu, og það verður áreiðanlega á næstunni og komandi vetri erfitt að greiða fram úr því. En að ég hef vikið að þessu, er m.a. vegna þess, að ég vil á engan hátt draga úr því, hvað við höfum skammt komizt með þó, eins og við héldum, að mundu verða miklar úrbætur með læknaskipunarl. frá 1965, og hversu nauðsynlegt það er af hálfu Alþ. að grípa sterklega í taumana, m.a. með því að ljá nú gott fylgi þessu frv. hér, með þeim breytingum þá, sem þm. telja að kynnu að vera til bóta, með fjárframlögum, ef þess er þörf í sérstökum tilfellum, sem vel getur orðið, áður en afgreiðsla fjárl. fer fram, og á annan hátt.

Ég skal svo ekki hafa þessi orð fleiri, en ég ber einlæga von í brjósti um það, að við getum sameinazt í aðgerðum í þessum mikla vanda, sem hér ber að höndum. Ég er ekki að segja, að hér sé allur vandinn leystur, nema síður sé, og vissulega er ég sjálfur og ráðuneyti mitt reiðubúin til sérhvers samstarfs við hv. þm. til úrlausnar í því mikla vandamáli, sem ég hef nú gert að umræðuefni. Enda þótt okkur sýnist nokkuð kannske sitt hvað um einstök atriði í þessu, sumt er viðkvæmnismál, eins og kunnugt er, þá skulum við ekki láta það verða okkur að ágreiningsefni til þess að taka skjótlega alvarlegar ákvarðanir til úrlausnar þessum mikla vanda, að bæta læknisþjónustuna í hinum dreifðu byggðum landsins, og jafnhliða er svo, eins og ég hef vikið að, unnið að því, að hin almenna læknisþjónusta geti batnað á öðrum stöðum í landinu.

Ég leyfi mér svo, herra forseti, að leggja til, að málinu verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. heilbr.- og félmn.

Gísli Guðmundsson: Herra forseti. Ég hlýt sem fulltrúi fyrir landshluta, sem í mörg undanfarin ár hefur átt við læknisleysi og ófullnægjandi læknisþjónustu að stríða, að láta í ljós ánægju mína yfir því, að stjórnarvöldin skuli leiða hugann að ástandi læknisþjónustunnar í dreifbýlinu. Ég vil þó nú við 1. umr. málsins minnast á nokkur atriði í þessu frv., sem mér virðist að vera mættu á annan veg, og geri ég það til athugunar fyrir þá hv. n., sem væntanlega fær málið til meðferðar.

Ég heyrði það á framsöguræðu hæstv. ráðh. hér áðan, að hann er fús til þess að ræða breytingar á þessu frv. og yfirleitt stuðla að samkomulagi í þessu mjög svo vandasama máli.

Frv., sem hér liggur fyrir á þskj. 3, er um umorðun á 4. gr. læknaskipunarlaganna frá 1965 eða nánar tiltekið um læknamiðstöðvar og um sameiningu læknishéraða, hversu með skuli fara. Læknamiðstöðva er getið lauslega í þessum lögum, þannig að það er gert ráð fyrir því, að þær kunni að verða stofnaðar, en að öðru leyti ekki nánari ákvæði um þær, en gert ráð fyrir, að sett kunni að verða reglugerð um það efni.

Ég minnist þess, að það hefur lengi verið talið svo, að sá þekkti bezt skókreppuna, sem skórinn kreppir að. En mér hefur virzt, að það hafi því miður stundum viljað við brenna, þegar stjórnarvöldin eða það, sem kalla mætti ríkisbáknið hér í Reykjavík, fer að gera tilraunir til þess að kynna sér vanda strjálbýlisins og leysa hann, þá sé það stundum annar orðskviður forn, sem þar er efst á baugi eða kemur manni fremur í hug: „Sá segir mest af Ólafi kóngi, sem hvorki hefur heyrt hann né séð."

Ég minnist þess, að nú fyrir nokkrum árum vaknaði mikill áhugi hjá stjórnarvöldum og kannske hér á Alþ. fyrir því að koma til aðstoðar minnstu sveitarfélögunum í landinu. Og mönnum sýndist, að úrræðið til að hjálpa þeim í þeirra vanda væri það að sameina þau, steypa litlu hreppunum, fámennu hreppunum, saman mörgum í stærri hreppa. Að vísu lá það ekki fyrir, að þessi litlu sveitarfélög hefðu kvartað um nein sérstök vandræði, sem því fylgdu að vera sjálfstætt sveitarfélag. Eigi að síður má vera, að sá vandi hafi verið fyrir hendi. Það var sett á laggirnar 7 manna n., að ég ætla, til þess að vinna að þessu vandamáli litlu sveitarfélaganna, og því var svo vísdómslega ráðstafað í þann tíð, að í þessari 7 manna n. var enginn fulltrúi frá fámennu sveitarfélagi, enginn fulltrúi frá sveitarfélagi, sem líklegt var að nyti góðs af sameiningu, ef af henni stæði gott. Fulltrúarnir í n. voru valdir héðan úr Reykjavíkurborg og nokkrum hinum fjölmennustu sveitarfélögum eða bæjarfélögum landsins. Þ. á m. minnist ég þess, að það voru tveir úr einum kaupstað hér suðvestanlands í þessari 7 manna n., en enginn úr fámennu sveitarfélögunum, sem n. átti sérstaklega að vinna fyrir. Ég býst við því, að þetta hafi þótt undarlegt, og ég varð nokkuð var við það, og ég hugsa, að það hafi ekki greitt fyrir því að auka áhuga manna á þessu úrræði, því að mönnum sýndist í þessu tilfelli, eins og mönnum hefur alltaf sýnzt og ég nefndi áðan, að sá þekki skókreppuna bezt, sem skórinn kreppir að, og að í þessu máli hefði átt að kveðja til fulltrúa frá þeim, sem ætlað var að hefðu þarna þröngan skó.

Nú er ekki verið að ræða um þetta mál hér, samein-

ingu sveitarfélaga, en það er ýmislegt í sambandi við undirbúning þessa frv. og þó sérstaklega í sambandi við ákvæði, sem í því eru, sem minnir mig á þetta forna máltæki um Ólaf kóng. Ég kem nánar að því síðar.

Í nýju læknaskipunarlögunum frá 1965 kom fram mikil viðleitni til þess að ráða bót á miklu vandamáli. Viðleitni er því miður ekki alltaf sama og árangur. En í þessum l. og nýmælum þeirra var einkum leitað þriggja úrræða. Fyrsta úrræðið var að bæta kjör héraðslækna í þeim héruðum, þar sem erfiðast hefur gengið að fá menn til starfa, og hæstv. ráðh. vék að því hér áðan, en l. gera ráð fyrir, að það verði gert á ýmsan hátt, og ég hygg, að um þær kjarabætur eða bætur á aðstöðu, sérstaklega kjarabætur, sem þar er um að ræða, orki það ekki tvímælis, að þær voru töluverðar, enda vil ég taka undir það, sem hæstv. ráðh. sagði hér áðan, að ég hygg, að ástæðan fyrir læknaskortinum í dreifbýlinu sé ekki sú, að læknar þar hafi ástæðu til að telja sig hafa það lágar tekjur, að engan veginn sé við það unandi miðað við aðra. Það eru aðrar ástæður, sem hér er um að ræða og þessu valda, og að því var einnig nokkuð vikið í ræðu hæstv. ráðh. En þetta var sem sé fyrsta úrræðið, sem leitað var og ég man eftir. Annað úrræðið var það, sem felst í 9. gr. l. Þar var gert ráð fyrir, að heimilt væri að greiða ⅔ af launum til hjúkrunarkvenna, sem ráðnar væru til starfa í læknishéruðum. Mér er ekki fullkunnugt um það, hver árangur hefur af því orðið, en mun kannske víkja að því síðar. Þriðja úrræðið voru svo þessar læknamiðstöðvar, sem aðeins lauslega er vikið að í l. og nú eru hér til frekari umr. Ég held, að þetta hafi verið aðalúrræðin, sem í l. fólust. Það voru að vísu margs konar ráðstafanir, sem þarna komu til greina, en ég hygg, að þær megi flokka undir þessi úrræði, sem ég nú hef nefnt.

Eins og hæstv. ráðh. vék að í framsögu sinni, var í byrjun septembermánaðar hér í Reykjavík haldin læknaráðstefna eða heilbrigðismálaráðstefna, sem tengd var 50 ára afmæli Læknafélags Íslands, að ég ætla. Ég hef gert mér nokkurt far um það að kynna mér það, sem fram fór á þessari ráðstefnu, þó að ég væri þar ekki, og ég hef m. a. lesið með athygli þau merkilegu erindi, sem þeir fluttu þar, Örn Bjarnason héraðslæknir í Vestmannaeyjum um læknamiðstöðvar í þéttbýli og Gísli Auðunsson héraðslæknir á Húsavík um læknamiðstöðvar í strjálbýli. Það, sem þessir læknar hafa lagt til mála á undanförnum árum, sérstaklega annar þeirra, er mjög athyglisvert og ástæða til þess að fylgjast með því, sem þeir leggja til máls, þegar það kemur fram. Þetta eru ungir menn, útskrifaðir úr læknadeildinni fyrir fáum árum, og hafa ekki, að ég held, farið utan til framhaldsnáms, en í stað þess farið í héruð og gegnt héraðslæknisstörfum nú um skeið, aflað sér þar reynslu, og það sýnir sig, að þetta eru miklir áhugamenn. Þeir hafa að vísu ekki — ég held hvorugur þeirra — starfað í neinu þeirra héraða, sem við mesta erfiðleika eiga að stríða í sambandi við læknaskortinn, en þeirra orð eru merk eigi að síður.

Þetta úrræði, læknamiðstöðvar, hefur verið á dagskrá hér á landi í nokkur ár. Og það hefur verið gerð tilraun til að koma upp slíkum miðstöðvum líklega á einum tveim eða þrem stöðum í landinu. Ég tel sem leikmaður, að þessi hugmynd um læknamiðstöðvar sé mjög merkileg og hana beri að styðja og veita athygli till., sem fram koma frá hinum ungu læknum um þetta mál, og meira en það. En ég vil leyfa mér að vekja athygli á því, að læknamiðstöðvar, sem fyrst og fremst hafa verið reyndar erlendis, eru þar reyndar sem þéttbýlisúrræði. Þar, sem ég þekki til þessara mála erlendis, og það er nú reyndar ekki víða, þá hafa slíkar læknamiðstöðvar verið settar á stofn í stórborgum og yfirleitt nokkuð víða í þéttbýli, og starfsemi þeirra þar er byggð á þeim skilyrðum, sem þéttbýlið veitir og stórborgirnar. Ég kynntist t.d. ofurlítið slíkum miðstöðvum í Nýja-Englandi í Bandaríkjunum, og þar virtist mér það vera þannig, að læknamiðstöðvarnar væru í borgum og í sambandi við spítalana, og þar er gangur málanna þannig í sambandi við læknaþjónustuna, að þegar einhver verður snögglega veikur eða eitthvað er að, hvort sem þar er um að ræða slys eða snögg veikindi, sem enginn veit, af hverju stafa, þá er ekki almennt sá háttur hafður á, sem við þekkjum bezt hér, að það sé símað til læknisins og hann beðinn að koma eða læknirinn sóttur, sem við köllum, heldur er farið með sjúklinginn í læknamiðstöðina. Læknarnir segja: Þetta er það, sem veitir sjúklingnum skjótasta hjálp, og þetta er það sem veitir sjúklingnum árangursríkasta hjálp. Og þetta sparar líka vinnutíma læknanna. En þar sem þetta fyrirkomulag tíðkast, svona læknamiðstöðvar í borgunum, þá er nú töluvert öðruvísi umhorfs en hér. Bæði er veðurfarið öðruvísi, og þar eru alls staðar malbikaðir vegir, ekki einungis götur borganna, heldur eru allir þjóðvegir malbikaðir og færir alla daga og nætur árið um kring, þannig að það er í raun og veru ekki örðugt, jafnvel þótt sjúklingur hafi orðið fyrir slysi eða sé mikið veikur, að koma honum til læknisins og til hinnar fullkomnustu meðferðar á hverjum stað. Þetta er auðvitað allt annað en tíðkast hér á landi. Ég held, að það eina, sem sé öruggt í sambandi við þetta hér, sé það, að svona læknamiðstöð gæti komið að miklu gagni t. d. hér í höfuðborginni, í Reykjavík, og í hinum fjölmennari kaupstöðum landsins, eins og t.d. í Vestmannaeyjum, og Örn Bjarnason lýsir því skilmerkilega í sínu ágæta erindi á heilbrigðismálaráðstefnunni, hvernig læknamiðstöðin, sem þar er að taka til starfa, hagi sínum daglegu störfum. Hins vegar verðum við að hafa það í huga, þegar um læknamiðstöðvar er talað sem úrræði gegn læknaskortinum og hinni ófullkomnu heilbrigðisþjónustu í dreifbýlinu, að þar er allt á tilraunastigi. Þetta fyrirkomulag hefur lítið og yfirleitt ekki verið reynt í strjálbýli erlendis, svo að ég viti, og hér á landi erum við að prófa okkur áfram með þetta.

Hitt er svo það, að þó að þetta, læknamiðstöðvar í dreifbýlinu, séu hér á algeru tilraunastigi og á þær verði að líta sem tilraun, þá er auðvitað ekki þar með sagt, að þetta kunni ekki að geta leyst að meira eða minna leyti vandann í dreifbýlinu. Við vitum það ekki enn þá. Það getur verið. Við skulum vona, að þær geti gert það. En við megum ekki ganga út frá því, að þetta sé úrræði, sem við getum lagt fram og boðið upp á til þess að leysa þennan átakanlega vanda.

Gísli Auðunsson, sem ég nefndi áðan, héraðslæknir á Húsavík, er sá maður, sem einna mest hefur rætt læknamiðstöðvarnar út frá þessu sjónarmiði, þ.e.a.s. út

frá sjónarmiði dreifbýlisins. Hann ritaði um þetta, að ég ætla, ýtarlegar greinar, sem birtust í öllum dagblöðunum hér í Reykjavík – eða flestum – fyrir tveimur eða þremur árum, og nú hefur hann flutt þessa ræðu, sem einnig hefur verið birt í blöðum eða a.m.k. einu dagblaði hér, Tímanum, þar sem ég las ræðuna. Gísli Auðunsson læknir er, eins og ég sagði, mikill áhugamaður um þessi efni, og hæstv. ráðh. las hér áðan kafla úr ræðu hans á læknaráðstefnunni, þar sem hann fjallar um ástæðurnar til þess m.a., að ungir læknar séu ófúsir til þess að verða héraðslæknar í dreifbýlinu, og hvernig þar mætti úr bæta, hvernig e. t. v. mætti gera þá fúsari til þess að starfa sem héraðslækna. Ég vil ekki leggja neinn dóm á skoðanir hans um það efni, en mér þykir líklegt, þar sem hann hefur mjög hugsað það mál, að þá felist í þeim sitt af hverju, sem ekki verði andmælt með rökum. En Gísli Auðunsson hefur gert meira en að skrifa um þetta. Hann hefur gert tilraun til þess sjálfur að horfast í augu við vandann, og eftir því sem mér skilst, hefur hann lagt í það vinnu að gera beinlínis till. um skiptingu landsins í héruð, og till. hans er sú, að í stað 55 eða 57 læknishéraða, sem nú eru í landinu samkv. l., ættu að koma 27-30. Hann gerir ráð fyrir því, að í þessum læknishéruðum verði læknamiðstöðvar og við hverja miðstöð verði fæstir tveir læknar og þar sem fjölmennara er þrír o.fl. En samkv. læknishéraðatill. hans er gert ráð fyrir, að héruð með tveim læknum verði 6-9, en þrír eða fleiri læknar í hinum flestum. En þó að Gísli Auðunsson hafi mikla trú á læknamiðstöðvum og það sjálfsagt með réttu, þá hefur hann samt við að horfast sjálfur í augu við vandann og gera sjálfur till. um skiptingu landsins í læknishéruð komizt að þeirri niðurstöðu, að læknamiðstöðvarnar leysi ekki allan vandann. Og að það sé ekki framkvæmanlegt að leggja niður öll núverandi læknishéruð. Í einhverjum héruðum verði að gera ráð fyrir, að verði einn læknir starfandi. Hann gerir ráð fyrir því, að ekki verði komizt hjá því að halda 5-7 læknishéruðum sem einmenningshéruðum. Þegar á þetta er litið, er það ljóst, að till. eins og sú, sem hér liggur fyrir um læknamiðstöðvar, leysir að líkindum ekki vanda héraðanna, sem verst eru sett, héraðanna, sem minnstar líkur eru til þess að fái lækni, héraðanna, sem eftir sem áður verða að vera einmenningslæknishéruð. Sú staðreynd, sem Gísli Auðunsson hefur leitt í ljós með því að horfast sjálfur í augu við vandann um skiptingu læknishéraðanna, stendur hér, og við verðum að horfast í augu við hana, enda þótt það kunni að koma í ljós, að læknamiðstöðvarnar geti orðið almennt úrræði víða á landinu til úrbóta í þessum efnum.

Ef við lítum yfir land okkar, hvernig það er lagað, og ef við rifjum upp okkar eigin reynslu, sem höfum átt heima í þessum byggðum og eigum, þá gerum við okkur það auðvitað ljóst, hvernig á því stendur, að svo miklir erfiðleikar eru á því að láta læknamiðstöðvar þjóna öllu landinu, og áhugamaður eins og Gísli Auðunsson læknir hlýtur að gera sér það ljóst. Það eru heiðarnar, það eru fjöllin, sem skilja að byggðarlög þessa lands, og það er veðráttan, það er vetrarveðráttan, og það er hið þriðja, sem kann að vera á mannanna valdi, og það eru samgöngurnar í landinu. Nú eru í ýmsum hlutum landsins samgöngur þannig á landi, að þar eru vegir, sem, þótt þeir séu allvel færir og sýnist kannske góðir á sumrin, verða ófærir meira og minna um vetrartímann vegna snjóalaga. Það kann að vera hægt að ráða bót á þessu. Það kann að vera hægt að gera vegi, sem eru að mestu leyti færir allan veturinn, um ýmsa af þessum fjallvegum, sem nú teppast af snjó og um ýmsar sveitir, þar sem vegirnir einnig teppast af snjó. Það eru ekki eingöngu millibyggðavegirnir, sem teppast, heldur eru það því miður æðivíða einnig vegirnir um byggðirnar sjálfar. Það eru vegir, sem hafa verið lagðir af vanefnum, ruddir vegir, sem eru jafnháir yfirborði jarðar eða jafnvel lægri og þó að þeir geti verið góðir á sumrin, fyllast af snjó, undireins og um verulegar úrkomur er að ræða að vetrinum. En kannske gætum við leyft okkur að fara að líta á það sem heilbrigðismál að gera sæmilega fullkomna vegi í dreifbýlinu, milli byggðanna og um byggðirnar, þar sem þá vantar. Og ef við værum búin að koma okkur saman um að gera slíka vegi og sæjum ráð til þess að gera þá, þá gætum við kannske farið að nota miklu meira úrræðin, sem um er talað í þessum efnum, ef við vildum fara að líta á þessa vegagerð öðrum þræði sem heilbrigðismál og lausn á þessum mikla læknavanda.

Hæstv. ráðh. gat þess, að hann hefði haldið fund í stjórnarráðinu, m.a. að áeggjan þm. af Austurlandi, sem hefðu borið fram kvartanir sinna umbjóðenda um ástand heilbrigðismálanna. Og hann gat þess, að hann vildi gjarnan leysa þeirra vanda og annarra og að það hefði verið leitað ýmissa nýrra úrræða. T.d. hefði verið rætt við læknana á Landsspítalanum, að þeir skiptust á um það að gegna þjónustu úti í héruðum, en ættu auðvitað jafnharðan afturkvæmt að sínu starfi á spítalanum. Hann lét þess getið, að það kæmi til mála að bæta aðstöðu Landsspítalans að þessu leyti, og skildi ég hann svo, að hann ætti þá við það að fjölga þar læknum, þannig að fleiri yrðu til starfa en þar hafa verið og þeir mættu fremur sjá af mönnum til þessarar þjónustu. Þetta finnst mér athyglisvert úrræði í sambandi við Landsspítalann, og kynni einnig að vera það í sambandi við fjórðungssjúkrahúsin og e.t.v. fleiri sjúkrahús, að styðja sjúkrahúsin til þess að hafa fleiri lækna gegn því, að læknarnir sinni að einhverju leyti þjónustu í læknislausum héruðum. Og ég held, ef við vinnum að þessu máli, vinnum stöðugt að þessu máli, að það kunni að koma í ljós ýmiss konar úrræði. Ég hef trú á því, ýmiss konar úrræði, sum kannske nokkuð dýr, önnur kannske ekkert sérstaklega dýr. Hér hefur verið minnzt á þyrlur, að hafa þyrlur á verði. Það er náttúrlega ágætt, en sjálfsagt nokkuð dýrt. En gallinn er sá náttúrlega, að það er ekki ævinlega fært fyrir þyrlu, sjálfsagt oft, en ekki ævinlega fært fyrir þyrlu. Það getur verið þannig veður á okkar landi, að jafnvel þyrlu sé ekki fært, þar sem veðrin eru hörðust um landið á vetrum, alveg eins og þegar slík veður koma á sjónum, að ekki er neinni fleytu fært. En allt er þetta góðra gjalda vert, að að þessu sé hugað.

Ég vil einnig leyfa mér að minna á eitt af þeim úrræðum, sem ég nefndi áðan og ákvæði eru um í læknaskipunarlögunum frá 1965, en það er, að í héruðum séu fengnar til starfa héraðshjúkrunarkonur, sem í neyðartilfellum gætu komið í stað héraðslæknis, þegar hann er með öllu ófáanlegur. Ég veitti því athygli í

haust, að á áðurnefndri læknaráðstefnu hafði hjúkrunarkona flutt erindi. (Gripið fram í.) Hæstv. ráðh. segir, að þær hafi verið tvær, en ég hafði ekki veitt athygli öðru en þessari ræðu tiltekinnar hjúkrunarkonu. Það er héraðshjúkrunarkona, sem hefur starfað á Flateyri í Vestur-Ísafjarðarsýslu í 15 mánuði, að sagt er, hún heitir Auður Angantýsdóttir, og flutti erindi um starf sitt. Þar segir svo, að á Flateyri hafi enginn læknir verið og engin ljósmóðir og engar samgöngur við staðinn á landi frá því í desember og fram í apríl, telur það nokkuð venjulegt. Á Flateyri er þó sjúkraskýli, sæmilega búið tækjum, og starfaði Auður í því. Héraðslæknirinn á Þingeyri hafði umsjón með störfum Auðar, og hringdi hún í hann og spurði ráða, eftir að hún hafði skoðað sjúklinga. Gaf hann síðan fyrirmæli um lyf og meðferð. Vinnudeginum sagðist hún skipta þannig, að á morgnana fór hún í heimavitjanir, annaðist hjúkrun og ungbarnaeftirlit. Um miðjan daginn hafði hún síðan opið apótek, en hún lét sjúklinga hafa lyf eftir fyrirsögn læknis, og einnig tók hún á móti fólki á sama tíma. Síðari hluta dagsins annaðist hún ljósböð og slíka meðferð. Hún annaðist t.d. að sauma saman sár og taka röntgenmyndir. Þá kom það nokkrum sinnum fyrir, að hún varð að gipsa og spelka til bráðabirgða, í sambandi við beinbrot sjálfsagt, en á tímabilinu þurfti einnig nokkrum sinnum á aðstoð varðskips að halda til þess að flytja sjúklinga á sjúkrahús á Ísafirði. Svo segir hún, að héraðslæknirinn, sem sat á Þingeyri, hafi komið einu sinni í viku, ýmist með varðskipi eða þá gangandi yfir heiði. Hjúkrunarkonan segir:

„Ég tel, að héraðshjúkrunarkonur með staðgóða undirbúningsmenntun geti starfað í dreifbýlinu, þar sem langt er til lækna, geti þar innt af hendi þýðingarmikla þjónustu með því að halda uppi reglubundnu eftirliti með sjúklingum, leyst úr minni háttar vandamálum í samráði við lækni símleiðis, gert honum grein fyrir erfiðari tilfellum, þannig að hann eigi auðveldara með að ákveða, hvenær nauðsynlegt er fyrir hann að takast á hendur langa ferð. Þessi þjónusta gæti því aukið öryggi þeirra staða, þar sem læknar eru ekki til starfa."

Ég hefði gjarnan viljað heyra hæstv. ráðh. segja frá því, hvað frekar hefur gerzt í þessu máli í sambandi við héraðshjúkrunarkonurnar og hvert álit hans er á því úrræði eða þeirra, sem hann hefur spurt um þá hluti. En þarna er mjög sennilega eitt af þeim úrræðum, sem verður að nota meira en er gert til þess að bæta úr neyðarástandi. Og vera má, að ríkið ætti jafnvel að leggja meira fram en í l. er gert ráð fyrir, til þess að þetta ráð gæti komið að gagni, ef þess þyrfti með og á því strandaði. En það er sjálfsagt ekki dýrara en ýmislegt annað, sem verið er að reyna.

Ég nefni þetta til þess að benda á það, að þegar menn leggja heilann í bleyti, sem kallað er, og bera ráð sín saman, þá kunna að finnast ýmis ráð, og það er sennilega ekkert eitt ráð, eins og t.d. læknamiðstöðvar, sem dugir til þess að leysa vanda allra íslenzkra byggða í þessum efnum. Menn hafa öðru hverju leyft sér nokkra bjartsýni í þessum efnum, t.d. í sambandi við það, að nú á þessu hausti hafa innritazt í læknadeildina miklu fleiri stúdentar en nokkru sinni áður, ég held tvisvar eða þrisvar sinnum fleiri. En auðvitað er það, að þó að þetta fólk sé að byrja nám í læknisfræði, líða mörg ár, þangað til það hefur lokið því, og auðvitað höfum við enga tryggingu fyrir því, að tímarnir breytist að því leyti, að læknarnir, þótt miklu fleiri yrðu, verði frekar þess sinnis að starfa í einmenningslæknishéruðum, sem svo hafa verið kölluð. En þó er skynsamlegt að álykta sem svo, að þeir, sem það vilja, verði hlutfallslega því fleiri, sem fjöldi útskrifaðra lækna verður meiri.

Ég vil svo með nokkrum orðum víkja að frv., sem hér liggur fyrir, nánar en ég þegar hef gert, og í framhaldi af þeim ummælum, sem ég hafði í byrjun ræðu minnar almenns efnis um það tillitsleysi, sem stundum kemur fram í garð hlutaðeigandi, þegar stjórnarvöld eru að reyna með góðum hug að leysa þeirra vanda.

Þessi frvgr., sem hér er um að ræða, 1. gr. frv., fjallar jafnframt læknamiðstöðvum um sameiningu læknishéraða. Í gildandi l. eru ákvæði um þetta, í 4. gr. og víðar, ákvæði um sameiningu læknishéraða, þ.e.a.s. um vissa heimild ráðh. til slíkrar sameiningar. En þar er þessi heimild ráðh. til sameiningar læknishéraðanna ákaflega takmörkuð, og afstaða þm. til þess efnis var sú, þegar þessi lög voru til meðferðar, að menn voru mjög tregir til þess að ganga langt í því að heimila ráðh. sameininguna, vildu binda það vissum skilyrðum, sem þýddu það, að þetta væri ekki gert nema þar, sem telja mætti, að það væri svo að segja óhjákvæmilegt. Íbúar þeirra læknishéraða, sem búa við læknisleysi eða hafa ekki lækni nema öðru hverju, telja sig eiga þó nokkurt öryggi í því, að héraðið sé læknishérað, héraðið sé að lögum læknishérað. Á meðan læknishérað er í lögum, segja menn sem svo, að það sé alltaf von um, að þangað komi læknir, en ef héraðið sé lagt niður, þá sé engin von. Og við skulum gera okkur grein fyrir því hér í þessum sal, að hluti af því stríði, sem fólk í strjálbýlinu heyr nú vegna læknisleysisins, er fólginn í öryggisleysistilfinningunni, sem margir verða haldnir af, þegar læknir er ekki til staðar. Þó að við vitum öll, að möguleikar læknis til að hjálpa geta verið takmarkaðir og stundum engir, þá finnst fólki samt alltaf öryggi í því, að læknirinn sé nærri, að það sé unnt að ná til hans. Það veitir mönnum þrek, t.d. þeim, sem við heilsubrest eiga að stríða. Nú er í þessu frv. ráðh. veitt ákaflega mikið vald, og mér dettur ekki í hug að gera ráð fyrir því, að hæstv. núv. heilbrmrh. hugsi sér að misnota það vald á neinn hátt. Ég hygg, að hann sé ekki þess sinnis. En það er gert ráð fyrir, að þannig verði þessi lög. Greinin hljóðar svo eða upphaf hennar:

„Ráðh. er heimilt eftir till. landlæknis að breyta skipan læknishéraða samkv. 1. gr. þessara l. og sameina í eitt læknishérað tvö eða fleiri nágrannahéruð eða hluta úr héraði (héruðum), svo fremi að staðhættir og aðrar aðstæður leyfi. Skal hið nýja læknishérað hljóta nafn þess héraðs, þar sem læknamiðstöð verður sett á stofn." Síðan segir: „Áður en slík sameining er framkvæmd, skal leita álits stjórnar Sambands ísl. sveitarfélaga, Tryggingastofnunar ríkisins, stjórnar Læknafélags Íslands, svo og hlutaðeigandi héraðslækna, ef héruð þau, sem sameina á, eitt eða fleiri, eru skipuð héraðslæknum," — annars náttúrlega ekki.

Ég kann ekki við þetta ákvæði. Mér finnst, að heilbrigðisstjórninni sé hér í l. veitt allt of mikið vald og það vald sé allt of litlum skilyrðum bundið, og mér geðjast

ekki að því, að fólkið, sem við læknavandann á að stríða, fái þær fréttir helztar í þessu máli, að heilbrigðisstjórninni, ráðh. og landlækni, þótt ágætur maður sé, þeim hafi verið veitt vald til þess að sameina læknishéruð, leggja niður læknishéruð, sem nú eru starfandi, hvar sem er á landinu, aðeins með því skilyrði, að þeir hafi áður leitað álits nokkurra stofnana hér í Reykjavík, Sambands ísl. sveitarfélaga, sem hefur aðsetur hér í Reykjavík, stjórnar Læknafélagsins og Tryggingastofnunarinnar. Ráðh. og landlækni er aðeins lögð sú skylda á herðar að leita þessara álita, en þeir þurfa ekki að fara eftir þeim, jafnvel þótt þau væru öll andvíg slíkri sameiningu og niðurlagningu læknishéraða, sem raunar þarf nú varla að gera ráð fyrir, að þessar stofnanir, sem hér eru nefndar, færu að setja sig á móti því, sem yfirstjórn heilbrigðismála hefði hugsað sér í þessu máli. Það er héraðslæknirinn einn, ef hann er þá til, sem má segja að hafi staðarlega reynslu í sambandi við slíka ákvörðun, og þá er þó þess að gæta, að hann væri væntanlega staðsettur í því héraðinu, þar sem læknamiðstöðin yrði sett.

Í framhaldi af því, sem ég sagði hér í upphafi um undirbúning, veit ég það að vísu, að í þeirri n., sem heilbrmrh. skipaði árið 1967, voru mætir menn. Einn þeirra mun nú vera látinn. En enginn þessara manna var samt læknir, að ég held, sem starfað hefur í einhverju þeirra héraða, sem í mestu stríði hafa átt vegna læknaskortsins. Ég hefði álitið, að það hefði verið mjög tilhlýðilegt að fá í þessa n., ef þar áttu einkum að vera læknar og fræðimenn, slíka lækna, lækna, sem hafa einmitt starfað í héruðum, sem nú stríða við vandann og hafa strítt í mörg ár. Það má kannske segja, að það sé ekki hægt að taka slíka menn frá sínu starfi. En þá má minna á það, að slíkir menn fyrirfinnast nú hér í Reykjavík, læknar, sem hafa gegnt þjónustu og henni sumir lengi í þeim héruðum, sem hér eiga hlut að máli. Ég minnist þess, að hér í Reykjavík er t.d. maður, sem í eina þrjá eða fjóra áratugi var héraðslæknir í héraði, sem öðru hverju hefur verið læknislaust undanfarið, og ég man eftir öðrum, sem um 10 ára skeið gegndi slíku héraðslæknisstarfi og þurfti oftar en einu sinni að þjóna ekki einungis sínu héraði, heldur tveimur og jafnvel þremur læknishéruðum samtímis. Slíkur maður fyrirfinnst hér á höfuðborgarsvæðinu, og hefði ekki þurft að taka neinn mjög vant við látinn héraðslækni úr starfi til þess að hafa samráð við um þessa hluti. Og af læknum eru það náttúrlega slíkir menn, sem mesta persónulega reynslu hafa í þessum efnum og líklegastir eru til að geta sagt heilbrigðisstjórninni frá því, hvernig læknisstarfið er í slíkum byggðarlögum, hefur verið og er, og hvernig því var sinnt á þeim áratugum, sem þeir leystu það af hendi.

Ég er leikmaður á þessu sviði. En mér finnst, að þeir, sem fyrst og fremst á að spyrja um það, hvað þeir leggi til, að fyrir þá sé gert, og kannske, hvað þeir vilja með engu móti, að fyrir þá sé gert, sé fólkið sjálft í læknishéruðunum, sem ekki hafa haft lækna. Og mér finnst það misráðið að ætla sér að sameina læknishéruð og leggja niður læknishéruð án þess að leita um það álits þessa fólks, eða fyrirsvarsmanna þeirra. Mér finnst, að það ætti jafnvel að gera meira, að það ætti að taka fullt tillit til álits þessa fólks, eins og það virðist koma fram, t. d. meiri hl. sveitarstjórna eða slíkra. Mér finnst, að það ætti að gera. Það getur verið, að ég eigi eftir að skipta um skoðun á því, en á þessu stigi finnst mér, að það eigi að gera og að það eigi ekki að sameina læknishéruð og fella niður læknishéruð aðeins að nokkrum ríkisstofnunum hér í Reykjavík spurðum, án þess að hafa svo mikið sem spurt fólkið, sem hér á hlut að máli og menn sjálfsagt af góðum hug ætla sér að hjálpa.

Við eigum ekki að hugsa okkur það, finnst mér, að framkvæma þessar hjálparráðstafanir í trássi við fólkið, sem á að njóta þeirra. Það er ekkert unnið við það að gera lögin þannig úr garði, að fyrirsjáanlegt sé, að þau kunni að verða framkvæmd í trássi við þá, sem eiga að njóta hjálparinnar, heldur auðvitað í samstarfi. Ég hef enga trú á því, að það fólk sé svo skyni skroppið, sem í þessum landshlutum á heima, sem nú eru í vanda staddir, að það geti ekki verið til viðtals, að það þýði ekki að tala við það um ráðstafanir, sem góðir menn álíta að séu til hjálpar, — að það þýði ekki að tala við það. Ég held, að það þýði mjög mikið að tala við það, og ég held, að það mundi aldrei vera nema til góðs, að það sé gert, og eigi að gera það. Það eigi sem sé að leita tillagna, t.d. sveitarstjórna í hinu væntanlega sameinaða læknishéraði, og það eigi eftir einhverjum reglum að fara eftir þeim till., sem það an koma, jafnvel þótt þær kunni að vera aðrar en heilbrigðisstjórnin hér hefur í huga, því að það er þó þetta fólk, sem í hlut á. Það veit, hvar skórinn kreppir, og það vill áreiðanlega losna við þá skókreppu.

Þetta vil ég nú segja til athugunar fyrir hv. n. og hæstv. ráðh., sem ég geri ráð fyrir, eftir því sem hann sagði, að sé fús til viðræðu um þessi efni. Það kynni að vera fleira, sem ég teldi ástæðu til að minnast á í sambandi við orðalag frv. Ég sé t.d., að í síðustu mgr. 1. gr. er talað um þau tilfelli, þegar óhjákvæmilegt sé, að haldið sé uppi föstum viðtalstíma læknis í „þéttbýliskjarna“ utan læknamiðstöðvar, og skal þá landlæknir að fengnu áliti viðkomandi héraðslækna gera till. til ráðh. um tíðni slíkra viðtalstíma á hverjum stað. Ég hnaut um þetta orð þarna: „þéttbýliskjarni“. Ég veit nú ekki almennilega, hvað þéttbýliskjarni er, en mér skilst, að það sé einhver kjarni í þéttbýli, einhver kjarni innan þéttbýlis. Annað hugtak skylt höfum við notað nú um sinn, sem er orðið „byggðakjarni“. Það er litið á það svo, að byggðakjarni sé þéttbýlisstaður, sem mörg byggðarlög liggja að. Ég mundi nú heldur kjósa að nota það orð. – Ég er alveg að verða búinn, herra forseti, – það er nú það út af fyrir sig, hvaða orð maður vill nota. En ég tel þetta svolítið vafasamt og vil benda n. á, að slíkur staður, þar sem læknir hefur viðtöl við fólk, þurfi endilega að vera í þorpi eða litlum bæ. Hann getur alveg eins verið á einhverjum sveitabæ, skulum við segja, eða í samkomuhúsi í dreifbýli. Við vitum dæmi þess, að sums staðar eru héraðslæknar enn staðsettir á sveitabæjum, sem liggja vel við samgöngum, og ég sé ekki, að það sé ástæða til þess að binda þessi viðtöl eingöngu við þorp eða bæi. En þetta er ekkert stórmál. Ég vil aðeins leyfa mér að benda á þetta til athugunar fyrir n. og skal nú láta máli mínu lokið.

Umr. frestað.

Á 6. fundi í Nd., 28. okt., var fram haldið 1. umr. um frv.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Þegar mál þetta var hér síðast á dagskrá, hafði ég kvatt mér hljóðs, af því að ég vildi gera nokkra grein fyrir afstöðu minni til þessa máls.

Hæstv. heilbrmrh. gerði hér allýtarlega grein fyrir þessu frv. og fyrir þeim erfiðleikum, sem við er að etja í læknaskipunarmálum landsbyggðarinnar, en eins og hv. þm. er kunnugt, er þar við mikla erfiðleika að stríða, því að það virðist vera svo, að það takist grátlega seint að ráða fram úr þeim mikla vanda að tryggja landsbyggðinni sómasamlega læknisþjónustu.

Þegar læknaskipunarlögin voru hér síðast til meðferðar á Alþ., eða árið 1965, voru gerðar allverulegar breytingar, sem ætlað var, að gætu orðið til þess að greiða nokkuð fyrir því, að læknar fengjust til þess að þjóna læknishéruðum úti um land. Það er enginn vafi á því, að það, sem þá var samþ., miðaði í rétta átt og hlaut að vera fremur hvetjandi fyrir lækna til þess að taka að sér þessi störf heldur en hitt. Það var þó álit okkar margra, sem um þær till. fjölluðum, að það væri hæpið, að þær dygðu til þess að leysa þetta mikla vandamál, og sú hefur líka orðið raunin á. Nú er með þessu frv. lagt til að bæta hér enn nokkuð úr. Það er lagt til, að komið verði upp sérstökum læknamiðstöðvum og ríkið leggi þar fram nokkru meira fé til þess að gera aðbúnað læknanna enn betri en nú er. Ég vil fyrir mitt leyti taka undir það, sem hér kom fram hjá hæstv. ráðh. Ég álít, að hér sé stefnt í rétta átt, þetta geti í vissum tilfellum orðið nokkur hjálp. En hins vegar vil ég lýsa því yfir sem minni skoðun, að ég held, að þó að þetta frv. verði nú samþ. til viðbótar við fyrri ráðstafanir í þessum málum, þá muni það fjarri því leysa þann vanda, sem hér er við að glíma, og ætla ég, að hæstv. ráðh. hafi einnig gert sér fulla grein fyrir því, eins og kom fram í ræðu hans. Það er alveg víst, að vandinn í þessum tilfellum stafar ekki af því fyrst og fremst, að laun lækna séu ekki orðin sæmileg eða sambærileg við laun annarra starfsmanna, og vandamálið stafar ekki heldur að mínum dómi fyrst og fremst af því, að aðbúnaður lækna í læknishéruðum úti á landi sé ófullnægjandi. Eflaust er það í ýmsum tilfellum, að þarna kann nokkuð á að skorta, sem sagt, að launin séu ekki nægilega góð í einstaka héruðum, eða aðbúnaður sé enn ófullnægjandi. En því er alls ekki til að dreifa í nándarnærri öllum þeim tilfellum, þar sem er þó um áberandi læknaskort að ræða.

Hæstv. heilbrmrh. gat þess hér í sinni ræðu, að ástandið í læknamálum á Austurlandi væri t.d. nú mjög alvarlegt og hans rn. hefði nokkuð með þessi mál að gera og væri að reyna að greiða úr þessum vandamálum. Ég efast ekkert um það, eftir að hafa átt viðræður við hæstv. ráðh. um þessi mál, að hann mun gera það, sem í hans valdi stendur, til þess að reyna að ráða bót á þessum miklu vandamálum þar eystra, og það efast ég ekki heldur um, að það mun landlæknir gera, sem mikið hefur með þessi mál að fást, eftir því sem hans geta stendur til. En á Austurlandi er þessu þannig farið nú, að á svæðinu frá Hornafirði austur um til Fáskrúðsfjarðar er enginn læknir, á Fljótsdalshéraði vantar einn lækni, á Eskifirði og Reyðarfirði er enginn læknir og í Neskaupstað vantar tvo lækna, héraðslækninn og aðallækninn að sjúkrahúsinu, þar er nú aðeins starfandi aðstoðarlæknir við sjúkrahúsið, og á Seyðisfirði er í rauninni einnig læknislaust, því að héraðslæknirinn er þar að fara úr starfi. Þannig er ástandið á Austurlandi nú, að það má segja, að Austurland sé að verða læknislaust. Eins og menn vita, er ekki aðeins sá vandi í þessum efnum, sem snýr að Austfirðingum sjálfum. Um þetta leyti árs getur verið þar um að ræða jafnvel menn svo að skiptir þúsundum, ekki minna en 2–3 þús. aðkomumanna, sem verða að hafa störf sín þar eystra um þetta leyti og fást við þannig störf, að æðioft ber það við, að óvænt slys ber að höndum, og þá er illa komið, þegar læknismálunum er skipað á þann hátt, sem er nú á Austurlandi. Veit ég, að heilbrigðismálastjórnin gerir sér grein fyrir þessu og hún reynir að leita úrbóta í þessum efnum. En þegar þessi mál þar eystra eru virt fyrir sér, kemur það fljótlega í ljós, að á fæstum þessum stöðum, ef ég segi ekki á þeim öllum, er því alls ekki til að dreifa, að laun læknanna séu lág. Þvert á móti munu í ýmsum tilfellum laun lækna á þessum svæðum hafa verið samkv. opinberum skýrslum mjög há, að ekki sé meira sagt, á sumum stöðunum – mjög há. Og því verður varla trúað, að læknar beri því við, að þeir sæki ekki í þessi héruð vegna þess, að þarna sé kaupið of lágt. Þá kemur upp hitt sjónarmiðið, sem nokkuð hefur borið á, þegar reynt er að finna skýringar á þessum vanda, að héraðslæknar úti á landi búi við ófullnægjandi vinnuskilyrði eða þeim þyki, að þeir séu mjög einangraðir í störfum, og því þurfi m.a. að leita þeirra ráða, sem koma fram í þessu frv., að vinna að því að byggja upp læknamiðstöðvar. En í þessum efnum vil ég benda á það, að ekki get ég annað séð en t.d. í Neskaupstað hafi öll þessi skilyrði verið fyrir hendi. Þar hefur raunverulega verið komið upp hreinni læknamiðstöð, á svipaðan hátt og hér er gert ráð fyrir. Þar er mjög góð aðstaða, óvenjugóð aðstaða í sjúkrahúsi, þar sem læknarnir hafa haft sína vinnuaðstöðu og getað unnið saman. Þar hafa verið þrír læknar, eða áttu að vera þrír læknar og stundum verið það, og þrátt fyrir mjög góðar tekjur, góða vinnuaðstöðu og þessa möguleika að geta rekið saman læknamiðstöð, eftir því sem læknarnir hafa viljað halda á þeim málum, tekst eigi að síður ekki með neinum eðlilegum hætti að útvega menn í þessi störf.

Ég vildi aðeins, að þetta kæmi hér fram, til þess að menn áttuðu sig á því, að hér er um mjög vandasamt úrlausnarefni að ræða, og ég held, að bót á þessum vanda verði ekki ráðin að fullu með því að samþykkja frv. eins og það, sem hér liggur fyrir. Hér þarf miklu meira að koma til. Ég vil t.d. benda á það, að fram hefur komið sú hugmynd, að það ætti að taka öll aðalsjúkrahúsin úti á landi og raunverulega reka þau öll undir einum hatti, gera þau öll deildir frá Landsspítalanum hér í Reykjavík og hafa þá skipun á, að þeir læknar, sem ráðnir eru að Landsspítalanum, verði einnig að þjóna á þessum stöðum, eftir því sem þeim verður falið að skiptast á í hinum ýmsu sjúkrahúsum. Það er vitanlega ómögulegt að komast hjá því að reyna að taka upp þá skipan, sem tryggir það, að eðlileg læknisþjónusta við góð skilyrði geti farið fram alls staðar í landinu. Og það er alveg ómögulegt að láta þetta þróast þannig, að allir læknar, sem starfandi eru í landinu, reki sína starfsemi aðeins hér í Reykjavík og hingað verði allir menn að

leita í öllum tilfellum til þess að geta náð til læknis.

Það hefur verið bent á í þessum efnum, að það sé líka um það að ræða, að það þurfi að endurskoða kennslu læknaefnanna, og ég tók eftir því, að hæstv. ráðh. minntist á þetta efni og virtist einmitt hafa komizt að þeirri niðurstöðu, að það mundi þurfa að taka það mál til sérstakrar athugunar. Ég er á sömu skoðun. Ég held líka, að nokkuð af þessum vanda megi rekja einmitt til þess, að kennslan í Háskólanum í læknisfræði sé ekki á þann hátt, sem hún þurfi að vera, m.a. til þess að ala upp lækna til þjónustu utan aðallækningastöðvanna hér í Reykjavík.

Ég skal við þessa umr. ekki orðlengja frekar um þetta frv. Ég er fylgjandi frv., svo langt sem það nær. Ég býst við því, að með því sé stefnt í rétta átt, og ég fyrir mitt leyti get vel gengið inn á það að veita heilbrigðisstjórninni þá heimild, sem óskað er eftir með þessu frv., að hún geti í vissum tilfellum lagt niður læknishéruð, sem ekki reynast tök á að fá fasta lækna til að þjóna, ef hún getur tryggt þjónustu handa þeim læknishéruðum með öðrum ráðum eða með því að koma upp sameiginlegum læknamiðstöðvum. Ég fellst á það að veita heilbrigðisstjórninni þessa heimild, og ég býst við því, að í grundvallaratriðum sé stefnt í rétta átt með þeirri breytingu á læknishéraðaskipuninni, sem stefnt er að með þessu frv. En ég undirstrika það, sem ég sagði hér áðan, að ég held, að hér þurfi miklu meira að koma til, til þess að þessi vandi verði leystur, heldur en að samþykkja þetta frv., eins og það liggur fyrir. Og ég vænti þess, að hæstv. ráðh. beiti sér fyrir því, eins og hann gaf fyrirheit um í framsöguræðu sinni fyrir þessu máli, að það verði unnið þannig að því að reyna að leysa þessi vandamál, að það megi takast og þá á þann hátt, að meira verði að gert heldur en felst í þessu frv.

Sigurvin Einarsson: Herra forseti. Læknaskipunarlögunum var breytt 1965 með það fyrir augum að leitast við að bæta úr læknaskortinum í landinu. Ég tel, að þá hafi verið stigið allmikið spor í þá átt, og flestir munu hafa gert ráð fyrir, að það bæri árangur. Þetta var fyrst og fremst gert með því að koma á staðaruppbót á laun lækna í þeim héruðum, sem sízt voru eftirsótt. Nam þessi staðaruppbót helmingi launa, en það þýðir, að laun þessara lækna voru hækkuð um 50%. En þar að auki voru þeim veitt ýmis önnur fríðindi, mjög mikilsverð. Þetta sýndist því eiga að geta gefið nokkurn árangur í því að draga úr læknaskortinum, og tilraunin var að mínum dómi lofsverð af hálfu stjórnarvalda og Alþ.

Síðan eru liðin 3½ ár og árangur kominn í ljós. En árangurinn er bókstaflega enginn. Ástandið í þessum málum er sízt betra nú, þar sem ég þekki til, ef það er ekki verra en það var 1965. Hvað snertir Vestfjarðakjördæmi, þá er ástandið þannig núna: Í kjördæminu eru 10 læknishéruð. Í þremur þeirra eru læknar eins og til er ætlazt. Það er í Ísafjarðarlæknishéraði, Bolungarvíkurlæknishéraði og Patreksfjarðarlæknishéraði. Í hinu fjórða, Hólmavíkurlæknishéraði, er að vísu læknir og hefur verið oftast að undanförnu, þótt sífelld mannaskipti hafi orðið, en sá, sem er þar núna, er ekki ráðinn nema til 15. júní næsta vor. Þá eru tvö héruð, sem eru að verða læknislaus, Flateyrarhérað, en þaðan er ráðgert að læknirinn fari eftir 3 daga, og Þingeyrarhérað, en þaðan mun læknirinn fara 22. des. Og loks eru 4 læknishéruð læknislaus; Reykhólahérað, Bíldudalshérað, Suðureyrarhérað og Súðavíkurhérað. Eins og bezt verður vitað núna, verða 6 læknishéruð af 10 læknislaus fyrir jól. Og þetta er verra ástand en var 1965. Þá má svo bæta því við, að 1965 voru tvö læknishéruð lögð niður í Vestfjarðakjördæmi: Flateyjarlæknishérað á Breiðafirði og Árneslæknishérað í Strandasýslu. Þau voru sameinuð öðrum læknishéruðum. Það er því ekki læknislaust þar, fyrst héruðin eru úr sögunni. En fólkið er alveg jafnlæknislaust þar eftir sem áður. Mér fannst þá og finnst það enn torskilin ráðstöfun til þess að bæta úr læknaskorti að leggja niður héruð út af fyrir sig. Með þeirri ráðstöfun er þurrkuð út sú von, að síðar komi læknar í þessi héruð, sem við er að búast, þar sem þau eiga ekki að vera lengur til, og það má nærri geta, hvaða framfarir hafi fylgt því fyrir Breiðfirðinga, að lagt var niður Flateyjarhérað og sameinað Reykhólahéraði, sem er læknislaust. Þá er nú skörin farin að færast upp í bekkinn. Auðvitað var hægt að gera þá skipan á þá, að nágrannalæknar þjónuðu þessum héruðum, meðan þau væru læknislaus, eins og þeir þjóna þeim núna eftir sameininguna.

Um Patreksfjarðarhérað er það að segja, að ég ætla, að það hafi verið samkv. 3. gr. núv. læknaskipunarlaga, sem sú breyting var gerð á, þegar læknir fór frá Bíldudal, að ráðnir voru tveir læknar til Patreksfjarðar og Bíldudalur sameinaður á þann hátt, að þeir sitja báðir á Patreksfirði og þjóna þessum tveimur héruðum. Þarna var því verið að stofna til læknamiðstöðvar á vissan hátt. Tveir læknar á sama stað með sjúkrahús og lyfjabúð og aðra aðstöðu, að ég ætla, allsæmilega. Ég held, að það hafi verið snemma á árinu í fyrra, sem þessi ráðstöfun var gerð. En annar læknirinn er nú farinn og eftir stendur Patreksfjarðarhérað með einn lækni, alveg eins og áður var, en enginn er á Bíldudal. Þetta spáir að vísu ekki góðu um það, að læknamiðstöðvar leysi allan vanda, og þó tel ég, að það sé réttmæt ráðstöfun og sjálfsagt að reyna þá skipan. Ég veit náttúrlega ekki, hve lengi þetta stendur, en svona er það núna. Einn læknir fyrir alla Vestur-Barðastrandarsýslu, eitt sveitarfélag í Vestur-Ísafjarðarsýslu og sjúkrahús á Patreksfirði, þannig er nú ástandið.

Ég hef trú á því, að læknamiðstöðvar kunni að leysa úr þessu að einhverju leyti, og því er ég því mjög meðmæltur, að þeirri skipan verði komið á, sem gert er ráð fyrir í þessu frv. En hins vegar er ég þeirrar skoðunar, að það sé engin þörf á því að vera að leggja niður læknishéruð, þó að þetta sé gert, og ég tel, að í 3. gr. núgildandi l. sé aðstaða til þess að koma þessari skipan á án þess að breyta læknaskipuninni. Í 3. gr. l. segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Ráðh. getur eftir till. landlæknis leyft héraðslækni að sitja annars staðar en á lögskipuðu læknissetri og ef nauðsyn krefur utan héraðs.“

Það er því hægt að láta 3-4 lækna, sem að vísu að forminu til eiga að þjóna ákveðnum læknishéruðum, sitja alla á sama stað. Og þá ætla ég, að grundvöllur sé kominn fyrir læknamiðstöð. Það þarf enga lagabreytingu, og meðan engin reynsla er á þetta komin, held ég

að þetta sé skynsamlegra en fara að umturna lögunum. Þessu atriði beini ég alveg sérstaklega til þeirrar hv. n., sem fær þetta frv. til meðferðar.

Í 1. gr. þessa frv. segir, að áður en sameining læknishéraða komi til framkvæmda, skuli leita álits stjórnar Sambands ísl. sveitarfélaga, Tryggingastofnunar ríkisins, stjórnar Læknafélags Íslands og svo hlutaðeigandi héraðslækna. En það á ekki að leita álits fólksins í héruðunum, sem á að leggja niður. Það á ekki að spyrja það að neinu, hvort því falli þetta vel eða illa. Það á ekki að spyrja sveitarstjórnirnar eða neina forvígismenn þessara byggðarlaga um það, hvort þeir vilji slíka sameiningu, hvort hún henti þeim. Það þykir mér alveg furðulegt. Og í grg. um þetta ákvæði segir, með leyfi hæstv. forseta: „Er ekki sjáanlegt í fljótu bragði, að fleiri aðilar en upp eru taldir komi hér til greina," — það komi ekki til greina að spyrja aðra en þessa. Ég hélt, að það ætti að byrja á því að spyrja forsvarsmenn fólksins í héruðunum um það, hvort það sætti sig við þessa ráðstöfun eða ekki, áður en farið er að gera eitthvað, og þá kröfu geri ég til hv. n., að hún lagfæri þetta ákvæði.

En eitt þýðingarmesta skilyrði fyrir því, að læknamiðstöð geti komið að tilætluðum notum, er, held ég tvímælalaust, að um greiðar samgöngur sé að ræða innan hins nýja og stóra læknahéraðs, — greiðar samgöngur með viðeigandi samgöngutækjum, þeim sem bezt gætu hentað í þessu skyni. Við skulum hugsa okkur, að það sé komin læknamiðstöð á Ísafirði, eins og sótt hefur verið um, og sameinuð því héraði, Ísafjarðarhéraði, þá væntanlega læknislausu héruðin, sem þar eru í nágrenninu. Þau eru 4: Súðavíkur-, Suðureyrar-, Flateyrar- og Þingeyrarlæknishérað. Þarna gæti komið þá upp læknamiðstöð með 4 eða 6 læknum eða þess háttar. En hugsum okkur svo, að það þurfi skyndilega að fá læknishjálp til manns í Dýrafirði. Yfir tvær heiðar er að fara, og þetta er að vetri til, í illviðrum og báðar heiðarnar ófærar. Hvernig er nú sjúklingurinn settur? Ekki er um það að ræða að fara á landi, hvorki að ná til læknisins né flytja sjúklinginn. Það er hugsanlegt, að það sé hægt að fara á sjó, en það er mjög löng leið og ill í vetrarveðrum og auk þess mjög vafasamt, að það þætt fært að leggja sjúkling í slíkan flutning. Mér sýnist, að það kæmu ekki til greina, þegar svona stendur á, önnur farartæki en flugvélar eða þyrlur, og því legg ég áherzlu á það, að þegar farið verður að sameina mörg héruð í eitt, verði að sjá fyrir flutningum á sjúklingum og læknum, ef þetta á að bera árangur. Annars er voði á ferðinni að mínum dómi.

Niðurstöður mínar í þessu máli eru því þær: Í fyrsta lagi sé ónauðsynlegt að breyta núverandi læknaskipun til þess að koma á læknamiðstöðvum, en þó sé réttmætt að reyna þessa skipan og sjá, hvernig hún gefst. Í öðru lagi sé nauðsynlegt að leita álits sveitarstjórna þeirra héraða, sem á að sameina, áður en nokkuð er gert eða aðhafzt í því máli. Og í þriðja lagi, og það er kannske erfiðasta atriðið, að leitast við að tryggja örugga og fljótvirka flutninga á sjúklingum og læknum innan þessara nýju og stóru læknishéraða, sem ráðgerð eru í þessu frv. Þessum atriðum beini ég sérstaklega til hæstv. ráðh. og hv. n., sem fær þetta frv. til meðferðar.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Ég skal ekki vera fjölorður um ástandið úti á landsbyggðinni að því er varðar læknisþjónustu. Ég hef nú á þessum fundi heyrt um það, hvernig ástandið er á Austfjörðum, og hér var að ljúka máli sínu hv. 1. þm. Vestf., sem gaf nokkurt yfirlit yfir það, hvernig ástandið væri um læknisþjónustuna í Vestfjarðakjördæmi, þar sem ég er búsettur. Við þetta hef ég litlu að bæta. Þetta eru sannar og réttorðar lýsingar á ástandinu, sem skapazt hefur, og það er ekki ofmælt, að síðan gildandi lög voru sett um læknaskipan, hefur ástandið ekki batnað. Það hefur sýnilega til stórra muna versnað. Og ég hygg, að landlæknir hafi aldrei horfzt í augu við aðra eins lítt yfirstíganlega, ef ekki alveg óyfirstíganlega erfiðleika við að ráða fram úr þessum málum, eins og hann horfist nú í augu við undir komandi vetur. Og það er þó vissulega sérstaklega á veturna, sem það verður mjög alvarlegt, þegar varla er til læknis að leita nema langar vegalengdir og erfiða fjallvegi, en þannig er ástandið nú, að örfáir læknar gegna læknisþjónustu í heilum landshlutum, eins og t.d. á Vestfjörðum og Austfjörðum. Um þetta mál hef ég nýlega rætt við landlækni og veit, að hann gerir sér ljóst, að þetta ástand er algerlega óviðunandi.

Það, sem ég ætlaði að víkja að sérstaklega, er einkum þetta, sem í frv., sem hér er til umr., virðast tengdar miklar vonir við, að hægt sé að bæta úr þessum málum með svo kölluðum læknamiðstöðvum. Sú leið var opnuð, þegar núgildandi löggjöf um læknaskipun var sett, að heimilt væri að koma á fót læknamiðstöðvum, og af því er þegar fengin nokkur reynsla. Ég er því dálítið hissa á því, að enn skuli vera frá hendi heilbrigðismálastjórnarinnar uppi þær skoðanir, að þetta mál verði leyst með þeim hætti. Mér finnst reynslan ekki benda til þess. Þetta hefur verið reynt á nokkrum stöðum og reynslan er ekki jákvæð, að því er ég bezt veit.

Hv. 4. þm. Austf. lýsti því hér rétt áðan, að Neskaupstaður hefði í raun og veru haft öll skilyrði til læknamiðstöðvar og aðstaðan öll slík sem þessi löggjöf áskilur læknamiðstöðvum. En samt er þar skortur lækna. Þangað fást ekki læknar. Það er svo, að á Vestfjörðum hefur þetta verið reynt líka, og reynslan er á sömu lund. Þetta hefur ekki leyst vandann. Bíldudalslæknishérað hefur verið læknislaust um langa hríð, en héraðslæknir Bíldudalslæknishéraðs hefur setið á Patreksfirði ásamt héraðslækni Patreksfjarðarhéraðs, og þeir hafa þar haft sjúkrahúsaðstöðu, og þeir hafa þar haft samstarf og átt að þjóna báðum þessum læknishéruðum og sjúkrahúsinu á Patreksfirði. Ég hef ekki heyrt læknana þar, sem ég hef haft persónulegt samband við, kvarta undan launakjörunum, enda væru það hin mestu firn, ef þeir kvörtuðu undan þeim, því að ég hef haft aðstöðu til að kanna það, að hvor þeirra um sig hefur haft nokkuð yfir 100 þús. kr. tekjur á mánuði, þ.e.a.s. eitthvað á aðra millj. kr. á ári í laun, og auk þess íbúð með húsgögnum, gólfteppum og gardínum og öllu þeim að kostnaðarlausu. En samt hefur læknamiðstöðvarfyrirkomulagið ekki haldið læknum betur en svo, að annar þeirra lækna, sem þarna hófu störf við þessi skilyrði, hefur þegar sagt upp og er farinn fyrir nokkrum vikum, og nú er ástandið þannig, að einn

maður á að þjóna öllu Patreksfjarðarhéraði og öllu Bíldudalshéraði og sjúkrahúsinu á Patreksfirði, sem vitanlega er algerlega ofraun einum manni og mun flæma hann í burt, áður en langir tímar líða, þrátt fyrir hin gífurlegu laun, sem hann hefur. Ég er því sammála þeim mönnum, sem hafa upplýst, að það muni ekki fyrst og fremst vera launamál læknanna úti á landsbyggðinni, sem gera það að verkum, að þeir fást ekki til þess að starfa þar eða svo dræmt, að til vandræða horfir.

Það er auðvitað sjálfsagt að líta á það, að læknamiðstöðvafyrirkomulagið veitir læknunum sjálfum sjálfsagt betri starfsaðstöðu, og það er mikilsvert. Það mun vafalaust vera meira öryggi fyrir þá að starfa í nánu samstarfi tveir eða fleiri saman, og þeir geta vafalaust veitt betri þjónustu við slíka aðstöðu, einkanlega ef þeir hafa sæmilega sjúkrahúsaðstöðu einnig. Þetta virðist vera fyrir hendi þarna, sem ég nú er að ræða um. En það ber þó vissulega líka að líta á málið frá sjónarmiði hinna sjúku, og þá er að horfa á það, hvort þessi breytta starfstilhögun í þessum tveimur læknishéruðum hefur veitt betri læknisþjónustu. Það er óefað, að í Patreksfjarðarkauptúni sjálfu hefur breytingin orðið til bóta. Ég geri ekki mikinn mun á því, að því er snertir Patreksfjarðarlæknishérað utan kauptúnsins. En hitt er hægt að fullyrða, að íbúar Bíldudalslæknishéraðs mundu allir sem einn maður, hygg ég, ljúka upp einum munni um það, að við þetta fyrirkomulag hafa þeir fengið lakari læknisþjónustu, sérstaklega að vetrinum. Það hefur sem sé komið í ljós, að það eru ekki samgönguskilyrði í þessu héraði til þess að hafa læknamiðstöð á Patreksfirði, ef læknaþjónustan á að vera jafngóð í Bíldudalslæknishéraði t.d. Þarna er yfir tvo fjallvegi að fara frá Patreksfirði, fjallveginn Litladal og fjallveginn Hálfdán, og það er nú mjög kvartað undan því af læknunum, að það sé erfitt að sinna þessu læknishéraði einmitt vegna þessara erfiðleika að vetrinum. Kostnaðarsamt er það líka fyrir ríkið, því að það hefur kostað ærið fé að halda fjallvegum þessum bílfærum að vetrinum. Sú var reynslan a.m.k. s.l. vetur. Og stundum varð að gera tvívegis gangskör að því að moka þessa tvo fjallvegi, í fyrsta lagi til þess að læknirinn kæmist og í annan stað til þess að komizt yrði til þess að sækja lyfin á eftir til lyfjabúðarinnar á Patreksfirði. Og um kostnaðinn við þetta hjá fólkinu í Bíldudalslæknishéraði þarf ég ekki að fjölyrða. Sá kostnaður er næstum óbærilegur í mörgum tilfellum. Í upphafi, þegar stofnað var til þessarar læknamiðstöðvar á Patreksfirði, var ætlunin, að læknir kæmi til Bíldudals og hefði afgreiðsluaðstöðu í læknisbústaðnum þar, sem nú er mannlaus, og væri þar til viðtals við sjúklingana þrisvar í viku, og við það sættu Bílddælingar og íbúar Bíldudalslæknishéraðs sig nokkurn veginn, þótt þeir teldu það mikla afturför frá því að hafa átt daglegan aðgang að lækni búsettum þar á staðnum. En smátt og smátt hefur það farið svo, að úr þessari þjónustu hefur dregið, og næst var ákveðið, að læknirinn væri aðeins tvisvar í viku til viðtals í læknisbústaðnum á Bíldudal, annar hvor læknanna frá Patreksfirði, og s.l. sumar var ákveðið, að læknir frá Patreksfirði væri aðeins einu sinni í viku til viðtals við sjúklinga á Bíldudal í læknisbústaðnum þar. Þannig hefur dregið úr þessari læknisþjónustu í Bíldudalslæknishéraði smám saman, og ríkir um þetta gífurlega mikil óánægja. Slík læknisþjónusta er gamla Bíldudalslæknishéraðinu með öllu óviðunandi.

Nú verð ég að játa það, að þegar læknirinn er einn á Patreksfirði, þá er enginn möguleiki fyrir hann að gera sér ferð á Bíldudal oftar en einu sinni í viku, ef hann þá getur annað því, og að vetrinum á ég eftir að sjá, hvernig meira að segja tekst að halda uppi þeirri þjónustu reglubundið.

Það er erfiðara að framkvæma það heldur en segja það, að við skulum skipta landi okkar í stór læknishéruð með læknamiðstöðvum. Það eru víða og þar á meðal á þessum stað, sem við nú ræðum um, ekki til þess skilyrði að framkvæma það.

Þá skal ég enn fremur víkja að einni alvarlegri hlið á þessu máli, sem þarna hefur komið til framkvæmda og fengizt reynsla á, og það er kostnaðarhliðin. Þar er þá sögu að segja, að þar er komið í alger fjárhagsleg þrot. Og sendir hafa verið menn, ekki einu sinni, heldur tvisvar á fund landlæknis til þess að gera honum grein fyrir þeirri hlið málsins, auk fulltrúa frá heilbrmrn. Patrekshreppur og Suðurfjarðahreppur og þau önnur sveitarfélög, sem í þessum tveimur læknishéruðum eru, hafa þegar orðið að taka á sig slíkar fjárhagslegar byrðar í sambandi við þetta fyrirkomulag læknaþjónustunnar, að þau rísa ekki lengur undir, og sjúkrasamlögin öll á þessu svæði eru orðin raunverulega gjaldþrota. Þessi mál hafa verið túlkuð hér við heilbrigðismálastjórnina, og þeim sagður sannleikurinn um þetta, og að vonum lízt þeim ekki á þetta. En úrræði hafa engin fengizt í því efni fremur en öðrum hliðum þessa máls.

Ég held því, að það sé of mikil bjartsýni, sem kemur fram í þessu frv., að hægt sé að skipa þessum málum með því að koma upp læknamiðstöðvum, því miður, og þar byggi ég m.a. á þeirri reynslu, sem ég hef af þessu fyrirkomulagi um nú tveggja til þriggja ára skeið í Patreksfjarðar- og Bíldudalslæknishéruðum. Þar er í fyrsta lagi niðurstaðan þessi, að þrátt fyrir mjög góð laun haldast læknarnir þarna ekki. Það hefur í annan stað komið í ljós, að það er erfitt að halda uppi jafngóðri læknisþjónustu um héraðið allt eins og áður var gert með héraðslækni á Bíldudal og Patreksfirði, og vantar mikið á, að hún sé yfir allt héraðið jafngóð og áður var. Og í þriðja lagi virðast vera litlir möguleikar til þess fjárhagslega að halda uppi þessu fyrirkomulagi, ef reynslan verður hin sama og í þessu læknishéraði að því er kostnaðarhliðina snertir. Ég held, að það verði að grípa til einhverra annarra ráða til þess að tryggja dreifbýlinu læknisþjónustu. Og þar er kannske fárra, máske engra góðra kosta völ.

En tilraun var þó gerð til þess að taka sárasta broddinn af í þessu efni, þegar landlæknir fyrrverandi setti þá kvöð á kandídata frá Landsspítalanum, læknakandídata, að þeir yrðu, áður en þeir fengju sín sérfræðiréttindi, að þjóna úti í héraði um 6 mánaða skeið. Það má segja, að þetta hafi verið mikil kvöð á hina ungu lækna eftir langt nám. En það var nú samt svo, að stundum varð þetta til þess að byggja upp og rétta dálítið við þeirra fjárhag. Og ég er á því, að það hefði komið betur út fyrir þá fjárhagslega, ef kvöðin hefði ekki verið bundin við ½ ár, heldur heilt ár, því að búferlaflutn-

ingar t.d. fyrir fjölskyldumenn tvisvar sinnum á sama árinu eru kostnaðarsamir. Og þó að það þyki sjálfsagt gagnstætt því að stefna í frjálsræðisátt, er ég þeirrar skoðunar, að heldur en héruðin í heilum landshlutum standi læknislaus, verði að grípa til einhverra þeirra ráða, t.d. þeirra að setja svipaða kvöð og þetta á læknakandídatana, og þeir þjóni í læknishéraði í eitt ár, áður en þeir geta fengið viðurkenningu sem sérfræðingar í lækningum á Íslandi.

Sú hugmynd hefur og komið fram, m.a. frá mönnum í heilbrigðismálastjórninni, að þetta væri e. t. v. hægt að gera lítið eitt aðgengilegra fyrir hina ungu lækna með því að setja upp sérfræðikennslu í héraðslæknisstörfum við Háskólann, og að þeir, sem færu út í héruðin, öðluðust við það sérfræðiviðurkenningu sem héraðslæknar. Ég skal ekki leggja dóm á þessa hugmynd, en í fljótu bragði virðist mér sem leikmanni þetta vera viðleitni frá heilbrigðismálastjórnarinnar hendi til þess að koma til móts við lækna í sambandi við þá kvöð, sem e.t.v. yrði á þá lögð um þjónustu í læknishéruðunum. Ég held líka, og það hef ég heyrt margan lækni af eldri kynslóðinni segja, að slík dvöl, þó að hún væri skyldubundin, sé verðmætur og dýrmætur skóli fyrir ungan lækni, náin viðkynning við fólk úti í dreifbýlinu og margvísleg þjónusta, margvísleg tilvik, þar sem þeir verða að standa ábyrgir gagnvart vandasömum sjúkdómstilfellum og leysa vandann, hvað sem tautar og raular, það sé þeim góður framhaldsskóli. Gömlu læknarnir hika ekki við að halda því fram, að úti í héruðunum hafi þeir numið margt, sem þeir ekki áttu kost á að nema á skólabekkjum Háskólans.

Það er a.m.k. augljóst mál, að ástandið er orðið svo alvarlegt, að því er snertir læknaskortinn úti í héruðum landsins, einkanlega þegar vetur fer í hönd, eins og nú, að það verður að grípa til einhverra þeirra ráða, sem tryggja fólkinu nokkurn veginn viðunandi öryggi í þessum málum. Ég veit, að hæstv. heilbrmrh. er í miklum vanda staddur, og hann skortir vafalaust ekki vilja til þess að ráða þarna bót á. En vandinn er svo brýnn og aðkallandi, að hjá því verður ekki komizt að reyna að grípa til einhverra úrræða, sem tryggi fólkinu viðunandi læknisþjónustu. Ég efa það ekki, að þó að ástandinu í þessum efnum hafi sérstaklega verið lýst dökkum litum á Austfjörðum og Vestfjörðum, þá er víða hina sömu sögu að segja um þetta. Ég treysti því, að sú hv. n., sem fær þetta mál til meðferðar, leiti ráða hjá öllum þeim, sem þarna geta góð ráð lagt til, leiti til gamalla lækna, heilbrigðismálastjórnarinnar og heyri raddir fólksins sjálfs í héruðunum, sem nú eru verst stödd í þessum efnum, því að ný lagasetning verður að byggjast á einhverjum vonum um það, að ráðin verði bót á því ástandi, sem nú ríkir og að flestra, ef ekki allra dómi er óviðunandi.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 26 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 27 shlj. atkv.

Á 30. fundi í Nd., 16. des., var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 31. fundi í Nd., 17. des., var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 3, n. 165, 189, 392).

Frsm. (Friðjón Þórðarson): Herra forseti. Heilbr.- og félmn. hefur haft mál þetta til meðferðar og rætt um það á nokkrum fundum. N. sendi frv. til umsagnar þriggja aðila: Tryggingastofnunar ríkisins, Læknafélags Íslands og Sambands íslenzkra sveitarfélaga. Frá Tryggingastofnun ríkisins hefur ekkert svar borizt. Læknafélag Íslands mælir eindregið með samþykkt frv., telur að það feli í sér veigamikið framfaraspor, sem greiði fyrir því að unnt verði að skipuleggja læknisþjónustu dreifbýlisins á hentugan hátt í framtíðinni. Jafnframt bendir Læknafélagið á, að nauðsynlegt sé að endurskoða læknaskipunarlögin með stuttu millibili, vegna hinnar öru þróunar þeirra mála, sem þau fjalla um.

Stjórn Sambands íslenzkra sveitarfélaga kveðst mæla með samþykkt frv. í öllum aðalatriðum í trausti þess, að við framkvæmd laganna í framtíðinni verði tekið tillit til álits sambandsins, sbr. 1. gr. frv., en sambandið mun, ef á reynir, byggja á umsögn viðkomandi sveitarstjórna, segir í svari þess, og leyfi ég mér sem talsmaður nefndarinnar að leggja áherzlu á þetta atriði.

Sú eina efnislega ath., sem stjórn sambandsins hefur gert við frv., er sú, sem hér hefur verið tekin upp sem brtt., og n. er öll sammála um. Á hinn bóginn hafa einstakir nm. áskilið sér rétt til að fylgja brtt., sem fram kunna að koma, en mæla með samþykkt frv. í heild. Og ég sé, að einni slíkri brtt. hefur einmitt verið útbýtt nú í dag.

Núgildandi læknaskipunarlög voru samþ. á Alþingi 6. maí 1965, svo að ekki er þeim hár aldur að meini, þrátt fyrir hina öru þróun, sem Læknafélagið getur að vísu. En löggjöf þessi, þótt nýleg sé, hefur ekki megnað að ráða bót á læknisþjónustu úti um land og færa hana í viðunandi horf. Frv. þetta er ný tilraun af hendi heilbrmrh. og heilbrigðisyfirvalda til jákvæðra aðgerða í þessu vandamáli. Það greiðir fyrir stofnun hinna svo kölluðu læknamiðstöðva, sem svo mjög hafa borið á góma í umræðum um þessi mál undanfarið og taldar eru allra meina bót af sumum. Með frv. er prentuð sem fskj. reglugerð um læknamiðstöðvar héraðslækna. Verði frv. þetta að lögum, svo sem allar líkur benda til, má segja, að löggjafinn hafi gert allt, sem í hans valdi stendur um sinn, til að bæta úr því neyðarástandi, sem ríkt hefur undanfarið víða um land á þessu sviði. Læknaskipunarlögin svo breytt ættu að geta orðið góð uppistaða eða beinagrind í þessu máli fyrst um sinn. En þá beinagrind verður að gæða holdi og blóði í framkvæmd, ef hún á að verða annað en dauður bókstafur. Það eru læknarnir sjálfir að mínum dómi, og þeir einir, með aðstoð góðra manna, sem innt geta það hlutverk af hendi. Við sjáum hvað setur og vonum hið bezta.

Sigurvin Einarsson: Herra forseti. Við höfum fjórir þm. leyft okkur að flytja brtt. við frv. á þskj. 189. Það hefur að vísu orðið prentvilla á þskj., ég vil segja heldur óvenjuleg prentvilla. Það stendur, að einn flm. sé Skúli Guðmundsson, en það á að vera Gísli Guðmundsson.

Hins vegar skilst mér, að þetta breyti ekki miklu, því að hv. 1. þm. Norðurl. v. hefur tjáð mér, að hann vilji helzt ekki láta strika sig út af þessari brtt., þó að hann sé þangað kominn með þessum hætti, vilji nú vera flm. líka. En þá verða þeir að vera báðir.

Efnið í okkar brtt. er það, fyrstu till., að 1. mgr. 1. gr. frv. falli niður. Þessi 1. mgr. frv. fjallar um það, að ráðh. sé heimilt að tillögu landlæknis að breyta skipan læknishéraða samkv. 1. gr. þessara laga og sameina í eitt læknishérað tvö eða fleiri nágrannahéruð o.s.frv. Við erum þeirrar skoðunar, sem flytjum þessa brtt., að það sé engin nauðsyn á því að afnema hin fyrri læknishéruð, þó að komið sé á læknamiðstöðvum. Við erum fylgjandi því, sem er nú aðalefni frv., að koma upp læknamiðstöðvum. Við teljum, að það sé sjálfsögð eða réttmæt tilraun til úrbóta, og viljum styðja það. En við viljum ekki styðja hitt, að það séu afnumin gömlu læknishéruðin um leið, og sjáum ekki neina nauðsyn á, að það sé gert. Tilgangurinn með þessu frv. er auðvitað sá að reyna að bæta úr þeim læknaskorti, sem þjakar mörg héruð þessa lands eins og sakir standa og hefur reyndar gert æðilengi. Þessi tilraun er að vísu ekki alveg ný með þessu frv. Þetta hefur verið reynt, að koma á slíkum miðstöðvum lækna á nokkrum stöðum. En sannast að segja, að þótt við og flestir séum þeirrar skoðunar, að það eigi að halda áfram á þessari braut, hefur þetta gefizt misjafnlega, eftir því sem landlæknir tjáði mér síðast í gær. Þetta hefur verið reynt t.d. á Patreksfirði, þar hefur verið sett upp læknamiðstöð með tveimur læknum og sameinuð héruð þar. En þetta hefur ekki gefizt vel, það hefur ekki náð þeim árangri, sem til var ætlazt. Þó að tveir nýir læknar fengjust þarna í byrjun, fór annar eftir árið, og ástandið þar vestra varð ekkert betra þrátt fyrir tilraunina. Þá hefur landlæknir tjáð mér, að í Vestmannaeyjum hafi þetta ekki heldur náð þeim árangri, sem til var ætlazt. Þó að þessi stutta og litla reynsla sé á þennan veg, breytir það ekki þeirri skoðun okkar, sem flytjum þessa brtt., að það beri að halda þessu áfram og auka það. En hitt atriðið, að það sé forsenda þess, að það þurfi að leggja niður gömlu læknishéruðin, tel ég að sé á misskilningi byggt. Það er enginn vandi að setja upp læknamiðstöð, þó að hin eldri héruð haldi sér í lögum. Ég skal taka dæmi t.d. af Ísafirði. Það hefur komið til mála, að þar yrði leitazt við að koma á læknamiðstöð. Þar eru fjögur læknishéruð læknislaus eða eru að verða það núna fyrir jólin, eftir því sem ég veit bezt. Það eru Þingeyrarlæknishérað, Flateyrarlæknishérað, Suðureyrarlæknishérað og Súðavíkurlæknishérað, öll læknislaus. Það sýnist því ekki nema eðlilegt, að menn hugsi til þess að koma upp læknamiðstöð á Ísafirði til þess m.a. að þjóna þessum læknishéruðum. Og það eru meira að segja ráðagerðir uppi um það að fá þangað þrjá lækna til að þjóna þessum héruðum, sem lögum samkvæmt á að þjóna með 5 læknum. En ef þessi læknishéruð fjögur verða svo lögð niður um leið, þá þýðir það það, að þótt einhver læknir vildi fara í einhver hinna gömlu héraða, sem vel getur komið fyrir, væri það ekki hægt, þá er búið að leggja héraðið niður. Það er verið að útiloka möguleikana á því, að læknar komi í hin gömlu héruð, þó að þeir jafnvel vildu, með því að leggja þau niður. Það teljum við alveg fráleitt.

Það eru fleiri en landlæknir og stjórnaryfirvöld, sem vinna að því að reyna að fá lækna í hin læknislausu héruð. Það gera líka heimamenn, þeir beita sér að þessu sama, svo sem skiljanlegt er. Ég var nýlega staddur vestur á Suðureyri. Þar er læknislaust, eins og ég sagði. Þar tjáði hreppstjórinn mér, að hann væri að beita sér fyrir því að fá lækni og gerði sér jafnvel vonir um, að það bæri árangur. En hugsum okkur þá, að læknishéraðið væri lagt niður í millitíðinni. Er nokkur ástæða til þess? Því að betur væru nú Súgfirðingar komnir með því að hafa lækni heima hjá sér en að eiga að sækja til læknis, þó að á læknamiðstöð væri, á Ísafirði. Þarna hagar þannig til, að það er vond heiði, sem þarf að fara yfir, sem er venjulega lokuð af snjó alla vetur, og ekki langt síðan hafís byrgði fjarðarmynnið. Þá eru flestar bjargir bannaðar þessu fólki til að ná til læknis, þar sem enginn flugvöllur er til þar heldur. Það er því eðlilegt, að þetta fólk beiti sér af alefli fyrir því að reyna að fá lækni. En m.a. af þessari ástæðu vil ég benda á það, hvað það er fráleitt að leggja niður læknishéruðin og engin þörf á því. Alveg svipaða sögu má segja um Flateyrarlæknishérað í Önundarfirði, þar er læknislaust. Ef það á að sækja lækni til Ísafjarðar, er yfir hina illræmdu Breiðadalsheiði að fara, sem lokast, að ég ætla, fyrst allra heiða á Íslandi. Ef menn hafa nú möguleika á að fá lækni, á þá að útiloka það með því að leggja niður læknishéraðið? Sama gildir um Þingeyrarhérað, því að Dýrfirðingar þurfa yfir sömu heiðina að fara og aðra heiði í viðbót, Gemlufallsheiði. Eina héraðið að mínum dómi, sem ekkert þyrfti að kvarta undan því sérstaklega að þurfa að sætta sig við læknamiðstöð á Ísafirði, væri Súðavíkurlæknishérað, því að þar er ekki yfir neitt fjall að fara og tiltölulega auðveldar samgöngur á milli Súðavíkur og Ísafjarðar. Það er þetta, sem ég vil sérstaklega leggja áherzlu á, að það sé ekki tekin nein ákvörðun um það með þessu frv. að leggja niður héruð, hins vegar sé áherzla á það lögð að koma upp læknamiðstöðvum, þar sem það er talið hyggilegt að dómi landlæknis, eins og segir í þessu frv. Breyting okkar er því aðeins þessi að fella niður ákvæðin um niðurlagningu læknishéraða, en hins vegar halda því ákvæði, sem er í frv., að ráðherra skuli heimilt, eftir tillögu landlæknis, að stofnsetja læknamiðstöðvar, enda starfi þar tveir eða fleiri læknar, eins og segir í okkar brtt.

Þriðja till. okkar er mjög lítilvæg. Hún er aðeins um að fella úr tvö orð í frv., síðustu mgr. fyrri gr., þar sem stendur: „Nú er talið óhjákvæmilegt, að haldið sé uppi föstum viðtalstíma læknis í þéttbýliskjarna utan læknamiðstöðvar," o. s. frv. Við leggjum til, að felld séu niður þessi orð „í þéttbýliskjarna." Það er gersamlega óþarft og merkingarlaust. Það skiptir engu máli, hvort það er í þéttbýliskjarna svo kölluðum eða annars staðar, sem fastur viðtalstími læknis er ákveðinn, svo að það er því rétt að fella þetta niður.

Ég vona, að hv. alþm. skilji það, að fyrir okkur, flm. þessara brtt., vakir ekkert annað en það að koma í veg fyrir, að læknishéruð séu lögð niður að óþörfu, koma í veg fyrir, að lokað verði fyrir þá möguleika, sem kunna að skapast til þess að fá lækna í hin gömlu héruð. Við vitum aldrei, hvenær kann að skipast svo, að læknar verði fáanlegir. Og þó að hérað hafi verið læknislaust

um tíma, hálft ár, eitt ár eða tvö ár, geta auðveldlega skapazt möguleikar til þess, að læknar fáist fyrir það, og þá má það ekki eiga sér stað, að búið sé að leggja niður læknishéraðið, þegar læknir kynni svo að fást.

Dómsmrh. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Ég vil þakka n. fyrir góða afgreiðslu þessa máls. Út af brtt. á þskj. 189 vil ég segja það, að 3. liður þeirrar brtt. er ósköp eðlilegur og er alveg rétt, að það er skynsamlegra að fella niður þetta orðalag „í þéttbýliskjarna." Um 1. liðinn og 2., sem leiðir af honum, vil ég segja það, að ég get ekki fallizt á þá brtt. Ég hef engan áhuga fyrir læknaskipun á Íslandi með læknislausum læknishéruðum. En ég veit vel, að þeim, sem flytja þessa brtt., gengur ekki annað en gott til. Hins vegar fannst mér af málflutningi hv. frsm. fyrir þessum brtt., að það væri töluvert mikið byggt á misskilningi, sem hann sagði. En ég tel hins vegar alveg ástæðulaust að hefja um þetta deilur nú. Ég hefði mjög vel getað sætt mig við meiri íhlutun heiman úr héruðum en 1. mgr. 1. gr. gerir ráð fyrir, um það, hvort breyting verði af hálfu ráðh. gerð á læknaskipuninni. Og ég held, með hliðsjón af því, hvernig aðstæður eru nú, að það væri farsælast að fresta frekari umr. um málið og hafa til frekari athugunar þær ábendingar, sem fram hafa komið frá flm. brtt. á þskj. 189, í þinghléinu og náttúrlega þegar þingið kemur saman aftur. Ég hef þá trú, að við ættum að geta komizt að samkomulagi í þessu máli. Það er, eins og ég sagði við 1. umr. málsins, svo fjarri því, að fyrir mér vaki að vilja draga aukið vald til ráðh. í þessu efni, en það eitt vakir fyrir mér, að okkur lánist sameiginlega að koma á betri skipan þessara mála. Með hliðsjón af því, sem ég nú hef sagt, held ég, að það væri farsælast, og vildi leggja til, að umr. um málið yrði frestað.

Sigurvin Einarsson: Herra forseti. Ég er þakklátur hæstv. heilbrmrh. fyrir það að hlutast til um, að þetta frv. verði athugað dálítið nánar í þinghléinu, og ég held, að það sé mjög skynsamlega ráðið, og sérstaklega tek ég undir þau ummæli hans, að hann vill jafnvel auka íhlutun heimafólksins um þessi mál, þ.e.a.s. leita betur eftir þeirra áliti, svo að ég held, að þetta sé mjög vel ráðið, að þannig sé hagað gangi þessa máls, eins og hann leggur til. Ég er honum þakklátur fyrir það.

Umr. frestað.

Á 42. og 68. fundi í Nd., 10. febr. og 24. marz, var frv. tekið til frh. 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 69. fundi í Nd., 25. marz, var fram haldið 2. umr. um frv.

Guðlaugur Gíslason: Herra forseti. Frv. það, sem hér liggur fyrir, hafði hlotið athugun í heilbr.- og félmn. þessarar hv. d. og skilaði n. áliti, sem dags. er 12. desember s.l. N. flutti þá við frv. eina litla brtt. og mælti að öðru leyti með, að það yrði samþ. Þá koma einnig fram brtt. við frv. frá hv. 1. þm. Vestf. o.fl., og við umr. um málið, þegar það kom hér til umr. við 2. umr., eftir að hafa verið í n., komu fram ábendingar, aðallega frá hv. 1. þm. Vestf., um aðallega þó eitt atriði, sem ekki kemur fram í brtt., en það var þess efnis, að talið var mjög óeðlilegt og ekki æskilegt, að heimild yrði gefin til þess, að læknishéruð yrðu lögð niður fyrirvaralaust. Þetta varð til þess, að hæstv. heilbrmrh. óskaði eftir því, að frv. yrði frekar athugað, ef það mætti verða til þess, að um það næðist samstaða, sem hann sagðist leggja mjög mikið upp úr, þar sem hér væri um nokkuð viðkvæmt mál að ræða og mikilsvert varðandi það atriði, sem það fjallar um.

Þetta varð til þess, að heilbr.- og félmn. tók málið aftur til umr. á fundi sínum, og hafði þá boðað á fundinn auk nm., landlækni, fulltrúa í heilbrmrn., Jón Thors, og hv. 1. þm. Vestf., Sigurvin Einarsson. Í framhaldi af þeim umr., sem í n. urðu, mun hafa orðið samkomulag á milli þeirra aðila, sem stóðu að flutningi brtt. á þskj. 189, annars vegar og landlæknis og heilbrmrn. hins vegar að gera nokkrar breytingar á frv. Þá kom einnig fram á fundi heilbr.- og félmn. ábending um, að eðlilegt væri og sjálfsagt, að lög um læknaskipun í landinu gerðu einnig ráð fyrir, að læknamiðstöðvar gætu einnig verið settar upp og komið á stofn í þéttbýli jafnframt, eins og í dreifbýli, eins og frv. gerir ráð fyrir. Það var réttilega á það bent á fundi heilbr.- og félmn., að aðstaða í ýmsum kaupstöðum og kauptúnum á landinu varðandi heilbrigðisþjónustu væri þess eðlis, að ekki væri síður mikilvægt, að sköpuð yrði betri aðstaða fyrir lækna til starfa á þeim stöðum eins og augljóslega liggur fyrir, að eðlilegt sé, að gert verði í dreifbýlinu.

Þessar ábendingar, sem fram komu, bæði hér í þessari hv. d. og í heilbr.- og félmn. urðu til þess, að frv. breyttist allverulega efnislega um þessi tvö atriði. Í fyrsta lagi í þá átt, sem fram kemur í 4. mgr. í brtt. n. á þskj. 392, þar sem segir: „Þegar liðin eru 5 ár frá því, að læknamiðstöð samkv. 1. mgr. tók til starfa, verður svæði það, sem stöðin þjónar, eitt læknishérað, ef um fleiri en eitt er að ræða, og ákveður ráðh. nafn hins nýja héraðs." Þetta merkir, að læknishérað verður ekki lagt niður fyrr en að 5 árum liðnum, eftir að læknamiðstöð hefur tekið þar til starfa. Að öðru leyti eru komin inn í frv. ákvæði um það, að hægt sé að setja á stofn læknamiðstöðvar í þéttbýli, kaupstöðum og kauptúnum, þó að sameining við önnur læknishéruð hafi ekki átt sér stað. Og fer þá að því leyti um þátttöku ríkissjóðs eftir ákvæðum sjúkrahúslaga um greiðsluhlutföll milli sveitarfélaga og ríkissjóðs. En ef um stofnun læknamiðstöðvar er að ræða í strjálbýli, þar sem sameining fleiri læknishéraða hefur átt sér stað, þá greiðir ríkissjóður samkv. brtt. enn allan stofnkostnað, eins og var í frv., eins og það upphaflega var lagt fyrir. Ég hygg, að þær breytingar, sem nú er lagt til, að gerðar verði á frv. og fram koma á þskj. 392, séu þess eðlis, að um málið ætti að geta orðið samkomulag og er það vissulega mikils virði, ef svo yrði. Þeir nm., sem á fundi heilbr.- og félmn. mættu, – það voru allir nm. nema tveir, sem munu hafa verið utanbæjar, annar þeirra a.m.k., — voru samþykkir þeim brtt., sem hérna eru bornar fram, en hv. 9. þm. Reykv., Hannibal Valdimarsson, hafði ekki aðstöðu til þess að mæta á fundinum. Sú brtt., sem n. flutti í nál. sínu frá 12. desember 1968, hefur efnislega verið tekin inn í þá brtt., sem hér liggur nú fyrir á þskj. 392, og vil ég

af þeirri ástæðu draga hana til baka, þar sem hennar er ekki lengur þörf.

Ég sé svo á þessu stigi ekki ástæðu til þess að ræða málið frekar. En þetta er, eins og ég sagði áðan, mjög viðamikið og að sumu leyti mjög viðkvæmt mál. Vona ég, að þær breytingar, sem lagt er til, að gerðar verði á frv. frá því, að það var lagt fram, verði til þess, að samstaða náist um málið og það hljóti hér skjóta afgreiðslu.

Sigurvin Einarsson: Herra forseti. Í byrjun þessarar umr. flutti ég ásamt nokkrum fleiri þm. brtt. við þetta frv. á þskj. 189. Efni brtt. var það, að núv. læknishéruð í landinu yrðu ekki lögð niður, þótt stofnaðar yrðu læknamiðstöðvar, en við flm. erum mjög fylgjandi því, að slíkum læknamiðstöðvum verði komið upp. Hins vegar sáum við enga ástæðu til þess a.m.k. fyrst um sinn að leggja niður núv. læknishéruð. Þetta var aðalefni till., sem við fluttum. Þessari till. má segja, að hafi verið vel tekið. Hæstv. heilbrmrh. hlutaðist til um, að málið yrði athugað á ný rækilega og hv. heilbr.- og félmn. var sama sinnis um það að athuga málið og leita eftir því, hvort ekki næðist samkomulag um lausn á þessum ákvæðum frv. Og eins og hv. frsm. n. hefur nú greint frá, hefur n. gert þetta með þeim hætti að boða mig sem 1. flm. þessarar brtt. á sinn fund auk landlæknis og fulltrúa úr rn., og fjölluðum við landlæknir um þetta í félagi allrækilega. Og svo fór, sem menn sjá, að okkur tókst að ná algeru samkomulagi um breytingar á frv. í þessa átt. Þær breytingar hefur nú hv. n. fellt inn í sínar till., þannig að nú er aðeins ein brtt. á ferðinni hvað þetta snertir.

Ég er þakklátur öllum þessum aðilum, bæði hæstv. ráðh., hv. heilbr.- og félmn. og landlækni fyrir lipurð og skilning í þessu máli að koma þarna til móts við sjónarmið okkar og margra annarra úti á landinu, sem verða að búa við bágborið ástand í heilbrigðismálum. Breytingin er því sú, sem verður nú væntanlega á þessu frv. eftir till. hv. n. og okkar, sem fluttum um það brtt., að þá fyrst kemur til greina að sameina læknishéruð í eitt, þegar 5 ár eru liðin frá því, að læknamiðstöð hefur verið stofnuð. Fyrr kemur þetta ekki til greina. Reynslutíminn, sem við óskuðum sérstaklega eftir að fengist á þessari nýju skipan, er þar með ákveðinn 5 ár frá stofnun læknamiðstöðvar. Núverandi læknishéruð halda sér því öll áfram, a. m. k. þennan tíma, sem ég hef nú nefnt. Þetta var aðalatriðið, sem fyrir okkur vakti, enda ætti þá að vera auðveldara fyrir alla aðila, sem þá kunna um þetta að fjalla, að skapa sér skoðanir á því, hvaða skipulag sé bezt, þegar slík reynsla er fengin. Ég fagna þessari breytingu, eins og ég hef hér sagt.

Hitt vil ég benda á, að þó að læknamiðstöðvar komi upp, eru einstök læknishéruð læknislaus fyrir það, og ég lít svo á, að að sjálfsögðu verði leitað eftir læknum í þau héruð þrátt fyrir þessa skipan. Þessi breyting á lögunum breytir að mínum dómi engu um það, að þörf er á því að fá lækna í læknislaus héruð og til þess þarf að beita auglýsingum, eins og áður hefur verið gert. Það er eftir 5 ára tímabilið, sem kemur til kasta þáv. yfirvalda í heilbrigðismálum að ákveða, hvort læknishéruð skuli lögð niður eða ekki og hvort læknamiðstöð geti fullnægt þeim.

Samkv. þessu tökum við flm. þessarar brtt. á þskj. 189 hana aftur.

Dómsmrh. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Þetta frv. til l. um breyt. á læknaskipunarlögum var eitt af fyrstu málum þingsins eða 3. mál þess, en afgreiðsla þess hefur nú dregizt eins og ljóst er. Á hitt er að líta, eins og fram hefur komið, að n. hafði þegar lokið að afgreiða málið fyrir sitt leyti í desember, en þá var nokkur ágreiningur um málið og komu fram brtt. eins og skýrt hefur verið frá. Lagði ég þá til, að við létum málið bíða og ég mundi beita mér fyrir því að reyna að ná samstöðu um málið. Mér þykir nú vænt um að geta þakkað heilbr.- og félmn. fyrir ágæt störf hennar í því að ná sáttum í þessu máli og einnig hv. þm. og þá fyrst og fremst hv. 1. þm. Vestf., sem var 1. flm. brtt. og öðrum þeim þm., sem voru meðflm. hans að brtt., sem nú eru teknar aftur; og eins 1. brtt. n., þar sem í þeim brtt., sem heilbr.- og félmn. flytur nú á þskj. 392, eru sameinuð sjónarmið allra aðila.

Það er alveg rétt hjá hv. 1. þm. Vestf., að við leysum ekki allan vanda með því að koma upp læknamiðstöðvum, ekki vanda læknaskortsins í dreifbýlinu, en það hefur þó verið svo, að á undanförnum árum hefur í sívaxandi mæli verið bent á það sem þá leið, sem kannske gæti orkað einna mestu í því að ná þarna góðum árangri. Heimild um læknamiðstöðvar var í 4. gr. læknaskipunarlaganna frá 1965, óljós að vísu, enda hafði hún ekkert verið notuð. Og þegar rn. fór svo að athuga nánar og fram höfðu komið till. lækna, hjúkrunarfólks og annarra um, að það væri þess vert að reyna að koma upp þessum læknamiðstöðvum, fór að athuga málið nánar, þá þótti nauðsyn að breyta lögunum og einnig að setja nánari ákvæði í reglugerð um læknamiðstöðvar á grundvelli þeirra till., sem fluttar voru á öndverðu þingi.

Með þeim brtt., sem hér eru lagðar til á þskj. 392, held ég eða hef ég skilið það svo, að fullt samkomulag sé innan þingsins, og ég hygg einnig, að þessu muni verða fagnað af áhugamönnum á þessu sviði, af bæði læknum og hjúkrunarfólki. En læknasamtökin hafa látið sig þetta mál miklu skipta, ræddu það á tveimur heilbrigðismálaráðstefnum í fyrra og hittiðfyrra og sérstaklega á s.l. hausti, þegar læknamiðstöðvamálin voru sérstaklega á dagskrá þá og rædd bæði frá sjónarmiði dreifbýlisins og einnig þéttbýlisins. Mér er að vísu ljóst, að það er töluverður vandi á höndum að koma þessum læknamiðstöðvum upp. Ef þetta frv. verður nú með þessari breytingu að lögum, þá þarf að semja upp reglugerðaruppkast, sem fylgdi upphaflega frv. um læknamiðstöðvar, en við höfum betri aðstöðu til þess nú á grundvelli þeirra viðræðna og umr., sem fram hafa farið um þessi mál. Síðan kemur auðvitað til kasta fjárveitingavaldsins, hversu mikið fé er aflögu hverju sinni til þess að koma þessum miðstöðvum á og hvar eigi að byrja og í hvaða tímaröð að reisa þær, en það hefur komið fram, eins og hv. þm. er kunnugt um, áhugi úr ýmsum hlutum landsins fyrir því að koma þar upp læknamiðstöðvum, og á það við jafnt um þéttbýli og dreifbýli.

Ég skal svo ekki hafa þessi orð fleiri, en vildi aðeins nota tækifærið til þess að láta í ljósi þakklæti mitt til n.

og þm., sem unnið hafa að mjög farsælli lausn málsins, sem byggist á samkomulagi og ágreiningslausri niðurstöðu á þskj. 392.

Jónas Pétursson: Herra forseti. Þó að ég hafi kvatt mér hljóðs hér, ætla ég ekki að fara að rjúfa þá samstöðu, sem hér hefur náðst í þinginu um þetta mál. En mér finnst þó, að ég megi helzt ekki láta hjá líða að leggja hér nokkur orð í belg og gera grein fyrir, hvernig þetta mál horfir við frá mínum bæjardyrum.

Eins og rakið hefur verið, var þetta mál afgreitt frá n. fyrir jól, en þá kom fram nokkur ágreiningur, og þá beitti hæstv. heilbrmrh. sér fyrir því, að málinu yrði frestað, til þess að reynt yrði að ná samstöðu um það, sem vitanlega er mjög æskilegur hlutur um svona mál. Þetta hefur nú tekizt, og ég ætla strax að segja það, að ég ætla ekki að fara að rjúfa þessa samstöðu. En hins vegar vildi ég láta það í ljós sem mína skoðun í stuttu máli, að ég hefði talið málið betur farið eins og það var lagt fyrir í upphafi heldur en eins og það er orðið nú. Ég efast ekki um, að fyrir hv. 1. þm. Vestf. hafi vakað gott eitt með hans till., en eiginlega verkar það á mig eins og sagt var forðum, að ja, það góða, sem hann vildi, hafi hann ekki gert, eða eitthvað á þá leið. Ég held, að það sé ekki ágreiningur um það, að þetta mál hafi fyrst og fremst verið hugsað til þess að reyna að leysa úr þeim bráðasta vanda, sem skapazt hefur í læknamálum strjálbýlisins, og eftir því, sem ég hef kynnt mér þetta betur, finnst mér, að sá tilgangur mundi nást betur með frv. eins og það var í upphafi. Núna hefur þetta verið fært út þannig, að það er í öllum læknishéruðum hægt að setja á stofn þessar miðstöðvar, og ég get ekki varizt því, að ég tel nokkra hættu á því, að það verði a.m.k. meiri erfiðleikum bundið, ef veruleg ásókn verður eftir því að fá fjármagn í þetta, að geta staðið á því, að þeir staðir geti gengið fyrir, þar sem þörfin er mest og læknamálin erfiðust. En einmitt það atriði tel ég, að hafi verið svo vel tryggt sem nokkur kostur var, einmitt eins og málið var lagt fyrir í upphafi.

Ég vil aðeins segja það, að ég vona þó, að þetta frv., líka í því formi, sem það er nú orðið, megi verða til þess að bæta verulega úr þessum læknisþjónustumálum, og þá fyrst og fremst eins og ætlað var, þar sem erfiðast hefur verið að veita viðunandi læknisþjónustu í strjálbýlinu. Þess vegna ætla ég ekki að gera neinn ágreining og raunar alls ekki koma með brtt. eða reyna á nokkurn hátt að tefja fyrir þessu máli, en ég taldi þó rétt að láta koma fram, hvernig þetta horfir við frá mínum sjónarhóli.

Jónas Jónsson: Herra forseti. Það, sem verður að leggja aðaláherzlu á í sambandi við það frv., sem hér er til umr., er, að ekki verði dregið úr læknis- og heilbrigðisþjónustu í dreifbýlinu, að ekki verði á neinn hátt slegið af kröfum um hana, heldur verði hún bætt eftir föngum. Læknamiðstöðvar verða vonandi einn liðurinn í þessu, og við þær eru vissulega miklar vonir bundnar, en enginn ætti þó að láta sér detta í hug, að þær leysi allan vandann. Hefur það nú komið hér fram, að menn trúa því ekki. Þær eru enn óreyndar. Það er líka augljóst, að þeim verður alls ekki komið við, svo að þær veiti viðunandi þjónustu á öllu landinu eða öllum héruðum. Það þarf ekki nema að taka sem dæmi svæðið frá Vopnafirði og vestur að Reykjaheiði á austanverðu Norðurlandi og Austurlandi. Þarna er ekki hægt að sjá, að verði á viðunandi hátt hægt að koma upp læknamiðstöðvum. Það er mjög mikilvægt, að reynsla fáist af þessum stöðvum og þær verði reyndar, áður en heimilt er að leggja niður læknishéruð. Það er mikilvægt, að þetta verði ekki túlkað þannig, að hægt verði að stofna læknamiðstöðvar á pappírnum og þannig kannske fækka þeim héruðum, sem eru sögð laus hverju sinni. Það er engin lausn þó að þurfi að auglýsa færri héruð. Í öðru lagi vildi ég benda á, að það er alls ekki nauðsynlegt í öllum tilfellum að leggja niður héruð, þó að læknamiðstöðvar séu stofnaðar. Ég leyfi mér að benda hér á dæmi frá Húsavík. Í Húsavíkurhéraði hafa að undanförnu starfað tveir læknar og nú þrír síðustu mánuðina, og þar hefur í reynd verið starfrækt læknamiðstöð, vegna þess að tveir ungir læknar, sem þar störfuðu, annar ráðinn sem héraðslæknir og hinn við sjúkrahúsið, störfuðu saman. Og þetta mun kannske vera sú reynsla, sem helzt er fyrir hendi af læknamiðstöðvum. En í sama héraði, þ.e. Suður-Þingeyjarsýslu, er Breiðumýrarlæknishérað og þar starfar fjórði læknirinn. Nú verður Breiðumýrarhérað laust í vor og er óvíst um það, hvort nýr læknir sæki. Þó er það ekki talið vonlaust og mun vera unnið að því nú að fá lækni í þetta hérað. Á Húsavík og í Húsavíkurhéraði virðist vera nægur mannfjöldi til þess, að þar geti starfað þrír læknar, og það virðist vera nægilegur læknafjöldi til að þeir geti starfrækt miðstöð. Þarna er ekki nauðsynlegt að leggja niður Breiðumýrarhérað og það er vitað, að fólkið, sem í því héraði býr, verður mjög á móti því. Þarna er skólahverfi að Laugum í Reykjadal, þarna eru fjölbyggðar sveitir eins og Mývatnssveit og Reykjadalur og aðrar eins og Bárðardalur og Ljósavatnshreppur, sem mundu eiga mjög langt til Húsavíkur, yfir 100 km eru frá bæjum í Bárðardal og til Húsavíkur. Þessar sveitir hljóta að vera á móti því, að Breiðumýrarhérað verði lagt niður. Haft hefur t.d. verið eftir skólastjóranum við héraðsskólann að Laugum, að hann mundi ekki vilja veita þeim skóla forstöðu, ef ekki væri læknir þar í nágrenninu, og er það sjálfsagt vel skiljanlegt. En þessar sveitir vilja einnig og það mjög gjarnan, að góð læknamiðstöð starfi á Húsavík. Það mundi vera þeim til stuðnings.

Ég vil leggja áherzlu á það, og það er aðalatriðið, að ekki verði slegið af kröfunum um læknis- og heilbrigðisþjónustu í dreifbýlinu. Það er t.d. nauðsynlegt, að á þessu 5 ára tímabili, sem um er rætt í 4. málsl. í brtt., verði héruð, eins og t.d. ég hef tekið Breiðumýrarhérað, auglýst og það þannig, að það verði reynt til þrautar að fá þangað lækni hverju sinni. Og í trausti þess, að þannig verði á málunum haldið og þannig verði þetta í framkvæmd, þá mun ég veita þessu frv. stuðning.

Vilhjálmur Hjálmarsson: Herra forseti. Það voru aðeins örfá orð. Ég vil í engu verða til að tefja framgang þessa frv., sem ég tel til bóta, þó að það nái aðeins yfir eitt afmarkað svið þess vandamáls, sem hér er við að etja. Ég var einn af þeim, sem lögðu nokkru áherzlu á, að breytt yrði ákvæði frv. þannig, að læknishéruð yrðu ekki lögð niður jafnskjótt og læknamiðstöðvar yrðu

stofnaðar. Og það hefur nú verið orðið við þessum óskum okkar, og ákvæðum frv. breytt þannig, að þetta gerist ekki fyrr en eftir 5 ár. Ég tel þetta mjög mikilsvert, því að enda þótt fjölmargir bindi miklar vonir við læknamiðstöðvarnar, er þó það fyrirkomulag óreynt og reynslan ein sker úr um það, hvernig það blessast. Vera kann og, að það reynist vel í einum stað, þótt það reynist það ekki alls staðar. Þess vegna var það, að við lögðum áherzlu á það, að læknishéruðin yrðu ekki lögð niður, jafnskjótt og læknamiðstöðvar yrðu stofnaðar, og af því leiðir það, að við hljótum auðvitað að leggja áherzlu á það, að haldið verði áfram eins og áður að vinna að því að útvega lækna í læknishéruðin svo lengi, sem þau hafa ekki verið lögð niður, að þau verði auglýst eins og áður o.s.frv. Og ég lít svo á, að þannig hljóti framkvæmd laganna að verða.

Eins og ég sagði áðan, tel ég þetta frv. til mikilla bóta, og ég bind miklar vonir við læknamiðstöðvafyrirkomulagið. Það er þó auðvitað öllum hv. dm. ljóst, að varðandi læknavandamál dreifbýlisins eru hér mörg fleiri viðfangsefni. Þetta var nokkuð rætt við 1. umr. þessa máls, og hæstv. ráðh. kom inn á ýmis þessi atriði. Ég tel, að það geti haft mjög mikil áhrif að breyta tilhögun kennslu í læknadeild og að enn þurfi að athuga ýmsa þætti í sambandi við aðbúnað héraðslækna til hliðar við þetta mál, og raunar fleira. Og ég vil einnig taka undir það, sem stundum hefur verið hreyft, ég hygg einnig hér í hv. d., að það geti vel komið til athugunar, að Landsspítalinn taki eins konar forystu í sjúkrahúsmálunum, að tengd verði Landsspítalanum fyrst og fremst hin smærri sjúkrahús víðs vegar um landið. Það hefur í vetur verið sá háttur á hafður varðandi sjúkrahúsið í Neskaupstað, — þar varð læknislaust í haust, og hefur ekki enn tekizt að ráða þangað fastan mann — að Landsspítalinn hefur tekið að sér að sjá þar fyrir þjónustu á þann hátt, að læknar hafa farið austur og verið þar ákveðinn tíma. Við þetta fyrirkomulag má segja að vanti nauðsynlega og eðlilega festu í starfsemi sjúkrahússins, því að allt er þetta nokkuð laust í reipum. Menn vita ekki gjörla hversu lengi þetta gengur og eins hitt, að tíminn er mjög stuttur, sem hver læknir er. En ég hef orðið var við það, að menn á hinn bóginn meta það mjög, að þarna hafa komið austur til starfa hinir færustu læknar í ýmsum greinum og menn sjá við það ýmsa kosti, þó að á hinn bóginn vanti vissa festu í starfsemi sjúkrahússins, sem varla getur skapazt með þessum hætti. En þessi mál öll eru svo yfirgripsmikil, að það er erfitt fyrir einstaka þm. að leggja fram ákveðnar till. um mörg þessara atriða. Og það er kannske m.a. þess vegna, að ekki hafa komið hér fram till. frá einstökum þm. um fleiri atriði heldur en fjallað er um í þessu frv. Ég vil nú leyfa mér að vænta þess, að heilbrigðisyfirvöld og læknasamtök láti ekki hér staðar numið, heldur vinni ötullega að frekari úrbótum í þessum efnum, bæði á grundvelli þeirra laga, sem væntanlega verða afgreidd hér frá þinginu nú varðandi læknamiðstöðvarnar, og einnig á öðrum sviðum þessara mála.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 72. fundi í Nd., 28. marz, var enn fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.

Brtt. 189 tekin aftur.

Brtt. 165 tekin aftur.

Brtt. 392 (ný 1. gr.) samþ. með 27 shlj. atkv.

2. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 26 shlj. atkv.

Á 74. fundi í Nd., 10. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 434).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 21 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 72. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 73. fundi í Ed., 14. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Dómsmrh. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Þetta frv. til l. um breyt. á læknaskipunarlögum er komið frá Nd. Þetta var eitt af fyrstu málum þingsins, og má því kannske furðu sæta, að það skuli ekki vera fyrr komið til Ed. Ég vil gefa á þessu nokkra skýringu. N. í Nd. hafði lokið afgreiðslu málsins fyrir jól og það var þá tekið þar til 2. umr., en nokkur ágreiningur kom þá upp í sambandi við málið og brtt. voru fluttar af hv. þm. En ég taldi mjög æskilegt að freista þess að ná samkomulagi um málið og óskaði þá eftir því, að afgreiðslu málsins yrði frestað og þinghléið notað til þess að reyna að ná samstöðu um málið.

Það var svo upp úr áramótum, að þá unnu fulltrúar í dómsmrn. að því, í samráði við nm. í Nd. og þá þm. Nd., sem brtt. höfðu flutt, að samræma sjónarmið þeirra. Og sem betur fór lyktaði því máli þannig, að allsherjarsamkomulag varð um málið og málið afgreitt ágreiningslaust frá Nd. En allar þessar tilraunir til þess að ná samkomulagi um málið tóku lengri tíma heldur en ég hafði gert ráð fyrir, og því er málið hingað komið síðar en skyldi og ber að biðjast velvirðingar á því og skiljanlegt, að hvor deildin um sig vilji fá fyrr til sín mál, sem í öndverðu eru lögð fram, heldur en hér er raunin á. Hins vegar hefur hér verið unnið verulega að málinu með þeim hætti, sem ég leyfi mér að vænta, að geti orðið til þess að auðvelda mjög framgang málsins í þessari hv. d.

Meginatriði málsins er nú í þessu frv., að læknamiðstöðvar eru ráðgerðar sem sérstakar stofnanir, er veiti heilbrigðisþjónustu á tilteknu landssvæði, einu eða fleiri læknishéruðum, en það er hins vegar ekki forsenda fyrir stofnun læknamiðstöðvar eins og var í öndverðu, að sameining læknishéraða eigi sér þegar stað. Nú er ráðh. heimilt að stofna slíka læknamiðstöð samkv. till. landlæknis og eftir því, sem fé er veitt til þess á fjárl. Og áður en ákveðið er að stofna læknamiðstöð, á að leita álits hlutaðeigandi sveitarfélaga. Það var ekki í öndverðu, heldur sveitarstjórnarsambandsins, og till. voru um það að láta viðkomandi og hlutaðeigandi

sveitarfélög fjalla um málið, og hefur verið fallizt á það. Einnig á að leita álits Tryggingastofnunar ríkisins og stjórnar Læknafélags Íslands, svo og hlutaðeigandi héraðslækna, ef héruð þau, sem stöðin á að þjóna, eitt eða fleiri, eru skipuð héraðslæknum. Síðan varð það að samkomulagi — það var ekki forsenda fyrir stofnun læknamiðstöðvar, að læknishéruð væru sameinuð — að setja inn ákvæði, sem kemur hér fram í 4. mgr., að séu liðin 5 ár frá því, að læknamiðstöð samkv. 1. mgr. tók til starfa, verði svæði það, sem stöðin þjónar, eitt læknishérað, ef um fleiri en eitt læknishérað er að ræða, og ákveður ráðh. nafn hins nýja héraðs. Ákvæði þessarar mgr. gildir einnig, þegar svæði læknamiðstöðvar er stækkað. M.ö.o., eins og þetta frv. er nú, er gert ráð fyrir því, að áður en ákvarðanir séu teknar um sameiningu héraða, sem í raun og veru í framkvæmd hafa sameinazt um læknamiðstöð, skuli fást a.m.k. 5 ára reynsla á, hvernig þetta gefst, áður en heimilt er að taka hina endanlegu ákvörðun. Annars má segja, að það felist í þessu varúð, skynsamleg varúð, því að svo getur verið, að reynslan hafi á þessum tíma borið það með sér, að það sé ekki rétt að steypa saman læknishéruðunum, þrátt fyrir það, að það í öndverðu hafi verið ráðgert.

Um frv. að öðru leyti er svo það að segja og það var meginstefna þess í upphafi, að þegar læknamiðstöðvar eru reistar, í dreifbýli a.m.k., og þegar sameinuð eru fleiri en eitt læknishérað, beri ríkið allan stofnkostnað við læknamiðstöðina. Hins vegar eru tekin af öll tvímæli um það, að það geti einnig risið upp læknamiðstöðvar í þéttbýli eða kaupstöðum, og þá er gert ráð fyrir, að ríkið beri kostnað í sömu hlutföllum og við sjúkrahúsabyggingar. En í reyndinni hygg ég, að það muni í langflestum tilfellum verða svo í kaupstöðum og þéttbýli að öðru leyti, að læknamiðstöðvarnar yrðu hluti af sjúkrahúsabyggingum, sem þar er annað hvort verið að byggja eða verða byggð, svoleiðis að þar sé ekki óeðlilegt að hafa þetta ákvæði með þessum hætti.

Önnur ákvæði frv. skýra sig nú sjálf, og þarf ekki að fara um þau fleiri orðum. Ég vil aðeins geta þess, að með frv. í upphafi fylgdi uppkast að reglugerð um læknamiðstöðvar. Það uppkast þarf að sjálfsögðu að endurskoðast í ljósi þeirra breytinga, sem nú eru orðnar á frv. Ég held, að það sé nokkuð almenn samstaða um það og það sé sameiginlegt álit manna, að það að koma upp læknamiðstöðvum, hópstarfi eða samstarfi fleiri lækna geti verið í mörgum tilfellum verulegur þáttur í því að bæta læknisþjónustuna í landinu, bæði í dreifbýli og einnig í þéttbýli. Þetta hefur komið fram á ráðstefnum Læknafélags Íslands, bæði á s. l. hausti, haustið 1967, og í skrifum lækna og annarra áhugamanna um læknaþjónustuna í landinu, og um þetta var ekki ágreiningur við meðferð málsins í Nd.

Mér er að sjálfsögðu ljóst, að þó að komið verði upp læknamiðstöðvum, leysir það engan veginn allan vanda, sem okkur er á höndum í sambandi við læknisþjónustuna í dreifbýli, og sums staðar eru aðstæður þannig, að þær geta alls ekki leyst þann vanda, og verður ekki komið upp í þeim tilgangi, en þess vegna ber að líta á þetta frv. sem aðeins einn þátt í því að stuðla að betri læknisþjónustu í landinu. Ég vil leyfa mér að vænta þess, að góð samstaða geti orðið um málið hér í þessari hv. d. og með hliðsjón af því verki, sem hefur verið lagt í það að sameina skoðanir manna í Nd. um málið, að hv. n., sem fær þetta mál til meðferðar, mætti eiga auðvelt með að afgreiða það með sem skjótustum hætti, einnig með hliðsjón af því, hversu nú er langt liðið á þing.

Ég vil að svo mæltu leyfa mér að leggja til, herra forseti, að málinu verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. heilbr.- og félmn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 13 shlj. atkv.

Á 76. fundi í Ed., 21. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 434, n. 477).

Frsm. (Jón Þorsteinsson): Herra forseti. Þetta frv. fjallar einvörðungu um breytingar á 4. gr. læknaskipunarl. frá 1965, en þessi 4. gr. er á þá leið, að takist ekki í eitt ár að fá héraðslækni skipaðan í eitthvert læknishérað samkv. 1. gr., þó að það hafi verið auglýst minnst þrisvar, sé heimilt að sameina héraðið því nágrannahéraði, sem bezt hentar, ef staðhættir annars leyfa slíka sameiningu, enda verði læknir skipaður til starfa í hinu sameinaða læknishéraði ásamt héraðslækni þeim, sem starfar þar fyrir. Enn fremur segir í þessari 4. gr. læknaskipunarl.: „Þar sem staðhættir leyfa, má sameina fleiri læknishéruð, þegar svo stendur á, sem um ræðir í 1. mgr., enda verði að jafnaði skipaður læknir til viðbótar fyrir hvert hérað, sem sameinað er.“ Og aðlokum segir í þessari 4. gr., að ráðh. setji með reglugerð nánari ákvæði um læknamiðstöðvar, sem upp kunni að rísa samkv. ákvæðum þessarar gr.

Þegar að því kom fljótlega eftir að þessi læknaskipunarlög voru sett 1965, eða þeim breytt, að fara að framkvæma þessa 4. gr., en landlæknir taldi nauðsynlegt að nota heimild hennar til þess að koma á fót læknamiðstöðvum, þá komu ýmsir annmarkar í ljós og reyndist þurfa að athuga það mál sérstaklega og til þess var skipuð sérstök n., sem átti að hafa það hlutverk að semja reglur um fyrirkomulag og rekstur læknamiðstöðva samkv. 4. gr. læknaskipunarlaganna og athuga sérstaklega afstöðu læknanna hvers til annars og verkaskiptingu þeirra. Þessi n. skilaði till. sínum í septembermánuði 1967 og lagði þar til, að sett yrði reglugerð á grundvelli 4. gr. um læknamiðstöðvar héraðslækna og gerði n. drög að slíkri reglugerð. En við nánari athugun á till. þessarar n. hjá rn. og landlækni kom í ljós, að þessi 4. gr. læknaskipunarlaga er ófullnægjandi undirstaða til raunhæfra framkvæmda um stofnun og starfrækslu læknamiðstöðva, og því fól rn. landlækni í samráði við þá, sem áttu sæti í þeirri n., er annaðist samningu læknaskipunarlagafrv., að gera till. að nýjum ákvæðum um stofnun og rekstur læknamiðstöðva, og þetta frv., sem hér liggur fyrir, er árangurinn að því starfi.

Þetta frv. var borið fram í Nd. Þar urðu í fyrstu mjög skiptar skoðanir um þetta mál, og komu fram margvíslegar aths., þó að ég hyggi, að allir hafi verið sammála um nauðsyn þess að gera þessa 4. gr. læknaskipunarl. betur úr garði en áður. En að lokum tókst þó sam-

komulag um hin mismunandi sjónarmið í hv. Nd., og voru þar gerðar ýmsar breytingar á greininni, sem menn voru að lyktum sammála um. Og þannig liggur frv. hér fyrir þessari hv. d. Meginbreytingarnar, sem Nd. gerði, eru þær annars vegar, að sett er inn ákvæði, sem segir, að þegar liðin séu 5 ár frá því, að læknamiðstöð samkv. 1. mgr. tók til starfa, verði svæðið, sem stöðin þjónar, eitt læknishérað, ef um fleiri en eitt hérað er að ræða, og ákveður ráðh. nafn hins nýja héraðs. Og þarna er sem sagt settur sérstakur aðlögunartími, sem ekki var í frv. í upphafi. Og enn fremur eru settar ítarlegri reglur um kostnað við byggingu og starfrækslu slíkrar læknamiðstöðvar, sem er ærið flókið mál. Þessu frv. var vísað til heilbr.- og félmn. Og hún fékk þar í hendur umsagnir með frv., sem höfðu borizt til Nd., þ. á m. frá Sambandi íslenzkra sveitarfélaga, sem leggur til, að frv. verði samþ., en gerir á því lítils háttar breytingu, sem tekin var til greina í Nd., og enn fremur frá Læknafélagi Íslands, sem mælir eindregið með samþ. frv. Það varð svo niðurstaðan í heilbr.- og félmn. Nd. að mæla með því, að frv. yrði samþ. eins og það liggur nú fyrir.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 16 shlj. atkv.

Á 77. fundi í Ed., 22. apríl, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 16 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 529).

---

33. Eftirlaun forseta Íslands.

Á 55. fundi í Nd., 25. febr., var útbýtt:
Frv. til l. um eftirlaun forseta Íslands [153. mál] (stjfrv., A. 284).

Á 56. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 26 shlj. atkv.

Forsrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Þetta frv. hefur verið til athugunar hjá þingflokkunum og þeir í meginefnum lýst sig því samþykka. Þó eru viss atriði, sem menn óska eftir að athuga nánar, slíkt er auðvitað sjálfsagt við meðferð málsins. Ég hef óskað eftir því, að málið væri nú tekið á dagskrá, vegna þess að að öllu forfallalausu þá er ég á förum á fund Norðurlandaráðs og hafði kosið, að málið færi til n., áður en ég færi þeirra erinda af landi brott.

Frv. er samið með hliðsjón af þeim reglum, sem gilda *um eftirlaun ráðherra annars vegar og þingmanna hins* vegar, að breyttu breytanda, en hingað til hafa ekki verið í l. ákvæði um eftirlaun forseta Íslands. Eftir það, að herra Ásgeir Ásgeirsson lét af störfum, reyndi á um þetta. Þá varð samkomulag um bráðabirgðaskipan, en sjálfsagt er, að um þetta verði sett frambúðarlöggjöf.

Eins og hv. þm. sjá, þá er sá hundraðshluti, sem forseta Íslands er ætlaður í eftirlaun af fullum launum, ívið hærri en er hjá ráðherrum, en þá er á það að líta, að peningalaun forsetans, sem hér er reiknað frá, eru ekki nema hluti af hans raunverulegu tekjum á meðan hann er í embættinu. Hann hefur mörg og mikil hlunnindi fyrir utan hin beinu laun og þá einnig skattfríðindi eða skattfrelsi, sem hann missir, jafnskjótt og hann lætur af embættinu. Þau eiga ekki að koma til greina varðandi eftirlaunin.

Ég hygg þess vegna, að það hafi verið fundin nokkuð sanngjörn millileið í þessu máli og vonast til þess, að málið fái greiðan framgang og leyfi mér að leggja til, að það verði sent til hv. allshn. að lokinni þessari umr.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 27 shlj. atkv. og til fjhn. með 27 shlj. atkv.

Á 74. fundi í Nd., 10. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 284, n. 415).

Frsm. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Eins og fram kemur á þskj. 415, hefur fjhn. þessarar hv. d. haft til meðferðar frv. til l. um eftirlaun forseta Íslands. N. hefur athugað frv., og þeir, sem viðstaddir voru á nefndarfundinum, sem voru allir nm., að undanskildum hv. 4. þm. Austf., mæla með því, að frv. verði samþ. óbreytt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 23 shlj. atkv.

Á 75. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 21 shlj. atkv.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 21 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 72. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 73. fundi í Ed., 14. apríl, var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til fjhn. með 11 shlj. atkv.

Á 76. fundi í Ed., 21. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 284, n. 479).

Frsm. (Ólafur Björnsson): Herra forseti. Frv. þetta

fjallar um eftirlaun forseta Íslands, en um það efni hefur ekki verið sett löggjöf fram að þessu. Fjhn. hefur haft þetta frv. til meðferðar, og eins og nál. á þskj. 479 ber með sér, mæla allir þeir nm., sem viðstaddir voru á þeim fundi, er afgreiddi málið, með því, að frv. verði samþ. óbreytt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Á 77. fundi í Ed., 22. apríl, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 16 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 531).

34. Ættleiðing.

Á 58. fundi í Ed., 13. marz, var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. um ættleiðingu, nr. 19 11. febr. 1953 [179. mál] (stjfrv., A. 352).

Á 60. fundi í Ed., 18. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Dómsmrh. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Eins og kunnugt er, þá hefur núna á síðasta þingi verið breytt nokkuð aldursmörkum í sambandi við kosningarrétt og lögræði og eitthvað fleira, sem telja má sambærilegt og í tengslum við það. Og nú er hér lagt fram frv. til l. um breytingu á l. um ættleiðingu, sem er bein afleiðing af þessum fyrri ákvörðunum, sem þingið hefur tekið. Að lokinni eftirgrennslan í dómsmrn. þótti eðlilegt að gera þá breyt., sem hér er lögð til. En samkvæmt l. um ættleiðingu frá 1953 þá þarf samþykki foreldra til ættleiðingar barns þeirra, sem er yngra en 21 árs. Með hliðsjón af því, sem áður getur, hefur verið talið eðlilegt í ráðuneytinu að færa þetta 21 árs mark niður í 20 ár, eins og lagt er til samkvæmt þessu frv.

Ég vil leyfa mér að leggja til, herra forseti, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. allshn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til allshn. með 14 shlj. atkv.

Á 71. fundi í Ed., 10. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 352, n. 420).

Frsm. (Jón Þorsteinsson): Herra forseti. Í 6. gr. l. um ættleiðingu frá árinu 1953 segir, að samþykki foreldra þurfi til ættleiðingar barns þeirra yngra en 21 árs. Með þessu frv., sem hér liggur fyrir, er ætlunin að breyta þessu lagaákvæði þannig að færa þessi aldursmörk úr 21 ári niður í 20 ár. Þetta er til samræmis við lækkandi aldursmörk, sem samþ. voru á síðasta þingi, varðandi kosningarrétt og kjörgengi, hjúskaparrétt og fjárræði o. fl., og felst ekki annað í þessu frv. en þetta eitt.

Þessu máli var vísað til allshn., og leggur nefndin til, að frv. verði samþ.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Á 72. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 15 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 15 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 74. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á 77. fundi í Nd., 15. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Dómsmrh. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Þetta frv. til l. um breyt. á l. um ættleiðingu er komið hingað eftir að hafa hlotið meðferð í Ed., en þetta frv. er flutt til samræmis við breytingar, sem gerðar hafa verið á l. um kosningarrétt og kjörgengi til Alþingis, stofnun hjúskapar og fjárræði, þegar aldursmörkin voru færð úr 21 ári niður í 20 ár. Það er talið rétt, að sömu sjónarmið eigi við um aldursmark það, sem getið er um í 6. gr. l. um ættleiðingu, en það þýðir það, að samþykki foreldris til ættleiðingar þyrfti þá ekki nú, þegar viðkomandi hefði náð 20 ára aldri, en var áður 21 árs aldur. Ég hygg, að það sé eðlilegt að meta þetta aldursmark á sama hátt og þau önnur, sem ég hef getið um.

Ég vil leyfa mér, herra forseti, að leggja til, að þessu máli verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. allshn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 27 shlj. atkv. og til allshn. með 27 shlj. atkv.

Á 79. fundi í Nd., 21. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 352, n. 472).

Frsm. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Á síðasta Alþingi voru samþ. lög um lækkun á aldursmörkum að því er varðar kosningarrétt og kjörgengi og stofnun hjúskapar og fjárræði og þótti rétt, að sömu sjónarmið verði látin gilda um aldursmark það, sem um getur í 6. gr. l. um ættleiðingu.

Allshn. hefur haft þetta frv. til meðferðar og telur eðlilegt, að það verði samþ.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 23 shlj. atkv.

Á 80. fundi í Nd., 22. apríl, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 28 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 535).

---

35. Stofnun og slit hjúskapar.

Á 58. fundi í Ed., 13. marz, var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. um stofnun og slit hjúskapar, nr. 39 27. júní 1921 [180. mál] (stjfrv., A. 353).

Á 60. fundi í Ed., 18. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Dómsmrh. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Þetta frv. er af svipuðum toga og það, sem ég áðan talaði um. Eins og menn rekur minni til, þá var í fyrra 21 árs aldursmarkið í sambandi við hjónavígsluskilyrði fært niður í 20 ár. Nú hefur komið í ljós, að það virðist eðlilegt að færa önnur aldursmörk þarna niður, sem þá var ekki breytt. Því er nú lagt til, að í 2. málsgr. 4. gr. l. komi 20 ára í stað 21 árs aldurs. En það er ákvæði þess eðlis, að karlmanni verði eigi gert að greiða skaðabætur samkvæmt 3. gr. l., ef festarkona verður þunguð af völdum festarmanns og festarnar slitna af ástæðum, sem hann á aðallega sök á, nema hann hafi verið 21 árs, þegar konan varð þunguð, og er lagt til að þetta verði fært niður í 20 ára aldur í staðinn fyrir 21 árs, til samræmis við annað.

Ég vildi leyfa mér, herra forseti, að leggja til, að þessu máli verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. allshn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til allshn. með 14 shlj. atkv.

Á 71. fundi í Ed., 10. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 353, n. 421).

Frsm. (Jón Þorsteinsson): Herra forseti. Í 3. gr. l. um stofnun og slit hjúskapar frá 1921 segir:

„Nú verður festarkona þunguð af völdum festarmanns síns, og festar slitna síðan af ástæðum, sem hann á aðallega sök á, og skal hann þá gjalda henni hæfilegar bætur fyrir ráðspjöllin."

Í 2. mgr. 4. gr. er enn fremur vikið að þessu og þar segir:

„Karlmanni verður eigi gert að greiða skaðabætur samkv. 3. gr." — þeirri, sem ég áðan las — „nema hann hafi verið 21 árs, er konan varð þunguð."

Það, sem felst í þessu frv., sem hér er til umr., er að breyta þessu aldursmarki í 2. mgr. 4. gr. úr 21 ári í 20 ár og felast engar aðrar breytingar í frv. Þetta er gert til samræmis við aðrar aldursmarkabreytingar, sem áður hafa verið nefndar, og sé ég ekki ástæðu til þess að rekja það frekar.

Þessu frv. var vísað til allshn., og var hún sammála um að mæla með því, að frv. verði samþ.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Á 72. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 15 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 15 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 75. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á 77. fundi í Nd., 15. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Dómsmrh. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Frv. þetta hefur hlotið afgreiðslu í Ed., og það er sama eðlis og frv. það, sem ég mælti fyrir áðan, að því leyti, að það er verið að færa aldursmark úr 21 árs aldri niður í 20 ár. En á síðasta þingi var breytt l. um stofnun hjúskapar, þannig að 21 árs aldursmarkið var fært niður í 20 ár. En sennilega má segja, að yfirsézt hafi þá að gera sams konar breytingu, eins og hér er lagt til, á 2. mgr. 4. gr. l. um stofnun og slit hjúskapar. En þessi breyting hefur þýðingu að því leyti, að hún hefur áhrif á ábyrgð viðkomandi aðila í vissum tilfellum í sambandi við heitrof, ef um slíkt er að ræða, sem hann mundi þá ekki bera ábyrgð á nú innan 20 ára aldurs, en var áður þannig, að viðkomandi bar ekki ábyrgð á innan 21 árs aldurs.

Ég vil leyfa mér að leggja til, herra forseti, að máli þessu verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. allshn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 30 shlj. atkv. og til allshn. með 29 shlj. atkv.

Á 79. fundi í Nd., 21. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 353, n. 473).

Frsm. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Það eru nákvæmlega sömu rök fyrir þeirri breyt., sem felst í þessu frv. og m.a. giltu, þegar sú breyt. var gerð á l. um stofnun hjúskapar að miða við 20 ár, svo að manni sýnist eðlilegt, að það sama ætti einnig að gilda um stofnun og slit hjúskapar, og mælir allshn. með samþykkt frv.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 22 shlj. atkv.

Á 80. fundi í Nd., 22. apríl, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 30 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 536).

---

36. Ráðstafanir í sjávarútvegi vegna breytingar gengis íslenzkrar krónu (stjfrv. um gildistöku).

Á 34. fundi í Sþ., 5. marz, var útbýtt frá Ed.:
Frv. til l. um breyt. á l. um ráðstafanir í sjávarútvegi vegna breytingar gengis íslenzkrar krónu frá 31. des. 1968 [165. mál] (stjfrv., A. 322).

Á 55. fundi í Ed., 6. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Félmrh. (Eggert G. Þorsteinsson): Herra forseti. Frv. þetta er flutt til staðfestingar á brbl., sem nauðsynlegt reyndist að gefa út hinn 4. janúar s. l. Efni frv. er ákaflega einfalt. Það var dregið í efa, að tveir kaflar umræddra frv., sem afgr. var hér fyrir jólaleyfi, hefðu sömu gildistöku og einn kafli frv., vegna þess að láðst hafði að setja þá grein inn, sem hér er sett inn í lok frv. Frv. þetta er því um, að allir kaflar þeirra l., sem sett voru fyrir jólin, hafi sama gildistíma, og fyrir því er þetta frv. flutt.

Ég legg til, herra forseti, að því verði vísað að lokinni þessari umr. til 2. umr. og hv. sjútvn.

Bjarni Guðbjörnsson: Herra forseti. Ég skal nú ekki gera að umræðuefni þá gleymsku, sem er orsök þess, að þetta frv. liggur hér frammi, en í l., sem afgr. voru 19. desember á Alþ., eru atriði, sem ég vildi leyfa mér að fara fram á að fá upplýsingar um og vildi beina því til hæstv. sjútvmrh., á hvaða vegi þau atriði væru stödd, sem þar greinir frá.

Í 17. gr. segir svo í staflið a: „Allt að 34.5% gangi til greiðslu hluta gengistaps vegna fiskiskipa og síldarflutningaskipa", og þar er enn fremur gert ráð fyrir að sett verði reglugerð, sem sjútvmrn. setur, að fenginni umsögn Landssambands íslenzkra útvegsmanna. Nú vildi ég mega spyrja: Hvað líður þessari reglugerð, sem setja átti samkv. þessum lögum? Þetta er töluvert mikið atriði og ekkert smámál, og ástæðulaust að það dragist í marga mánuði að koma jafnþýðingarmiklu atriði í framkvæmd, eins og þetta er fyrir alla þá aðila, sem þarna eiga hlut að máli. Þetta er, eins og ég sagði, ekkert smáatriði. Þetta skiptir hundruðum þúsunda króna eða jafnvel á aðra millj. fyrir bátana, þau útgjöld, sem þeir verða fyrir í sambandi við gengistapið á hinum erlendu lánum. Þess vegna vildi ég gjarnan fá vitneskju um það, hvað liði þessari reglugerð, og hvenær mætti vænta umbóta í þessu efni. Það líður varla sú vika, að ekki komi fyrir að gjaldfalli erlendar skuldir á bátum, og viðkomandi útvegsmenn eru skuldfærðir fyrir þeim fjármunum, og þetta veldur þeim mjög miklum erfiðleikum í rekstri auk stórkostlegs kostnaðar.

Í öðru lagi vildi ég gjarnan fá upplýst atriði í b-staflið sömu laga. Þar er talað um, að allt að 16.4% gangi til að auðvelda bátum, sem síldveiðar stunduðu sumarið og haustið 1968, að standa í skilum. Hér er um að ræða hinn alkunna síldarvíxil, sem svo hefur verið nefndur og átti að auðvelda útvegsmönnum að standa í skilum með greiðslur vaxta og afborgana af stofnlánum á árinu 1968, með öðrum hætti en nýjum lánum eða frestun afborgana. Enn þá hefur ekki, eftir því sem ég bezt veit — annað verður þá upplýst, ef það er ekki rétt, sem ég segi — komið neitt fram um þetta, og ekkert verið greitt af þessum lánum, samkvæmt þessari grein.

Í þriðja lagi langaði mig til að fá upplýst hjá hæstv. sjútvmrh., hvort nokkuð hefur verið gert í því atriði, sem áður hefur borið hér á dagskrá, en það er í sambandi við ábyrgðarþóknun við erlendu lánin fyrir þessa báta. Þetta er margrætt mál, a.m.k. meðal útvegsmanna og samtaka þeirra. Þetta skiptir mjög miklu máli fyrir þessi skip, ekki sízt eftir gengisfellingarnar, því að provisjón af þessum bátum, sem skulda erlendis og eru kannske keyptir hér fyrir 1–2 árum, nemur vegna þeirra skipa á aðra millj. Mig langaði til að fá upplýsingar um þessi atriði áður en málið færi lengra.

Félmrh. (Eggert G. Þorsteinsson): Herra forseti. Hv. 3. þm. Vestf. beindi hér til mín fsp. varðandi reglugerðarsetningu, sem umrædd lög gera ráð fyrir að sett verði. Það er rétt hjá honum, að umræddar reglugerðir hafa ekki verið settar. Á það hefur af minni hálfu verið lögð sérstök áherzla, að um setningu þessara reglugerða, svo viðkvæmar og viðurhlutamiklar sem þær eru, yrði haft fullt samráð við hlutaðeigandi aðila og fullt samkomulag, ef þess væri nokkur kostur. Það hefur reynzt torveldara en búast hefði kannske mátt við, að ná þessu samkomulagi, og það er ástæðan til þess, að enn þá hafa ekki verið settar ákveðnar reglur um þessi atriði. Ég geri ráð fyrir því, að sú nefnd, sem málið fær, geti fengið fullar upplýsingar um stöðu málsins, eins og það er í dag, en ég hef verið að vona, að þessi atriði verði brátt afgreidd. En það hefur, eins og ég sagði áðan, reynzt torveldara að ná um þetta samkomulagi en margir höfðu vonað. Ég vona hins vegar, að það þurfi ekki að verða langur dráttur á því hér eftir, að reglur verði settar um þessi atriði. En kjósi n. að vita um stöðu málsins í dag, þá getur hún áreiðanlega fengið upplýsingar um það við meðferð málsins í nefnd.

Bjarni Guðbjörnsson: Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðh. fyrir svörin, svo langt sem þau náðu. Það upplýsist hér með, að það hefur ekkert í þessum málum skeð enn þá.

Í umr. um þetta mál í hv. Nd., þegar frsm. meiri hl. sjútvn., formaður Landssambands ísl. útvegsmanna, Sverrir Júlíusson, flutti nál. eða mælti fyrir frv., lagði hann áherzlu á það, að þýðingarmesti liðurinn í framkvæmd þessara l. væri einmitt þessi liður, sem ég var að spyrja um, stafliður a í 17. gr. í þessum lögum. Og það sýnir sig, að einn þýðingarmesti liðurinn í þessu máli, hann hefur ekki enn þá komið til framkvæmda. Ég verð að harma, að svo skuli hafa til tekizt og ekki

skuli hafa verið lögð meiri áherzla á, að þetta veigamikla atriði, séð frá sjónarmiði þeirra, sem um það fjölluðu af hálfu stjórnarinnar í hv. Nd., skuli enn ekki hafa komið til framkvæmda. Það hefur heldur ekki verið upplýst, hve há upphæð væri þarna til skiptanna. Það hefur heyrzt talað um 150 millj., en sjálfsagt er það skiptingin á þeirri upphæð, sem ekki hefur orðið samkomulag um, eins og hæstv. ráðh. var að tala um. En ég vildi mega leggja áherzlu á það hér, áður en málið fer í n., að n. fengi þær upplýsingar í sambandi við þessi atriði við meðferð málsins, bæði hvað upphæðin yrði talin há, og hvernig þessu yrði ráðstafað meðal einstakra aðila, því það skiptir meginmáli í þessu efni.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv., og til hv. sjútvn. með 13 shlj. atkv.

Á 56. fundi í Ed., 10. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 322, n. 328).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Á 57. fundi í Ed., 11. marz, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 14 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 63. fundi í Nd., 11. marz, skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á 64. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 1. umr.

Félmrh. (Eggert G. Þorsteinsson): Herra forseti. Frv. þetta um breyt. á l. um ráðstafanir í sjávarútvegi vegna breytingar gengis íslenzkrar krónu hefur verið afgr. frá hæstv. Ed., ágreiningslaust. Frv. þetta er mjög lítið að efni til. Um það eitt, að það hefur verið dregið í efa, að tveir kaflar af þremur í umræddum l. hafi ákveðna gildistöku í umræddum l. Það fór hins vegar ekki á milli mála í öllum umr. um málið, að til þess var ætlazt, að sameiginlegur gildistími væri fyrir l. öll, og er hér um mistök að ræða af hendi þeirra, sem frv. sömdu. Það má segja, að mistökin hafi einnig átt sér stað hér á hv. Alþ. við síðustu umr. um málið, að það skyldi ekki upplýsast, að þetta ákvæði vantaði.
Ég tel óþarft, herra forseti, að útskýra þetta frv. öllu frekar. Ég legg til, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. sjútvn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til sjútvn. með 24 shlj. atkv.

Á 79. fundi í Nd., 21. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 322, n. 483).

Frsm. (Birgir Finnsson): Herra forseti. Sjútvn. mælir með samþykkt frv.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 21 shlj. atkv.

Á 80. fundi í Nd., 22. apríl, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 29 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 537).

---

37. Landsbókasafn Íslands.

Á 1. fundi í Sþ., 14. okt., var útbýtt frá Nd.:
Frv. til l. um Landsbókasafn Íslands [9. mál] (stjfrv., A. 9).
Á 4. fundi í Nd., 21. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Á s.l. vori fól ég embættismönnum að endurskoða og samræma gildandi lög um íslenzk söfn, að Handritastofnuninni meðtalinni. Ástæðurnar voru nokkrar. Fyrst og fremst var ástæðan sú, að um eitt aðalsafn Íslendinga, Þjóðminjasafnið, eru í raun og veru engin lög til. Það eru aðeins til lög um verndun fornminja, en engin um Þjóðminjasafnið sjálft, hlutverk þess og starfsemi. Þjóðskjalasafnið starfar á grundvelli mjög einfaldra og fáorðra laga frá 1915. Reglugerð var sett 1916, og á grundvelli hennar hefur Þjóðskjalasafnið starfað allar götur síðan. Lagasetningin um hin söfnin er öll yngri og þá um leið miklu fullkomnari. Lagasetningin um Landsbókasafnið er frá 1949 og var mjög vel undirbúin á sínum tíma. Þau lög, sem nú eru í gildi um Landsbókasafn, voru samin af nefnd, sem í áttu sæti dr. Björn Sigfússon, dr. Finnur Sigmundsson, dr. Jakob Benediktsson, dr. Sigurður Nordal og dr. Þorkell Jóhannesson, og var í l. gert ráð fyrir því, að Landsbókasafnið sé þjóðbókasafn Íslands, þ. e. a. s. höfuðbókasafn þjóðarinnar. Á þessum l. var í raun og veru aðeins einn galli, og hann var sá, að í þeim var takmörkuð tala bókavarða við 6, en slík takmörkun er að sjálfsögðu fjötur á eðlilegum vexti safnsins. Hefur sá fjötur í raun og veru verið brotinn í reynd, þ.e. ekki starfa 6 bókaverðir við Landsbókasafn, heldur 7, þó að sá 7. hafi vegna þessara lagaákvæða ekki getað fengið formlega skipun í embætti sitt, eins og hinir 6 bókaverðirnir. Þess vegna er í þessu frv. gert ráð fyrir því, að tala bókavarða skuli fara eftir fjárlagaákvæðum. Með því móti væri hægt að ganga formlega frá skipun allra bókavarða Landsbókasafns, sem nú starfa, með sama hætti, og sá hemill,

sem verið hefur í landsbókasafnslögunum sjálfum á vexti safnsins, er í burtu numinn.

Síðan gildandi lög um bókasöfn landsins voru sett, 1949, eða 9 árum síðar, samþykkti Alþ. þál. um það, að sameina skyldi tvö höfuðbókasöfn þjóðarinnar, Landsbókasafn og Háskólabókasafn, en Háskólabókasafn var þegar komið til, þegar l. um Landsbókasafn voru sett 1949. Því máli hefur síðan miðað tiltölulega hægt áfram, því skilyrði til þess að hægt sé að framkvæma þann vilja Alþ. að sameina söfnin, er að sjálfsögðu, að nýtt bókasafnshús verði reist, sem geti rúmað bæði söfnin. En skriður komst á það mál í tengslum við afmæli Landsbókasafnsins nú á þessu ári. Síðasta Alþ. stofnsetti byggingarsjóð Landsbókasafns með framlagi og hafa tvær fjárveitingar verið veittar í þann sjóð. Þær duga að vísu ekki til þess að hefja framkvæmdir, en undirbúningsframkvæmdir er þó hægt að hefja á grundvelli þessara tveggja fjárveitinga Alþ. Með hliðsjón af þeim var einnig gengizt í það, að endanlega yrði gengið frá ákvörðun borgaryfirvalda um byggingarlóð fyrir safnið og hefur það nú nýlega verið gert, var gert í sambandi við það afmæli safnsins, sem ég nefndi áðan, þannig að nú má segja, að skilyrði séu fyrir hendi til þess, að hafizt sé af alvöru handa um undirbúning bókasafnsbyggingarinnar. Það er kunnugt, að hugmyndir hafa komið fram um það, að reist skuli bókasafnshús yfir aðalbókasöfn þjóðarinnar í tilefni af ellefu hundruð ára afmæli Íslandsbyggðar. Ég persónulega er þeirri hugmynd mjög hlynntur, tel, að Íslendingar geti varla minnzt ellefu hundruð ára byggðar í landi sínu á annan verðugri og veglegri hátt en þann að byggja allsherjarbókhlöðu yfir bækur Íslendinga. En að sjálfsögðu verður það Alþ., sem á sínum tíma tekur lokaákvörðun í því máli.

En þess vildi ég líka geta í þessu sambandi, að undanfarið hafa farið fram umr. á milli menntmrn. og landsbókavarðar um ýmsar ráðstafanir til endurbóta á högum safnsins, þangað til sú fyrirætlun kemst í framkvæmd að sameina það Háskólabókasafni í nýrri Landsbókhlöðu. Sú nýskipun, sem nú er um rætt, er fyrst og fremst fólgin í því að bæta húsakost safnsins, bæði að rúmi og aðstöðu til, með því að flytja nokkurn hluta af bókum Landsbókasafns, þann hluta, sem mjög sjaldan er hreyfður, mjög sjaldan þarf að nota, í annað húsnæði utan Landsbókasafnsbyggingarinnar, til þess að bæta skilyrði, bæði til bókageymslu og til lestrar- og rannsóknarstarfa, í bókasafnshúsinu sjálfu. Í því sambandi má þess og geta, að á næsta hausti mun Árnagarður, þ.e.a.s. hús Handritastofnunar og Háskólans verða fullgert, þannig að Handritastofnunin, sem frá stofnun sinni hefur fengið inni í húsnæði Landsbókasafns og hefur þar mjög vandaða og góða aðstöðu á neðstu hæð hússins, mun flytja úr Landsbókasafnshúsi í Árnagarð á hausti komanda. Við það mun Landsbókasafn fá aukið geymslurými og sérstaklega aukið vinnurými og mun hagur safnsins væntanlega vænkast mjög mikið við þá breytingu, auk þess sem Handritastofnunin fær mjög fullkomið geymslurými og vinnurými í hinni nýju byggingu, og mun óhætt að fullyrða, að húsnæði Handritastofnunar í Árnagarði sé eitt það bezta, sem nokkur hliðstæð stofnun hefur í nálægum löndum. Enda kannske ekki sérlega þakkarvert, þar sem þetta er nýjasta húsið, sem yfir slíka starfsemi hefur verið reist. Það er þó rétt að taka það fram til þess að fyrirbyggja allan hugsanlegan misskilning, að ekki er tilætlunin að flytja handrit Landsbókasafns í Árnagarð, þ.e.a.s. í Handritastofnunina. Þau eru eign Landsbókasafns og munu verða það áfram, munu áfram vera varðveitt og vera til rannsóknar í Landsbókasafni. Hins vegar er til þess ætlazt, að Handritastofnunin í Árnagarði taki við og fái til varðveizlu þau handrit úr Árnasafni og Konungsbókhlöðu í Kaupmannahöfn, sem verða flutt til Íslands, þegar handritamálið verður formlega og endanlega til lykta leitt. En á því mun vonandi ekki verða löng bið úr þessu.

Í sambandi við þessar breytingar, sem sumpart eru að verða og sumpart munu verða næsta haust, á högum Landsbókasafns, þykir mér rétt að nefna eitt atriði, sem ég tel nú um sinn í raun og veru vera eitt brýnasta hagsmunamál íslenzkra bókasafna og þeirra manna, sem nota íslenzk bókasöfn, en það er, að komið verði á fót skráningarmiðstöð fyrir íslenzku aðalbókasöfnin tvö; en ekki aðeins fyrir þau, heldur einnig þann mikla fjölda og vaxandi fjölda sérbókasafna, sem smám saman hafa komizt á fót á undanförnum árum í ýmsum opinberum stofnunum. Á ég þar t.d. við rannsóknastöð Háskólans á Keldum, sem á mjög vandað vísindabókasafn í sínum greinum, Raforkumálaskrifstofuna, sem sömuleiðis á mjög vandað vísindabókasafn á sínu sviði, Raunvísindastofnun Háskólans og fleiri stofnanir. Í raun og veru hefur lengi verið ráð fyrir því gert, að slíkri skráningarmiðstöð yrði komið á fót og var meira að segja ákveðið á sínum tíma, að Landsbókasafn skyldi hafa forgöngu um það að koma henni á fót og annast skráninguna. En aðstæður í Landsbókasafnshúsinu og starfsmannafæð hefur valdið því, að Landsbókasafnið hefur hingað til vikizt undan að takast þessa skyldu á herðar. Ég leyfi mér að vona, að í kjölfar þeirra breytinga, sem nú er verið að hugleiða á aðstöðu Landsbókasafns, þ.e.a.s. í kjölfar flutnings nokkurs hluta bóka þess í annað húsnæði og þá ekki síður í kjölfar flutnings Handritastofnunar úr Landsbókasafnshúsi í Árnagarð, muni skapast aðstaða til þess í Landsbókasafninu að koma slíkri skráningarmiðstöð á fót. Hún gerði að vísu aukinn starfsmannafjölda safnsins nauðsynlegan, en sá lagahemill, sem verið hefur á fjölgun starfsmanna Landsbókasafns fram að þessu, yrði úr gildi numinn með samþykkt þessarar lagasetningar, og væri það í raun og veru meginþýðing samþykktar þessa frv. En það mundi opna leið til þeirra endurbóta á högum Landsbókasafns, sem ég tel brýna nauðsyn á.

Fleiri orð tel ég ekki nauðsynlegt að láta fylgja þessu frv. Það er sem sagt efnislega eins og núgildandi lög að því frátöldu, að fjárveitingavaldinu er fenginn sá réttur að ráða tölu bókavarða Landsbókasafns. Að svo mæltu leyfi ég mér að leggja til, herra forseti, að þessu máli verði vísað til 2. umr. og hv. menntmn.

Magnús Kjartansson: Herra forseti. Þegar ég las það í blöðum nokkru áður en þing kom saman, að eitt fyrsta mál, sem fyrir það yrði lagt, væri frv. til l. um Landsbókasafn Íslands, hélt ég, að í því frv. yrðu einhver ákvæði, sem stuðluðu að byggingu nýs bókasafnshúss.

Það er á allra vitorði, að meginvandi hinna vísindalegu safna á Íslandi, bæði Landsbókasafnsins og Háskólabókasafnsins, er húsnæðisskorturinn, sem hefur verið ákaflega erfitt vandamál um langt skeið og úr verður að bæta, ef einhver lausn á að fást á vandamálum safnanna. Þetta frv. reyndist ekki hafa að geyma nein slík ákvæði. Hins vegar vék hæstv. menntmrh. að þessu vandamáli í ræðu sinni hér áðan og lét þar í ljós góðan vilja um framkvæmdir. En ég held, að það þurfi meira til eins og nú er komið.

Þessu máli hefur miðað ákaflega hægt áfram hjá okkur. Það er meira en aldarfjórðungur, síðan sú hugmynd var borin fram, að vísindalegu söfnin skyldu sameinuð, og árið 1957 var einróma samþ. ályktun hér á þingi um að sameina söfnin. Þar var hæstv. ríkisstj. falið að gera nauðsynlegar ráðstafanir í því skyni. En þessi ályktun hafði því miður engin áhrif ár eftir ár. Hæstv. ríkisstjórnir, sem þá voru við völd, sinntu ekki þessu verkefni. Það var ekki fyrr en á þinginu í fyrra, að þetta mál var tekið hér til umr. og þá tókst um það samstaða milli hæstv. ríkisstj. og þm., að tekin væri upp í fjárlög í fyrsta skipti fjárveiting til byggingar bókasafnshúss. Sú upphæð var 1 ½ millj. Nokkrum vikum síðar lá við, að þessi upphæð hrykki út aftur, því að þá var borið fram sparnaðarfrv. frá hæstv. ríkisstj., þar sem þessi upphæð var gersamlega skorin niður. Sem betur fór tókst samt að bjarga því máli við á nýjan leik, þannig að ½ millj. kr. fékk að standa í fjárl. Og ég taldi það fyrir mitt leyti ákaflega mikilvægt, að sú upphæð var í fjárl., vegna þess að með því var þó verið að taka ákvörðun um fjárveitingu til þessa verkefnis í fyrsta skipti. Og þá gerði ég mér vonir um það, að hæstv. ríkisstj. mundi flytja till. um hærri upphæðir til þessara þarfa í fjárlagafrv. fyrir árið 1969. Hins vegar ber frv. það með sér nú, að þar er aðeins gert ráð fyrir því, að til þessa verkefnis verði varið ½ millj. í viðbót, og ef fjárveitingar okkar til þessa verkefnis verða ekki ríflegri en þetta, er augljóst mál, að það verður ekki unnt að ráðast í neinar framkvæmdir fyrr en eftir mjög langan tíma.

Hæstv. ráðh. minntist á það, að menn hefðu tengt þetta mál að undanförnu við hugmyndir um, að Íslendingar minnist ellefu hundraða ára afmælis Íslandsbyggðar á myndarlegan hátt, og hann tók mjög undir þá hugmynd. Ég er mjög sammála því, að bygging bókasafnshúss væri alveg tilvalið verkefni til þess að minnast þessa afmælis. En ef ætlunin er að gera það, veitir ekki af að taka ákvarðanir án tafar. Það verður ekkert áhlaupaverk að koma upp nýju og fullkomnu bókasafni. Það þarf að undirbúa það verkefni mjög vandlega. Seinustu árin hafa orðið miklar breytingar á skipulagi bókasafna víða um lönd og við þurfum að kynna okkur þær sem bezt og tryggja það, að öll vinnuaðstaða verði sem fullkomnust. Það er ekkert vafamál, að það mun taka býsna langan tíma og verður mikil vinna að leggja á ráðin um bókasafnshús, áður en unnt er að ráðast í nokkrar framkvæmdir. Ég hygg, að ef af þessu á að verða, þá sé algerlega nauðsynlegt, að ákvörðun um þetta efni verði tekin mjög bráðlega og að sú upphæð, sem áætluð er til þessa verkefnis á fjárl. fyrir næsta ár, verði mun hærri en sú ½ millj., sem nú er gert ráð fyrir í frv. Eigi slík fjárveiting hins vegar að ná fram að ganga, hygg ég, að það sé alveg nauðsynlegt, að hæstv. ríkisstj. hafi forystu í þessu máli, og ég sé ekki ástæðu til annars en að ætla, að þm. yfirleitt mundu verða slíkri framkvæmd fylgjandi. Þess vegna langaði mig til að beina þeirri fsp. til hæstv. menntmrh., hvort þetta mál hefði ekki verið rætt innan hæstv. ríkisstj. og hvort ekki megi vænta frá henni einhvers frumkvæðis í þessu máli, einhverrar till. um það, hvernig Íslendingar ætla sér að minnast ellefu hundruð ára afmælis Íslandsbyggðar, og einhverrar nýrrar hugmyndar um fjárveitingu umfram þessa ½ millj., sem nú stendur í fjárlagafrv.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Þetta mál hefur verið rætt innan ríkisstj. Svo sem hv. alþm. er kunnugt, var á sínum tíma skipuð nefnd til þess að gera till. um það, hvernig Íslendingar skyldu minnast ellefu hundruð ára afmælis byggðar í landi sínu. Sú nefnd hefur skilað till., sem hafa verið ræddar oftar en einu sinni í ríkisstj., en endanleg afstaða hefur ekki verið tekin til málsins enn. Það er alveg rétt hjá hv. þm., að segja má, að sú skylda hvíli á ríkisstj. að hafa frumkvæði um tillögugerð til Alþingis í þessu máli, og ég vona, að til þess komi, að ríkisstj. geri ákveðnar till. í þessu máli, en að sjálfsögðu verður það að lokum Alþ. sjálft, sem tekur endanlegar ákvarðanir í málinu. Ég er hv. þm. sammála um, að það má ekki dragast úr hófi fram, að endanlegar ákvarðanir verði teknar, og ég er þess persónulega mjög fýsandi, að þær verði teknar sem fyrst.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til menntmn. með 23 shlj. atkv.

Á 15. fundi í Nd., 14. nóv., var frv. tekið til 2. umr. (A. 9, n. 55, 56).

Frsm. (Bjartmar Guðmundsson): Herra forseti. Frv. þetta er stjórnarfrv. og samið af þeim dr. Finnboga Guðmundssyni landsbókaverði og Birgi Thorlacius ráðuneytisstj. að ósk menntmrh. Í því eru ekki nýmæli í l. um Landsbókasafn frá 1949. Eru flest þau ákvæði, sem í þessu frv. eru, þar, en það er nokkuð um orðalagsbreytingar, sem eru til bóta, og einnig nánar inn á viss atriði komið í samræmi við þá reynslu, sem orðin er af l. síðan þau voru sett. N. hefur lagt til að breyta einni grein frv. lítils háttar, en þar er ekki heldur um efnisbreytingu að ræða, heldur er sú breyting í samræmi við það, sem reynslan hefur kennt, að betur fari.

Landsbókasafnið er nú talið 150 ára, ef með er talið það tímabil, sem það hét Stiftsbókasafn. Í fyrstu hafði það aðsetur á lofti Dómkirkjunnar hér í Reykjavík og síðar um skeið hér í alþingishúsinu, en þegar nýtt safnahús var byggt 1905-1908 var það flutt þangað og var það hús mjög veglegt á sínum tíma og þar var auk Landsbókasafnsins Þjóðminjasafn og Náttúrugripasafn, sem síðan hafa verið flutt í önnur betri húsakynni.

Í Landsbókasafninu eru nú um 270 þús. bindi bóka og auk þess í Þjóðskjalasafninu, sem er í tengslum við það, um 12 þús. bindi handrita. Eins og að líkum lætur,

hefur þetta safn vaxið ört á þessum tíma og er nú orðið mjög þröngt um það í húsakynnum þess.

Menntmn. gerði sér ferð til að skoða safnið og hafa viðræður við landsbókavörð og þjóðskjalavörð og varð ýmissa hluta fróðari eftir þá för, sem var mjög ánægjuleg. Þó að þröngt sé þarna um bækur og skjöl, hefur þó ýmislegt verið fært til betra vegar upp á síðkastið með því að nýta húsakynni betur og betur. M.a. má geta þess, að þarna hafa nýlega komið upp mjög vandaðir skápar fyrir skjalageymslur. Þá skoðaði n. enn fremur bókbandsstofu, sem þarna hefur verið rekin alllengi, og enn fremur kom hún, þar sem gert er við íslenzk handrit, og vinna þar tvær stúlkur og virðist það vera mjög nauðsynlegt verk, sem þar er um hönd haft. Í Landsbókasafninu er enn fremur nú verið að gera spjaldskrá yfir helzta efni og höfunda, sem ritað hafa í blöð og tímarit frá fyrstu tíð. Þetta er ekki mjög langt áleiðis komið, enn sem komið er, en þetta er til stórkostlegra bóta og þegar búið er að vinna þetta verk enn betur en nú er og lengra áfram, þá er það ákaflega mikið hagræði fyrir alla þá, sem þurfa til safnsins að leita um lestrarefni og upplýsingar um höfunda og ýmisleg mál í þjóðfélaginu.

Á Alþ. 1967 var samþ. ályktun þess efnis, að stefnt skyldi að því að byggja veglegt hús yfir bæði Landsbókasafn og Háskólabókasafn. Á fjárl. síðasta árs voru ætlaðar 500 þús. kr. í þessu skyni til undirbúnings og verður því að álykta sem svo, að nú sé gert ráð fyrir, að hafizt verði handa fljótlega um byggingu þessa. Ég tel ekki ástæðu til að ræða þetta frv. nánar. Það var nokkur grein gerð fyrir því í framsöguræðu og eins og fram kemur í nál., mælir menntmn. einróma með því að samþykkja frv., eins og það liggur fyrir, með þeirri breytingu, sem hún flytur á sérstöku þskj. og ég hef þegar minnzt á.

Magnús Kjartansson: Herra forseti. Mig langaði aðeins með örfáum orðum að taka undir það, sem hv. frsm. vék hér að, að í menntmn. var rætt um þann vanda, sem hlýzt af þröngum húsakynnum hinna vísindalegu bókasafna. Það stoðar lítið fyrir okkur að setja skynsamleg lög um starfsemi Landsbókasafns, ef húsakynni koma í veg fyrir það, að hægt sé að framkvæma slík lög að gagni. Um þetta varð alger samstaða í n. Ég bar fram þá hugmynd þar, að n. sem slík samþykkti sérstaka áskorun til hæstv. ríkisstj. þess efnis, að tekin yrði ákvörðun á þessu þingi um framkvæmdir, sem væru við það miðaðar, að einhver verulegur hluti nýs bókasafnshúss yrði kominn upp árið 1974 í tilefni af 1100 ára afmæli Íslandsbyggðar. En aðrir nm. töldu, að eðlilegra væri að fella þetta sjónarmið inn í nál. og það hefur verið gert. Þar stendur, að rík nauðsyn sé að taka sem fyrst ákvörðun um framtíð Landsbókasafns og Háskólabókasafns, gera áætlun um byggingu bókasafnshúss, er rúmi hin vísindalegu bókasöfn Íslendinga og stefna að því, að það verði reist í sambandi við 1100 ára afmæli Íslandsbyggðar. Þetta er sem sé einróma álit menntmn., fulltrúa frá öllum flokkum. Um þetta er enginn ágreiningur í n. og ég hygg, að það sé enginn ágreiningur um þetta heldur í hinu háa Alþ.

En í sambandi við þetta hefði ég haft hug á því að beina örstuttri fsp. til hæstv. forsrh., ef hann væri hér nærstaddur. Ég vakti athygli á því hér áðan í nokkrum orðum, að menntmn. Nd. lýsir sameiginlega yfir því í nál. sínu, að gera þurfi sem fyrst áætlun um byggingu bókasafnshúss, er rúmi hin vísindalegu bókasöfn Íslendinga og stefna að því, að hún verði reist í sambandi við 1100 ára afmæli Íslandsbyggðar. Um þetta varð fullt samkomulag í n. og ég hygg, að þetta sé hugmynd, sem njóti mjög almenns fylgis hér á Alþ. Hins vegar er ljóst, að þessu verður ekki komið í verk nema um þetta verði tekin ákvörðun á þessu þingi, og þetta mál er líka þess eðlis, að ég hygg, að því verði ekki hrundið fram nema til komi frumkvæði frá hæstv. ríkisstj. Því vildi ég beina þeirri fsp. til hæstv. forsrh., hvort ekki megi vænta þess, að hæstv. ríkisstj. flytji till. um þetta mál á þessu þingi.

Forsrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Eins og hv. þm. er kunnugt, er sérstök nefnd, þar sem eiga sæti fulltrúar allra flokka, sem fjallar um tillögugerð um ráðstafanir vegna 1100 ára afmælis Íslandsbyggðar. Nú hef ég að vísu heyrt, að slík ráðagerð muni hafa verið uppi í þeirri nefnd og væntanleg sé till. um þetta. Ég get þó ekki með það farið með neinni vissu. Nefndin gerir sínar till. auðvitað sjálfstætt án minnar forsagnar, en um þetta hefur engin ákvörðun verið tekin af Alþ., og það er Alþ., sem þetta endanlega ákveður. Það getur ákveðið það að till. menntmn., en þá þarf að bera fram formlega till., og það getur tekið ákvörðun um það að till. hv. 6. þm. Reykv., það þarf ekki till. ríkisstj. um það. Ef það er vilji Alþ., þá verður það gert, en málið er sem sagt til meðferðar og athugunar í þeirri nefnd, sem Alþ. kaus til þess að fjalla um þetta og mun gera till. í heild strax og hún er reiðubúin til þess.

Magnús Kjartansson: Ég ætla ekki að fara að hefja neinar deilur út af þessu máli. Það er ekki þess eðlis. Mér er það að sjálfsögðu ljóst, að ég get ósköp vel flutt till. um þetta mál hér á þingi. **(Forsrh.:** Hvað?) Mér er það fullkomlega ljóst, að ég get ósköp vel flutt till. um þetta mál hér á þingi, en ég hygg, að það væri ekki vænlegasta leiðin til að fá því framgengt, og það skiptir umfram allt máli, að um það takist sem víðtækast samstarf. Þar tel ég, að til þurfi að koma frumkvæði hæstv. ríkisstj., og ég trúi ekki öðru en hæstv. ráðh. séu svipaðs sinnis eins og mér virðist, að alþm. almennt séu. Því vil ég mjög eindregið ítreka það, að hæstv. ríkisstj. vísi þessu ekki frá sér, hvorki til mín né hv. menntmn. eða þeirrar mþn., sem starfandi er, heldur að hún taki málið upp á sjálfstæðan hátt, því aðeins með frumkvæði hæstv. ríkisstj. nær þetta mál fram að ganga. Þarna er um svo stóra upphæð að ræða og svo mikið verkefni, að það verður ekki leyst með tillögugerð einstakra þm.

Forsrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Sízt af öllu vil ég hafna samvinnutilboði frá þessum hv. þm., þegar svo einkennilega bregður við, að hann vill leggja góðu máli lið. En minn háttur er sá að taka ekki ákvarðanir fyrr heldur en að athuguðu máli. Ég hef ekki enn þá fengið till. um þetta mál í heild og get þar af leiðandi ekki lýst yfir afstöðu til þess. En auðvitað er ég ekki hér einn til ákvörðunar. Ég ræð mínu atkv. og því

fer fjarri, að ég vísi málinu frá mér. Því fer fjarri. Ég er einfaldlega ekki reiðubúinn til þess nú í dag fyrirvaralaust að gefa yfirlýsingu um mál, sem ég hef ekki athugað.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Brtt. 56 (ný 3. gr.) samþ. með 23 shlj. atkv.
4.–15. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 24 shlj. atkv.

Á 16. fundi í Nd., 18. nóv., var frv. tekið til 3. umr. (A. 97).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 29 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 15. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 19. fundi í Ed., 28. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Löggjöfin, sem gildir um íslenzk söfn, er að sumu leyti orðin mjög gömul, þó að segja megi, að það komi ekki að verulegri sök efnislega séð. Samt þótti mér rétt á s.l. vori að efna til heildarendurskoðunar á gildandi löggjöf um íslenzk söfn, þ. e. a. s. Landsbókasafn, Listasafn, Handritastofnun og Þjóðminjasafn.

Þetta frv., sem hér kemur fyrir hv. Ed., hefur þegar verið samþ. samhlj. í hv. Nd. með einni smávægilegri orðalagsbreytingu.

Lögin um Landsbókasafn eru ekki meðal þeirra elztu í safnalöggjöfinni, frá 1949. Í þessu frv. er í raun og veru aðeins ein efnisbreyting, sem máli skiptir. Hún er sú, að í gildandi l. er tala bókavarða við Landsbókasafn ákveðin. Það stendur, að þar skuli vera 6 bókaverðir. Í reynd hafa bókaverðir orðið 7. Fjölga varð um sjöunda bókavörðinn fyrir 9 eða 10 árum, ef ég man rétt, en vegna þessa lagaákvæðis hefur ekki verið hægt að skipa þann bókavörð til starfsins. Sú breyting er gerð á l. í þessu frv., að tala bókavarða skuli fara eftir fjárveitingu í fjárlögum hverju sinni. Í fjárlögum er gert ráð fyrir 7 bókavörðum við Landsbókasafnið, en ekki 6, svo að engin breyting mundi verða á í reynd við samþ. þessa frv. Að öðru leyti er aðeins um orðalagsbreytingar að ræða og samræmingu við aðra safnalöggjöf, sem sumpart er til meðferðar í hv. Nd. eða hefur nýlega verið lögð fyrir hana, og mun svo að sjálfsögðu koma til meðferðar hv. Ed. líka.

Að svo mæltu leyfi ég mér að óska þess, herra forseti, að að lokinni þessari 1. umr. verði málinu vísað til 2. umr. og hv. menntmn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til menntmn. með 13 shlj. atkv.

Á 23. fundi í Ed., 9. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 97, n. 125).

Frsm. (Auður Auðuns): Herra forseti. Menntmn. hefur athugað þetta frv., frv. til l. um Landsbókasafn Íslands. Eins og fram kemur í grg. með frv., er það efnislega samhljóða núgildandi l. um Landsbókasafnið, orðalagi hins vegar sums staðar nokkuð vikið við og ný ákvæði, sem ekki hafa áður verið í l. um safnið, eru hér upp tekin. Það eru ákvæði um myndastofu og bókbandsstofu. Sú eina breyt., sem verður frá núgildandi lögum, er það ákvæði, sem er í niðurlagi 8. gr. frv., þar sem segir um bókaverði, að um tölu þeirra skuli fara eftir því, sem fé er veitt til í fjárlögum. Í núgildandi lögum er hins vegar tala bókavarða bundin við það, að þeir séu 6.

Menntmn. hefur eftir athugun á frv. samþ. að leggja til, að það verði samþ. óbreytt, en eins og fram kemur í nál. á þskj. 125, voru 3 þm. fjarverandi, þegar málið var afgr. í n., þ. e. a. s. þeir hv. 3. þm. Norðurl. v., hv. 5. þm. Reykn. og hv. 3. landsk. þm.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
2.–15. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Á 24., 55. og 57. fundi í Ed., 10. des., 6. og 11. marz, var frv. tekið til 3. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 71. fundi í Ed., 10. apríl, var frv. enn tekið til 3. umr. (A. 97, 433).

Frsm. (Auður Auðuns): Herra forseti. Nú er alllangt síðan fram fór 2. umr. hér í hv. þingdeild um þetta frv., en að þeirri umr. lokinni bárust um það tilmæli frá Háskólanum, að frv. yrði ekki tekið til 3. umr., fyrr en Háskólanum hefði gefizt tími til þess að láta í té umsögn um það. Á því varð að vísu allmikill dráttur, að sú umsögn bærist, en hún var lögð fram í menntmn. nokkru fyrir páskaleyfi þm. og var rædd þar síðan á 2 nefndarfundum, og jafnframt var kannað viðhorf landsbókavarðar til þeirra brtt., sem háskólaráð lagði til að gerðar yrðu á frv. Niðurstaða af athugunum n. var svo sú, að n. flytur á þskj. 433 brtt. við frv. í samræmi við óskir háskólaráðs.

Í umsögn háskólaráðs er bent á nauðsyn þess, að við ákvörðun á starfssviði Landsbókasafnsins með nýjum l. sé jafnframt tekin til gaumgæfilegrar athugunar skipan á vísindalegum bókasöfnum á landi hér og sér í lagi tengsl Landsbókasafns og Háskólabókasafns. Í umsögninni er vikið að þáltill. frá 1957 um sameiningu Landsbókasafns og Háskólabókasafns og að þeim breytingum, sem síðan hafa orðið á málefnum Háskólans, en þar hefur stúdentafjöldi og kennaralið meira en tvöfaldazt og jafnframt hefur aukizt mjög þörfin fyrir lestrarsalsrými og þjónustu fyrir kennara Háskólans og annað vísindalega menntað starfslið. Einnig er vikið að þeirri sérstöðu, sem Háskólabókasafn hefur vegna

þjónustu við Háskólann sem kennslustofnun og vísinda- og rannsóknarstofnun. Í umsögninni segir síðar svo orðrétt, með leyfi hæstv. forseta:

„Að því er varðar tengslin milli bókasafnanna, mætti hugsa sér þau á ýmsa vegu, allt frá samvinnu um bókakaup og tækja og fleira til algerrar sameiningar.

Í till. þeim, sem sendar eru hjálagt um nýja gr., 8. gr. í frv. (það er fyrsta brtt. menntmn.), er gert ráð fyrir, að bókasöfnin verði í sameiginlegri byggingu og að því margvíslegur sparnaður og hagræði. Verði Háskólabókasafn þá varðveitt í byggingu, sem reist sé fyrir bæði söfnin. Hins vegar er gert ráð fyrir að Háskólabókasafn lifi áfram sem stofnum."

Síðan eru tíunduð ýmis rök Háskólans fyrir því, að svo verði. Þá er einnig lagt til, að landsbókavörður fari með yfirstjórn Háskólabókasafns ásamt Landsbókasafni, en eins og segir í umsögninni: „Sérstakt starfslið verði þá talið tilheyra Háskólabókasafni, og verði það ráðið með þeim hætti, sem nú tíðkast, þ. e. a. s. með lögmæltum eða venjuhelguðum afskiptarétti háskólaráðs." Þá tekur háskólaráð það fram í umsögn sinni, að þess sé vænzt, að sérstakar fjárveitingar verði áfram til Háskólabókasafns og komi fjárveitingartilmæli frá Háskólanum eins og nú er, og í samráði við landsbókavörð.

Síðan er vikið að því, að margvísleg sameiginleg þjónusta eigi að geta leitt til aukins sparnaðar og betri hagnýtingar, og loks bendir háskólaráð mjög eindregið á þörf Háskólans fyrir aukið lestrarsalsrými, og skýrir frá athugunum, sem hafi farið fram í því sambandi, sem ég skal þó ekki fara nánar út í.

Eins og áður sagði, þá var kannað viðhorf landsbókavarðar til þessara brtt., og hann kvaðst fyrir sitt leyti ekkert hafa við það að athuga, að þessar breytingar yrðu á frv. gerðar. Hins vegar væri það ljóst, sem öllum má ljóst vera, að fjölmörgum atriðum varðandi tengsl safnanna yrði að skipa með reglugerðarákvæðum, þegar ytri skilyrði verða fyrir hendi, þ. e. a. s. þegar þjóðarbókhlaða hefur verið reist, en þangað til mun hins vegar margt skýrast í þeim efnum og erfitt nú að segja fyrir um allt það, sem þá kynni að sýna sig, að þyrfti að skipa með reglugerð, eða taka afstöðu til einstakra atriða.

Ég skal þá að lokum lesa samandregin aðalatriðin í afstöðu háskólaráðs til frv., sem hljóða þannig í umsögn háskólaráðs:

„1. Háskólaráð telur, að náið samstarf milli Landsbókasafns og Háskólabókasafns sé höfuðnauðsyn. 2) Þörf Háskólans á lestrarsalsrými er gífurlega mikil, og er óhjákvæmilegt, að úrlausn þess máls sitji í fyrirrúmi við byggingu nýs bókasafnshúss. 3) Háskólaráð telur, að Háskólabókasafn, sem stofnun, eigi að starfa áfram, en söfnin eigi að vera til húsa í sömu byggingu, og stjórnarfarslega lúti safnið yfirstjórn landsbókavarðar, þótt Háskólabókasafn hafi eigið starfslið, sem skipað sé eða ráðið með lögmæltum eða venjuhelguðum afskiptum háskólaráðs. 4) Fjárveitingar til Háskólabókasafns verði sérstæðar og fjárveitingartill. ákveðnar af rektor og háskólaráði í samstarfi við landsbókavörð og háskólabókavörð. Bókasafnsnefnd starfi áfram og ráði bókakaupunum í samstarfi við háskóladeildir og rannsóknarstofnanir."

Ég hef þá með fáum orðum rakið efni umsagnar háskólaráðs um þetta frv., og brtt., sem menntmn. flytur á þskj. 433, ætla ég að skýri sig sjálfar. Ég skal aðeins skjóta því hér inn, að í niðurlagi 3. brtt. er vitnað í 2. og 36. gr. l. um Háskólann frá 1957. 2. gr. fjallar um stjórn Háskólans, um verksvið rektors og háskólaráðs, en 36. gr. um stofnanir Háskólans og eigur hans.

Það held ég að megi fullyrða, að það sé nú þegar orðið tímabært að taka ákvörðun um tengsl Háskólabókasafns við Landsbókasafnið. Þetta er mál, sem oft og lengi hefur verið rætt. Nú vil ég einnig vekja athygli á því, sem fram kemur í nál. frá menntmn. hv. Nd., þar sem vitnað er í þau ummæli menntmrh. í framsögu fyrir frv., að ríkt nauðsyn sé að taka sem fyrst ákvörðun um framtíð Landsbókasafns og Háskólabókasafns. Það liðir nú að því, að gera þurfi áætlun og vinna að undirbúningi að byggingu bókasafnshúss, sem rúmi hin vísindalegu bókasöfn Íslendinga, og það má ætla, að stefnt verði að því, að hún verði reist í sambandi við ellefu hundruð ára afmæli Íslandsbyggðar. Það er vitað mál, að það hafa kannske innan Háskólans ekki allir verið á einu máli um, hvernig fara skyldi um þetta mál, en umsögn og till. háskólaráðs, sem nú hafa borizt menntmn., eru einróma álit háskólaráðsins, og það sýnist ekki eftir neinu að bíða með að taka ákvörðun um framtíð Háskólabókasafnsins, eins og nú er komið.

Ég held, að það sé ekki ástæða til að fara fleiri orðum um málið að svo komnu. Ég vil aðeins segja það, að ýmsar þær ábendingar, sem koma fram í umsögn háskólaráðs, eru um atriði, sem skipað yrði síðar með reglugerð og við samningu slíkrar reglugerðar yrði að sjálfsögðu tekið fullt tillit til beggja aðila, annars vegar Landsbókasafnsins og hins vegar Háskólabókasafnsins.

ATKVGR.
Brtt. 433,1 samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 433,2 samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 433,3 samþ. með 13 shlj. atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv. og endursent Nd.

Á 76. fundi í Nd., 14. apríl, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 448).

Á 81. fundi í Nd., 25. apríl, var frv. tekið til einnar umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 23 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 556).

---

38. Fiskveiðar í landhelgi.

Á 27. fundi í Sþ., 7. febr., var útbýtt frá Ed.:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 33 19. júní 1922, um rétt til fiskveiða í landhelgi [128. mál] (stjfrv., A. 240).

Á 40. fundi í Ed., 10. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Félmrh. (Eggert G. Þorsteinsson): Herra forseti. Frv. þetta um breyt. á l. frá 1922, um rétt til fiskveiða í

landhelgi, er ekki nýmæli. Með frv., sem samþ. var 13. maí 1966, var gert ráð fyrir því, að sams konar heimild yrði veitt og hér er farið fram á, en það frv. hafði lögbundinn gildistíma og féll úr gildi á síðastliðnu ári. Það er lagt til að endurnýja þær heimildir, sem frv. veitir, ásamt því að rýmka nokkuð, frá því sem fyrrgreint frv. hafði gert ráð fyrir, það er að segja, að nú er heimilt að taka við afla af togveiðiskipum, sem áður var fyrirmunað samkvæmt þessum gömlu lögum.

Það fer vart á milli mála, að aðstæður frá 1922 eru svo gjörbreyttar, að við þurfum nú ekki að búa við þann ótta, sem mjög eðlilega bjó með mönnum þá, um yfirráðarétt, eða réttara sagt um yfirtöku, erlendra manna á íslenzkum fiskiðnaðarstöðvum í landinu. Þrátt fyrir ýmiss konar mótlæti á þeim áratugum, sem síðan eru liðnir, þá er sú hætta tvímælalaust ekki fyrir hendi. Enn fremur hefur það komið fram nú, síðan við eignuðumst stærri og fullkomnari fiskiskipaflota, að það hefur valdið okkur dálitlum erfiðleikum erlendis að fá löndunarrétt fyrir skip okkar þar, vegna þess að sams konar heimild hefur ekki verið í íslenzkum lögum. Breyt. frá þessum tímabundnu lögum, sem ég áðan minntist á, er því fyrst og fremst sú, að þessi lög eru ekki tímabundin, og í öðru lagi, að nú má veita móttöku afla, þó að hans sé aflað með botnvörpu. Ég tel heldur ekki þörf á því, að skýra þetta frv. frekar, en minni á það, að það hefur valdið töluverðum erfiðleikum að fá löndunarrétt fyrir skip okkar erlendis – sem í vaxandi mæli hafa nálgazt fjarlægari mið og því nálgazt strendur annarra landa meira en heimalands síns – þar sem við höfum ekki getað bent á, að sams konar eða gagnkvæm réttindi væru hér í okkar l. Frv. þetta gerir ráð fyrir því, að gagnkvæm réttindi komist á í þessum efnum.

Ég legg til, herra forseti, að frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umræðu og háttv. sjútvn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv. og til sjútvn. með 18 shlj. atkv.

Á 53. fundi í Ed., 3. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 240, n. 292).

Frsm. (Pétur Benediktsson): Herra forseti. Eins og kunnugt er, eru lög um rétt til fiskveiða í landhelgi frá 1922 mjög ströng, að því er snertir aðgang til kaupa á afla af erlendum skipum, eða rétt erlendra skipa til að landa afla sínum hér á landi. Undanþágu er í raun og veru samkvæmt þeim l. ekki að fá nema í hreinum neyðartilfellum, og miðast ekki við að erlend fiskiskip geti komizt hér að til sölu á afla, – í venjulegri markaðsleit fyrir aflann, ef svo mætti að orði komast.

Þegar þessi lög voru sett, var það eðlilega, eins og þá stóð á, efst í hugum manna, að vernda rétt hinna íslenzku aðila, bæði fiskimanna og fiskverkenda. Það, sem þá þurfti að koma í veg fyrir, var að íslenzkar hafnir væru eins konar verstöðvar fyrir útlendinga, sem sköpuðu sér hér aðstöðu í skemmri eða lengri tíma án nokkurra skyldna við landsfólkið, en aðeins til að hafa not aðstöðunnar um takmarkað árabil. Þetta var reynslan í gamla daga um hvalveiðar og síldveiðar, bæði til söltunar og bræðslu, og við munum eftir sögu þessara verkunarstöðva, sem síðan munu víst allar fallnar úr sögunni, fyrir það, að þær voru aldrei reistar með innlenda hagsmuni í huga, heldur erlenda hagsmuni eigendanna. Þegar þeir buðu þeim ekki lengur að vera um kyrrt, þá fluttu þeir sig eðlilega um set á aðra staði. Nú er svo fyrir að þakka, að á þeim áratugum, sem síðan eru liðnir, hefur margt breytzt til hins betra í þessu landi og sú hætta, sem þá þurfti sérstaklega að varast, er nú engan veginn sú sama, jafnvel orðin hverfandi. Og nú stendur þannig á, að oft og einatt er það einmitt okkur í hag, íslenzku vinnslustöðvunum í hag og íslenzka þjóðfélaginu í heild, að geta tekið við afla erlendra fiskiskipa til frekari verkunar og útflutnings. Menn hafa þegar komizt að þeirri niðurstöðu hér á Alþ. að svona gæti farið, því að á þinginu 1966 voru samþ. l., sem gáfu svipaða heimild þeirri sem nú er farið fram á, en aðeins um tiltekinn tíma. Vegna þess að sú heimild er nú fallin niður, þarf að endurnýja hana, en jafnframt bætist önnur röksemd við nú í dag, og hún er sú, að nú seinustu misserin hafa íslenzku síldveiðiskipin oft þurft að leita til erlendra hafna til að leggja upp afla sinn, og þá ekki aðeins til hinna venjulegu söluhafna í Þýzkalandi og Bretlandi, heldur hafa þau og leitað til hafna í Færeyjum og Noregi, og fengið þar góða fyrirgreiðslu, en ef satt skal segja, ekki alltaf eftirtölulaust, að minnsta kosti ekki frá vissum aðilum í Noregi, sem þarna eiga hagsmuna að gæta.

Til þess að auðvelda beiðnir um undanþágur frá ákvæðum, sem gilda á hverjum stað erlendis, um landanir úr íslenzkum fiskiskipum, væri íslenzku ríkisstj. tvímælalaust mikil stoð af því að geta boðið eða minnsta kosti geta gefið undir fótinn um gagnkvæma meðferð gagnvart þegnum þessa lands, sem verið er að leita til hverju sinni. Tel ég það vera mjög aukna ástæðu til þess að samþykkja beri þá heimild, sem farið er fram á með frv., sem við erum nú að ræða hér í hv. deild. Með þessi sjónarmið í huga hefur sjútvn. fallizt á að styðja framgang þessa frv., og vil ég því leggja til, að frumvarpsgreinarnar hljóti samþykki hér í deildinni í dag og að frv. verði vísað til 3. umr.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 15:1 atkv.
2. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

Á 54. fundi í Ed., 4. marz, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 13:1 atkv. og afgr. til Nd.

Á 60. fundi í Nd., 4. marz, skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.

Á 62. fundi í Nd., 10. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Félmrh. (Eggert G. Þorsteinsson): Herra forseti. Frv. þetta hefur verið afgr. með shlj. atkv. frá hv. Ed., og er

nú hér til 1. umr. Frv. þessa efnis er ekki nýtt af nálinni, það var nánast samhljóða frv., sem samþ. var hér á þingi 13. maí 1966, en þau lög voru tímabundin og eru nú úr gildi fallin, eða þær heimildir til undanþágu, sem þær veittu. Efni þessa frv. hefur um alllangt skeið verið ákaflega viðkvæmt umræðuefni meðal okkar Íslendinga, en hefur nú tekið á sig breytta mynd og mönnum hrýs nú ekki lengur hugur við því og óttast það ekki, að erlendum skipum sé veitt heimild til þess að mega landa afla hér heima, og af því er þegar fengin nokkur reynsla. Þessi reynsla bendir ótvírætt í þá átt, sem hlutaðeigandi samtök í sjávarútvegi hafa bent á, að nauðsynlegt sé, að fyrir hendi sé slík heimild, og ekki hvað síst þegar hliðsjón er af því höfð, að okkar skip hafa í vaxandi mæli landað erlendis, en við ekki getað boðið upp á jafnréttisaðstöðu hér. Framgangur þessa frv. mundi því tvímælalaust bæta hag okkar og aðstöðu, til þess að áframhaldandi landanir erlendis geti átt sér stað, en með stækkandi fiskveiðiflota hefur reynzt mögulegt að stunda fiskimið svo fjarri landinu, að vart hefur verið mögulegt að flytja aflann heim, að minnsta kosti án þess að hafa hann því betur ísvarinn.

Ég tel ekki nauðsyn á, herra forseti, að skýra frv. þetta öllu frekar, nema sérstakt tilefni gefist til, en legg til, að því verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. sjútvn.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Mér sýnist, að sú grg., sem fylgir þessu frv., segi mjög lítið um það í sjálfu sér, hvað til stendur að gera í þeim efnum, sem þetta frv. fjallar um, annað en aðeins það, að ráðherra sé veitt heimild til þess að víkja frá þeim reglum, sem verið hafa í gildi hjá okkur um langan tíma, um það að banna erlendum veiðiskipum að landa afla sínum hér innanlands.

Ég hef þó tekið eftir því, að í grg. er aðeins minnzt á það, að nú í seinni tíð hafi það aukizt, að íslenzk fiskiskip sæki eftir að fá að landa afla sínum erlendis og við því megi búast, að það gæti orðið auðveldara að fá löndunarrétt handa þeim erlendis, ef við heimiluðum erlendum skipum löndunarrétt hér. Nú er það svo, að þetta hefur lengi verið mjög viðkvæmt mál hér á landi, og þó að enginn vafi sé á því, að hér séu orðnar á talsverðar breytingar frá því, sem áður var, þá er ég enn á þeirri skoðun, að það beri að fara mjög varlega í þessum efnum. Við skulum hafa það fyllilega í huga, að þetta bann hefur haldizt hér í gildi í langan tíma, alveg sérstaklega í þeim tilgangi, að við höfum hreinlega ætlað okkur að gera útlendingum heldur erfitt að stunda sínar veiðar hér á okkar miðum. Ég held t. d., að það kæmi ekki til mála, eins og ástatt er í þessum efnum, að við færum að taka upp þá reglu, að heimila erlendum togveiðiskipum, sem veiðar stunda hér við Ísland, rétt til þess að landa afla sínum hér, þótt enginn vafi sé á því, að það séu til margar fiskvinnslustöðvar í landinu, sem mundu gjarnan óska eftir því að fá afla þeirra til vinnslu. Það er enginn vafi á því, að ef slík regla yrði tekin upp, mundi það auka veiðar útlendinga með botnvörpu hér við land allverulega frá því sem nú er. En það tel ég síður en svo okkur til hagsbóta.

En í ýmsum tilvikum gæti þó vissulega komið til greina að heimila erlendum skipum að landa afla sínum hér, og af þeim sökum er ég ekki andvígur því, að ráðherra fái heimild í þessum efnum. En þá er líka eðlilegt, um leið og ráðherrann fær slíka heimild, ótakmarkaða heimild í sjálfu sér, að þá liggi það fyrir um leið, hvað vakir einkum fyrir mönnum að gera í þessum efnum. Hvað er það, sem stendur til að gera? Ég veitti því athygli, að um það var t. d. skrifað í norsk blöð nú á s. l. hausti, að það stæði til að gera hér breytingar í þessum efnum til að greiða hér fyrir löndunarrétti norskra skipa, og sendiráð Íslands í Noregi var borið fyrir fregninni; að nú væri unnið að því af íslenzkum stjórnarvöldum að greiða hér fyrir norskum skipum með löndunarrétt við Ísland, og þetta var sett í samband við óskir íslenzkra skipa um það að fá að landa sínum afla í Noregi. Nú vildi ég spyrja hæstv. sjútvmrh. um það í tilefni af þessu: Hafa einhverjar samningaviðræður átt sér stað á milli íslenzkra og t. d. norskra stjórnvalda um þannig gagnkvæman rétt til löndunar á fiskafla, eða hefur sjútvmrn. í huga einhverjar tilteknar tilslakanir frá þeim reglum, sem gilt hafa um þetta að undanförnu og hvað er það þá, sem menn hafa einkum í huga? Kæmi það t. d. til mála, að áliti ráðherra, að heimila erlendum botnvörpuskipum að landa afla sínum hér á landi, samkvæmt þessari heimild?

Það er sem sagt þetta atriði, sem ég vil leggja mikla áherzlu á, að menn gleymi því ekki, að þessi ákvæði okkar voru ekki í lögum eingöngu út frá því sjónarmiði, að við ættum erfitt með að selja þann afla, sem á land bærist hér af okkar flota. Þannig var ástatt í eina tíð, en þessi ákvæði hafa haldizt í lögum fyrst og fremst út frá því sjónarmiði, að við vildum ekki greiða götu erlendra aðila til þess að stunda veiðar hér á okkar miðum. Það hefur verið eitt aðalatriðið og þegar upp hafa komið óskir um þetta, þá hefur venjulega farið svo, að íslenzkir skipstjórnarmenn hafa mótmælt því, að hinum erlendu aðilum yrðu heimiluð þessi réttindi, vegna þess að þeir hafa óttazt samkeppnina hér á miðunum. En þrátt fyrir þetta vil ég lýsa því sem minni skoðun, að ég tel, að það komi fyllilega til greina, að sjútvmrn. hafi heimildir í þessa átt, og veiti hér nokkra tilslökun frá þeim reglum, sem gilt hafa um þetta, en þær hafa verið mjög stífar. Ég held, að eigi að síður þurfi það að liggja fyrir, að menn ætli sér að fara áfram mjög varlega með þessar heimildir, og það liggi alveg ljóst fyrir, að mínnsta kosti gagnvart erlendum togveiðiskipum, að það er ekki ætlunin að fara að greiða götu þeirra til þess að fiska meira en þau gera hér við land, með því að taka af þeim aflann. Það er t. d. enginn vafi á því, að enskir togarar, sem mikið stunda fiskveiðar hér við landið, mundu sækja eftir því að losa sig við misheppnaða aflatúra, þegar svo stendur á veðri, og geta hafið veiðar á ný, ef þeir ættu þess kost að selja aflann hér.

Það er auðvitað eitt atriði, sem gerir þetta tiltölulega ólíklegt eins og nú standa sakir, að útlendingarnir sæki eftir þessum leyfum, en það er það fiskverð, sem er gildandi hér á landi. Það er svo óhagstætt, að flestir útlendingar mundu veigra sér við því að selja afla sinn hér, á því fiskverði sem hér gildir, eins og nú standa sakir, en auðvitað verðum við að reikna með því, að slíkt standi ekki um mjög langan tíma, heldur hljóti fiskverð að geta verið nokkuð svipað því, sem þekkist í nágrannalöndum okkar.

En ég vildi sem sagt vænta þess, að nú þegar við þessa l. umr., þá hefði hæstv. sjútvmrh. séð sér fært að svara þessum spurningum mínum, sem ég hef hér sett fram, um það hvað fyrirhugað sé að gera í þessum efnum og hvað hafi þegar verið gert varðandi þetta mál.

Félmrh. (Eggert G. Þorsteinsson): Herra forseti. Ég vil gjarnan lýsa því yfir, að ég er alveg sammála hv. 4. þm. Austf. um að í þessum undanþáguatriðum á að fara mjög varlega, og ég get fullvissað hann um það, að það mun verða gert, þann tíma sem ég gegni þessum störfum. Enda má segja, að sú litla reynsla, sem fékkst á árunum 1966 og fram í ársbyrjun 1967, á þessu efni, þegar þessi heimild, tímabundna heimild, var í lögum, hún gefi ekki tilefni til þess að halda, að þarna opnist neinar flóðgáttir. Það munu hafa verið nokkrar verksmiðjur við Eyjafjörð, sem nutu þess að fá nokkra síldarfarma, aðallega úr færeyskum skipum. En sáralitlu öðru hefur verið leyft að landa hér heima.

Þm. spyr um það, hvort átt hafi sér stað nokkrar viðræður við Norðmenn um gagnkvæm réttindi í þessum efnum. Engar slíkar viðræður hafa átt sér stað. Þær einu viðræður við Norðmenn og Dani, sem átt hafa sér stað, eru beiðni okkar um löndunarleyfi fyrir þá síldarbáta, sem veiðar stunduðu í Norðursjó á s. l. ári, en þær viðræður fóru fram af hálfu sendiherra okkar hvers á sínum stað, og viðræður um annað hafa ekki átt sér stað. Ég las það hins vegar, sennilega í sömu blöðum og hv. 4. þm. Austf., að norski sjávarútvegsmálaráðherrann lá undir mjög harðri gagnrýni skipstjóra í Noregi fyrir að gefa þetta leyfi til handa íslenzkum skipum, og var m. a. á það bent í ádeilum á hann fyrir þessa leyfisveitingu, að engin slík réttindi hefðu Norðmenn á Íslandi. Þetta er það eina, sem ég hef séð um þessi mál, en við hann eða milli okkar hafa engar viðræður átt sér stað að öðru leyti.

Jafnframt því, sem ég tel, að eigi almennt að fara varlega með þessa leyfisveitingu, þá tel ég sérstaka ástæðu til, eins og þm. einnig gerði grein fyrir hér áðan, að gjalda sérstakan varhug við löndun erlendra botnvörpunga. Hins vegar hefur óneitanlega verið nokkur ásókn í það af hálfu íslenzkra fiskvinnslustöðva, að ekki yrði eins stíft haldið á þessum málum og verið hefur undanfarin ár, og er það þá sérstaklega, þegar að hefur hert með hráefnisöflun. En um málið almennt, þá vil ég lýsa því yfir, að það mun verða farið eins varlega og kostur er í sambandi við þessar undanþágur, en ég tel ekki óeðlilegt, að þær þjóðir, sem við sækjum harðast á um að fá slík réttindi hjá — eins og við höfum gert fyrir okkar síldveiðiflota á Norðurlöndum — mundu óska sér sömu aðstöðu hér heima, en viðræður um þau atriði hafa ekki átt sér stað.

Þórarinn Þórarinsson: Herra forseti. Áður en þetta mál fer til n., finnst mér rétt að taka undir þau aðvörunarorð, sem komu hér fram í ræðu hv. 4. þm. Austf. og hæstv. ráðh. tók reyndar undir að mjög verulegu leyti. Eins og kom fram í þeirri ræðu, sem hv. þm. Austf. flutti hér áðan, þá voru það einkum tvær ástæður, sem lágu til þess, að það bann, sem hér er lagt til að draga úr, var sett á sínum tíma. Önnur ástæðan var sú, að á þeim tímum voru oft söluerfiðleikar í sambandi við íslenzka fiskframleiðslu. Hin ástæðan var sú, og hún var jafnvel veigaminni, að menn óttuðust það, að ef erlend fiskiskip fengju aðstöðu til þess að leggja hér upp afla í verulegum mæli, þá mundi það auka mjög ágang útlendinga á íslenzk fiskimið, þar sem að sjálfsögðu var miklu styttra fyrir skipin að fara, þegar þau gátu lagt aflann á land hér í stað þess að fara með hann til heimalands síns í mikilli fjarlægð. Ég held satt að segja, að þetta hafi raunar verið aðalástæðan, jafnvel enn þá veigameiri heldur en hin.

Það gefur auga leið, að ef slíkar undanþágur væru veittar í verulegum mæli, þá mundi það verða til þess að auka ágang erlendra fiskiskipa á íslenzk fiskimið, en það er áreiðanlega eitt af því, sem við þurfum að gefa mikinn gaum. Og við verðum að reyna að koma í veg fyrir, að svo miklu leyti sem okkur er það unnt, að það verði um óeðlilegan ágang að ræða og aukinn frá því, sem nú er. Ég get tekið fram, að undir vissum kringumstæðum, þá er ég því ekki mótfallinn, að slík leyfi séu veitt, t. d. ef um atvinnuleysi er að ræða í vissum verstöðvum eða skort á hráefni, en ég álít, að þetta eigi að vera mjög takmarkað og það eigi að vera bundið því, að leyfið nái ekki til botnvörpuskipa. Þess vegna finnst mér það koma mjög til athugunar, að sú heimild, sem ráðherranum er veitt í því frv., sem hér liggur fyrir, verði þrengd. Þó að hæstv. ráðh., sem nú fer með þessi mál, hafi gefið yfirlýsingu um það, að hann vilji halda á þessum málum með gætni, þá er ekki víst, að það sama kunni að gilda um eftirmenn hans í þessu starfi og þess vegna er eðlilegt að hafa þessa heimild sem allra þrengsta.

Ég vil svo í sambandi við þetta beina þeirri fsp. til ráðh., hvort það hafi ekki komið til hans eða ríkisstj. einhver ósk um það frá Ísraelsmönnum að mega leggja hér fisk á land, jafnvel að þeir fengju leyfi til þess að gera út héðan togara með þessum hætti. Mér skilst, að á sínum tíma hafi þessu verið neitað af ríkisstj., en ég vildi mjög gjarnan, ef það væri hægt, fá nánari upplýsingar um þessi mál – annaðhvort nú við þessa umr. eða síðar — og hvort það sé um nokkra breytingu á afstöðu ríkisstj. að ræða í þessum efnum.

Félmrh. (Eggert G. Þorsteinsson): Herra forseti. Út af fsp. hv. 4. þm. Reykv. þá vil ég upplýsa það, að á sínum tíma – ég hygg, að það séu tæplega 2 ár síðan – þá var látinn upp af einstaklingi hér í bæ áhugi fyrir því að koma slíkum samningsviðræðum á, sem hann minntist hér á við Ísraelsmenn. En á því var ekki sýndur áhugi af hálfu íslenzku ríkisstj., og það mál hefur ekki verið vakið upp síðan.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 29 shlj. atkv. og til sjútvn. með 30 shlj. atkv.

Á 80. fundi í Nd., 22. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 240, n. 492).

Frsm. (Birgir Finnsson): Herra forseti. Frv. þetta, sem hér liggur fyrir, hefur áður hlotið samþykkt hv. Ed. Það hefur verið athugað og rætt í sjútvn. þessarar hv. d.

Nm. eru sammála um, að þeirri undanþáguheimild fyrir erlend veiðiskip til löndunar afla hér á landi, sem í frv. felst, eigi að beita mjög varlega, ef að lögum verður, og eingöngu, þegar sérstaklega stendur á, t. d. þannig, að fiskvinnslustöðvar hér á landi skorti hráefni. Telur n. það höfuðsjónarmið l. nr. 33 frá 1922, um rétt til fiskveiða í landhelgi, að ekki beri að auðvelda erlendum veiðiskipum fiskveiðar á Íslandsmiðum, vera í fullu gildi. Hins vegar viðurkennir n., að stundum geti ýmis tilvik verið þannig, að rétt sé að opna þá leið til frávika frá meginreglunni, sem frv. gerir ráð fyrir, m. a. með tilliti til vinsamlegra samskipta við aðrar þjóðir, og þarfa íslenzks fiskiðnaðar, þegar um hráefnisskort er að ræða, eins og ég nefndi áðan. Með þessum fyrirvara mælir sjútvn. d. með samþykkt frv., í trausti þess, að fyllstu varfærni verði gætt, þegar til þess kemur að veita undanþágur samkv. því. Hæstv. sjútvmrh. hefur raunar lýst því yfir, að þessarar varfærni verði gætt, a. m. k. meðan hann gegnir störfum sjútvmrh. Það hefur verið fært fram m. a. sem rök fyrir því, að rétt væri að opna þessa undanþáguleið, að gengið hafi treglega að útvega íslenzkum fiskiskipum rétt til löndunar á afla, aðallega í Noregi. Að vísu fengust lítils háttar leyfi til löndunar á afla þar s. l. ár, en þeim var kröftuglega mótmælt, sérstaklega af fyrirsvarsmönnum norskrar útgerðar, og munu löndunarleyfin þá hafa verið afturkölluð, m. a. á þeim forsendum, að ekki væri heimilt að landa afla af norskum skipum hér á Íslandi.

Ég viðurkenni fúslega, að það getur einstaka sinnum staðið svo á, þegar íslenzk skip veiða langt frá ströndum lands okkar, t. d. nálægt Noregi, að nauðsynlegt sé að greiða fyrir því, að þau geti fengið að landa afla þar. Hins vegar vara ég mjög við því, að mikið verði gert af þessu. Ég tel, að það geti verið mjög skaðlegt íslenzkum hagsmunum. Við gerum út stærstu og beztu skip okkar til síldveiða norður í höf, og þessi útgerð byggist m. a. á því, að það sé hægt að koma afla þeirra í verð til söltunar samkv. fyrirframgerðum samningum. Ef þessi skip kysu heldur að leggja afla sinn á land í Noregi í stórum stíl, gæti hæglega svo farið, að ekki yrði unnt að uppfylla þá samninga, sem við hefðum gert fyrirfram um sölu á saltsíld. Það má raunar segja, að það sama gildi um bræðslusíldina. Verulegur hluti af bræðslusíldarafurðunum er seldur með fyrirfram gerðum samningum, og það er auðvitað mjög mikilvægt, til þess að við getum haldið góðum viðskiptasamböndum á þessum sviðum, að við stöndum við afhendingu upp í gerða samninga, eins og hægt er. Og þá er að því að gæta, að Norðmenn eru einhverjir hörðustu keppinautar okkar, bæði á sviði saltsíldarframleiðslu og á sviði framleiðslu síldarlýsis og síldarmjöls. Það er þess vegna mín skoðun, og raunar allra sjútvn.-manna, að sem minnst beri að gera af því að leggja upp afla af íslenzkum síldveiðiskipum í Noregi. Norðmenn hafa gert alvarlegar tilraunir til þess að ná undir sig þeim saltsíldarmörkuðum, sem við höfum haft, t. d. í Svíþjóð og við eigum alls ekki að auðvelda þeim þá iðju. En einstaka sinnum getur það komið fyrir, að það standi þannig á, að auðveldasta leiðin fyrir stöku skip, til að koma afla sínum í verð, sé sú að leggja upp í Noregi, og þess vegna varð það niðurstaða okkar að mæla með þeirri undanþáguheimild, sem í frv. felst. Norðmenn geta þá heldur ekki sagt, að það séu allar leiðir lokaðar fyrir þá, til að leggja afla hér á land, þegar sérstaklega stendur á.

Ég skal geta þess, í sambandi við þetta mál, að ég hef orðið var við nokkurn áhuga ýmissa útgerðaraðila fyrir því að sigla af miðunum norður í höfum beint til sölulanda okkar, t. d. til Svíþjóðar, með saltsíld. Möguleika á því að losna við síldina þannig beint úr veiðiskipunum kannaði síldarútvegsnefnd s. l. ár, þegar rætt var við viðsemjendur okkar í Svíþjóð. Þeir svöruðu þeim eftirgrennslunum, sem þá fóru fram, á þá leið, að þeir teldu með öllu útilokað, að þeir gætu á þeim tíma árs, sem um væri að ræða, tekið á móti síld beint úr skipum. Þeir sögðust ekki hafa mannskap til þess að flokka síldina og til þess að vinna við hana, eins og þarf, þegar hún kemur beint úr veiðiskipi, því að þá er langt í frá, að síldin sé fullverkuð. Það er eftir mikil vinna við hana, til þess að hún geti orðið fullgild markaðsvara. Af ýmsum fleiri ástæðum töldu Svíar í fyrra, að þeir gætu ekki tekið við síld á þennan hátt. Það fóru fram hér í Reykjavík fyrir skömmu undirbúningsviðræður við Svía um kaup á saltsíld á þessu ári, og að beiðni 6 manna nefndar, sem hæstv. sjútvmrh. hefur skipað til þess að undirbúa síldarvertíðina á þessu ári, voru sænsku síldarkaupendurnir að því spurðir á þessum fundi, hvort afstaða þeirra til kaupa á síld beint úr skipi væri breytt frá s. l. ári, eða ekki. Þeir svöruðu því til, að þeirra afstaða væri algerlega óbreytt, og þeir töldu fram marga annmarka á því að taka við síldinni beint úr skipi, m. a. að það yrði að „vraga" síldina, eins og kallað er, upp úr skipunum, og þeir mundu ekki vilja borga fyrir hana nema hluta af því verði, sem þeir greiða fyrir fullverkaða síld og fullunna vöru. Það virðast þannig ekki vera möguleikar á því, að hægt sé fyrir síldveiðiskip okkar að losna við saltsíld beint til Svíþjóðar. Af öðrum ástæðum mundi það líka vera óhagkvæmt fyrir íslenzku skipin að sigla beint til Svíþjóðar með síldina, sem sé þeim, að ef síldin heldur sig á svipuðum slóðum og hún hefur gert undanfarin tvö ár, mun sigling til Svíþjóðar vera a. m. k. 1½—2 sólarhringum lengri af miðunum en hingað heim til Íslands. Einnig gefur það að skilja, að þegar búið er að leggja í mikinn kostnað við það að koma síldarsöltunarstöðvun hér á landi í starfrækslu, og búið er að leggja í mikinn kostnað við ýmiss konar fyrirgreiðslu við íslenzka fiskiflotann langt norður í höfum, þá er á allan hátt óæskilegt, og ekki í samræmi við okkar hagsmuni, að íslenzk fiskiskip, sem þessar veiðar stunda, fari með aflann annaðhvort til Svíþjóðar eða Noregs.

Þetta taldi ég rétt, að kæmi fram í sambandi við þetta frv., og ég vil aðeins bæta því við, að nefnd sú, sem ég gat um áðan, að sjútvmrh. hefði skipað, hefur spurzt fyrir um það til ýmissa aðila, sem hlut eiga að máli, hvort þeir telji æskilegt, að íslenzkum veiðiskipum sé leyft að selja afla á hafinu beint yfir í annarra þjóða skip. Það mun hafa verið gert nokkuð af þessu s. l. ár, og samkv. skýrslum Fiskifélagsins munu íslenzk skip hafa selt á þennan hátt um 1200 tonn, sem sé beint úr nótinni, eða beint yfir borðið. Ég veit, að það er skoðun síldarútvegsnefndar, sem m. a. fékk þessa fsp. úthafsnefndar, að slíkt eigi alls ekki að leyfa. Það eru gerð út á sömu mið og við Íslendingar stundum bæði finnsk og

færeysk skip, sem gengur oft illa að veiða, og þau vilja þá gjarnan kaupa síld af íslenzku skipunum á þennan hátt. Þetta er starfsemi, sem að mínu áliti brýtur algerlega í bága við íslenzka hagsmuni, og á alls ekki að leyfa. Hins vegar getur þannig staðið á, að íslenzkt skip sé með góða veiði, sem það geti ekki sjálft innbyrt, og að það séu engin önnur íslenzk skip nálægt. Þá horfir málið allt öðru vísi við, og í slíku tilfelli ætti ekki að taka hart á því, þótt þetta yrði gert. En að opna leið til þessa með því að leyfa slíka verzlun á hafinu, það álít ég, að eigi alls ekki að gera.

Ég skal svo ekki orðlengja frekar um þetta mál, herra forseti. Sjútvn. mælir með frv., eins og ég hef getið um, en með þeim fyrirvara, sem ég vænti, að mér hafi tekizt að gera nokkurn veginn grein fyrir.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 29 shlj. atkv.

Á 81. fundi í Nd., 25. apríl, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 22 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 558).

---

39. Breytingar á lausaskuldum bænda í föst lán (stjfrv.).

Á 35. fundi í Sþ., 12. marz, var útbýtt frá Ed.:
Frv. til l. um breyt. á lausaskuldum bænda í föst lán [177. mál] (stjfrv., A. 348).

Á 59. fundi í Ed., 17. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Frv. það, sem hér um ræðir, er flutt til þess að gera mögulegt að breyta lausaskuldum bænda í föst lán. Það er kunnugt, að bændur hafa ráðizt í fjárfrekar framkvæmdir á undanförnum árum. Þeir, sem ferðast um landið, sjá glöggt hinar miklu framkvæmdir, sem orðið hafa. Þeir, sem tækifæri hafa til að gera samanburð á framkvæmdum í sveitum landsins síðustu 10 árin og gera sér grein fyrir því, sem var fyrir þann tíma, fá gleggsta yfirsýn yfir þær breytingar, sem orðið hafa. Fjöldi íbúðarhúsa í sveitum landsins hefur verið endurbyggður á þessu tímabili. Sama má segja um peningshús, sem hafa verið endurbyggð og aukin. Heyhlöður og verkfærageymslur hafa einnig verið byggðar á þessu tímabili í stórauknum mæli. Það er mikil framför, að vélar eru nú yfirleitt geymdar í húsum yfir veturinn, en áður stóðu þær úti og ryðguðu og skemmdust.

Bændur hafa keypt meira af vélum á þessu tímabili en nokkru sinni fyrr. Láta mun nærri, að tvær dráttarvélar séu á hverju býli auk annarra véla, sem nauðsynlegar eru utanhúss. Það munu vera fá sveitaheimili, sem ekki hafa bifreið, eina eða tvær. Heimilistæki innan húss hafa einnig verið keypt á seinni árum, sérstaklega eftir að rafmagn kom inn á sveitaheimili. Allt hefur þetta kostað mikla fjármuni og ekki við því að búast, að það hafi allt verið greitt með samtímatekjum. Ræktunin hefur einnig kostað mikla fjármuni umfram ríkisframlögin. Láta mun nærri, að á þessu tímabili hafi ræktað land aukizt um 50 þús. hektara, en ræktað land alls í landinu er aðeins 110 þús. hektarar. Það munu því allir vera sammála um, að bændur hafa verið athafnasamir í ræktun ekki síður en öðrum framkvæmdum síðustu árin.

Það er eðlilegt, að menn leiði hugann að því, hvernig búvöruframleiðslunni væri háttað nú, ef bændur hefðu haldið að sér höndum og hætt að rækta jörðina. Ekki þarf um það að deila, að þá væri alger mjólkurskortur í þéttbýlinu. Hugsanlegt væri, að kjötframleiðslan væri nægjanleg, en mjólkin væri lúxusvara, sem láglaunafólk yrði að spara við sig. Færi illa á því, að skortur væri á þessari hollu fæðu, sem börnin mega sízt án vera. Þessi staðreynd hlýtur að opna augu allra fyrir því, að sjálfsagt er og nauðsynlegt að stuðla að landbúnaðarframleiðslunni og efla íslenzkan landbúnað eins og æskilegt er.

Þegar vitnað er í hinar miklu framkvæmdir, sem orðið hafa í sveitum landsins, mun flestum skiljast, að eðlilegt er, að lausaskuldir hafi safnazt, a. m. k. hjá þeim bændum, sem ekki eru efnalega vel staðir. Stofnlán frá Stofnlánadeild landbúnaðarins hafa að sjálfsögðu verið veitt, eins og ætlazt er til, en þau nægja ekki nema fyrir hluta af framkvæmdakostnaðinum. Venjan er að lána úr Stofnlánadeild 50—60% af matsverði húsa, sem byggð eru. Þá hefur einnig verið síðustu árin lánað úr Stofnlánadeild út á vélar 33% af kostnaðarverði. Lán hafa einnig verið veitt út á ræktun. En það er ýmislegt, sem bændur hafa fjárfest, sem Stofnlánadeildin hefur ekki lánað út á. Hún lánar ekki út fé til bifreiðakaupa, kaupa á heimilistækjum eða öðrum munum innan húss, sem sjálfsagt þykir að ætla sér í seinni tíð. Með tilliti til þess, að stofnlánin eru ekki nema hluti af framkvæmdakostnaðinum í ýmsum greinum og engin stofnlán eru veitt til annarrar fjárfestingar, verður skiljanlegt, að lausaskuldir hafa myndazt. Öruggt er, að lausaskuldir bænda væru mun lægri nú, ef árferðið hefði ekki versnað. Þrjú síðustu árin hafa ekki verið hagstæð fyrir landbúnaðinn. Harðindin hafa verið óvenju mikil, grasspretta og heyöflun hefur verið víða um land með minna móti. Kostnaður við framleiðsluna hefur því aukizt vegna fóðurbætis- og áburðarkaupa. Frá árinu 1960—1965 fór hagur bænda batnandi. Á árinu 1965 munu bændur hafa fengið ekki lakari tekjur en aðrar stéttir, þótt eftirvinna og atvinna yfirleitt væri óvenjumikil hjá launþegum á þeim tíma. Það var vegna batnandi afkomu bænda á þessu tímabili, að þeir réðust í hinar umsvifamiklu framkvæmdir, sem vissulega ber að fagna og þjóðin öll mun njóta góðs af í framtíðinni.

Vegna harðindanna og aukinna greiðslubyrða bænda þeirra vegna ákvað ríkisstj. á s. l. sumri að láta fram fara ítarlega athugun á efnahagslegri afkomu bænda. Var harðærisnefnd falið að safna gögnum og vinna að fullnaðarathugun á þessu. Réð nefndin til sín

Árna Jónasson, fyrrv. bústjóra, sem hefur unnið mest að gagnasöfnuninni. Athuguninni er lokið og hefur nefndin sent grg. til ríkisstj. Grg. er mjög fróðleg og gefur heildarmynd af efnahag bænda, tekjum þeirra og afkomumöguleikum. Það kemur í ljós, sem reyndar var vitað áður, að efnahagur bænda er mjög misjafn og einnig tekjur þeirra. Grg. sýnir, að mikill meiri hluti bænda er tiltölulega vel settur efnalega séð, þótt nokkur hluti þeirra búi við lítil efni og greiðsluerfiðleika. Nefndin hafði á ýmsan hátt ómetanlega aðstoð hagstofustjóra við gagnasöfnun og upplýsingar þær, sem grg. byggist á. Upplýsingar um efnahag og tekjur eru teknar úr skattskýrslum hvers bónda fyrir árið 1967 og einnig forðagæzluskýrslum. Nefndin ákvað að fella burtu frá frekari athugun þá, sem höfðu minna bú en 80 ærgildi og þá einnig, sem höfðu meiri tekjur af öðru en landbúnaði. Alls var unnið úr framtölum 6129 framteljenda, en af þeim voru af framangreindum ástæðum 1360 felldir úr. Athugun náði því til 4769 bænda. Ljóst er, að greiðslugeta bænda fer ekki síður eftir möguleikum þeirra til tekjuöflunar heldur en eftir eignum miðað við skuldir. Nefndin ákvað því að flokka bændur í hverri sýslu eftir því, hvað þeir skulduðu mikið miðað við nettótekjur annars vegar og brúttótekjur hins vegar. Var bændum skipt í tvo meginhópa, annars vegar þá, sem skulda minna en tvöfaldar nettótekjur. 2747 bændur eða 57.6% af þeim, sem athugunin nær til, skulda minna en sem svaraði tvöföldum nettótekjum þeirra. Álíta verður, að þessir bændur séu allir efnalega vel settir og eru þeir ekki í neinum greiðsluerfiðleikum. 2022 bændur eða 42.4% skulda meira en tvöfaldar nettótekjur. Þessum hópi hefur verið skipt niður í 5 flokka eftir því, hve skuldirnar eru miklar. 609 bændur eða 12.8% af öllum bændum skulda meira en tvöfaldar en minna en þrefaldar nettótekjurnar. Talið er, að þessir bændur séu einnig sæmilega settir efnalega og séu ekki í greiðsluerfiðleikum. 369 bændur eða 7.7% skulda meira en þrefaldar, en minna en fjórfaldar nettótekjur. Talið er, að aðstaða þessara bænda sé ekki slæm, enda þótt vaxtabyrði sé nokkuð þung vegna skuldanna. 423 eða 8.8% skulda meira en fjórfaldar, en minna en fimmfaldar nettótekjur. Fyrir þessa bændur kemur það sér áreiðanlega vel að breyta lausaskuldum í föst lán til þess að létta þannig árlega greiðslubyrði vegna skuldanna. Aðstaða þeirra ætti að vera sæmileg, eftir að skuldum hefur verið breytt. 209 bændur eða 4.7% skulda meira en sexfaldar, en minna en sjöfaldar nettótekjur. Enginn vafi er á því, að vaxtabyrðin hjá þessum bændum er þung og greiðsluerfiðleikar miklir. 412 bændur eða 8.6% skulda meira en sjöfaldar nettótekjur. Álitið er, að þeir, sem skulda meira en sexfaldar nettótekjur, séu yfirleitt í greiðsluerfiðleikum.

Heildarskuldir allra bænda á landinu, sem athugunin nær til, eru 1250 millj. kr. Meðalskuld á bónda er 262 þús. kr. Þeir, sem skulda minna en tvöfaldar nettótekjur, skulda aðeins 109 þús. kr. að meðaltali. Heildarlausaskuldir bænda á öllu landinu, sem athugun nær til, eru 491 millj. 416 þús. kr. Heildarlausaskuldir þeirra bænda, sem skulda meira en sexfaldar nettótekjur, eru 176 millj. 786 þús. kr. eða 36% af öllum lausaskuldum bænda. Meðallausaskuldir allra bænda eru 103 þús. kr., en þeirra, sem skulda minna en tvöfaldar nettótekjur, aðeins 36 þús. kr. Hins vegar nema þær 194 þús. kr. að meðaltali hjá öllum þeim, sem skulda meira en tvöfaldar nettótekjur, og fara stighækkandi í flokkum í 303 þús. kr. Í heild eru lausaskuldir 33.9% allra skulda þeirra bænda, sem athugunin nær til. Meðalnettótekjur bænda eru 123 þús. kr. Munur eftir sýslum er mjög mikill. Í þeirri sýslu, sem nettótekjur eru hæstar, eru þær 177 þús. kr. á bónda, en lægstar 80 þús. Vegið meðaltal brúttótekna allra bænda er 400 þús. kr. og eru furðulega jafnar yfir landið, frá 300—500 þús. mest. Rúmlega 1000 bændur skulda meira en sem nemur brúttótekjum þeirra, og hafa þeir að sjálfsögðu allmikla vaxtabyrði og greiðsluerfiðleika sumir þeirra, en þó mjög misjafnlega eftir aðstæðum og tilkostnaði framleiðslunnar. Þessi fjöldi bænda er 22.3% af þeim fjölda, sem athugunin nær til. 77.7% af bændum eru hins vegar vel settir, þar sem skuldir þeirra eru ekki það miklar, að greiðslubyrði þeirra vegna sé óeðlilega þung. 3.4% af bændum skulda meira en tvöfaldar brúttótekjur eða 160 bændur, sem eru búsettir í öllum sýslum landsins. Hrepparnir á öllu landinu eru nokkuð á þriðja hundrað, þannig að talsvert vantar á, að til jafnaðar sé einn bóndi í hverjum hrepp, sem býr við svo slæma aðstöðu. Samkv. áliti nefndarinnar er talið, að þessir bændur hafi vonlitla aðstöðu til búreksturs, nema sérstök aðstoð komi til.

Í skattframtölum í árslok 1967 eru fasteignir bænda metnar á gamla fasteignamatinu margfaldað með 4. Þetta er óraunhæft mat og fékk nefndin því upplýsingar hjá yfirfasteignamatsnefnd um samræmdar tölur undirfasteignamatsnefnda, en yfirfasteignamatið hefur ekki enn ákveðið endanlegt mat á fasteignum eftir aðstöðu. Þar sem verðgildi fasteigna er mjög háð því, hvernig þær eru í sveit settar, áleit n. hinar samræmdu grundvallartölur héraðsfasteignamatsnefnda of háar í einstökum héruðum og sýslum. Lækkaði nefndin því matið frá grundvallartölum héraðsmatsnefndanna í ýmsum sýslum. N. telur, að þetta mat sé í sjálfu sér ekki mjög nákvæmt, en telur, að eðlilegt sé að miða við það, þar sem ekki sé við annað að styðjast og úr þeim gögnum unnið eftir beztu sannfæringu. Meðalfasteignir bónda yfir landið eru 687 þús. kr. Er það misjafnt eftir sýslum. Hæsta meðalfasteign bónda í sýslu er 998 þús. kr., en lægst 417 þús. kr. Meðalbrúttóeign bænda, sem athugunin nær til, er 1 millj. 48 þús. kr. Mesta meðalbrúttóeign á bónda í sýslu er 1431 þús. kr., en minnsta meðalbrúttóeign á bónda 714 þús. kr. í sýslu. Skuldlaus eign á bónda í landinu er 778 þús. kr. að meðaltali.

Hæsta meðaltal á bónda í sýslu er 1162 þús. kr., en minnsta meðaltal 510 þús. kr.

Tölur þær, sem hér hafa verið nefndar, gefa allgott yfirlit yfir efnahag bænda og aðstöðu þeirra yfirleitt. Athyglisvert er, að 77.7% af bændum eru tiltölulega vel settir efnalega og eru væntanlega ekki í greiðsluerfiðleikum. 12.8% af bændum virðast eftir gögnum, sem fyrir liggja, vera allvel settir, þótt að sjálfsögðu komi sér vel fyrir þá að eiga þess kost að breyta lausaskuldum í föst lán. 6.1% virðast vera samkv. skýrslum með þunga vaxtabyrði og að sjálfsögðu allmikla greiðsluerfiðleika. Það vekur athygli, að ekki er talið vera nema um 3.4% eða 160 bændur, sem eru með vonlitla aðstöðu. Má vera, að bezta aðstoðin við þá verði í því fólgin að

hjálpa þeim til þess að hætta búskapnum og koma sér í önnur störf. Verður það vitanlega athugað nánar, þegar til framkvæmda kemur um breytingu á lausaskuldum í föst lán.

Athuganir þær, sem vitnað hefur verið til, sýna, að bændur hafa efnazt á síðustu árum og skuldir þeirra eru miklu minni en ástæða var til að ætla þrátt fyrir gífurlega framkvæmdir í seinni tíð. Eigi að síður eru ýmsir bændur þannig settir, að æskilegt er að létta undir með þeim á þann hátt að gefa þeim kost á að breyta lausaskuldum í föst lán.

Frv. til l., sem hér er til umr., um breytingu á lausaskuldum bænda, er í meginatriðum eins og lög um sama efni frá árinu 1962. Þá var 68 millj. kr. af lausaskuldum bænda breytt í föst lán með því að veðdeild Búnaðarbankans gaf út sérstakan flokk bankavaxtabréfa í þessu skyni. Samkv. 1. gr. þessa frv. er gert ráð fyrir, að sami háttur verði á hafður, að veðdeild Búnaðarbankans fái heimild til að gefa út nýjan flokk bankavaxtabréfa. Bréf þessi skulu eingöngu notuð til þess að breyta í föst lán lausaskuldum bænda, sem hafa ekki fengið nægileg lán til hæfilegs tíma vegna fjárfestinga, sem þeir hafa ráðizt í á jörðum sínum á árunum 1961—1968 að báðum árum meðtöldum. Samkv. 2. gr. frv. er kveðið svo á, að lán samkv. l. þessum skuli aðeins veitt gegn veði í fasteignum bænda ásamt mannvirkjum, sem á jörðinni eru. Lánstími skal vera allt að 20 ár. Vaxtakjör skulu ákveðin af stjórn veðdeildarinnar að höfðu samráði við ráðh. Samkv. 3. gr. er gert ráð fyrir heimild til að leyfa ábúendum ríkisjarða að veðsetja ábúðarjarðir sínar til tryggingar lánum samkv. l. þessum, enda séu eignir viðkomandi ábúenda í mannvirkjum á ábúðarjörðum þeirra aldrei minni en sem nemur samanlögðum áhvílandi lánum. Samkv. 4. gr. mega lán samkv. l. þessum að viðbættum veðskuldum þeim, sem hvíla á fyrri veðréttum, ekki nema hærri fjárhæð en 75% af matsverði veðsins. 5. gr. kveður svo á, að ákvæði 16. gr. 3. mgr. l. nr. 115 7. nóvember 1941, taki ekki til bankavaxtabréfa, sem út eru gefin samkv. l. þessum. Í 6. gr. er vitnað til l. um Búnaðarbanka Íslands nr. 115 7. nóv. 1941 um lánveitingar samkv. l. þessum. Skv. 7. gr. er gert ráð fyrir, að ráðh. setji í reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laganna. Það er öruggt, að verði þetta frv. að l. og framkvæmd l. fari vel úr hendi eins og vonir standa til, þá mega þessi lög verða þeim bændum, sem búa við miklar lausaskuldir, til mikillar hjálpar, eins og lögin frá 1962 hafa óneitanlega orðið. Bændur munu nota það tækifæri, sem nú er gefið, og sækja um það til réttra aðila að lausaskuldum þeirra verði breytt í föst lán. Sérstakt mat verður að fara fram á fasteignum til þess að fá raunhæft verðgildi þeirra. Það er vitað, að verðmat fasteigna hefur breytzt vegna gengisbreytinga, og matsgerðir, sem fram fóru fyrir 1—2 árum, eru í mörgum tilfellum ekki raunhæfar auk þess sem millimatsgerðir vantar.

Herra forseti. Eg sé ekki ástæðu til að hafa þessi orð fleiri, en legg til, að málinu verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. landbn.

Ásgeir Bjarnason: Herra forseti. Ég vil í nokkrum orðum gera grein fyrir því, hver forsaga þessa máls er, því að mér fannst það ekki koma nægilega greinilega fram í ræðu hæstv. ráðh., enda þótt hann gerði því máli nokkur skil.

Það var á framhaldsaðalfundi Stéttarsambands bænda fyrir árið 1966, að fram kom till., þar sem stjórn Stéttarsambandsins var falið að láta athuga um skuldir bænda, sem þá þegar, fyrir rúmum tveimur árum, þóttu ískyggilega háar. Og á aðalfundi Stéttarsambandsins sumarið 1967 lágu fyrir nokkrar upplýsingar, sem unnið var úr samkv. landbúnaðarúrtaki Hagstofu Íslands og náði þetta til 467 bænda og reyndist meðalskuldin samkv. því úrtaki vera kr. 266 þús., en ef ég hef tekið rétt eftir því hjá hæstv. ráðh. áðan, gat hann þess, að meðalskuld á bónda samkv. því, sem harðærisnefnd hefur reiknað út, væri 262 þús. kr. Þarna er ekki um mjög ólíkar tölur að ræða, en sjálfsagt er mikið réttari sú tala, sem hæstv. ráðh. gat um, enda byggð á víðtækari rannsókn.

Stéttarsambandsfundarmönnum þótti, að fengnum þessum upplýsingum, nauðsynlegt að fela stjórn sambandsins að vinna að þessu máli og samþykkti eftirfarandi till., með leyfi hæstv. forseta:

„Vegna þeirra erfiðleika, sem lausaskuldir valda mörgum bændum, vill aðalfundur Stéttarsambands bænda 1967 beina því til stjórnar sambandsins að vinna að því, að skuldum þessum verði breytt í föst lán með hagkvæmum kjörum."

Þá vil ég líka minna á það, að við framsóknarmenn hér í þessari hv. d. fluttum fyrir ári síðan frv. um það að breyta lausaskuldum bænda í föst lán. Það frv. var aldrei afgreitt og fluttum við að nýju hliðstætt frv. í vetur og liggur það hér fyrir hv. þd. óafgreitt í d. og einnig óafgreitt frá landbn. Ég vil geta þess, að það hefði alveg eins verið hægt fyrir hæstv. landbrh. að gera á því frv. breytingar. En til þess að þurfa þess ekki, flytur hæstv. ráðh. þetta frv., sem nú er til umr., og ef að vanda lætur, verður það afgreitt óbreytt eins og önnur frv., sem viðreisnarstjórnin ber fram, hvernig sem þau eru annars í pottinn búin. Grg. frv. þessa er mjög fátækleg. Það er engu líkara en flutt sé mál, sem engin rök séu til fyrir. Hæstv. landbrh. upplýsti hér í ræðu sinni, að nefnd hefði unnið að máli þessu og hún hefði skilað ítarlegu áliti. En hvernig stendur á því, að alþm. gefst ekki kostur á því að fá að kynna sér nál. harðærisnefndar og kynna sér þau gögn, sem liggja máli þessi til stuðnings? Eða á þetta kannske að vera einkaplagg eða leyniplagg hæstv. landbrh.? Ég vil geta þess, að hér er hafður á allt annar háttur en varðandi önnur mál, þar sem hefur farið fram opinber rannsókn. Ráðh. gat þess í ræðu sinni, að harðærisnefnd hefði verið falið af ríkisstj. að fjalla um þessi mál, og kynna sér efnahag bænda til hlítar. Þar af leiðir, að þessi nefnd er opinber og starfar á vegum þess opinbera, og ég held, að það sé afar hæpið að ætla sér að leyna einu eða neinu, sem nefndin hefur fjallað um, og því lægi það beinast við, að nál. eða grg. harðærisnefndarinnar hefði verið birt með því frv., sem hér liggur fyrir, og þingheimi gefinn kostur á að kynna sér allt það, sem þar stendur. Og vildi ég spyrja hæstv. ráðh. að því, hvort hann hugsi sér ekki að láta prenta grg. nefndarinnar og leggja þá grg. hér fyrir hv. Alþingi, því að mér finnst annað ekki við eiga í

þessum efnum, enda mun það yfirleitt vera venja, þegar um slík mál er að ræða sem þessi.

Það er getið um það í þeirri stuttu grg., sem fylgir þessu frv., að iðnfyrirtækjum og fyrirtækjum, sem stunda útgerð fiskiskipa og fiskvinnslu, hafi verið gefinn kostur þess að breyta lausaskuldum sínum í föst lán. Þetta gefur það til kynna, að atvinnuvegirnir eiga í miklum erfiðleikum, samhliða því að atvinnuleysi á þessum vetri hefur ógnað fjölda manns. Stefna viðreisnarinnar hefur leitt til hruns í efnahagsmálum þjóðarinnar. Í annað sinn á 7 árum verður hæstv. landbrh. að viðurkenna með lagasetningu, hversu fráleit og óraunhæf viðreisnarstefnan hefur reynzt íslenzkum landbúnaði. Til þess hefur ekki komið áður, að grípa hafi þurft til lagasetningar um að breyta lausaskuldum bænda í föst lán með svo stuttu millibili, sem raun ber nú vitni. Orsakanna er að sjálfsögðu allvíða að leita, og vil ég nefna það, sem ég tel, að séu höfuðþættirnir, og er þess getið í grg. þess frv., sem við framsóknarmenn fluttum í vetur og er 58. mál hv. Alþ. En þar eru upp talin helztu atriðin, og vil ég telja þau upp hér:

1. Framkvæmdir allar og vélvæðing krefjast mikils fjármagns, enda hefur dýrtíðin farið ört vaxandi hin síðari ár.

2. Stofnlán landbúnaðarins hafa ekki hækkað í hlutfalli við stofnkostnaðinn.

3. Lánstími stofnlána er allt of stuttur, enda styttri nú en áður nema á lánum til íbúðarhúsabygginga. Lán eru nú til 15 ára út á járnvarðar timburbyggingar, t. d. hlöður, fjárhús og fjós, en til 20 ára út á steyptar byggingar og ræktun, en aðeins til 5 ára, þegar um vélvæðingu er að ræða.

4. Vaxtakjör Stofnlánadeildar landbúnaðarins eru miklu lakari nú en áður eða 6% til íbúðarhúsa, en voru áður 3½%. Til allra annarra lána deildarinnar eru 6½% í vexti, en voru áður 4%. Eða m. ö. o., vaxtahækkun hefur orðið á þessum lánum milli 60 og 70%.

5. Lagður hefur verið sérskattur á bændur og rýrir það til muna tekjur þeirra, en tryggir þeim ekki lán sem skyldi, eins og þeim var heitið, þegar skatturinn var á þá lagður.

6. Ungt fólk eða byrjendur í búskap fá hvergi lán til bústofns- eða vélakaupa.

7. Þótt óðaverðbólga hafi ríkt síðan 1959, hafa rekstrarlán landbúnaðarins ekki hækkað neitt.

8. Veðdeild Búnaðarbankans hefur allt of lítið fjármagn til umráða og vextir hennar ekki hagstæðir, þar sem þeir eru 8%.

9. Verðlag búvara er allt of lágt og þar með komið úr samhengi við annað verðlag í landinu og þarfir landbúnaðarins.

10. Ræktaða landið er of lítið til þess að veita nægilegan heyforða fyrir það búfé, sem fyrir er í landinu.

11. Grasbrestur veldur því, að fóðurbætisnotkun hefur orðið talsvert meiri heldur en hún var þá árin á undan.

Hæstv. ráðh. gat þess hér í ræðu sinni áðan, og mér skildist það á honum, að lausaskuldirnar stöfuðu einkum af því, að heimilin hefðu veitt sér meira en áður, þau hefðu veitt sér bifreiðar og alls konar heimilistæki og tæki aftan í aflvélar og annað því um líkt og frá því stöfuðu aðallausaskuldirnar. Og því skal ég ekki neita, að að sjálfsögðu hefur það sínar orsakir í lausaskuldasöfnuninni, þó að ég telji, að margt annað hafi ráðið þar meira um heldur en þau þægindi, sem nokkrir bændur í landinu, en alls ekki allir, hafa getað veitt sér á undanförnum árum. Enda hefur nú hæstv. ríkisstj. séð fyrir því nú, að það er vart nokkur maður, sem getur keypt sér neitt tæki, hvorki bifreið eða annað. Því að svo hátt verð er á þessum hlutum, að fæstir munu geta það sér veitt, eins og ástatt er nú. Landbúnaðurinn og afkoma hans eru að sjálfsögðu mikið háð kaupgetu fólksins í landinu. En eins og nú er komið, verða flestir að spara allt, sem þeir geta, sakir þess að sumir hafa enga atvinnu og aðrir lítið fyrir vinnu sína. Lífnaðarhættir fólksins hafa því breytzt mikið, en í heimi frjálsra viðskipta er sultarólin eini réttláti skömmtunarstjórinn að dómi þeirra manna, sem tileinka sér að nafni til frjáls viðskipti í landinu. Og það kann að skapa eilífðarfjárhagsvandræði nema rétt fjórða hvert ár, þegar stjórnarliðarnir sjá sér ekki annað fært en framfylgja stjórnarskránni og láta ganga til kosninga. En þá hefur í það minnsta að undanförnu hjá þeim, sem nú ráða ríkjum hér á landi, verið breitt yfir örðugleikana í bili með erlendum lántökum og myndaðir gjaldeyrissjóðir, sem gufa upp skömmu eftir kosningar. Síðan verður að framfylgja formúlu viðreisnarinnar, fella gengi krónunnar, hækka skattana og taka ný, erlend lán. Þetta hefur verið gangur málanna undanfarandi ár hjá þeirri hæstv. ríkisstj., sem hér ræður ríkjum.

Varðandi erlendu lánin og landbúnaðinn vil ég minna á tvennt. Það er Stofnlánadeild landbúnaðarins og Áburðarsala ríkisins. En áður en ég kem að því, vil ég aðeins minna á umsagnir tveggja hæstv. ráðh., sem þeir létu frá sér fara, þegar verið var að breyta lögum Búnaðarbankans eða stofna til Stofnlánadeildar landbúnaðarins. Þá sagði þáv. bankastjóri Búnaðarbankans, núv. hæstv. fjmrh., með leyfi forseta:

„Með því frv., sem hér liggur fyrir, er leyst til frambúðar lánsfjárvandamál landbúnaðarins til stofnlána. Ég vil ákveðið halda því fram, að með þessu frv. hafi verið efnt það fyrirheit að tryggja öryggi stofnlánasjóðanna, fullkomlega efnt það fyrirheit."

Þetta sagði hæstv. fjmrh. En hæstv. landbrh. sagði við sömu umr.:

„Sannleikurinn er sá, að yfirleitt eru heimildir til að lána til allra þeirra hluta, sem líklegt er, að þurfi að lána til á næstu árum í landbúnaði. Hin stóra breyting er hins vegar sú, að með þessu frv. er lagður grundvöllur að því, að þessar heimildir geti orðið að veruleika."

Hvernig stendur þá á því, að þessar heimildir hafa ekki orðið að veruleika? Þessi stóra breyting, sem ráðh. talar um, hefur ekki orðið að veruleika. Ekki er þar því um að kenna, að aðrir hafi komið að stjórn landsins en þeir, sem undirbjuggu þessa löggjöf. Þar er ekki öðrum um að kenna. Þessir sömu hæstv. ráðh., sem þetta sögðu og undirbjuggu löggjöfina, hafa haft sinn tíma til að sýna, hvað í löggjöfinni fólst og sömuleiðis hvað þeir gátu.

Hin stóra breyting hefur ekki orðið að veruleika. Þar er að sjálfsögðu margt, sem kemur til greina, en ekki sízt sú óðaverðbólga, sem ráðið hefur og ríkt hefur í landinu undir stjórn viðreisnarinnar. Ég gat þess, að erlendar lántökur þjökuðu þjóðina. Stofnlánadeild landbúnað-

arins hefur sína sögu að segja í þessum efnum, þar sem erlend lán deildarinnar voru við síðustu áramót 359 millj. kr., og hækkuðu þessar skuldir allmikið við gengisfellingarnar 1967 og ekki síður 1968. Og gengistap deildarinnar árið 1968 nam 127 millj. kr., en þar af færast 50 millj. kr. á lántakendur, sem hafa gengistryggð lán. Það eru þeir, sem hafa verið að byggja sláturhús, koma upp mjólkurbúum og kaupa vélar til ræktunar o. fl. Reksturshagnaður Stofnlánadeildarinnar var 1968 37 millj. kr., svo að ekki brúar reksturshagnaðurinn þetta bil. Það vantar því tæpar 40 millj. kr., sem takast af varasjóði deildarinnar, enda minnkaði hann úr 124 millj. kr. niður í 85 millj. kr., sem hann er í við síðustu áramót, þannig að með sama framhaldi og undir sömu stjórn verður þessi deild, sem ráðh. trúðu á fyrir nokkrum árum síðan, gjaldþrota með öllu. Þannig var uppbyggingin á þessu sviði og þannig hefur farið um uppbyggingu í landinu á fjölmörgum öðrum sviðum.

Á sama tíma og gengisfellingarnar láta varasjóðina fara í sjálfa sig hjá stofnlánadeildinni, taka gengisfellingarnar líka til sín allan arð, sem annars kynni að verða hjá þeim fyrirtækjum, sem hafa orðið að taka erlendu lánin. Þessi mál voru rædd á búnaðarþingi, og vil ég, með leyfi hæstv. forseta, lesa ályktanir þingsins, sem samþ. voru þar með shlj. atkv.:

„Búnaðarþing telur algerlega óviðunandi þá þróun, sem orðið hefur hjá Stofnlánadeild landbúnaðarins, þar sem sífellt gengistöp hafa rýrt hag deildarinnar það mikið, að fyrirsjáanlegt er, að hún getur ekki sinnt hlutverki sínu nú eða í náinni framtíð nema til komi sérstök fyrirgreiðsla. Fyrir því beinir þingið þeirri eindregnu áskorun til landbrh. að hlutast til um, að gerðar verði eftirfarandi ráðstafanir:

1. Ríkissjóður greiði gengistöp Stofnlánadeildar landbúnaðarins vegna gengislækkananna 1967 og 1968.

2. Ríkisstj. útvegi Stofnlánadeild landbúnaðarins innlent fjármagn til þess, að deildin geti sinnt hlutverki sínu nú og framvegis á viðunandi hátt. Takist ekki að útvega nægjanlegt innlent fjármagn, svo að deildin neyðist til að taka erlent lán, taki ríkissjóður á sig alla gengisáhættu, sem slíkum lánum fylgir.

3. Stofnlánadeild lengi lánstíma á lánum þeim, sem vinnslustöðvum landbúnaðarins, ræktunarsamböndum o. fl. hafa verið veitt með gengisáhættu, sem nemi því, að árlegar afborganir af lánum þeirra verði ekki hærri en ákveðið var, þegar lánin voru veitt.

4. Hafi Stofnlánadeild landbúnaðarins ekki nægjanlegt innlent lánsfé til þess að mæta eftirspurn, verði árlega gerð áætlun um, til hverra framkvæmda lánsfénu skuli varið. Við gerð á þeirri áætlun sé haft fullt samráð við Stéttarsamband bænda og Búnaðarfélag Íslands og þær framkvæmdir gangi fyrir með lánsfé, sem mesta þýðingu hafa fyrir landbúnaðinn."

Þetta voru ályktanir búnaðarþings og þær voru samþ. þar með atkv. allra þeirra, sem þingið sátu. Þar komust engin sérsjónarmið að. Þar voru bændurnir allir einhuga í sínum ályktunum.

Þá vil ég einnig minna á annað mál í sambandi við erlendar lántökur, en það er hjá Áburðarsölu ríkisins, erlent rekstrarlán, sem tekið var s. l. vor og var ekki borgað fyrr en eftir gengisfellingu í nóvembermánuði s. l. En sem kunnugt er, er áburðarsalan ríkisfyrirtæki. Það er líka kunnugt, að það er óheimilt að hækka í verði vörur, sem til eru og tollafgreiddar, áður en gengi krónunnar er breytt. Því er ráðstöfun sú, sem ríkisstj. lætur Seðlabankann gera varðandi lán til Áburðarsölu ríkisins, ekki á rökum reist. En Áburðarsala ríkisins mun hafa tekið 44 millj. kr. lán með 9½% vöxtum til 5 ára og sá böggull fylgir skammrifi þessu, að bændurnir eiga að borga þetta lán upp með áburðarverðinu á næstu 5 árum, þ. e. a. s. á árinu 1969 til og með árinu 1973. Mér finnst, að hér gildi aðrar viðskiptareglur en almennt í landinu, þar sem óheimilt er að hækka í verði vöru, sem komin er til landsins og tollafgreidd, áður en gengi krónunnar er breytt, því að hér eiga bændur samkv. þessu einir að taka á sig stjórnleysi ríkisstj. á þessu sviði, samhliða því sem talið er, að áburðarverð hækki um 40% á næsta vori. Með leyfi hæstv. forseta vil ég lesa hér ályktun búnaðarþings í þessum efnum, því að ég tel, að það sé gott, að Alþ. viti, hvaða skoðun bændur landsins hafa á þessum málum:

„1. Búnaðarþing ályktar, að ríkissjóði beri skylda til að greiða Áburðarsölu ríkisins að fullu það tjón, sem hún varð fyrir vegna gengistaps í nóvember 1968 á erlendum rekstrarlánum.

2. Búnaðarþing beinir þeim tilmælum til landbrh. að vinna að því við ríkisstj. og Alþingi, að ríkissjóður greiði niður alla verðhækkun, sem verða kann á þessu ári á tilbúnum áburði."

Það var að sönnu satt, sem formaður Búnaðarfélags Íslands, Þorsteinn Sigurðsson, sagði, þegar hann setti búnaðarþing í vetur: „Bændum er skákað á erlendan lánamarkað með gengisföll yfir höfði." Því að svo sannarlega hefur bændastétt landsins nú meira en nokkru sinni áður orðið að þreifa á hvers konar baggi er á hana lagður, þegar um erlendar lántökur er að ræða. En ég vil geta þess, að Ísland mun vera eina landið í Vestur-Evrópu, þar sem áburðarverð hefur hækkað svo nokkru nemi síðasta áratuginn og jafnvel síðustu tvo áratugina. Því að flestar ríkisstj. sjá sóma sinn í því að halda niðri verðlagi á aðalrekstrarvörum eins og t. d. á áburði til landbúnaðarins. En hér er þessu öðru vísi farið, eins og alkunnugt er.

Ég gat um það áðan, að orsakir lausaskuldanna væru margar, þótt dýrtíðin og stjórnleysið í þjóðmálum valdi þar mestu um. Þaulkunnugir menn í sölumálum og verðlagsmálum landbúnaðarins telja, að það verði á yfirstandandi verðlagsári að flytja út allt að því helming af kjötframleiðslunni, vegna þess að innanlandsneyzlan hafi dregizt svo mikið saman, en það merkir, að kaupgeta fólksins hafi minnkað svo mikið. Höfuðatriðið er fyrir landbúnaðinn í landinu, að kaupgetan haldist nokkurn veginn uppi, svo að fólkið geti veitt sér til hnífs og skeiðar, það sem nauðsynlegt er. Útflutningur landbúnaðarvara hefur ekki reynzt bændum hagstæður fram yfir það, sem útflutningsuppbætur hafa náð að verðbæta hverju sinni. En eins og nú horfir, kemur bændur til með að vanta upp á grundvallarverð síðustu ára um 120 millj. kr. En þetta er hærri upphæð en svo, að bændur þoli að missa hana úr aski sínum bótalaust, samhliða því að stórhækkanir eru fram undan á öllum sviðum.

Eftirtektarverður kafli er í Handbók bænda, þar sem forstöðumaður Búreikningaskrifstofu landbúnaðarins gerir grein fyrir búreikningum frá rúmlega 60 bændum fyrir árið 1967. Þar kemst hann að þeirri niðurstöðu að bændur og búalið hafi haft 27.40 kr. fyrir unna stund í landbúnaði. Ég vil nú spyrja hæstv. ráðh., hvort honum sé kunnugt um það, að nokkur maður í landinu eða nokkur atvinnustétt í landinu búi við lægra kaupgjald heldur en landbúnaðurinn eða nokkur, sem komi þar í námunda við. Og þessir búreikningar sýna það enn fremur, að nettó árstekjur þessara bænda hafa verið 123 þús. 903 kr. yfir árið. Og meðalbústærð þar sem búreikningarnir ná til eru 436.39 ærgildi og er það nokkru meira heldur en bústærð almennt er í landinu á sama tíma. Niðurstöður búreikninganna eru líka mjög svipaðar og niðurstöður úrtaks frá Hagstofu Íslands, sem verðlagsgrundvöllurinn hefur verið jafnan byggður á. En samkv. því úrtaki höfðu bændur í laun árið 1967 93.425 kr. eða 105 þús. kr. minna en þeim bar að hafa samkv. þeim verðlagsgrundvelli, sem á þá var dæmdur. Og er það allra manna mál, að þar hafi verið mjög illa á málum bænda haldið, þegar sá verðgrundvöllur var á þá dæmdur. En þó er útkoman sú, að þeir ná ekki helmingi þeirra launa, sem þeim bar að hafa samkv. þeim verðlagsgrundvelli. Það sýndi sig líka, að kaup þeirra viðmiðunarstétta, sem kaupgjald bænda var miðað við, reyndist 228 þús. kr. eða 130 þús. kr. hærra en bændur fengu út úr verðlagsgrundvellinum. Það gefur auga leið, að hér er ekki allt með felldu. Og þess vegna þarf að endurskoða þá löggjöf, sem bændur búa við, og tryggja þeim lífskjör á við aðra þegna þjóðfélagsins, vegna þess að bilið hefur breikkað með hverju ári, sem hefur liðið, í þessum efnum undir stjórn viðreisnarinnar.

Ég hef, herra forseti, gert hér að umræðuefni veigamikil atriði, sem valda ásamt ýmsu fleira þeirri lausaskuldasöfnun bænda, sem hér er verið að ræða um. Ég vil að lokum minna á þá þætti í frv. okkar framsóknarmanna um breytingu á lausaskuldum bænda í föst lán, þar sem það frv. gengur lengra og nær til fleiri aðila en frv. það, sem hér um ræðir frá hæstv. ríkisstj. En það er í fimm atriðum, sem okkar frv. gengur lengra og kemur betur til móts við bændastéttina en það frv., sem hér liggur fyrir.

1. Að lögin nái einnig til lausaskulda hjá fyrirtækjum bænda og taki yfir allt tímabilið frá 1960 og til ársloka '68.

2. Að vextir verði ekki hærri en 6½%, en mig minnir, að vaxtakjör síðast þegar lausaskuldum var breytt í föst lán, hafi verið 8%. Það er að vísu ekki tekið fram í því frv., sem hér liggur fyrir vegna þess, að þar hygg ég, að ráðh. eigi að segja sitt um. Og ef að vanda lætur, verða vextir varla undir 8%.

3. Einnig verði tekið veð í vélum bænda og vinnslustöðvum landbúnaðarins.

4. Heildarlán megi vera 80% af matsverði því, sem dómkvaddir menn meta hlutaðeigandi eignir lántakenda á; en í frv. því, sem hér liggur fyrir, mun það vera 75%, sem skuldirnar mega nema að mati dómkvaddra manna á fasteignum, og ég hygg, að það sé 5% hærra heldur en það var samkv. frv. eða lögum frá 1962.

5. Síðast en ekki síst. Að Seðlabankinn kaupi bankavaxtabréfin á nafnverði. Ég tel það vera höfuðatriði, að sparisjóðum, útibúum banka og verzlunum, sem taka bankavaxtabréfin, verði með lögum tryggt að losna við þau. En í frv. þessu er ekki gert ráð fyrir, að svo verði og tel ég það vera algerlega fráleitt, ekki síst þegar það er haft í huga, að skuldirnar eru miklu hærri nú en 1962 og í öðru lagi allar horfur á, að sparifjáraukning verði ekki mikil á næstu árum og útilokað, held ég, að hún geti orðið jafnmikil og hún varð fyrst á eftir árinu 1962 og fram til 1967. Það er því lágmarkskrafa, að þeim stofnunum, sem taka bréfin upp í skuldir, verði gert kleift að losna við þau, bæði upp í bindifé til Seðlabanka og upp í vexti og afborganir lána til Stofnlánadeildar Búnaðarbankans og auk þess verði Seðlabankanum gert að skyldu að kaupa bréf þar sem á þarf að halda. Það má hafa það með ýmsum hætti á vissu árabili eða á lengri eða skemmri tíma, eftir því sem henta þykir í þeim efnum. En ég tel þetta frv. ekki fullkomið, fyrr en frá þeim málum verði gengið, að fyrir þeim stofnunum, sem verða að taka bréfin, verði greitt með einhverjum hætti að losna við þau að nýju.

Þá minntist hæstv. landbrh. á það í ræðu sinni, að hjá 8.6% af bændum landsins, eða 412 bændum væri skuld þeirra meira en áttfaldar nettótekjur, ef ég hef tekið rétt eftir. **(Gripið fram í:** Sjöfaldar.) Sjöfaldar? Jæja. Það væri 8.6%, eða 412 bændur. Þetta er allstór hópur. En það stendur ekkert um það, hvorki í grg. né annars staðar, hvernig eigi með þessa bændur að fara. Ég játa það, að við höfum ekki heldur í okkar frv., framsóknarmenn, sagt neitt um það, hvernig með þessa bændur skuli farið, en hins vegar kemur það glögglega fram í frv. okkar, að við teljum, að þegar fyrir liggi, hvernig efnahagur bænda sé, verði að gera sérstakar ráðstafanir fyrir þá bændur, sem verst eru settir í landinu. Og mér fannst það nú liggja í orðunum hjá hæstv. ráðh., þó að hann segði það ekki, að hann hugsaði sér, að einhverjar sérstakar ráðstafanir yrðu gerðar til þess að greiða úr fyrir þessum bændum, þegar sýnt væri, hver margir gætu fallið undir lausaskuldalánin, sem að sjálfsögðu verða margir bændur, en því miður ekki allir, og kemur þar margt til, bæði það, að þessir aðilar hafa ekki miklar eignir, og því er það, að þeir geta ekki fallið undir lausaskuldalánin, þar sem heildarlán mega ekki vera nema 9% á móti fasteign, sem hlutaðeigandi aðili annaðhvort á eða hefur til umráða. Það væri því gott að vita, hvað hæstv. ráðh., hugsar sér að gera við þessa bændur, hverjar ráðstafanir hann hyggst gera. Ég tel ekki fráleitt, að fram fari almenn skuldaskil hjá þeim, sem verst eru settir, því að slíkt mun eiga sér stað bæði hjá þeim, sem hafa iðnfyrirtæki, og sömuleiðis í sjávarútvegi. Og þessir þættir verða að athugast allir vel, svo að þær ráðstafanir, sem frv. þetta gerir ráð fyrir, komi að tilsettum notum.

Það er óþarfi að taka það fram, að við framsóknarmenn fylgjum frv. þessu, en munum að sjálfsögðu bera fram brtt. og freista þess, að frv. verði fullkomnara og betur úr garði gert en það nú liggur fyrir, svo að hægt verði að koma fyrir á raunsæjan hátt þeim skuldabagga, sem bændur landsins búa við nú í dag og myndazt hefur á allra síðustu árum, enda þótt lengst af þeim tíma hafi verið góðæri og velmegun í landinu. Ég tel það ekki nóg, að lausaskuldum bænda sé breytt í föst lán, án þess að um leið sé reynt að tryggja það, að það komi ekki til jafnmikillar skuldasöfnunar á jafn-

skömmum tíma á næstu árum, eins og verið hefur undanfarin ár. Því er það, að í kjölfar breytinga lausaskulda í föst lán þarf að gera ýmsar aðrar ráðstafanir, sem eiga að tryggja bændum betri lífskjör og viðunandi lífskjör í framtíðinni, og þar á ég við, að það þarf að tryggja þeim það, að þeir fái betra verð fyrir sínar afurðir, að þeir beri meira úr býtum fyrir búskapinn en þeir hafa gert á undanförnum árum. Og það þarf líka að greiða á margvíslegan hátt fyrir fyrirtækjum bænda og það þarf að gerbreyta því lánakerfi, sem nú ríkir hjá Stofnlánadeild landbúnaðarins, og koma því í það horf, sem hæstv. ráðh. vildi vera láta, þegar hann var að koma Stofnlánadeildinni á. Ég tel, að hann sé búinn að fá þá reynslu nú, að honum eigi að vera í lófa lagið að finna veilurnar í löggjöfinni og þess vegna geta lagfært hana áður en mörg ár líða, svo að bændur þurfi ekki að bíða tjón af þeim sökum.

Þá tel ég enn fremur, að ríkisframlag til jarðræktar og sömuleiðis framlög ríkisins til rannsókna og leiðbeiningaþjónustu í landinu verði verulega aukin, svo að bændur landsins geti búið á raunhæfari hátt eða haft búskapinn meira í samræmi við það, sem þeim er kennt, heldur en þeir hafa átt kost á til þessa. Og á þann hátt tel ég, að bændastétt og bú landsins geti orðið verulega styrkur stólpi þjóðarheildinni.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Það eru nú aðeins örfá orð. Ég ætla mér ekki að fara að setja hér upp stólparæðu og svara ýmsu af því, sem hv. 1. þm. Vesturl., Ásgeir Bjarnason, talaði hér um og að sumu leyti var alveg hér utan við þetta frv. En ég er honum sammála um það, að bændurnir eigi að vera landstólpi. Ég vil ekki orða það þannig, að þeir geti orðið landstólpi. Ég vil segja, að þeir séu landstólpi og hafi alltaf verið það og sem betur fer ekkert á þeirri leið að geta ekki verið það áfram, og þar erum við alveg sammála, ég og hv. 1. þm. Vesturl.

Ég verð nú að segja það, að hv. 1. þm. Vesturl. var miklu hógværari núna, þegar hann talaði um þetta frv., heldur en þegar hann var að tala um frv. um lausaskuldir bænda 1962. En þetta frv. er nú sízt verra en það frv. Það sem er, er þó það, að þetta frv. er aðeins betra, en felur ekki í sér þau ákvæði, sem hv. þm. leggur mesta áherzlu á, þ. e. kaupaskyldu Seðlabankans. Það var ekki 1962, og það er ekki heldur í þessu frv. Eigi að síður eru allir sammála um það, að lögin frá 1962 hafi verið harla góð og komið að miklum notum, og einhvern veginn var það nú svo, að bréfin fóru og voru notuð og eru víst að mestu leyti komin til Seðlabankans, enda þótt hann hafi ekki verið skyldaður til þess að kaupa þau. Nú, það ætla ég að láta nægja að segja hér um frv. 1962, ég hef rætt við bankana um þessa löggjöf, og ég geri mér vonir um, að það takist að framkvæma hana nú, ekki síður en þá. Ég geri mér vonir um það. Og að þetta frv., sem ég nú flyt, sé lakara en frv. framsóknarmanna, sem var flutt hér í vetur og flutt í fyrra, það ætla ég nú ekkert að ræða um í dag. Ég átti von á því, að það yrði sagt, og ætla ég út af fyrir sig ekkert að fara mörgum orðum um það, þótt hv. flm. tali vel um sitt frv. og telji það betra en það, sem ríkisstj. flytur, sem heldur bændunum alveg í svelti, eins og skilja mátti á hv. ræðumanni hér áðan.

Hv. 1. þm. Vesturl. talaði um þessa 412 bændur, sem skulduðu meira en sjöfaldar nettótekjur, hvað yrði gert við þá. Um það ætla ég ekkert að segja nú, það þarf að athuga þetta allt saman nánar, og ég ætla engar yfirlýsingar um það að gefa umfram það, að mér finnst sjálfsagt að gegnumlýsa þetta allt saman, athuga, hvað hægt er að gera.

Um tekjur bænda samanborið við aðrar stéttir er það að segja, að þessi samanburður er náttúrlega svona eins og hann er. En þetta skýtur dálítið skökku við. Það er alltaf öðru hverju verið að tala um það, að verkamennirnir hafi ekki nema 9—10 þúsund á mánuði. En þegar þeir komast upp í þessar háu tekjur, sem minnt er á, er það vitanlega vegna þess, að þeir vinna langan vinnudag og eftirvinnu og næturvinnu og allar helgar. Ég veit það, að sumir bændur vinna líka langan vinnudag og vinna allar helgar. En yfirleitt mun það nú vera, að þeir bændur, sem vinna mjög langan vinnudag, hafa líka miklu hærri tekjur en 123 þús. kr.

Þá fannst mér hv. 1. þm. Vesturl. segja mér fréttir, þær sem ég hef ekki heyrt áður, að það vanti 120 millj. í útflutningsuppbætur, enda þótt það megi gera ráð fyrir að geta fengið gengishagnaðinn til ráðstöfunar að mestu upp í þetta. En mér er bara kunnugt um það, að framleiðsluráðsmenn, a. m. k. sumir hverjir, hafa ekki reiknað þetta dæmi til enda. Þeir hafa ekki reiknað það til enda, og mér finnst ekki rétt að kasta svona tölu fram hér, vegna þess að hún liggur ekki fyrir.

Hv. þm. gerði að umtalsefni Stofnlánadeild landbúnaðarins, sem ég og hæstv. fjmrh. ætluðum að efla og gera að góðri stofnun. Stofnlánadeild landbúnaðarins er nú frá mínu sjónarmiði ágæt stofnun, eins og hún er í dag. Og það er nú óviðeigandi fullyrðing hjá hv. þm. að segja, að hún sé gjaldþrota, af því að það er ekki rétt. Og ég kann ekki við það, að hv. þm., sem sjálfur er bóndi, í stjórn Búnaðarfélags Íslands, ábyrgur maður og á margan hátt ágætur, mér finnst það bara ekki viðeigandi af honum að vera með svona fullyrðingar hér um þessa ágætu stofnun, Stofnlánadeildina, að hún sé gjaldþrota, þótt hún hafi orðið fyrir nokkru gengistapi. Og hv. þm. ætti nú að horfa sjálfum sér svolítið nær og minnast þess, hvers vegna þetta gengistap varð. Er það vegna lána, sem hafa verið tekin í tíð núv. stjórnar? Eða er það vegna lána, sem voru tekin, þegar flokksbræður þessa hv. þm. fóru með mál Stofnlánadeildarinnar? Það skyldi ekki vera? Allir, sem kynna sér það, hvernig rekstur Stofnlánadeildarinnar hefur verið hin síðari ár, vita það, að gengistapið, sem varð nú og í fyrra, varð vegna lána, sem voru tekin í stjórnartíð framsóknarmanna, vegna þess að þá fékk Stofnlánadeildin ekki innlent fé til ráðstöfunar. Síðan núv. stjórn komst til valda, hefur Stofnlánadeildin eingöngu verið með innlent fé, sem lánað hefur verið bændum. Og það, sem Stofnlánadeildin hefur tekið af öðruvísi lánum, hefur hún lánað gegn gengistryggingu. Hún hefur þess vegna ekki orðið fyrir gengistapi vegna lána, sem hafa verið tekin síðustu 9 árin. Það er kokhreysti hjá hv. 1. þm. Vesturl. að vera nú að rifja þetta upp og minnast á þetta, það er kokhreysti að fullyrða svo, að Stofnlánadeildin sé gjaldþrota vegna arfsins frá hans flokksbræðrum. En jafnvel þótt þessi arfur hafi verið slæmur og íþyngi deildinni, er nú ekki það, að deildin hafi ekki átt eignir til þess að mæta því og miklu

meira en þessu. Þetta tel ég alveg nauðsynlegt að komi fram, alveg nauðsynlegt. Hitt er rétt, að greiðslubyrði Stofnlánadeildarinnar eykst um 9 millj. kr. á ári nú fyrstu árin vegna gengistapsins. En Stofnlánadeildin hefur aukið útlánin á undanförnum árum til bænda og veitt betri þjónustu en áður var hægt að gera. Þegar þm. talar um, að lánstíminn hafi verið styttur, er það ekki rétt. Það er alveg sami lánstími og var, yfirleitt 20 ár, út á ræktun og útihús, sem eru vel byggð að mati eftirlitsmanna bankans, eins og áður var, og 47 ár á íbúðarhús. – Hv. þm. talar um, að það sé stuttur lánstími út á vélar. Það má vel vera, að hann ætti að vera lengri. En yfirleitt er ekki lánað út á vélar til lengri tíma en það, sem er talinn hæfilegur fyrningartími. En kaupalánstíminn út á vélar, þegar framsóknarmenn fóru með þessi mál – hv. þm. minntist ekkert á hann. Skyldi hann hafa verið styttur, frá því sem þá var? Nei, hann var ekki styttur, vegna þess að þá var aldrei lánað út á vélar, það var aldrei lánað út á vélar. En hv. þm. minntist ekki á það.

Þá talar hv. þm. um áburðareinkasöluna og vitnar í orð formanns Búnaðarfélags Íslands, sem honum þóttu harla góð: að bændur hafi verið hraktir á erlendan lánamarkað. Ég hef nú engan annan heyrt vitna í þessi orð formanns Búnaðarfélagsins, og þeir munu vera fáir, sem hafa talið, að þessi setning hafi verið það bezta, sem sagt var í þeirri ræðu. En hvernig var þetta áður með áburðarkaupin. Áburðarkaupin voru náttúrlega miklu minni áður, miklu minni vegna þess að ræktunin var miklu minni, og þá var ekki verið að spekúlera í því hvernig var með lánamöguleika. Þá var bændum gert að greiða áburðinn a. m. k. alveg upp fyrir ágústlok, en mestallan að vorinu til, en þá var það náttúrlega miklu minni útgjaldaliður heldur en núna. En hvers vegna skyldu þessi lán hafa verið tekin erlendis? Það var vitanlega eftir ósk þeirra sem keyptu áburðinn. En þá var að því komið, eins og oft hefur verið minnzt á, að bændur hafi ekki fengið nægileg lán í bönkunum. Um þetta má alltaf deila. Það er talað um, að rekstrarlánin séu óbreytt frá 1959. Það séu hin svo kölluðu fyrirframlán, sem séu veitt út á dilka, út á lömbin áður en þau fæðast. Ég var nú í Landsbankanum í fyrravor til þess að ræða um þetta, og fékk þá þær upplýsingar, að það væri búið að lána í öðru formi alveg út á væntanlegar afurðir, sem til féllu s. l. haust, það væri bara í öðru formi. Og þeir voru allir við, bankastjórar Landsbankans, þó að aðeins einn talaði, það mótmælti enginn. Það má alltaf deila um það, hvort það sé lánað nóg að áliti manna, en öllum finnst nú að þeir skuldi nógu mikið þó að þeir jafnvel þurfi á meiri lánum að halda, þá finnst nú öllum, að þeir skuldi nógu mikið, og það hefur verið talið hagstætt að fá þessi erlendu lán, m. a. vegna þess að þau hafa verið ákaflega ódýr. Það var náttúrlega slæmt, að ekki var búið að borga þessi erlendu lán s. l. haust áður en gengisbreytingin varð, eins og tókst 1967. Steingrímur Hermannsson skrifar í Tímann nú um helgina og gefur skýringu á því að nokkru leyti, segir, eins og rétt er, að það hafi ekki verið eðlilegt, að áburðareinkasalan gæti yfirfært þegar öðrum var ekki heimilað það, þar sem líkt stóð á. Um það, hvað er löglegt í þessu eða ekki, ætla ég nú ekki að fullyrða, um það hef ég ekki spurt enn, en hv. 1. þm. Vesturl. segir, að það sé algjörlega ólöglegt að láta þetta gengistap koma á áburðarverðið á næstu árum. Það er alveg sjálfsagt að fá úrskurð um það. Stjórn Áburðarverksmiðjunnar tók þetta lán hjá Landsbankanum, hjá Seðlabankanum og þar mun þetta ákvæði vera, að Áburðarverksmiðjan er skuldbundin að greiða á 5 árum. Hvernig farið verður að því, ætla ég ekkert um að segja, en ég hygg, að það sé hvorki vilji ríkisstj. né stjórnar Áburðarverksmiðjunnar að fremja lögbrot, frekar en það að selja bændum áburðinn óþarflega dýrt, og ég held að það sé nú bezt að hafa ekki mörg stór orð um þetta mál að sinni.

Hv. 1. þm. Vesturl. talaði dálítið um forsögu þessa máls. þ. e. lausaskuldamál bænda, sagði, að stéttarsambandsfundur bænda hefði talað um þetta og óskað eftir því, að breytingar gætu átt sér stað. Þetta er alveg rétt, ég minntist ekkert á það hér áðan, hver forsagan var, en gerði, að ég hygg, nokkuð ítarlega grein fyrir fjárhag bænda og aðstöðu og vitnaði nokkuð greinilega í það, að það gæti verið sérstök ástæða til að verða við þessari ósk. En grg. með frv. er stuttaraleg, sagði hv. þm., og hann vill ekki, að grg. harðærisnefndar verði leyniplagg, það sé ósæmilegt að láta alþm. ekki fá tækifæri til þess að kynna sér það. Og hvernig stendur á því? spyr hv. þm. Það er nú ekkert langt síðan, að þessi grg. komst í mínar hendur, og hún er nú það löng, að það þykir alls ekki viðeigandi að prenta hana með frv. Hitt hefur alltaf verið mín ætlun, að í það minnsta landbn. fengi þessa grg., og mér finnst alveg sjálfsagt, að þeir hv. þm., sem óska eftir því að fá hana, eigi þess kost. Leyniplagg hefur hún aldrei átt að verða, og það er ekki rétt hjá hv. þm. að orða þetta eins og hann gerði: „Hvernig stendur á því, að alþm. fá ekki tækifæri til þess að kynna sér nál.?“ Það hefur aldrei verið meiningin, að þeir ekki fengju það tækifæri. Það er stutt síðan öll grg. kom í mínar hendur; fyrst kom fyrri hlutinn og nú fyrir nokkrum dögum seinni hlutinn, og það var beðið með að flytja þetta frv., þangað til að nál. kom í mínar hendur. Það hefur alltaf verið meiningin, að það kæmi til landbn. og þá einnig til þeirra þm., sem þess óska. Það þarf að fjölrita það, en það verður sennilega ekki prentað. Hv. þm. talar um, að stefna viðreisnarinnar hafi leitt til hruns. Þetta er nú ekki meira en það, sem sagt hefur verið áður, og miklu hógværari orð notuð nú heldur en oft áður, enda eru skuldir bænda að meðaltali ekki nema 262 þús. kr. Það er ekki meira, og nettóeignir með þessu mati, sem þarna er, 778 þús. að meðaltali. Það þykir kannske ekki mikið, en það munu nú ýmsir vera, sem undrast það, þegar þeir kynna sér, hvað gert hefur verið nú í seinni tíð með þeirri uppbyggingu og framkvæmdum öllum, að meðalskuld bænda sé ekki nema 262 þús. kr. Ég hafði haldið, að það væri miklu meira. Og lausaskuldirnar, þrátt fyrir allar framkvæmdirnar, eru þó ekki nema 33% af öllum heildarskuldunum. Þetta er náttúrlega nokkuð. Það situr ekki á mér að vera að fegra það og gera lítið úr erfiðleikum bænda, en ég ætla samt að leyfa mér að segja það, að mér létti, þegar ég var búinn að lesa þetta nál. og kynnast því og sjá, að bændur voru þó ekki verr settir en þar er sagt.

Ásgeir Bjarnason: Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð. Ég vil leiðrétta sumt af því, sem hæstv. ráðh. sagði, því að hann hefur ekki farið þar rétt með. Hann sagði

m. a., að ég hefði haft eftir formanni Búnaðarfélags Íslands, að bændum væri hrint á erlendan lánamarkað eða eitthvað slíkt. (Gripið fram í.) Nei, það var ekki. Ég sagði, að hann hefði sagt, að bændum hefði verið skákað á erlendan lánamarkað með gengisfellingu yfir höfði sér, – skákað.

Fleira var það nú, sem hæstv. ráðh. hafði ekki rétt eftir, og ég lái honum það nú ekkert, þó að hann hafi ekki tekið rétt eftir öllu, því að slíkt kemur nú fyrir. En hann sagði, að ég hefði sagt, að Stofnlánadeild landbúnaðarins væri gjaldþrota. Þetta er ekki rétt, því að ég sagði, að með áframhaldandi sömu stefnu í lánamálum Stofnlánadeildarinnar miðað við undanfarandi ár, mundi það leiða til gjaldþrota hjá henni. Og það sér nú hæstv. ráðh. ákaflega vel, ef hann vill kíkja á varasjóð deildarinnar núna fyrir nokkrum árum og varasjóð deildarinnar í ár, því að hann er mun lægri nú en í fyrra og hann er mun lægri en í hitteðfyrra. Þannig hefur það gengið til núna 2 s. l. ár. En þegar hæstv. ráðh. var að minna á það, að ég ætti ekki að vera að ræða um þessa hluti og við framsóknarmenn, því að okkar hlutur í þessum málum hefði ekki verið svo góður á sínum tíma. En hvað átti Stofnlánadeild landbúnaðarins eða sjóðir Búnaðarbankans, þegar þessi hæstv. ráðh. komst til valda? Hver var eignin? Eignin var á annað hundrað millj. kr., en er þó ekki nema 85 millj. núna. Þrátt fyrir alla viðleitni hæstv. ráðh. til að vera að bjarga þessu núna s. l. 8—10 ár, þá er eign sjóðanna minni og þó hafa bændur verið skattlagðir um tugi þúsunda á þessu árabili, frá því að Stofnlánadeildin tók til starfa. En þrátt fyrir það vegur það ekki upp á móti þeim kjörum, sem hæstv. ráðh. býður Stofnlánadeildinni upp á. Þetta er sannleikur málsins, að deildin á minna nú, eftir að hæstv. ráðh. fór að stjórna henni, heldur en hún átti, þegar hann tók við henni 1959 í ársbyrjun.

Þá sagði hæstv. ráðh. það, að hann hefði aldrei heyrt það, að það vantaði jafnmikið upp á, að bændurir næðu sínu verðlagi út af verðlagsgrundvelli á undanförnum árum eins og ég hefði sagt, eða 120 millj. kr. Og þó sagði hann og hafði varnagla á því, að þetta dæmi væri ekki reiknað til enda. Og það skal ég viðurkenna, að þetta dæmi er ekki reiknað til enda, en ég held þó skoðun minni. Og þarf ekki að vera að spyrja kunnuga menn um það, sem eru í innsta hring, sem fer með þessi mál, bændurnir finna þetta sjálfir, þegar þeir skoða reikningana fyrir sínar afurðir. Það mun láta nærri, að það vanti inn í verðlagið – það má vel vera, að þetta komi í uppbótum síðar – en eins og þetta stendur í dag, held ég, að það sé mjög nálægt sanni, að það vanti um 120 millj. kr. á að verðlagið skili sér frá árinu 1965 til ársloka 1968, því að ég tel ekki, að það skili sér verðlag, þegar verður að halda eftir rúmum 2 kr. af hverju kjötkílói og 28 aurum, minnir mig, af mjólkurlítra. Ég tel ekki, þó að það sé myndaður sjóður með því til að hafa til vara eftir því, hvernig verðlagið kemur út, að það verðlag skili sér, þar sem ekki miðast við verðlagsgrundvöllinn, eins og hann er uppbyggður. En það mun vera staðreyndin, að sá sjóður, sem myndaðist á þennan hátt árið sem leið, var milli 40–50 millj., auk þess sem hæstv. landbrh. mun hafa greitt fyrir því, að greiddur var fyrirfram hluti af útflutningsuppbótum, sem eiga að koma til greiðslu 1969. Þær voru borgaðar fyrir áramót til þess að firra vandræðum, sem þá stóðu fyrir dyrum. En ég hygg nú þó, að þegar búið er að gera þessum málum full skil og reikna þetta dæmi til enda, eins og ráðh. sagði, sé ekki mjög fjarri lagi, að það vanti þessa upphæð á, að verðlagið skili sér.

Ég þakka hæstv. ráðh. fyrir það, að landbnm. í það minnsta og þeim öðrum, sem áhuga hafa á þessum málum og eru hér á hv. Alþ., gefst kostur á að fá að sjá þá skýrslu og grg. um lausaskuldamálin, sem harðærisnefndin hefur sent hæstv. ráðh. En ég tel það ekki fullnægjandi. Ég tel það eitt fullnægjandi, að skýrslunni sé útbýtt á meðal allra alþm. hér í hv. Alþ., og ég tel, að það sé ekki það kostnaðarsamt, að það sé ekki yfirstíganlegt fyrir hæstv. ráðh. að framkvæma það. Og ég vænti þess, að við fáum þessa skýrslu prentaða á borðið, áður en langir tímar líða.

Það er ýmislegt fleira, sem væri ástæða til að ræða af því, sem hæstv. ráðh. minntist á. En ég ætla ekki að fara inn á það nú, því að vafalaust gefst tækifæri á því síðar, og þáttur í þessum málum er líka, að það má um þau deila endalaust. En ég tek undir það, að þegar litið er á bændastéttina sem heild, þá er hún ekki óskaplega illa á vegi stödd, þar sem meðaleignin er á 8. hundrað þús. kr. og meðalskuldin 262 þús. kr., þegar miðað er við meðalbóndann, sem þessar rannsóknir ná til. En á hitt vil ég benda, að nær helmingur bænda eða rúmlega 2000 bændur, sem þessi rannsókn nær til, skulda meira en tvöfaldar nettótekjur, þ. e. a. s. 42.4% bændanna skulda meira en tvöfaldar nettótekjur. Og stór hópur á meðal þessara bænda er verulega illa settur, þannig að þessar lausaskuldir, 1 milljarður 250 millj., sem ég held, að ráðh. hafi getið um, að væru heildarskuldir bænda, koma af fullum þunga á tiltölulega fámennan hóp innan bændastéttarinnar. Og það er þeim mun erfiðara, þar sem það eru færri, sem verða að rísa undir þessum böggum. Og því hagfelldari og betri verður sú fyrirgreiðsla að vera, ef hún á að koma að notum fyrir þá menn, sem verst eru settir. Og ég vænti þess, að hæstv. ráðh. taki fyllilega tillit til þeirra bænda í landinu, með fyrirgreiðslur, sem koma þeim að notum, því að það er sýnilegt, að þeir bændur eru mun fleiri heldur en ég hélt, að þeir myndu vera, því að ég gæti trúað, að þeir væru allt að því 500.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til landbn. með 12 shlj. atkv.

Á 66. fundi í Ed., 28. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 348, n. 402 og 413, 408).

Frsm. meiri hl. (Steinþór Gestsson): Herra forseti. Landbn. hv. Ed. hefur haft þetta mál til athugunar, og eins og fram kemur á þskj. nr. 402 og 413 náði nefndin ekki samstöðu um það og flytur minni hl. brtt. við frv. á þskj. 408. Nefndinni hafði borizt álit harðærisnefndar um efnahag bænda og gefur það allgott yfirlit yfir efnahagsstöðu þeirra í árslok 1967. Ég mun nú hér í stuttu máli gera grein fyrir afstöðu meiri hl. nefndarinnar.

Nefndin var í heild sammála um þá stefnu, að breyta

bæri lausaskuldum bænda í föst lán og meiri hl. telur, að með frv. þessu, ef að lögum verður, verði þeim tilgangi náð. Hins vegar telur minni hl. þessar aðgerðir ekki fullnægjandi og ber fram brtt. við frv., og eru þessar helztar:

Í fyrsta lagi leggur minni hl. til, að lögin taki einnig til lausaskulda hjá fyrirtækjum bænda. Í öðru lagi, að vextir verði ekki hærri en 6½%. Í þriðja lagi, að einnig verði tekið veð í vélum bænda. Í fjórða lagi, að heildarlán megi nema 80% af matsverði veðsins. Í fimmta lagi, að Seðlabankinn kaupi bankavaxtabréfin á nafnverði og í sjötta lagi, að sérstök fyrirgreiðsla verði veitt þeim bændum, sem verst eru settir. Meiri hl. nefndarinnar telur hins vegar varðandi fyrstu aths. minni hl., að ekki sé eðlilegt að fella lánamál fyrirtækja að þessu frv. fyrst og fremst fyrir þá sök, að ekki er vitanlegt, að nein könnun hafi farið fram á því, hversu stórt eða alvarlegt dæmi þar er um að ræða, svo og hitt, að eðlilegra mætti telja að leysa þann vanda, sem þar kynni að vera til staðar, með fjármögnun frá öðrum aðilum en hér er fjallað um.

Varðandi annað atriðið, sem fjallar um vaxtakjörin, telur meiri hl., að því megi treysta, að landbúnaðinum verði í því efni ekki skorinn þrengri stakkur en öðrum þeim atvinnuvegum, sem hafa fengið svipaða fyrirgreiðslu þessari.

Þegar litið er á þriðja lið aths. minni hl., sem gerir ráð fyrir, að tekið verði veð í vélum bænda, þá telur meiri hl. það varla frambærilegt, þar sem lánin eru veitt til 20 ára, en fyrningartími vélanna er að okkar dómi miklum mun skemmri.

Um fjórðu aths. minni hl. er það að segja, að hún lítur nánast út sem yfirboð. Í sambærilegum lögum frá 1962 var ákveðið, að heildarlán mættu nema 70% af matsverði veðsins. Í því frv., sem hér er rætt um, er gert ráð fyrir, að heildarlán megi nema 75% veðsins og ætlar meiri hl., að það verði að teljast nægileg skuldabyrði, ef vel á að fara um rekstur búanna í framtíðinni.

Þá er í fimmta lagi um kaupskyldu Seðlabankans að ræða. Meiri hl. telur, að á meðan ekkert ákveðið liggur fyrir um það, hversu miklar fjárhæðir hér verður um að ræða, sé erfitt að ganga endanlega frá samningum við bankann um þetta efni, og með tilliti til fyrri reynslu og þeirra ummæla, sem hæstv. landbrh. viðhafði við 1. umr. um þetta frv. hér í hv. Ed., þar sem hann sagðist hafa rætt við bankana um þessa löggjöf og gera sér vonir um, að framkvæmd hennar lánaðist ekki síður en lögin frá 1962, þá vill meiri hl. telja, að þarna sé gengið nægilega langt til tryggingar þessum hlutum.

Sjötta aths. minni hl. er svo um sérstaka fyrirgreiðslu til handa þeim bændum, sem verst eru settir. Hvað þá aths. varðar vill meiri hl. enn skírskota til ummæla hæstv. landbrh. um þá 160 bændur, sem virtust hafa vonlitla aðstöðu eftir þeim gögnum, sem fyrir liggja.

Herra forseti. Ég tel mig hafa gert hér nokkra grein fyrir afstöðu meiri hl. til þessa frv. og fyrir þeim rökum, sem til þess liggja, að ekki er hægt að fallast á brtt. minni hl. Sambærileg lagasetning frá 1962 hefur gefið góða raun að okkar dómi og orðið til þess að bæta hag þeirra bænda, sem hagnýttu sér þá fyrirgreiðslu. Það frv., sem hér er til umr., gengur eins og áður hefur verið rakið í tveimur atriðum lengra til móts við þarfir lánþeganna en eldri lög og hvergi skemmra. Meiri hl. nefndarinnar er þeirrar skoðunar, að þetta frv. nái þeim tilgangi sínum að létta lausaskuldum af bændum og á þann hátt bæta hag þeirra og mælir með því, að frv. verði samþ. óbreytt.

Frsm. minni hl. (Ásgeir Bjarnason): Herra forseti. Eins og fram kemur af nál., varð nefndin ekki sammála um afgreiðslu málsins, enda þótt hvorir tveggja nefndarhlutar telji nauðsynlegt, að lausaskuldum bænda verði breytt í föst lán. Og brtt. okkar, sem erum í minni hl. nefndarinnar, eru á þskj. 408. Þó að hv. frsm. meiri hl., 5. þm. Sunnl., hafi að nokkru lýst þeim brtt., sem við berum fram við frv. þetta, ætla ég samt sem áður að fara um þær nokkrum orðum.

Varðandi 1. brtt., sem er um það, að allar lausaskuldir frá og með 1960 til og með 1968 verði teknar með, þegar meta skal lausaskuldir þær, sem sótt verður um að breyta í föst lán. Þetta tekur jafnt yfir þær skuldir, sem hafa myndazt vegna framkvæmda, vélakaupa og fóðurkaupa hjá bændum og einnig nær þessi breyting til lausaskulda hjá fyrirtækjum bænda, sem flest hafa staðið í miklum framkvæmdum við að koma upp og byggja vinnslustöðvar landbúnaðarins, mjólkurbú, sláturhús o. fl. og hafa því allmiklar skuldir. Hv. frsm. sagði í sinni ræðu, að það þætti ekki ástæða til að taka lausaskuldir fyrirtækja inn í þetta frv., þar sem ekki væri vitað hversu miklar þær væru og rannsókn málsins hefði ekki náð til fyrirtækja bænda. Það er að vísu rétt, að sú rannsókn, sem gerð hefur verið, nær eingöngu til þeirra skulda, sem bændum tilheyra beinlínis eða tilheyra bændum sem einstaklingum, en ekki yfir þær félagslegu skuldir, sem bændur verða að rísa undir. En hins vegar er það vitað mál, að mörg þessi fyrirtæki eru í fjárhagserfiðleikum og því mjög skynsamlegt, að um leið og greitt er úr fyrir bændum og þeirra skuldamálum, verði þeirra félagslegu skuldir einnig teknar með í reikninginn. Og því er það, að við í minni hl. leggjum til, að lausaskuldum fyrirtækja bænda verði einnig breytt í föst lán, og þá leiðir það af sjálfu sér, að þá þarf að taka veð í fleira en fasteignum, því að mörgum þessum fyrirtækjum bænda tilheyra stórvirkar vélar og einnig er vélvæðing heima hjá bændunum sjálfum allmikil, en lánin aftur, sem þeir hafa fengið, af mjög skornum skammti.

Það leiðir af sjálfu sér, breytingin á 2. gr., sem fjallar um, hvaða veð skuli nota, því að ég tel, að það sé ekki nauðsynlegt, og það stendur heldur ekki í þessu frv., að öll lán skuli vera til 20 ára. Mig minnir, að í 2. gr. standi, að lánstími skuli vera allt að 20 ár, þannig að það gefur til kynna, að lánstíminn geti verið misjafnlega langur eftir því, til hvers er lánað, og svo getur það líka skeð, að einstaka bændur kæri sig ekki um að taka lausaskuldalán til 20 ára, en mundu taka það til skemmri tíma, ef um viðráðanlegar skuldir er að ræða, sem þeir treysta sér til að borga á skemmri tíma.

Lán út á vélar í landbúnaði hjá Stofnlánadeild landbúnaðarins eru ekki nema til 5 ára og aðeins miðuð við þriðjung af verði aflvéla, þannig að þau vélakaup, sem bændur hafa staðið í á undanförnum árum, eru veruleg orsök í þeim lausaskuldum, sem safnazt hafa. Og margir þessara bænda hafa staðið í það miklum fram-

kvæmdum, að það er mikil nauðsyn að taka veð í vélum, vegna þess að jarðirnar eru það áhlaðnar með veð. Því er það, að við leggjum til, að það verði einnig tekið veð í vélum sem og fasteignum, enda þótt fasteignirnar verði undirstaðan undir því veði, sem gefið verður.

Þá er það varðandi vextina, að við teljum eðlilegt, að vaxtakjör þessara lausaskuldabréfa séu bundin í lögum og vextir séu eigi yfir 6½%, eins og gert var á sínum tíma í sjávarútvegi, en þessir tveir atvinnuvegir, landbúnaður og sjávarútvegur, búa báðir við 6½% ársvexti af stofnlánum sínum. Ég sé í frv. ríkisstj., að stjórn veðdeildarinnar á að ráða vaxtakjörum að höfðu samráði við ráðh. En þar stendur ekkert um það, hvaða ráðh. það sé, sem á að ráða vaxtakjörum. Þess vegna spyr ég, er það bankamálaráðh., fjmrh. eða landbrh.? Þetta óska ég eftir, að fáist upplýst við þessar umr.

Þá er það 3. brtt. okkar, að lánin, sem veitt verða megi nema 80% af matsverði veðsins, heildarlán, sem hvíla á hlutaðeigandi veði, nemi 80% af matsverði veðsins. Og skal það ákveðið af dómkvöddum mönnum. Ekki skal ég um það þræta hér, hvort lánið nemi 75% eða 80% og ég tel það til bóta, eins og hv. frsm. gat um, að það er þó gert ráð fyrir því í þessu frv., að lánið megi nema hærri hluta af matsverði veðsins en var síðast, þegar lausaskuldum bænda var breytt í föst lán. En það er annað, sem ég vil spyrja um í þessu sambandi. Það er við 4. gr. frv. En þar stendur, að lán samkv. lögum þessum að viðbættum veðskuldum þeim, sem hvíla á fyrri veðréttum, skuli ekki nema hærri fjárhæð en 75% af matsverði veðsins. Hverjir eiga að meta veðið? Eru það dómkvaddir menn eða er það einhver annar, eða aðrir, eða er það ráðh., sem á að ákveða vextina? Þetta vil ég fá upplýsingar um við þessar umr. málsins. Ég minnist þess, að þegar lausaskuldum bænda síðast var breytt í föst lán, þá voru það dómkvaddir menn, sem virtu fasteignir þær, sem um var að ræða. Ekki reikna ég með því, að nýja fasteignamatið öðlist lagagildi áður en lausaskuldum bænda verður breytt í föst lán. Því fer víst víðs fjarri, þótt búið sé að eyða tugum millj. kr. í það fasteignamat, sem staðið hefur yfir undanfarandi ár og enn þá er verið að vinna að.

Þá kem ég að 4. brtt. okkar, en hún fjallar um kaupskyldu Seðlabankans á bankavaxtabréfum. Á það vil ég benda, að bæði stjórn Búnaðarfélags Íslands og sá aðilinn í harðærisnefnd, sem skilar áliti, Halldór Pálsson búnaðarmálastjóri, báðir þessir aðilar leggja mikla áherzlu á það, að sparisjóðir, verzlunarfélög, kaupfélög og aðrir, sem bréfin taka, geti losnað við þau á viðunandi hátt. Mér er ljóst, að þótt kaupskylda hvíli á Seðlabankanum, þarf hann nokkur ár til þess að geta veitt bréfunum móttöku. Ef þessi bankavaxtabréf eiga að koma bændum að notum, verða þeir og þeirra fyrirtæki að eygja möguleika á að losna við bréfin á skömmum tíma. Annars vofir sú hætta yfir, að sá, sem hefur lánað eða skuld myndazt hjá, neiti að taka við bankavaxtabréfi nema þar sem hann reiknar með, að skuldin sé að öðrum kosti glötuð, lánið sé að öðrum kosti glatað. Því er það, að ef hæstv. ríkisstj. vill vel og meinar eitthvað með þessu frv., þá ber henni skylda til að tryggja affallalausa sölu bréfanna með einhverjum hætti. Og yfirlýsingar einar, eins og fram hafa komið, hrökkva skammt í þessum efnum, ef ekki fara í hönd góðæristímar og vaxandi sparifjáreign landsmanna, eins og var á árunum eftir 1962, því að þá fór spariféð vaxandi, og það var af þeim sökum miklu þægilegra að losna við bankavaxtabréfin heldur en annars hefði verið. Ég skil ekki, hvers vegna það er útilokað að hafa ákvæði í lögunum um sölu og kaup bréfanna. Seðlabankanum er heimilt að binda hjá sér fjórða hlutann af öllu sparifé landsmanna og þessi upphæð, sem er bundin nú í Seðlabankanum, ætla ég, að sé nálægt hálfum þriðja milljarði kr. Og ég vil benda á það, að í þessu sambandi eru lausaskuldir bænda, sem vitað er um í árslok 1967, um 500 millj. kr. og því 1/5 hlutinn af því bundna sparifé, sem er í Seðlabankanum. Það er líka vitað mál, að þótt komi til þess að breyta lausaskuldum bænda í föst lán, þá er það ekki nema nokkur hluti af lausaskuldaupphæðinni, sem þannig verður með farið. Ég ætla, að nokkur hópur bænda hafi það lítið fjármagn bundið í lausaskuldum, að þeir kæri sig ekki um að breyta þeim í föst lán, svo að sú upphæð, sem kemur til með að bindast á þennan hátt, verður mun minni heldur en heildarlausaskuldirnar eru. Það er mikil blóðtaka fyrir landsbyggðina að mega ekki ráðstafa eigin sparifé, því bundna sparifé, sem hefur myndazt úti á landsbyggðinni á síðustu árum og hefði orðið til þess að velta þeim þungu böggum, sem bændastéttin verður að velta nú um þessar mundir og fyrirtæki bændanna. Þess vegna finnst mér eðlilegt, að Seðlabankinn sé skyldaður til þess að kaupa þessi bréf á nafnverði. Það má hafa það með margvíslegum hætti að taka þetta inn á nokkrum árum og einnig í bili skylda ýmsar aðrar stofnanir til þess að taka á móti bankavaxtabréfunum sem greiðslu upp í skuldir, og það er jafnvel hugsanlegt, að Stofnlánadeild landbúnaðarins gæti tekið hluta af þessum bréfum í bili og Búnaðarbankinn haft þau í sinni vörzlu um tíma og smám saman greitt með því sparifjárbindingu þá, sem kann að lenda í Seðlabankanum að síðustu. Yfirlýsingar eru að sjálfsögðu góðar, og það er gott að hafa yfirlýsingu um, að það sé búið að tala við bankana og það verði greitt fyrir sölu lausaskuldabréfanna. En ég bendi á það, að hitt er miklu tryggara, að kaupskyldan sé lögbundin, og þá veit hver og einn að hverju hann gengur í þeim efnum um leið og hann tekur á móti bréfi upp í það, sem hann hefur áður lánað, eða þar sem skuldir hafa myndazt. Ég skal játa, að það veltur á miklu um framkvæmdina. Það verður þannig til að takast í þessum málum, ef vel á að fara, að til þessara starfa komi menn, sem hafa ríkan skilning á þessum málum og vilja vel — þá geta þeir fengið miklu um þokað. En hitt er öllu tryggara fyrir allan almenning, að það sé lögbundið, að Seðlabankinn kaupi bankavaxtabréfin. Því vænti ég þess, að þeir hv. þm., sem standa að frv. þessu, endurskoði afstöðu sína í þessu efni og taki ákvæði inn í frv. um það, að Seðlabankinn kaupi bréfin eftir þar til settum reglum.

Þá kem ég að 5. brtt., sem minni hl. nefndarinnar flytur. Hún var ekki í því frv., sem við framsóknarmenn fluttum hér í vetur, það var þá ekki heldur vitað um það, hvernig skuldirnar skiptust á bændur landsins. En það, sem hefur komið í ljós við þá rannsókn, sem fyrir liggur, er það, að það eru allmargir bændur í landinu, sem skulda verulega mikið. Og þeim bændum verður

ekki bjargað nema til komi sérstakar ráðstafanir. Og harðærisnefnd telur, að viss hópur bænda fái enga lausn lausaskulda sinna samkv. þessu frv. Ég hygg, að þó að það hafi ekki komið skriflega frá öllum nm., sé það sameiginlegt álit þeirra eigi að síður. En því er það, að við höfum flutt þá brtt., 5. brtt., það verður 6. gr. frv. og hljóðar þannig:

„Heimilt er að veita bændum sérstaka fjárhagsfyrirgreiðslu sakir harðæris eða annarra stóráfalla í búskap, svo og frumbýlingum, er staðið hafa í nauðsynlegum framkvæmdum, en skortir veð samkv. 4. gr."

Það eru allmargir bændur, sem skortir veð, eða um 200—300 bændur að því er búnaðarmálastjóri upplýsir í þeirri umsögn, er hann hefur sent Alþ. Mér er ljóst, að fyrirgreiðsla til þessara bænda getur verið margvísleg, og fyrst ber að athuga það og gera það upp við sig, hvernig ástatt er með jarðnæði þessara bænda, rekstraraðstöðu þeirra og framkvæmdir á jörðunum. Hugsanlegt er, að aðstaða öll sé þannig, að útilokað sé fyrir viðkomandi bónda að halda áfram búrekstri, og þá er það fyrirgreiðsla út af fyrir sig að útvega hlutaðeigandi aðila vinnu, sem hann getur lifað af. Og það er líka hugsanlegt þá, að Jarðakaupasjóður ríkisins, sem myndaður hefur verið, geti hlaupið undir bagga með að kaupa jörð samhliða því, sem vélar og bú yrði selt, ef hlutaðeigandi bóndi fær ekki jarðnæði við sitt hæfi annars staðar. Þar sem búrekstur er góður, framkvæmdir miklar og jarðir vel í sveit settar, er nauðsynlegt að veita hjálp í einhverju formi umfram það, sem frv. gerir ráð fyrir. Það getur í vissum tilfellum nægt að fá lægri vexti af skuldum en annars er ráð fyrir gert eða lán til lengri tíma og taka veð í vélum og búfénaði. Sums staðar mun þurfa skuldaskil, en þetta allt vegur og metur sú nefnd, sem við leggjum til, að fjalli um þessi mál. Það er útilokað að láta þá bændur, sem eru verst settir, vera án allrar fyrirgreiðslu, þar sem starfsorka þeirra og fjármunamyndun notast illa og því er um annaðhvort að ræða að gera þeim kleift að halda áfram búskap eða hjálpa þeim til að komast í aðra vinnu, sem veitir þeim betri lífsskilyrði en eilífðarskuldabasl og vandræði, eins og blasir við hjá mörgum hverjum þessara aðila.

Í tillögum okkar er gert ráð fyrir því, að aukafyrirgreiðslu fái þeir bændur einir, sem hafa orðið illa úti sakir harðinda eða stóráfalla í búrekstri og svo frumbýlingar, sem staðið hafa í nauðsynlegum framkvæmdum og orðið að stofna til mikilla skulda á mjög skömmum tíma. Það kann einhver að spyrja, hvað sé átt við með frumbýling. Því vil ég svara á þann hátt, að frv. þetta nær til áranna frá og með 1961 til og með 1968, og ég tel, að þessi breyting, ef að lögum verður, nái til bæði harðinda, stóráfalla í búskap og þeirra, sem byrjað hafa búskap á þessu sama tímabili, þ. e. a. s. frá og með 1961. Ég tók eftir því, að hv. 5. þm. Sunnl. gat þess í sinni ræðu, að hæstv. landbrh. hefði sagt við 1. umr. þessa máls, að hann hygði á fyrirgreiðslu þessum mönnum til handa síðar, og að vísu er ekki nema gott eitt um það að segja. En ég held allra hluta vegna, að það sé nauðsynlegt og ekki sízt fyrir þessa bændur, sem sjá ekki fram úr sínum vandræðum, hvernig greitt verður úr fyrir þeim á næstunni og því þeim mun nauðsynlegra, þegar svo stendur á, að þeir viti strax, að hverju þeir eiga að ganga og það sé tekið ákvæði inn í lögin líkt og 6. gr. brtt. okkar felur í sér. Og ég vænti því, að hv. meiri hl. nefndarinnar og þeir, sem að þeim meiri hl. standa hér á hv. Alþ., taki þessa till. einnig til yfirvegunar og endurskoðunar og sjái sér fært að koma svipuðu ákvæði inn í frv. nú, áður en málið verður afgreitt frá Alþ.

Ég tel mig hafa gert hér grein fyrir brtt. minni hl. landbn. og vænti þess, að hv. alþm. samþykki þessar brtt., en að öðru leyti læt ég nægja að minna á og vísa til þess nál., sem er á þskj. 413, og þar er margvíslegar upplýsingar að fá, sem ég sé ekki ástæðu til að vera að endurtaka hér í minni ræðu, því að þm. gefst kostur á að kynna sér það nál.

Frsm. meiri hl. (Steinþór Gestsson): Herra forseti. Ég hef nú litlu við að bæta það, sem ég tók fram hér í fyrri ræðu minni, en vil þó lítils háttar koma inn á fáein atriði, sem fram komu hjá frsm. minni hl. Það var ein fsp., sem hann gerði, um það undir hvaða ráðh. ætti að bera vaxtakjörin. Ég vil taka það fram, að ég hef ekki aflað mér upplýsinga um þetta, en að sjálfsögðu gerði maður ráð fyrir því, að hér væri átt við þann ráðh., sem veðdeild Búnaðarbankans heyrði undir, sem er landbrh.

Það var önnur spurning, sem hv. 1. þm. Vesturl. var að velta fyrir sér, og það var það, hverjir mundu eiga að meta verðmæti þess veðs, sem hér er gert ráð fyrir, að komi til tryggingar þeim lánum, sem veitt yrðu. Hann tók það réttilega fram, að síðast, þegar svipuð eða sams konar ráðstöfun var gerð, voru það sérstakir dómkvaddir menn. Ég geri ráð fyrir því, að þetta fari nokkuð eftir því, hversu viðamikið starf þetta lítur út fyrir að verða, en Búnaðarbankinn hefur sína trúnaðarmenn hingað og þangað, sem mætti ætla, að gætu innt þetta starf af höndum, svo fremi það væri ekki talið vera of stórt verkefni til þess að þeir gætu sinnt því. Að öðrum kosti verður að sjálfsögðu að grípa til þess ráðs, eins og gert var þá, að dómkveðja menn til þess að meta þessar eignir. Þá var minnzt á það, að lán til véla hefðu verið af skornum skammti á þessum tíma. Það má vera, að það megi nú hafa þau orð um það, að lán til vélakaupa til bænda séu af skornum skammti. En ég hygg þó, að bændur séu þess vel minnugir, að nú er stórmunur á því frá því, sem var um langan tíma áður, þegar engin lán voru veitt til slíkra kaupa.

Þá er það aðeins, sem ég vildi koma inn á að síðustu, þar sem rætt er um þá, sem lakast eru settir. Og þá verður mér næst fyrir að líta til þeirrar skýrslu og þeirra upplýsinga, sem við höfum frá harðærisnefnd um efnahagsstöðu bænda í árslok 1967, sem ég verð að segja, að var þó miklu betri heldur en maður þorði að vona, þar sem það kom fram, að 77.7% af bændum eru tiltölulega vel settir efnalega. Hins vegar kemur það í ljós, eins og hér hefur komið fram í umr., að 3.4% af bændum eða 160 bændur eru þannig settir, að þeir hafa vonlitla aðstöðu til framhaldsbúrekstrar. Þessar tölur gefa manni ákveðna bendingu um það, hvernig hag bænda er farið á þessum tíma. En ég hygg þó, að það geti komið í ljós, þegar hver einstaklingur er skoðaður fyrir sig, að þarna sé æðimikill munur á og það eigi ekki það sama við til hjálpar hverjum einum fyrir sig. Það er enginn vafi á því, að í sumum tilfellum verður ekki neinni björgun við

komið með lánum og í sumum tilfellum líklegt, að það verði heldur að hjálpa mönnum til þess að hætta búskap heldur en að standa að þeim atvinnurekstri við algerlega vonlausar aðstæður. Og mér sýnist því einsætt, að hver einasti maður, sem er með lausaskuldir að nokkru ráði, telji sér það til vinnings og sjálfsagt að sækja um fyrirgreiðslu á grundvelli þessara laga. Það verður vitanlega að athuga nánar, þegar til framkvæmda þessara laga kemur, á hvern hátt verður hægt að hjálpa þessum mönnum, en ég hygg, að það sé nokkuð erfitt að segja fyrir um það á þessu stigi, hvernig þeirri hjálp muni verða bezt fyrir komið. Hv. 1. þm. Vesturl. hafði orð á því hér í lokin, að ef ríkisstj. virkilega meinti vel með þessari lagasetningu, yrði kaupaskyldan að vera með í lögunum. Ég átti ekki von á því, að hann drægi það í efa, að þetta lagafrv. væri flutt af heilindum og til þess gert að létta bændum þá byrði, sem viðurkennd er, að sé þeim erfið og í mörgum tilfellum allt of þung. En ég álít þá um leið, og við, sem ræðum um þetta mál, megum heldur ekki vera með getsakir, sem gera lögin tortryggileg í augum þeirra bænda, sem þeirra eiga að njóta.

Frsm. minni hl. (Ásgeir Bjarnason): Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð. Hv. 5. þm. Sunnl. gat um það, að engin lán hefðu verið til vélakaupa áður en Stofnlánadeild landbúnaðarins fór að veita slík lán. Nú skal ég ekkert um það segja, hvort lán hafi verið til, en eitt vil ég benda á í því sambandi, að á þeim árum var verðlag allt viðráðanlegra og mér er kunnugt um það hjá fjöldamörgum aðilum, að bændur gátu fengið lán, bæði í sparisjóðum og bönkum til 5, 6 og jafnvel 8 ára til vélakaupa. Og það var miklu betra að fá þessi lán, áður en farið var að lána ⅓ hluta í andvirði vélanna úr Stofnlánadeildinni, þannig að það varð ekki á þessu nein veruleg breyting til bóta, eins og maður skyldi annars hafa ætlað að mundi verða.

Þá vil ég minna á, og ég tek undir það með hv. 5. þm. Sunnl., að niðurstöðurnar, sem hafa komið út úr þeirri rannsókn, sem gerð hefur verið af harðærisnefnd á hag bændastéttarinnar, hafa sýnt betri útkomu heldur en almennt var reiknað með, ég tek undir það. En það, sem er það sorglega í þessu öllu saman, er þó það, að þrátt fyrir þessar góðu niðurstöður á efnahag bænda, sýnir það sig, að getan er engin. Og ef við höfum hlustað á raddir bændastéttarinnar núna í vetur, ekki sízt eftir að fór að líða á veturinn, þá höfum við glögg dæmi þess, að þeir treysta sér ekki allmargir og það jafnvel efnaðir bændur til þess að borga áburðinn í vor. Þrátt fyrir þessa góðu útkomu, sem þessi niðurstaða sýnir, þá er geta bændanna ákaflega lítil. Og þeim hrýs hugur við því að þurfa að kaupa áburðinn í vor með því háa verði, sem á honum er, bæði þeirri hækkun, sem gengisbreytingin olli á s. l. vetri, sem mun vera nálægt 40%, og enn fremur þeim erfðasyndum hæstv. ríkisstj., sem bændur eiga að borga á næstu 5 árum í áburðarverðinu, þar sem er erlenda lánið, sem Áburðareinkasala ríkisins tók á s. l. ári. En það lán var ekki búið að borga, þegar gengisbreytingin varð í nóvember í vetur. Á þetta vil ég minna. Um leið og við tölum um góðan hag bændastéttarinnar samkv. þessari rannsókn, þá blasir það eigi að síður við, að getan, rekstrargetan, er ákaflega lítil, og þar veldur mestu um sú óðaverðbólga, sem ríkt hefur á undanförnum árum.

Ég ætla mér engan veginn að gera þetta frv. tortryggilegt, því að ég ætla að fylgja því, enda þótt það náist ekki á því breytingar, í trausti þess, að framkvæmdin á málinu verði betri heldur en nú horfir með lögin og lagasetninguna sjálfa. En einkennilegt er það, ef þeir aðilar, sem standa á móti því, að það sé komið inn í þetta frv. ákvæði um kaupskyldu á bréfunum, ef þeir verða síðar meir til þess að greiða fyrir sölu bréfanna. Það slær mig illa, með sölu á þessum bréfum, að það skuli ekki hafa fengizt ákvæði í frv. um kaupskyldu Seðlabankans á bréfunum eða annarra stofnana, sem hefðu ástæðu til að taka þau. Og mér finnst skyldan hvíla mest á Seðlabankanum, vegna þess að hann er með bundið sparifé, sem nemur 2½ milljarði kr. Og mikið af þessu sparifé er komið frá landsbyggðinni, það er komið frá þeim aðilum, sem byggja sveitir þessa lands og þeim aðilum, sem eiga að verða aðnjótandi þessarar löggjafar, sem við ræðum hér um nú og kemur innan tíðar til framkvæmda. Þetta vil ég taka fram um leið og ég ræði þetta mál. Það er líka eftirtektarvert, og ég veit, að það hrýs mörgum hugur við því, sem hafa lánað peninga á undanförnum árum, að taka upp í slík lán eða skuldir bankavaxtabréf, ef litlir sölumöguleikar eru á þeim.

Ég vil líka minna á það, að árið 1962, þegar hliðstæð löggjöf var sett, fóru í hönd batnandi tímar. Sparifjáraukningin varð mikil í landinu á næstu árum á eftir og það var líka vaxandi verðlag í landinu þannig, að þær 60—70 millj., sem skuldabréfin öll hljóðuðu upp á á þeim tíma, urðu smám saman lítil upphæð miðað við vaxandi dýrtíð og auðvelt að losna við þau, þegar sparifjármyndunin í landinu fór vaxandi. Það væri óskandi, að slíkir tímar fari í hönd á næstunni, og þá geri ég ráð fyrir, að það rætist betur úr um þessi mál heldur en nú horfir, en því miður eru miklu fleiri blikur á lofti, sem gefa það til kynna, að svo muni ekki fara á næstu árum um sölu þessara bréfa, eins og raunin varð á eftir 1962.

ATKVGR.
Brtt. 408,1 felld með 11:9 atkv.
1. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Brtt. 408,2 felld með 11:9 atkv.
2. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
3. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
Brtt. 408,3 felld með 11:9 atkv.
4. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Brtt. 408,4 felld með 11:9 atkv.
5.—8. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 20 shlj. atkv.

Á 68. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 15 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 15 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 72. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.

Á 74. fundi í Nd., 10. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Frv. um breyt. á lausaskuldum bænda í föst lán fékk skjóta afgreiðslu í hv. Ed. og kom þaðan til þessarar d. óbreytt frá því, sem það var flutt. Að vísu komu fram nokkrar brtt. frá minni hl. landbn., en þær náðu ekki fram að ganga. Ástæðan fyrir því, að þetta frv. var flutt, er sú, að rétt þykir að gefa bændum kost á því að breyta lausaskuldum sínum í föst lán nú, eins og 1962. Þetta frv. er í aðalatriðum eins og frv. var þá, eða lögin frá 1962, sem gerðu bændum mögulegt að breyta skuldum sínum í föst lán til 20 ára með 8% vöxtum. Það var strax ljóst, að þessi löggjöf kom sér sérstaklega vel og þeir, sem notuðu sér tækifærið, bættu hag sinn mikið frá því, sem var. En bændur notuðu ekki tækifærið nógu almennt 1962, vegna þess að þeir héldu, að þetta væri ekki nógu vel undirbúið til þess að það mætti að gagni verða. Það var þá ekki frekar heldur en nú nein lagaskylda, að Seðlabankinn eða viðskiptabankarnir eða aðrir, sem eiga útistandandi hjá bændum, skyldu breyta skuldum fyrir bændur í föst lán. Og það þykir ekki heldur ástæða til að lögfesta þetta nú, ekki sízt vegna þess, að þetta gafst vel áður með því að hafa þetta frjálst.

Það er vitað mál, að á undanförnum árum hafa bændur ráðizt í meiri framkvæmdir heldur en nokkru sinni. Bændur hafa almennt byggt upp húsakostinn í sveitunum, íbúðarhúsin, peningshúsin, áhaldageymslur, heygeymslur o. s. frv. Þeir hafa aldrei ræktað meira heldur en síðustu árin og þeir hafa aldrei keypt meira af vélum heldur en þessi ár, bæði heimilistækjum innanhúss og búvélum utanhúss. Þeir hafa og keypt í ríkara mæli á síðari árum innanstokksmuni til þess að gera heimilin þægilegri og fallegri. Þetta hefur allt kostað mikla fjármuni og talsvert af þessari fjárfestingu er þess eðlis, að stofnlán hafa ekki fengizt í þessa fjárfestingu. Þó hefur sú breyting orðið á nú allra síðustu árin, að Stofnlánadeildin hefur veitt lán til búvélakaupa, sem ekki var áður gert. Nú er að því fundið af sumum þeim mönnum, sem stóðu að því áður, að Stofnlánadeildin veitti ekki lán til vélakaupa, að þessi vélakaupalán séu ekki til nógu langs tíma. Það má vel vera, en lán til vélakaupa verða þó aldrei til lengri tíma heldur en þess, sem þykir hæfilegur fyrningartími vélanna. Þegar að því er gætt, hversu fjárfestingin hefur verið mikil og framkvæmdir á öllum sviðum örar hjá bændum að undanförnu, þá er eðlilegt, að nokkrar lausaskuldir hafi safnazt. Það væri óeðlilegt, ef það hefði ekki verið.

Á s. l. vori var ákveðið að láta fram fara könnun á efnahag bænda á harðindasvæðunum. Athuga hverjar eignir þessir bændur áttu, fasteignir, bústofn og svo einnig hvað þeir skulduðu mikið, athuga rekstraraðstöðu þeirra og afkomu og möguleika til áframhaldandi búreksturs með tilliti til erfiðs árferðis síðustu 3 árin. Að þessu var unnið. En þegar kom fram undir haust var sú ákvörðun tekin af ríkisstj. að láta þessa könnun fara fram yfir landið allt og kynna sér efnahag bændastéttarinnar og aðstöðu bænda í heild yfir landið. Þessi athugun hefur farið fram. Nú liggja fyrir skýrslur um það, hverjar eignir bænda eru í hverri sýslu fyrir sig, hverjar skuldirnar eru, hverjar nettó- og brúttótekjur eru og af því má ráða, hvernig aðstaðan er til búreksturs í hinum einstöku sýslum landsins.

Þetta heildaryfirlit er fróðlegt og gefur glögga mynd af afkomunni. Og ég verð að segja það, að eftir að ég las þessa skýrslu, létti mér mikið, vegna þess að skýrslan sýnir óumdeilanlega, að bændur hafa efnazt verulega á undanförnum árum og mikill meiri hluti bænda hefur, þrátt fyrir mikla fjárfestingu, þrátt fyrir erfitt árferði síðustu 3 árin, það, sem hægt er að kalla mjög sæmilega afkomu. Það er eðlilegt, eins og ég áðan sagði, að myndazt hafi nokkrar skuldir, þegar í miklar framkvæmdir er ráðizt. En það er með bændur eins og fyrirtæki, að það er ekki einhlítt að kveða upp dóm um það, hvernig aðstaða manna er, hvort þeir skulda meira eða minna. Þetta fer allt eftir aðstöðunni, eignunum og tekjunum, sem hægt er að afla. Þeir, sem skulda mikið, geta jafnvel verið miklu betur settir heldur en þeir, sem skulda lítið, ef til skuldanna hefur verið stofnað með því að koma á hagræðingu í búskapnum, koma á heppilegum húsakosti, sem sparar vinnukraft, nota fjárfestinguna til ræktunar, til þess að fá góða uppskeru af jörðinni o. s. frv. Það er þess vegna ekki einhlítt að meta afstöðuna eftir því, hversu skuldirnar eru miklar, heldur eftir hinu, hversu nettótekjurnar verða miklar af búrekstrinum. Og þeir, sem skulda lítið, geta verið mjög illa settir vegna þess, að þeir eiga flest ógert, eiga kannske eftir að byggja upp, eiga eftir að rækta og standa uppi með lítil bú, sem aldrei geta gefið verulegar tekjur. Og þrátt fyrir hinar miklu framkvæmdir á undanförnum árum, er það staðreynd, að enn eru allt of margir bændur með of lítil bú og frumstæð skilyrði til góðrar afkomu. Það er m. a. þess vegna, sem meðaltekjur bænda eru svo lágar, að það eru allt of margir, sem eru með of lítil bú.

Eins og kunnugt er, hafa 3 síðustu árin ekki verið hagstæð fyrir landbúnaðinn. Harðindin hafa verið óvenjulega mikil. Grasbrestur hefur verið og heyöflun víða um land með minna móti. Kostnaðurinn við framleiðsluna hefur því aukizt vegna fóðurbætis- og áburðarkaupa. Á árunum 1960–1965 fór hagur bænda batnandi. Á árinu 1965 munu bændur hafa fengið ekki lakari tekjur en aðrar stéttir og jafnvel betri heldur en sumar aðrar, þótt eftirvinna og atvinna yfirleitt væri óvenjumikil hjá launþegum á þeim tíma. Það var vegna batnandi afkomu bænda á þessu tímabili, að þeir réðust í hinar umsvifamiklu framkvæmdir,sem vissulega ber að fagna og þjóðin öll mun njóta góðs af í framtíðinni. Vegna harðindanna og aukinnar greiðslubyrði bænda þeirra vegna ákvað ríkisstj. á s. l. sumri að láta fram fara ítarlega athugun á efnahagslegri afkomu bænda. Og þessi athugun hefur farið fram. Henni er lokið og þar fást upplýsingar um efnahag og tekjur, sem teknar eru úr skattskýrslum hvers bónda fyrir árið 1967 og einnig forðagæzluskýrslum.

Nefndin, sem gerði þessa athugun, ákvað að fella burt frá frekari athugun þá, sem höfðu minna bú en 80 ærgildi og þá einnig, sem höfðu meiri tekjur af öðru en landbúnaði. Alls var unnið úr framtölum 6129 framteljenda, en af þeim voru af framangreindum ástæðum 1360 felldir úr. Athugun náði því til 4769 bænda. Ljóst er, að greiðslugeta bænda fer ekki síður eftir mögu-

leikum þeirra til tekjuöflunar heldur en eftir eignum miðað við skuldir. Ákveðið var að flokka bændur í hverri sýslu eftir því, hvað þeir skulduðu mikið miðað við nettótekjur annars vegar og brúttótekjur hins vegar. Var bændum skipt í tvo meginhópa, annars vegar þá, sem skulda minna en tvöfaldar nettótekjur. 2747 bændur, eða 57.6% af þeim, sem athugunin nær til, skulda minna en sem svarar tvöföldum nettótekjum þeirra. Verður að álíta, að þessir bændur séu allir efnalega vel settir og séu ekki í neinum greiðsluerfiðleikum. 2022 bændur eða 42.4% skulda meira en tvöfaldar nettótekjur. Þessum hópi hefur verið skipt niður í 5 flokka eftir því, hve skuldirnar eru miklar. 609 bændur eða 12.8% af öllum bændum skulda meira en tvöfaldar, en minna en þrefaldar nettótekjur. Talið er, að þessir bændur séu einnig vel settir efnalega og séu ekki í greiðsluerfiðleikum. 369 bændur eða 7.7% skulda meira en þrefaldar, en minna en fjórfaldar nettótekjur. Talið er, að aðstaða þessara bænda sé ekki slæm, enda þótt vaxtabyrði sé nokkuð þung vegna skuldanna. 423 eða 8.8% bænda skulda meira en fjórfaldar, en minna en fimmfaldar nettótekjur. Fyrir þessa bændur kemur sér það áreiðanlega vel að breyta lausaskuldum í föst lán til þess að létta þannig árlega greiðslubyrði vegna skuldanna. Aðstaða þeirra ætti að vera sæmileg eftir að skuldunum hefur verið breytt. 209 bændur eða 4.7% skulda meira en sexfaldar, en minna en sjöfaldar nettótekjur. Enginn vafi er á því, að vaxtabyrðin hjá þessum bændum er þung og greiðsluerfiðleikar miklir. 412 bændur eða 8.6% skulda meira en sjöfaldar nettótekjur. Álitið er, að þeir, sem skulda meira en sexfaldar nettótekjur, séu yfirleitt í greiðsluerfiðleikum. Heildarskuldir allra bænda á landinu, sem athugunin nær til, eru 1250 millj. kr. Meðalskuld á bónda er 262 þús. kr. Þeir, sem skulda minna en tvöfaldar nettótekjur, skulda aðeins 109 þús. kr. að meðaltali. Heildarlausaskuldir bænda á öllu landinu, sem athugunin nær til, eru 491 millj. 416 þús. kr. Heildarlausaskuldir þeirra bænda, sem skulda meira en sexfaldar nettótekjur, eru 176 millj. 786 þús. kr. eða 36% af öllum lausaskuldum bænda. Meðallausaskuldir allra bænda eru 103 þús. kr., en þeirra, sem skulda minna en tvöfaldar nettótekjur, aðeins 36 þús. kr. Hins vegar nema þær 194 þús. kr. að meðaltali hjá öllum þeim, sem skulda meira en tvöfaldar nettótekjur, og fara stighækkandi í flokkum í 303 þús. kr. Í heild eru lausaskuldir 33.9% allra skulda þeirra bænda, sem athugunin nær til.

Meðalnettótekjur bænda eru 123 þús. kr. Munur eftir sýslum er mjög mikill. Í þeirri sýslu, sem nettótekjur eru hæstar, eru þær 177 þús. kr. á bónda, en lægstar 80 þús. kr. Vegið meðaltal brúttótekna allra bænda, 400 þús. kr., eru furðulega jafnt yfir landið, frá 300—500 þús. kr. Rúmlega 1000 bændur skulda meira en sem nemur brúttótekjum sínum og hafa þeir að sjálfsögðu allmikla vaxtabyrði og greiðsluerfiðleika sumir þeirra, en þó mjög misjafnlega eftir aðstæðum og tilkostnaði framleiðslunnar. Þessi fjöldi bænda er 22.3% af þeim fjölda, sem athugunin nær til. 77.7% af bændum eru hins vegar vel settir, þar sem skuldir þeirra eru ekki það miklar, að greiðslubyrði þeirra vegna sé óeðlilega þung. 3.4% af bændum skulda meira en tvöfaldar brúttótekjur eða 160 bændur, sem eru búsettir í öllum sýslum landsins. Hrepparnir á öllu landinu eru nokkuð á þriðja hundrað, þannig að talsvert vantar á, að til jafnaðar sé einn bóndi í hverjum hreþp, sem býr við svo slæma aðstöðu. Samkv. áliti þeirra, sem að athuguninni stóðu, er talið, að þessir bændur hafi vonlitla aðstöðu til búreksturs nema sérstök aðstoð komi til.

Í skattframtölum í árslok 1967 eru fasteignir bænda metnar á gamla fasteignamatinu margfaldað með fjórum. Þetta er óraunhæft mat, og fékk nefndin því upplýsingar hjá yfirfasteignamatsnefnd um samræmdar tölur undirfasteignamatsnefnda. En enn hefur ekki verið ákveðið endanlegt mat á fasteignum eftir aðstöðu. Þar sem verðgildi fasteigna er mjög háð því, hvernig þær eru í sveit settar, áleit nefndin hinar samræmdu grundvallartölur héraðsfasteignamatsnefnda of háar í einstökum héruðum og sýslum. Lækkaði nefndin því matið frá grundvallartölum héraðsmatsnefndanna í ýmsum sýslum. Nefndin telur, að þetta mat sé í sjálfu sér ekki mjög nákvæmt, en telur, að eðlilegt sé að miða við það, þar sem ekki sé við annað að styðjast og úr þeim gögnum unnið eftir beztu sannfæringu. Meðalfasteignir bónda yfir landið eru 687 þús. kr. Er það misjafnt eftir sýslum. Hæsta meðalfasteign bónda í sýslu er 998 þús. kr., en lægst 417 þús. kr. Meðalbrúttóeign bænda, sem athugunin nær til, er 1 millj. 48 þús. kr. Mesta brúttóeign á bónda í sýslu er 1431 þús. kr., en minnsta meðalbrúttóeign á bónda 714 þús. kr. í sýslu. Meðalskuldlaus eign á bónda í landinu er 778 þús. kr. Hæsta skuldlaus eign á bónda er 1162 þús. kr., en minnsta meðaleign 510 þús. kr. á bónda.

Tölur þær, sem hér hafa verið nefndar, gefa allgott yfirlit yfir efnahag bænda og aðstöðu þeirra yfirleitt. Athyglisvert er, að 77.7% af bændum eru tiltölulega vel settir efnahagslega og eru væntanlega ekki í greiðsluerfiðleikum. 12.8% af bændum virðast eftir gögnum, sem fyrir liggja, vera allvel settir, þótt að sjálfsögðu komi sér vel fyrir þá að eiga þess kost að breyta lausaskuldum í föst lán. 6.1% virðast vera samkv. skýrslum með þunga vaxtabyrði og að sjálfsögðu allmikla greiðsluerfiðleika. Það vekur athygli, að ekki er talið að nema 3.4%, eða 160 bændur, séu með vonlitla aðstöðu. Má vera, að bezta aðstoðin við þá verði í því fólgin að hjálpa þeim til þess að hætta búskapnum og koma sér í önnur störf. Verður það vitanlega athugað nánar, þegar til framkvæmda kemur um breytingu á lausaskuldum í föst lán.

Athuganir þær, sem vitnað hefur verið til, sýna, að bændur hafa efnazt á síðustu árum og skuldir þeirra eru miklu minni en ástæða var til að ætla þrátt fyrir gífurlegar framkvæmdir í seinni tíð. Eigi að síður eru ýmsir bændur þannig settir, að æskilegt er að létta undir með þeim á þennan hátt, að gefa þeim kost á að breyta lausaskuldum í föst lán.

Frv. það, sem hér um ræðir um breytingu á lausaskuldum bænda, er í meginatriðum eins og lög um sama efni 1962, eins og áður var sagt. Þá var 68 millj. kr. af lausaskuldum bænda breytt í föst lán með því, að veðdeild Búnaðarbankans gaf út sérstakan flokk bankavaxtabréfa í þessu skyni. Samkv. 1. gr. þessa frv. er gert ráð fyrir, að sami háttur verði á hafður, að veðdeild Búnaðarbankans fái heimild til að gefa út nýjan flokk bankavaxtabréfa. Bréf þessi skulu ein-

göngu notuð til þess að breyta í föst lán lausaskuldum bænda, sem hafa ekki fengið nægileg lán til hæfilegs tíma vegna fjárfestingar, sem þeir hafa ráðizt í á jörðum sínum á árunum 1961—1968.

Samkv. 2. gr. frv. er kveðið svo á, að lán samkv. lögum þessum skuli aðeins veitt gegn veði í fasteignum bænda ásamt mannvirkjum, sem á jörðinni eru. Lánstími skal vera allt að 20 ár, vaxtakjör skulu ákveðin af stjórn veðdeildarinnar að höfðu samráði við ráðh. samkv. 3. gr. og er gert ráð fyrir heimild til að leyfa ábúendum ríkisjarða að veðsetja ábúðarjarðir sínar til tryggingar lánum samkv. lögum þessum, enda séu eignir viðkomandi ábúenda í mannvirkjum á jörðum þeirra aldrei minni en sem nemur samanlögðum áhvílandi lánum á jörðinni. Samkv. 4. gr. mega lán samkv. lögum þessum að viðbættum veðskuldum þeim, sem hvíla á fyrri veðréttum, ekki nema hærri fjárhæð en 75% af matsverði veðsins. 5. gr. kveður svo á, að ákvæði 16. gr. 3. mgr. l. nr. 115 7. nóvember 1941 taki ekki til bankavaxtabréfa, sem út eru gefin samkv. lögum þessum. Í 6. gr. er vitnað til laga um Búnaðarbanka Íslands nr. 115 7. nóvember 1941, um lánveitingar samkv. lögum þessum, og samkv. 7. gr. er gert ráð fyrir, að ráðh. setji reglugerð um nánari ákvæði um framkvæmd laganna.

Það má teljast öruggt, að verði þetta lögfest og fari vel úr hendi eins og vonir standa til, megi þessi lög verða þeim bændum, sem búa við allmiklar lausaskuldir, til mikillar hjálpar, eins og lögin frá 1962 óneitanlega urðu. Bændur munu nota það tækifæri, sem nú er gefið, og sækja um það til réttra aðila, að lausaskuldum þeirra verði breytt í föst lán. Sérstakt mat verður að fara fram á fasteignum til þess að fá raunhæft verðgildi þeirra. Það er vitað, að verðmat fasteigna hefur breytzt vegna gengisbreytinga og þær matsgerðir, sem fram fóru fyrir 1–2 árum, eru í mörgum tilfellum ekki raunhæfar auk þess sem millimatsgerðir vantar.

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til að svo stöddu að hafa fleiri orð um þetta frv., en legg til, að að lokinni þessari umr. verði málinu vísað til 2. umr. og hv. landbn.

Ágúst Þorvaldsson: Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð í sambandi við þetta mál, sem mig langaði hér að segja. Ég álít, að það sé nú góðra gjalda vert, að fram hefur komið frv. frá ríkisstj. um að breyta lausaskuldum bænda í föst lán. Hins vegar hefði mér fundizt miklu skemmtilegri blær á því, að frv. það, sem framsóknarmenn báru fram um sama efni í Ed., hefði verið lögfest þá með einhverjum breytingum, sem ríkisstj. hefði viljað láta gera á frv., heldur en hún bæri fram annað frv. svo að segja eins. Þetta eru einkennileg vinnubrögð að mínum dómi hér á Alþ., að það skuli ekki vera hægt að láta mál, sem nokkurn veginn samstaða er um, ganga fram, þótt frá andstæðingum séu, mál sem ríkisstj. og ríkisstj.-flokkarnir eru að mestu leyti sammála um, en hafa þá í hendi sér að breyta að því leyti, sem þeim sýnist. Með því móti sýndist mér, að gangur mála gæti verið miklu hraðari hér á hinu háa Alþ. heldur en með þeim hætti, sem er á þessu hér.

Ég álít, að höfðingsskapurinn í þessu máli sé nú ekki eins mikill eins og hann hefði þurft að vera gagnvart bændunum. Það er ekki í frv. t. d. nein skylda fyrir Seðlabankann eða neina aðra peningastofnun að kaupa þau bréf, sem gert er ráð fyrir, að bændurnir gefi út, og þetta er að mínum dómi mjög mikill galli á frv. og getur farið þannig, að það komi að litlu gagni fyrir bragðið. Ráðh. vitnaði í það áðan í ræðu sinni hér, að þetta hefði ekki verið heldur í lögunum 1962, en þó hefðu þau lög komið að miklu gagni. Jafnframt upplýsti hann það, að það hefðu verið miklu færri bændur, sem notfærðu sér þau lög þá heldur en gert hefði verið ráð fyrir, svoleiðis að ég er ekki viss um, að það sé full skýring á því, sem hann sagði um það, að þetta hefði ekki komið að sök, að ekki var kaupskylda á bréfunum. Ég hygg, að einmitt færri bændur hafi reynt til að notfæra sér þau lög vegna þess, að það var ekki kaupskylda á bréfunum. Þeir hafi óttazt það, að þeir gætu ekki komið þeim í verð. Um þetta get ég þó ekkert fullyrt, en vil benda á þetta, að mig uggir það, að það hafi staðið þannig á því, hvað fáir notfærðu sér þetta. Og ég veit til þess, að margir bera nú sama ugg í brjósti, margir bændur a. m. k., ég hef talað við þó nokkuð marga bændur, sem telja sig hafa þörf á því að breyta lausaskuldum sínum í föst lán, en eru kvíðafullir yfir því, að bréfin verði hvergi keypt. Og enn fremur eru menn nokkuð svartsýnir í sambandi við vextina. Þeir eru hræddir við, að settir verði háir vextir á þessi lán. Það mun nú eiga að gerast með reglugerð, og ráðh. mun eiga þar um að ráða, og vil ég vænta þess, að hann hafi þar í huga hagsmuni bænda, þegar hann ákveður vextina. Ráðh. sagði, að honum hefði létt eftir að hafa lesið skýrslu frá harðærisnefndinni, hann hefði búizt við því, að staða bændanna væri öllu verri heldur en fram kemur af skýrslu harðærisnefndar. Mér þykir það nokkuð einkennilegt, að það skuli ekki hafa verið birt þessi skýrsla harðærisnefndar og vil nú mælast til þess við hæstv. ráðh., að hann láti birta skýrsluna og afhenda hana alþm. Ég segi fyrir mitt leyti, að ég er ekki talnaglöggur maður, enda átti ég ákaflega erfitt með það áðan, þegar ég hlustaði á hæstv. ráðh., að festa hendur á þeim tölum, sem hann las upp úr þessari skýrslu. Allt annað mál væri það, ef maður hefði þetta plagg fyrir framan sig og gæti ályktað út frá því, sem maður sjálfur læsi. Mér finnst nauðsynlegt, að svona skýrslur, sem unnar eru af opinberum nefndum, sem skipaðar eru af stjórnvöldum, séu lagðar fyrir alþm. og þeir fái að hafa þær undir höndum, og ég vil mælast til þess við hæstv. ráðh., að hann láti nú framkvæma þetta, því það getur ekki verið, að þar sé neitt að fela eða sem þurfi að fela eða sem eigi að fela. Þetta hlýtur að vera opinbert mál.

Hæstv. ráðh. sagði, að það sýndi sig af skýrslunni, að allur fjöldi bænda hefði sæmilega afkomu. Sem betur fer eru það náttúrlega margir bændur, sem hafa góða afkomu, allmargir bændur. En þegar tekið er meðaltal af þessu, sýnist manni, að útkoman sé í raun og veru harla slæm. Hæstv. ráðh. sagði, að samkv. skýrslunni, ef ég hef tekið rétt eftir, væru nettótekjur bændanna 129 þús. að meðaltali — þetta eru lágar nettótekjur — og meðalskuldin hjá bændum væri 262 þús. kr. Honum fannst þetta ekki, held ég, mjög hátt, en ég verð að segja það, að ég álít þetta ákaflega hátt miðað við nettótekjur, því að maður, sem skuldar 262 þús. kr., en hefur ekki

nettótekjur til þess að lifa af nema 129 þús. kr., það er bersýnilegt hverjum manni, **að hann getur ekkert** borgað. Hann er alls ófær um það að borga vexti eða afborganir af skuldum. **Hæstv. ráðh. sagði, ef ég hef** tekið rétt eftir, að lausaskuldirnar **væru að meðaltali** 103 þús. kr. á bónda. **Þær eru næstum því jafnháar,** lausaskuldirnar, eins og **meðalnettótekjurnar. Heil** starfsstétt eins og bændastéttin, **elzta stétt landsins og sú** stétt í landinu, sem segja má, **að vinni þau verk ýmis,** sem gera landið í raun og veru **byggilegt með því að** halda við ræktun landsins og **framleiða þær matvörur,** sem við verðum að framleiða hér hjá okkur sjálfir, – við getum ekki sótt þessar matvörur annað – hún býr að mínum dómi við allt of slæm kjör, og það sýnir sig m. a. af þessari skýrslu. Skýrslan er samkv. því, sem hæstv. ráðh. las, órækt vitni um það, að þessi stétt býr við algerlega óviðunandi lífskjör, þó að það megi benda á einstaka bændur innan um, sem hafi það gott. Það hefur alla tíð verið, síðan sögur hófust, að á verstu harðæris- og harðindatímum voru einstaka menn, sem söfnuðu auði, og þar af leiðandi er ekkert að miða við slíkt, þó að einstakir bændur hafi góða afkomu, þegar allur fjöldinn býr við, ég vil segja, mjög skarðan hlut.

Þá vil ég aðeins víkja að ýmsum öðrum atriðum, sem ekki snertu nú beint þessa skýrslu. Ég vil t. d. benda á það, að bændastéttin býr við gerðardóm um sitt kaup og sín kjör og það er ekki nóg með það, heldur fær hún ekki greitt jafnharðan sitt kaup eða þann kostnað, sem hún hefur af rekstri við sinn atvinnuveg. Bóndi, sem byrjar að leggja inn mjólk 1. eða 2. janúar í ár, fær ekki endanlega greiðslu fyrir þessa vöru fyrr en svona í apríl, maí á næsta ári, og þá á hann á hættu að fá ekki nálægt því þann verðlagsgrundvöll, sem honum hefur verið ákvarðaður, og hefur oft skeð, að það hefur vantað á hann allverulega. Sama er að segja um sauðfjárafurðirnar. Það var núna fyrir fáeinum dögum, að bændum á Suðurlandi var að berast fjórða greiðsla fyrir sláturfjárafurðir, sem þeir lögðu inn á haustinu 1967 og það er talið, að 5. greiðsla muni vera eftir, nokkrar kr. í hvert skipti af hverri kind, sem lögð er inn. Það er verið að reyta þetta í marga mánuði, mörg misseri í hendur bændunum. Það sjá allir, hve gífurlegur skaði það er fyrir hvern einasta bónda að fá ekki afurðirnar sínar greiddar svona nokkurn veginn eftir hendinni. Það veldur því, að hann verður að hafa mikinn vaxtakostnað í sambandi við sinn búrekstur, af því að hann hefur ekki fengið afurðir sínar greiddar nokkurn veginn jafnharðan. Þetta gerir auðvitað fátæku bændunum, þeim sem verst eru staddir, enn þá verra lífið heldur en nokkurn tíma skýrsla harðærisnefndar gefur til kynna.

Þá er það um eignirnar, eins og hæstv. ráðh. gat um. Það er ekki um að ræða í raun og veru, að það sé hægt að vita, hvert raunverulegt verðgildi fasteigna er núna, því að þó að fasteign sé metin á þetta eða hitt, þá er óvíst um það, hvort það væri hægt að breyta henni í það peningaverð, sem matið fjallar um. Og það hefur verið a. m. k. á undanförnum árum ákaflega erfitt að selja jarðir á því verði, að bóndinn fengi út úr því nema sáralítið af því, sem hann raunverulega á í þessum eignum. Flestir hafa gengið svo að segja slyppir og snauðir frá þeim jörðum, sem þeir hafa yfirgefið. Þetta er þess vegna ákaflega erfið aðstaða að mínu viti, sem bændastéttin er í, og ég get ekki verið jafnbjartsýnn og hæstv. ráðh. Honum létti við að lesa skýrsluna, og það má kannske segja, að skýrslan komi betur út heldur en hann og aðrir hafa gert ráð fyrir. En mig uggir, að ástandið sé í raun og veru talsvert miklu verra heldur en skýrslan gefur til kynna, og þar hef ég m. a. bent á þetta, það stríð, sem bændur eiga í við það að sjá fyrir sér og sínum m. a. vegna þess, hvað þeir fá seint afurðir sínar greiddar. Enn fremur munar þá ekki lítið um þann skatt, sem lagður hefur verið á þá til Stofnlánadeildar landbúnaðarins. Þó að það kunni að vera gert í góðum tilgangi, þessi skattlagning, þá er hún einstök í sinni röð, að skattleggja fátæka stétt til bankastofnunar og ekkert kemur á móti. Og á sama tíma voru vextirnir stórkostlega hækkaðir af þeim lánum, sem þessir sömu fátæku bændur skulduðu hjá þessari sömu lánastofnun. Þetta, vitanlega allt þetta hjálpast að til þess að gera aðstöðu þessarar stéttar miklum mun verri heldur en hún annars kynni að hafa orðið. Og ég vildi láta þetta koma fram í sambandi við málið.

Auðvitað mun ég styðja þetta frv. og greiða atkv. með því, að það verði að lögum, en ég álít, að það nái ekki nógu langt, og ég vænti þess, að bornar verði hér fram til reynslu í hv. d. till. til að breyta málinu í það horf, sem ég tel æskilegra, að það væri í, þegar það er gert að lögum sem sagt um það, að lögð væri kaupskylda t. d. á Seðlabankann og að vextirnir væru ákveðnir hóflega. Það tel ég, að væri mjög nauðsynlegt, að slíkar till. væru samþykktar hér. Það mun nú hafa verið gerð einhver tilraun um það í Ed. að fá þessar breytingar o. fl., en ekki tekizt. En ég vil nú vona, að Nd. taki þeirri efri fram og breyti málinu í það horf, að það sé ugglaust, að það verði að verulegu gagni fyrir bændastéttina, því að ég veit, að það eru margir uggandi um, að þeir geti ekki látið sér verða þetta að því gagni, sem með þyrfti, þar sem kaupskyldu á bréfunum vantar.

Ég ætla þá ekki að hafa um þetta fleiri orð að sinni.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Hv. 2. þm. Sunnl. talaði um það, að hann væri ekki eins bjartsýnn og ég. Ég vissi það nú löngu áður, og ég er mjög ánægður með það og þakklátur fyrir það að vera ekki eins svartsýnn eins og hv. 2. þm. Sunnl., því að ég held nú satt að segja, að þeir, sem skoða hlutina í jafn dökku ljósi eins og hann virðist gera, ef hann meinar sumt af því, sem hann bæði talar og skrifar, þá geti honum ekki liðið vel, því að því hugarfari, sem þessari svartsýni fylgir, hlýtur að fylgja mikill uggur og ótti, ekki aðeins um framtíðina, heldur einnig um líðandi stund. En vera má, að hv. þm. sé nú ekki eins svartsýnn og hann vill vera láta, og hann meini nú ekki alltaf það, sem hann skrifar og talar. Ég hef jafnvel ástæðu til þess að ætla, að svo sé, því að í sannleika sagt lítur hv. þm. alls ekki út fyrir það, að honum sé svo sérstaklega órótt, að honum finnist ekki, að tímarnir búi þolanlega að honum og því fólki, sem stendur honum næst, og okkur öllum, sem þetta samfélag myndum. En þetta er önnur saga. Það er annað að vera bjartsýnn eða vera raunsýnn. En að vera svartsýnn og sjá ekki annað en dökku hliðarnar getur ekki boðað neitt gott.

Hv. þm. harmaði það, að ríkisstj. skyldi ekki nota frv. framsóknarmanna, sem þeir höfðu flutt, heldur flytja

nýtt frv., sem er nokkurn veginn eins, eins og hann orðaði það. En síðar í ræðunni kom það nú fram, að frv. ríkisstj. er ekki nokkurn veginn eins og frv. framsóknarmanna, því að hv. þm. sagði, að það mætti alveg eins ætla, að þetta frv. næði ekki þeim tilgangi, sem því er ætlað, og hv. þm. notaði hér sömu orð og hann sjálfur og flokksbræður hans notuðu í báðum þd. 1962, þegar þeir fullyrtu, að það frv., sem þá var flutt um sama efni, næði ekki tilgangi sínum, af því að það var ekki skylda í löggjöfinni til þess fyrir Seðlabankann að kaupa bankavaxtabréfin og viðskiptabankana og aðra, sem áttu skuldir hjá bændum, að gera þessi skipti. Löggjöfin 1962 byggðist á frjálsum samningum. Það reyndist vel, og þessi löggjöf verður sett með sama hætti. Og þá vona ég, að það reynist einnig vera að þessu sinni.

En ég minntist á það áðan, að bændur hefðu ekki notfært sér tækifærið 1962, eins og vera skyldi, og sáu margir eftir því. Og það kom fram, hver ástæðan var. Ástæðan var sú, að margir bændur höfðu trúað því, sem framsóknarmenn sögðu utan þings og innan, og því, sem þeir höfðu skrifað í sín blöð, að þessi löggjöf næði ekki tilgangi sínum. Og þeir, sem trúðu þessum fullyrðingum, sóttu ekki um lánið. Ég geri ráð fyrir því, að það verði færri nú, sem trúa framsóknarmönnum heldur en þá, enda er áróðurinn gegn þessu frv., enn sem komið er, miklu minni heldur en hann var 1962 gegn frv., sem þá var lagt fram. Og um þessa kaupaskyldu er það að segja, að það út af fyrir sig gæti verið einhver trygging. En er nú ekki hitt eðlilegra að nota frjálsu leiðina, þegar reynsla er fyrir því, að hún hefur gefizt vel, heldur en að setja í löggjöf það, sem ekki hefur áður reynzt vera nauðsynlegt. Og víst er það, að þessi löggjöf verður ekki framkvæmd nema með samkomulagi við bankana, við sparisjóðina og við aðra, sem eiga skuldir hjá bændum. Og vissulega er skemmtilegra og eðlilegra að fara að þessu með eðlilegum samningshætti heldur en þvingunum, og sízt af öllu ber að launa liðlegheitin 1962 með því nú að setja þvingunarlöggjöf á þessa aðila.

Ég get verið sammála hv. þm. um það, að það er eðlilegt, að þeir, sem þess óska, fái skýrsluna um athugun þá, sem gerð var á efnahag og aðstöðu bænda. Í Ed. fékk landbn. þessa skýrslu. Skýrslan hefur ekki verið prentuð, heldur voru tekin ljósrit af henni og nefndin fékk skýrsluna. Ég hafði hugsað mér, að sami háttur væri hafður á hér í Nd., að sú nefnd, sem fær þetta mál til meðferðar, fái skýrsluna, en það er sjálfsagt, að allir þeir þm., sem þess óska, fái hana senda.

Hv. þm. talaði um meðferðina á bændunum og tekjur þeirra, sem væru svo litlar, að meðaltali aðeins 123 þús. Meðaltalið verður svona lágt vegna þess, að í einstökum sýslum fara nettótekjurnar niður í 80 þús. Og vissulega er þetta vandamál. Hvernig má það verða, að það sé hægt að auka tekjur þeirra bænda, sem verst eru settir? Á að gera það með því að skrúfa afurðaverðið upp úr öllu valdi, t.d. að bóndi, sem hefur 100-150 ær og 2-3 kýr, hafi kannske 150-160 þús. kr. í nettótekjur eða á að reyna að gera það með því að ýta undir menn að stækka búin og bæta aðstöðuna til búrekstrarins? Ég held, að það sé ekki sanngjarnt að ætlast til þess, að þeir, sem hafa minnstu búin, fái það, sem maður getur kallað fullar tekjur. Það er ekki full vinna, sem þessir menn hafa. Það er ekki sanngjarnt, að verkamaður, sem ekki kannske vinnur nema 6-7 tíma, hafi fullt kaup. Og það er verið að tala um það, að margir séu lágt launaðir í þessu landi. Það er talað um menn, sem ekki hafa nema 9-10 þús. kr. Þá er miðað við 8 stunda vinnu. En þegar launþegarnir komast í 15-16 þús. kr. mánaðartekjur, þessir lægst launuðu, þá vinna þeir bæði eftirvinnu og næturvinnu. Þeir bændur, sem hafa stór bú og leggja mest að sér og þurfa kannske ekki að hafa mjög stór bú, en hafa góð bú, getum við sagt, og sæmilegar tekjur, þeir vinna vitanlega miklu meira en 8 stunda vinnudag. En smæstu búin þurfa ekki heils dags vinnu á hverjum degi, og þetta veit ég, að hv. 2. þm. Sunnl. er ljóst, að þeim mönnum verða ekki skaffaðar viðunandi tekjur og lífsviðurværi með því einu að hækka afurðirnar. Það verður þá að skammta þeim hærra verð fyrir hvert kg, sem þeir framleiða, og hvern mjólkurlítra, sem þeir framleiða, heldur en hinum, sem framleiða mest, og veit ég ekki, hvort það gæti heldur talizt réttlátt eða eðlilegt, því að enn sem komið er höfum við nú viljað lofa mönnum að njóta sín, sem sýna hagsýni og dugnað í framleiðslu og framkvæmdum.

Og varðandi það að skuldirnar, sem eru að meðaltali 262 þús., séu mjög miklar, þá segi ég nú það, að þegar ég las þessa skýrslu, var ég nú hræddur um það, að einhverjir mundu segja: Af hverju að vera með þetta frv., úr því að skuldirnar eru ekki meiri? Hversu margir launþegar, sem eru láglaunamenn, skulda 300-400 þús. í íbúðinni sinni og eiga ekkert annað. Við verðum að hafa þá hreinskilni að gera okkur grein fyrir því, að þetta þjóðfélag byggja fleiri stéttir heldur en bændur. Ég hef verið og er talsmaður bænda. Og ég hef verið á verði um það að láta þeirra hlut ekki vera fyrir borð borinn. En ég hef einnig gert mér grein fyrir þeirri skyldu, sem hvílir á mér sem ráðh. og alþm., að það á ekki að níðast á neinum í þessu þjóðfélagi, heldur hlutast til um það, að stéttirnar búi við það, sem við getum kallað jafnrétti. Það hefur ekki verið níðzt á bændum og allra sízt í seinni tíð.

Hv. 2. þm. Sunnl. sagði hér áðan, að skýrslan sýndi það, að bændur búa við óhæg lífskjör. Hv. þm. hefði átt að segja: skýrslan sýnir það, að það er æskilegt, að bændur geti búið við betri lífskjör. Undir það hefði ég viljað taka. Það er æskilegt, og það er æskilegt, að almenningur í þessu landi megi fá batnandi lífskjör. Að því stefnum við. En það hlýtur að koma niður á bændum eins og öllum öðrum þjóðfélagsþegnum, þegar þjóðarbúið missir á tveimur árum ⅓ hluta útflutningstekna sinna. Það hlýtur að verða minni skammtur, sem kemur til skiptanna handa bændum eins og öllum öðrum þjóðfélagsþegnum, þegar þannig stendur á, og það kemur líka við bændur, þegar hafísinn er fyrir landinu og vorin eru köld og kaupa verður meiri fóðurbæti og áburð heldur en í venjulegum árum til þess að fá gras og halda búpeningnum lifandi. Hv. 2. þm. Sunnl. kenndi ríkisstj. ekki um þetta, en minntist nú ekki mikið á það, að tíðarfarið hefði verið lakara í seinni tíð heldur en áður.

En það, sem skýrslan gefur til kynna, er það í fyrsta lagi, að 77.7% af bændum, að dómi þeirra, sem gerðu þessa athugun, eru vel settir og eru ekki í greiðsluerfiðleikum, 77.7%. Skýrslan segir enn fremur, að 12.8%

séu sæmilega settir, enda þótt það geti komið sér vel fyrir þá að breyta lausaskuldum í föst lán og þeir búi við vaxtabyrði og sjálfsagt einhverja örðugleika. Þetta gerir samanlagt 90.5%, sem skýrslan telur, 90.5% af bændum er talið, að séu sæmilega settir, 77.7% ágætlega settir. Þá verður það 6.1% af bændum, sem hægt er að segja, að skuldi of mikið, búi við of mikla vaxtabyrði og eru sjálfsagt í talsverðum erfiðleikum, en munu með því að breyta lausaskuldum í föst lán bæta hag sinn mikið. En 3.4% eða 160 bændur eru mjög illa settir að dómi nefndarinnar, mjög illa settir, og ekki talið, að þeir geti haldið búskap áfram nema sérstök ráðstöfun komi til. Þetta segir skýrslan. Og ég er alveg viss um það, að hv. 2. þm. Sunnl. geti verið mér sammála um það, að frá því að við fórum að muna eftir okkur höfum við þekkt einn og einn bónda, sem hefur af ýmsum ástæðum verið illa settur efnalega, af ýmsum ástæðum, stundum vegna þess, að jörðin hefur verið þannig, að hún gaf ekki lífsmöguleika, stundum vegna veikinda og óhappa, eins og alltaf getur skeð og stundum vegna þess, að maðurinn gat verið duglegur og vel til verka fallinn og betur kominn með því að vinna annað heldur en að landbúnaðarstörfum.

Hv. 2. þm. Sunnl. talaði um, að bændur byggju við gerðardóm. Ekki upplýsti nú hv. þm. hvenær það byrjaði. Hvenær ætli bændur hafi búið við það frelsi að mega ákveða verð á afurðum sínum sjálfir? Það er nú harla langt síðan. Mjólkurverðlagsnefnd höfum við og kjötverðlagsnefnd, og hvernig gafst það. Einu sinni var nú breytt til, þegar kjötið var hækkað um 100% og mjólkin tók stórt stökk á eftir, þá lagaðist nú mikið. En það gerðist nú ekki á meðan flokksmenn hv. 2. þm. Sunnl. voru í ráðherrastólunum, heldur eftir að þeir voru farnir. Það getur vel verið, að það væri bezt fyrir alla, að bændur hefðu frelsi til þess að ákveða verð á afurðunum. En sannleikurinn er sá, að ég er ekki viss um það, að verð á mjólk og kjöti væri hærra núna, þótt þeir hefðu þetta frelsi, því að um leið og menn fá frelsi, þá gera allir góðir menn sér grein fyrir þeirri ábyrgð, sem frelsinu fylgir. Það fylgir því mikil ábyrgð að hafa frjálsar hendur til ákvörðunar. Í gamla daga kunnu góðir drengir að meta það, þegar þeim var gefið sjálfdæmi og góðir drengir misnotuðu það ekki. Þess vegna held ég, að það væri engin hætta að gefa bændastéttinni þetta frelsi. En hún hefur búið við þessar hömlur í verðlagningunni í tugi ára, eins og aðrir þjóðfélagsþegnar. Ekki hafa launþegarnir frelsi til þess að ákveða sitt kaup sjálfir. Það er gert með samningum. Opinberir starfsmenn búa við kjaradóm. Sjómenn búa líka við kjaradóm. Fiskverðið er ákveðið þannig. Og launþegar geta ekki sagt og hafa aldrei sagt: Kaupið skal vera þetta á morgun, hvað sem atvinnurekandinn segir. Ég held, að það sé ekki þetta, sem við þurfum sérstaklega að hafa áhyggjur af, þótt verðlagningin sé með þessum hætti.

Kannske verður þessu breytt með því, að menn sannfærist um það, að það sé engin hætta á ferðum, að góðir menn misnoti ekki það frelsi, sem þeim er fengið í hendur. Og ég segi það, ég er ekkert viss um það, að verðlag búvöru væri a. m. k. miklu hærra í dag heldur en þótt það væri alveg frjálst af bændanna hálfu, því að það verður að reikna með því, hvernig kaupgetan er í landinu. Og bændur hafa nú í seinni tíð fengið það, sem þeir höfðu ekki á meðan flokksmenn hv. 2. þm. Sunnl. réðu ríkjum. Þeir hafa fengið útflutningsbætur, sem hafa í flestum tilfellum tryggt þeim fullt grundvallarverð. Það er rétt, það hefur komið fyrir, að það hafi vantað nokkuð á, vegna þess að framleiðslan hefur aukizt mun meira heldur en neyzlan, þótt neyzlan hafi farið vaxandi allt fram að þessu. En bændur hefðu vitanlega verið illa settir, ef núv. ríkisstj. hefði ekki breytt löggjöfinni og tryggt bændum miklar útflutningsuppbætur árlega. Og nú eru útflutningsuppbæturnar á þessu ári nærri 300 millj. kr., auk gengishagnaðarins, sem fer að mestu í útflutningsuppbætur.

Ég get tekið undir með hv. 2. þm. Sunnl., að það er bagalegt fyrir bændur að bíða lengi eftir greiðslu frá sláturfélaginu og frá mjólkurbúinu. En ég hef nú haldið, að mjólkurbúið gæti borgað örar út nú heldur en áður, vegna þess að nú liggja mjólkurbúin ekki með eins miklar birgðir í ostum, smjöri og mjólkurdufti eins og var á tímabili. Þess vegna hef ég ætlað það, að mjólkurbúin gætu greitt stærri hluta út og fyrr nú heldur en oft áður. Það má vel vera, að Mjólkurbú Flóamanna og önnur mjólkursamlög hafi aukið borgunina, ég vil vona það. Hv. 2. þm. Sunnl. veit um þetta, vegna þess að hann er í stjórn Mjólkurbúsins. Ég held, að það hljóti að vera mjög auðvelt fyrir mjólkurbúin að auka útborgunina núna vegna þess, að smjör-, osta- og mjólkurduftsbirgðir eru mun minni heldur en þær voru fyrir 1—2 árum. Og salan fer venjulega fram gegn staðgreiðslu eða með kannske mánaðargreiðslufresti til þeirra, sem lánstraust hafa.

Hv. þm. minntist hér áðan á Sláturfélag Suðurlands, að það hefði verið að skila núna fjórðu greiðslunni að mér skilst frá árinu 1967 og fimmta greiðslan væri eftir. Þetta eru alveg nýjar fréttir fyrir mig. Og ég hef haldið það, að Sláturfélag Suðurlands hafi staðið við útborgun nú í seinni tíð ekkert verr heldur en áður. En ég man eftir því frá því að ég var að alast upp, að það var alltaf haldið eftir þriðja partinum af verðinu. Það var aldrei borgað út á haustin meira heldur en í mesta lagi ⅔ og svo gert upp að vorinu til, venjulega í júnímánuði, þegar aðalfundur var. En í seinni tíð hefur Sláturfélagið borgað meginhlutann af eftirstöðvunum í maí og stundum í apríl til þess að bændur gætu notað þessar eftirstöðvar til þess að láta fyrir áburðinn. Og ég veit ekki, hvernig á þessu stendur. Hv. 2. þm. Sunnl. hefur kannske skýringu á því og gæti verið, að hann segi sem svo: Sláturfélagið hefur ekki fengið nógu mikil lán. Mér kæmi það ekkert á óvart. Það hefur stundum verið talað um það, að félagssamtök bænda fengju lítil lán. Það hefur t.d. oft verið sagt, að rekstrarlán til landbúnaðarins hafi ekki verið hækkuð 1959. En hv. þm. Sunnl. sagði það ekki hér áðan. Mér er ekki kunnugt um það, hvernig fjármálum Sláturfélagsins er varið. En mér finnst þetta ekki góðar fréttir. Ég hefði þó haldið, að Sláturfélagið, sem hefur verið í aðalviðskiptum við Búnaðarbanka Íslands, hefði fengið þar góða fyrirgreiðslu, ég hefði haldið það. Og víst er það að Landsbankinn hefur sagt það, að rekstrarlánin hafi verið hækkuð, en í öðru formi heldur en var í byrjun; að sláturleyfishafarnir hafi fengið á vorin lán út á sláturfénaðinn að mestu leyti að vorinu eins og þá upphæð,

sem ætlað var, að yrði borguð út að haustinu. Þetta hef ég heyrt bankastjóra Landsbankans segja, og þess vegna er ekki hægt að staðhæfa það, að rekstrarlánin hafi ekki verið hækkuð síðan 1959. Hitt er svo alltaf hægt að segja, að þessi eða hinn aðilinn fái ekki nógu mikil lán. Ég hef nú ekki heyrt kvartað, hvað snertir Sláturfélag Suðurlands, og víst er það, að það er ekkert nýtt, að bændur bíði eftir hluta af verðinu.

Það væri vitanlega mjög æskilegt, að sá frestur yrði styttur, og ég vil beina því til hv. 2. þm. Sunnl., að hann beiti sér fyrir því í Mjólkurbúi Flóamanna, að það verði borgaður aukinn hluti af mjólkurverðinu strax til bændanna, með tilliti til þess að birgðir Mjólkurbúsins hljóta nú að vera mun minni heldur en þær voru þegar þær voru mestar, og þá var einnig borgað út, kannske eins mikið og nú. Nú er mjólkurverðið í verðgrundvellinum 11 kr. 29 aurar og þess vegna hygg ég, að það megi hækka útborgunarverðið, ef það er rétt, sem mér var sagt, að það væri borgað út á fitueiningu aðeins 1.70 kr. Þannig að ef um 4% feita mjólk er að ræða, þá eru þetta ekki nema 6.80 kr. En það mun vera miðað við meðalfitu, en ekki hæstu fitu, þegar talað er um grundvallarverðið og meðalfitan mun vera 3.80%, þannig að það sjá allir, að þarna er miklu haldið eftir. Ég geri ekki ráð fyrir, að það sé öðru vísi hjá Mjólkurbúi Flóamanna eða lakara heldur en hjá öðrum mjólkursamsölum. En um leið og minnzt er á Sláturfélag Suðurlands í þessu efni, þá held ég að það sé alveg eðlilegt að við tölum samhliða um Mjólkurbúið. Ég veit ekki, hvort þetta er út af fyrir sig eðlilegt að vera að klaga upp á Sláturfélag Suðurlands á þessum vettvangi, sem hefur borgað út, að ég ætla, núna upp á síðkastið ekkert verr heldur en bara alla sína tíð, síðan það var stofnað.

Hv. þm. hefur nú fullyrt í ógáti, þegar hann sagði, að flestir bændur, sem hafa hætt búskap, hafi gengið slyppir frá jörðum sínum, gengið slyppir frá, ég skrifaði það orðrétt niður. Ég þekki enga bændur, sem hafa gengið slyppir frá jörðum sínum, þegar þeir hafa hætt búskap, og sem betur fer þá er ekkert framboð á jörðum núna. Það kemur fyrir, að við sjáum auglýsingar í dagblöðunum, þar sem óskað er eftir jörðum til kaups, jörðum sem eru sæmilega í sveit settar. En að menn vilji selja jarðir, það ber lítið á því, sem betur fer.

Hv. þm. talar um skattlagninguna á bændastéttina, stofnlánadeildargjaldið 1%, sem er lagt til Stofnlánadeildarinnar, að þetta sé nú m. a. að ríða bændum að fullu og þá helzt hinum fátækari. En skyldu þeir fátækari borga stærri hlutann til Stofnlánadeildarinnar. Þetta er algerlega öfugt, það eru oft þeir, sem framleiða mest, sem borga til Stofnlánadeildarinnar stærstan hlutann og gera það mögulegt að þeir fátæku, sem eiga eftir að byggja upp, geti fengið lán úr Stofnlánadeildinni. Það eru þeir ríku, það eru þeir sem framleiða mikið, sem borga stærstan hlutann til Stofnlánadeildarinnar. Þeir sem hafa litla framleiðslu, þeir borga þangað lítinn hluta.

Hótel Saga, eða bændahöllin, er gott fyrirtæki, og vissulega var það nauðsynlegt fyrir þjóðina, að þetta hótel var byggt. En ég hefði talið, að það væru aðrir aðilar, sem ættu að byggja þetta hótel. Það stæði nær Reykjavíkurborg og ríkinu, flugfélögunum, Eimskipafélaginu. En hótelið er komið, og það er þjóðþrifa fyrirtæki. En bændur borga skatt í þetta hótel en ekki aðrir þegnar þjóðfélagsins. Hv. 2. þm. Sunnl. minntist ekkert á það. En hvort skyldi vera nauðsynlegra fyrir bændur, Stofnlánadeildin, sem gerir bændum mögulegt að fá lán til uppbyggingar í landbúnaðinum, eða hótelið? Hótelið er nauðsynlegt frá þjóðhagslegu sjónarmiði séð, en Stofnlánadeildin er nauðsynleg frá sjónarmiði bændanna, til þess að hægt sé að byggja upp landbúnaðinn.

Og þegar hv. 2. þm. Sunnl. talar um stofnlánagjaldið, þá er gott að skjalfesta það, sem við allir raunar vitum, að þegar hans flokkur kemst í ríkisstj., stjórnaraðstöðu, þá mun honum ekki detta í hug að afnema þetta gjald, ekki detta það í hug, vegna þess að hv. framsóknarmenn, þeir hafa alveg eins og við sjálfstæðismenn gert sér grein fyrir því, að það er nauðsyn fyrir landbúnaðinn að byggja upp sterkar lánastofnanir. Hv. 2. þm. Sunnl. veit þetta og skilur, og í hjarta sínu kann hann að meta það, að núverandi ríkisstj. hefur gert það, sem í hennar valdi hefur staðið, til þess að byggja þessa deild upp, með því að útvega henni innlend lán handa bændum. Útvega henni innlend lán handa bændum. Á meðan framsóknarmenn fóru með þessi mál, þá hafði Stofnlánadeildin ekki annað en erlend lán til þess að lána. Og það er þess vegna, sem Stofnlánadeildin hefur orðið fyrir gengistapi. Það eru lánin frá tíð vinstri stjórnarinnar og annarra stjórna, sem Framsóknarflokkurinn hefur setið í, sem voru lánuð út án gengistryggingar og deildin hefur nú beðið tap af. Í seinni tíð hefur verið útvegað innlent fjármagn til þess að lána bændum, en minnsti hlutinn, sem Stofnlánadeildin hefur fengið, hefur verið erlent fjármagn, og lánað út með gengisklásúlu til félagssamtaka, en ekki einstaklinga. Það má vitanlega segja, að gengistap hjá þeim sé tilfinnanlegt, en Stofnlánadeildin hefur ekki beðið tjón af því.

Hv. þm. talaði um það, að bændur búi við slæm lánakjör, vextirnir hafi verið hækkaðir. Þeir, sem hafa nú kynnt sér þessi mál rækilega, vita það, að lánakjör bænda hjá Stofnlánadeildinni eru þau beztu, sem veitt eru í þessu þjóðfélagi, til uppbyggingar á stofnlánum, með því að vextir til íbúðarbygginga eru 6%, vextir til lána á vélum og annarra framkvæmda 6 ½%, og það er hvorki vísitala eða gengisskilyrði í þessum lánum. Þetta út af fyrir sig má segja, að sé ekki viðkomandi því frv., sem við erum að ræða um. En hv. 2. þm. Sunnl. gaf nú tilefni til þess, að ég svaraði þessu nokkrum orðum, því að eins og hann talaði, þá gat maður haldið, að hann væri ekki enn búinn að átta sig á, hvað væri rétt eða rangt, hvað væri hagstætt eða óhagstætt fyrir bændur, en jafnvel þótt hann með framkomu sinni láti líta svona út, þá ætla ég, að hann viti betur en hann vill vera láta.

Umr. frestað.

Á 75. fundi í Nd., s. d., var fram haldið 1. umr. um frv.

Vilhjálmur Hjálmarsson: Herra forseti. Það voru aðeins örfá orð. Ég vil nú fyrst segja það, að ég fagna því að þetta frv. hefur verið lagt fram. Það ber einnig að þakka það, að orðið var við margítrekuðum tilmælum bændasamtakanna um það að taka þessi mál til athugunar og að sú athugun hefur nú farið fram og orðið

undanfari þessa frv. Ég er hins vegar hræddur um það, að frv. reynist ekki fullnægjandi og tel nauðsynlegt að gera á því ýmsar breytingar. Mér virtist í ræðu hæstv. ráðh. gæta ótrúlegrar, og ég vil segja fáránlegrar bjartsýni, á hag bænda. Og sérstaklega eftir að þeir höfðu mælzt við, hv. 2. þm. Suðurlandskjördæmis og hæstv. ráðh., þá óx þessi bjartsýni ráðh. og var komin á það stig, að hann sagði hér í sinni seinni ræðu, að 77.7% af bændum væru ágætlega settir fjárhagslega. Nú er þess að gæta, og ég held, að það verði að taka það með í reikninginn, að þær upplýsingar, sem skýrslan er byggð á, eru frá 31/12 1967 og síðan hefur síður en svo árað vel og má búast við því að fjárhagur hafi versnað verulega, a. m. k. á sumum svæðum á landinu. Vorið 1968 var alls staðar erfitt, og sumarið var það einnig í ýmsum landshlutum. Ég skil ekkert í þessum fullyrðingum öllum, og þeim lærdómi, sem hæstv. ráðh. virðist hafa dregið af þessari ágætu skýrslu. Hann sagði í fyrstu, að mikill meiri hluti bænda hefði mjög sæmilega afkomu, og síðast voru þeir komnir upp í 77.7%, sem voru ágætlega settir — ég skrifaði þetta niður hjá mér — og að þessi hluti bænda ætti ekki í neinum greiðsluerfiðleikum. Nú vil ég bara leyfa mér að spyrja: Hvernig getur þetta verið? Það er nú auðvitað auðvelt fyrir hv. ráðh. að blása á allar samþykktir stéttarsamtaka. En það vita sjálfsagt flestir, að samþykktir frá stéttarsamtökum bænda varðandi efnahaginn og erfiðar aðstæður eru orðnar margar og sumar töluvert rökstuddar. Við skulum segja, að það megi afgreiða þær á einu bretti sem barlóm bændastéttarinnar í heild.

En hvað á þá að segja um önnur atriði, eins og t.d. skýrslu Hagstofunnar um tekjur stéttanna í þjóðfélaginu? Ég er ekki neinn talnasérfræðingur, og ég tel það ákaflega varhugavert að taka tölulegar upplýsingar alveg hráar og nota þær gagnrýnislaust. Og ég er oft ákaflega tortrygginn á prósentureikning sumra manna, jafnvel ríkisstofnana, sem hafa slíkan reikning um hönd, í tíma og ótíma liggur mér við að segja. En mér finnst þó ómögulegt að ganga fram hjá því, að ár eftir ár liggur það fyrir á skýrslum Hagstofu Íslands, að tekjur bænda séu lægri heldur en annarra stétta í þjóðfélaginu. Hvernig getur það samrýmzt þessu, jafnvel þó við tökum þessar tölur mjög varlega, að núna í dag standi bændur þannig, að 77.7% þeirra séu ágætlega settir? Hvernig getur það komið heim og saman? Ef þetta væri svo sem hv. ráðh. sagði, þá væri áreiðanlega óhætt að segja það jafnframt, að bændur væru þá bezt setta stéttin í öllu þjóðfélaginu. Það er ákaflega gott að vera bjartsýnn, og ég vil ekki draga úr því en það verður að vera eitthvert raunsæi á bak við bjartsýnina.

Fyrir tæpu ári síðan, þegar bændur stóðu frammi fyrir því að kaupa tilbúinn áburð, sem er stærsti liðurinn í þeirra rekstrarvörukaupum, þá gengu öll ósköpin á. Það var talað um að krefjast hreppsábyrgðar, og ég veit ekki hvað og hvað. Og það gekk maður undir manns hönd að greiða fram úr þessum málum. Þetta tókst með nokkru harðræði og á þann hátt, sem reyndar er kunnur, og ekki hefur orðið vandræðalaust. Það tókst að koma því í kring, að menn fengju áburð í fyrra. Sumir fengu hann að vísu seinna en æskilegt hefði verið, m.a. af þessum ástæðum. Þetta var fyrir einu ári. Og nú standa menn frammi fyrir sama vandanum og þó líklega enn þá kvíðvænlegri heldur en þá með þetta að nálgast þessa rekstrarvöru. Hvernig í ósköpunum getur það komið heim og saman, annars vegar þessi vandkvæði á því að kaupa áburð og hins vegar, að bændur séu svona vel settir, eins og kemur hér fram í þingræðum hv. ráðh., sem síðan eru svo birtar í blöðum? Það sýnist mér vandi að samræma. Ef þetta væri svona eins og hæstv. ráðh. sagði hérna líka, að bændur hefðu mjög bætt hag sinn á undanförnum árum, hvernig stendur þá á því, að áburðarkaupin eru alltaf að verða meiri og meiri erfiðleikum bundin? Það hefur ekki verið skýrt hér enn.

Ég ætlaði ekki að segja hér nema örfá orð. Og ég ætla ekki að fara að blanda mér í deilur þeirra hæstv. ráðh. og hv. 2. þm. Sunnl. Það er þó talsvert margt, sem kom fram í ræðu hæstv. ráðh., sem gæfi tilefni til athugasemda. Hann t.d. varpaði því fram, að nú sé ekkert framboð af jörðum, og lá í orðunum, að það væri af því, að menn kærðu sig ekkert um það að hverfa frá búskap og hverfa að öðru. En af hverju skyldi það nú vera m. a., að menn hyggja kannske minna á það að fara úr sveitum í kaupstað heldur en áður. Ætli það gæti ekki átt einhvern þátt í því, það almenna ástand, sem orðið er í landinu, og það atvinnuleysi, sem nú er ríkjandi í bæjunum, og stafar að nokkru leyti af minnkandi afla, en að öðrum þræði og tvímælalaust að langmestu leyti af þeirri fáránlegu stjórnarstefnu, sem m.a. birtist í því, að þrátt fyrir stórkostlega þverrandi útflutningstekjur frá því sem var á toppárunum, þá má ekki hreyfa legg eða lið til þess að stjórna í neinu innflutningi eða fjárfestingarmálum.

Hæstv. ráðh. talaði um, hvað bændur búi við góð lánakjör. Mér þykir ótrúlegt, að það þekkist hér í nálægum löndum, að ætlazt sé til þess að í landbúnaðinum séu byggðar varanlegar byggingar og lánað til þeirra til 20 ára, ég efast um það. Og hvað sem því líður, þá sér það hver maður, sem nokkur kynni hefur af íslenzkum landbúnaði, að þetta er auðvitað óbærilegt. Raunverulega er þetta ekki hægt, þó að menn píni sig til þess, með því að neita sér um margt í daglegri neyzlu, það er raunverulega ekki hægt að byggja upp í sveitum á þann hátt að greiða vandaðar og varanlegar byggingar upp á 20 árum. Þetta er óframkvæmanlegt. Og þeir vextir, sem nú eru teknir að viðbættu stofnlánagjaldinu, þetta er náttúrlega alveg óviðráðanlegt fyrir atvinnuveg eins og landbúnað, sem aldrei skilar skjótfengnum arði, heldur þarf að byggja sig upp á lengri tíma.

Það má auðvitað margt ræða um uppbyggingu Stofnlánadeildarinnar. Lánaskatturinn er af bændunum tekinn sem persónulegt gjald. Hann er tekinn af þeirra eigin tekjum, á sama tíma og skattur til lánasjóða annarra atvinnuvega kemur ekki fram sem skattur á persónulegar tekjur þeirra, sem þann atvinnurekstur stunda. Inn á þessa hluti ætlaði ég nú ekkert að fara í þessum fáu orðum. En ég vildi leggja áherzlu á það, að efnahagsástandið í landbúnaðinum er alvarlegra heldur en hæstv. ráðh. vill vera láta, og af þeim sökum þá óttast ég það, og ég raunar er þess fullviss, að þetta frv. gengur of skammt, og það þyrfti og ætti að athuga það nokkru nánar. Og ég vildi nú leyfa mér að vænta þess að tóm gæfist til þess hér í hv. deild og í þeirri hv. nefnd,

sem fær málið til meðferðar, að taka það til raunverulegrar athugunar, ekki þeirrar, sem venjulegast er um hönd höfð á stjórnarfrv., þar sem ekki má breyta einu eða neinu, heldur til raunverulegrar skoðunar. Og að það yrði þá íhugað vandlega, hvort ekki væri hægt að gera einhverjar þær breytingar á frv., sem gerðu það að verkum, að áhrif þess yrðu nokkru víðtækari og að því yrði nokkru meiri hjálp heldur en líklegt má telja, að verði með samþykkt þess alveg nákvæmlega í því formi, sem það er núna. Ég held, að það sé ekki alveg rökrétt hjá hæstv. ráðh. að vitna eins einhliða til afgreiðslu lausaskuldamáls fyrr, þ. e. a. s. árið 1962. Ég held, að *það sé ekki alveg rökrétt vegna* þess að það eru svo gerólíkar ástæður í peningamálunum núna, gerólíkar því sem þá var, og miklu þrengra á peningamarkaðinum en þá.

Ágúst Þorvaldsson: Herra forseti. Það var auðheyrt á ræðu hæstv. landbrh., að það er engin uppgerð hjá honum bjartsýnin, því að hann var gamansamur, sló á ýmsa strengi í ræðu sinni og ræddi þetta mál í léttum tón, svo að það er auðfundið, að hann segir satt, hann er bjartsýnn. Mér þykir nú í raun og veru vænt um það, því að ég veit, að bjartsýnum manni líður vel. Ég man vel eftir hæstv. núv. landbrh., þegar honum leið ekki vel, þegar hann var svartsýnn og horfði þungbúnum svip til framtíðarinnar, en það var á þeim árum, þegar svokölluð vinstri stjórn sat að völdum. Þá var nokkuð annað uppi á teningnum hjá hæstv. ráðh. En ég er feginn því, að honum hefur batnað það og nú er hann orðinn bjartsýnn. Ég játa það, að ég vil gjarnan geta verið bjartsýnn og er það oft. En ég álít, að það sé rangt af manni að ala með sér óraunhæfa bjartsýni, því að þá er maður til í að gera hluti, sem getur hefnt sín síðar að hafa gert. Við verðum alltaf að meta ástandið frá raunhæfu sjónarmiði og reyna að vinna samkvæmt því. Þetta veit ég nú, að hæstv. landbrh. vill gera, ég efast ekkert um það, því að maðurinn er þannig gerður, að hann er enginn flysjungur, og hann vill reyna að vinna á raunhæfum grundvelli. Það efast ég ekkert um, þó að það auðvitað takist ekki hjá honum frekar en öðrum, ekki alltaf. Hann sagði, að ég mundi nú vera tiltölulega rólegur, mér mundi líða allvel, og þetta er alveg rétt. Mér hefur eiginlega alltaf liðið vel, og ég hef ekki yfir neinu að kvarta persónulega sjálfur, og ég er ekki að kvarta neitt fyrir sjálfan mig. En mér þykir vænt um bændastéttina, og mér finnst, að mér þyki vænt um íslenzku þjóðina, og ég er sannfærður um það, að íslenzku þjóðinni getur ekki liðið vel, nema hún búi sæmilega að bændastéttinni.

Hæstv. ráðh. sagði: stéttirnar eiga að búa við jafnrétti. — Þetta er auðvitað alveg hárrétt. Stéttirnar eiga að búa við jafnrétti. Allir borgarar þjóðfélagsins eiga sama rétt til lífsins og lífsgæðanna. En ég neita því algerlega, að það hafi tekizt fram á þennan dag að láta alla búa við það réttlæti, sem við auðvitað allir viljum keppa að, að stéttirnar búi hér við jafnrétti. Það hefur ekki tekizt hjá núv. hæstv. ríkisstj., og það hefur ekki heldur tekizt áður hjá öðrum ríkisstj. Það er þetta, sem flestir eru að berjast við, flestir stjórnmálamenn vilja nú gera, að búa vel að þegnum landsins. Það fer eftir því, hvaða stefna er á hverjum tíma rekin af stjórnvöldum landsins í þjóðmálunum. Það fer eftir því, hvernig hún er, hvað vel þetta tekst, hvort það tekst að meira eða minna leyti. Mér finnst, eins og núna standa sakir, að þá sé stjórnarstefnan þannig, að það hafi aukizt bilið á milli stéttanna, þannig að það hafi fjölgað þeim auðugu, en á kostnað þeirra, sem eiga að vinna hin erfiðari störf í þjóðfélaginu. Ég held, að það verði allir að viðurkenna það, og ég heyrði, að hæstv. landbrh. gerði það áðan í ræðu sinni, að það væri í raun og veru ekki hægt að lifa af tekjum verkamanns núna, eins og þær eru; af 8 stunda vinnudegi með verkamannskaupi væri ekki hægt að lifa. Þetta er alveg rétt, það er ekki hægt. *Það er ekki heldur hægt að lifa neinu mannsæmandi* lífi, sem við getum kallað, af þessum meðaltekjum bændanna. Hæstv. ráðh. segir, að þessar meðaltekjur séu svona lágar vegna þess, að í sumum héruðum séu bændurnir svona tekjulágir. Ég held, að ég hafi tekið rétt eftir því, að hann hafi sagt, að í skýrsluna hefðu ekki verið teknir þeir, sem höfðu 80 þúsund og þaðan af minna. Tók ég rangt eftir því? (**Landbrh.:** Já, já.) Nú, er það rangt hjá mér. (Gripið fram í.) Já, já, það er einmitt það, þá hef ég tekið rangt eftir. En sem sagt, ég álít, að þessar meðaltekjur, 129 þús., séu allt of lágar, til þess að hægt sé að láta sér líða sæmilega við nútímakröfur af svo lágum launum. Og ég hygg, að þeir séu svo fáir tiltölulega, sem hafa það háar tekjur, að þetta sé nokkurn veginn raunverulegt að byggja á þessum tölum.

Hæstv. ráðh. segir, að 77.7% séu vel settir, 12.8% sæmilega settir, þ. e. a. s. það má gera ráð fyrir, að það séu menn, sem þyrftu kannske eitthvað að bæta hag sinn, en 6.1% eigi í erfiðleikum, og 3.4% eru illa settir, segir hæstv. ráðh., og spurning um, hvort það bezta, sem fyrir þá væri gert, væri það að koma þeim burt frá búskapnum og að öðrum störfum. Ég ætla ekki að leggja neinn dóm á þetta, en ég hygg, að það sé erfitt núna að koma mönnum að öðrum störfum. Ég sá seinast í morgun í blaði, að enn þá væru tvö þúsund manns á atvinnuleysisskrá. Og nú er hávertíð, blómatíminn í atvinnulífi þjóðarinnar á þessum tíma og tvö þúsund manns á atvinnuleysisskrá, svo að það er ákaflega hæpið, að það sé nú auðvelt að koma þessum, þó að það sé ekki nema þrjú til fjögur hundruð bændum og þeirra skylduliði til starfa annars staðar en við landbúnað. Enda hygg ég, að við þurfum á þessu fólki að halda við landbúnað. Það eru nú ekki nema eitthvað 12-13% af vinnuafli þjóðarinnar, sem vinna við landbúnaðinn. Og ég held, að það sé orðin lægri tala en í sumum Evrópulöndum, a. m. k. ekki miklu hærri og líklega lægri en sums staðar, svoleiðis að við erum komnir á það stig að vera jafnokar annarra að þessu leyti í sambandi við landbúnaðarframleiðsluna. Við höfum flutt út dálítið af landbúnaðarvörum, afganginn af því, sem þjóðin hefur ekki þurft að nota. Ég geri ráð fyrir, að það verði keppt að því að koma upp iðnaði, t. d. í sambandi við ull og skinn, og að sá hluti landbúnaðarvörunnar, sem við notum ekki, verði þannig í útfluttum iðnaðarvörum. Þessu ber auðvitað að keppa að og stefna að því að auka þannig atvinnu fyrir fólk í bæjum. Það er geysimargt fólk í bæjunum hér, sem hefur lífsframfæri sitt af störfum í sambandi við landbúnaðinn, af iðnaði og vörudreifingu og öðru slíku, og þess vegna eigum við að reyna að halda allri landsbyggðinni í byggð, hafa

bændur um allt landið, norðan og vestan og austan og sunnan, alls staðar eigum við að hafa bændur. Það er röng stefna, ef við ætlum að eyða einhver svæði landsins að allri byggð, og hygg ég, að hæstv. landbrh. sé mér nú sammála í því.

Hæstv. landbrh. minntist á það, þegar kjötið var hækkað 1942 um 100%. Hann sagði: Þá var ekki Framsókn við völd. Og mjólkin hefði svo hækkað rétt á eftir. Hann var nú svo hógvær og lítillátur, að hann nefndi ekki sitt eigið nafn, en þess hefur nú oft verið getið samt á síðum Morgunblaðsins, að það hafi verið hann, sem hækkaði kjötið 1942, því að hann var þá formaður kjötverðlagsnefndar og á vissulega sinn heiður af því, sem þá var gert. Ég vil síður en svo hafa það af honum. En þess má líka geta í sambandi við þann atburð, að þá stóð styrjöldin í algleymingi og vörur allar hækkuðu. Allar matvörur voru eftirsóttar, hvort heldur það var kjöt eða fiskur eða aðrar matvörur, þær voru eftirsóttar vegna stríðsins og það var mjög gott tækifæri þarna til þess að hækka þessar vörur mikið, og hæstv. landbrh. núv. var svo heppinn að vera þá nýlega orðinn þingmaður, hafa verið settur formaður í þessa virðulegu kjötverðlagsnefnd og eiga sinn þátt í því að hækka kjötið, og ég skal síður en svo vera að hafa það af honum. En það voru fyrst og fremst utanaðkomandi skilyrði, sem gerðu þetta mögulegt, en ekki einhver sérstök vísindi eða sérstakur vilji af hendi þess flokks, sem hann tilheyrði, eða þeirrar stjórnar, sem þá sat að völdum. Það voru fyrst og fremst utanaðkomandi aðstæður, sem sköpuðu þessi skilyrði, að hægt var að gera þetta. Og síðan hækkuðu vörur á eftir.

Hann sagði, hæstv. ráðh., að ég hefði verið að klaga upp á Sláturfélag Suðurlands. Þetta er hinn mesti misskilningur. Ég var ekki að klaga upp á einn eða neinn annan en þá ríkisstj. Ég var auðvitað í minni ræðu að kvarta undan hennar stefnu, og það er vitanlega afleiðing af stjórnarstefnunni, að afurðasölufélög bænda eiga erfitt með að skila verði afurðanna fyrr en eftir dúk og disk. Það er ekki verið að kenna það stjórn Sláturfélags Suðurlands, að verðið kemur svo seint. Ég veit, að þar er hverri krónu skilað jafnharðan og hún fellur til. Ég efast ekkert um það. Eins má segja um Mjólkurbú Flóamanna, sem hæstv. ráðh. var nú í raun og veru að klaga upp á, að borgaði ekki mjólkina eins og það ætti að geta nú, en sannleikurinn er sá — mér er kunnugt um það, þar sem ég á sæti þar í stjórn — að það er ævinlega hækkuð útborgunin um leið og nokkur hækkun kemur á afurðirnar. Og fram að þessu hefur Mjólkurbúið setið með svo miklar birgðir, að það hefur ekki getað borgað meira út heldur en gert hefur verið. Ég skal þó játa það, að Mjólkurbúið hefur notið ágætrar fyrirgreiðslu í bönkum, í Landsbankanum t.d. Ég hef ekkert út á það að setja. Og Mjólkurbúið hefur fengið þau afurðalán, sem það hefur átt rétt á, og ég skal líka játa það, að hæstv. landbrh. hefur gert það, sem í hans valdi hefur staðið, til þess að rétta fram hjálparhönd, þegar með hefur þurft í sambandi við þessa stofnun, svoleiðis að þar er ekkert upp á að klaga. En það hafa safnazt birgðir á undanförnum árum, og útflutningurinn á þessum mjólkurvörum hefur orðið það mikill og á kjötvörum raunar líka, að útflutningsuppbæturnar hafa ekki nægt núna síðustu árin og bændurnir hafa orðið að taka á sjálfa sig nokkuð af þeim halla, sem orðið hefur vegna útflutningsins. Og nokkru af þeim vanda hefur auðvitað verið ýtt á undan sér, og það veit hæstv. ráðh. vel og ber ekki sízt ábyrgð á því, að það hefur verið gert og nú kemur auðvitað að því, að menn standa frammi fyrir þeirri staðreynd, að það hefur verið ýtt á undan sér vandanum að einhverju leyti. Og þess vegna er það nú, að það hefur sigið á ógæfuhlið hjá mjólkuriðnaðinum. Það varð að taka 28 aura verðjöfnunargjald af mjólkinni á s.l. ári til þess að mæta þessum vanda, og þeir peningar koma aldrei til útborgunar framar, hvorki hjá Mjólkurbúi Flóamanna né öðrum. Núna horfum við að vísu fram á það, að hægt verði að auka útborgun, þegar að því kemur, að birgðirnar eru þrotnar.

Hæstv. ráðh. sagði það um gagnrýni mína á frv., þar sem ég var að gagnrýna, að ekki væri kaupskylda á bréfunum, engin stofnun væri skyldug til að taka þau, þá sagði hann: „Er ekki eðlilegra að nota frjálsu leiðina?“ Það er náttúrlega ákaflega gott að vera frjáls, en það er líka, að þegar frelsið er, þá hafa þessar stofnanir líka frelsi til þess að neita um það að taka þessi bréf. Og ég vil spyrja hver var það, hvaða aðili var það, sem bannaði það, að það yrði sett í þetta frv. hæstv. ríkisstj. kaupskylda á bréfin? Hver var það? Ég þykist þekkja hæstv. landbrh. það mikið, að ég er sannfærður um það, að hann hefði viljað velja þann kostinn að hafa kaupskyldu á bréfunum, því hann veit það sjálfur, að þá fyrst er það tryggt, að þetta komi þeim að gagni, sem það á að hjálpa. En ég hef grun um það, að það hafi einhver aðili verið þar að verki, sem hafi komið í veg fyrir það, að það yrði sett þessi kaupskylda á bréfin. Og þess vegna getur svo farið, að þetta frv., þegar það er orðið að lögum, það verði meira sýndarmál heldur en annars hefði orðið. Ég vil vona, að það verði ekki, en ég óttast það, að það kunni að verða, því að það er vitanlega hægt að koma í veg fyrir það, að bréfin verði tekin, úr því að engin skylda er fyrir hendi í lögunum um það, að þau verði keypt.

Ég ætla þá ekki að segja fleira um þetta að svo stöddu.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð þannig sögð, sem ekki gefa sérstakt tilefni til þess að halda umr. áfram, þó að ég út af fyrir mig hafi ekkert á móti því. En ég hef nú samt áhuga fyrir því, að málið komist til nefndar sem fyrst, og þá er tækifæri við tvær umr. seinna að tala. En í sambandi við þessi 77.7%, sem ég minntist á, þá vil ég geta þess, að í skýrslunni margnefndu er hér talað um svokallaðan A-flokk, sem er 77.7% af bændum, og þeir skulda minna en einfaldar brúttótekjur. Þeir skulda kannske frá ¼ og upp í 99% af brúttótekjum. Og það er talið, að þeir, sem skulda ekki meira en þetta, séu vel settir. Reynslan sker náttúrlega úr því.

Hv. 5. þm. Austf. talaði um áburðarkaupin að þessu sinni, og það er vitað mál, að viss hluti bændastéttarinnar á í erfiðleikum með að kaupa áburðinn að þessu sinni, viss hluti. Og vissulega bæri mikið á því, ef 10% af bændunum eða 9.5%, sem eru taldir illa settir, væru í erfiðleikum með að kaupa áburðinn. En það er sá hluti,

sem talið er, að sé í erfiðleikum, þótt 3.4% skeri sig alveg úr. Það er verið að gera ráðstafanir til þess, að Áburðarverksmiðjan fái aukin lán til þess að geta gefið almennari fyrirgreiðslu og gjaldfrest við áburðarkaupin að þessu sinni. Og vissulega hækkar áburðurinn mikið nú. Hann hækkar um 34.8% að meðaltali, sem eru óhjákvæmileg vegna gengisbreytingarinnar. Þetta er mikil hækkun. Það kom nú bóndi að máli við mig fyrir stuttu og ræddi um áburðarkaupin, og ég yfirheyrði hann, hvað hann hefði framleitt árið, sem leið. Við reiknuðum út, hvaða hækkanir hann hefði fengið frá því í fyrra, og hvað tekjurnar hefðu aukizt vegna verðhækkananna. Og við komumst nú að þeirri niðurstöðu, að sá bóndi, sem telst svona í meðallagi, hafi fengið verðhækkanir á mjólk og kjöti til þess að geta keypt áburð og fóðurbæti og aðrar nauðsynjar. En vitanlega liggur í augum uppi, að þeir, sem verst eru settir, verða þarna í einhverjum erfiðleikum.

Ég hafði hugsað mér að halda þessum umr. ekki við, en ég kemst ekki hjá að minnast á aðeins eitt, sem hv. 2. þm. Sunnl. sagði hér áðan. Hann fullyrti það, að það væri alltaf að aukast bilið á milli stéttanna, og þeir fátæku yrðu fleiri og þeir auðugu yrðu fleiri. Það er bezt að vera ekki með neinar fullyrðingar um þetta hér, því að ég hygg, að við vitum nú þetta ekki vel, hvorugur okkar. En ég á ósköp bágt með að trúa því, að hinum auðugu sé svo mikið að fjölga núna. Hinir auðugu hafa verið taldir vera í kaupsýslustétt eða útgerð, en maður hefur nú lesið um það í flestum dagblöðum og einnig í málgagni Framsfl., a. m. k. að það blési ekki byrlega fyrir kaupstéttina. Og við vitum, að útgerðin hefur átt í erfiðleikum vegna verðfalls og aflatregðu. Vonandi fer það að lagast nú með auknum afla. Og svo er það með 8 stunda vinnuna. Það hefur aldrei verið hægt að lifa góðu lífi með aðeins 8 stunda vinnu hér á landi, ekki fram að þessu. Vonandi verður það. Vonandi verður það með aukinni tækni og auknum afköstum í krafti tækninnar, að við getum stytt vinnutímann og bætt lífskjörin með því móti. Og það ber vitanlega að stefna að því, að það sé hægt að lifa góðu lífi með 8 stunda vinnu.

Vilhjálmur Hjálmarsson: Herra forseti. Mér þykir nú vænt um það, að hæstv. ráðh. dregur örlítið inn með alla bjartsýnina. Það er nefnilega töluvert annað, hvort 77% bænda þurfa ekki beina kreppuaðstoð eða hvort þeir eru, eins og hann orðaði það áðan, ágætlega settir og eru ekki í neinum greiðsluerfiðleikum. Það er sko tvennt ólíkt. Og það er ástæðulaust að láta það fara ómótmælt út úr hv. þd., að þannig sé ástatt hjá íslenzkum bændum, því að það er auðvitað alveg út í bláinn mælt.

En mér þykir vænt um að heyra það frá hendi ráðh., og ég vil þakka fyrir þær upplýsingar, að það er unnið að því að Áburðarverksmiðjan fái nú lán og geti gefið nægjanlegan greiðslufrest til þess að menn geti komizt yfir áburðinn í vor. Það er gott að heyra það. En ég vil þá líka jafnframt, að bændur megi vænta þess, að endirinn á þeim málum verði ekki með þeim endemum, sem var í fyrra, þegar stórkostlegt gengistap varð á skyndiláni Áburðarverksmiðjunnar. Enn þá er ekki kunnugt um annað en að það tap lendi með einum eða öðrum hætti á landbúnaðinum. Ég vil leyfa mér að vænta þess, að þeim málum lykti betur nú en þá.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Ég vil aðeins að gefnu tilefni taka það fram, að ef gengistap Áburðareinkasölunnar hefði verið sett í áburðarverðið, hefði það verið nærri 40%, sem áburðurinn hefði hækkað. Það er vegna þess, að gengistap Áburðareinkasölunnar er ekki tekið inn í áburðarverðið, að hækkunin er ekki nema 34.8%.

Vilhjálmur Hjálmarsson: Herra forseti. Ég vil aðeins í framhaldi af þessu og að fengnum þessum upplýsingum spyrjast fyrir um það, hvort það sé búið endanlega að ráðstafa þessum málum og ákveða til fulls, hvernig með þetta gengistap verði farið og hvort hæstv. ráðh. gæti núna upplýst okkur um það í einstökum atriðum.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Ja, ég get ekki svarað þessu skýrar heldur en ég gerði áðan. Úr því að gengistap Áburðareinkasölu ríkisins er ekki tekið inn í áburðarverðið, hlýtur Seðlabankanum að verða greidd þessi skuld með öðrum hætti.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 76. fundi í Nd., 14. apríl, var enn fram haldið 1. umr. um frv.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 29 shlj. atkv. og til landbn. með 29 shlj. atkv.

Á 79. fundi í Nd., 21. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 348, n. 466 og 467, 468).

Frsm. meiri hl. (Bjartmar Guðmundsson): Herra forseti. Landbn. tók þetta frv. strax til umr. og afgreiðslu, þegar henni hafði borizt það, þar eð allir nm. voru sammála um það, að flýta bæri afgreiðslu á þessu frv., þó að þeir væru hins vegar ekki að öllu leyti sammála um efni þess.

Eftir 1. umr. um þetta frv. hér í d. kynnti ég mér eftir föngum skýrslu harðærisnefndar og sannfærðist um af lestri hennar, að sú nefnd hefur unnið gott verk og þarft og á þakkir skilið fyrir, hvernig hún hefur lagt þetta mál fyrir að aflokinni sinni athugun. Einnig ber að þakka hæstv. landbrh. fyrir það að hafa látið þessa athugun fara fram, og koma þessu frv., sem hér um ræðir, af stað. Á athugun harðærisnefndarinnar byggist þetta frv. og þær till., sem í því felast. Hver sá, sem blaðar í þessari skýrslu, verður margs vísari um hag og kringumstæður bænda í landinu árið 1967, en það er unnið upp úr skattframtölum fyrir það ár. Bæði er hægt að mynda sér glögga heildarmynd af ástandi þá í landinu í heild, eins og ég sagði, og einnig um kringumstæður og ástand í einstökum byggðarlögum. Fram kemur, að ástæður bænda í landinu og skuldir fara minna eftir því en ég hugði, hvernig byggðarlögin eru sett. Hin hlýrri svæði landsins og veðurbetri eru undarlega lítið betur á vegi stödd heldur en mörg hin lakari að þessu leyti.

Unnið hefur verið úr, eins og raunar hefur komið hér

fram áður, 6129 skattframtölum bænda og búandi manna. En aðeins 4769 framtöl hafa verið tekin til sérstakrar úrvinnslu til að finna út ástand og hag hinna eiginlegu bænda. Hinir, sem ekki eru með teknir, eru með annað tveggja svo lítil bú, að vart er hægt að miða við þau vegna þess, að þau geta ekki gefið viðunandi lífsafkomumöguleika, eða þá að þeir bændur, sem eru í þessum hópi, hafa ekki aðalframfæri af landbúnaði. Meðaltekjur þessara 4769 bænda, sem full athugun nær til þetta ár, hafa verið 123 þús. kr., hæst í sýslu 177 þús., en lægst 80 þús. Brúttótekjur bændanna þetta ár hafa orðið að meðaltali 400 þús. kr. og teljast nettótekjur vera um 30.8% af því. Þar sem útkoman er verst, hefur þetta hlutfall farið niður í 10%. Nokkur hópur bænda virðist því hafa nettó í kringum 40 þús. kr. Og þegar á það er litið, að sumir þessir bændur eru einmitt þeir skuldugustu, sést vitanlega, að útkoma hjá þeim er mjög bágborin. Á þessu sést einnig, að tilkostnaðurinn við búrekstur er yfirleitt of mikill, þar sem svona lítið hlutfall kemur út sem nettó, og er það athugunarefni út af fyrir sig, sem ekki verður farið hér út í.

Lítum svo lauslega á skuldir þessara 4769 bænda. Sést þá, að þær eru 1250 millj. og þar af lausaskuldir hátt á 5. hundrað millj. Rúmlega 2700 bændur telur nefndin vel stæða eða um 57.6% bændanna. Lakast ástand að þessu leyti er í Dalasýslu, 53%, Norður-Múlasýslu 52.9% og Vestur-Skaftafellssýslu 52% og Snæfellsnessýslu 50.2%. En hagstæðast í Vestur-Ísafjarðarsýslu, Kjósarsýslu og Suður-Þingeyjarsýslu. Eins og fyrr segir, telur nefndin um 57.8% bændanna hafa góðan efnahag, en aftur á móti um 3.4% búa við vonlausa aðstöðu að áliti nefndarinnar eða um það bil 160 bændur. Skuldir þeirra að meðaltali eru 725 þús.

Til að glöggva sig á, hvaða eignir koma á móti þessari skuldabyrði, 1250 millj., kannaði nefndin eignir bændanna, lausar og fastar, og færði þá fasteignirnar til virðingarverðs, er hún setti á þær sjálf með hliðsjón af hinu nýja fasteignamati, sem nú er að miklu leyti lokið. Upplýsingar fékk hún hjá yfirfasteignamatinu. Er meðalverð jarða samkv. því hæst í Borgarfjarðarsýslu, 998 þús., lægst í Norður-Múlasýslu 445 þús. En meðalverð yfir landið allt er 687 þús. Þess ber að geta, að nefndin fór ekki að öllu leyti eftir því, sem fyrir lá hjá fasteignamatinu, heldur hafði hliðsjón af því og færði matið víða niður um 10 og jafnvel upp í 40% eftir staðháttum. Brúttóeign á bónda í landinu virðist vera 1 millj. 48 þús., hæst í Borgarfjarðarsýslu 1431 þús., lægst í Strandasýslu 714 þús. Þegar svo skuldabyrðinni er deilt á alla bændur, reynist hún 262 þús., þar af 103 þús. lausaskuldir. Eignin hins vegar, eins og ég sagði áðan og verður þá skuldlaus eign að meðaltali 778 þús. Nú ber þess að geta, að skýrslan er tekin saman eftir framtölum 1967. Næst liðið ár, 1968, reyndist mjög erfitt vegna vorkulda og túnskemmda af völdum kals. Fóðurkaup urðu ægilega mikil, þar sem enginn gróður kom í stórum hlutum landsins fyrr en undir miðjan júlí og sums staðar síðar, en alls staðar seint. Í slíku árferði hefði orðið stórfellir fyrir nokkrum áratugum, en svo er fyrir þakkandi, að þrátt fyrir þetta urðu fénaðarhöld alls staðar, sem ég til veit, ágæt. En víst er, að víðast eða alls staðar á landinu varð af þessum sökum mikil skuldasöfnun vegna óvenjulegra fóðurkaupa. Má því fullyrða, að ástandið hafi versnað síðan, einkum á kalsvæðunum, þó að Bjargráðasjóður hafi hlaupið þar mikið undir bagga síðan hann var efldur 1967 og 1968.

En þó að svo sé, að ástandið sé nú eitthvað lakara en skýrsla harðærisnefndar sýnir, þá fæ ég ekki betur séð en um það bil ⅔ eða jafnvel ¾ bænda séu mjög sæmilega á vegi staddir efnalega. Hinir eru misjafnlega illa á vegi staddir og er mjög mikil þörf að létta þeim róðurinn með einhverju móti. Að sjálfsögðu þykja meðaltekjur á íslenzku bændaheimili lágar, eða 123 þús. En þess ber að geta, að tekjur bænda hafa alltaf verið lágar og hefur oft verið til þess vitnað, þó að þær hafi farið hækkandi miðað við aðrar stéttir nú í seinni tíð, sérstaklega á árunum 1965—1966. En lágar tekjur hafa venjulega enzt furðuvel á sveitaheimilunum. Bóndinn og börn hans og kona eru ekki alltaf á biórápi eins og fólk á sumum heimilum í þéttbýlinu, og krakkarnir standa ekki heldur við sjoppuopin og maula sælgæti eða drekka gos. Konan bakar brauðið og saumar flíkurnar og sparar þannig mjög mikinn pening og á bændaheimilum eru ekki keyptar ónýtar sokkabuxur á kvenfólkið fyrir fleiri þús. kr. á ári. Og bændaheimilin þurfa ekki heldur að kaupa sumar vörur með álagningu 25—30% eins og til að mynda kjötvörur. Og þetta fólk er ekki heldur tíðir gestir á Hótel Sögu né í Þjóðleikhúsinu. Og fáum dettur í hug að kaupa svo smátt til búsins í einu, að það nægi aðeins til einnar máltíðar, eins og algengt er í kaupstöðunum.

Á þessa leið mætti margt fleira upp telja, sem gerir það skiljanlegra, að sveitaheimilin komast af með svona lágar tekjur. Þessir útreikningar munu vera mjög nærri lagi. Minni hl. landbn. þykir þetta frv. ganga of skammt. Það höfum við heyrt svo oft áður um frv., sem ríkisstj. ber fram, að það er ekki hægt að kippa sér verulega upp við það.

Aðalatriðið, sem minni hl. bendir á á þskj. 467 og 468, er það, sem allir vita nú og máttu vita, að nokkuð á annað hundrað bænda skulda það mikið, að þetta frv. leysir ekki þeirra vandræði. Á öllum tímum hafa verið til bændur, sem kunnu verr að búa heldur en þeir bændur, sem betur búa. Á öllum tímum hafa verið til bændur, sem hafa orðið heylausir á undan öllum öðrum og er það ekki nema það, sem auðvitað er um þessa stétt, að fólkið sé misjafnt þar eins og annars staðar, og er bændastéttin því ekki neitt sérstök að því leyti nú, að í hennar hópi séu of margir einstaklingar, sem eru það skuldum vafnir, að þetta frv. geti ekki leyst þeirra vandræði. En það fjallar aðeins um það að breyta lausaskuldum bænda í föst lán. Hitt er svo annað mál, að það er nauðsynlegt að leysa vandræði þessara bænda á einhvern annan hátt, en það er flókið mál og ekki þægilegt viðureignar, og verður sjálfsagt ekki gert með einni aðgerð eða tveimur, heldur með fleiri aðgerðum og er sjálfsagt ekki hægt við öðru að búast en einhverjir þessir bændur verði að hætta búskap eins og aðrir atvinnurekendur sínum rekstri, sem lenda í vandræðum og stórskuldum með sinn atvinnurekstur. Tel ég því þetta atriði vera utan við það hlutverk, sem landbn. hefur, þegar hún fjallar um þetta frv. sérstaklega. Og þar sem nú er mjög liðið á þingtíma, hygg ég, að það sé ekki skynsamlegt að blanda öðru máli inn í þetta frv.

Ég sé svo ekki ástæðu til, herra forseti, að hafa öllu

fleiri orð um þetta frv. hér í framsögu fyrir nál., en e. t. v. kemur eitthvað það fram í þessum umr., sem orsaki það, að þær lengist. Legg ég svo til fyrir hönd meiri hl. nefndarinnar, að frv. verði samþ. óbreytt.

Frsm. minni hl. (Stefán Valgeirsson): Herra forseti. Það leyndi sér nú ekki, þegar hv. 11. landsk. var að flytja hér sína ræðu áðan, að honum leið mjög illa út af því að standa ekki með minni hl. í sambandi við þær breytingar, sem hér liggja frammi, og mér þótti mjög ánægjulegt að heyra þennan tón í hv. þm. Og það sannar það í sjálfu sér, að sumir af þessum mönnum geta ekki staðið að málunum eins og hugur þeirra stendur til hverju sinni.

Frv. þetta um breytingu á lausaskuldum bænda í föst lán er stjórnarfrv., 177. mál, og hefur verið samþ. í Ed. óbreytt. Í Ed. klofnaði landbn. um málið og lagði minni hl. þar fram brtt. í fimm liðum til þess að freista þess að reyna að koma frv. í það horf, að líklegt yrði, að það næði þeim tilgangi að leysa þau miklu hraðvaxandi vandamál bænda vegna mikilla lausaskulda og greiðsluvandræða. En þessar tillögur fundu ekki náð fyrir augum hv. stjórnarliða í Ed., enda líklega ekki þess að vænta miðað við þann málflutning, sem hæstv. landbrh. viðhafði við umr. um málið, en að því kem ég betur síðar.

Landbn. Nd. tók málið fyrir á aðeins einum fundi. Klofnaði nefndin um málið. Meiri hl. leggur til, að frv. verði samþ. óbreytt. Einn nm. var ekki viðstaddur afgreiðslu málsins í nefnd, hv. 2. landsk. þm. Eðvarð Sigurðsson og er því ekki vitað um afstöðu hans til málsins. Minni hl. skipar auk mín hv. 5. þm. Austf., Vilhjálmur Hjálmarsson. Stöndum við að þeim brtt., sem ég mun nú lýsa.

1. gr. þessa stjfrv. er þannig með leyfi forseta:

„Veðdeild Búnaðarbanka Íslands er heimilt að gefa út nýjan flokk bankavaxtabréfa. Bankavaxtabréf þessi skulu eingöngu notuð til þess að breyta í föst lán lausaskuldum bænda, sem hafa ekki fengið nægileg lán til hæfilegs tíma vegna fjárfestinga, sem þeir höfðu ráðizt í á jörðum sínum á árunum 1961–1968 að báðum árum meðtöldum."

Eftir þessari gr. er ekki hægt að sjá annað heldur en það sé eingöngu vegna fjárfestinga, annað eigi ekki að taka inn, ef þessi gr. verður samþ. óbreytt. Við, sem stöndum að brtt. minni hl., teljum, að þetta nái alls ekki þeim tilgangi, sem við álítum, að þurfi í þessu efni. Menn hafa safnað skuldum af ýmsum öðrum ástæðum. Menn hafa byrjað búskap á þessum tíma, þeir hafa safnað skuldum vegna harðæris og ýmissa óhappa, og það verður ákaflega erfitt að greina á milli, þannig að við teljum, að á þennan hátt eigi gr. og megi ekki vera. Við leggjum til, að þessi gr. orðist svo með leyfi forseta:

„Bankavaxtabréf þessi skulu eingöngu notuð til að breyta í föst lán lausaskuldum bænda, sem ekki hafa fengið nægileg lán til hæfilegs tíma til framkvæmda, sem þeir hafa ráðizt í á bújörðum sínum 1960—1968, svo og lausaskuldum vegna véla og fóðurkaupa á sama tíma, að báðum árum meðtöldum, og enn fremur til lánveitinga handa fyrirtækjum, er á fyrrnefndu tímabili hafa komið upp vinnslustöðvum fyrir landbúnaðarafurðir, en ekki fengið nægilegt fjármagn til langs tíma til þeirra framkvæmda."

Við sem sagt leggjum einnig til, að vinnslustöðvar landbúnaðarins njóti þarna einnig fyrirgreiðslu í sambandi við þessa breytingu á skuldunum. 2. gr. hljóðar þannig í frv. með leyfi forseta:

„Lán samkv. lögum þessum skulu aðeins veitt gegn veði í fasteignum bænda ásamt mannvirkjum, sem á jörðinni eru. Lánstími skal vera allt að 20 ár. Vaxtakjör skulu ákveðin af stjórn veðdeildarinnar að höfðu samráði við ráðh."

Eins og ég mun sýna fram á síðar, eru ýmsir með það erfiðar ástæður, að það er alls ekki mögulegt fyrir þá að borga neitt niður af þessum lánum, og ef þau yrðu með þeim vöxtum, sem manni er sagt, að sé hugmyndin, að á þessum lánum verði 8½—9% vextir, þá sjáum við það, að þeirra vandræði, sem nú eru mikil, verða enn meiri. Við teljum því, að það þurfi að breyta þessu og leggjum til, að 2. gr. orðist þannig:

„Lán samkv. lögum þessum skulu veitt gegn veði í bújörðum bænda ásamt mannvirkjum, sem á jörðinni eru, vélum og vinnslustöðvum landbúnaðarins. Lánstími skal vera allt að 30 ár. Vaxtakjör skulu ákveðin af stjórn veðdeildarinnar að höfðu samráði við ráðh., en þó séu vextirnir ekki hærri en 6½%."

En við gerum ekki till. um breytingu á 3. gr., en 4. gr. í frv. er þannig með leyfi forseta:

„Lán samkv. lögum þessum, að viðbættum veðskuldum þeim, sem hvíla á fyrri veðréttum, skal ekki nema hærri upphæð en 75% af matsverði veðsins."

Og 6. gr. er þannig:

„Að því leyti, sem ekki brýtur í bága við ákvæði laga þessara, gildir ákvæði III. kafla laga nr. 115 frá 7. nóvember 1941 um lánveitingar samkv. lögum þessum."

En 22. gr. nefndra laga, þ. e. a. s. III. kafla laga um Búnaðarbanka Íslands, er þannig með leyfi forseta:

„Eignir þær, sem veðdeildin tekur að veði, skal á kostnað lánþega virða á þann hátt, sem nánar verður tiltekið í reglugerð. Má þar m. a. ákveða, að stjórn Búnaðarbankans megi tilnefna virðingarmenn. Þar má og heimila, að gildandi fasteignamat komi í stað virðingar á veðinu eftir tilteknum reglum og ákvörðun bankastjórnar."

Við viljum og leggjum til, að það séu í lögunum alveg ákveðnar reglur um þessa virðingu, en ekki annaðhvort að fasteignamatið gildi eða þær séu virtar, og þess vegna leggjum við til, að 4. gr. orðist svo með leyfi forseta:

„Lán samkv. lögum þessum, að viðbættum veðskuldum þeim, sem hvíla á fyrri veðréttum, skal ekki nema hærri fjárhæð en 80% af matsverði veðsins, en matsverðið skal ákveðið af dómkvöddum mönnum á þann hátt, sem tíðkazt hefur vegna lántöku í veðdeild Búnaðarbankans."

Á eftir 4. gr. leggjum við til, að komi tvær nýjar greinar, sem orðist svo:

5. gr. Seðlabankinn kaupir bankavaxtabréfin, sem notuð verða til lánveitinga samkv. 1. gr., fyrir nafnverð.

6. gr. verði þannig: Heimilt er að veita bændum sérstaka fjárhagsfyrirgreiðslu sakir harðæris og annarra stóráfalla í búskap, svo og frumbýlingum, er staðið

hafa í nauðsynlegum framkvæmdum, en skortir veð samkv. 4. gr. Landbrh. skipar þrjá menn til þess að meta þarfir og fyrirgreiðslu þessa. Skal einn tilnefndur af Búnaðarfélagi Íslands, einn tilnefndur af Stéttarsambandi bænda og einn skipaður án tilnefningar.

Eins og fram hefur komið í umr. um þetta mál fól hæstv. landbrh. harðærisnefnd að gera nokkurs konar eignakönnun hjá bændum. Hefur nefndin sent frá sér skýrslu um þessa könnun og nær hún til ársloka 1967. Vantar því alveg inn í myndina árið 1968. En vitað er, að það ár varð mjög erfitt bændum vegna hins dæmalausa yfirdóms, sem féll 1. desember 1967, þar sem verðlagsgrundvöllurinn frá fyrra ári var framlengdur næsta verðlagsár án þess að láta þau hlunnindi, sem kölluð voru á sínum tíma hliðarráðstafanir, frá fyrra ári fylgja með eða gera neina leiðréttingu á verðlagsgrundvellinum, þó að fyrir lægi, að bændur hefðu ekki haft hálfar tekjur miðað við viðmiðunarstéttirnar það ár. Enn fremur kom gengisfellingin 1967 mjög illa við bændur, því að þó að þeir fengju hækkun á verðlagsgrundvellinum 1. janúar 1968, sem hækkuninni nam á rekstrarvörunum miðað við einingarverð, þá vantaði mjög á það, að magntölur í grundvellinum væru réttar miðað við notkun þeirra og lenti því stór hluti af þessum hækkunum á bændum. Í þriðja lagi var tíðarfar erfitt fyrir landbúnaðinn, hafís og harðindi og af þeim ástæðum óvenju mikill tilkostnaður víðast hvar á landinu.

Enginn vafi er á því, að sú mynd, sem harðærisnefnd dregur upp af efnahag bænda, breytist mjög til hins verra, þegar þetta síðasta ár er tekið með. Á það skal bent í þessu sambandi, að bændur nutu ekki nema að hluta til þeirra verðhækkana, sem urðu á afurðum þeirra 1. janúar 1968, því að útflutningssjóðurinn nægði ekki til að greiða útflutningsbætur vegna verðbólguþróunarinnar í landinu og varð því að grípa til þess ráðs að hækka verðjöfnunargjald af framleiðsluvörum bænda í 3 kr. kg af dilkakjöti og 28 aura á mjólkurlítrann og voru á þann hátt teknar 49.3 millj. af bændum árið 1968. Má því segja, að mestöll hækkunin af gengisfellingunni 1967 á rekstrarvörum landbúnaðarins hafi lent á bændastéttinni án bóta, og hefur það ekki lítil áhrif á stöðuna nú.

Þessi skýrsla nær ekki til 500—800 bænda, að harðærisnefnd telur, eða allra þeirra, sem ekki töldu fram til skatts árið 1967. Að áliti þeirra, sem bezt til þekkja, mun stærsti hópur þessara bænda vera mjög illa staður, og er líklegt, að þegar þeir hafa verið skoðaðir, hækki talsvert hlutfallstala þeirra, sem mjög höllum fæti standa nú efnalega. Niðurstaða þessarar eignakönnunar stendur einnig á mjög veikum grunni, hvað mati á eignum bænda viðkemur miðað við það ástand, sem nú er hjá stórum hluta bændastéttarinnar. Væri normalt ástand í landbúnaði, væri annað mál, en það er langt frá því, að það sé. Það er ekki annað sýnna en æðistór hluti bænda hafi engin ráð til að kaupa þann áburð, sem ræktað land þeirra þarf á þessu vori, svo að líklegt sé, að þeir fái heyfóður handa búpeningi sínum. Verði heyfóður af skornum skammti á næstu haustnóttum og þurfi þá að fara með hluta af bústofninum á blóðvöll, er ég hræddur um, að afföll verði á eignum þeirra bænda miðað við þetta eignarmat. Og þeir, sem verða að gefast upp við búskapinn af fjárhagsörðugleikum eða öðrum ástæðum — þar sem þetta frv., ef að lögum verður óbreytt, leysir engan vanda hjá þeim, sem verst eru settir — hvað fá þeir fyrir jarðir sínar? Er það líklegt, að það nemi þeirri upphæð, sem harðærisnefnd leggur til grundvallar í mati sínu? Það a. m. k. efa ég, nema þá sé um hlunnindajarðir að ræða. Sé þar jarðhiti eða fylgi veiðiréttur, er áhugi fyrir slíkum jörðum af þéttbýlismönnum, en til búrekstrar lítill áhugi, og í sjálfu sér eru jarðir nú óseljandi til búrekstrar, og er það í réttu samræmi við afkomumöguleika bænda nú. Og ekki er líklegt, að rofi til í því efni eins og nú horfir.

Þegar 1. umr. fór fram um þetta mál, var ég ekki kominn til þings úr páskaleyfi, en ég las yfir ræður hæstv. landbrh., sem hann flutti við umr. og þar var sannarlega mörg gullkorn að finna, alls ekki færri en vanalega. Eitt af þeim var þetta, með leyfi hæstv. forseta:

„Það kom nú bóndi að máli við mig fyrir stuttu og ræddi um áburðarkaupin, og ég yfirheyrði hann, hvað hann hefði framleitt árið, sem leið. Og við reiknuðum út hvaða hækkanir hann hefði fengið frá því í fyrra og hvað tekjurnar hefðu aukizt vegna verðhækkana, og við komumst nú að þeirri niðurstöðu, að sá bóndi, sem telst svona í meðallagi, hafi fengið verðhækkanir á mjólk og kjöti til þess að geta keypt áburð og fóðurbæti og aðrar nauðsynjar."

Þetta er orðrétt eftir sjálfum landbrh. Hvernig lízt hv. alþm. á? Er verið að undirbúa það, að þær verðhækkanir, sem urðu af völdum síðustu gengisbreytinga og ekki hafa nú verið teknar inn í verðlagið, lendi á bændum og verði ekki teknar inn í grundvöllinn, ekki einu sinni á næsta hausti? Eða hvað eiga menn að halda? Eða getur það virkilega verið, að hæstv. landbrh. skilji eins lítið í þessum málum eins og fyrrgreind ummæli hans gefa tilefni til að halda, ef ekki liggur eitthvað annað að baki þessum ummælum. Veit hæstv. landbrh. ekki, eða er hann búinn að gleyma því, að bændur höfðu aðeins hálfar tekjur og varla það fyrir árið 1967 miðað við viðmiðunarstéttirnar og fengu enga hækkun 1968 á grundvellinum, voru sviknir um gengishagnaðinn af ullar- og gærusölu að fyrirmælum ríkisstj. í sambandi við gengisfellinguna 1967 og þessi gengishagnaður notaður til þess að borga niður kjöt á innlendum markaði, og urðu að bera bótalítið allar þær hækkanir, sem urðu á rekstrarvörum landbúnaðarins vegna áhrifa frá gengisfellingunni 1967? Sú hækkun, sem yfirdómur úrskurðaði í haust á verðlagsgrundvellinum, var því aðeins hluti af því, sem þurft hefði til þess að leiðrétta áorðna skekkju liðinna ára. Og ýmsir liðir grundvallarins eru mjög óhagstæðir bændum. En út í það skal lítið farið að sinni. Þó get ég ekki látið það óátalið, að grundvallarbúið var úrskurðað stærra en það er í dag, og mun það sennilega vera 40—50 ærgildum of stórt, en þetta er aðeins um eina skekkjuna af mörgum.

Vegna þessara einkennilegu ummæla hæstv. landbrh. fór ég að athuga, hverjar væru þær verðhækkanir á rekstrarvörum landbúnaðarins vegna áhrifa frá síðustu gengisfellingu, sem ekki voru teknar inn í verðlagsgrundvöllinn í haust. — Þ. e. a. s. þá var tekinn hluti frá áhrifum af 20% gjaldinu og niðurstaðan varð þessi. Þar tek ég áburðinn með, því að nú er komið

verð á honum og miðað við grundvallarbúið er sú hækkun 20114 kr. Á kjarnfóðrinu tæp 17 þús. kr., og þetta er í mörgum liðum, sem ég ætla nú ekki að lesa upp alla saman. Ég tók alla liðina nema hækkun á rafmagnstöxtunum og símagjöldunum. Og niðurstaðan varð sú, að hækkanirnar á þessu vísitölubúi voru hvorki meira né minna en 62 þús. 398 kr. 40 aurar. Í þessu er sú vísitöluhækkun á kaup, sem átti að koma inn 1. desember. En bændur hafa fengið nú 60 aura á hvern mjólkurlítra, sem gerir 17700 kr. Eftir standa því tæp 45 þús. kr. af grundvellinum. Sannleikurinn er sagna beztur og þannig er niðurstaðan í þessu máli.

Vegna margendurtekinna fullyrðinga landbrh. um, að framkvæmdir í landbúnaði hafi verið meiri í hans stjórnartíð en áður, framleiðsluaukningin meiri í landbúnaði og lánasjóðir landbúnaðarins hafi lánað hlutfallslega meira en áður, verður ekki hjá því komizt að líta ögn um öxl til að kanna það, hvað rétt er í þessu efni. Um síðustu aldamót höfðu 71.3% af þjóðinni lífsafkomu sína af landbúnaði. 50 árum síðar, þegar 20. öldin var hálfnuð, var þessi hlutfallstala orðin aðeins 20%. Síðustu 18 árin hefur þetta hlutfall enn lækkað allt að helmingi, og munu vera um 10% af þjóðinni, sem nú stunda landbúnað. Hins vegar hafa margir í þéttbýlinu framfærslu sína af þessari framleiðslu með margs konar hætti. Þessar tölur sýna hina miklu þjóðfélagsbyltingu, sem átt hefur sér stað á 20. öldinni og þó aðallega á síðustu þrem til fjórum áratugunum. Framkvæmdir hafa þó að langmestu leyti verið gerðar eftir síðustu heimsstyrjöld eða síðustu 25 árin. Árið 1948 var kindakjötsframleiðslan í landinu 4330 tonn, árið 1958 9920 tonn og jókst því á þessu 10 ára tímabili um 5590 tonn eða meira en tvöfaldaðist. Árið 1968 var kindakjötsframleiðslan 12200 tonn; eða hafði aukizt á þessu tímabili um 2300 tonn. Innvegin mjólk hjá öllum mjólkursamlögum á landinu árið 1948 var 32 millj. 316 þús. ltr. Árið 1958 var þessi tala orðin rúml. 69 millj.; eða hafði aukizt á þessum áratug um 36 700 000 lítra eða töluvert meira en tvöfaldazt. Árið 1968 mun innvegin mjólk hjá mjólkurbúum hafa orðið tæplega 102 millj. lítra; eða tæplega 37 millj. lítra aukning á þessum áratug.

Síðustu 7 árin hefur framleiðsluaukningin orðið mikið hægari en áður eða tæplega 20% af mjólk og tæp 7% af kjöti. Það er auðvelt að rekja orsakir þess til þeirrar breyttu stefnu, sem upp var tekin, þegar viðreisnarstjórnin komst til valda í árslok 1958, því að áhrifanna frá vinstri stjórnar árunum hefur gætt allt til ársins 1961, sérstaklega hvað mjólkurframleiðslu áhrærir, og ég kem betur að því síðar. Á meðan Framsfl. hafði úrslitaáhrif á landbúnaðarmálin fylgdi hann þeirri stefnu að halda niðri framkvæmdakostnaði og rekstrarliðum með margs konar hætti. Skýrasta dæmið um þá breytingu, sem varð á stefnu og framkvæmd þessara mála, þegar viðreisnarstjórnin komst til valda og ætti að verða þeim bændum, sem fylgt hafa stjórnarflokkunum að máli, umhugsunarefni, er, hvernig lánamál landbúnaðarins hafa breytzt frá því, sem áður var.

1958 voru rekstrarlán landbúnaðarins 161 millj. kr. Sambærileg tala nú ætti að vera sem næst því 500 millj., en rekstrarlánin eru enn eins að krónutölu og þau voru árið 1958. Auðvitað er þarna að finna skýringuna á þeim miklu rekstrarerfiðleikum, sem verzlunarfyrirtæki bænda hafa við að stríða í vaxandi mæli. Það hlýtur að segja einhvers staðar til sín, að rekstrarlán hafa minnkað niður í það að vera ⅓ af því, sem þau voru áður, en það er það sem skeð hefur. Lán Stofnlánadeildar Búnaðarbankans voru með 2½-4% vöxtum. Nú eru þessi lán með 6 og 6½% vöxtum, og sé stofnlánaskatturinn tekinn með, sem er bæði eðlilegt og sjálfsagt að gera, þá eru þær greiðslur, sem bændur eru látnir inna af hendi til Stofnlánadeildarinnar, nú yfir 11% miðað við þær skuldir, sem þeir voru í við Stofnlánadeildina í árslok 1967; eða vaxtabyrðin í prósenttölu hefði þá hækkað þrisvar sinnum frá því, sem áður var. Það þarf enginn að halda, að þetta tvennt hafi ekki haft mikil áhrif á hina óheillavænlegu þróun á afkomu og rekstraraðstöðu bænda síðari árin. Þetta jafngildir því, að bændur fá 1 kr. nú, en fengu 3 kr. áður í rekstrarlán, en þurfa að borga nú til Stofnlánadeildarinnar 3 kr., miðað við 1 áður að meðaltali af sömu upphæð. Þegar stofnlánaskatturinn var lögfestur á Alþingi var sagt, að tilgangurinn með honum væri sá, að bændur gætu fengið hærri stofnlán en áður og með því móti mætti komast hjá, að þeir söfnuðu lausaskuldum.

Til að sannprófa, hvernig hefur verið staðið við þetta fyrirheit, hef ég athugað lánveitingar á 12 ára tímabili úr stofnlánasjóðum Búnaðarbankans 1951-1967. Ég umreiknaði lán hvers árs yfir í byggingarvísitölu ársins 1955, þannig að sambærileg tala fáist. Síðan hef ég tekið meðaltal af árunum 1955-1958 að báðum meðtöldum og hins vegar af árunum 1959-1967, og kemur þá í ljós, að meðaltal lánsupphæðar fyrra tímabilið reyndist vera 40.768 kr., en hið síðara 36.398 kr. eða 4370 kr. minna hvert lán að meðaltali; eða framkvæmdamáttur hvers láns lækkaður um rúmlega 10%. Það fyrirheit, að stofnlánin yrðu látin hækka með tilkomu stofnlánaskattsins, hefur orðið þetta í reynd.

Hin breytta stefna er fólgin í því, að fyrir viðreisn fengu lánasjóðir landbúnaðarins fjárframlög beint úr ríkissjóði, en nú eru bændur látnir byggja upp sjálfir Stofnlánadeildina með háum vöxtum og sérstökum launaskatti. Í umr. um stofnlánadeildarskattinn sagði hæstv. landbrh., að þó að vextir hækkuðu og allar rekstrarvörur, gerði það bændum ekki til. Þeir fengju það allt aftur í hækkuðu verði á framleiðsluvörum sínum. Ekki dettur mér í hug, að hæstv. landbrh. vilji ekki, að hlutur bænda sé sem allra beztur. Enginn vafi er á því, að hæstv. landbrh. ætlaði bændum sinn hlut fyrir vinnu sína til jafns við aðra þegna þjóðfélagsins. Hann trúði því sjálfur, að sú lagabreyting, sem hann kom á í landbúnaðarmálum, mundi reynast bændum til heilla. Hans draumur var, að sagan mundi verða skráð á þann veg, að hann sem landbrh. hefði orðið brautryðjandi og borið höfuð og herðar yfir aðra ráðh., sem með þessi mál höfðu farið. Hann var einu sinni framsóknarmaður, en komst ekki þar áfram, eins og metnaður hans stóð til. Hann gekk þá í Heiðnaberg íhaldsins. Hann vildi sýna og sanna það fyrir bændum og þjóðinni allri, hann væri vaxinn upp úr þeim skoðunum, þeirri stefnu, sem framsóknarmenn höfðu stjórnað eftir. Þess vegna yrði hann að móta nýja stefnu, stefnu, sem yrði kennd við hann sjálfan og þann flokk, sem hann nú fylgdi. En

það, sem hæstv. landbrh. flaskaði á, var þrennt. Hann mótaði stefnu án þess að skilja, til hvers hún mundi leiða. Hann tilheyrði flokki, sem hann þekkti ekki og skildi því síður. Samstarfsflokkurinn um stjórn landsins hafði það fyrst og fremst að markmiði að minnka landbúnaðarframleiðsluna og fækka bændum, en aðferðin, sem hann taldi árangursríkasta til að ná því marki, var að þrengja kjör bænda sem mest, þannig að þeir yrðu sveltir af jörðum sínum. Hæstv. landbrh. var því í algerri villu, er hann settist í ráðherrastólinn, og verst af öllu var það, að hann gerði sér alls ekki grein fyrir því. Ég vil sérstaklega undirstrika það, að hæstv. landbrh. trúði því sjálfur, að bændur mundu fá allt í hækkuðu afurðaverði. Því skipti ekki máli, þó að vextir hækkuðu og allur tilkostnaður, og því lét hann aðra leiða sig inn á þessar villigötur. Engir veltuskattar eða söluskattar á landbúnaðarvörum þekktust fyrir valdatíð viðreisnar og höfuðstefnan sú að halda niðri verði á rekstrarvörum landbúnaðarins og stuðla að hagkvæmari rekstri með beinum framlögum. Þetta er einmitt sú stefna, sem nágrannaþjóðirnar fylgja í landbúnaðarmálum, því að landbúnaðarvörur eru allstór hluti af verzlun almennings og verð þeirra hefur því mikil áhrif á kaupkröfur neytendanna og þar af leiðandi á framleiðslukostnað í viðkomandi landi.

Landbúnaður nágrannaþjóðanna hefur yfirleitt aðgang að nægu fjármagni til langs tíma með lágum vöxtum. Bændurnir þar þurfa ekki að byggja upp sína lánasjóði sjálfir með sérstökum skatti og háum vöxtum, eins og íslenzkir bændur eru látnir gera. Víða erlendis er verðlagi á rekstrarvörum landbúnaðarins haldið niðri með beinum niðurgreiðslum og landbúnaðurinn að ýmsu öðru leyti aðstoðaður. Þótt verð á framleiðsluvörum hans sé víða lágt, hafa bændur sæmileg kjör miðað við aðrar stéttir. Menn ættu að hugleiða þennan samanburð, er þeir bera saman framleiðslukostnað hér og erlendis á framleiðslu landbúnaðarins. Og flestir ættu að skilja það, að þessi aðstaða íslenzkra bænda gerir það að verkum, að þeir geta ekki orðið samkeppnisfærir á erlendum mörkuðum nema breytt sé aftur um stefnu í þessum málum og horfið að þeirri stefnu, sem við framsóknarmenn fylgjum og allar nágrannaþjóðir okkar gera allt til þessa dags. En verðbólga er engum atvinnuvegi til eins mikils tjóns og landbúnaðinum, en einmitt aðaleinkenni viðreisnarstefnunnar er verðbólgustefnan. Háir vextir leiða af sér aukinn framleiðslukostnað, hækkað verð á framleiðsluvörum og aukinn tilkostnaður leiðir auðvitað til hins sama. Hærra verð þarf því að fást fyrir afurðirnar og af því leiðir svo auknar kaupkröfur almennings til þess að geta veitt sér það sama og áður. Hin breytta stefna sagði líka fljótt til sín. Þrátt fyrir gott árferði og vaxandi framleiðslu uxu skuldir bænda mjög ört fyrstu ár viðreisnar og 1961 var svo komið, að margir bændur voru komnir í greiðsluvandræði, og háværar raddir heyrðust víða um, að lausaskuldunum yrði að koma í föst lán og við þessari kröfu var orðið 1962. Nú segir hæstv. landbrh. og hans málgögn, að framsóknarmenn hafi ekkert um þetta hugsað, en þörfin fyrir það hafi verið fyrir hendi á meðan við fórum með þessi mál. Í þessu sambandi vil ég benda á, að það voru engar óskir uppi um það að breyta þyrfti lausaskuldum í föst lán á meðan við fórum með landbúnaðarmálin. Og það má ekki falla úr minni að víxilvextir voru lægri áður en viðreisnarstjórnin komst til valda en vextir voru af þessum föstu lánum, sem bændur fengu 1962. Víxilvextir voru um tíma 12%, hækkuðu um 5% frá því sem áður var. Það var því ekkert undarlegt, þó að vaxtabyrðin lægi þungt á mörgum bændum og gleypti drjúgan hluta tekna þeirra. Hæstv. landbrh. og málgögn hans hafa hælzt mjög yfir því, að þeir hafi tekið upp útflutningstryggingu á útfluttar landbúnaðarafurðir og hafa talið, að þar væri um að ræða mjög merkt nýmæli á þessu sviði, þar sem bændum væri tryggt fullt grundvallarverð fyrir afurðir sínar um næstu framtíð. Því er fyrst til að svara, að útflutningstrygging var alls ekki óþekkt 1960 fyrir útfluttar landbúnaðarafurðir. Sett var löggjöf 1955 um framleiðslusjóð til uppbóta á útflutta íslenzka framleiðslu bæði til lands og sjávar og síðan löggjöf um útflutningssjóð í sama skyni. Útfluttar landbúnaðarvörur fengu á þessum árum yfirleitt sömu útflutningsbætur eins og þær sjávarafurðir, sem hæstar uppbætur fengu á hverjum tíma. T. d. árið 1955 voru greidd 35% til þeirra landa, sem greiddu í frjálsum gjaldeyri, en 17.5% til vöruskiptalanda. Þessar útflutningsbætur fóru hækkandi ár frá ári og komust hæst upp í 94% 1958. Áður en 10% útflutningstryggingin var lögfest höfðu bændur rétt til þess að hækka verð á framleiðslu sinni á innanlandsmarkaði, sem því nam er vantaði á framleiðsluverðið fyrir það sem út var flutt á hverjum tíma. Þessi réttur bænda, sem var á sínum tíma staðfestur með hæstaréttardómi, verkaði þannig eða tryggði það, að ríkisstj. hvers tíma hugði mjög að því að gera ráðstafanir til þess að halda niðri framleiðslukostnaði landbúnaðarins. Þessi réttur bænda var því þeim mikils virði, en hann var af þeim tekinn 1960 af viðreisnarstjórnarflokkunum, og þeir fengu í staðinn útflutningstryggingu, sem átti að sögn hæstv. landbrh. að tryggja bændum verðlagsgrundvallarverð um langa framtíð. Á þennan hátt var mikilvægt vopn tekið úr höndum bænda, sem þeir höfðu getað sýnt og notað til þess að koma í veg fyrir síendurteknar hækkanir á öllu, sem til framleiðslu þeirra þarf, eða að öðrum kosti að hækka verð á framleiðsluvörum sínum á innlendum markaði til þess að ná verðlagsgrundvallarverði fyrir það, sem út var flutt. Ekki liðu nema fá ár, þar til útflutningstryggingin nægði ekki lengur, svo ör varð verðbólguþróunin í landinu, þrátt fyrir það að viðreisnarstjórnin sagði í upphafi valdatöku sinnar, að þeirra aðalstefnumál væri að vinna bug á verðbólgunni. 1961, fyrsta árið, sem útflutningsuppbætur voru greiddar eftir að þessi nýja skipun varð á þessum málum, varð uppbótaþörfin rúmar 21 millj. kr. en 1964 nægði útflutningstryggingin ekki lengur, og síðan hafa myndazt vaxandi birgðir í landinu af landbúnaðarvörum, sem ekki hefur verið hægt að flytja út, þar sem engar útflutningsuppbætur hefur verið hægt að greiða með þeim. Og þrátt fyrir þessar 2 síðustu gengisfellingar 1967 og 1968, þótt allur gengishagnaður á útfluttum landbúnaðarvörum hefði fengizt af síðustu gengisfellingu, en hann er nú talinn vera allt að því 160 millj. kr., þá mundi það ekki nægja, ef hreinsa ætti til í þessu efni. Það mundi samt vanta 50—70 millj. kr., ef bændur ættu að fá grundvallarverð, en nú hefur verið

sett 5 kr. verðjöfnunargjald á kindakjöt, á dilkakjöt, og 2,50 á ærkjöt. Þetta sýnir, hvernig verðbólgan hefur leikið þennan atvinnuveg á liðnum árum, hvernig komið er fyrir þjóðinni á 9. ári þeirrar ríkisstj., sem skírði sjálfa sig viðreisn. Það má færa full rök fyrir því, að annaðhvort sé, að það sé engin leið að framleiða neitt í okkar landi, þótt við séum rétt við fengsælustu fiskimið jarðarinnar, höfum við rekið okkur óþyrmilega á það, að sá atvinnuvegur getur ekki borgað mannsæmandi laun, hvað þá aðrir atvinnuvegir, eða hitt að stjórnarstefna liðinna ára hafi reynzt þjóðinni svo heil, að þar sé að leita orsakanna fyrir því, hvernig komið er í þessu efni. Ég er ekki í minnsta vafa um, að það eru nægir möguleikar í landi okkar og í sjónum umhverfis það. Hvorki landið eða þjóðin hefur brugðizt, það er stjórnarstefnan, sem hefur frá upphafi stefnt öllu til rekstrarstöðvunar og atvinnuleysis og afleiðing hvors tveggja er svo kreppukyrkingur, sem nú er að heltaka allan þjóðarlíkamann. Hvern dag, sem líður, stækkar sá hópur landsmanna, sem skilur þetta en það nægir ekki, þegar forystan og vitringaliðið trúir enn á forskrift viðreisnarinnar, þrátt fyrir andstreymið og allar staðreyndir.

Hæstv. landbrh. hefur oft haldið því fram, að fyrir hans stjórnarferil hafi oft vantað mikið á það, að bændur fengju verðlagsgrundvallarverð, en hitt er ekki síður staðreynd, að eftir að hann tók við ráðherrastólnum, vantaði meira en áður hafði þekkzt í þessu efni. Verðlagsárið 1959—60 vantaði 3362 kr. upp í verðið, eða 2.7% eða 0.5% meira en dæmi voru til áður. Ef flutt hefði verið út 3 síðustu árin eins og þörf var á, hefði vantað enn meira af grundvallarverðinu 1960. Þetta sýnir eina hliðina á þessu máli í réttu ljósi. Landbrh. hefur sagt frá því sem dæmi um það, hvernig hann og hans flokkur hafi rétt hlut bænda á liðnum árum, að vinnuliður verðlagsgrundvallar hafi hækkað á árunum 1960—66 um 144%, en á sama tíma hafi umsaminn taxti verkamanna aðeins hækkað um 100%. Þessar tvær tölur áttu að sýna það og sanna, að sögn hæstv. ráðh., hvernig hlutur bænda hefði mikið batnað undir hans forystu. E. t. v. trúir hæstv. ráðh. því, að þessar tvær tölur segi eitthvað um það, hvort bændur hafi fengið leiðréttingu mála sinna á umræddu tímabili eða ekki, en trúi hann því í raun og veru, sýnir það, hvað hann skilur lítið í þessum málum og er þá ekki að undra, hve illa er komið fyrir bændum með slíka forystu. Það, sem hefur skeð á þessum árum, sem er afleiðing aukinnar ræktunar og vaxandi framleiðslu, er, að bændur hafa notað í auknum mæli ýmsar rekstrarvörur. En það hefur aftur á móti ekki fengizt viðurkennt, nema að litlu leyti, þegar verðlagsgrundvöllurinn hefur verið ákveðinn hverju sinni. Svo langt hefur þetta gengið, að mikill hluti sumra rekstrarvara hefur ekki fengizt tekinn inn í grundvöllinn. Þar sem magntölur rekstrarvaranna í samræmi við vaxandi notkun þeirra fengust ekki viðurkenndar og hin hraðvaxandi fjármagnsþörf vegna óðaverðbólgu, þá verkar það á vinnuliðina fyrst og fremst og beinlínis ákvarðar, hvað vinna hefur í sinn hlut, en ekki þessar samanburðartölur, sem hæstv. ráðh. er alltaf að hampa. Og það var það sem skeði, t. d. árið 1967, þegar bændur náðu ekki því að hafa hálfar tekjur viðmiðunarstéttanna. Þar er að finna blákaldan og beizkan sannleikann, hvernig tekizt hefur með gerð verðlagsgrundvallarins á liðnum árum. Þó eru fyrir því skýr og ótvíræð lagafyrirmæli, að verð á landbúnaðarvörum á innlendum markaði skuli miðast við það að heildartekjur bænda séu í sem nánustu samræmi við tekjur annarra vinnandi stétta. Þessu lagafyrirmæli hefur aldrei tekizt að framfylgja og liggja til þess ýmsar orsakir. Þó mun hin öra dýrtíðaraukning hafa valdið þar mestu um, og svo hin vaxandi notkun á rekstrarvörum, sem ekki fékkst tekin inn í verðlagsgrundvöllinn við ákvörðun búvöruverðs hverju sinni, eins og áður sagði. Árin hafa komið mjög misjafnlega út að þessu leyti. Árið 1965 hafa bændur sennilega komizt næst því að ná svipuðum tekjum og viðmiðunarstéttirnar höfðu það ár, en síðari árin, t. d. 1967, höfðu bændur aðeins að meðaltali 95 þúsund kr., en þá höfðu viðmiðunarstéttirnar 228 þús. kr. að meðaltali og ekkert bendir til þess, að síðasta ár hafi reynzt bændum hagstæðara að þessu leyti.

Í nóvembermánuði 1967, þegar yfirdómur í verðlagsmálum landbúnaðarins sat að störfum, sagði ég í þingræðu, að ég hefði um það rökstuddan grun, að dómurinn mundi ekki úrskurða bændum neina hækkun á framleiðslu þeirra, þrátt fyrir að fyrir lægi rökstuðningur á því, að búðarverðið þyrfti að hækka 25—28%, svo nokkur von yrði til þess að bændur hefðu út úr búum sínum sambærileg laun við aðrar stéttir. Hæstv. landbrh. rauk upp og sagði, að ég hefði í frammi ósæmilegar aðdróttanir. Dómurinn var upp kveðinn í desemberbyrjun, búvöruverðið óbreytt. Í grg. þeirri, sem yfirdómnum fylgdi, kom fram, að verð á ull og gærum hefði verið ákvarðað á þann hátt, sem gert var, vegna skilaboða frá ríkisstj., og í grg. var enn fremur viðurkennt, að niðurstaða dómsins væri ekki samkvæmt gildandi lögum. Þar sem ég hef áður rætt þessar niðurstöður yfirdóms 1967 allítarlega, ræði ég það ekki frekar að sinni, en það sem gerðist í raun og veru, var það, að dæmdar voru af bændum hálfar nettótekjur þeirra á því ári og ekki hikað við að sniðganga lög til þess að koma þessum rangindum fram. Þegar lög um gengishagnað landbúnaðarins vegna gengisfellingarinnar í nóvember 1967 voru afgr. frá Alþ., þá var í þeim ákvæði um það, að búvöruverðið skyldi hækka í janúar 1968, sem þeim hækkunum næmi á rekstrarvörum landbúnaðarins, sem af gengisfellingunni leiddi. En í lögum um gengishagnað landbúnaðarins vegna gengisfellingarinnar 11. nóvember 1968 var ekkert ákvæði sett inn um að búvöruverðið skyldi hækka. Þarna er um greinilega og alvarlega stefnubreytingu að ræða, sem ekki er líklegt að hæstv. landbrh. hafi þótt ánægjulegt að framkvæma, en þessi stefnubreyting er án efa samkvæmt forskrift þess, sem raunverulega ræður í öllum efnahagsmálum þjóðarinnar nú, hæstv. menntmrh. með meiru. Og því er sjálfsagt ekkert við því að gera, samkv. fyrri reynslu.

Ef dæma má af mörgu því, sem hæstv. landbrh. sagði í umr. um þetta mál fyrra fimmtudag, þá bendir ekkert til þess, að hann hafi mikið lært í því efni, þrátt fyrir það ástand, sem nú ríkir hjá bændastéttinni. Og ekki kæmi það mér á óvart, þó ýmsir þeir bændur, sem hafa fylgt ráðh. og flokki hans að málum fram að þessu, hrökkvi illa við og fari að hugleiða ráð sitt betur, er þeim berst

það til eyrna, að þessi séu ummæli ráðh., þar sem flestum bændum er vel kunnugt um það rétta í þessum málum. T. d. sagði hæstv. ráðh. þetta fyrra fimmtudag, með leyfi forseta:

„77.7% af bændum eru hins vegar vel settir, þar sem skuldir þeirra eru ekki það miklar, að greiðslubyrði þeirra vegna sé óeðlilega þung."

Ef farið er að athuga, hvað ráðh. hæstv. er að fara, hvar hann hefur gripið þessar tölur, sem hann svo dregur þessa furðulegu niðurstöðu af, kemur í ljós, að í skýrslu harðærisnefndar segir, að 77.7% bænda skuldi minna en sem svarar brúttótekjum þeirra. Ekki get ég séð, að slík uppgötvun segi neitt um efnahag eða greiðslugetu þessara bænda. Það þýðir lítið að hafa háar brúttótekjur, ef mestallt fer í kostnað. Það er ofar mínum skilningi, að sjálf veltan segi mikið um það, hvernig greiðslugetan sé. Og það þýðir lítið að virða jarðir hátt og miða efnahag bænda við það, séu jarðirnar óseljanlegar, eins og nú er. Það er ekkert raunhæft í slíku. Svona málflutningur minnir mig á mann, sem ég heyrði talað um, þegar ég var ungur. Hann keypti fisk fyrir 40 aura kílóið en seldi hann aftur á 38 aura kílóið. Þegar hann var spurður að því, hvernig hann stæði við að verzla á þann hátt, var svarið það, að hagnaðurinn kæmi ef veltan yrði nógu mikil.

Í skýrslu harðærisnefndar kemur það fram, að 2022 bændur, eða 42.4%, skulda meira en tvöfaldar nettótekjur þeirra, og er enginn vafi á því, að þessir bændur eru í greiðsluerfiðleikum. 1044 bændur skulda meira en fjórfaldar nettótekjur þeirra, og allir ættu að sjá, sem á annað borð skilja nokkuð í búrekstri, að allir þessir bændur eru í miklum þrengingum, og allt í óvissu með búskap þessara bænda, ef nettótekjur þeirra vaxa ekki að miklum mun. Hæstv. landbrh. sagði enn fremur við fyrstu umr. þessa máls í hv. deild, með leyfi hæstv. forseta:

„423 eða 8.8% bænda skulda meira en fjórfaldar, en minna en fimmfaldar nettótekjur. Fyrir þessa bændur kemur sér áreiðanlega vel að breyta lausaskuldum í föst lán til þess að létta þannig árlega greiðslubyrði vegna skuldanna. Aðstaða þeirra ætti að vera sæmileg, eftir að skuldunum hefur verið breytt."

Ef engin breyting fæst á þessu frv., frá því sem það er nú, og þessi föstu lán verða aðeins til 20 ára með 8½% til 9% vöxtum, eins og heyrzt hefur að fyrirhugað sé, þá mun sú breyting verða síður en svo til þess að létta greiðslubyrðina, heldur hið gagnstæða. Sannleikurinn er sá, að fyrir alla þá, sem ekki hafa getað greitt niður af sínum lausaskuldum síðustu árin, mun breytingin verða til þess að auka þeirra vandræði, þar sem þeir verða þá komnir inn í mikið harðara innheimtukerfi og yrðu að borga af þessum skuldum 5% fram yfir vexti. Kem ég því aftur að því, er ég áður sagði, að fyrir þessa menn þurfa lánin að verða lengri og vextirnir alls ekki hærri en að ársgreiðslur yrðu um 10% af heildarupphæð. Ég hef rætt þessi atriði við 4 bankastjóra, og voru þeir mér allir sammála að þessu leyti. Landbn. Ed. sendi þetta frv. til umsagnar Búnaðarfélagi Íslands, Stéttarsambandi bænda og harðærisnefnd. Umsagnir allra þessara aðila eru einmitt þær, að breyta þurfi þessu frv. á þann veg, sem við hv. 5. þm. Austf. leggjum til í brtt. okkar, sem ég lýsti í upphafi máls míns, og er á þingskjali nr. 468. Í sambandi við málið í Ed., og eins í sambandi við málið hér í Nd., eru umsagnir allra þessara aðila eins, og skora ég á hv. þingdeildarmenn að kynna sér umsagnir þeirra, áður en þeir taka afstöðu til málsins.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 80. fundi í Nd., 22. apríl, var fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.
Brtt. 468,1 felld með 19:14 atkv.
1. gr. samþ. með 28 shlj. atkv.
Brtt. 468,2 felld með 19:14 atkv.
2. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.
3. gr. samþ. með 28 shlj. atkv.
Brtt. 468,3 felld með 18:15 atkv.
4. gr. samþ. með 28 shlj. atkv.
Brtt. 468,4 felld með 17:15 atkv.
5.—8. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 27 shlj. atkv.

Á 81. fundi í Nd., 25. apríl, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 25 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 560).

---

40. Tilkynningarskylda íslenzkra skipa.

Á 1. fundi í Sþ., 14. okt., var útbýtt frá Ed.:

Frv. til l. um heimild til útgáfu reglugerðar um tilkynningarskyldu íslenzkra skipa [16. mál] (stjfrv., A. 16).

Á 5. fundi í Ed., 22. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Félmrh. (Eggert G. Þorsteinsson): Herra forseti. Frv. þetta um heimild til útgáfu reglugerðar um tilkynningarskyldu íslenzkra skipa er flutt til staðfestingar brbl., sem út voru gefin 17. maí s. l. að till. minni. Um langt árabil hafa verið uppi kröfur af hálfu þeirra samningsaðila, sem að samningum við sjávarútveginn standa, að upp væri tekin tilkynningarskylda íslenzkra skipa. Sér í lagi hefur Slysavarnafélag Íslands beitt sér fyrir kröfugerð í þessa átt um langt árabil. Það hefur ósjaldan borið við, að kunnugir hafa talið, að með slíkri skyldu hefði e. t. v. mátt fyrirbyggja ýmsar slysfarir, sem átt hafa sér stað við sjávarsíðuna á undanförnum áratugum. Það er ástæðan til þess, að rétt þótti að gefa út þessi brbl. Ég vil enn fremur geta þess, að Slysavarnafélagi Íslands hefur í samstarfi við landhelgisgæzluna verið falin framkvæmd þessara laga, og hefur þessi tilkynningarskylda þegar verið upp tekin.

Ég legg til, herra forseti, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. sjútvn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til sjútvn. með 15 shlj. atkv.

Á 14. fundi í Ed., 14. nóv., var frv. tekið til 2. umr. (A. 16, n. 63).

Frsm. (Pétur Benediktsson): Herra forseti. Frv. þetta er flutt samkv. 28. gr. stjórnarskrárinnar til staðfestingar brbl. frá 17. maí 1968 um tilkynningarskyldu íslenzkra skipa eða réttara sagt um heimild fyrir samgmrh. til að gefa út reglugerð um tilkynningarskyldu, þar sem m. a. séu ákvæði um sektarviðurlög varðandi brot gegn ákvæðum reglugerðarinnar.

Sjútvn. hefur athugað þetta frv. og er sammála um að mæla með samþykkt þess. Hún álítur, að hér hafi verið um þarft skref að ræða til aukins öryggis á sjó við Íslandsstrendur, og ekki sízt á þeim fjarlægu miðum, sem nú er farið að sækja. Hins vegar er rétt að geta þess, að athygli n. hefur beinzt að óánægju af kostnaði við tilkynningarskylduna, sem komið hefur upp í a. m. k. einum landshluta og raunar kannske víðar. Þetta mál er til nánari athugunar hjá n., og það er hugsanlegt eftir þá athugun, að n. eða einstakir nm. beri fram brtt. við frv. í því tilefni við 3. umr., en þar sem athugununum í þessu sambandi er ekki að fullu lokið enn, tel ég ekki ástæðu til að fjölyrða um þá hlið málsins á þessu stigi, en legg til, að frvgr. verði samþ. óbreyttar og málinu vísað til 3. umr.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Á 15., 17. og 18. fundi í Ed., 18., 25. og 26. nóv., var frv. tekið til 3. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 20. fundi í Ed., 2. des., var frv. enn tekið til 3. umr.

Frsm. (Pétur Benediktsson): Herra forseti. Ég vil leyfa mér að skýra hv. þd. frá því, að síðan 2. umr. þessa máls fór fram, hefur sjútvn. talað við fulltrúa Landssímans og Slysavarnafélagsins um kostnaðinn af tilkynningarskyldunni. Við urðum varir við greinilegan vilja til samstarfs um hagræðingu á skeytasendingunum, þannig að af þeim yrði ekki óþarfur kostnaður, en þær kæmu þó áfram að fullum notum, og ég vil segja fyllri notum en hingað til með því að þátttaka verði almennari en hún hefur verið. N. er sammála um að beina því til hæstv. ríkisstj., að hentast væri að innheimta þann kostnað, sem bátunum er gert að greiða, sem viðauka við talstöðvargjald bátanna til Landssímans, og er það álit okkar í n., að 1500-2000 kr. á bát ætti að vera hæfileg þátttaka þeirra í þessum kostnaði. Vona ég, að þessar umr. n. við framkvæmdaaðila málsins verði til þess að leysa þann hnút, sem hefur myndazt á Vestfjörðum sérstaklega í sambandi við framkvæmd málsins, og legg ég því til, að málið verði afgreitt frá hv. þd., eins og það liggur fyrir.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 15 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 21. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á 22. fundi í Nd., 3. des., var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 23. fundi í Nd., 5. des., var frv. aftur tekið til 1. umr

Félmrh. (Eggert G. Þorsteinsson): Herra forseti. Frv. það, sem hér er nú til umr., er flutt til staðfestingar á brbl., svo sem fram kemur í aths. við frv. Að ósk margra samtaka sjómanna, Slysavarnafélags, farmanna og annarra og fyrir ítrekaðar áskoranir þeirra voru brbl. þessi sett, og hefur nú þegar verið hafin framkvæmd á þeim, svo sem l. gera ráð fyrir, og Slysavarnafélagi Íslands falin framkvæmd laganna.

Ég tel ekki ástæðu til þess, herra forseti, að hafa um þetta frv. lengri framsögu, nema sérstakt tilefni gefist til, en legg til, að því verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. sjútvn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til sjútvn. með 22 shlj. atkv.

Á 81. fundi í Nd., 25. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 16, n. 514).

Frsm. (Pétur Sigurðsson): Herra forseti. Sjútvn. hv. d. hefur haft mál þetta til athugunar og kynnti sér m.a. þær aths., sem komu fram í hv. Ed. í sambandi við kostnað þann, sem yrði við tilkynningarnar. Eftir að hv. n. þessarar d. hafði kynnt sér málið, upplýstist, að Landssími Íslands hafði þegar lækkað þennan skeytakostnað um helming og þótt einstakir nm. hafi jafnvel verið óánægðir með að þessi kostnaður yrði lagður á útgerðina, voru nm. samt sem áður sammála um að mæla með samþykkt frv., eins og það er nú.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 21 shlj. atkv.

Á 82. fundi í Nd., 28. apríl, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 27 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 579).

41. Veiting ríkisborgararéttar.

Á 1. fundi í Sþ., 14. okt., var útbýtt frá Ed.:
Frv. til l. um veitingu ríkisborgararéttar [5. mál] (stjfrv., A. 5).

Á 3. fundi í Ed., 17. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Dómsmrh. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Frv. þetta til l. um veitingu ríkisborgararéttar er undirbúið í dómsmrn. samkv. venju, og þeir aðilar, sem hér er lagt til, að veittur verði ríkisborgararéttur, eru allir taldir fullnægja þeim skilyrðum, sem þingnefndir, allshn. hér, hafa sett sér í því sambandi og farið eftir á undanförnum árum.
Ég vil leyfa mér að leggja til, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. allshn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til allshn. með 15 shlj. atkv.

Á 71. fundi í Ed., 10. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 5, n. 410, 411).

Frsm. (Jón Þorsteinsson): Herra forseti. Skömmu eftir að þing kom saman fyrst, var þetta frv. flutt, sem hér er til umr., um veitingu ríkisborgararéttar til 13 tilgreindra einstaklinga, og var þessu frv. þá að lokinni 1. umr. í hv. d. vísað til allshn. N. hefur að vanda í svona málum, um veitingu ríkisborgararéttar, farið hægt í sakirnar, því að venjan er sú, að meðan þing situr, eru sífellt að berast fleiri umsóknir, sem koma til dómsmrn. og síðan berast til skrifstofu Alþ., enda varð sú raunin á að þessu sinni. Sá háttur var líka hafður á, eins og áður, að allshn. beggja d. störfuðu saman að því að fara yfir þessar umsóknir, þ. e. a. s. það voru kosnar undirnefndir, sem unnu saman að því að fara yfir umsóknir bæði frá þeim 13 einstaklingum, sem frv. greinir, svo og aðrar umsóknir, sem hafa borizt í vetur. Fyrir utan þessa 13, sem frv. greinir um, bárust umsóknir frá alls 34 einstaklingum, og við athugun á þeim voru 30 teknar til greina, en 4 var hafnað og að ég hygg einvörðungu af þeim ástæðum, að það skorti á dvalartíma, og líklegt er, að þeir einstaklingar, sem þar eiga hlut að máli, geti öðlazt ríkisborgararétt á næsta ári. Það var því niðurstaðan í allshn. að leggja til þá brtt. við frv., sem kemur hér fram á þskj. 411, en þar eru nöfnin orðin 43 í staðinn fyrir 13, þ. e. a. s. það hefur 30 nöfnum verið bætt við þessi upphaflegu 13 nöfn. Ég get að lokum getið þess, að n. hefur að sjálfsögðu farið eftir sömu reglum um veitingu ríkisborgararéttar, eins og undanfarin ár. Hv. þm. þekkja þær reglur. Þær hafa iðulega verið prentaðar með nál., og ég geri ráð fyrir, að hv. þm. séu þær flestar kunnar, þannig að ég þarf ekki að rekja efni þeirra, en frá þeim hefur ekkert verið vikið að þessu sinni. En ég endurtek svo, að það er till. allshn., samdóma till. hennar, að frv. verði samþ. með þeim breytingum, sem um getur á þskj. 411.

ATKVGR.
Brtt. 411 samþ. með 14 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 14 shlj. atkv.
2.–3. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Á 72. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr. (A. 444).
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 15 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 15 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 74. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á 77. fundi í Nd., 15. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Dómsmrh. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Frv. þetta til l. um veitingu ríkisborgararéttar var undirbúið í dómsmrn. með venjulegum hætti og er komið hingað í þessa hv. d. frá Ed., og hefur þar verið fjallað um það samkv. þeim meginreglum, sem þingið hefur fylgt á undanförnum árum, nokkuð löngum tíma, um afgreiðslu og meðferð mála eins og þessa. Ég vil leyfa mér að leggja til, herra forseti, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. allshn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til allshn. með 24 shlj. atkv.

Á 79. fundi í Nd., 21. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 444, n. 470, 486).

Frsm. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Eins og áður, þá hefur verið samvinna á milli allshn. Ed. og Nd. um þær umsóknir um ríkisborgararétt, sem voru upprunalega í frv., og þær umsóknir, sem hafa borizt eftir að Alþ. kom saman á s.l. hausti. Reglur þær, sem n. hafa sett og haft til hliðsjónar við sínar athuganir, voru settar í nál. 17. maí 1955 og síðan verið gerðar nokkru fyllri. Eins og frv. kemur frá Ed., þá eru 43 umsækjendur komnir inn í frv., en eftir að Ed. afgreiddi málið, þá komu nokkrar umsóknir til allshn. Nd., og mælir n. með því, að 9 umsækjendur fái ríkisborgararétt, og flytur um það brtt. á þingskjali nr. 486. Nokkrar umsóknir, sem bárust, synjuðu n. um, og ástæðan fyrir því er sú, að þeir umsækjendur fullnægðu ekki búsetuskilyrðum. Samkv. þessu frv. og brtt. er lagt hér til, að 52 fái ríkisborgararéttindi. Þessir umsækjendur eru frá 16 löndum, og eru 14 þeirra fæddir í Danmörku, 12 í Færeyjum, 7 í Þýzkalandi, 4 á Íslandi, 3 í Bandaríkjunum, 2 í Póllandi, og einn er frá hverju þessara landa:

Svíþjóð, Noregi, Finnlandi, Englandi, Kanada, Portúgal, Egyptalandi, Lettlandi, Tékkóslóvakíu og Íran.

Í sambandi við 2. gr. frv. langar mig til að fara hér nokkrum orðum, en þar segir, að þeir, sem heita erlendum nöfnum, skuli þó ekki öðlast ríkisborgararétt með l. þessum fyrr en þeir hafi fengið íslenzk nöfn samkv. l. um mannanöfn. Þetta ákvæði var sett fyrir allmörgum árum síðan, og um það urðu miklar deilur hér á Alþ., og margir þm. hafa haft hug á því, að þessu ákvæði væri breytt, en hins vegar var það ekki rætt nú í allshn., en ég vil minna á það, að í umr. um frv. um ríkisborgararétt hér í þessari hv. þd. 16. marz 1967 gerði hæstv. menntmrh. þetta að umræðuefni, og taldi hann persónulega ástæðu til, að þessu ákvæði væri breytt á þann veg, að menn, sem sæktu um ríkisborgararétt, væru ekki skyldaðir til þess að breyta um nöfn að öðru leyti en því að taka upp fornafn, en héldu ættarnafni sínu til æviloka, en afkomendur þessa fólks yrðu aftur bundnir við fornafn föður síns, og ég segi fyrir mitt leyti, að ég er mjög hlynntur því, að þessi breyting sé gerð.

Hæstv. menntmrh. boðaði í þessari ræðu sinni, að hann mundi skipa n. til þess að endurskoða mannanafnalögin og boðaði það jafnframt, að sú breyting yrði lögð fyrir fyrsta Alþ. eftir síðustu kosningar, en ég sé á þessu, að það hefur ekki bólað neitt á þeirri breyt. enn, og ég vildi því gjarnan spyrjast fyrir um það, hvað líði þessari endurskoðun og hvort ekki megi vænta þess, að frv. um breyt. á mannanafnalögunum verði lagt hér fyrir Alþ. Ég sé, að hæstv. menntmrh. er ekki í sæti sínu, en ég ætla mér nú ekki að taka upp þann sið, sem einstaka þm. hafa tekið upp, að standa hér þegjandi í pontunni og láta leita að honum kannske um langan veg, en treysti því, að hæstv. forseti sjái um það, að þessi fsp. hafi hér verið gerð, og mér nægir það alveg, að hæstv. menntmrh. gefi þessar upplýsingar við 3. umr. þessa máls.

ATKVGR.
Brtt. 486 samþ. með 23 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 23 shlj. atkv.
2.–3. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 23 shlj. atkv.

Á 80. fundi í Nd., 22. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 510).

Frsm. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Allshn. leyfir sér að flytja hér eina skrifl. brtt. við 1. gr. frv., þá að í gr. bætist í stafrófsröð: Christoffersen, Richard Örn Johnsen, nemi í Reykjavík, fæddur á Íslandi 15. júní 1946.

Þessi umsókn barst ekki fyrr en í gær til n., en þar sem frv. hefur ekki hlotið hér endanlega afgreiðslu, taldi n. rétt að verða við þeirri beiðni, þar sem umsækjandi uppfyllir öll skilyrði, sem n. hefur til hliðsjónar.

Enn fremur vil ég minna á það, sem ég kom hér inn á í gær, að ég gerði fsp. til hæstv. menntmrh. varðandi 2. gr. þessa frv. og lýsti því þá, að ég hefði ekki hugsað mér að flytja neina brtt. við hana nú á þessu þingi, en þar sem menntmrh. í umr. um ríkisborgararétt fyrir tveimur þingum boðaði það, að hann mundi skipa n. til þess að endurskoða mannanafnalögin, og lagði áherzlu á það, að sú n. hraðaði sinni endurskoðun, og taldi eðlilegt, að það yrði tekið upp á fyrsta þingi eftir kosningar, en þar sem þetta er nú annað þing og ekkert hefur bólað á þessu, þá leyfði ég mér að flytja þessa fsp. með ósk um það, að hann svaraði henni hér við 3. umr., en í þessari ræðu sinni lýsti hann yfir sem sinni persónulegu skoðun, að hér ætti að gera breytingu að sínum dómi, þannig að þeir, sem ríkisborgararétt fengju, fengju að halda sínu ættarnafni ævina á enda, en yrði aftur gert að skyldu að taka upp íslenzkt fornafn, og þá auðvitað yrðu afkomendur þeirra manna að halda sér við nafn föður síns, en hin gömlu ættarnöfn mundu hverfa um leið og þessir menn, sem ríkisborgararétt fá, eru allir, og ég vil segja fyrir mitt leyti, að ég er sammála því og er mjög hlynntur, að þessi breyting verði gerð, því að mér er kunnugt um þó nokkra aðila, sem búsettir hafa verið hér á landi áratugum saman, en kæra sig alls ekki um að sækja um ríkisborgararétt á meðan þessi ströngu ákvæði eru, að menn verði gersamlega að skipta um nöfn, og það er þess vegna sem ég vakti máls á þessu hér í gær og ítreka þessa fsp. til hæstv. menntmrh., hvað líði endurskoðun þessa máls.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Ég var því miður ekki staddur í d. í gær, þegar hv. þm. flutti þessa fsp., en ég frétti af henni nú á þessum fundi og gerði þegar í stað ráðstafanir til þess, að menntmrn. kanni, hvað líði störfum þeirrar n., sem ég á sínum tíma skipaði til þess að gera till. um nýja nafnalöggjöf. Ég hef þær upplýsingar því miður ekki hjá mér núna, þar sem ég hef ekki fengið svar við þessari spurningu, enda er ekki nema hálftími síðan ég bað um, að þetta yrði kannað. En ég skal með ánægju gefa annaðhvort þeirri n., sem um þetta mál fjallar hér, eða þá n. í Ed., fyrst málið er komið á lokastig í þessari d., þær upplýsingar, sem fáanlegar eru um það, hversu langt störfum n. er komið.

Ef svo væri, að hún gæti lokið störfum sínum áður en þessu þingi lýkur, skal ég að sjálfsögðu gera ráðstafanir til þess, að alþm. fái um það vitneskju í tæka tíð.

Að gefnu tilefni af hálfu hv. þm. vil ég ítreka, að ég er enn á nákvæmlega sömu skoðun og ég hef verið mjög lengi um það, að gildandi skipan í þessum efnum sé mjög óeðlileg og mjög óheppileg. Ég hef staðið að flutningi till. um breytingar á þessum ákvæðum áður fyrr oftar en einu sinni, en þær hafa aldrei náð samþykki hér á hinu háa Alþ. Mér vitanlega hefur ekki reynt á skoðun þm. um þetta eftir að núv. Alþ. var kosið, svo að verið getur, að þeir þm., sem nú eiga sæti á Alþ., hafi aðra skoðun á þessu máli en þeir, sem síðast og þar á undan áttu sæti hér í þessari virðulegu stofnun. Það kann því vel að vera ástæða til þess að kanna, hver skoðun núv. alþm. er á þessu máli. En í öllu falli hygg ég, að heppilegast sé að kanna það fyrst, hvað líði störfum þessarar n., og það skal ég gera og láta annarri hvorri menntmn. þingsins í té upplýsingar um það hið allra fyrsta.

ATKVGR.
Afbrigði um skriflega brtt. (sjá þskj. 527), sem var of seint fram komin, leyfð og samþ. með 27 shlj. atkv.

Brtt. 527 samþ. með 27 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 29 shlj. atkv. og endursent Ed.

Á 43. fundi í Sþ., 23. apríl, var frv. útbýtt frá Ed. eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 534).

Á 79. fundi í Ed., 28. apríl, var frv. tekið til einnar umr.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Þegar þetta mál var til síðustu umr. í hv. Nd., beindi frsm. þeirrar n., sem um málið fjallaði þar, hv. allshn., fyrirspurn til mín um það, hvað liði störfum n., sem menntmrn. mun hafa skipað á sínum tíma til að endurskoða l. um mannanöfn, en fsp. var fram borin í tilefni af því ákvæði frv., sem gerir erlendum ríkisborgurum, sem sækja um ríkisborgararétt á Íslandi, skylt að skipta um nafn og taka upp íslenzkt nafn, en hugmyndir um að haga þessu á annan hátt hafa oft verið uppi hér á hinu háa Alþ., þótt niðurstaðan hafi ávallt verið sú að samþykkja sams konar ákvæði í l. um veitingu ríkisborgararéttar og nefnd eru í þessu frv. Síðast þegar þetta mál var á döfinni, þá ákvað ríkisstj. að skipuð skyldi n. til þess að endurskoða gildandi l. um mannanöfn, m.a. þau ákvæði, sem um þessi atriði hafa gilt fram að þessu og gert er enn ráð fyrir, að gildi í þessu frv. Ég var þá ekki reiðubúinn til þess að svara því á stundinni, hvað störfum þessarar n. liði, en hef kynnt mér það í millitíðinni og þykir mér rétt að það komi fram hér áður en umr. um þetta mál lýkur, að n. var skipuð 27. júní 1967 til þess að endurskoða gildandi l., nr. 54 1925, um mannanöfn. Í n. eiga nú sæti Klemenz Tryggvason hagstofustjóri, og er hann formaður n., Ármann Snævarr háskólarektor, Einar Bjarnason ríkisendurskoðandi, dr. Halldór Halldórsson prófessor og Matthías Johannessen ritstjóri. Form. n. hefur tjáð mér, að störf hennar séu vel á veg komin, og hún gerir ráð fyrir að skila áliti í sumar, þannig að frv. að nýjum mannanafnalögum gæti legið fyrir hér á hinu háa Alþ. næsta haust.

Ólafur Jóhannesson: Herra forseti. Það var fróðlegt að heyra þessa skýrslu ráðh. um endurskoðun á mannanafnalögum. Mér hefði þótt enn þá betra, ef hæstv. ráðh. hefði gefið skýrslu hér um framkvæmd þeirra l., en ég held, að það sé óhætt að segja, að mannanafnal. séu ein þeirra l., sem látið hefur verið undir höfuð leggjast að framkvæma að verulegu leyti. Það held ég, að sé óafsakanleg vanræksla. Ég held, að mannanafnal. séu þannig úr garði gerð, að það ætti ekki að vera nein skotaskuld að framkvæma þau. Ég vildi gjarnan heyra skýrslu ráðh. um það, hvað hefur verið gert til þess að halda ákvæðum þessara l. uppi í framkvæmd, það er ekki síður mikið atriði heldur en að láta endurskoða l. Auðvitað getur það verið rétt að láta endurskoða l., ef það sýnir sig, að breyttar aðstæður og þarfir krefjast þess, en það er ekki góð regla að endurskoða l. og grípa til þess að endurskoða l. af því einu, að það er látið vera að framfylgja þeim um eitthvert skeið.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Það er öldungis rétt hjá hv. síðasta ræðumanni, að mannanafnal. eru ekki framkvæmd að fullu og hafa aldrei verið framkvæmd frá því að þau hafa verið sett, í þau 45 ár, sem þau hafa nú gilt. Ég held, að allir ráðh., sem síðan hafa setið, og þeir, sem málið heyrir undir, sem mér skilst, að séu sumpart dómsmrh. og sumpart menntmrh., hafi talið, að l. væru í raun og veru alls ekki framkvæmanleg að fullu, alls ekki framkvæmanleg að fullu. Hér er ekki við yfirvöld ein að sakast, heldur kveður talsvert að því, að börn séu af prestum skírð ólöglegum nöfnum, nöfnum, sem ekki samrýmast reglum mannanafnal. Svo að í raun og veru, ef hér er hjá einhverjum einum aðila um ábyrgð að ræða, þá mundi ég segja, að hann væri hjá íslenzku prestastéttinni, sem hefur gefið börnum nöfn, sem ekki samrýmast að fullu reglum íslenzku mannanafnal. En það voru sannarlega gild rök fyrir því, þó segja megi, að seint væri, að byrja endurskoðun þessara l.

Ég hef fylgzt nokkuð með störfum n. og veit það og skil, að störfin eru mjög erfið. Hér er um mjög torleyst vandamál að ræða og n. því mikill vandi á höndum, og sömuleiðis Alþ., þegar það tekur frv. þetta til meðferðar á næsta hausti, og mun það þá áreiðanlega koma í ljós, að hv. alþm. muni sýnast mjög sitt hvað um ýmis mikilvæg atriði á þessu sviði. En ég er hv. þm. algerlega sammála um það, að l. um þetta efni eins og önnur eiga að vera þannig, að þau séu framkvæmanleg, og þá ber að sjálfsögðu að framkvæma þau.

Ólafur Jóhannesson: Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. ráðh. fyrir svar hans. Hann gerði ekki annað en staðfesta það, sem ég vissi, að þessum mannanafnalögum hefur ekki verið fylgt eftir í framkvæmd langa lengi. Það tel ég miður farið. Ég held, að það sé ekki réttmætt hjá hæstv. ráðh. að varpa sök í þessum efnum á presta. Ég held, að í þessum l. séu ákvæði þess eðlis, að það eigi að gefa út miklar skrár eftir þeim yfir þau nöfn, sem nota má eða ekki má nota. Það er, eins og hæstv. ráðh. sagði, æðilangur tími liðinn frá því, að þessi l. voru sett, en ég hygg, að það hafi ekki enn þá komizt í verk að gefa þessa skrá út, og sú skylda er ekki lögð á presta að gera það. Það eru önnur yfirvöld, og yfirmaður heimspekideildarinnar verður væntanlega að teljast menntmrh., og ég efast ekki um það, að þeir verða þægir í því tilliti, ef hann gefur fyrirmæli í þá átt. Annars vil ég segja það, eins og auðvitað hæstv. ráðh. veit, að það fór fram fyrir nokkrum árum gagnger endurskoðun á þessari nafnalöggjöf, og þá var samið frv. um það efni, og í þeirri n., sem þá endurskoðun annaðist, voru miklir sómamenn, og ég efast að vísu ekki um, að það sé nokkurt verk að endurskoða þessi l. nú, en ég hefði satt að segja haldið, að það mætti talsvert notast við þau gögn, sem komu fram í þessu nál., sem gengið var frá á sínum tíma, og í þeim frv., sem þá var gengið frá. Hitt er rétt, að sú n. varð ekki sammála að vísu, heldur urðu skiptar skoðanir þar, en út í það fer ég ekki nánar, og ég skal nú ekki fara að hefja neinar deilur um þetta efni. Það er alveg rétt, að þetta er efni, sem skiptar skoðanir eru um. Þetta er þó mál, sem mörgum hefur verið viðkvæmt mál og gert var að miklu kappsmáli á sinni tíð, en ég vil bara undirstrika það, sem ég sagði

áðan, að ég tel það ekki vanzalaust að láta vera með öllu að framfylgja l. eins og þessum, sem ég tel þó þrátt fyrir allt ekki erfiðara að framfylgja en ýmsum öðrum l., ef vilji er fyrir hendi til þess.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 17 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 581).

42. Landsvirkjun.

Á 68. fundi í Nd., 24. marz, var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 59 frá 20. maí 1965, um Landsvirkjun [192. mál] (stjfrv., A. 385).

Á 69. fundi í Nd., 25. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Með frv. þessu er gerð till. um það að heimila ríkisstj. að ábyrgjast með sjálfskuldarábyrgð lán, er Landsvirkjun tekur til virkjunar við Búrfell, að fjárhæð allt að 3128 millj. kr. eða 35.5 millj. dollara eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í annarri erlendri mynt. Ábyrgðin skal vera með þeim kjörum og skilmálum, er ríkisstj. ákveður, og tekur hún jafnt til greiðslu afborgana og vaxta og annars kostnaðar.

Í samningi ríkisstj. og Swiss Aluminium frá 28. marz 1966 um álbræðslu í Straumsvík, er gert ráð fyrir því, að bræðslan verði reist í þremur áföngum, þannig að í 1. áfanga verði afköst hennar 30 þús. tonn af áli, í 2. 45 þús. tonn og í þeim þriðja 60 þús. tonn. Samningurinn gerir enn fremur ráð fyrir því, að 1. áfanga sé lokið 1969, 2. ekki síðar en 1972 og þeim 3. ekki síðar en 1975, nema aðilar verði ásáttir um annað. Eftir samningsgerðina þótti fljótlega sýnt, að tveim síðustu áföngum bræðslunnar yrði flýtt, og eru nú allar horfur á því, að hún verði komin í fulla stærð árið 1972, sem er þrem árum fyrr en umræddur samningur gerir ráð fyrir. Áætlanir um Búrfellsvirkjun miðast við það, að fyrri virkjunaráfanganum, sem er 105 megawött, ljúki á þessu ári um leið og 1. áfanga álbræðslunnar, en aflþörf hans er 60 megawött, og síðari virkjunaráfanganum áður eða um leið og álbræðslan er komin í fulla stærð, en þá er virkjunin 210 megawött og aflþörf bræðslunnar 110 megawött. Eigi bræðslan að geta verið komin í fulla stærð 1972, er því nauðsynlegt að ljúka báðum áföngum Búrfellsvirkjunar fyrir þann tíma, og hefur þegar verið að því stefnt með því að flytja hluta af framkvæmdum seinni virkjunaráfangans yfir á þann fyrri.

Í desember 1965 var stofnkostnaður seinni áfanga virkjunar við Búrfell áætlaður 305.5 millj. kr. á þáverandi gengi að vöxtum á byggingartíma frátöldum eða um 520 millj. kr. á núverandi gengi. Að vöxtum og verðhækkunum meðtöldum áætlast þessi kostnaður nú 661 millj. kr. eða 7.5 millj. dollara. Sé framkvæmdum við seinni áfangann hraðað, verður ekki fyrir hendi það fé, sem upphaflega var ætlunin að verja til þeirra úr rekstri árin 1972–1975 samfara minni framkvæmdahraða. Því er fyrirsjáanlegt, að taka verður lán fyrir öllum kostnaðinum við seinni áfangann að fjárhæð 7.5 millj. dollara, og þess vegna er þetta frv. flutt. Að sjálfsögðu er gert ráð fyrir því, að 2. mgr. 15. gr. l. um Landsvirkjun gildi áfram óbreytt, en hún felur í sér heimild fyrir ríkisstj. til að taka lán, sem komi að hluta eða öllu leyti í stað ábyrgðar samkv. l. mgr. gr., og endurlána það Landsvirkjun.

Það hefur verið gert ráð fyrir nokkurri breytingu á framkvæmdum í sambandi við álverksmiðjuna. Þannig er gert ráð fyrir, að með 1. stigi verði framleidd 33 þús. tonn á ári og sú starfsemi hefjist í september á þessu ári, með öðru stigi bætist við 10 þús. tonn á ári og það komist í framkvæmd í júní 1970. Með 3. stigi bætast við 23 þús. tonn á ári, og er gert ráð fyrir, að það verði tilbúið í júní 1972.

Í sambandi við það, að hér er talað um nýjar lántökur, er rétt að gera sér grein fyrir þeim tekjum, sem fást af rafmagnssölu og sköttum til álverksmiðjunnar. Á fyrsta stigi fæst 1.5 millj. dollara, á 2. stigi 0.41 millj. dollara. Á 1. stigi fæst fyrir raforkusölu 1.5 millj. dollara, á 2. stigi 1.95 millj. dollara, á 3. stigi 2.5 millj. dollara. Í ísl. kr. á 1. stigi 132 millj. kr., á 2. stigi 172 millj. kr., á 3. stigi 220 millj. kr. Skattar af verksmiðjunni á 1. stigi verða 36 millj. kr., á 2. stigi 48 millj. og á 3. stigi 116 millj. Tekjur: Skattar og raforkusala á 1. stigi 168 millj. kr., á 2. stigi 220 millj. kr., á 3 stigi 336 millj. kr.

Meginlánið, sem tekið hefur verið til virkjunarinnar við Búrfell, er til 25 ára með 6% vöxtum. Það er afborgunarlaust fyrstu 5 árin. Það er því ljóst, að tekjurnar af orkusölunni og álbræðslunni gera talsvert meira heldur en að standa undir þessum erlendu lánum. Þykir rétt að vekja athygli á því við þetta tækifæri, þar sem í seinni tíð hefur verið talað um mikla greiðslubyrði, sem Íslendingar hafa af erlendum lánum.

Þess má einnig geta, að á árunum 1984—1987 hækka skattarnir smám saman af verksmiðjunni úr 116 millj. kr. í 203 millj. eða úr 1.35 millj. dollara í 2.31 millj. dollara á ári. Það hefur verið rætt um að stækka bræðsluna úr þeim 66 þús. tonnum, sem samið hefur verið um, í 86 þús. tonn, ef samningar um það takast, og að sú stækkun taki til starfa 1974. Slík stækkun mundi þurfa um 40 þús. kw, og eigi að vera hægt að anna þeirri aflþörf, olíuhreinsunarstöð o. fl., sem rætt hefur verið um, er nauðsynlegt að ráðast í Sigölduvirkjun sem fyrst. En það er ekki langt síðan frá því var sagt, að stjórn Landsvirkjunar stefndi að því að hraða framkvæmdum við Búrfellsvirkjun, Þórisvatn og Sigöldu og að þeim framkvæmdum yrði lokið ekki seinna heldur en á árinu 1976, þ. e. a. s. öllum þessum framkvæmdum. Það er þá reiknað með, að við rekstur bræðslunnar starfi fyrst í stað 350 manns og sá fjöldi fari upp í 500—550 manns, eftir því hvort bræðslan verður 66 þús. eða 86 þús. tonn. Verði bræðslan stækkuð samkv. því, sem hér hefur verið talið, og 20 þús. tonn að auki, má reikna með, að byggingaframkvæmdir verði meira og minna samfelldar til 1974 og við þær vinni að jafnaði um 120 menn. Reikna má með, að á árunum 1970—1971 muni vinna allt að 150 manns við Þórisvatnsmiðlun og stækkun virkjunar við Búrfell, og sé ráðizt í Sigölduvirkjun, mun hún ein þurfa að jafnaði um 400 menn á árunum 1970—1974.

Herra forseti. Ég tel ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um þetta frv. að svo stöddu, en vildi mælast til þess, að sú n., sem fær það til meðferðar, vildi hraða afgreiðslu málsins og legg til, að að lokinni þessari umr. verði málinu vísað til 2. umr. og hv. fjhn.

Magnús Kjartansson: Herra forseti. Hæstv. raforkumálaráðh. las fyrir okkur hluta af grg. þessa frv. og bætti síðan við nokkrum almennum tölum um tekjur Búrfellsvirkjunar og um fyrirhugaða stækkun alúmínbræðslunnar og tekjur, sem því væru samfara. Mér hefði þótt fróðlegt, ef hæstv. ráðh. hefði vikið að fleiri atriðum í sambandi við þetta mál.

Þegar samningar voru gerðir um byggingu alúmínbræðslu, komu fram hjá stjórnvöldum og ýmsum öðrum áhyggjur út af því, að hér á landi væri ekki nægilegt vinnuafl til þess að anna þeim miklu framkvæmdum, og þess vegna var ákveðið, að alúmínbræðslan skyldi byggð í áföngum, 30 þús. tonna bræðsla skyldi fullgerð í ár, en síðari helmingurinn í tveimur áföngum og henni ekki að fullu lokið fyrr en 1975. Ástæðan til þess, að farið er fram á stækkun þremur árum fyrr, er sú, að áhyggjur manna um skort á vinnuafli hafa snúizt í andstæðu sína. Á síðasta vetri og sérstaklega á þessum vetri hefur verið mjög mikill fjöldi atvinnuleysingja á Íslandi, og hæstv. ríkisstj. gerir sér vonir um að útvega nokkrum hundruðum manna vinnu við þessar nýju framkvæmdir á næstu árum. Hæstv. ráðh. nefndi tölur í því sambandi. Það voru um 700 manns, sem hæstv. ráðh. nefndi.

Ég held, að ástæða hefði verið til að ræða hér almennar hugmyndir ríkisstj. og okkar alþm. um þróun atvinnumála og efnahagsmála á næsta áratug eða svo í sambandi við þetta frv., því að þegar þetta frv. verður að lögum, dregur það að sjálfsögðu dilk á eftir sér. Hin upphaflega áætlun var við það miðuð, að Búrfellsvirkjun mundi nægja okkur Íslendingum til raforkuframleiðslu fram til 1977—1978 og þá þyrfti ekki að hefjast handa um nýja virkjun í okkar þágu fyrr en 1973—1974. En með þeim hraða, sem nú er rætt um, verður auðsjáanlega að ráðast í nýja virkjun þegar á næsta ári, og um það eru nú þegar áform, eins og hæstv. ráðh. vék að, virkjun í Tungnaá við Sigöldu. Mér þætti fróðlegt að heyra það hjá hæstv. ráðh., hvort ekki er áformað, að frv. um það efni verði lagt fyrir þetta þing. Mér skilst, að ef áformin um Sigölduvirkjun eiga að standast, þurfi framkvæmdir að hefjast þegar á næsta ári, og fæ ég vart annað skilið en löggjöf um það efni hljóti að þurfa að koma frá þessu þingi.

Aðrar miklar framkvæmdir eru fyrirhugaðar einnig. Það eru miðlunarframkvæmdir í Þórisvatni, sem hæstv. ráðh. vék að, og Köldukvíslarveita. En hæstv. ríkisstj. hefur fleiri slík áform á prjónunum. Hún hugsar sér, að á eftir Sigölduvirkjun verði ráðizt í nýja stórvirkjun í Efri-Þjórsá. Þar er um að ræða u. þ. b. þriðjungi stærri virkjun en Búrfellsvirkjun er, og er áætlað, að kostnaður við raforkuframleiðslu þar verði ekki hærri en kostnaðurinn við rafmagn frá Búrfellsvirkjun. Þarna er um að ræða mjög stórfellda virkjun, eins og ég sagði, eða 2200 millj. kw-stundir á ári, og kostnaður við þá virkjun er áætlaður 5—6 milljarðar kr. En báðar þessar virkjanir, Sigölduvirkjun og virkjun Efri-Þjórsár, eru við það miðaðar í áætlun hæstv. ríkisstj., að þær verði tengdar nýjum, erlendum stórfyrirtækjum. Raforkan frá Sigölduvirkjun á að duga nýrri alúmínverksmiðju, 60 þús. tonna, eða einhverju hliðstæðu stórfyrirtæki í eigu útlendinga. Raforka, þar sem nýtt væri allt fallið í Efri-Þjórsá, ætti að notast tveimur slíkum verksmiðjum.

Hæstv. ríkisstj. hefur þannig í hyggju, að á næsta ½ áratug bætist 3 erlend stórfyrirtæki ofan á þá alúmínbræðslu, sem þegar er verið að reisa hér á landi. Þetta eru ákaflega stórfelld áform, og mér hefði fundizt nauðsynlegt, að þau væru rædd hér í samhengi við þarfir þjóðfélagsins og við þau verkefni, sem við verðum sjálfir að leysa, ef það á að verða lífvænlegt í landinu.

Með þeim áformum, sem ég var að ræða um, er gert ráð fyrir því, að Íslendingar taki erlend lán, sem nema hátt í 10 milljörðum kr., og leggi fram vinnuafl, sem verður meðan byggingarframkvæmdir standa yfir um 3000 manns á ári. Það er sem sé áformað, að við eigum á næsta ½ áratug að einbeita hugsanlegu lánstrausti okkar og vinnuafli að þessum stórframkvæmdum, sem hafa það meginmarkmið að framleiða raforku, sem við seljum sem hráorku erlendum auðfyrirtækjum, sem síðan hafa tök á að flytja ágóða sinn úr landi. Þetta eru áform hæstv. ríkisstj. í efnahags- og atvinnumálum, einu áþreifanlegu áformin, sem ég hef frétt um.

En eru slík áform í samræmi við nauðsyn þjóðfélagsins, eins og hún blasir við í dag? Það held ég, að sé fjarri sanni. Það er alkunna, að fólki á vinnumarkaði fjölgar mjög ört á næstunni. Fjölgunin nú er rúm 2 þús. manns á ári. Fjölgunin fram til 1985 hefur verið áætluð 34 þús. manns. Það þarf því að tryggja atvinnu fyrir býsna mikinn fjölda miðað við hinar smávöxnu, íslenzku aðstæður. Þau erlendu stórfyrirtæki, sem rætt er um að koma upp, munu ekki leysa þennan vanda fyrir okkur. Þar munu aðeins vinna um 1000 manns eða svo, þegar þeim hefur öllum verið komið upp. Ef þau áform standast, að þessi fyrirtæki verði komin upp 1976, verður aukning á vinnumarkaðinum á Íslandi hins vegar orðin um 10 þús. manns. Og hvar eru áform hæstv. ríkisstj. um það, hvar þetta fólk á að vinna? Það eru ekki nema tímabundin verkefni að reisa raforkufyrirtæki handa erlendum auðfélögum. Á okkur hvílir sú skylda að koma upp atvinnurekstri, sem tryggir íslenzkum þegnum frambúðarverkefni. En þessi áform leysa engan veginn þann vanda.

Það er mikið um það rætt og réttilega, að ef við ætlum að leysa þetta vandamál, verðum við að iðnvæða Ísland, við verðum að koma upp nútíma iðnrekstri. En engin slík áform felast í þessum ráðagerðum hæstv. ríkisstj. Þetta eru aðeins ráðagerðir um, að við eigum að nýta orkuna í fallvötnum okkar sem hráorku handa öðrum, við eigum ekki að komast á stig iðnaðarþjóðfélags, heldur halda áfram á stigi hráefnaframleiðenda, eins og við erum fyrst og fremst í sjávarútvegi okkar. Orkuframleiðsla ein saman er ekki sérlega arðbær atvinnurekstur. Af því höfum við þegar reynslu. Við sömdum við svissneska alúmínhringinn um sölu á raforku fyrir lægsta verð, sem um getur í Evrópu, verð, sem er ekki ýkja mikið yfir kostnaðarverði, ef það verður þá yfir því. Framleiðsla á slíkri raforku mun

aldrei nýtast Íslendingum til þeirrar þróunar, sem við þurfum á að halda. Því aðeins kemur orkuframleiðsla okkur að gagni, að við séum menn til þess að hagnýta orkuna sjálfir. Orkuframleiðsla verður að haldast í hendur við iðnvæðingu. Og á því sviði eru engin áform tiltæk, svo að ég þekki.

Hæstv. ráðh. tala að vísu fagurlega um þetta, að við þurfum að iðnvæða Ísland. Og þeir tala um, að við þurfum að ganga í EFTA til þess að fá 100 millj. manna markað fyrir þær vörur, sem við kunnum að framleiða. En þeir hafa ekki nokkra minnstu hugmynd um það, hvaða vöru á að framleiða. Þeir hafa engin áform um það, hvernig á að þróa íslenzkan iðnað til þess að ná þessum markmiðum.

Ég hlustaði á hæstv. forsrh. svara spurningum í sjónvarpi fyrir nokkrum dögum, og þar vék hann að þessu vandamáli. Og hann sagði í lok viðtalsins eitthvað á þá leið, að ef við gengjum í EFTA, þá mundum við á eftir koma auga á verkefni, sem hentuðu okkur. Hæstv. ráðh. hafði engar hugmyndir sjálfur. Hann vonar aðeins, að ef við göngum í EFTA, muni möguleikarnir blasa við okkur á eftir. Þetta minnir mig raunar á kunna sögu um ágætan mann, sem var hér á ferðalagi einu sinni og kom að vatnsfalli, sem hann þurfti að komast yfir. Honum var hjálpað út í árabát og bátnum var ýtt frá landi, en þá heyrðist ferðamaðurinn segja: „Mér láðist að geta þess, að ég kann ekki að róa." Hæstv. forsrh. hefur sýnt það, að hann kann ekki að róa. Hins vegar gerir hann sér það ekki ljóst sjálfur. Og ég held, að það sé ákaflega brýnt, að þjóðin hefji þann björgunarleiðangur, sem til þess þarf að bjarga hæstv. ráðh. að landi, áður en hann rekur undan straumi út í hafsauga.

Þetta frv. er tvímælalaust nátengt öllum hugmyndum um framtíðarþróunina á Íslandi. Og þegar við erum að taka ákvörðun um það, hvort við eigum að flýta Búrfellsvirkjun og verja því lánstrausti, sem kann að vera fáanlegt, til þess að flýta henni, þá þarf að færa rök að því, að sú framkvæmd sé skynsamlegri og arðbærari en aðrar hugsanlegar framkvæmdir, sem við getum ráðizt í. Og það þarf einnig að muna eftir því, að þetta er 1. áfangi í miklu lengri þróunarrás, eins og ég var að rekja hér áðan. Og það er í sjálfu sér fráleitt að fjalla um hluti eins og þessa einangraða. Okkur ber að tengja þetta saman við þá þróun, sem við ætlun okkur á næstu einum eða tveimur áratugum. Ég held, að það væri ákaflega þarflegt í áframhaldandi umr. um þetta frv., ef hæstv. ríkisstj. vildi gera mun nánari grein fyrir hugmyndum sínum um það efni. En í sambandi við atriði, sem fram kom í ræðu hæstv. raforkumálaráðh., langar mig til þess að beina til hans örlítilli fsp.

Hæstv. ráðh. greindi frá því, að nú væri um það talað að stækka alúmínbræðsluna í Straumi, ekki aðeins upp í 60 þús. tonn eins og fyrirhugað var, heldur upp í 86 þús. tonn, og að sú stækkun yrði komin til framkvæmda 1974. Nú þætti mér fróðlegt að vita, með hvaða raforkuverði þá er reiknað. Þegar samið var við alúmínhringinn í upphafi, var það viðurkennt af hæstv. ríkisstj. og sérfræðingum hennar, að raforkuverð það, sem um væri samið, væri fjarskalega lágt. En þetta lága verð átti að helgast af því, að hér væri um algert nýmæli að ræða á Íslandi, þetta væri hálfgerð tilraunastarfsemi og það væri ekki hægt að ætlast til þess, að erlent fyrirtæki kæmi upp slíku stórvirki án þess, að við gerðum eitthvað fyrir það á móti. Hins vegar var lögð á það þung áherzla í skýrslu hæstv. ríkisstj. til Alþ. um þetta mál, að raforkuverðið hlyti og yrði að hækka, þegar samið væri um stækkun þessarar verksmiðju. Ég skal t. d., með leyfi hæstv. forseta, lesa hér örstuttan kafla úr þessari skýrslu. Það er á bls. 24. Þar segir svo um stærð verksmiðjunnar í Straumsvík:

„Það hefur hins vegar verið skoðun n., sem Alþjóðabankinn hefur einnig lagt áherzlu á, að Íslendingar ættu ekki að binda sig í þessu efni nema sem allra minnst. Vegna þess, að 1. áfanginn í stórvirkjunarmálum er sérstaklega erfiður hjalli fyrir Íslendinga, mundu þeir samningar, sem nú virðast mögulegir, geta orðið Íslendingum mjög hagstæðir. Á hinn bóginn er engin ástæða til þess, að jafngóð kjör yrðu í boði, ef til stækkunar kæmi, enda yrðu þá viðhorfin í virkjunarmálunum allt önnur en nú. Ef allt gengur vel í þessum efnum, svo að Íslendingar teldu sér hag að frekari stækkun alúmíníumverksmiðjunnar í framtíðinni, ættu Íslendingar að geta fengið svo að segja sömu kjör og Norðmenn þá byðu. Eftir því sem alúmíníumverksmiðjur stækka, verða þær hagstæðari, svo að Swiss Aluminium mundi tvímælalaust hafa áhuga á stækkunum, ef aðstæður í alúmíníumiðnaðinum væru þá enn svipaðar og nú."

Á þetta er lögð áherzla á mörgum stöðum í þessari skýrslu, að það lága verð, sem um var samið í upphafi, megi ekki haldast, að ekki sé hægt að fallast á neina stækkun þessarar verksmiðju, nema raforkuverðið verði hækkað til muna. Og því vil ég spyrja hæstv. ráðh., hvort í þessu umtali um stækkun verksmiðjunnar felist það, að alúminhringurinn sé reiðubúinn til þess að greiða verulega hærra raforkuverð til þessarar stækkunar?

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Í sambandi við fsp., sem hæstv. ræðumaður beindi til mín, vil ég endurtaka það, sem ég sagði áðan en hann hefur e. t. v. ekki heyrt. Ég sagði: Rætt hefur verið um að stækka bræðsluna úr þeim 66 þús. tonnum, sem samið hefur verið um, í 86 þús. tonn, ef samningar um það takast, og að sú stækkun taki til starfa 1974.

Það hefur ekki verið samið um þessa stækkun. Það hefur aðeins verið rætt um hana, og af því leiðir, að það hefur ekki heldur verið samið um raforkuverðið, og því ekki fært fyrir mig að segja neitt um það að svo stöddu.

En hv. 6. þm. Reykv. talaði hér í svipuðum dúr og hann gerði, þegar var verið að ræða um virkjun Þjórsár um árið. Hann talaði um það, að þá hafi verið talið hyggilegt að byggja álverksmiðjuna í áföngum, vegna þess að menn hafi verið hræddir um, að það væri skortur á vinnuafli. Nú væri verið að hraða stækkuninni vegna þess, að nú væri ekki lengur um skort á vinnuafli að ræða, heldur hefði borið á atvinnuleysi. Það er öruggt, að ef lítið verður um atvinnu, þá er betra, að stækkunin komi sem fyrst. En þetta þarf nú ekki að vera aðalástæðan. Ég held, að ég hafi heyrt þennan ágæta þm. tala um það, að það væri þörf á því að hraða rannsóknum á fallvötnum landsins og orkumöguleikum vegna þess, að e. t. v. færi svo, að innan 20 ára væri

kominn harður keppinautur við vatnsaflið, kjarnorkan, og ef við ekki flýttum okkur að nýta vatnsaflið, gæti verið, að þessi mikli orkugjafi, þessar námur, sem við höfum látið vera ónotaðar á undanförnum árum, yrðu okkur lítils virði. Gæti það nú ekki verið meginástæðan til þess, að við flýtum okkur að virkja, að koma orkunni, vatnsorkunni, í notkun á meðan það borgar sig, á meðan kjarnorkan er dýrari? Fossarnir okkar eru vissulega fallegir, og fossaniðurinn er þægilegur, þegar maður gengur með Þjórsá og sérstaklega innanverðri Þjórsá. Það hef ég gert. En við lifum ekki á slíku. Það er nauðsynlegt fyrir okkur að gera þessa orku að aflgjafa, sem veitir þjóðinni bætt lífskjör. Þess vegna er það, að Landsvirkjun og ríkisstj. vilja halda áfram að virkja, og það er ódýrast að virkja stórt, og við þurfum þá á orkufrekum kaupanda að halda til þess að geta virkjað stórt. Ef við höfum innlendan orkukaupanda, þá er það ágætt. Ef við höfum hann ekki, eigum við að leita eftir útlendum aðila og gera hagstæða samninga við hann, eins og ýmsar aðrar þjóðir hafa gert, Norðmenn og fleiri þjóðir, og Bretar hafa nú í seinni tíð sótzt mikið eftir því að fá alúmíníumverksmiðju inn í sitt land og jafnvel viljað gefa stórfé til þess, að það gæti orðið. En hv. 6. þm. Reykv. talar um það, að ríkisstj. ætli að einbeita sér að því að nota okkar lánstraust eingöngu í þessu skyni, að taka lán út á stórvirkjanir og eyða okkar lánstrausti með því. Ég er hræddur um, að það sé dálítill misskilningur hjá hv. þm. í þessu máli. Ég held, að við aukum lánstraust okkar með því að virkja og gera samninga í líkingu við þann, sem við gerðum við Alusuisse. Það eykur lánstraust okkar. Lánið, sem við höfum tekið til virkjunar í Þjórsá, eykur lánstraust okkar, en veikir það ekki, því að allir, sem vilja skilja, vita það, að þessi lán eru ekki byrði á íslenzku þjóðinni.

Hv. þm. talar um, að ríkisstj. vilji eingöngu beita sér að þessu og láta þá allt annað sitja á hakanum. Þetta er vitanlega reginmisskilningur. Um leið og ríkisstj. beitir sér fyrir stórvirkjunum og notkun vatnsaflsins í landinu, þá beitir hún sér fyrir alhliða uppbyggingu í atvinnulífinu, og það er ekkert, sem við erum ósammála um í því, ég og hv. 6. þm. Reykv., að iðnvæða landið, eins og hann orðaði það hér áðan. Og mér þykir vænt um að heyra það, að hann hefur þá skoðun, að við eigum að keppa að því að iðnvæða landið. Og með því að virkja og nota vatnsaflið erum við að skapa okkur betri aðstöðu til þess að iðnvæða landið, því að það er ekki stóriðjan ein, sem við viljum byggja á. Við viljum einnig byggja á alls konar öðrum iðnaði. Við viljum leggja undirstöðu að því, að það sé mögulegt að nota íslenzk hráefni og vinna að því í landinu, en selja þau ekki út úr landinu óunnin. Það eru nokkur þúsund manns, sem geta fengið atvinnu við það að fullvinna ullina og skinnin, sem til falla hér á landi árlega. Þetta ber að gera. Það er hægt að vinna fiskinn og annan sjávarafla miklu betur í landinu og meira heldur en gert hefur verið. Að þessu ber einnig að stefna.

Ríkisstj. hefur látið fram fara og kostað til þess miklum fjármunum að rannsaka, hvort mögulegt væri að koma hér upp sjóefnaverksmiðju, saltvinnslu, og hvort hægt væri að nýta jarðhitann til aukinnar iðnvæðingar og atvinnusköpunar. Þetta hefur ríkisstj. í huga um leið og hún vill nota vatnsaflið og skapa aðstöðu til þess, að það verði samkeppnisfært, því að það er mál manna, að við þær virkjanir, sem búið er að gera, áður en kjarnorkan verður ódýr, geti kjarnorkan ekki konkurrerað, heldur þær, sem verði byggðar eftir að kjarnorkan er komin á þetta ódýra stig.

Ég held, að það sé ekki eðlilegt, að hv. þm. sé með slíkar getsakir í garð ríkisstj. eða samþm. sinna, eins og hann var með hér áðan. Og ég undrast það, að jafnskynsamur maður og hv. 6. þm. Reykv. er skuli ekki reyna að hefja sig upp yfir þennan lágkúrulega stíl, sem hann notar í sinni ræðumennsku. Ég er alveg sannfærður um það, að hann getur komið auga á betri hliðina á þessu máli.

En það, sem er hér um að ræða í dag, er þetta frv., sem ég lýsti. Það er um það að gefa ríkisstj. heimild til þess að taka 7.5 millj. dollara lán, sem er fyrir kostnaði af seinni hluta virkjunarinnar við Búrfell. Það er það, sem um er rætt í dag, en ekki atvinnuuppbygging almennt. En að sjálfsögðu ætti ekki að standa á ríkisstj. eða stjórnarliðum að hefja slíkar umr., þegar ástæða þykir til þess.

Magnús Kjartansson: Herra forseti. Hæstv. raforkumálaráðh. sagði, að ég hefði haft uppi getsakir um stefnu og vinnubrögð hæstv. ríkisstj. í atvinnumálum. Því miður eru þetta engar getsakir, heldur afar augljósar staðreyndir. Eftir að hæstv. ríkisstj. fékk þá meinloku, að hún gæti leyst vandamál íslenzku þjóðarinnar og vandamál atvinnuveganna með því að fela erlendum auðhringum þróun efnahagslífsins, hefur innlendum atvinnuvegum hnignað jafnt og þétt. Í tíð þessarar hæstv. ríkisstj. hefur togurum fækkað svo mjög, að úthaldsdagar þeirra voru í fyrra meira en helmingi færri en þeir voru 1959. Það hefur orðið mjög verulegur samdráttur á þeim hluta bátaflotans, sem stundar bolfiskveiðar, og framleiðsla okkar á ýmsum fiskiðnaðarvarningi, eins og frystum fiskflökum, hefur dregizt stórlega saman á sama tíma og sú framleiðsla hefur margfaldazt annars staðar.

Hér á Íslandi hafa ýmsir þættir iðnaðarins dregizt mjög verulega saman, allt frá neyzluvöruiðnaði til málmiðnaðar, vegna þess að samkv. stjórnarstefnunni var talið heppilegra að flytja þann varning inn til landsins. Af þessu stafar atvinnuleysið, af þessari stefnu hæstv. ríkisstj. Og ég taldi rétt að vekja máls á þessu atriði hér vegna þess, að þetta frv. er liður í áformum, sem fela í sér, að sömu stefnu á að halda áfram. Þó að hæstv. ríkisstj. vinni að því kappsamlega að reyna að ná samningum við erlend auðfélög um að stofna hér ný fyrirtæki á næstu árum, þá er ekki um neina hliðstæða áætlun að ræða um þróun íslenzkra atvinnuvega.

Það er hægt að tala fagurlega um það, eins og hæstv. ráðh. gerir, að það sé nauðsynlegt fyrir okkur að virkja vatnsföllin. Ég er algerlega sammála honum um það. En því aðeins koma þær virkjanir okkur að gagni, að við notum þær sjálfir. Það er eins með raforku og hráefni, að í iðnvæddu þjóðfélagi fer minnst af arðinum til þessara hluta framleiðslunnar. Þar er fyrst og fremst greitt fyrir verkmenningu. Það hefur verið veila okkar í sjávarútvegi, hvað við höfum fullunnið framleiðsluna lítið. Á það var bent fyrir allmörgum árum af Davíð

Ólafssyni, núv. seðlabankastjóra, þáv. fiskimálastjóra, að ef við ynnum fiskafla okkar á svipaðan hátt og Vestur-Þjóðverjar gerðu þá, þá gætum við tvöfaldað útflutningsverðmætið. En í staðinn fluttum við aflann úr landi og eftirlétum öðrum að fullvinna hann. Og það er nákvæmlega þetta, sem hæstv. ríkisstj. er að gera með áformum sínum um rafvirkjanir. Hún er að eftirláta erlendum aðilum raforkuna, svo að þeir geti hirt þann arð, sem í henni felst. Við seljum hana sem hráorku á ákaflega lágu verði, sem skilar svo til engum arði. En þá verða þetta ekki gagnlegar auðlindir fyrir okkur, ef við erum ekki menn til að hagnýta þær, ef við getum ekki komið okkur upp iðnfyrirtækjum til þess að nýta orkuna og breyta henni í verzlunarvöru. Og auðvitað getum við gert þetta. Það er minnimáttarkennd og ekkert annað, að við Íslendingar getum ekki hafið iðnþróun af eigin rammleik. Að sjálfsögðu getum við tekið upp samvinnu við erlenda aðila um það, og það er alveg sjálfsagt mál. En við eigum sjálfir að ráða yfir þeim fyrirtækjum, sem við komum upp í landinu. Þetta verður að vera aðalstefna okkar. Aðeins á þennan hátt getum við tryggt eðlilega efnahagsþróun á Íslandi og eðlilega atvinnuþróun.

Hæstv. raforkumálaráðh. minntist á Noreg í þessu sambandi og alúmíniðnaðinn þar. Ég vil benda á það, að Norðmenn eru sjálfir mjög umfangsmikill aðili að þessari alúmínframleiðslu. Þeir eru mjög umfangsmikill þátttakandi í henni, en það erum við alls ekki. Og ég veit ekki til, að hæstv. ríkisstj. hafi gert nokkra minnstu tilraun til þess að tryggja það, að Íslendingar gætu orðið aðili að slíku verksviði.

Það er mikil fjarstæða, sem hæstv. ráðh. sagði, að hvarvetna blasti við alhliða uppbygging í atvinnulífinu. Ég held, að það sé ekki hægt að hugsa sér öllu hróplegra öfugmæli, og það er einnig mikil fjarstæða, þegar hæstv. ráðh. segir, að kostað sé til miklum fjármunum að rannsaka auðlindir Íslendinga og hvernig við getum hagnýtt þær. Ég bar fram fsp. á þingi fyrr í vetur um það, hversu miklu fé væri varið til vísindarannsókna og tilrauna á Íslandi. Og það kom í ljós, að við verjum til þessara þarfa 0.38% af þjóðartekjunum á sama tíma og sæmilega þróuð Evrópuríki verja um 2%. Við stöndum á svipuðu stigi og Portúgal, Spánn og Grikkland, vanþróuðustu ríkin í Evrópu. Einmitt þarna er einhver mesta veilan í öllu atvinnukerfi okkar, að við verjum allt of litlu fé til þess að rannsaka hinar sérstöku aðstæður á Íslandi og einnig til hliðstæðra rannsókna á því, hvernig við getum sjálfir unnið úr hráefnalindum okkar og orkulindum, og hvernig við getum komið upp iðnaði, þar sem við hagnýtum innflutt hráefni. Þær rannsóknir, sem nú er verið að framkvæma á íslenzkri náttúru, beinast ekki sízt að hráefnaleit. Það er verið að athuga þaravinnslu á Breiðafirði og málma á Austfjörðum. Þetta er í sjálfu sér gott og gilt. En það, sem skiptir máli fyrir okkur, ef við ætlum að hefja iðnvæðingu, er að efla verkmenningu á Íslandi, og til þess þarf allt annað. Til þess þarf mjög verulegar breytingar á skólakerfi okkar, og til þess þarf breytingar á öllu kerfi atvinnulífsins, allri uppbyggingu fyrirtækja á Íslandi. Í það þyrfti að leggja stórfé, að vinna að slíkum athugunum. Hæstv. ríkisstj. hefur ekki hikað við það að leggja fram stórfé til þess að undirbúa samninga við erlend auðfélög. Hún veit, að það kostar peninga. Hún veit, að hún verður að leggja til sérfræðinga á því sviði og greiða það, sem það kostar. En hún fæst ekki til þess að leggja hliðstæða fjármuni í rannsóknir á því, hvernig við Íslendingar getum sjálfir komið upp okkar eigin iðnaði.

Þetta er ákaflega mikið alvörumál. Ég benti á það í ræðu minni áðan, að enda þótt þessi áform tækjust öll um þrjú ný erlend stórfyrirtæki ofan á alúmínbræðsluna í Straumi og þótt þessi fyrirtæki væru komin upp 1976, þá veittu þau ekki atvinnu nema um 1000 manns. En á þessum sömu árum hafa um 10 þús. manns bætzt við á vinnumarkaðinum. Hvað eiga þessar þúsundir að gera, þegar ekki eru lögð á ráðin um það að efla atvinnuvegina í þeirra þágu? Á þetta fólk að flytja til Ástralíu? Þetta er tvímælalaust mesta alvörumálið, sem við okkur blasir, og mér finnst það vera einhver alvarlegasti ljóðurinn á ráði þessarar ríkisstj., að hún hefur ekki fengizt til þess að horfa af raunsæi framan í þennan vanda. Hugmyndir hennar um, að erlend auðfélög leysi það fyrir okkur, eru markleysa. Þær standast ekki. Algerlega óháð því, hvort menn telja slíka samninga hagstæða eða ekki, þá er sú staðreynd augljós hverjum manni, að þeir nægja alls ekki, og hér þarf að gera margfalt umfangsmeiri ráðstafanir, sem við verðum sjálfir að ráðast í. En um þau verkefni liggja engin áform fyrir.

Dómsmrh. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Hér höfum við nú mátt hlýða á mann, sem þykist kunna að róa. Hér liggur fyrir frv. til l. um breyt. á l. um Landsvirkjun, og er verið að leita heimildar fyrir ríkisstj. til þess að ábyrgjast lántöku vegna Landsvirkjunar í sambandi við stækkun á Búrfellsvirkjun, sem er í samræmi við það að flýta framkvæmdum við þá álbræðslu, sem þegar hefur verið samið um, um 3 ár. Þetta er það eina, sem hér er verið að tala um. Út af þessu kemur hv. 6. þm. Reykv. hér upp í ræðustólinn og heldur svo furðulega ræðu, að — ja, ég veit ekki, hvaðan hann hefur sínar upplýsingar eða hvað maðurinn er að tala um. Hann talar um hinar og þessar ráðagerðir ríkisstj. Hvar kemur það fram í þessu frv., eða hvar hafa þær komið fram? Hvar eru þessar ráðagerðir og ákvarðanir ríkisstj. um þessar stórvirkjanir, sem hv. þm. er að tala um? Þetta er allt út í bláinn, sem hann er að tala um. Hann er hér með hugaróra eins og hann oft endranær hefur verið með í sambandi við það, þegar rætt hefur verið um stórvirkjanir hér á landi, hreina og beina hugaróra. En þetta byggist allt á því, að þessi hv. þm. og hans flokksmenn hafa verið og eru sí og æ að reyna að læða því inn hjá almenningi í þessu landi, að það sé stefna ríkisstj., sem sé orsök þess atvinnuleysis, sem nú er, af því að ríkisstj. hugsi ekkert um annað er stórvirkjun og hafi ekkert gert til þess að efla aðrar atvinnugreinar. Á þessu er þrástagazt, þessari bölvaðri vitleysu liggur mér við að segja, í greinum hans í Þjóðviljanum og annars staðar í sumum stjórnarandstæðingablöðum.

Heldur hv. 6. þm. Reykv., að það hefði veiðzt eitthvað meiri síld í sumar, ef bygging álbræðslunnar hefði ekki staðið yfir? Heldur hann kannske, að það hefði haft einhver áhrif á borgarastyrjöldina í Nígeríu, þar sem markaðir okkar lokast, ef við hefðum ekki byggt hér

álbræðslu og ekki hafið stórvirkjanir á Íslandi? Og heldur hv. þm., að togaraútgerðin hefði borið sig eitthvað betur á undanförnum árum, þó að þessar framkvæmdir hefðu ekki byrjað og ekki verið hafizt handa um þær? Auðvitað hafa þessar framkvæmdir, sem hér hefur verið rætt um, bæði Búrfellsvirkjun og álbræðslan, ekki á nokkurn hátt dregið úr áhuga og aðgerðum ríkisstj. til eflingar annarra atvinnugreina á landinu nema síður sé, heldur hafa þær þvert á móti skapað möguleika til eflingar þessara atvinnugreina, annarra atvinnugreina hér á landi.

Hv. þm. segir, að þó að þessar framkvæmdir nái fram að ganga, að reist verði stóriðjuver, sem fá orku frá Búrfellsvirkjun, einhver stóriðjuver, sem hann veit lítið um en einhver hefur verið að sprauta í eyrað á honum — ég veit ekki, hvar hann hefur fengið þessar höfuðsprautingar, sem eru orsök þessarar ræðu — þá mundi það ekki skapa atvinnu fyrir nema um 1000 manns. Auðvitað eru þetta staðhæfingar, sem þessi hv. þm. veit ekkert um, hve mikla atvinnu það mundi skapa, ef hér risu upp stórframkvæmdir svipað og álbræðslan í einhverjum öðrum efnaiðnaði, hvað sem það nú væri, sjóefnavinnsla, saltvinnsla, plastiðnaður, olíuvinnsla og annað slíkt, að það skapaði atvinnu bara 1000 manns. Þetta er hreint út í bláinn, þegar menn eru með slíkar hugleiðingar, og því verða menn að gera sér grein fyrir, að álbræðslan í Straumsvík skapar ekki atvinnu fyrir 500 manns. Það er sagt, að við rekstur, beinan rekstur sjálfrar álbræðslunnar þurfi um 500 manns, þegar hún er komin í full afköst. En það er hægt að færa mjög sterkar líkur að því, að það mundi í raun og veru þýða atvinnuaukningu fyrir 1500 manns, en ekki 500 manns, vegna þeirrar auknu atvinnu, sem þeir aðilar fá, sem annars væri ekki fyrir hendi, bæði verkstæðisvinnu, byggingarvinnu, sem fólkið getur lagt í, sem hefur þarna örugga og góða atvinnu, og fjölmargt annað í sambandi við hafnarframkvæmdir, hafnarvinnu, afskipanir og annað slíkt. Og það styðst við reynslu okkar Íslendinga af því á undanförnum a. m. k. 20—25 árum, að í hvert sinn, sem Íslendingar hafa aukið gjaldeyristekjur sínar, hreinar gjaldeyristekjur, hafa venjulega fjórfaldazt þjóðartekjurnar, sem því svaraði, og af álbræðslunni einni er, eins og nú standa sakir, líklegt, að hreinar gjaldeyristekjur verði yfir 700 millj. kr. á ári, og það mundi þýða þá samkv. þessu, sem reynsla okkar segir til um, um 2800 millj. kr. aukningu þjóðartekna á ári. En þessar auknu þjóðartekjur auðvitað dreifast um allt hagkerfið og skapa mikla atvinnu langt fyrir utan það fólk, sem beinlínis vinnur í sjálfri álbræðslunni.

Hv. þm. hefur hvað eftir annað talað um það, að ríkisstj. hafi ekki haft nein önnur iðnvæðingaráform heldur en stóriðjuna. Iðnþróunarráð, sem sett var á laggirnar fyrir tveimur árum síðan, hefur fjallað um fjölmörg iðnvæðingaráform, og fæst af þeim eða nokkur hafa verið um stóriðju, heldur um aðrar atvinnugreinar og iðjugreinar á Íslandi. Það má t. d. nefna í þessu sambandi, að það hefur verið unnið að því að rannsaka möguleikana á meiri skinnaiðnaði hér á landi, og það eru horfur á því nú, að við Íslendingar kannske innan mjög skamms tíma og m. a. vegna aðgerða ríkisstj. í efnahagsmálum höfum aðstöðu til þess að vinna að verulegu leyti úr okkar gærum, sem fram til þessa hafa að mestu leyti verið fluttar út óunnar og saltaðar. Hér er um stórkostlegan iðnað að ræða og á öðru sviði heldur en stóriðju. Það hefur verið að byggjast upp á undanförnum árum skipaiðnaður hér á Íslandi, stálskipasmíðarnar, sem ekki voru þekktar fyrir nokkrum árum. Þær hafa verið á hverju ári frá 1964 í fjáröflunaráformum og framkvæmdaáætlun ríkisstj., sem hefur stuðlað að því að koma þessum skipaiðnaði, dráttarbrautum og skipasmíðastöðvum upp, skipabyggingarstöðvum til að byggja stálskipin og dráttarbrautum til þess að hafa aðstöðu til viðgerðar á hinum nýja flota, sem við höfum eignazt á undanförnum árum. Í sambandi við þær viðræður, sem hér fóru fram við ríkisstj. og milli atvinnunefndanna úr hinum einstöku héruðum, komu auðvitað fram margir þættir hugsanlegrar iðnþróunar á undanförnum árum, sem verið er að vinna að, og sumt er um það bil verið að taka ákvörðun um í atvinnumálanefnd ríkisins í samráði við atvinnumálanefndir kjördæmanna. Allt stefnir þetta að almennri iðnþróun í landinu fyrir utan sjálfa stóriðjuna.

Það hefur lengi verið mikið áhugamál ríkisstj. að efla veiðarfæraiðnaðinn hér á landi. Hún hefur átt þar í vök að verjast og fengið lítinn stuðning, bæði hér í þingi og frá ýmsum öðrum aðilum. En það hefur verið hennar skoðun, og hún hefur gert margar ráðstafanir til þess, að það væri okkur mjög mikils virði, bæði frá atvinnulegu og þjóðhagslegu sjónarmiði, að hafa hér sterkan veiðarfæraiðnað í landinu. Svona mætti auðvitað lengi telja, og er ástæðulaust að vera að blanda því inn í þessar umr., en í sambandi við iðnaðarmöguleikana og iðnþróun almennt og í tengslum við EFTA hafa átt sér stað að undanförnu alveg sérstakar viðræður milli iðnmrn., viðskmrn. og samtaka iðnaðarins í landinu um ýmsar aðgerðir og ráðagerðir í sambandi við þá aðstöðubreytingu, sem kynni að hljótast af þátttöku okkar í EFTA, og einnig hafa aðrar aðgerðir og tilraunir af hálfu ríkisstj. átt sér stað til þess að styrkja aðstöðu iðnaðarins, ef að því kæmi. Þetta vil ég aðeins segja til þess að árétta það, að þetta er eins og hver önnur markleysa, þegar hv. þm. er hér að tala um það, að ekki nokkrum sköpuðum hlut öðrum sé sinnt og það sé vegna þess, að engu öðru sé sinnt og aðeins horft á stóriðju, sem atvinnuástandið í landinu er eins og það er í dag. Ég leyfi mér að halda, að atvinnuástandið á s.l. ári sé með nokkuð öðrum hætti hér einmitt vegna þess, að þrátt fyrir andstöðu Magnúsar Kjartanssonar, hv. 6. þm. Reykv., og annarra hans flokksbræðra var hafizt handa um byggingu álbræðslu og stóriðju í tengslum við hana, þá hafi atvinnuástandið verið með nokkuð öðrum hætti á s. l. árum, og sérstaklega á s. l. ári, heldur en ella hefði verið. Og sú ákvörðun ríkisstj. að reyna að hraða þessum framkvæmdum, sem áður hefur verið samið um, þannig að full afköst verksmiðjunnar verði fyrir hendi þremur árum fyrr en ella, miðar náttúrlega að því tvennu að taka til sín meira vinnuafl á skemmri tíma en ella væri og einnig hinu, að þetta er mjög hagkvæmt, eftir því sem útreikningar liggja fyrir, fyrir Landsvirkjun, að þessi hraði eigi sér stað, og hún verður þess vegna fyrr hagkvæmara fyrirtæki heldur en verða mundi, og loksins verða tekjurnar gífurlega miklu meiri af álbræðslunni, því fyrr sem hún kemst í full afköst,

eins og hæstv. raforkumálaráðh. benti á, og það hefur auðvitað verulega þýðingu fyrir Atvinnujöfnunarsjóðinn, sem hefur innan tíðar 75—76% af tekjunum af skattgjaldi álbræðslunnar, og með þeirri aukningu, sem þarna yrði komið á, kæmi það þremur árum fyrr en ella til framkvæmda, að það mundi nálgast eða vera rúmlega 100 millj. kr. árlegt framlag, sem sjóðurinn á sjálfur og fengi af álbræðslunni, og eins og bent hefur verið á hækkar þetta eftir að afskriftatíminn er liðinn, sem talinn hefur verið 15 ár, og þá yrðu tekjurnar með 60 þús. tonna afköstum á 3. hundrað millj. kr. á ári. Ef þessi afköst, sem vikið hefur verið hér að, yrðu aukin upp í 86—90 þús. tonn, þá er þarna um nærri 50% aukningu að ræða, sem sjálfsagt mundi lyfta mikið undir virkjunarframkvæmdirnar og einnig skapa gífurlega mikið meira fé til atvinnujöfnunar og atvinnuaukningar fyrir utan það, sem Atvinnujöfnunarsjóður hefur til framkvæmda og til meðferðar. Þessi stækkun, sem hér hefur verið vikið að, fram yfir 60 þús. tonna afköstin, sem upphaflega var gert ráð fyrir og er samið um í aðalsamningnum um álbræðsluna við Svisslendinga, hefur aðeins komið til viðræðu nú fyrir örfáum dögum, þegar fulltrúar Íslendinga áttu viðræður um stækkun verksmiðjunnar á þremur árum í staðinn fyrir 6. Það mál er algerlega órætt enn þá, bæði raforkuverð og með hverjum öðrum hætti því yrði fyrir komið. Það liggur hins vegar fyrir að taka það mál til athugunar og meðferðar, og er gert ráð fyrir, að forstjórar svissneska fyrirtækisins muni verða hér á ferðinni í lok aprílmánaðar til þess að ræða það mál nánar, eftir að ríkisstj., núna þegar þessi hugmynd hefur verið sett fram um þessa aukningu, hefur haft aðstöðu til þess að átta sig betur á henni.

Hv. 6. þm. Reykv. sagði líka, að við værum ekki aðilar að álbræðslu, og það er að því leyti rétt, að Íslendingar eiga ekkert í álbræðslunni. En þeir hafa aðild að álbræðslunni bæði með því móti, að ríkisstj. nefnir tvo fulltrúa í stjórnina, og auk þess eru þar fyrir utan þrír aðrir Íslendingar í stjórn fyrirtækisins, þ. e. a. s. 5 Íslendingar af 7, sem eru í stjórn Íslenzka álfélagsins. En það vil ég aðeins minna á, af því að Norðmenn voru nefndir einmitt í þessu sambandi, að áður en samningurinn var gerður átti ég sérstakt erindi til Noregs til þess að ræða við menn þar í landi um, hvaða ráðleggingar þeir vildu gefa okkur um það, hvort við ættum að stefna að því beinlínis að vera aðilar — þá á ég við eigendur — að einhverju leyti að þessari álbræðslu eða gera samningana í því formi, sem raun varð á, og allir þeir aðilar, sem ég talaði við þá í Noregi — og Norðmenn hafa sjálfir haft töluvert með álbræðslur að gera, sem þeir reka sjálfir og reka líka í samvinnu við útlendinga — töldu það miklu ráðlegra fyrir okkur að hafa þann hátt á, sem við höfðum, í stað þess að vera að einhverju leyti lítill aðili í einni álbræðslu, sem er þó ekki nema einn hlekkur í langri framleiðslukeðju í sambandi við álvinnslu, í fyrsta lagi bauxítvinnslu, sem er nú unnin í þessa verksmiðju kannske að mestu leyti suður í Ástralíu, svo að öðru leyti þá hráálsframleiðslu, sem hér er um að ræða, og síðan álvinnslu og sölu á heimsmarkaðinum. Um þetta var auðvitað álitamál, og við þurftum að gera okkur grein fyrir því, hvað við teldum ráðlegast í þessu sambandi, og niðurstöður okkar einmitt eftir að hafa kynnt okkur ýmsar misfellur og árekstra, sem Norðmenn höfðu þurft að reyna með sameiginlegri þátttöku í álbræðslum við Svisslendingana reyndar og aðra, ýttu undir okkur að vilja heldur hafa það form á, sem álsamningurinn, sem gerður var 1966, ber vitni um. En það var þó í álsamningnum líka samið um það og rætt um það oft undir samningsgerðinni, að ef Íslendingar óskuðu þess, vildu Svisslendingar leggja af mörkum bæði tæknilegar ráðleggingar og vera e. t. v. aðilar, ef þess væri óskað af Íslendingum, að byggingu nýrrar álbræðslu, t. d. á Norðurlandi. Það hefur ekki orðið praktískt enn þá, og við höfum ekki óskað eftir því að svo komnu. En það getur fleira komið til álita, og ég held einmitt, að það geti vel komið til álita, að við gætum að einhverju leyti orðið aðilar að álbræðslu hér eftir þá reynslu, sem við höfum fengið, og þá þekkingu, sem við höfðum enga áður, af hráálsframleiðslu, þegar álbræðslan hér í Straumsvík hefur hafið starfsemi, og e. t. v. í samvinnu við Svisslendingana eða einhverja aðra. Það var rætt um þennan hugsanlega möguleika líka, og ég nefni það enn vegna þess, að það er sagt, að við höfum aldrei hugleitt það. Það var rætt um það á árinu 1965, þegar var rætt við ameríska álfyrirtæki, þá að eiga bræðsluna með þeim eða við hreinlega einir ættum bræðsluna, þeir fjármögnuðu bræðsluna að öllu leyti og gerðu samning við okkur um kaup á allri framleiðslunni. Þetta er líka hugsanlegur möguleiki. Þennan möguleika ræddum við þegar á árinu 1965 og höfnuðum honum, völdum heldur þann möguleika, sem mönnum er nú kunnugt um. Þetta segi ég aðeins vegna þess, að því er haldið fram hér, að það hafi aldrei neinar tilraunir verið gerðar til þess að verða aðilar að álframleiðslu af hálfu okkar Íslendinga.

Það getur vel verið, að eðlilegt væri að ræða undir svona máli um ýmis atriði, sem hv. þm. vildu spyrja um, og ráðagerðir og hugsanlega möguleika. En ég teldi nú, að það væri þá eðlilegast, að sú n., sem fær þetta mál til meðferðar, fengi nánari upplýsingar, ef hún óskaði eftir því, en þetta mál er auðvitað ákaflega takmarkað og gefur auðvitað ekki tilefni til almennra umr. um iðnþróun, stóriðjuþróun eða aðra þróun hér á landi.

Ég vil svo aðeins að lokum geta þess, að í stað þess, eins og hv. 6. þm. Reykv. sagði, að ríkisstj. væri búin að taka einhverjar ákvarðanir um þessar og þessar stórvirkjanir í sambandi við Búrfellsvirkjun, þá er það síður en svo. En hins vegar hefur ríkisstj. sett á laggirnar samvinnunefnd um orkuvinnslu og orkumöguleika Íslendinga í tengslum við stóriðju og aðra iðnþróun á landinu nú ekki alls fyrir löngu. Þessi n. hefur haldið 1. fund sinn fyrir rúmum mánuði síðan, og annar fundur þessarar samvinnunefndar um orkumál og iðnþróun í landinu er núna ákveðinn á fimmtudaginn kemur, en það undirstrikar einmitt það, að iðnþróunarráði þótti ekki vettvangur til þess að taka orkuvinnsluna í sambandi við stóriðju til meðferðar, heldur þyrfti að skapa þar samvinnu milli þeirra aðila, sem um þau mál fjölluðu á rannsóknarstigi, tilraunastigi, og svo á hagnýta sviðinu, þegar þar að kæmi, Rannsóknaráðs ríkisins, Seðlabankans, Landsvirkjunar, Orkustofnunar ríkisins, Laxárvirkjunar og þessara aðila og iðnmrn., sem eiga aðild að þessari samvinnu. Ég held, að það væri miklu

vænlegra, í staðinn fyrir að vera með sleggjudóma og getsakir um eitt og annað í málum eins og þessu, að þau væru rædd á þeim vettvangi, þar sem þau ættu að ræðast, og þá með þeim hætti, að hv. þm. gæfist kostur á að gera sér einhverja efnislega grein fyrir því, sem þeir eru að segja, en ekki bara vaða reyk og segja hvað eftir annað eitt og annað út í loftið, sem hefur ekki við nokkur rök að styðjast. En það getur vel verið, að við þurfum að búa við það áfram, að þetta verði sami hátturinn hjá þessum hv. þm., 6. þm. Reykv., því að í hvert skipti, sem minnzt er á atvinnuþróun, og ef hún á að vera eitthvað í tengslum við erlenda aðila, umhverfast þessir menn. Það gerir lítið til. Ég held, að almenningur í landinu sé farinn að átta sig á því, að það verður ekki þetta róðrarlag, sem bætir atvinnuleysið eða skapar raunhæfa og hagkvæma iðnþróun í landinu í framtíðinni, heldur að menn hafi áræði til þess að eiga samvinnu við aðra aðila, bæði tæknilega og efnahagslega, og byggja upp alhliða iðnþróun í landinu, sem unnið hefur verið að, bæði í sambandi við orkuvinnslu, stóriðju og almenna iðnþróun, sem síður en svo hefur setið á hakanum að undanförnu, og bera ákvarðanir ríkisstj. í svo fjölmörgum málum vitni um það og aðgerðir hennar í efnahagsmálum að undanförnu og á s. l. hausti, sem eru beinlínis grundvöllurinn að nýrri iðnþróun í landinu.

Magnús Kjartansson: Herra forseti. Ég held, að það væri mjög til íhugunar fyrir hæstv. forsrh. að athuga, hvort ekki sé þörf betri vinnuhagræðingar innan stjórnarráðsins. Hér stóð hæstv. iðnmrh. áðan og sagði, að það, sem ég hefði sagt um fyrirhugaðar stórvirkjanir og erlenda stóriðju í því sambandi, væru hreinir hugarórar, mælt út í bláinn, ég væri að vaða reyk. Það virðist þannig vera næsta takmarkað samband á milli hæstv. iðnmrh. og hæstv. raforkumálaráðh., sem veit ákaflega vel um þessi mál og minntist raunar á þau sjálfur í ræðu sinni áðan. Hæstv. raforkumálaráðh. minntist fyrstur manna á það áðan, að nú væri ráðgert að virkja Tungnaá við Sigöldu, gera þar verulega stóra virkjun og ljúka henni árið 1973. Og þessi virkjun er við það miðuð, að hún geti séð 1. áfanga nýrrar alúmínbræðslu fyrir nægilegri orku eða einhverjum öðrum sambærilegum erlendum iðnaði. Mér finnast það firn mikil, ef hæstv. iðnmrh. veit ekki um þessa staðreynd.

Ég spurði raunar hæstv. raforkumálaráðh. um það áðan, hvort mætti vænta þess, að frv. um þessa virkjun yrðu lögð fyrir þetta þing. Hæstv. ráðh. svaraði ekki, e. t. v. á hann það eftir, eða e. t. v. er ætlunin að ráðast því aðeins í þessa virkjun, að áður sé búið að semja við erlent auðfyrirtæki um að kaupa orkuna. Það er kannske ekki hægt að leggja frv. um þessa mikilvægu raforkuframkvæmd fyrir Alþ. nema fyrir liggi samþykkt erlends aðila um, að hann vilji kaupa orkuna á því lága verði, sem falt er.

Mér finnst það líka ákaflega furðulegt, að hæstv. iðnmrh. skuli ekki hafa hugmynd um það að eigin sögn, að unnið er að því af fullum krafti að gera áætlanir um að nýta allt fallið í Efri-Þjórsá í einni virkjun, sem tryggði jafnódýra orku og Búrfellsvirkjun. Ég veit ekki betur en jarðfræðirannsóknir í sambandi við þessar fyrirhuguðu framkvæmdir verði þegar á þessu ári framkvæmdar fyrir 10 millj. kr. Og ég veit ekki betur en með því sé reiknað, að þessi framkvæmd eigi að geta hafizt árið 1972 – það er ekki langt þangað til – og miðað sé að því, að virkjunin hefji starfsemi 1975—1976, og í þessum áformum er reiknað með því, að orkan eigi að nægja fyrir tvær 60 þús. tonna alúmínbræðslur. Hver er að ræða um alúmínbræðslu án þess að láta hæstv. iðnmrh. vita af því? Eða veit hann kannske eitthvað meira en hann vill vera láta?

Við gerum okkur engan veginn rétta grein fyrir þessu frv., sem hér liggur fyrir, nema við vitum um þessar ráðagerðir, sem ná fram yfir miðjan næsta áratug, og metum þetta mál í samhengi við þá þróun. Hæstv. iðnmrh. vék svolítið að þróun íslenzkra atvinnuvega og sérstaklega iðnaðarins í þessu sambandi. Hann fór hér rétt einu sinni með tölur, sem við höfum oft heyrt hann fara með, þess efnis, að hver einn maður í alúmínbræðslunni í Straumi væri í raun og veru fjórgildur, því að athafnir hans tryggðu 3—4 öðrum mönnum vinnu. Þetta á ekkert frekar við um alúmínbræðsluna í Straumi en hvað annað. Með þessu móti getur hæstv. ráðh. fjórfaldað fjölda þeirra, sem vinna á togurum og fiskibátum. Þetta er engin speki, sem á sérstaklega við alúmínbræðsluna. Það á við alla þætti útflutningsframleiðslu okkar. Og þessi samanburður verður ekki alúmínbræðslunni í hag frekar en öðrum útflutningsatvinnuvegum.

Ég held, að sjálft ástandið í landinu sé nú bezt svar við lofsöng hæstv. ráðh. um framtak sitt í iðnaði. Hann minntist á uppbyggingu skipaiðnaðarins. Hræddur er ég um, að honum hafi ekki vegnað of vel. Hæstv. ráðh. hefur orðið að standa í stöðugum björgunarleiðöngrum vegna þess, að sá iðnaður er allt of illa skipulagður. Eitt fullkomnasta fyrirtækið á því sviði, Stálvík, er þannig á sig komið, að forstjórinn hefur greint frá því, að framleiðslugeta fyrirtækisins sé aðeins nýtt um 30%, og fjárfesting, sem er nýtt á svo lélegan hátt, skilar ekki þjóðhagslegum arði, jafnvel þótt um sé að ræða fullkomið fyrirtæki með hinum beztu vélum. Ef vélarnar eru ekki hagnýttar nema að tæpum þriðjungi miðað við það, sem þær geta, er þetta fyrirtæki ekki sú lyftistöng sem það gæti orðið.

Hæstv. ráðh. spurði einnig, hvernig væri ástatt í atvinnumálum, ef ekki væri alúmínbræðsla. Hvernig var ástatt í atvinnumálum á Íslandi, áður en þessi samningur var gerður? Þá var barizt um vinnuaflið. Við urðum að flytja inn vinnuafl frá öðrum löndum. Þetta var talið mikið vandamál ár eftir ár, að það væri svo mikil eftirspurn eftir vinnuafli, að þar væri ekki einu sinni hægt að halda í hemilinn á kaupgjaldinu. Þetta var áður en samningurinn var gerður. Og af hverju hafa umskiptin orðið? Umskiptin hafa orðið vegna þess, að hæstv. ríkisstj. dró saman hina innlendu atvinnuvegi vitandi vits vegna þess, að hún vildi hafa tiltækt vinnuafl handa hinum erlendu auðfélögum.

Ég spurði áðan um, hvar ráðagerðirnar væru um iðnþróun á Íslandi, þá óhjákvæmilegu iðnþróun, sem verður að verða hér, ef við ætlum að halda velli. Og hæstv. ráðh. sagði, að tvö eða þrjú rn. hefðu ráðgazt við, rætt hvert við annað. Beri menn nú saman þetta þokusnakk annars vegar og hins vegar algerlega frágengnar áætlanir um raforkuframkvæmdir í þágu útlendinga.

Þar eru ekki neinar bollaleggingar. Þar er búið að kanna og rannsaka hvert einasta atriði, tilkostnað, hvernig á að haga framkvæmdum. Þetta liggur allt fyrir. En í sambandi við þróun okkar eigin atvinnuvega fáum við ekkert að heyra annað en almennt orðagjálfur.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Það eru nú aðeins örfá orð vegna þess, að hæstv. iðnmrh. tók nú af mér ómakið. En ég hef nú aldrei orðið eiginlega var við það fyrr en í dag, að hv. 6. þm. Reykv. virðist heyra eitthvað illa og heyra skakkt og leggur svo út af því í ræðum sínum, sem hann hefur misheyrt. Þannig vill hv. þm. láta líta þannig út, að það rekist eitthvað á málflutningur hæstv. iðnmrh. og minn, af því að hæstv. iðnmrh. sagði, að það væri ekki búið að taka ákvörðun um stórvirkjanir.

Það vill svo til, að ég hef hérna skrifað það, sem ég sagði hér áðan. Það var alveg sama og aths. í sambandi við, þegar talað var um að stækka álbræðsluna um 20 þús. tonn, það hefur verið rætt um þetta, ekki tekin ákvörðun um það. Það er einnig í samræmi við það, sem stjórn Landsvirkjunar hefur sagt, að það hefur verið rætt um og stefnt að því að gera virkjun við Sigöldu, að gera fullkomna miðlun í Þórisvatni. Og það hefur verið rætt um það að gera virkjun í Efri-Þjórsá. En það hefur ekki enn þá verið tekin ákvörðun um það. Og það var það, sem hæstv. iðnmrh. sagði hér áðan, það hefur ekki verið tekin ákvörðun um það. En ég vil segja, að því er nú verr, að málið er ekki komið það langt. Ég vil lýsa fylgi mínu við það, að það megi takast, og ég vona, að það megi takast sem allra fyrst. En ákvörðun hefur ekki verið tekin um þetta enn þá, þótt að því sé stefnt. Og það, sem ég sagði hér áðan, var það, að ef álbræðslan yrði stækkuð upp í 86 þús. tonn, mundi slík stækkun þurfa 40 þús. kw., og eigi að vera hægt að anna þeirri aflþörf, olíuhreinsunarstöð o. fl., sem rætt hefur verið um, er nauðsynlegt að ráðast í Sigölduvirkjun sem fyrst.

Nú er það svo, að ég hygg, að bæði hv. 6. þm. Reykv. og aðrir hv. þm. séu í hjarta sínu samþykkir því, að það verði unnið að virkjunum, áframhaldandi virkjunum, bæði í Þjórsá og í öðrum fallvötnum landsins. En það virðist vera, að það sé einhver meinloka, sem hefur komið í þennan hv. þm., 6. þm. Reykv., að það virðist sem hann haldi það, að ef það verði gert, verði að leggja allt annað á hilluna, og allur hans málflutningur hér í dag hefur byggzt á því, að ef það væri ráðizt í stórvirkjanir, yrði allt annað lagt á hilluna, og ríkisstj. hafi engar formlegar áætlanir um það að byggja upp alhliða atvinnulíf í landinu. Um þetta þurfum við ekki að ræða í dag, vegna þess að það er vitað, að það er ýmislegt, sem gert hefur verið til undirbúnings því, að það geti komið hér upp alhliða blómlegur iðnaður í landinu. Og ég er dálítið undrandi á því, að hv. 6. þm. Reykv. skuli vera að halda því fram, að atvinnuleysið og óneitanlegur samdráttur í vissum atvinnuþáttum séu orsakir fyrir því, að það sé unnið að því að koma upp álbræðslu í Straumsvík og stórvirkjun í Þjórsá.

Hæstv. iðnmrh. rakti það hér áðan, hversu fráleitt þetta væri. Það eru um 1000 manns, sem hafa haft atvinnu við það að virkja og við það að byggja verksmiðjuna, en eins og hæstv. iðnmrh. sagði, hefðu togararnir ekkert fiskað meira, þótt ekkert hefði verið unnið að álbræðslubyggingu, og síldin hefði ekki veiðzt betur. En orsakir atvinnuleysis, sem hefur gert vart við sig, og orsakir nokkurs samdráttar í ýmsum þáttum atvinnulífsins hélt ég, að allir hv. alþm. hefðu gert sér grein fyrir, hverjar væru. Það vita allir hv. alþm., að síðustu tvö árin hefur þjóðin misst nærri þriðjung af sínum útflutningstekjum, sem stafar af því, að aflinn er minni og verðlagið á okkar aðalútflutningsvörum hefur hríðfallið. Og ástæðan til þess, að samdrátturinn hefur ekki orðið meiri og atvinnuleysið ekki tilfinnanlegra heldur en raun ber vitni, er sú, að núv. ríkisstj. hafði búið í haginn og safnað sjóðum á meðan betur áraði. Og við skulum ekki vera að setja hér í hv. Alþ. á stað eitthvert sjónarspil, sem er langt utan við veruleikann og langt utan við það, sem við allir þekkjum og skiljum. Það er enginn vafi á því, að ríkisstjórnarflokkarnir og stjórnarandstöðuflokkarnir vilja vitanlega einnig halda þannig á þessum málum, að við getum komizt út úr þeim örðugleikum, sem aflabresturinn og verðfallið hafa valdið okkur núna um sinn. Og ríkisstj. hefur gert ýmsar ráðstafanir til áætlunar því, hvernig út úr þessu megi komast. Tel ég ekki ástæðu til að endurtaka það hér. Það hafa verið gerðar ýmsar ráðstafanir og athuganir á því, hvernig við getum ráðið fram úr þessum vanda, og þótt við reynum að nýta vatnsaflið á meðan það er samkeppnisfært, þá breytir það ekki því, að það er nauðsynlegt að vinna að þessu og verður vitanlega gert.

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða meira um þetta mál að svo stöddu.

Dómsmrh. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Ég ætti kannske ekki að eyða fleiri orðum í viðræður við hv. 6. þm. Reykv. um þau mál, sem hér hafa verið til umr. En þegar greindur maður tekur til máls og segir annað eins og hann sagði hér seinast, sem reyndar er það sama, sem hann hefur verið að skrifa, er auðvitað ágætt að fá það skjalfest hér í þinginu.

Hv. þm. segir hér áðan: Hvers vegna var barizt um vinnuaflið, áður en álsamningurinn var gerður? Þá var barizt um vinnuaflið, en eftir að álsamningurinn var gerður, þá bara datt þessi barátta niður, af því að þá vantaði vinnu. Og af hverju urðu umskiptin? spyr hv. þm. Vegna þess, að stjórnin dró saman vinnuaflið í öðrum greinum. Álsamningurinn er gerður 1966 um vorið. Vinna var mjög mikil allt það ár og framan af ári 1967. Það er svo síður en svo, að ríkisstj. hafi ekki gert neinar ráðstafanir til þess að efla atvinnulíf á öðrum sviðum. Ég get upplýst, af því að iðnaðurinn hefur sérstaklega blandazt inn í þessar umr., að það hefur aldrei verið önnur eins fjárfesting í iðnaði eins og á árunum 1966 og 1967 500 millj. kr. hvort árið um sig, eða 1000 millj. kr. á þessum tveimur árum — og það á árinu 1967, þegar gjaldeyristekjur okkar voru að ganga til þurrðar og mikið af innfluttum vélum og tækjum til iðnaðarins var flutt inn fyrir gjaldeyrisvarasjóðinn og hann þannig notaður til þess að fjárfesta í iðnaði. Þetta er helmingi meiri fjárfesting heldur en var fyrir um það bil 7—10 árum með sambærilegu verðlagi. Enda höfðu nú verið byggðir upp fjárfestingarsjóðir fyrir

iðnaðinn á undanförnum árum af núv. ríkisstj. En að það skuli geta hent, að hv. þm. hér á Alþ. segi, að skortur á vinnu hér og atvinnuleysið hafi bara komið af því, að það var búið að skrifa undir álsamninginn, er meira en lítið furðulegt. En þetta er inntakið úr því, sem hann sagði. Það er ágætt að hafa þetta orðrétt skjalfest hérna í þingtíðindunum, og þegar menn tala þannig, þá má segja, að það sé ekki veruleg ástæða til þess að eyða miklum tíma í rökræður. En frá því að álsamningurinn var gerður, og það á þessum hv. þm. að vera kunnugt um, hafa útflutningstekjur okkar Íslendinga fallið um meira en 50%, og það kynni kannske að vera nokkur ástæða fyrir þeim erfiðleikum, sem við eigum í á atvinnumarkaðinum sem og annars staðar.

Hv. þm. minntist á, að það hafi heyrzt áður frá mér, að atvinna í álbræðslum og atvinna í efnaverksmiðjum skapaði vinnu fyrir fleiri og þetta væri sem sé ekkert nýtt, þetta væri svona, þegar togari væri gerður út o. s. frv. Og það er alveg rétt, á móti því hef ég aldrei mælt, en ég vildi vekja athygli manna á því, að varðandi atvinnumarkaðinn hefur stóriðjan miklu meiri þýðingu heldur en almennt hefur verið látið í veðri vaka.

Hv. þm. taldi, að það mundi ekki vera hagstæður samanburður fyrir álbræðsluna t. d. við togaraútgerðina. Ja, nú hef ég ekki við hendina tölur, sem ég þori að bera ábyrgð á, en mig langar þó til að hreyfa því, að ég hygg, að það sé ekki fjarri lagi, að hreinar gjaldeyristekjur af togara hafi á undanförnum árum verið svona 20 millj. kr., sem gætu þá legið einhvers staðar núna milli 20–40 millj. kr., hreinar gjaldeyristekjur. En þá þarf líka um 20 togara til þess að vega upp á móti þessari einu álbræðslu í öflun hreinna gjaldeyristekna. Og það er bara ekki svo lítið, að ég held, að samanburðurinn þarna sé ekkert sérstaklega óheppilegur fyrir álbræðsluna, þó að mér sé alveg fullljóst, eins og hverjum öðrum, að togaraútgerðin hefur verið ein af okkar sterku atvinnugreinum og verður það sjálfsagt í framtíðinni. En aðstaðan hefur breytzt á stuttum tíma fyrir togaraútgerð, og þess vegna dregst togaraútgerðin saman. Orsökin er m. a. hinn gífurlegi síldarafli, sem við nutum á árunum 1964, 1965 og 1966. Þá er byggður upp floti af allt annarri gerð skipa, fyrst og fremst miðaður við þessar fiskveiðar. Á þeim sama tíma eiga togararnir í vök að verjast og varla nokkur togari, sem gerður er út nema með stórkostlegu tapi. Það hefur verið unnið að því að undanförnu af hálfu ríkisstj. að kanna möguleikana fyrir því að efla togaraútgerð með nýtízku togurum af nýjustu gerðum og nefndir unnið að því og lagt fram grg. Það má segja, að það erfiðasta í því sé, hversu óarðbærir í rekstri þessir togarar virðast eftir öllum þeim áætlunum, sem gerðar hafa verið um rekstur þeirra, þó að menn hefðu fjármuni til þess að leggja í kaup á nýjum togurum.

Ég skal svo ekki hafa þessi orð fleiri, en nenni ekki að eyða orðum að því, þegar hv. 6. þm. Reykv. er að tala um það, hvort ég hafi enga hugmynd um virkjanir Þjórsár o. s. frv. Ráðagerðir hafa verið uppi um margt, en það er ekki sama og að ákvarðanir séu teknar, eins og háttv. þm. vildi vera láta. Ég tek undir það með raforkumálaráðh., að því miður eru virkjunarrannsóknir okkar komnar allt of skammt, af því að við erum í sífelldu kapphlaupi við tímann, og þeir menn, sem bezt til þekkja og hafa mesta trú á framtíð landsins, bera hvað mestan kvíðboga fyrir því, að vatnsaflið okkar kunni e. t. v. ekki að nýtast nema að litlu leyti vegna seinagangs og vegna úrtölumanna eins og hv. 6. þm. Reykv. og annarra hans líka.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 28 shlj. atkv. og til fjhn. með 29 shlj. atkv.

Á 74. fundi í Nd., 10. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 385, n. 416).

Frsm. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Ég biðst afsökunar á því að hafa ekki tekið eftir hinni snöggu fundarstjórn hæstv. forseta, en eins og fram kemur á þskj. 416, hefur fjhn. þessarar hv. d. mælt með því, að frv. það, sem hér er á dagskrá, verði samþ. óbreytt. Einn nm., hv. 4. þm. Austf., var ekki viðstaddur afgreiðslu málsins.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 23 shlj. atkv.

Á 75. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 21 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 21 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 72. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 73. fundi í Ed., 14. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Frv. þetta hefur verið samþ. í hv. Nd. og er nú hér til 1. umr. Samkv. 1. gr. er lagt til, að ríkisstj. verði heimilað að ábyrgjast með sjálfskuldarábyrgð lán, sem Landsvirkjun tekur til virkjunar við Búrfell, að fjárhæð allt að 3128 millj. kr. eða 35.5 millj. dollara eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í annarri erlendri mynt. Ábyrgðin skal vera með þeim kjörum og skilmálum, sem ríkisstj. ákveður, og tekur hún jafnt til greiðslu afborgana, vaxta og annars kostnaðar.

Í samningi ríkisstj. og Swiss Aluminium frá 28. marz 1966 um álbræðslu í Straumsvík er gert ráð fyrir því, að bræðslan verði reist í þrem áföngum, þannig að í fyrsta áfanga verði afköst hennar 30 þús. tonn af áli, en í öðrum 45 þús. tonn og þeim þriðja 60 þús. tonn. Samningurinn gerir enn fremur ráð fyrir því, að 1. áfanga sé lokið 1969, 2. ekki síðar en 1972 og þeim 3. ekki síðar en 1975, nema aðilar verði ásáttir um annað. Eftir

samningsgerðina þótti fljótlega sýnt, að tveim síðustu áföngum bræðslunnar yrði flýtt, og eru nú allar horfur á því, að hún verði komin í fulla stærð árið 1972, sem er þrem árum fyrr en umræddur samningur gerði ráð fyrir. Áætlanir um Búrfellsvirkjun miðast við það, að fyrri virkjunaráfanganum, sem er 105 megawött, ljúki á þessu ári um leið og 1. áfanga álbræðslunnar, en aflþörf hans er 60 megawött, og síðari virkjunaráfanganum áður eða um leið og álbræðslan er komin í fulla stærð, en þá er virkjunin 210 megawött og aflþörf bræðslunnar 120 megawött. Eigi bræðslan að geta verið komin í fulla stærð 1972, er því nauðsynlegt að ljúka báðum áföngum Búrfellsvirkjunar fyrir þann tíma, og hefur þegar verið að því stefnt með því að flytja hluta af framkvæmdum seinni virkjunaráfangans yfir á þann fyrri.

Í 1. mgr. 15. gr. l. um Landsvirkjun er nú fyrir hendi heimild fyrir ríkisstj. til þess að ábyrgjast með sjálfskuldarábyrgð lán, sem Landsvirkjun tekur til virkjunar við Búrfell, að fjárhæð allt að 1204 millj. kr., 28 millj. dollara eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í annarri erlendri mynt. Þessi fjárhæð er 2467 millj. kr. á núgildandi gengi. Með frv. þessu er lagt til, að umrædd heimild verði hækkuð um 661 millj. kr. eða 7.5 millj. dollara, vegna lána, sem nauðsynlegt er að taka vegna seinni áfanga virkjunar við Búrfell. Að fenginni þessari hækkun yrðu fyrir hendi ríkisábyrgðarheimildir samkv. 15. gr. l. að fjárhæð alls 3128 millj. kr. eða 35.5 millj. dollara, en eins og fram kemur í aths. við þá grein í landsvirkjunarlögunum er núverandi fjárhæð greinarinnar aðeins miðuð við lántöku vegna stofnkostnaðar við fyrstu framkvæmdir í þágu Búrfellsvirkjunar.

Af þessum ástæðum er frv. flutt, og tel ég, herra forseti, ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um það að sinni, en legg til, að málinu verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. fjhn., held ég.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til fjhn. með 13 shlj. atkv.

Á 78. fundi í Ed., 25. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 385, n. 505).

Frsm. (Ólafur Björnsson): Herra forseti. Aðalefni þessa frv. er að heimila hæstv. ríkisstj. að ábyrgjast viðbótarlán vegna Landsvirkjunar, sem hún tekur til Búrfellsvirkjunar, og er nánari grein gerð fyrir nauðsyn þessarar lántöku í athugasemdum við frv. á þskj. 385.

Eins og kunnugt er, eru orkulindirnar þýðingarmesta náttúruauðlind, sem við Íslendingar höfum yfir að ráða fyrir utan fiskimiðin, þannig að aukin framleiðsla hér á landi og bætt kjör þjóðarinnar hljóta mjög að vera háð aukinni nýtingu þessara orkulinda, og þó að nýting fiskimiðanna hljóti enn um skeið auðvitað að vera það, sem þjóðarbúskapur okkar öðru fremur byggist á, þá er þó sá munur á nýtingu orkulindanna og nýtingu fiskimiðanna, að fallvötnin halda óhindrað áfram að streyma til sjávar, en sjávaraflinn er sveiflum háður. Og hvað sem líður öðrum ágreiningi milli okkar, sem sæti eigum í þessari hv. d., hygg ég, að allir séu sammála um það, að æskilegt sé, að dregið verði úr þeim miklu sveiflum, sem verið hafa í þjóðartekjum okkar og þjóðarframleiðslu, en einhver öruggasta leiðin til þess verður aukin nýting orkulindanna, en þessar orkulindir verða ekki nýttar nema með meiri eða minni innflutningi erlends fjármagns, vegna þess að sparifjármyndun í okkar þjóðfélagi hlýtur a. m. k. fyrst um sinn að verða ónóg til þess að standa undir þeim framkvæmdum, sem nauðsynlegar eru í þessu efni. Með tilliti til þessara atriða, sem ég nú hef nefnt, hefur fjhn., eins og nál. á þskj. 505 ber með sér, orðið sammála um það, eða þeir, sem viðstaddir voru á þeim fundi, er málið var afgreitt á, að leggja til, að frv. verði samþ. óbreytt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

Á 79. fundi í Ed., 28. apríl, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 18 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 582).

---

43. Vöruhappdrætti Sambands íslenzkra berklasjúklinga.

Á 28. fundi í Sþ., 12. febr., var útbýtt frá Nd.:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 18 22. apríl 1959, um vöruhappdrætti fyrir Samband íslenzkra berklasjúklinga [140. mál] (stjfrv., A. 253).

Á 45. fundi í Nd., 17. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Ekki þarf að kynna hv. þdm. starf Sambands ísl. berklasjúklinga, svo þjóðkunnugt er það og það mikla átak, sem þar hefur verið gert fyrst og fremst í þágu berklasjúklinga, en eftir að tókst meira að vinna bug á berklaveikinni, þá hefur sambandið tekið að sér að sinna öðrum sjúklingum og þannig leyst af hendi mjög mikilvægt hlutverk fyrir þjóðfélagið. Starf þetta hefur verið rekið af mikilli fyrirmynd og einstæðum hætti að segja má, vegna þess að starfsemi vinnuheimilisins hefur að töluverðu leyti staðið undir sínum rekstrarkostnaði með vinnustofum og framleiðslustarfsemi, og má í einu orði segja, að rekstur þessa fyrirtækis hafi verið til mikillar fyrirmyndar. Sú aðstoð, sem þjóðfélagið hefur veitt í þessu efni, er fyrst og fremst að heimila Sambandi ísl. berklasjúklinga að starfrækja vöruhappdrætti. Það var fyrst heimilað með lögum 1949 og þá til 10 ára. Þessi heimild var endurnýjuð á árinu 1959 og gildir til ársloka 1969. Það þótti eðlilegt að tímabinda þessa heimild fyrir þá sök, að þessu happdrætti er fyrst og fremst ætlað að standa straum af byggingarframkvæmdum að Reykjalundi, en ekki af rekstri þeirra stofnana, sem þar

eru starfræktar. Það hefur farið fram á því athugun nú og ítarleg greinargerð verið gerð af hálfu forráðamanna Sambands ísl. berklasjúklinga, að enn þá er þarna mikið óunnið, bæði eru ýmsar byggingar óreistar, sem nauðsynlegt er að koma upp, og ekki síður hitt, að miklar byggingarskuldir hvíla enn á sambandinu. Af þessum sökum er það, sem ríkisstjórninni hefur þótt rétt að mæla með því við Alþ., að Samband ísl. berklasjúklinga fengi enn um 10 ára bil að starfrækja umrætt happdrætti, og yrði ágóðanum af því varið til þess að greiða stofnkostnað við byggingarframkvæmdir þær, sem ég minntist á að Reykjalundi og þ. á m. til að koma upp byggingum vinnustofa fyrir öryrkja, og gert er ráð fyrir því, að ráðstöfun þessa fjár verði að öðru leyti undir yfirumsjón ríkisins á hverjum tíma.

Ég tel ekki ástæðu til, herra forseti, að orðlengja frekar um þetta mál, en tel rétt, að hv. n., sem fær þetta mál til meðferðar, fái eftir þörfum upplýsingar um það hjá sambandinu, hvernig fjárþörf þess er, og kynni sér það til hlítar. Ég tel ekki ástæðu til að gera grein fyrir því hér opinberlega, því að ég veit, að allar slíkar upplýsingar eru til reiðu hjá forráðamönnum sambandsins.

Ég legg til, herra forseti, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. fjhn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til fjhn. með 26 shlj. atkv.

Á 68. fundi í Nd., 24. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 253, n. 369).

Frsm. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Eins og fram kemur á þskj. 369, hefur fjhn. þessarar hv. d. haft málið til meðferðar og mælir n. með því, að frv. verði samþ. óbreytt.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 23 shlj. atkv.

Á 69. fundi í Nd., 25. marz, var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 27 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 63. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 64. fundi í Ed., 27. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Svo sem hv. þdm. er kunnugt, hefur Samband ísl. berklasjúklinga um alllangt skeið eða allt frá árinu 1949 haft leyfi til þess að starfrækja vöruhappdrætti í því skyni að koma upp nauðsynlegum byggingum fyrir starfsemi sína, fyrst og fremst að Reykjalundi. Þessi heimild var upphaflega veitt til 10 ára, og síðan var hún endurnýjuð árið 1959 og þá veitt til ársloka 1969 og sett jafnframt heildarlög um happdrættið. Það hefur komið í ljós, að enn þá er mikið ógert í sambandi við byggingarmál Sambands ísl. berklasjúklinga. Enn eru miklar skuldir, sem hvíla á byggingum samtakanna, og enn fremur nýjar framkvæmdir, sem þyrfti að hrinda þar í framkvæmd. Það hefur orðið að ráði eftir að fór að draga úr berklaveikinni og þýðingu þessarar starfsemi á því sviði, að S.Í.B.S. yfirtæki önnur málefni á sviði heilbrigðismála, sérstaklega varðandi öryrkjamál, og er því enn þá brýn nauðsyn til að hlynna að þessari starfsemi. Með frv. þessu er lagt til, að happdrætti þetta verði framlengt enn þá um 10 ára bil og að ágóða af því verði sem áður varið til að greiða stofnkostnað við byggingarframkvæmdir vinnuheimilisins að Reykjalundi og til byggingar og rekstrar vinnustofa fyrir öryrkja á vegum S.Í.B.S. Og jafnframt er til öryggis gert ráð fyrir því, að það verði háð samþykki ríkisstj., hvaða framkvæmdir verði ráðizt í af þessu tagi. Frv. þetta var samþ. einróma í hv. Nd., og vildi ég leyfa mér að vonast til, að það geti hlotið sömu meðferð hér í þessari hv. deild. Það hefur aldrei áður verið ágreiningur um það að hlynna að þessum merkilegu samtökum, og ég leyfi mér að leggja til, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. fjhn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv. og til fjhn. með 16 shlj. atkv.

Á 78. fundi í Ed., 25. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 253, n. 506).

Frsm. (Ólafur Björnsson): Herra forseti. Eins og fram kemur í grg. fyrir frv. því, sem hér liggur fyrir á þskj. 253, þá er leyfi Sambands ísl. berklasjúklinga til þess að reka vöruhappdrætti útrunnið á þessu ári, og er aðalefni frv. það, að leyfi þetta verði framlengt. Eins og hv. þdm. er kunnugt, þá hefur þjóð vorri að vísu orðið mjög vel ágengt í því að útrýma hvíta dauðanum, þannig að verkefni þeirra samtaka, sem hér eiga hlut að máli, er nú minna heldur en er þau upphaflega voru stofnuð. En þessi samtök hafa þá haslað sér annan völl á sviði öryrkjamálanna og vinna þar að þjóðnýtu starfi, þannig að full ástæða er til þess, að þau njóti þeirrar fyrirgreiðslu varðandi leyfi til að reka happdrætti áfram, sem þau hafa að undanförnu notið. Í sambandi við þetta hefur fjhn. orðið sammála um það, eins og nál. á þskj. 506 ber með sér, að leggja til, að frv. verði samþ. óbreytt.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

Á 79. fundi í Ed., 28. apríl, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 15 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 584).

44. Umboðsþóknun og gengismunur gjaldeyrisbankanna.

Á 58. fundi í Nd., 3. marz, var útbýtt:
Frv. til l. um umboðsþóknun og gengismun gjaldeyrisbankanna [160. mál] (stjfrv., A. 309).

Á 59. fundi í Nd., 4. marz, var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 60. fundi í Nd., s. d., var frv. aftur tekið til 1. umr.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Þegar fjárlög voru afgreidd nú fyrir jólin, var einn af tekjupóstum, sem þar var settur inn, 15 millj. kr. hækkun á áætluðum hluta ríkissjóðs af tekjum gjaldeyrisbankanna vegna umboðsþóknunar og gengismunar. Það var þá skýrt frá því, að ástæðan væri sú, að það þætti eðlilegt, að aukning sú á tekjum gjaldeyrisbankanna á þessum lið, sem beinlínis stafaði af gengisbreytingunni, rynni til ríkissjóðs en ekki til bankakerfisins. Það hefur verið meginhugsunin í sambandi við t. d. öll viðskipti, ákvarðanir um álagningu og annað þess konar, að viðkomandi aðilar högnuðust ekki sérstaklega á gengisbreytingunni, og ef ráðstöfun væri ekki gerð í þessa átt, sem ég gat um og þetta frv. fjallar um, mundu tekjur gjaldeyrisbankanna beinlínis vegna gengisbreytingarinnar hækka allverulega. Það var gert ráð fyrir því, að hækkunin yrði um 15 millj. kr. Nánari athugun hefur hins vegar leitt í ljós, að hér muni hafa verið nokkuð ofáætlað, en þessi upphæð geti numið 10–12 millj. kr. Frv. það, sem hér er flutt, er til þess flutt að fá það lögfest, að bankarnir skili 60% í stað 50% af tekjum sínum vegna þessara viðskipta, en þessi hækkun prósentunnar mun samsvara því, sem ég gat um, að bankarnir skili að öllu leyti þeirri hækkun, sem kemur fram vegna gengisbreytingarinnar nú, og á ekki að leiða til neinnar sérstakrar útgjaldaaukningar fyrir bankana.

Ég sé ekki ástæðu til, herra forseti, að hafa um þetta fleiri orð nema tilefni gefist. Grg. frv. útskýrir nákvæmlega, hvað hér er um að ræða, og að sjálfsögðu, ef frekari upplýsinga gerist þörf, mun þeirra verða aflað fyrir þá hv. n., sem fær málið til meðferðar.

Ég leyfi mér að leggja til, herra forseti, að frv. verði að þessari umr. lokinni vísað til 2. umr. og hv. fjhn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til fjhn. með 24 shlj. atkv.

Á 78. fundi í Nd., 17. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 309, n. 458).

Frsm. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Fjhn. þessarar hv. d. hefur haft frv. þetta til athugunar. Eins og fram kemur í nál. á þskj. 458, mælir n. með því, að frv. verði samþ., en einn nm., hv. 4. þm. Austf., var fjarstaddur afgreiðslu málsins. N. sendi málið til umsagnar gjaldeyrisbankanna, þ. e. a. s. Landsbanka Íslands og Útvegsbanka Íslands, og eru svör þeirra prentuð sem fskj. með nál.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 27 shlj. atkv.

Á 79. fundi í Nd., 21. apríl, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 23 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 76. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 77. fundi í Ed., 22. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Frv. þetta er mjög einfalt í sniðum, og er hv. þm. kunnugt frá umr. um fjárl. En efni málsins er í stuttu máli það, að gert er ráð fyrir að hækka hlutdeild ríkissjóðs í tekjum af umboðsþóknun og gengismun gjaldeyrisbankanna, þannig að hlutur bankanna vaxi ekki að neinu ráði frá því, sem var krónulega séð fyrir gengisbreytinguna. Mér er vel kunnugt um það, að bankakerfið er ekki hrifið af þessu og hefur aldrei verið hrifið af því, að ríkissjóður taki nokkurn hluta af þessu til sinna þarfa. Út í það mál skal ég ekki fara. Þetta er búið að vera í lögum um alllangt skeið, en það þótti eðlilegt með hliðsjón af því, að almennt var út frá því gengið, að enginn tæki til sín hærri fjárhæð, sem beinlínis stafaði af gengisbreytingunni sjálfri og hækkun yfirfærsluupphæða, hér í þessu tilfelli að krónutölu. Það væri ekki eðlilegt, að til bankanna féllu auknar tekjur af þeim ástæðum.

Ég sé ekki ástæðu til þess að orðlengja frekar um málið, en tek aðeins fram, að eins og hv. þdm. er kunnugt, þá er gert ráð fyrir þessum tekjustofni í fjárl., þannig að Alþ. tók í rauninni þá ákvörðun um málið, en þessa lagabreytingu þarf að gera, til þess að hægt sé að framkvæma þetta með formlegum hætti gagnvart bankakerfinu.

Ég vil leyfa mér að leggja til, herra forseti, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. fjhn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til fjhn. með 13 shlj. atkv.

Á 80. fundi í Ed., 29. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 309, n. 570).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

Frsm. (Ólafur Björnsson): Herra forseti. Það er aðalefni þess frv., sem hér liggur fyrir til umr., að ákveðið verði framvegis, að þeir bankar, sem verzli með erlendan gjaldeyri, skuli frá síðustu áramótum greiða ríkissjóði 60% af heildartekjum sínum vegna mismunar sölugengis og kaupgengis gjaldeyris svo og 60% af þeirri þóknun, sem þeir taka af viðskiptamönnum sínum fyrir þjónustu við yfirfærslu fjár til útlanda eða aðrar greiðslur erlendis. Er þetta hlutfall hækkað með frv., ef samþ. verður, úr 50% í 60%. Eins og fram kemur í nál. á þskj. 570, eru einstakir nm. að vísu ekki alls kostar hrifnir af þeirri auknu skattlagningu bankanna, sem hér er um að ræða, og má vera, að grunur kunni að vakna hjá hv. dm. um það, að nokkur sérhyggjusjónarmið séu þar að verki með tilliti til þess, að meiri hl. n., eða fjórir af sjö nm., eru bankastjórnarmenn, 3 bankastjórar og 1 bankaráðsformaður. Hvað sem því líður — og það er e. t. v. skiljanlegt, að sá grunur vakni — þá er okkur þó a. m. k. kunnugra um það en mörgum öðrum, að það er ekki sá ofsagróði í rekstri bankanna, sem margir hyggja, þannig að því eru að okkar áliti takmörk sett, hvað mikið bankarnir geta þannig mjólkað ríkissjóði og öðrum opinberum aðilum. En hvað sem þessu öllu líður þá er það staðreynd, að Alþ. er í rauninni þegar búið að taka afstöðu til þess máls, sem hér liggur fyrir, með afgreiðslu fjárl. fyrir s. l. áramót, en við þá afgreiðslu var gert ráð fyrir þeim tekjuauka ríkissjóði til handa, sem lögfestur mundi vera með þessu frv. M. a. með tilliti til þessa hefur n., þrátt fyrir það, sem nú hefur verið nefnt um skoðanir einstakra nm. í þessu efni, lagt til, að frv. verði samþ. óbreytt.

Pétur Benediktsson: Herra forseti. Þótt ég sé samþykkur því, að d. sé nauðugur einn kostur að samþ. þetta frv. nú að þessu sinni, þá vil ég ekki, að málið fari í gegnum d., án þess að einhver bendi á, að það er svona heldur frumstæð fjáröflun, þegar ríkissjóður er að skattleggja sjálfan sig, með því að taka þarna gjald af tveimur ríkisbönkum. Með því skapast ekkert nýtt opinbert fé. Eitt af því, sem okkar þjóðfélagi í dag er mjög fundið til foráttu, er lánsfjárskorturinn, og það er verið að skattleggja hina og þessa aðila til að auka lánsfé, svo að þarna er hálfgerður Hrunadans á ferðinni. Jafnframt því, að ég mun greiða þessu frv. atkv. að sinni, vil ég leyfa mér að skora á hæstv. ríkisstjórn að sjá að sér og reyna að finna einhverja skynsamlegri tekjuliði heldur en þennan, þegar á næstu fjárlögum.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Á 84. fundi í Ed., 2. maí, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 630).

---

45. Fjallskil o. fl.

Á 2. fundi í Sþ., 15. okt., var útbýtt frá Nd.:
Frv. til l. um afréttamálefni, fjallskil o. fl. [21. mál] (stjfrv., A. 21).

Á 5. fundi í Nd., 22. okt., var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 7. fundi í Nd., 29. okt., var frv. aftur tekið til 1. umr.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Aðdragandi þessa frv. er orðinn langur. Í desembermánuði 1958 skipaði páv. landbrh. nefnd þriggja manna til að endurskoða ákvæði laga um notkun afrétta, upprekstrarrétt, fjallskil, ágang búfjár o. fl. Var n. þessi skipuð samkv. tilmælum Búnaðarþings 1957. Í n. voru skipaðir Ólafur Jóhannesson prófessor, er var formaður hennar, Jón Gauti Pétursson oddviti, Gautlöndum, og Sveinbjörn Jónsson hrl. Samdi sú n. ítarlegt frv., sem síðar var sent Búnaðarþingi til athugunar. Að frumkvæði þess Búnaðarþings, er fékk málið til athugunar, var frv. síðan sent sýslunefndum og bæjarstjórnum til athugunar. Á Búnaðarþingi árið 1966 var málið tekið fyrir aftur, og gerði þá Búnaðarþing ályktun um að fela stjórn Búnaðarfélags Íslands að skipa þrjá menn í n. til þess að endurskoða frv. og sérstaklega með tilliti til þeirra umsagna og aths., er borizt höfðu heiman úr héruðum. Skyldi n. hafa lokið störfum það snemma, að leggja mætti frv. fyrir næsta Búnaðarþing. Samkv. þessari ályktun skipaði stjórn Búnaðarfélags Íslands þrjá menn í n. til þess að endurskoða frv., þá Árna G. Pétursson sauðfjárræktarráðunaut, Reykjavík, Jón Egilsson, bónda á Selalæk, og Gísla Magnússon, bónda í Eyhildarholti, sem var formaður n. N. lauk störfum á tilsettum tíma, og er þetta frv. efnislega eins og síðari n. gekk frá því, en felldar eru inn í það brtt., sem samþykktar voru á Búnaðarþingi 1967 og prentaðar eru aftan við frv. sem fskj. I.

Ef frv. þetta verður að lögum, er það fyrsta heildarlöggjöf, sem sett yrði um þessi málefni á síðari tímum, en allt frá fornu fari hefur stjórn afréttarmálefna og fjallskila að langmestu leyti verið í höndum héraðsstjórna, sem oftast hafa gert um þessi mál sérstakar samþykktir, og helzt sú skipan samkv. frv. Til nýmæla í þessu frv. má telja, að sett eru skýr ákvæði um prentun og útkomu markabóka, og samkv. 67. gr. skulu þær prentaðar samtímis um allt land, en áður hefur engin föst regla gilt um útkomu þeirra, en hver sýsla fyrir sig séð um útkomu og prentun án þess að samræma það útkomu markaskráa í nágrannasýslum, og mjög hefur verið á reiki, hversu oft skrárnar hafa verið prentaðar, en samkv. frv. skulu þær prentaðar eigi sjaldnar en 8. hvert ár.

Þá eru lög um ítölu nr. 39 1959 tekin upp í þetta frv., en allmargar breytingar hefur n. gert á þeim og allar

þær, sem máli skipta, í samráði við fulltrúa landgræðslustjóra og sérfræðing Rannsóknastofnunar landbúnaðarins í beitarrannsókn. Í fjallskilareglugerðum hafa ætíð verið skýr ákvæði um göngur og fjallskil að haustinu, en meir hefur verið á reiki um smölun til rúnings á vorin. Í þessu frv. er lögð áherzla á, að fjallskilasamþykktir setji ákveðin fyrirmæli um vorsmalanir. Þá má nefna, að í þessu frv., 40. gr., er ákvæði um, hvernig fara skuli, ef sveitarfélag eða verulegur hluti þess fellur úr byggð. Skal þá viðkomandi sýslunefnd sjá um, að fjallskil séu framkvæmd á eyðilöndum. Kostnaður við þau skiptist þannig, að eigendur bera helming, hreppar þeir, sem fjárvon eiga í löndunum, ¼, og ríkissjóður ¼. Búnaðarfélag Íslands skal úrskurða kostnaðarreikninga.

Til viðbótar því, sem nú hefur verið sagt um þetta frv., skal það fram tekið, að það er í 10 köflum, í fyrsta lagi um stjórn fjallskilamála, um afrétti og notkun þeirra, um ítölu, um ágang afréttarpenings o. fl., um göngur og réttir, um hreinsun heimalands eftir réttir, um meðferð ómerkinga og óskilafjár, um mörk og markaskrár, og ýmis ákvæði, m. a. um sektir vegna brota á l. þessum, og upptalning á því, hvaða lagaákvæði falla úr gildi við gildistöku frv.

Frv. er allítarlegt, eins og hv. alþm. hafa sennilega kynnt sér. Grg. er prentuð með frv. ásamt brtt. Búnaðarþings, sem teknar voru inn í frv. Enn fremur er prentuð með frv. ítarleg grg. frá stjórnskipuðu n., sem samdi frv. upphaflega. Í grg. þessum ásamt skýringum, sem frv. fylgja, má glöggt sjá, hvað í frv. felst. Athyglisvert er, að heildarlöggjöf um afréttarmál er ekki fyrir hendi og að ýmis ákvæði Jónsbókar og réttarbót Eiríks konungs frá 1294 eru einu lagaákvæðin, sem stuðzt hefur verið við í meðferð afréttarmála. Sýslu- og héraðssamþykktir hafa verið gerðar til þess að fylgja fram framkvæmd um afréttarmál. Þótt svo hafi verið um aldaraðir og á ýmsan hátt gefizt vel, þykir nauðsynlegt að gera heildarlöggjöf um þessi mál til þess að auðvelda og kveða skýrt á um smölun og notkun afrétta. Eins og áður hefur verið að vikið, hefur frv. verið alllengi í smíðum. Upphaflega var það samið af stjórnskipaðri nefnd og sent Búnaðarþingi til umsagnar. Búnaðarþing skipaði sérstaka nefnd til þess að endurskoða frv., og gerði sú nefnd margar brtt. við það, sem felldar voru inn í frv. Það verður því að álíta, að flest hafi verið tekið til greina, sem eðlilegt er að hafa í lögum um afréttarmál.

Það er von mín, að frv. verði að lögum á þessu þingi. Herra forseti. Ég tel ekki ástæðu til að fjölyrða meira um málið að svo stöddu, en legg til, að að lokinni þessari umr. verði málinu vísað til 2. umr. og hv. landbn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til landbn. með 24 shlj. atkv.

Á 68. fundi í Nd., 24. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 21, n. 376, 377).

Frsm. (Bjartmar Guðmundsson): Herra forseti. Þetta mál hefur legið nokkuð lengi fyrir landbn. og er flutt sem stjfrv. N. hefur leitazt við að kanna þetta viðamikla mál, fjallskil og afréttamál, sem allra bezt, og hefur verið góð samstaða í n. um það. Upphaflega er frv. samið af stjórnskipaðri nefnd, sem hefur lokið störfum fyrir alllöngu, en síðan hefur það farið um hendur margra aðila, þ. á m. landbrn. Búnaðarþing hefur fjallað um það, og það hefur verið sent öllum sýslunefndum og bæjarstjórnum til athugunar og hefur því tekið ýmsum breytingum síðan það var upphaflega samið. Þetta er raunar nýsmíði að því leyti, að hér hefur ekki verið áður sett heildarlöggjöf um fjallskil, og fram á þennan dag hefur verið stuðzt við hin fornu Jónsbókarákvæði sem grundvallaratriði varðandi fjallskil, en sveitarstjórnir og héraðsstjórnir haft að öðru leyti nokkuð óbundnar hendur um þessi mál, og hafa því skapazt venjur, sem eru dálítið breytilegar frá einum stað til annars í landinu, vegna þess að aðstæður og kringumstæður allar eru ólíkar.

Sú n., sem samdi frv., setti sér það stefnumið að sníða það sem rammalöggjöf, sem fjallskilasamþykktir gætu rúmazt innan, svo að ekki yrðu byltingar í þessum málum, heldur sveigjanleg löggjöf eftir staðháttum. Landbn. hefur orðið sammála um að leggja til nokkrar breytingar við þetta frv., og vil ég rekja þær helstu í stuttu máli.

Í fyrsta lagi gerir n. till. um, að niður falli þrjár greinar úr frv. Er þar fyrst að nefna 15. gr., sem fjallar um það nýmæli, sem n., sem samdi frv. upphaflega, telur vera, en það er það að leggja nokkurt fé frá ríkissjóði til ræktunar á afréttum með áburðardreifingu. Landbn. lítur svo á, að ákvæði um þetta séu þegar komin inn í lög um gróðurvernd og því sé þarflaust og raunar ekki viðeigandi að hafa þessi ákvæði, sem eru í greininni, enda voru ákvæði um gróðurverndina ekki til, er frv. var samið upphaflega.

Í öðru lagi leggur n. til, að niður falli 19. gr., en hún fjallar um það, hvernig að skuli fara, ef jarðir verða naumast byggilegar vegna þess, að frá þeim sé tekið land eða möguleikar til notkunar á landi vegna ítölu. Um þetta atriði eru þegar komin önnur lög, þar sem eru lögin um jarðakaup ríkisins, og teljum við því þessa gr. ekki nauðsynlega.

Svo er í þriðja lagi, að lagt er til, að niður falli 69. gr. frv., en hún fjallar um það, sem er algert nýmæli, að komið sé upp markadómi, er hafi vald til að skera úr um ágreining, er út af mörkum kunni að verða. Gert er ráð fyrir, að þetta sé þriggja manna dómur og sitji stöðugt og sé launaður af ríkissjóði. Þetta álítum við, að sé ekki nauðsynlegt að lögfesta og megi hafa svipaðan hátt á og áður hefur verið um það, ef ekki er samkomulag um mörk. Þeim málum hefur hér til verið ráðið til lykta í héraði af til völdum mönnum, og gerir frv. einnig ráð fyrir því, að slíkir menn verði hér eftir sem hingað til, til staðar í héraði.

Þá hefur n. lagt til, að gerð verði breyting á nokkrum öðrum gr., og er mestur hluti þeirra annað tveggja orðalagsbreytingar eða þá að kveða nánar á heldur en gert er í gr., og í þriðja lagi til þess að fylgja enn betur eftir stefnu þeirrar n., er samdi frv., að hafa þetta meira sem rammalöggjöf, sem fjallskilasamþykktir rúmist innan. Þó eru í nokkrum gr. smávægilegar efnisbreytingar, og vil ég minnast á nokkrar þeirra. Þar má nefna í

fyrsta lagi 30. gr., sem n. taldi nauðsynlegt að breyta frá því, sem var. Hún fjallar um það, er ágangur búfjár verði á heimahaga, hvaða ráð skuli þá upp taka. Okkur þótti gr. vera of þröng að þessu leyti og umsömdum hana því.

Við 37. gr. er orðalagsbreyting, sem ekki veldur neinni efnisbreytingu, ef samþ. verður. Þá er einnig breyting við 38. gr., og er það sama um hana að segja, að öðru leyti en því, að lagt er til, að ákvæði 8. gr., sem fjalla um það að skylda eigendur eyðilanda til að kosta smalanir, nái ekki til þeirra eyðilanda, þar sem svo standi á, að eigendum sé meinað að nota þau vegna ákvæða annarra gr. og einnig vegna þess, að búfjárveikivarnir banni þeim hreinlega að nota sín lönd, enda séu um þetta nánari ákvæði í fjallskilasamþykkt. Í 39. gr. er einnig sú breyting, að undanþiggja megi að einhverju eða öllu leyti fénað fjallskilum, sem gengur í öruggum girðingum eða á eyjum. En þetta verði aðeins fjallskilasamþykktarákvæði, sem þetta heimili, og verði því ekki bindandi nema þar sem heima fyrir eru þær kringumstæður, að þetta þyki eðlilegt. Við 41. gr. er sú breyting ein að efni til, að frv. gerir ráð fyrir, að fjallskil séu lögð jöfnum höndum á fjallskilaskylt fé og landverð jarða, eftir því sem nánar sé kveðið á í fjallskilasamþykkt. Víðast hvar hefur þessi háttur verið hafður á að leggja bæði á landverðið og féð þennan kostnað, en sums staðar og líklega víðar er eingöngu lagt á féð. Við gerum ráð fyrir því, að það verði leyft að leggja að nokkru leyti fjallskilakostnað á landverðið, þó ekki nema á hið eiginlega beitiland, ekki á hlunnindi eða ræktun.

Við 42. gr. er sú breyting, að niður falli ein mgr., sem við teljum óþarfa.

Við 45. gr. er einnig sú breyting, að gert er ráð fyrir því, að sveitarstjórnum sé heimilt að leggja meiri eða minni hluta fjallskilakostnaðar á sveitarsjóð beint eða um það sé ákvæði í fjallskilasamþykkt.

Í 46. gr. er sú breyting, að reynt er að tryggja það, að göngur fari fram samhliða, þar sem lönd eru þannig, að þau eru ekki aðskilin hvert frá öðru með girðingum, vötnum eða fjallgörðum. Um þetta voru ekki ákvæði í frv. Að öðru leyti er ekki efnisbreyting við gr., en nokkur orðalagsbreyting.

Við 47. gr. er einnig lagt til að breyta orðalaginu, og er efnisbreyting hennar ekki önnur en sú, að ef undanþága frá ákvæðum fjallskilasamþykktar um frestun gangnadaga eða að flýta göngum, er veitt, þá sé það ekki leyft, nema tryggt sé, að saman fari, að flýtt sé eða seinkað í þeim löndum samtímis, sem saman liggja, svo að ekki renni á milli. Þetta teljum við nauðsynlegt.

Við 55. gr. eru smáorðalagsbreytingar, en naumast efnisbreytingar.

Við 56. gr. eru nokkrar orðalagsbreytingar, en hún fjallar um það, að ef fé lendir í ógöngum þar sem illt sé að ná því, kostnaðarsamt, hættulegt eða of dýrt, þá er skylt að skjóta kindurnar til þess að forða þeim frá sveltu. Í gr. eru nokkrar orðalagsbreytingar til þess að tryggja þetta enn betur.

Við 59. gr. er aðeins sú breyting að auglýsa skuli óskilafé fyrir desemberlok í stað nóvemberloka í frv., en við teljum, að það sé of stuttur frestur, og leggjum til, að í staðinn komi árslok.

Við 63. gr. er tekin upp ein viðbót, ákvæði um skil og mörkun á hrossum, þar sem ástæða þykir til.

Í 67. gr. er gert ráð fyrir, að fjallskilaumdæmi geti sameinazt um útgáfu markaskrár, og mun ósk um það hafa komið frá Sambandi ísl. sveitarfélaga.

Í 68. gr. er gert ráð fyrir, að burt falli nokkur orð, sem lúta að því, ef settur verður upp markadómur samkv. 49. gr., en þar sem við leggjum til, að sú grein falli burt, er þessi breyting gerð á gr. til samræmis.

Ég sé svo ekki ástæðu til að hafa þessi orð lengri, en segi aðeins að lokum, að ég tel þetta talsvert merkilegt mál og viðamikið og mikla nauðsyn á að vanda þau lög, sem nú verða væntanlega sett um það, og vildi óska, að þó að við séum búin að fara mjög nákvæmlega gegnum þetta frv., verði það enn gert áður en umr. lýkur í þeirri d., sem það fer væntanlega næst til, því að vel má vera, að yfir eitthvað hafi okkur enn sézt, en ég held, að við höfum þó lagað frv. að ýmsu leyti með þeirri athugun, sem n. hefur gert á því.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 69. fundi í Nd., 25. marz, var frv. tekið til frh. 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 70. fundi í Nd., 27. marz, var fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.

2.—3. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.

4.—6. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.

Brtt. 377,1 samþ. með 26 shlj. atkv.

7. gr., svo breytt, samþ. með 26 shlj. atkv.

Brtt. 377,2 samþ. með 26 shlj. atkv.

8. gr., svo breytt, samþ. með 26 shlj. atkv.

9.—14. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.

Brtt. 377,3 (15. gr. falli burt) samþ. með 25 shlj. atkv.

16. gr. (verður 15. gr.) samþ. með 26 shlj. atkv.

17.—18. gr. (verða 16.—17. gr.) samþ. með 27 shlj. atkv.

Brtt. 377,4 (19. gr. falli burt) samþ. með 28 shlj. atkv.

20.—23. gr. (verða 18.—21. gr.) samþ. með 26 shlj. atkv.

Brtt. 377,5 samþ. með 26 shlj. atkv.

24. gr. (verður 22. gr.), svo breytt, samþ. með 29 shlj. atkv.

25.—29. gr. (verða 23.—27. gr.) samþ. með 30 shlj. atkv.

Brtt. 377,6 (ný 30. gr., verður 28. gr.) samþ. með 29 shlj. atkv.

31.—34. gr. (verða 29.—32. gr.) samþ. með 26 shlj. atkv.

Brtt. 377,7 (ný 35. gr., verður 33. gr.) samþ. með 27 shlj. atkv.

36. gr. (verður 34. gr.) samþ. með 25 shlj. atkv.

Brtt. 377,8 (ný 37. gr., verður 35. gr.) samþ. með 27 shlj. atkv.

Brtt. 377,9 (ný 38. gr., verður 36. gr.) samþ. með 29 shlj. atkv.

Brtt. 377,10 (ný 39. gr., verður 37. gr.) samþ. með 28 shlj. atkv.

40. gr. (verður 38. gr.) samþ. með 28 shlj. atkv.
Brtt. 337,11 (ný 41. gr., verður 39. gr.) samþ. með 28 shlj. atkv.
Brtt. 377,12 samþ. með 29 shlj. atkv.
42. gr. (verður 40. gr.), svo breytt, samþ. með 27 shlj. atkv.
43.—44. gr. (verða 41.—42. gr.) samþ. með 26 shlj. atkv.
Brtt. 377,13 (ný 45. gr., verður 43. gr.) samþ. með 29 shlj. atkv.
Brtt. 377,14 (ný 46. gr., verður 44. gr.) samþ. með 27 shlj. atkv.
Brtt. 377,15 (ný 47. gr., verður 45. gr.) samþ. með 29 shlj. atkv.
48.—49. gr. (verða 46.—47. gr.) samþ. með 27 shlj. atkv.
Brtt. 377,16 samþ. með 29 shlj. atkv.
50. gr. (verður 48. gr.), svo breytt, samþ. með 29 shlj. atkv.
51.—52. gr. (verða 49.—50. gr.) samþ. með 27 shlj. atkv.
53.—54. gr. (verða 51.—52. gr.) samþ. með 28 shlj. atkv.
Brtt. 377,17 (ný 55. gr., verður 53. gr.) samþ. með 30 shlj. atkv.
Brtt. 377,18 (ný 56. gr., verður 54. gr.) samþ. með 29 shlj. atkv.
57.—58. gr. (verða 55.—56. gr.) samþ. með 26 shlj. atkv.
Brtt. 377,19 samþ. með 25 shlj. atkv.
59. gr. (verður 57. gr.), svo breytt, samþ. með 27 shlj. atkv.
60.—61. gr. (verða 58.—59. gr.) samþ. með 27 shlj. atkv.
62. gr. (verður 60. gr.) samþ. með 27 shlj. atkv.
Brtt. 377,20 samþ. með 24 shlj. atkv.
63. gr. (verður 61. gr.), svo breytt, samþ. með 27 shlj. atkv.
64.—66. gr. (verða 62.—64. gr.) samþ. með 28 shlj. atkv.
Brtt. 377,21 samþ. með 27 shlj. atkv.
67. gr. (verður 65. gr.), svo breytt, samþ. með 27 shlj. atkv.
Brtt. 377,22 samþ. með 26 shlj. atkv.
68. gr. (verður 66. gr.), svo breytt, samþ. með 28 shlj. atkv.
Brtt. 377,23 (69. gr. falli burt) samþ. með 27 shlj. atkv.
70.—71. gr. (verða 67.—68. gr.) samþ. með 27 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 28 shlj. atkv.

Á 74. fundi í Nd., 10. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 417).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 22 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 72. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 73. fundi í Ed., 14. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Frv. það, sem hér er um að ræða, hefur verið samþ. í hv. Nd., en þó með allmiklum breytingum. Frv. þetta hefur verið lengi í deiglunni. Það var 1958, sem þáv. landbrh. skipaði n. til þess að semja frv. um fjallskil, en það eru í rauninni engin lög núna um fjallskil eða fjallskilamál. Það hefur verið fram að þessu farið eftir réttarbót Eiríks konungs frá 2. júlí 1294 og Jónsbók, landleigubálki, frá svipuðum tíma. Það er þess vegna ekki að ófyrirsynju, þótt nú sé sett ný löggjöf um afréttir og afréttarmál. Formaður þessarar n. var skipaður Ólafur Jóhannesson prófessor. N. vann rækilega að samningu frv. og sendi það til landbrn. Landbrn. sendi frv. til Búnaðarþings til umsagnar. Búnaðarþing hafði ýmislegt við það að athuga og sendi það til landbrn. aftur með ósk um það, að það yrði sent sýslunefndum og sveitarstjórnum til umsagnar. Það var beðið nokkuð lengi eftir umsögnum sveitarstjórna og sýslunefnda, og svör bárust aldrei frá sumum sýslunefndum. En frv. var sent í annað sinn til Búnaðarþings ásamt þeim umsögnum, sem komið höfðu, og Búnaðarþing gerði þá þær ráðstafanir að skipa þriggja manna n. til þess að athuga frv. Og á árinu 1966 barst rn. frv. að nýju frá Búnaðarþingi.

Frv. var enn sett í endurskoðun og gerðar nokkrar breytingar á því og enn sent Búnaðarþingi, sem gerði nokkrar breytingar, og er frv. nú í þeim búningi, sem Búnaðarþing taldi hentugastan. Þrátt fyrir þessa eldskírn, sem frv. hefur fengið, kom það í ljós, eftir að það kom inn í Alþingi, að ýmsir oddvitar og sveitarstjórnarmenn settu sig í samband við landbn. Nd. og óskuðu eftir enn nokkrum breytingum á frv., og gerði landbn. Nd. brtt. í samræmi við þessar óskir, sem eru í 23 liðum á þskj. 377, og voru þessar brtt. allar samþ. shlj. og frv. afgr. frá hv. Nd. shlj.

Það verður að ætla, að frv. í þeim búningi, sem það nú er, hafi fengið mjög góða athugun, og það er enginn vafi á því, að landbn. Nd. hefur lagt mikla vinnu í það að fara gegnum frv. og bera það saman við óskir þeirra manna, sem frv. eiga helzt að njóta. Ég hef grun um það, að ýmsir a. m. k. úr landbn. þessarar hv. d. hafi haft samband við landbn. Nd. um þetta mál og landbn. þessarar hv. d. sé nú þegar orðin nokkuð kunnug málinu. Gefur það vonir um, að frv. þurfi ekki eins langan tíma í þessari d. til athugunar eins og í Nd., en þar hefur það verið síðan snemma á þessu þingi í athugun.

Ég fer ekki að lýsa þessum brtt., sem samþ. voru. Þær eru á þskj. 377. Ég tel ekki heldur ástæðu til þess að fara að kryfja þetta frv. til mergjar, sem er allmikill lagabálkur í 10 köflum, fjallar um stjórn fjallskilamála, um afréttir og notkun þeirra, um ítölu, um aðgang afréttarpenings o. fl., um göngur og réttir, um hreinsun heimalanda eftir réttir, um meðferð ómerkinga og óskilafjár, um mörk og markaskrár og ýmis ákvæði. Ég geri ráð fyrir því, að hv. alþm. telji, að frv. ásamt grg., sem því fylgja, umsögnum Búnaðarþings og ýmissa nefnda, sem um þetta hafa fjallað, skýri sig nægilega, án þess að þessi framsaga verði höfð ýtarlegri.

Herra forseti. Ég legg til, að málinu verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. landbn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til landbn. með 11 shlj. atkv.

Á 78. fundi í Ed., 25. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 417, n. 544, 545).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

Frsm. (Steinþór Gestsson): Herra forseti. Landbn. hefur haft þetta mál til athugunar nú um nokkurt skeið, haft um það nokkra fundi og farið, að ég hygg, nokkuð gaumgæfilega yfir það, og þrátt fyrir það, að það hefur fengið margfalda endurskoðun síðan það var upphaflega samið fyrir mörgum árum, þá hefur það verið endurskoðað og athugað á Búnaðarþingi og í sérstakri n., sem Búnaðarþing skipaði til þeirra hluta. Nd. Alþ. hefur líka fjallað um þetta frv. og afgr. það frá sér með nokkrum breyt. Þrátt fyrir alla þá endurskoðun, sem á því hefur verið gerð, hefur landbn. þessarar hv. deildar komið sér saman um að leggja til, að við frv. verði gerðar tilteknar breyt., sem eru á sérstöku þingskjali, nr. 545.

Ég tel ekki ástæðu til að ræða almennt um frv. í heild, en vil aðeins koma inn á og skýra þær brtt., sem landbn. hefur lagt til að gerðar yrðu á frv.

Fyrsta brtt. er við 13. gr., og er lagt til, að ný málsgr. bætist framan við 13. gr., svo hljóðandi: „Í fjallskilasamþykkt má setja ákvæði um, að ekki megi reka fé til afréttar á vori fyrr en sveitarstjórn leyfir.“ Þetta ber að skilja á þann hátt, að víða er svo háttað, að það virðist vera þörf á því, að sveitarstjórn hafi um það ákvörðunarrétt, hvenær megi reka fé í afréttina, sérstaklega vegna þess að þar sem þeir eru girtir frá heimalöndum, þá getur verið mjög bagalegt að reka féð til afréttar fyrr en viðgerð á girðingu hefur farið fram, og víða hafa heimalönd orðið fyrir allmiklum ágangi af afréttarfé, þegar þessa hefur ekki verið gætt. Einnig má segja, að þó lönd séu ógirt og rekið sé til afréttar kannske fyrr en gróður er nægilega vel á veg kominn til þess að féð uni í afrétt, þá verða heimalöndin líka fyrir ágangi af afréttarfénaði. Fyrir þá sök höfum við lagt til, að þessari málsgr. yrði bætt framan við 13. gr.

Önnur brtt., sem við leggjum til, að gerð verði, er við 15. gr. Ég sé ástæðu til að skýra þá brtt. nokkuð. 15. gr. fjallar um það, ef tveir hreppar eða fleiri hafa myndað með sér upprekstrarfélag eða fjallskiladeild og það kynni að koma upp áhugi fyrir því hjá einum hreppi af fleirum, sem samvinnu hafa haft, að kljúfa sig frá fjallskiladeildinni og fá úrskiptan afrétt. 15. gr., eins og frá henni var gengið í hv. Nd., gerir ráð fyrir því, að sá hreppur, sem hefur áhuga fyrir slíku, geti með einhliða ákvörðun klofið sig frá fjallskiladeildinni. Við teljum, að þetta megi ekki svo vera, því að þó að þær aðstæður geti verið fyrir hendi, að þetta sé mjög réttlætanlegt og sjálfsagt, þá er í öðrum tilfellum viða þannig háttað málum, að þetta yrði til kostnaðarauka fyrir nálægar sveitir. Sá hreppur, sem klyfi sig frá fjallskiladeild, gæti m. a. krafizt girðingar milli afrétta eftir skiptin. Hann getur líka eftir þeim ákvæðum, sem eru í 15. gr., fengið betri hluta afréttar heldur en vænta mætti, að hann fengi, ef eftir mati væri farið. Því teljum við rétt að breyta orðalagi 15. gr. að þessu leyti, að fyrir orðin „og skal hún“ – þ. e. sýslunefnd – „þá breyta fjallskilasamþykkt að því er þetta varðar og ákveða hreppnum skilarétt“ komi: „og getur hún“ – þ. e. sýslunefnd – „þá breytt fjallskilasamþykkt að því er þetta varðar og ákveðið hreppnum skilarétt.“ Sem sagt, breytingin er í því fólgin, að við viljum láta það koma undir mat sýslunefndarinnar, hvort þessi skipting sé eðlileg, en þetta eina sveitarfélag geti ekki með einhliða samþykkt heima fyrir klofið sig frá, hvernig sem aðrir líta á þetta mál, sem í félagi við það voru. Þetta ákvæði telur landbn., að sé allmikilvægt, og því er þessi brtt. flutt.

Þá er í þriðja lagi brtt. við 17. gr., þann kafla, sem fjallar um ítölu. Sá kafli er tekinn upp eftir ítölulögunum að verulegu leyti, enda er um leið og sá kafli tekur gildi gert ráð fyrir, að ítölulögin falli úr gildi. Með samanburði við ítölulögin og nánari athugun varð landbn. sammála um að taka upp sama orðalag og er í ítölulögunum á niðurlagi 17. gr. Eins og frv. liggur fyrir d., er niðurlag gr. svo:

„Nú er fellt við atkvgr. að krefjast ítölu, og má þá taka málið upp síðar.“

Í ítölulögunum er, má segja, svipað orðalag, en þó ekki eins. Í ítölulögunum er svo mælt fyrir: „og má þá taka málið upp aftur að þrem árum liðnum.“ Þetta ákvæði hefur ugglaust verið sett til þess, að ekki væri efnt til atkvgr. í sveitum um þetta mál óhæfilega oft, og þykir okkur rétt að reisa við þessu nokkrar skorður, en teljum eðlilegt, að þarna megi líða tvö ár á milli, að það mætti t. d. tvisvar á einu kjörtímabili hreppsnefndar taka upp mál sem þetta og leggjum því til, að niðurlag greinarinnar orðist svo: „og má þá taka málið upp aftur að tveimur árum liðnum.“

Þá höfum við gert till. í fjórða lagi um breytingu á 32. gr. En 32. gr. fjallar um ágangsfénað, þar sem heimilt er að taka í vörzlu og setja inn búpening, sem veldur átroðningi, og er greinin þannig í frv., eins og það liggur fyrir: „Sé búpeningur settur inn, skal þess gætt, að hann sé ekki í svelti. Ef innsettur fénaður ferst eða verður fyrir slysi, greiðir sá, er inn setur, eiganda bætur, ef handvömm er um að kenna.“ Landbn. telur, að þetta sé að sjálfsögðu allharkaleg aðgerð, að taka inn búfénað, og við teljum, að það sé rétt, að sá, sem tekur sér það vald, þó að það sé heimilt að lögum, eigi að gjalda bætur fyrir, ef að skaða verður, og leggjum til, að niður falli orðin „ef handvömm er um að kenna.“

Í fimmta lagi gerum við till. um breyt. við 66. gr., en það má segja, að það sé nánast orðalagsbreyting. Orðalagið er þannig: „Geri markavörður ekki aths. við markið, skal hann þegar senda það til sveitarstjórna í nálægum sveitarfélögum innan sýslu og utan.“ Við teljum nú eðlilegra, að send sé tilkynning um mark heldur en að senda markið sjálft, því að það mun vera dálitlum erfiðleikum bundið að gera það. Það er sem sagt aðeins orðalagsbreyting, sem ekki breytir neinu um ákvæði gr., hún er aðeins færð til réttara og eðlilegra máls.

Ég sé ekki ástæðu til, herra forseti, að fara fleiri

orðum um þetta frv. Eins og ég gat um áður, höfum við farið allvendilega gegnum frv. Þetta er allmikill bálkur, og við mælum með því eindregið, að frv. verði samþykkt með þeim breytingum, sem tilteknar eru hér á þskj. 545.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
4.—12. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 545,1 samþ. með 11 shlj. atkv.
13. gr., svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.
14. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 545,2 samþ. með 12 hlj. atkv.
15. gr., svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.
16. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 545,3 samþ. með 13 shlj. atkv.
17. gr., svo breytt, samþ. með 14 shlj. atkv.
18.—27. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
28.—31. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 545,4 samþ. með 14 shlj. atkv.
32. gr., svo breytt, samþ. með 14 shlj. atkv.
33.—48. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
49.—50. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
51.—54. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
55.—59. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
60.—65. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Brtt. 545,5 samþ. með 14 shlj. atkv.
66. gr., svo breytt, samþ. með 14 shlj. atkv.
67.—68. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Á 79. fundi í Ed., 28. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 563).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 15 shlj. atkv. og endursent Nd.

Á 82. fundi í Nd., 28. apríl, skýrði forseti frá, að frv. væri endursent frá Ed., eftir 3. umr. þar.

Á 87. fundi í Nd., 2. maí, var frv. tekið til einnar umr.

Frsm. (Bjartmar Guðmundsson): Herra forseti. Þetta frv. kemur frá Ed. og hefur tekið þar ofurlitlum breytingum frá því að það var afgreitt hér í þessari hv. d., og það mun vera samkv. þingsköpum, að n., sem hefur fjallað um frv., láti álit sitt í ljós um það.

Landbn. Nd. ræddi þetta mál í morgun og bókaði hjá sér, að hún féllist á þær breytingar, sem gerðar voru þar, og leggur til og mælir með, að það verði samþ. eins og það kemur frá Ed.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 22 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 633).

---

46. Háskóli Íslands (stjfrv. um heildarendurskoðun).

Á 63. fundi í Ed., 25. marz, var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 60 7. júní 1957, um Háskóla Íslands [195. mál] (stjfrv., A. 393).

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. – Afbrigði leyfð og samþ. með 15 shlj. atkv.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Aðalefni og meginnýmæli þessa frv. er það, að stúdentum eru veitt stóraukin áhrif á stjórn Háskólans, bæði háskólaráðs og deilda, og auk þess núna í fyrsta skipti veitt aðild að rektorskjöri Háskólans. Íslendingar urðu meðal fyrstu þjóða í Evrópu a. m. k., sem veittu stúdentum beina aðild að stjórn ríkisháskóla. Í l. frá 1957 voru sett þau ákvæði, að stúdentar skyldu eiga einn fulltrúa í háskólaráði og einn fulltrúa í hverri af deildum Háskólans. Það mun sannmæli allra, sem til þekkja, að þessi ráðstöfun hafi gefizt sérstaklega vel. Áhrif stúdentanna bæði í háskólaráði og deildum hafa verið til góðs fyrir Háskólann og stúdentum sjálfum tvímælalaust til aukins þroska. Þessi skipan hefur bætt andrúmsloft innan Háskólans og aukið samstarf milli stúdenta og kennara annars vegar og stjórnvalda hins vegar. Á undanförnum árum hafa verið uppi raddir um það að auka þessa hlutdeild hér á landi. Þar sem um slíka hlutdeild er að ræða, svo sem t. d. í Noregi, en Norðmenn urðu litlu á undan Íslendingum til að veita stúdentum hlutdeild í stjórn háskóla hjá sér, hafa verið uppi raddir um að auka hana, og þar sem um enga hlutdeild stúdenta er að ræða í stjórn háskóla, hafa verið uppi mjög háværar raddir um það að taka slíka hlutdeild upp, og hefur í raun og veru verið hér um að ræða einn þátt, mikilvægan þátt, þess óróa stúdenta, sem gætt hefur í borgum Evrópu og Ameríku á undanförnum árum. En af hálfu háskóla og yfirvalda hefur í fjölmörgum löndum verið mikil tregða til þess að viðurkenna rétt stúdenta til þess að fá aukin áhrif á stjórn þeirra háskóla, sem þeir stunda nám við.

Á s. l. hausti sendi stúdentaráð menntmrn. ákveðnar tillögur um aukin áhrif stúdenta á stjórn Háskólans, og átti stúdentaráð viðræður við mig um það mál. Ég lýsti þeirri persónulegu skoðun minni, sem ég taldi einnig, að mundi reynast skoðun ríkisstj. og ég vona einnig skoðun hins háa Alþ., að svo góð reynsla hefði fengizt af þátttöku stúdenta í stjórn Háskólans, að búast mætti við því, að hugmyndum um aukin áhrif yrði vel tekið af löggjafa og ríkisvaldi. En skömmu síðar tilkynnti stjórn stúdentaráðs mér, að hún óskaði ekki eftir því, að ríkisstj. tæki afstöðu til þessara tillagna stúdentaráðs fyrr en háskólaráð hefði um till. fjallað. Ég lýsti strax þeirri skoðun minni við stúdentana og hef raunar látið þá skoðun oft í ljós opinberlega á undanförnum mánuðum, að ég teldi að sjálfsögðu langæskilegast, að um sameiginlega afstöðu háskólaráðs og háskólakennara annars vegar og stúdenta hins vegar yrði að ræða, og lét í ljós þá skoðun, að ég teldi engan vafa á því, að ríkisstj. mundi fús til þess að flytja sameiginlegar till. háskóla-

ráðs og stúdentaráðs um mál eins og þetta, og þættist þess nokkurn veginn viss, að slíkar till. mundu fá hljómgrunn á hinu háa Alþ. Hins vegar tók það háskólaráð talsverðan tíma að taka afstöðu til málsins, og það var ekki fyrr en nú fyrir tiltölulega fáum dögum, að háskólaráð tók endanlega afstöðu til þessa máls. Var hún ekki að öllu leyti í samræmi við óskir stúdentanna. Stúdentaráð hafði gert það að till. sinni, að stúdentar fengju 2 fulltrúa með fullum rétti á deildarfundum og 2 fulltrúa með fullum rétti í háskólaráði, og enn fremur gerði stúdentaráð það að till. sinni, að stúdentar fengju að ráða 25% atkvæða við rektorskjör.

Till. háskólaráðs voru þær, að það féllst á till. stúdentanna um 2 fulltrúa með fullum réttindum á deildarfundum og 2 fulltrúa með fullum réttindum í háskólaráði. Hins vegar féllst háskólaráð ekki á, að stúdentar fengju 25% atkvæða við rektorskjör, en leggur hins vegar til, og á því er þetta frv. byggt, að 10 kjörmenn stúdenta skuli taka þátt í rektorskjöri, 1 fulltrúi stúdenta frá hverri háskóladeild, 2 fulltrúar stúdenta í háskólaráði og auk þess formaður stúdentaráðs, samtals 10. Þegar í ljós kom, að háskólaráð var ekki reiðubúið til þess að gera till. stúdenta að fullu að sínum till. til menntmrn., þá hélt stjórn stúdentaráðs fund um málið og gerði ályktun þess efnis, að þótt stjórn stúdentaráðs væri ekki ánægð með þessa niðurstöðu háskólaráðs, þar sem þeir hefðu óskað meiri íhlutunar en háskólaráð hefði fallizt á fyrir sitt leyti, þá geri stúdentaráð samt ekki þá till. til ráðh. eða Alþ., að till. háskólaráðs verði breytt. Það beri ekki að líta á þær till., sem þetta frv. felur í sér varðandi áhrif stúdenta á stjórn Háskólans, sem sameiginlegar till. háskólaráðs og stúdentaráðs, en hins vegar vilji stúdentar una þessari niðurstöðu háskólaráðs og stjórn stúdentaráðs segir í grg., sem prentuð er sem fylgiskjal með frv., með leyfi hæstv. forseta:

„Til grundvallar þeirri afstöðu liggur sú skoðun stúdentaráðsmanna, að Háskólinn eigi að vera sem sjálfstæðastur og því beri ríkisvaldinu og Alþ. jafnan að skipa málum Háskólans á þann hátt, sem stjórnendur hans telja réttast á hverjum tíma. Stjórn stúdentaráðs telur því ekki ábyrga stefnu að reyna að hafa áhrif á málefni Háskólans með því að beita fyrir sig valdboði að ofan, heldur vill hún stuðla að því, að stúdentar hafi góð áhrif á stefnu og starf Háskólans með því að taka ábyrgan þátt í stjórn hans innan frá. Markmið tillagna stúdentaráðs um aukna þátttöku stúdenta í stjórn Háskólans er samvinna en ekki sundrung."

Með sérstakri hliðsjón af þessum niðurlagsorðum grg. stúdentaráðs um þetta vandasama og mikilvæga mál þótti ríkisstj. það ekkert áhorfsmál að gera till. háskólaráðs til menntmrn. að till. sínum til hins háa Alþ., og eru því ákvæði þessa lagafrv. um þetta efni að öllu leyti byggð á till. eða ályktun háskólaráðs um þetta. Varðandi þá ályktun, sem stjórn stúdentaráðs hefur látið í ljós um þessa skoðun vil ég ekki láta hjá líða að vekja sérstaka athygli á því, að hér er um að ræða mjög ánægjulega afstöðu af hálfu stjórnar stúdentaráðs, afstöðu, sem ég tel stjórn stúdentaráðsins og stúdentum við Háskóla Íslands til sérstaks sóma. Ég tel ekki of djúpt í ár tekið, þegar ég segi, að hér sé um mjög mikilvægan atburð að ræða, í raun og veru fréttir, sem ættu erindi langt út fyrir íslenzka landsteina, þegar það gerist, að lagt er frv. um aukin áhrif stúdenta á stjórn háskóla fyrir löggjafarstofnun, að það skuli gerast með þeim hætti, að unnt sé að segja, að um það sé í reynd samstaða milli háskólakennara annars vegar og háskólastúdenta hins vegar. Um þessi mál eru alls staðar miklar deilur, mikil fundarhöld, miklar kröfugöngur, mikill spjaldburður, en hér á Íslandi getur það sem betur fer gerzt, að löggjafarsamkoman fái till., sem fjalla um jafn viðkvæm mál og þetta, þannig að um það sé ekki aðeins enginn órói af hálfu nokkurs aðila, heldur málatilbúnaður þannig, að ég vona fastlega, að sú verði niðurstaðan, að þessi ákvæði hljóti einróma samþykki hins háa Alþ. Ég held, að slíkt hafi ekki annars staðar gerzt. Það var að vísu samstaða hér á Alþ. um hlutdeild stúdenta í öll þessi mál orðið mjög á dagskrá víða annars staðar og alls staðar verið í hæsta máta umdeild, og mönnum sýnist mjög sitt hvað. Þess vegna er það ánægjulegt, ef hér tekst að ráða jafn viðkvæmu máli til lykta með fullkomlega friðsamlegum hætti og þannig, að allir megi vel við una og telji þær breytingar, sem gerðar eru, til bóta. Í þessu sambandi er rétt að vekja sérstaka athygli á því, og hefði það kannske getað orðið sérstakt deiluefni, að mér er ekki kunnugt um nokkurn háskóla í viðri veröld, þar sem áhrif stúdenta á stjórn háskólans séu jafnmikil og þau verða, ef þetta lagafrv. nær fram að ganga, og það tel ég vera Íslendingum, þeim aðilum, sem að málinu hafa unnið í Háskólanum, til mikils sóma. Og þá vildi ég sérstaklega tilnefna háskólarektor, Ármann Snævarr, sem lagt hefur sig mjög fram um að fá þá niðurstöðu, sem nú hefur fengizt, og svo núverandi stjórn stúdentaráðs. Þá er gert ráð fyrir því í þessu frv. eins og ég gat um áðan, að stúdentar fái aðild að rektorskjöri, en mér er ekki kunnugt um aðild stúdenta að rektorskjöri við aðra háskóla en norsku háskólana 2, en þar er þessi þátttaka þó frekar táknræn en að líklegt sé, að hún skipti máli við úrslit kosninganna. Atkvæðamagn stúdentanna við þessa tvo norsku háskóla er langt innan við 10% á báðum stöðum. Hér munu milli 50–60 kennarar framvegis geta fengið atkvæðisrétt við rektorskjör, og eru því hin 10 atkvæði stúdentanna milli 15–20% af atkvæðum við rektorskjör.

Sú önnur breyting er gerð á gildandi reglum um rektorskjör, að nú kjósa einungis prófessorar rektor, en í þessu frv. er gert ráð fyrir, að auk hinna 10 stúdentafulltrúa skuli aðrir fastir kennarar, þeir kennarar, sem gegna háskólakennslu að aðalstarfi, einnig geta kosið rektor, og sú breyting er gerð á skipan háskólaráðs, auk þess sem fulltrúum stúdenta er fjölgað úr einum í tvo, að þar tekur einnig sæti fulltrúi frá föstum starfsmönnum Háskólans öðrum en prófessorum, og á hann að vera tilnefndur af Félagi háskólakennara. Auk þessara aðalatriða frv., sem fjalla um aukin áhrif stúdenta á stjórn Háskólans eru gerðar á gildandi háskólalögum ýmsar aðrar breytingar, enda eru lögin, sem nú gilda um Háskólann, þegar orðin tæplega 12 ára gömul. Aðalbreytingin, sem gerð er að öðru leyti á háskólal., er sú, að settar eru nánari og betri reglur um stjórnun Háskólans. Er þessi breyting fyrst og fremst fólgin í því, að framvegis er gert ráð fyrir því, að heimilað verði að leysa rektor algjörlega undan kennsluskyldu, þannig að hann geti helgað sig stefnumótun Háskólans, þ. e. áætlunargerð og stefnuna varðandi

kennslu og rannsóknarstörf Háskólans, en jafnframt er staða og starf háskólaritara styrkt mjög, þannig að háskólaritari verður í reynd, ef þetta frv. nær fram að ganga, raunverulegur framkvæmdastjóri Háskólans, og er þetta tvímælalaust til bóta, þar sem stjórnun Háskólans verður að teljast hafa verið of veik á undanförum áratugum.

Þá eru gerðar tvær breytingar varðandi háskóladeildir. Í fyrsta lagi er lagt til samkvæmt ósk verkfræðideildar, að heiti hennar sé breytt í verkfræði- og raunvísindadeild, sem er í fullu samræmi við rýmkað starfssvið deildarinnar, því nú fer fram í verkfræðideild kennsla til B.A.-prófa í raungreinum, þ. e. eðlisfræði, efnafræði, stærðfræði og náttúrufræði. Hin önnur breyting varðandi deildir er sú, að lagt er til, að stofnuð sé sérstök tannlæknadeild, þegar 3 prófessorar hafa verið skipaðir í tannlækningum. En 3 embætti eru nú við deildina, 3 prófessorsembætti, þó að ekki hafi af sérstökum ástæðum verið skipað nema í eitt þeirra. Þegar í öll hefur verið skipað, verður tannlæknadeildin sjálfkrafa sérstök háskóladeild eins og viðskiptadeildin varð með sama hætti á sínum tíma.

Þá er gerð breyting á starfsheitum háskólakennara, og er nú lagt til, að þeir, sem sinni háskólakennslu sem aðalstarfi, heiti framvegis prófessorar, dósentar og lektorar, en orðin dósent og lektor hafa síðan 1957 verið notuð um háskólakennara, sem ráðnir eru til óákveðins tíma, en hafa annað aðalstarf. Fyrir nokkrum árum var þó tekið upp að skipa lektora, sem gegna fullri kennsluskyldu við Háskólann, og taka þá inn samkvæmt tilteknum launaflokki, og hefur verið talið rétt að halda lektorsheitinu fyrir fasta háskólakennara og taka dósentsheitið upp að nýju fyrir menn, sem hafa háskólakennslu að aðalstarfi, en þannig var dósentsheitið notað fram til ársins 1957. Lausráðnir kennarar eiga eftirleiðis að heita aðjúnktar og stundakennarar. Aðjúnktar verða þeir menn kallaðir, og er það nýtt heiti, sem ráðnir eru til tveggja ára skemmst, og fyrirmyndin sótt til Danmerkur, en starfsheitið stundakennarar verður framvegis notað í sömu merkingu og fram að þessu, og sama gildir um erlenda sendikennara.

Þetta eru meginbreytingarnar, sem frv. gerir ráð fyrir. Ég hirði ekki að rekja ýmsar orðalagsbreytingar og minni háttar breytingar, sem frv. fjallar um og ég hygg að segja megi, að allar horfi til góðs og bóta.

Það er eðlilegt, að menn þurfi að endurskoða gildandi háskólalög, sem ég sagði áðan, að væru orðin 12 ára gömul. Stórkostlegar breytingar hafa orðið á Háskóla Íslands á þessu 12 ára skeiði, nemendatal hefur um það bil tvöfaldazt, fjöldi prófessora hefur nálega tvöfaldazt og tala annarra kennara hefur meira en tvöfaldazt á þessum rúma áratug. Námstilhögun í öllum deildum hefur verið endurskoðuð, og í flestum tilvikum er þegar orðið um algera nýskipun að ræða. Það er sérstök ástæða til að minna á gagngera endurskoðun á kennslu til B.A.-prófa. Nýlega er hafin kennsla í náttúrufræði, og till. hafa verið settar fram um kennslu í félagsfræði, félagssýslu og félagsráðgjöf, og ýmsar fleiri nýjungar um menntunarleiðir við Háskólann eru nú í athugun. Eitt hið merkasta, sem gerzt hefur á undanförnum áratugum í málefnum Háskólans, er tvímælalaust tilkoma tveggja stórra og merkilegra rannsóknastofnana, þ. e. a. s. Handritastofnunar Íslands og Raunvísindastofnunar Háskólans sem og þeirrar áætlunargerðar, sem hófst með kennaraáætluninni frá 1964 og ríkisstj. samþykkti á sínum tíma og hefur gert árlega till. til Alþ. í samræmi við á undanförnum árum, nema hvað embættum var frestað einu sinni í sambandi við sparnaðarfyrirætlanir, sem hv. alþm. rekur án efa minni til.

Loks vil ég nefna skipun háskólanefndar, sem starfað hefur nú í 2 ár og á að ljúka störfum á þessu ári. Þessi n. hefur það verkefni að semja áætlanir um eflingu Háskólans næstu 2 áratugina á sviði kennslu og rannsókna og setja fram sjónarmið um mörkun stefnu varðandi starfssvið Háskólans, enn fremur á n. að huga að nauðsynlegri húsnæðisþörf Háskólans á næstu áratugum, en á því er ekki nokkur vafi, að til þess að unnt sé að veita fullnægjandi menntun hinum stóraukna fjölda stúdenta, sem vitað er á næstu áratugum að sæki í Háskólann, þá er nauðsyn mikilla byggingarframkvæmda í þágu hans. Tilkoma Árnagarðs næsta haust bætir að vísu úr bráðri þörf á vissum sviðum. Það mun ekki láta fjarri, að kennslurými Háskólans muni tvöfaldast við tilkomu Árnagarðs, en á öðrum sviðum leysir Árnagarður ekki úr þeirri þörf, sem um er að ræða, og á það sérstaklega við um byggingar í þágu læknadeildar og alveg sérstaklega um byggingar í þágu tannlæknakennslu, en vænta má, að háskólanefnd geri till. um þetta efni allt saman, sem þá verða kynntar hinu háa Alþ. næsta haust.

Herra forseti. Ég vil svo ljúka máli mínu með því að endurtaka og undirstrika það, sem ég sagði í upphafi, að ég tel hér vera um merkilegt frv. að ræða, sem að ýmsu leyti hefur fengið alveg óvenjulegan en mjög ánægjulegan undirbúning og mun skipa Íslandi í fremstu röð þjóða, að því er snertir áhrif stúdenta á stjórn háskóla og samvinnu stúdenta, kennara og yfirvalda. Þess vegna vildi ég mega vænta þess og vil leggja á það sérstaka áherzlu, að frv. hljóti afgreiðslu nú á þessu þingi. Ég vona það einarðlega, að hv. alþm. geti sameinazt um afgreiðslu þess, þannig að það verði samþ. með sem mest samhljóða afstöðu og atkv. alþm. Að svo mæltu leyfi ég mér, herra forseti, að leggja til, að málinu verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. menntmn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til menntmn. með 11 shlj. atkv.

Á 78. fundi í Ed., 25. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 393, n. 503, 504).

Frsm. (Auður Auðuns): Herra forseti. Í því frv., sem hér er til umr., felast allmiklar breytingar á núgildandi lögum um Háskóla Íslands. Frv. er samið á vegum Háskólans og hefur verið lagt hér fyrir Alþ. með nokkrum breytingum, sem á því voru gerðar í menntmrn. í samráði við háskólarektor og háskólaritara, eins og segir í athugasemdum. Með frv. er m. a. lagt til, að ýmsar breytingar verði gerðar á stjórnun Háskólans og að aukin verði íhlutun stúdenta um málefni

Háskólans, bæði á fundum háskólaráðs og háskóladeilda, og þeim veitt aðild að rektorskjöri, sem óvíða tíðkast. Einnig hefur sú breyting verið gerð varðandi rektorskjör, að kennurum, sem gegna fullu kennslustarfi við Háskólann, skuli veitt þar aðild, en það gildir nú aðeins um prófessora Háskólans. Þá má óhætt segja, að þau tvö atriði, sem ég hef áður nefnt, breytingar á stjórnun Háskólans og aukin íhlutun stúdenta, séu veigamestu atriði frv. og þau, sem e. t. v. útífrá vekja hvað mesta athygli.

Auk þeirra tveggja atriða, sem ég áður nefndi, þá er það nýmæli, að úr hópi kennara og starfsmanna rannsóknastofnana, sem ekki eru kjörgengir til starfa deildarforseta, skuli vera tilnefndur einn maður í háskólaráð af félagi háskólakennara. Þá er ákvæði í frv. um stofnun nýrrar deildar, tannlæknadeildar. Enn fremur eru þar ákvæði um rannsóknastofnanir, sem að jafnaði skuli heyra undir deildir, og með því áréttað það, að saman skuli fara, eftir því sem hægt er, kennsla og rannsóknir.

Þá hafa verið endurskoðuð starfsheiti kennara og svigrúm veitt til að ákveða starfsmönnum rannsóknarstofnana og annarra háskólastofnana sérstök starfsheiti. Varðandi kennaralið er lagt til, að dósentar og lektorar verði framvegis þeir einir, sem hafa kennslu og rannsóknir að aðalstarfi, þ. e. eru ráðnir til fulls kennslustarfs, en svo er ekki samkvæmt núgildandi lögum.

Einnig er lagt til, að rektor megi leysa að öllu leyti undan kennsluskyldu, og ákvæði eru um árlega skrásetningu stúdenta, sem raunar mun vera komin á í Háskólanum.

Þá er lagt til, að lögleidd verði tiltekin ákvæði, sem nú eru í háskólareglugerðinni frá 1958, sem nokkur vafi hefur verið talinn leika á eða það a. m. k. verið stundum vefengt, að þau hefðu stoð í núgildandi háskólalögum, og mun ég koma að því síðar, er ég ræði um brtt., sem n. flytur. Öll þessi atriði og aðrar breytingar, sem í frv. felast, voru ýtarlega skýrð af hæstv. menntmrh., er hann fylgdi frv. hér úr hlaði við 1. umr., og ég sé ekki ástæðu til að endurtaka það, er þá var sagt, nema þá ef tilefni gefst til við umr.

Menntmn. hefur rætt frv. á nokkrum fundum og flytur við það brtt. á þskj. 504, og skal ég víkja nokkuð að þeim brtt.

Fyrsta brtt. er við 4. málsgr. 9. gr. frv. N. taldi eftir atvikum rétt að fella niður heimild til röðunar umsækjenda eftir hæfni þeirra, eins konar einkunnargjafar fyrir umsækjendur, slík heimild er ekki í núgildandi lögum. Samkvæmt þessari málsgrein, sem að öðru leyti er svo til alveg samhljóða núgildandi lögum, þá skal, eins og þar segir, dómnefnd láta uppi rökstutt álit um það, hvort af vísindagildi rita umsækjanda og rannsókna, svo og af námsferli hans og störfum, megi ráða, að hann sé hæfur til að gegna embættinu. Svo virðist sem í slíku rökstuddu áliti ætti að gefast nokkurt svigrúm til stigsmunar í mati á hæfni umsækjenda, ef nauðsynlegt yrði talið, og taldi n. rétt, að við það sæti, eins og samkvæmt núgildandi lögum.

Önnur brtt. n. er við 1. málsgr. 10. gr., um að niður falli orðin „og hafi þar atkvæðisrétt“ í niðurlagi málsgr. N. barst frá Háskólanum svo hljóðandi bréf, sem er dagsett 18. þ. m.: „Að gefnu tilefni skal það tekið fram, að á fundi háskólaráðs 15. marz 1969 var samþykkt að óska eftir þeirri breytingu á 10. gr. 1. málsgr. ofangreinds frv., að orðin „og hafi þar atkvæðisrétt“ falli niður.“

Miðar breyting þessi að því, að þeir einir kennarar hafi atkvæðisrétt á deildarfundum, sem kennslu hafa við Háskólann að föstu aðalstarfi. N. féllst á að verða við þessari ósk háskólaráðs, og er sem sé 2. brtt. n. á þskj. 504 í samræmi við það.

Þá er að geta 3. brtt., sem er við 2. málsgr. 18. gr. og er um það, að þessi málsgr. orðist svo sem þar segir, sem í raun þýðir það, að niður falli ein setning í þessari málsgrein, eins og hún er í frv. Þessi málsgr., eins og hún er í frv., 2. málsgr. 18. gr., er samhljóða 1. málsgr. 61. gr. háskólareglugerðarinnar frá 1958. Í athugasemdum við 18. gr. frv. segir á bls. 12: „Í háskólareglugerð eru víða ákvæði um hámarkstímalengd í námi í einstökum námshlutum, og í 61. gr. reglugerðar eru ákvæði sama efnis og í 2. og 3. málsgr. þessarar gr. Ákvæði 27. gr. háskólalaga eru stuttorð um þessi efni, og þykir tryggilegra, að um þau séu bein ákvæði í háskólalögum.“ Þetta reglugerðarákvæði er sem sé sett samkv. 27. gr. núgildandi háskólalaga. Þá segir enn fremur um þetta atriði í almennum athugasemdum ofarlega á bls. 7: „Enn er lagt til, að nokkur ákvæði, sem vafa hafa valdið við lögskýringu, verði gerð fyllilega skýr, og varða þau hámarkstíma í námi og heimild til endurtekningar prófa.“

Fyrir háskólaráði vakir það, að lögfest verði sú skipan, sem nú er á í þessum efnum. Upphaf 2. málsgr. 18. gr. er svo hljóðandi: „Nú stenzt stúdent ekki próf, gengur frá því, eftir að hann hefur byrjað próf, eða kemur ekki til prófs og hefur ekki boðað forföll. Er honum þá heimilt að þreyta prófið að nýju innan árs.“ Ákvæði þetta er með eðlilegri gagnályktun skýrt og tvímælalaust. Stúdentum er heimilt að þreyta prófið einu sinni aftur innan árs, lengra nær heimildin ekki. Hins vegar er það svo nú, að stúdent getur innritazt aftur við sömu háskóladeild, en verður þá að hefja sitt nám á ný frá byrjun og taka aftur öll þau próf, sem hann áður kann að hafa staðizt. Þetta hefur verið svo, þrátt fyrir orðalag þeirrar setningar, sem n. leggur nú til, að niður falli í frvgr. og sem stendur í núgildandi reglugerðargrein, en sú setning er svo hljóðandi: „Standist hann enn ekki sama prófið eða gangi frá því, hefur hann fyrirgert réttinum til að ganga oftar undir það.“ Eins og setningin er orðuð, þá stangast hún á við þá staðreynd, að stúdent getur nú eftir endurinnritun átt þess kost að ganga síðar undir sama prófið. N. er þeirrar skoðunar, að þessi setning sé þannig til þess fallin að valda misskilningi um þetta atriði og leggur því til, að hún verði felld niður úr málsgreininni.

Þá er loks að geta 4. og síðustu brtt. menntmn., en hún er við 23. gr. frv., að aftan við síðari málsgr., þar sem ræðir um stofnun nýrra prófessorsembætta, bætist orðin: „þegar fé er veitt til á fjárl.“

Þessi brtt. ætla ég, að þurfi ekki nánari skýringar við.

Eins og fram kemur í nál. á þskj. 503, leggur menntmn. einróma til, að frv. verði samþ. með þeim breytingum, sem nú hefur verið gerð grein fyrir.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.

2.—8. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 504,1 samþ. með 13 shlj. atkv.
9. gr., svo breytt, samþ. með 15 shlj. atkv.
Brtt. 504,2 samþ. með 14 shlj. atkv.
10. gr., svo breytt, samþ. með 14 shlj. atkv.
11.—17. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Brtt. 504,3 samþ. með 15 shlj. atkv.
18. gr., svo breytt, samþ. með 15 shlj. atkv.
19.—22. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Brtt. 504,4 samþ. með 15 shlj. atkv.
23. gr., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.
24. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Ákvæði til bráðabirgða samþ. með 14 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Á 79. fundi í Ed., 28. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 562).

ATKVGR.
Frv. samþ. með 14 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 82. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.

Á 83. fundi í Nd., 29. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Þetta frv. er komið frá hv. Ed. og var samþ. þar með shlj. atkv., eftir að gerðar höfðu verið smávægilegar breytingar á upphaflega stjfrv. í samráði við menntmrn. og háskólaráð. Aðalefni þessa frv. er ákvæði um aukna hlutdeild stúdenta í stjórn Háskólans.

Í frv. er gildandi lagaákvæðum um skipun háskólaráðs breytt að þrennu leyti. Í fyrsta lagi er lagt til, að stúdentar eigi framvegis tvo fulltrúa í háskólaráði í stað eins eftir gildandi l. frá 1957. Í öðru lagi er sú till. gerð hér um breyingu á skipun háskólaráðs, að þeir kennarar og starfsmenn rannsókna- og háskólastofnana, sem eru ekki kjörgengir til starfa deildarforseta, fái fulltrúa í háskólaráði og sé hann tilnefndur af Félagi háskólakennara og er því raunar að því leyti fulltrúi háskólakennara í heild. Í þriðja lagi er síðan gert ráð fyrir því hér, að háskólaritari eigi framvegis sæti í háskólaráði með málfrelsi og tillögurétti, en atkvæðisrétt á hann ekki að hafa.

Í öðru lagi er svo gerð sú breyting á reglum um fulltrúa stúdenta í háskóladeildum, að þeir skuli einnig þar fá tvo fulltrúa framvegis, en ekki einn eins og verið hefur síðan 1957.

Og í þriðja lagi eru settar nýjar reglur um rektorskjör. Önnur breytingin er sú, að starfsmenn, sem hafa kennslu að aðalstarfi, aðrir en prófessorar, skuli fá atkvæðisrétt við rektorskjör, og er þar átt við lektora, sem nú taka laun samkv. 23. launaflokki, en þeir eru nú 6 talsins, og svo einnig dósent í lyfjafræði lyfsala. Og enn fremur er gert ráð fyrir því, að við rektorskjör fái atkvæðisrétt 10 fulltrúar stúdenta, og eru þeir formaður stúdentaráðs og annar fulltrúi stúdenta í deildum Háskólans og einn fulltrúi frá Félagi tannlæknanema, en tannlæknadeildin er ekki sérstök deild, eins og kunnugt er. Með þessu móti yrðu kjörmenn stúdenta 10.

Þá er enn fremur gert ráð fyrir nokkrum breytingum frá því, sem nú er, á starfsheitum háskólakennara. Gert er ráð fyrir því, að þeir starfsmenn Háskólans, sem hafa kennslu og rannsóknir að aðalstarfi, greinist framvegis í þrjá flokka, þ. e. a. s. prófessora, dósenta og lektora, og verði því dósentar og lektorar, sem eftirleiðis verða skipaðir, þeir einir, sem séu fastráðnir við Háskólann og hafi kennslu og rannsóknir að aðalstarfi. En auk þess er gert ráð fyrir því, að við Háskólann geti starfað lausráðnir kennarar, aðjúnktar og stundakennarar.

Fimmta aðalbreytingin, sem gert er ráð fyrir í þessu frv., er sú, að starfssvið háskólaritara er rýmkað, þannig að hann verði framvegis raunverulegur framkvæmdastjóri Háskólans, en heimilað er að undanþiggja rektor algerlega kennsluskyldu. Í gildandi lögum er aðeins heimild til þess að undanþiggja hann kennsluskyldu að hálfu.

Þessi fimm atriði eru aðalbreytingarnar, sem þetta frv. gerir ráð fyrir. Langveigamest er að sjálfsögðu breytingin, sem lýtur að hinni auknu þátttöku stúdenta í stjórn Háskólans, bæði með setu í háskólaráði, háskóladeildum og aðild að rektorskjöri. Stúdentar höfðu þegar á s. l. hausti óskað þess að fá tvo fulltrúa í háskólaráði og deildum og 25% atkv. við rektorskjör. Háskólaráð vildi ekki á þessi sjónarmið fallast að öllu leyti, og hefur málið lengi verið til athugunar í háskólaráði og miklar viðræður farið fram milli fulltrúa þess annars vegar og stúdenta hins vegar. Ég lét báða þessa aðila vita, bæði háskólaráð og stúdentaráð, að ríkisstj. mundi leggja fyrir Alþ. þá breytingu, sem þessir tveir aðilar yrðu sammála um, háskólaráð og stúdentar. Ef þessir tveir aðilar reyndust ekki geta orðið sammála, yrði ríkisstj. að gera það upp við sig, hvaða tillögur hún vildi leggja fyrir Alþ. En ég lét það koma skýrt fram, að ríkisstj. væri því fylgjandi, að stúdentar fengju aukin áhrif í háskólaráði og deildum og fengju aðild að rektorskjöri. Háskólaráð hefur fyrir sitt leyti gert að sínum till. þær till. stúdentanna, að fulltrúum stúdenta í háskólaráði og deildum skuli fjölgað úr 1 í 2. Hins vegar vildi háskólaráð ekki fallast á það, að stúdentar fengju 25% atkv. við rektorskjör, heldur að þeir fengju 10 atkv. á móti 52 atkv. prófessora og annarra kennara, þannig að atkv. stúdentanna verða nokkuð innan við 20% af heildaratkvæðatölunni við rektorskjör. Nokkur ágreiningur hafði einnig verið um það, hvernig velja skyldi stúdentana. Af hálfu stúdentanna voru uppi raddir um það, að annaðhvort stúdentaráð eða þá stúdentar almennt kysu sérstaklega þá fulltrúa, sem kjósa skyldu rektor. Háskólaráð mælti ekki með þessari skipun, heldur lagði til, að þeir skyldu vera þeir, sem ættu sæti í háskólaráði og einstökum deildum, sérstakur fulltrúi kjörinn af tannlæknastúdentum og formaður stúdentaráðs, og er gert ráð fyrir þeirri skipan í þessu frv. Af hálfu stúdentaráðs var það tekið skýrt fram, eins og segir í grg., sem prentuð er sem fskj. með frv., að þeir telji óskum sínum ekki hafa verið fullnægt að öllu leyti með þeirri skipan, sem hér er lagt til, en óskuðu hins vegar ekki, að ríkisstj. gerði breytingar á till., eins og þær komu frá háskólaráði, og hafa ekki óskað þess, að breytingar yrðu gerðar hér á hinu háa Alþ. vegna þess,

að þeir óska þess, að litið sé á kennara og stúdenta Háskólans sem eina heild, þetta hafi orðið niðurstaðan innan stofnunarinnar, og óska þess, að ríkisstj. flytti málið eins og ríkisstj. hefur flutt og Alþ. samþykkti það eins og það nú liggur fyrir. Rektorskjör á að fara fram 14. maí n. k. Ég tel brýna nauðsyn bera til, að frv. hafi verið afgreitt á hinu háa Alþ. góðum tíma áður en rektorskjörið fer fram, þannig að næsta rektor Háskólans verði hægt að kjósa með þeim hætti, sem hér er gert ráð fyrir, og ég tel vera markað mikið framfaraspor í málefnum Háskólans.

Ég tel ástæðu til þess að láta þess getið hér, að rektor Háskólans hefur lagt sig mjög fram um það að koma á þeirri samstöðu, sem tekizt hefur að koma á innan Háskólans um þetta mál, og á hann þakkir skildar fyrir það. Og einnig vil ég vekja sérstaklega athygli á þeim félagsþroska og þeim heilbrigða anda, sem kemur fram í stefnu stúdentaráðs Háskólans í þessu máli, eins og hún kemur greinilega fram í þeirri grg., sem prentuð er með frv., að leggja megináherzlu á samstöðu innan Háskólans um þetta mál, þannig að um það verði ekki deilur. En í raun og veru tel ég það mega miklum tíðindum sæta, að löggjafarsamkoma skuli fá til meðferðar mál, sem hefur reynzt mjög viðkvæmt í mörgum öðrum löndum, þ. e. a. s. þegar um er að tefla aukin áhrif stúdenta á stjórn háskóla, og það skuli geta gerzt með þeim hætti, að ekki kemur til neinna átaka eða deilna um málið, þ. e. a. s. samstaða hefur náðst innan stofnunarinnar milli kennaranna annars vegar og stúdentanna hins vegar. Slíkt hefur ekki tekizt, þar sem slík mál hafa verið á döfinni annars staðar, og hafa þau hvarvetna orðið tilefni til langvinnra deilna, sem víða eru alls ekki til lykta leiddar. En ef þetta frv. verður að l., verður Háskóli Íslands sá háskóli í nálægum löndum a. m. k., þar sem áhrif stúdenta á stjórn háskólans eru greinilega langmest. Og það er sérstök ástæða til þess að mínu viti að fagna því, að slíkt skuli gerast í samkomulagi milli háskólakennara og stúdenta annars vegar og við stjórnvöldin hins vegar.

Að svo mæltu leyfi ég mér að leggja til, herra forseti, að málinu verði að lokinni þessari 1. umr. vísað til 2. umr. og hv. menntmn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til menntmn. með 26 shlj. atkv.

Á 88. fundi í Nd., 5. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 562, n. 628).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 24 shlj. atkv.

Gunnar Gíslason: Herra forseti. Ég kem hérna upp í ræðustólinn vegna fjarvistar hv. form. menntmn., en hann hafði verið kjörinn frsm. fyrir nál. menntmn., sem er á þskj. 628. Það var tekið eftir því, að það eru leiðinlegar prentvillur í nál., en þær verða leiðréttar og ráðstafanir hafa verið gerðar til þess, að þskj. verði prentað upp.

Menntmn. hélt aðeins einn fund um þetta mál, og ástæðan til þess, að hún hraðaði afgreiðslu málsins, var hvort tveggja sú, að rektorskjör mun eiga að fara fram nú um miðjan þennan mánuð og ætlazt er til, að það kjör fari fram samkv. þessu frv., ef það verður að lögum. Og einnig var ástæðan til þess, að menntmn. hraðaði afgreiðslu málsins, sú, að málið var flutt í hv. Ed. og hafði verið afgreitt þaðan með nokkrum breytingum ágreiningslaust. Eins og öllum hv. þm. er kunnugt, fjallar frv. fyrst og fremst um stjórn Háskóla Íslands og skipulagsmál Háskólans, m. a. er ætlazt til, að starfssvið háskólaritara verði aukið, en telja má, að veigamestu breytingarnar við frv. séu um kjör rektors og skipan háskólaráðs. Samkv. þessu frv., ef það verður að lögum, fá stúdentar við Háskólann í fyrsta skipti aðild að kjöri háskólarektors, og enn fremur er til þess ætlazt, að þeir fái tvo fulltrúa í háskólaráði, en þar höfðu þeir áður einn. Ég sé ástæðu til þess að fagna þessu, og ég veit, að við, sem undirritum þetta nál., og öll menntmn. fagnar þessari breytingu, og við treystum því vissulega, að stúdentar séu verðir þess trausts, sem þeim er sýnt með þessu, og við vitum, að þeir eru það. Það kemur fram í þeirri grg., sem fylgdi frv. og er raunar endurprentuð hér í nál., að háskólaráð greinir frá því, að þátttaka stúdenta í stjórn Háskólans hafi **gefið mjög góða raun, og eins og ég sagði, er því treyst og ég er viss um, að svo verður, að sú aukna aðild, sem** stúdentum er veitt með þessu frv., aðild að stjórn Háskólans, **verður til góðs, og það er fagnaðarefni, að þessi** breyting skuli gerast með góðu samkomulagi. Að vísu **höfðu stúdentar óskað þess að fá meiri aðild að stjórn** Háskólans og kjöri rektors en hér er gert ráð fyrir, en þeir geta þess þó í bréfi, sem er birt með frv., að þeir æski ekki eftir því, að Alþ. geri á þessu frekari breytingar.

Við nm. skrifuðum undir þetta nál. með því skilorði, **að við hefðum rétt til þess að flytja eða fylgja brtt., sem** fram kunna að koma. Við gerðum það m. a. vegna þess hraða, sem við höfðum á afgreiðslu málsins, og það er rétt að geta þess, það stendur raunar í nál., að þeir voru fjarverandi bæði hv. 7. þm. Reykv. og hv. 6. þm. Reykv., þegar málið var afgreitt frá n. En við, sem **undirritum nál., leggjum til, að frv. verði samþ.**

Magnús Kjartansson: Herra forseti. Mig langaði með örfáum orðum að mótmæla þeim vinnubrögðum, sem viðhöfð eru í sambandi við þetta frv. í hv. Nd. Alþ. Eins og hv. frsm. menntmn. greindi frá, var aðeins haldinn einn fundur í menntmn. um þetta mál. Ég hafði fjarvistarleyfi þann dag, var ekki í bænum, og hafði talað um það við form. n., að ég hefði hug á því að fjalla um þetta mál í n., þegar það yrði rætt þar. Hann skýrði mér frá því, þegar ég kom í bæinn aftur, að þetta hefði ekki verið unnt vegna þess, hve stuttur tími væri eftir af þingstörfum, og vegna þess, að aðrir nm. þyrftu að fara burt, þannig að það yrði líkt ástatt fyrir þeim eins og hefði verið fyrir mér þennan eina dag. En þetta frv. er ákaflega viðamikið, eins og menn sjá. Í því felst heildarendurskoðun á l. um Háskóla Íslands. Þar eru fjölmörg atriði, sem vafalaust væri vert að leggja niður fyrir sér og ræða ýtarlega. Menntmn. Ed. hefur að sjálfsögðu fjallað gaumgæfilega um málið, en því aðeins erum við **með deildaskiptingu á Alþ., að til þess er ætlazt, að mál** sé kannað rækilega í báðum deildum. Og svona með-

ferð á jafnveigamiklu máli og þetta er, að afgreiða það raunar athugunarlaust og umræðulaust á örstuttum fundi í nefnd, er auðvitað ekki nokkur hemja. Ég vil leyfa mér að mótmæla þessum vinnubrögðum alveg án tillits til þess, hvaða skoðanir menn kunna að hafa á efni frv. Svona á ekki að starfa.

Þegar fyrst fréttist af þessu frv., að von væri á því, þá var sagt frá því, að í því ætti aðeins að felast sú breyting, að stúdentar við Háskólann ættu að fá aukin réttindi til þess að taka þátt í stjórn skólans og þar á meðal í kjöri rektors. En þegar málið var borið fram, reyndist felast í því allsherjar endurskoðun á öllum l. um Háskóla Íslands, sem er að sjálfsögðu miklu veigameira mál. Hitt vandamálið um aðild stúdenta hefði auðvitað verið hægt að afgreiða á tiltölulega stuttum tíma, en þessa heildarendurskoðun ber mönnum að rækja af fullri alvöru.

Þegar málið var lagt hér fyrir s. l. þriðjudag, gerði hæstv. menntmrh. grein fyrir því, að ríkisstj. hefði **heitið því á sínum tíma að flytja þær till., sem stúdentar** og háskólaráð yrðu sammála um, ef um samstöðu væri að ræða, en að öðrum kosti mundi hæstv. ríkisstj. skera úr því sjálf, hvaða till. hún flytti. Nú gerðist það í sambandi við þetta tiltekna atriði, að ekki náðist samkomulag. Stúdentar fengu þarna mun minni rétt en þeir fóru fram á. En hæstv. ríkisstj. hefur ekkert tillit tekið til þessara sjónarmiða stúdenta, og hún flytur einvörðungu till. háskólaráðs. Þetta sjónarmið fæ ég ekki skilið, og mér hefði þótt fróðlegt, ef hæstv. ráðh. hefði gert grein fyrir því, hvers vegna hæstv. ríkisstj. telur sér ekki fært að fallast á sjónarmið stúdenta í þessu efni. Ég held, að fengizt hafi sú reynsla af þátttöku stúdenta í þessum málum, að mjög sé eðlilegt að trúa þeim fyrir **þeirri ábyrgð, sem þeir fara fram á sjálfir og það sé algerlega rangt að skammta þann rétt eins og háskólaráð** og hæstv. ríkisstj. leggja til.

Í grg., sem fylgir frá stjórn stúdentaráðs, er tekið fram, að hún æski ekki eftir því, að Alþ. geri breytingar á frv. þrátt fyrir þetta, vegna þess að hún hafi ekki umboð stúdentaráðs til þess að fara fram á það við Alþ og auk þess sé það skoðun stúdentaráðsmanna, að Háskólinn eigi að vera sem sjálfstæðastur og því beri ríkisvaldinu og Alþ. jafnan að skipa málum Háskólans á þann hátt, sem stjórnendur hans telja réttast á hverjum tíma. Þetta er sjónarmið, sem mér finnst vera býsna hæpið. Auðvitað er það ákvörðunarvald Alþ., hvernig lög um háskóla eru höfð, og í rauninni er þetta algerlega **úrelt sjónarmið að líta á háskóla sem einhverja** stofnun, sem sé utan og ofan við þjóðfélagið að öðru leyti. Þetta var ríkjandi afstaða áður fyrr, þegar háskólanám var forréttindi vissra stétta í þjóðfélaginu, en eins og nú er komið, er háskóli aðeins vinnustaður eins og hver annar vinnustaður, og það ber að skipuleggja störfin í háskólanum á þann hátt, að þannig sé á hann litið. Alþ. ber að sjálfsögðu að fjalla um þau mál eins og hvað annað í samræmi við löggjafarvald þessarar stofnunar.

Engu að síður mun ég ekki flytja neina till. um þetta nú vegna þess, að vinnubrögðin hafa verið þau, sem ég lýsti, og menntmn., sem ég á sæti í, hefur ekki verið **gefið tækifæri til að fjalla um þetta mál á eðlilegan hátt.** Þessum vinnubrögðum mun ég mótmæla fyrir mitt leyti með því að taka ekki þátt í afgreiðslu þessa máls.

Gunnar Gíslason: Herra forseti. Það er aðeins út af **ásökunum hv. 6. þm. Reykv. og mótmælum hans út af** þeim vinnubrögðum, sem viðhöfð voru í menntmn. Ég get raunar ekki fallizt á það, að það sé óeðlilegt, að menntmn. afgreiði frá sér mál, þó að þessi hv. þm. hafi ekki getað verið staddur á þessum fundi hennar. Ég hefði talið miklu óeðlilegra, að n. hefði beðið með afgreiðslu málsins, þegar það lá ljóst fyrir og var vitað, að form. n. þurfti að fara af þingi um skeið, og var miklu **eðlilegra, að n. afgreiddi málið meðan form. hennar var viðstaddur og það miklu fremur, er hann var viðstaddur heldur en þessi hv. þm., enda hefur hann nóg tækifæri til þess að ræða um málið enn og bera fram sínar till. um það.**

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð í tilefni af ræðu eða aths. hv. 6. þm. Reykv. Ég vildi láta það koma skýrt fram hér að gefnu tilefni, að þetta frv. var mjög rækilega undirbúið innan Háskólans. Það hefur verið í samningu þar allar götur frá s. l. hausti. Það er rétt, sem hv. þm. sagði, að ég hafði fyrir hönd ríkisstj. lýst því yfir þegar í haust og endurtekið það oft á liðnum vetri, að ríkisstj. væri reiðubúin til þess að flytja till. til breytinga á háskólalögum, sem veittu stúdentum aukna hlutdeild í stjórn Háskólans og þ. á m. í rektorskjöri. En það tók langan tíma að ná þeirri samstöðu innan Háskólans, sem að lokum náðist. Ég tel, að ég hefði fagnað því, ef það hefði ekki þurft að taka svona langan tíma, en það var ekki á mínu valdi, **að þar yrði hafður meiri hraði á. En ég hafði alltaf lagt á það mikla áherzlu, að lagasetning um þetta atriði yrði sett áður en rektorskjör færi fram nú á þessu vori.**

Það kom einnig í ljós, að fyrst háskólalögin voru opnuð, samkomulag var um að opna þau, ef svo mætti taka til orða, þá óskaði Háskólinn eftir því, að fleiri atriði yrðu tekin inn í þá frv.-gerð heldur en eingöngu þau, sem veita stúdentum hlutdeild í stjórn Háskólans og rektorskjöri, og hafði ég eða ríkisstj. fyrir okkar leyti ekkert við það að athuga. En það mun hafa tafið málið nokkuð enn. En ég vil leggja á það áherzlu, að málið var mjög rækilega undirbúið, bæði af háskólaráði, einstökum deildum og af stúdentaráði. Það var einnig vandlega farið yfir það í menntmrn., áður en það var lagt fram í samráði við Háskólann, og Ed. lagði mikla vinnu í það enn að fara yfir frv. Það hefði að sjálfsögðu verið æskilegt, að meiri tími hefði gefizt til þess hér í hv. Nd. að athuga málið, en málavextir eru nú þeir eins og hv. frsm. n. lýsti, að tími hefur reynzt nokkuð af skornum skammti. Ég hygg þó, að það eigi með engu móti að þurfa að koma að sök og málið hafi fengið fullkomlega nægilegan undirbúning og nægilega skoðun hér á hinu háa Alþ.

Að síðustu vildi ég leggja alveg sérstaka áherzlu á það, að stúdentaráð hefur ekki óskað eftir breytingum á ákvæðum frv. um hlutdeild stúdenta í stjórn Háskólans og rektorskjöri, þó að þetta frv. hafi ekki tekið fullt tillit til allra óska stúdentaráðs í þessum efnum. Hv. þm. lét í ljós nokkra undrun yfir því, að ég eða ríkisstj. skyldum

ekki hafa tekið tillit til óska stúdentanna. Það er beinlínis vegna þess, að þeir hafa munnlega og skriflega beðið um það, að frv. yrði ekki breytt, eins og það kom frá háskólaráði, en það mál hefur ekki verið rætt í ríkisstj. og engin afstaða tekin til þess. Við vorum allir sammála um það, það reyndist öll þn. í Ed., og þeir, sem undir nál. hafa skrifað, virðast reynast á sömu skoðun, að það væri eðlilegt að flytja frv. í þessu formi, fyrst háskólaráðið stendur einhuga að því og stúdentaráð hefur einróma tekið fram, að það óski ekki eftir breytingum á frv. hvað þetta snertir. Ég er hins vegar sammála þeirri aths., sem kom fram hjá hv. þm., að rökstuðningurinn, sem beitt er fyrir því eða færður er fram fyrir afstöðu stúdentaráðsins, sá rökstuðningur, að Háskólinn eigi að vera sem sjálfstæðastur, ég tek ekki undir þann rökstuðning frekar en hann gerði. Um það erum við sammála, að í nútíma þjóðfélagi er háskóli að sjálfsögðu ríkisstofnun eins og aðrir skólar og aðrar ríkisstofnanir og verður að lúta almennum stjórnunarreglum um slík atriði sem þessi, en getur ekki orðið ríki í ríkinu, enda er hann það ekki samkv. gildandi háskólalögum, og ég tel, að það verði ekki Háskólanum til gagns, að gerð verði einhver tilraun til þess að gera það. Engin slík tilraun hefur verið gerð af hálfu Háskólans og engar till. um það til stjórnvalda. Háskólinn er ríkisstofnun eins og aðrir íslenzkir ríkisskólar og lýtur lögum, sem Alþ. setur um hann hverju sinni, og þau lög eiga að sjálfsögðu að vera í samræmi við almenna þjóðfélagshætti, eins og þeir eru á hverjum tíma.

En að síðustu vil ég ekki láta hjá líða að taka það fram, að ástæða fyrir tillögugerð ríkisstj. í þessu efni er sú, að um einróma till. Háskólans er að ræða, sem stjórn stúdentaráðs hefur ekki óskað, að breytt yrði.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.
2.—24. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
Ákvæði til bráðabirgða samþ. með 25 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 26 shlj. atkv.

Á 89. fundi í Nd., 6. maí, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 24 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 662).

---

47. Eyðing refa og minka.

Á 67. fundi í Nd., 20. marz, var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 52 5. júní 1957, um eyðingu refa og minka [189. mál] (stjfrv., A. 372).

Á 68. fundi í Nd., 24. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Fyrri gr. þessa frv. er um það að fresta að framkvæma ákvæði 11. gr. l. um eitrun fyrir refi og minka næstu 5 ár. Jafnframt verði bannað að eitra fyrir þessi dýr á sama tímabili. Með l. nr. 9 19. marz 1964 um breyt. á l. nr. 52 5. júní 1957 um eyðingu refa og minka var svo fyrir mælt, að fresta skyldi að framkvæma ákvæði 11. gr. l. nr. 52 1957 um eitrun fyrir refi og minka næstu 5 ár. Jafnframt var bannað að eitra fyrir þessi dýr á sama tímabili. Að athuguðu máli þykir rétt að fresta framkvæmd ákvæða 11. gr. þeirra laga um önnur 5 ár og banna jafnframt að eitra fyrir refi og minka á sama tímabili. Þess vegna er þetta frv. flutt.

Ég sé ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um málið að svo stöddu, en legg til, herra forseti, að að lokinni þessari umr. verði því vísað til 2. umr. og hv. landbn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 26 shlj. atkv. og til landbn. með 27 shlj. atkv.

Á 81. fundi í Nd., 25. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 372, n. 540, 541).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 27 shlj. atkv.

Frsm. (Pálmi Jónsson): Herra forseti. Landbn. þessarar deildar hefur haft frv. þetta til meðferðar. N. hefur rætt frv. á þremur fundum og kvatt á fund sinn veiðistjóra, Svein Einarsson, sem gaf n. upplýsingar varðandi þessi mál og skýrði sín sjónarmið snertandi frv.

Eins og fram kemur í nál. á þskj. 540, leggur nefndin til, að frv. verði samþ. með þeirri breytingu, sem fram kemur á sérstakri brtt. n. á þskj. 541. Einn nm., formaðurinn, hv. 11. landsk., skrifar þó undir með fyrirvara, en tveir nm. voru fjarstaddir, er málið var afgreitt, þeir hv. 5. þm. Vesturl. og hv. 2. landsk. þm. Með lögum um eyðingu refa og minka frá 1957 var sem kunnugt er sveitarstjórnum lögð sú skylda á herðar að láta eitra fyrir refi og minka eftir fyrirmælum Búnaðarfélags Íslands og nánari ákvörðun veiðistjóra. Heimild til eitrunar var síðan afnumin með lögum 1964 til 5 ára. Frv. það, sem liggur fyrir, er, eins og fram kom við 1. umr. þess, flutt til þess að framlengja það eitrunarbann í næstu 5 ár.

Með brtt. þeirri, sem hv. landbn. flytur á þskj. 541, er lagt til, að veiðistjóra og sérstökum trúnaðarmönnum hans verði að fengnu leyfi landbrn. heimilt að eitra fyrir yrðlinga inni í grenjum, þar sem sérstaklega erfiðar aðstæður torvelda eyðingu þeirra með öðrum hætti.

Það er kunnara en frá þurfi að segja, að miklu er kostað til eyðingar refa og minka hér á landi og ekki að ófyrirsynju, slíkum skaða sem vargdýr þessi valda. Oft getur reynzt sérlega erfitt að vinna yrðlinga í grenjum þó tekizt hafi að fella bæði fullorðnu dýrin. Gildir það ekki sízt, þar sem greni eru í hraungjótum, þar sem gangar liggja víðs vegar og síðustu yrðlingarnir hafa hvekkzt, þegar hinir fyrri hafa náðst. Af þessum sökum getur það hent, þegar greni liggja fjarri byggð og akfærum leiðum, að grenjavinnslumenn neyðist til að yfirgefa þau áður en vinnsla hefur tekizt að fullu. Það má að mínu viti ekki koma fyrir, að greni þurfi að yfirgefa þannig, áður en yrðlingar hafa náðst, jafnmiklum skaða og dýr þessi valda, þegar þau vaxa upp, og jafnmikill kostnaður sem lagður er í vinnslu þeirra.

Verði till. n. samþ. og eitrun leyfð inni í grenjum fyrir yrðlinga, ef þeir nást ekki með öðrum hætti, er það talið nokkuð öruggt, ef verk þetta er unnið af samvizkusemi og kostgæfni, að þá verði það yrðlingunum að grandi. Varðandi það sjónarmið fuglaverndunarmanna, að eitrun sé samfara of mikil hætta fyrir arnarstofninn, sem vissulega er nauðsyn að vernda í landinu, þá virðist ekki hægt að koma auga á það með nokkrum rökum, að erninum geti stafað hætta af þeirri mjög takmörkuðu eitrunarheimild, sem hér er lagt til, að gerð verði.

Ákvæði frv. þessa gilda einungis næstu 5 ár, og ég tel, að það sé æskilegt að fá reynslu af þessum takmörkuðu eitrunaraðgerðum á því tímabili, og þegar l. um eyðingu refa og minka verður væntanlega breytt, að þeim tíma liðnum, sé sú reynsla til hliðsjónar við þær breytingar, sem þá verða gerðar.

Ég vil vænta þess, að með tilliti til þeirra ástæðna, sem ég hef hér rakið, þá sjái hv. d. sér fært að fallast á þá brtt., sem n. hefur hér gert, og tel, að af því muni ekki geta hlotizt skaði fyrir önnur þau dýr, sem okkur vissulega ber að vernda í þessu landi.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Vegna þessarar brtt., sem hv. landbn. hefur flutt og er sammála um, tel ég rétt að taka það fram, að ég hef rætt þetta mál við þá menn, sem hafa með það að gera að eyða refum og minkum, og hafa þeir talið, að það væri nauðsynlegt að fá heimild inn í l. í þessu formi. Þeir hafa einnig fullyrt, að það mætti framkvæma eitrunina með þeim hætti, að það kæmi ekki að sök fyrir fugla eða önnur dýr, sem ekki er æskilegt að granda. Og með tilliti til þess tel ég, að það sé rétt að samþykkja þessa brtt. um leið og ég tel sjálfsagt, að heimildin verði gefin aðeins að vel athuguðu máli og nákvæmlega fylgzt með því, að vel sé gert, þegar um eitrunina er að ræða.

Bjartmar Guðmundsson: Herra forseti. Ég hef skrifað undir nál. það, sem hér er til umr., með fyrirvara, og sá fyrirvari er varðandi brtt., sem n. gerir við frv. Ég gat ekki fyrir mitt leyti bundið mig við að styðja hana. Þegar þessi breyting var gerð fyrir 5 árum á l. um eyðingu refa og minka, beitti ég mér nokkuð fyrir því, að hún yrði gerð með tilliti til þess að reyna að vernda þá fáu erni, er voru í landinu og eru enn, frá aleyðingu. Ég held, að reynslan hafi sýnt, að þetta var vel ráðið, því að arnarstofninn hefur a. m. k. ekki minnkað eða örnum fækkað á þessu tímabili, heldur virðast athuganir, sem gerðar hafa verið á því efni, sýna, að örnum hafi eitthvað örlítið fjölgað, svo nokkrar líkur séu til þess, að hægt sé að varðveita hann frá því að deyja út. Og þegar nú þetta eiturbann er framlengt um 5 ár, eins og hér er gert ráð fyrir, er ég því algerlega samþykkur, og ég tel, að mjög mikið hafi unnizt á við það að afnema 11. gr. þessara l., sem lagði þá skyldu hreint og beint á sveitarstjórnir, að það ætti að eitra á öllum þeirra umráðasvæðum á hverjum vetri, sem ég taldi mjög slæma lagagr. og hættulega. En að því er snertir þessa brtt., get ég viðurkennt það, að það muni ekki vera teljandi hætta á því, að fuglar komist í það æti, sem kann að verða eitrað inni í grenjum, og engin hætta, ef það er gert nógu vandlega og það falið nógu vandlega inni í holunum. En eitrunaraðferðin er að mínu áliti ákaflega óaðgengileg aðferð til þess að eyða dýrum og kvalafull, þar sem er um stryknin að ræða, og þar af leiðandi tel ég, að ekki eigi að nota hana nema í brýnustu þörf. Og sannast að segja hef ég ekki mikið orðið var við raddir um það, og þó hef ég haft tal af mörgum grenjaskyttum, að það væri nauðsyn á því að eitra inni í grenjum, þó það gæti stytt þann tíma, sem fer í það að vinna greni. En það, sem ég er hræddari við, er það, að ef þetta er leyft, verður þetta hættulega efni í höndum margra manna og miklu meiri hætta á því, að það sé notað í öðrum tilgangi en þessum. Sem sagt, ég er mjög eindregið meðmæltur að framlengja þetta eiturbann eins og hæstv. ríkisstj. hefur lagt til með þessu frv., en mun ekki greiða atkvæði með brtt.

ATKVGR.
Brtt. 541 samþ. með 16:9 atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 25 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 29 shlj. atkv.

Á 82. fundi í Nd., 28. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 559).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 24 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 79. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 80. fundi í Ed., 29. apríl, var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv. og til landbn. með 15:1 atkv.

Á 85. fundi í Ed., 5. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 559, n. 616, 607).

Frsm. (Steinþór Gestsson): Herra forseti. Það frv., sem hér liggur fyrir til 2. umr., hefur landbn. haft til athugunar. Áður hefur það fengið afgreiðslu í Nd. Eins og nál. landbn. á þskj. 616 ber með sér, hefur n. orðið sammála um að mæla með því, að frv. verði samþ. Einn nm., Karl Guðjónsson, var fjarverandi, þegar málið var afgreitt í n., en einstakir nm. áskildu sér rétt til þess að flytja eða fylgja brtt., sem fram kynnu að koma.

Efni þessa frv. er í stórum dráttum það, að það eitrunarbann, sem gilt hefur undanfarandi 5 ár, verði enn framlengt um 5 ár, þannig að bannað verði að eitra fyrir refi og minka á næsta 5 ára tímabili. Um þetta hafa að sjálfsögðu verið skiptar skoðanir manna á meðal. Dýraleitarmenn hafa ekki verið á einu máli um það, hversu mikla þýðingu eitrun fyrir refi hefði, en öllum er það vitanlegt, að meðferð jafnhættulegs eiturefnis og stryknin er, — það er ekki fáandi hverjum sem er, þar sem það hefur í för með sér stóra hættu á því að verða

að grandi fleiri lifandi dýrum en þeim, sem ætlað er að farast á eitrinu. Sérstaklega hefur athygli manna beinzt að arnarstofninum í landinu, og ýmsir vilja halda því fram, að sú fækkun, sem á honum hefur orðið núna á undanförnum áratugum, stafi að nokkru leyti af notkun eiturefna fyrir refi og minka. Hvað sem um þá fullyrðingu má segja, er þetta að sjálfsögðu hætta, sem er fyrir hendi, og þar sem ég ætla, að mönnum sé það yfirleitt áhugamál að viðhalda þeim stofni, arnarstofninum, sem fyrir er í landinu, þá ætla ég, að menn vilji ekki eiga mikið á hættu um það, að hann kunni að líða algerlega undir lok af þeim sökum, að hann komist í það eitur, sem borið er út fyrir refi og minka. Meiri hl. landbn. hefur því ekki viljað ganga inn á það eða ljá máls á því að flytja um það till., að þessi aðferð til eyðingar á refum og minkum yrði tekin upp að nýju, en hins vegar fallizt á það, eins og ég gat um áðan, að eiturbannið yrði framlengt næstu 5 árin.

Ég gat um það áðan, að grenjaleitarmenn væru ekki á einu máli um það, hversu nauðsynlegt það væri að hafa þessa heimild til eitrunar. Ég hygg, að það hafi verið upplýst af veiðistjóranum, að jafnvel á þessu 5 ára tímabili síðan eitrun var hætt, hafi refum fækkað að verulegu marki í landinu. Hins vegar er það vitað mál, að til eru þau svæði, sem er miklum örðugleikum bundið að vinna refi á og gæti þess vegna verið mikið hagræði í því að fá að eitra, en eins og ég tók fram áðan, þá er það margra manna mál og mín skoðun, að það sé of hættulegur leikur til þess að ganga inn á það að fara að þeirra áliti, sem telja það vera hættulaust. Hins vegar höfum við talið, að hættulaust væri að veita veiðistjóra og sérstökum trúnaðarmönnum hans heimild til þess að eitra fyrir yrðlinga inni í grenjum, því að það er vitað mál, og vill oft bera við, að það er erfitt að ná yrðlingum úr grenjum, og það má ekki fara frá grenjum með yrðlingum inni í, og þess vegna hefur af þessu orðið ærinn kostnaður og erfiðleikar fyrir þá, sem þessa grenjavinnslu hafa stundað. Hins vegar á ekki neinum fugli að vera hætta búin af því eitri, sem borið er inn í grenin, og því höfum við talið eðlilegt að verða við þessari beiðni. Till. landbn. eru þær, að frv. verði samþ. í því formi, sem það barst hv. Ed. frá Nd.

Ég vil leyfa mér að leggja það til við d., að hún samþykki frv. eins og það liggur fyrir.

Ásgeir Bjarnason: Herra forseti. Frv. það, sem hér er til umr. og hv. landbn. hefur fjallað um, felur í sér framlengingu á bráðabirgðaákvæði því, sem gilt hefur um 5 ára skeið, og það er um bann við eitrun fyrir refi og minka. Upphaflega kom þessi krafa fram frá þeim áhugamönnum, sem telja sig bæði vera dýravini og mikla náttúruunnendur. Og vegna þess kom ég með till. um það við 1. umr. þessa máls, að frv. þetta yrði látið fara til menntmn., því ég ætla, að það sé menntmrn., en ekki landbrh., sem fjallar um þau mál, sem varða náttúruvernd landsins. En þessi till. var felld, og því kom þetta mál fyrir hv. landbn., sem hefur fjallað um málið, eins og hv. frsm. n. gat hér um áðan, og við nm. áskildum okkur rétt til að flytja eða fylgja brtt., sem fram kæmu.

Hv. 2. þm. Austf. ásamt mér flytur þá brtt., sem er á þskj. 607, en till. þessi er um það, að heimild til eitrunar fyrir refi og minka sé víðtækari en sú heimild, sem frv. felur í sér, eins og það liggur fyrir núna. Það er vitað mál, að staðhættir hér á landi eru allbreytilegir og aðstaða öll til þess að útrýma þeim bitvörgum, sem hér um ræðir, og það eru til heilar sveitir, sem komnar eru í eyði, og því mjög erfitt um vik að fylgja eftir þeim málum eins og hægt er og þægilegra að gera, þar sem sveitir eru enn byggðar. Það hefur komið í ljós, að á vissum svæðum hafa myndazt uppeldisstöðvar fyrir refi og minka, og ég held, að það verði afar erfitt að útrýma þessum bitvörgum á þeim slóðum nema með víðtækari eitrun en frv. sjálft gerir ráð fyrir. Og það eru mikil verðmæti í húfi hér á landi einmitt vegna þess, að eitrun hefur ekki verið viðhöfð. Það er vitað mál, að þessi vargdýr, bæði refir og minkar, hafa valdið stórkostlegum eyðileggingum víða á landinu. Það er kunnara en frá þurfi að segja, t. d. í Breiðafjarðareyjum, að þar má heita, að æðarfuglinn sé flúinn, og þau miklu verðmæti, sem honum fylgja, hafa þar af leiðandi stórum minnkað bæði þeim, er þessi lönd eiga, og þjóðinni allri til mikils skaða, því að hér er um að ræða verðmætan útflutning, þar sem dúnninn er, en eitt kg af hreinsuðum dún mun vera að verðgildi um 6000 kr.

Minkurinn og tófan eiga mikinn þátt í því, að dúnmagnið hefur farið minnkandi ár frá ári nú að undanförnu. En verðgildi þessa útflutningsverðmætis hefur farið vaxandi hin síðari ár, auk þess sem mikil sala fyrir dún er innanlands. Það er heldur ekki hægt að horfa fram hjá þeirri eyðileggingu, sem minkurinn veldur í veiðivötnum og ám. Við teljum okkur mikla ræktunarmenn og höfum þá trú, að veiði í ám og vötnum verði okkur miklu drýgri tekjulind í framtíðinni en verið hefur. Ég efast heldur ekki um, að svo geti orðið, en til þess verðum við að losna við þessi vargdýr, refi og minka, sem annars rífa niður það, sem við ætlum okkur að byggja upp. Ein af þeim leiðum, sem við verðum að nota, er að eitra fyrir þessi dýr, sem einnig valda miklum skaða í sauðfjáreign bænda. Og það eru mörg dæmi þess, að við greni á vorin eru allt að 20—30 lambsskrokkar við eitt einasta greni, og það gefur að skilja, að á öllu landinu kann þetta að valda allmiklum skaða í sauðfjáreign bænda. Og hv. frsm. n., 5. þm. Sunnl., gat þess, að það væru landssvæði, þar sem væri mjög erfitt að útrýma refum nema með eitri, og það er einmitt á þessum slóðum, sem erfiðast er að útrýma refunum og þar sem þeir valda kannske mestum skaða, og ég held, að það sé óhætt að fullyrða, að hin síðari ár síðan eitrunarbannið gekk í gildi hafi verið mikið meiri brögð að því, að refir hafi ráðizt á sauðfé bænda og ekki sízt á unglömbin á vorin heldur en áður var. Það má vel vera, að þar sé því um að kenna, að það sé ekki nógu vel leitað að grenjum á vorin, en það er klárt mál, að þetta hefur farið vaxandi, og ég hygg, að veiðistjóri sé þeirrar sömu skoðunar.

Hér eru miklir hagsmunir í veði, sem ég hef getið um. En till. okkar er aðeins víðtækari heimild en frv. sjálft gerir ráð fyrir, og ég vil í þessu sambandi minna á það, að á Búnaðarþingi í vetur var samþ. eftirfarandi till. um breytingu á l. um eyðingu refa og minka, með leyfi forseta, þ. e. við 11. gr. l.:

„Stjórnum sveitar- og bæjarfélaga er heimilt að eitra fyrir refi og minka, ef nauðsyn ber til samkv. fyrirmæl-

um veiðistjóra og stjórnar Búnaðarfélags Íslands. Óheimilt er að eitra í hræ og innyfli á víðavangi. Hið eitraða agn skal vel falið í gjótum eða holum, þannig að ekki sjáist úr lofti eða þó gengið sé nærri eiturstaðnum. Grenjaskyttum er heimilt að eitra fyrir yrðlinga á grenjum. Þó skal eigi gripið til þess ráðs fyrr en önnur ráð hafa brugðizt. Oddvitum og bæjarstjórum skal látið eitur í té gegn skriflegri umsókn samþykktri af veiðistjóra. Lyfjaverzlun ríkisins annist sölu og dreifingu eitursins skv. fyrirmælum landbrn. og heilbrmrn. 7. gr. í reglugerð um eyðingu refa og minka breytist í samræmi við ofanritað."

Í grg. fyrir þessum tillögum segir veiðistjóri, Sveinn Einarsson, að að fenginni 5 ára reynslu, sem eiturbannið hefur staðið, mæli margt á móti því að framlengja eiturbannið eða afnema með öllu eituraðgerðir fyrir refi og minka. Sé fyllstu vandvirkni gætt, sé hægt að framkvæma eitrun fyrir umrædd vargdýr, án þess að öðrum dýrum stafi nokkur veruleg hætta þar af.

Orðrétt segir áfram í greinargerð veiðistjóra:

„Á stærri dýrasvæðum mun vart gerlegt sökum mikils kostnaðar að halda refum í skefjum án notkunar eiturs. Við grenjavinnslu kemur fyrir, að illa gengur að vinna 1–2 síðustu yrðlingana. Þeir geta hafa hvekkzt svo, að langan tíma tekur að vinna þá og getur jafnvel skipt sólarhringum. Þegar slíkt á sér stað langt frá byggð eða bílfærum leiðum, er helzta úrræðið, ef bæði fullorðnu dýrin hafa verið felld, að eitra fyrir yrðlingana, áður en grenið er yfirgefið. Ekki hefur umrætt 5 ára eiturbann sannað ágæti þeirra, sem töldu, að eituraðgerðir ælu upp bitvarg. Síðustu 2 árin hafa mörg ung bitdýr, sem aldrei hafa nálægt eitri komið, verið unnin. Það skal tekið fram, að í haust bar óvenju mikið á bitvörgum í öllum landshlutum, svo að ekki virðist um neina hugarfarsbreytingu að ræða hjá refum, þó að þeir hafi ekki kynnzt eitrinu."

Mér finnst þessi grg. veiðistjóra bera því glöggt vitni, að það er þörf frekari eituraðgerða en átt hafa sér stað að undanförnu. Þessar samþykktir Búnaðarþings voru sendar landbrn. fyrir um það bil 6 vikum síðan, og auk þess átti stjórn Búnaðarfélags Íslands og búnaðarmálastjóri samtal um þessi mál við hæstv. landbrh. og ráðh. tók málinu vel, en hefur ekki tekið till. Búnaðarþings alvarlega, því að sennilega hefur örninn eitthvað hrætt hann og ruglað hann í ríminu.

Þar sem hér er lagt til að banna eitrun áfram næstu 5 ár, en veita undanþágu frá því í vissum tilvikum undir ströngu eftirliti, þá vænti ég þess, að hv. þd. samþykki brtt. á þskj. 607, því að hér er um mjög takmarkaða heimild til eitrunar að ræða og aðeins á vissum landssvæðum, að dómi hlutaðeigandi sveitarstjórnar og Búnaðarfélags Íslands ásamt leyfi landbrn. Ég held, að það séu það margir aðilar, sem allir eru þaulkunnugir þessum málum og eiga að gæta laga og réttar á þessu sviði, að við getum ekki annað en treyst þeim til að vega og meta allar aðstæður hverju sinni.

Hér í hv. þd. eru margir loðdýraunnendur, því að d. hefur samþ. 198. mál þingsins, en það er um loðdýrarækt. En 1. gr. þess frv. hljóðar þannig, með leyfi forseta:

„Loðdýr nefnast í lögum þessum öll þau dýr, sem ræktuð eru eða alin vegna verðmætis skinnanna eingöngu eða aðallega. Landbrh. sker úr ágreiningi um, hvort dýrategund skuli teljast til loðdýra eða ekki."

Benda vil ég á það, að gærur sauðfjár fara mjög hækkandi í verði og dýrmætir pelsar eru búnir til úr þeim, og þótt ekki sé það í dag svo, að gæran af kindinni sé verðmeiri en kjöt kindarinnar, þá kann svo að fara síðar, og öruggt er það með vissar tegundir af gærum, t. d. gráar og flekkóttar, að þær jafnast í verðgildi á við kjöt sauðkindarinnar. Það er von mín og ósk, að þeir hv. þm., sem unna loðdýrarækt, vilji enn fremur auka þau verðmæti, sem frá alda öðli hafa veitt þjóðinni björg í bú, og að þeir fylgi þeim brtt., sem fela viðtækari eitrun í sér, því að því aðeins geta nýjar búgreinar komið til greina og að fullum notum, að þau verðmæti, sem fyrir eru, haldist áfram og eflist til muna. Það er því þjóðarnauðsyn og á að vera metnaðarmál allra að hlúa að æðarfugli, efla veiðar í ám og vötnum og vernda þessi verðmæti ásamt sauðfénu fyrir þeim vargi, sem þar herjar. En brtt. okkar á þskj. 607 stuðlar að því að vernda og auka tekjur af þeim verðmætum, sem þar fjallar um. Ég vænti því þess, að samþykkt verði sú heimild, víðtæka heimild, sem felst í brtt. okkar á þskj. 607, þ.e. að við 1. gr., 2. málsl., bætist: „svo og að eitra fyrir refi og minka á takmörkuðum landsvæðum, ef nauðsyn ber til að dómi hlutaðeigandi sveitarstjórna og stjórnar Búnaðarfélags Íslands.

Ég ætla, að hér sé það vel frá málum gengið, að hættulaust eigi að vera að samþykkja þessa till., því að það margir aðilar fjalla um þessi mál, að þeim ætti að vera treystandi til þess að gæta þess, að því sem við viljum vernda á einu sviði, glötum við ekki um leið og við leggjum inn á nýjar brautir. Eitrun er því nauðsynleg í vissum tilvikum, svo að við getum verndað í framtíðinni verðmæti þau, sem okkur hefur tekizt lengst af að vernda, en því miður ekki alltaf.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 86. fundi í Ed., 6. maí, var fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.
Brtt. 607 felld með 11:4 atkv.
1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Á 88. fundi í Ed., 8. maí, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 15 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 676).

---

48. Brunavarnir og brunamál.

Á 17. fundi í Sþ., 4. des., var útbýtt frá Ed.:
Frv. til l. um brunavarnir og brunamál [97. mál] (stjfrv., A. 121).

Á 22. fundi í Ed., 5. des., var frv. tekið til 1. umr.

Félmrh. (Eggert G. Þorsteinsson): Herra forseti. Frv. það, sem hér liggur fyrir, var flutt síðla á síðasta þingi og hlaut ekki endanlega afgreiðslu hv. Alþ., mun hafa verið afgreitt úr þessari hv. d., en hlaut ekki afgreiðslu hv. Nd.

Með bréfi dags. 28. október 1966 fól félmrn. Bárði Daníelssyni yfirumsjónarmanni brunavarna að athuga og gera till. um, með hvaða hætti skipulag og starfsemi Brunavarnaeftirlits ríkisins skyldi háttað í framtíðinni, þannig að það gæti verið sem bezt og gegnt sem bezt meginhlutverkum sínum, að leiðbeina sveitarstjórnum um allar verklegar og skipulegar framkvæmdir til brunavarna og hafa yfirumsjón með ákvæðum l. um brunavarnir og brunamál og að þeim ákvæðum verði hlýtt. Með bréfi dags. 29. desember sama ár fól rn. Páli Líndal borgarlögmanni að vinna að framangreindu verkefni með yfirumsjónarmanni brunavarna, og skyldu þeir skila rn. svo fljótt sem kostur væri á umbeðnum till. í frv.-formi.

Frv. þetta til l. um brunavarnir og brunamál, sem hér er nú lagt fram, er eins og framangreindir menn gengu frá því og afhentu rn. í des. 1967. Skipulagðar brunavarnir eiga sér ekki langa sögu hér á landi. Strjálbýlið gerði ókleift að koma slíku við. Þegar eldur kom upp, urðu menn að treysta á eigið atfylgi og nágranna sinna til slökkvistarfa. Fyrstu opinberar reglur, sem settar voru á Íslandi um brunavarnir eða brunamál, voru settar fyrir rúmri 1½ öld síðan, eða 1. apríl 1807. En þann dag gaf stiftamtmaður út augl. um varnir gegn brunahættu í Reykjavík. Vísir að slökkviliði tók að þróast í Reykjavík á öðrum þriðjungi 19. aldar, en árið 1875 eru sett sérstök lög um brunamálefni í Reykjavík, þar sem nákvæmlega er kveðið á um meðferð brunamála. Þau lög héldu gildi sínu unz sett voru núgildandi lög um brunavarnir í Reykjavík, nr. 28 1945. Heildarlög um brunamálefni utan Reykjavíkur voru fyrst sett með l. nr. 85 frá 1907, og var svo mælt fyrir í 39. gr., að l. giltu fyrir kaupstaði utan Reykjavíkur, verzlunarstaði og aðra þá staði og húseignir, sem eigi féllu undir lög frá 20. október 1905, um vátryggingu sveitabæja og annarra húsa í sveitum utan kauptúna. Jafnhliða þessum l. giltu sérstök lög um slökkvilið á Ísafirði frá 1883, Seyðisfirði frá 1901, Akureyri frá 1905 og Hafnarfirði frá 1909. Öll þessi löggjöf var afnumin með núgildandi lögum, nr. 37 frá 1948, en samkv. þeim l. var síðan sett reglugerð nr. 167 1949. Með þessari löggjöf um brunavarnir og brunamál var vissulega stigið spor í rétta átt, því að þar er að finna allýtarleg ákvæði um skipulag brunavarnamála, um slökkvilið, meðferð á ljósum og eldfimum efnum, frágang eldfæra og eldfæraeftirlit, skyldur borgaranna, þegar eldsvoða bar að höndum, um brunavarnir og um gerð húsa með tilliti til brunavarna o. fl. Öllum er kunnugt um hin tíðu og miklu brunatjón, sem hér á landi ekki aðeins leiða af sér beint eða óbeint tjón á lausafé og fasteignum, heldur einnig þungar eftirstöðvar af völdum eldsvoða.

Í febrúar 1958 var samþ. þál. á Alþ. um varnir gegn brunatjóni, og var þar skorað á ríkisstj. að láta þegar fara fram ýtarlega rannsókn hinna færustu manna á orsökum hinna tíðu eldsvoða, sem valdið hafa miklu tjóni á atvinnutækjum þjóðarinnar, og gera hverjar þær ráðstafanir, sem þurfa þykir til að draga úr eldhættu í atvinnufyrirtækjum. Í september á því ári skipaði félmrh. 6 menn undir forsæti þáv. yfirumsjónarmanns brunavarna, Geirs Zoëga, til að annast rannsókn þá og gera þær till., sem um var fjallað í verkefni þál. Nál. barst í júní 1959. Nm. voru þá sammála um, að helztu orsakir eldsvoða í atvinnutækjum væru slæm umgengni og vanræksla á umbúnaði tækja. Í öðru lagi lélegur og ófullkominn útbúnaður og frágangur rafmagnstækja og raflagna. Í þriðja lagi ófullkominn og trassafenginn frágangur olíukynditækja og í fjórða lagi byggingargallar frá tæknilegu sjónarmiði eldvarna í uppsetningu þurrkofna og hitunartækja, véla o. fl. Og í fimmta lagi bráðabirgðatæki til hitunar og lýsingar, aðallega í sambandi við nýbyggingar, frá þeim væri ekki nógu tryggilega gengið. Í sambandi við væntanlegar umbætur á hinu mikla ófremdarástandi í þessum málum lögðu nm. m. a. til, að hinar þrjár stofnanir, sem hafa eftirlit með öryggisútbúnaði húsa og véla, þ. e. Brunavarnaeftirlitið, Rafmagnseftirlitið og Öryggiseftirlitið, herði mjög allt eftirlit og gangi ríkt eftir, að fyrirmælum laga og reglugerða um frágang fyrrgreindra tækja og húsa og um allan öryggisútbúnað sé fyllilega hlýtt, einnig að gerðar verði nauðsynlegar laga- og reglugerðarbreytingar til að tryggja raunhæfa framkvæmd eftirlitsins, enn fremur að tekin verði upp markviss almenn fræðslustarfsemi um þessi mál og loks, að reynt verði, eftir því sem frekast er unnt, að upplýsa orsakir eldsvoða, og séu niðurstöður réttarrannsókna teknar fram í skjölum málsins. Þá gerði n. till. varðandi verksvið og stjórn Brunavarnaeftirlits ríkisins og gerði að sjálfsögðu ráð fyrir lagabreytingu eða setningu nýrra laga í því sambandi.

Eins og vikið er að í aths. þessa frv., hafa brunatjón á Íslandi numið geigvænlegum upphæðum hin síðari ár, og það, sem verra er, að það er hér tvöfalt eða þrefalt meira en í nágrannalöndum okkar, a. m. k. miðað við 5—6 síðustu árin. Þó er það verst, að auðvelt mun að sýna fram á, að þessi miklu brunatjón stafa að verulegu leyti af skorti á eftirliti og fræðslu á sviði brunamála. Brunavarnaeftirlit ríkisins þarf því að efla, svo að það geti annað verkefni sínu á raunhæfan hátt, svo sem ráð er fyrir gert í þessu frv. Fræðslustarfsemi og kynningar á brunamálum og brunavörnum, hvort sem er í skólum, dagblöðum, útvarpi eða sjónvarpi, þarf og að stórefla. Einnig að efna til námskeiða fyrir slökkviliðsmenn utan af landi, enda er ráð fyrir þessu gert í þessu frv., sem hér er til umr. Eins og frv. ber með sér, er hér fyrst og fremst um heildarlög að ræða, en hins vegar ætlazt til, að kveðið verði á nánar um ýmis framkvæmdaratriði og reglur um tæknimálefni í sérstökum reglugerðum, sem settar verði síðar. Höfuðbreytingin frá gildandi lögum, sem samþykkt þessa frv. hefði í för með sér, er sú, að kostnaðurinn, sem til þessa hefur verið borinn uppi af Brunabótafélagi Íslands einu, á starfsemi Brunavarnaeftirlits ríkisins mun nú borinn uppi af öllum starfandi tryggingarfélögum, ef frv. nær óbreytt fram að ganga.

Ég tel ekki þörf á því, herra forseti, að hafa um frv. fleiri orð nema frekara tilefni gefist til, en legg til, að því verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. heilbr.- og félmn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 15 shlj. atkv.

Á 52. fundi í Ed., 27. febr., var frv. tekið til 2. umr. (A. 121, n. 290, 291).

Frsm. (Jón Þorsteinsson): Herra forseti. Frv. það til l. um brunavarnir og brunamál, sem hér er til umr., er stjfrv. Þetta frv. var einnig flutt hér á síðasta þingi en náði þá ekki fram að ganga og er nú flutt hér aftur óbreytt. Þessu frv., ef að l. verður, er ætlað að koma í stað l. nr. 37 frá 1948 um brunavarnir og brunamál og svo l. nr. 28 frá 1945 um brunamál í Reykjavík.

Aðalnýjungin, sem felst í þessu frv. miðað við gildandi l., er sú, að setja skal á stofn Brunamálastofnun ríkisins, sem fer með daglegan rekstur brunamála og einnig skal stofnsett embætti brunamálastjóra ríkisins.

Brunavarnaeftirlitinu hefur að dómi kunnugra manna verið mjög áfátt á síðari árum og eiginlega ríkt eins konar bráðabirgðaástand í þeim efnum. Brunabótafélag Íslands hefur séð um þetta eftirlit og kostað það, og sá maður, sem aðallega hefur innt það starf af höndum, hefur gert það í hjáverkum. Bæði Brunabótafélagi Íslands og öðrum, sem hagsmuna hafa að gæta í þessum málum, er það ljóst, að þetta gat ekki gengið til lengdar, hér var áfátt mjög í þessum efnum. Í því sambandi er rétt að benda á það, sem segir í grg. með frv., að samanburður á brunatjónum á Íslandi og í nágrannalöndum leiði það í ljós, að meðaltjón á íbúa sé tvöfalt eða þrefalt hærra en þar, ef miðað er við árin 1962—65, og stórversnar það hlutfall enn, sé árið 1967 tekið með, og ég hygg, að mönnum séu í fersku minni ýmsir alvarlegir brunar, sem urðu á árinu 1968, þannig að sjálfsagt hefði þetta dæmi orðið enn þá óhagstæðara við atburði ársins 1968, ef þeir hefðu verið teknir með.

Önnur nýmæli, sem í frv. felast, eru þau, að gert er ráð fyrir aukinni fræðslustarfsemi um þessi mál, og miklu meira svigrúm er fyrir reglugerðarsetningu, þar sem ýmislegt í þessum málum er sífelldum breyt. undirorpið, sérstaklega tækniatriði í sambandi við brunavarnir og slökkvilið, og nauðsynlegt að gefa út mikið af reglugerðum, en það hefur skort nokkuð heimildir fyrir því í gildandi l. Þessu frv. var vísað til heilbr.- og félmn., og hefur n. haft þetta frv. til meðferðar nú um nokkra hríð. Hún hefur leitað umsagnar ýmissa aðila, og reyndar lágu líka fyrir umsagnir frá því í fyrra, þegar málið lá fyrir Alþ., og á grundvelli þeirra athugana og þeirra umsagna, sem fyrir n. lágu, þá leggur n. til, að þetta frv. verði samþ. með tilteknum breyt. En brtt. frá nefndarinnar hálfu koma fram á þskj. 291, og eru það 4 brtt. Fyrsta till. er við 2. gr., og það er reyndar sú þýðingarmesta af þessum brtt., en í henni felst það, að ráðh. skuli skipa sérstaka stjórn Brunamálastofnunarinnar til 4 ára í senn. Hann skipar án tilnefningar formann hennar og einn mann eftir tilnefningu Sambands ísl. sveitarfélaga og einn eftir tilnefningu Reykjavíkurborgar og tvo menn eftir tilnefningu Sambands ísl. tryggingafélaga. Stjórnin skal hafa eftirlit með rekstri og starfsemi Brunamálastofnunarinnar, og ráðh. á-kveður þóknun stjórnarmanna. Þessi brtt. er tekin hér upp eftir ábendingum bæði frá Sambandi ísl. tryggingafélaga, Sambandi ísl. sveitarfélaga og Brunabótafélagi Íslands. Það er rétt, þegar þessi brtt. er skýrð, að minna á það ákvæði frv., sem reyndar er nýmæli, sem er 27. gr. þess, en þar segir, að öll tryggingafélög og aðrir, sem tryggingar annast, skuli greiða Brunamálastofnuninni 1.25% af brúttóiðgjaldatekjum vegna brunatrygginga á fasteignum og lausafé. Og sama gildi um tryggingar, sem innihalda bæði brunatryggingu og annars konar tryggingu. Eftir því sem fróðir menn hafa sagt mér, þá er líklegt, að tekjur Brunamálastofnunarinnar af þessu gjaldi nemi um 2—2½ millj. kr. árlega, og er reiknað með því, að það muni nokkurn veginn duga til þess að standa undir kostnaði við rekstur þessarar stofnunar, en ef þetta hrekkur ekki til, þá ber að greiða afganginn úr ríkissjóði, og með hliðsjón af því, að það eru tryggingafélögin, sem í reynd greiða kostnaðinn við Brunamálastofnunina, þá þótti sanngjarnt, að þau fengju aðild að stjórn þessarar stofnunar, réttara sagt að sett yrði á laggirnar sérstök stjórn fyrir þessa stofnun með aðild þeirra. Eins og ég áður sagði, þá hefur Brunabótafélag Íslands eitt fram að þessu kostað það brunavarnaeftirlit, sem haldið hefur verið uppi.

Þá er brtt. nr. 2, en hún er við 11. gr. frv. Það er við síðustu málsgr., sem breyt. er gerð, en í brtt. segir: „þeir sem verða fyrir beinu tjóni við störf í þágu brunavarna", en í frv. er sagt „beinu tjóni við slökkvistörf", en þetta í þágu brunavarna er talið víðtækara. Hins vegar er greinin þrengd að því leyti til, að þar sem segir, að menn eigi rétt á að fá tjónið bætt úr sveitarsjóði, er í brtt. bætt við: „enda verði tjónið ekki bætt af vátryggingafélagi."

Þriðja brtt. er við 19. gr. frv. Í þeirri gr. segir: „Félmrn. getur að fengnum till. Brunamálastofnunarinnar veitt mönnum réttindi til að setja upp kynditæki og gera við þau." Þessu er breytt þannig, að sagt er: „Félmrn. skal." Það er sem sagt kveðið fastara að orði. Og b-liður þessarar brtt. er nýmæli og hljóðar á þá leið, að einungis þau kynditæki megi selja og setja upp, sem viðurkennd hafa verið af Brunamálastofnuninni.

Fjórða brtt., sem líka er smávægileg, er við 24. gr. frv. Í frv. segir, að „í reglugerð má kveða á um flutning, meðferð og varðveizlu sprengiefnis," en þessu er breytt þannig, að sagt er „í reglugerð skal kveða á um flutning, meðferð og varðveizlu sprengiefnis."

Ég held, að það sé ekkert áhorfsmál að leggja aukna áherzlu á brunavarnir hér hjá okkur. Það er dýrt, álít ég, að reyna að spara útgjöld til brunavarna, þar sem öflugar og traustar brunavarnir geta komið í veg fyrir mikið tjón, ekki eingöngu tjón á eignum og verðmæti, heldur líka tjón á lífi og limum manna.

Það var, eins og ég áður vísaði til, samhljóða álit heilbr.- og félmn. að leggja það til við deildina, að þetta frv. yrði samþ. með brtt. þeim, sem ég hef hér lýst að framan.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.

Brtt. 291,1 (ný 2. gr.) samþ. með 15 shlj. atkv.

3.—4. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.

5.—10. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.

Brtt. 291,2 (ný 11. gr.) samþ. með 15 shlj. atkv.

12.—18. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Brtt. 291,3 samþ. með 15 shlj. atkv.
19. gr., svo breytt, samþ. með 15 shlj. atkv.
20.—23. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Brtt. 291,4 samþ. með 15 shlj. atkv.
24. gr., svo breytt, samþ. með 15 shlj. atkv.
25.—26. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
27. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
28.—35. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 17 shlj. atkv.

Á 53. fundi í Ed., 3. marz, var frv. tekið til 3. umr. (A. 304, 305).

Sveinn Guðmundsson: Herra forseti. Frv. til l. um brunavarnir og brunamál, 97. mál Alþ., sem er hér til 3. umr. í hæstv. Ed., gerir ráð fyrir breyt. á skipan brunavarna og m. a. skipun brunamálastjóra. 2. gr. frv. fjallar um ráðningu brunamálastjóra, sem hafi verkfræðimenntun með sérþekkingu í brunamálum. Á þskj. 305 hef ég borið fram brtt. svo hljóðandi: „Við 2. gr. 3. málsgr. Í stað orðanna „verkfræðingur með sérþekkingu á brunamálum" komi: maður með sérþekkingu á brunamálum, er sé annaðhvort verkfræðingur eða tæknifræðingur." Samkv. þessari breyt. hefur ráðh. frjálst val milli verkfræðinga og tæknifræðinga, enda hafi þeir þá þekkingu á brunavörnum, sem frv. gerir ráð fyrir. Með bréfi, dags. 15. febr. 1968, skrifaði Tæknifræðingafélag Íslands hæstv. Alþ. sérstaklega um þetta mál. Í bréfi félagsins segir m. a., með leyfi hæstv. forseta:

„Tæknifræðingafélag Íslands bendir á, að sú tilhneiging er æði rík að ákveða í lögum verkfræðings- eða arkitektamenntun til að gegna ýmsum störfum og embættum, sem stofnuð eru í þjóðfélaginu og tæknimenntun þarf til. Telur félagið, að í flestum slíkum tilvikum geti tæknifræðingur jafn vel gegnt slíkum störfum. Menntun þeirra er slík, að jafnvel í sumum tilvikum eru þeir betur færir en verkfræðingar til að gegna ýmsum embættum, sem tæknimenntun þarf til."

Svipuð mál og hér um ræðir, skipun brunamálastjóra, að það sé verkfræðingur, hafa áður verið til meðferðar hér í Alþ. Að gera greinarmun á því í slíkum tilvikum, hvort maðurinn er verkfræðingur eða tæknifræðingur, er arfur frá eldri tíma, sem ekki tilheyrir nútímanum. Segja má, að mismunurinn á milli verkfræðings og tæknifræðings sé oftast sá, að verkfræðingurinn byrjar nám sitt með því að ganga menntaveginn, en tæknifræðingurinn byrjar námsferil sinn oftast með verklegu námi, t. d. iðnnámi. Á seinna stigi námsstigans er það svo oft undir manninum sjálfum komið, hvor reynist færari til starfa, verkfræðingurinn eða tæknifræðingurinn, verkfræðingur, sem hefur lært meira í bóklegum fræðum og erfiðum útreikningum eða tæknifræðingurinn, sem á að hafa lært meira í hinu praktiska lífi og reynslu. Það sýnir sig sérstaklega eftir að Tækniskólinn var stofnaður hér, að þetta form menntunar hentar vel okkar litlu þjóð, þar sem tilgangurinn er ekki aðallega að mennta vísindamenn, heldur menn til praktiskra starfa.

Ég vænti þess, að hv. þingdeild geti verið mér sammála um, að brtt. mín er til góðs og á rétt á sér. Vænti ég, að hún fái samþykki deildarinnar.

ATKVGR.
Brtt. 305 samþ. með 15 shlj. atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 17 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 58. fundi í Nd., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 312).
Á 59. og 60. fundi í Nd., 4. marz, var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 61. fundi í Nd., 6. marz, var frv. enn tekið til 1. umr.

Félmrh. (Eggert G. Þorsteinsson): Herra forseti. Frv. þetta hefur verið afgreitt frá hv. Ed. með nokkrum minni háttar breytingum, þó aðallega tveimur, svo sem fram hefur komið á sérstöku þskj. þar um. En frv. var flutt á síðasta þingi einnig, en náði þá ekki fram að ganga. Ég tel brýna nauðsyn bera til, að frv. þetta nái nú fram að ganga, enda lögð á það mikil áherzla af tryggingafélögunum, að ný skipan komist á þessi mál, og er fyrirhugað, að kostnaður verði uppi borinn af þeim, svo að hér er nánast um samstarf þeirra innbyrðis að ræða til betri skipunar þessara mála.

Með bréfi dags. 28. október 1966 fól félmrn. Bárði Daníelssyni yfirumsjónarmanni brunavarna að athuga og gera till. um, með hvaða hætti skipulag og starfsemi Brunavarnaeftirlits ríkisins skyldi háttað, þannig að það gæti sem bezt gegnt þeim meginhlutverkum sínum að leiðbeina sveitarstjórnum um allar verklegar og skipulegar framkvæmdir til brunavarna og hafa yfirumsjón með ákvæðum l. um brunavarnir og brunamál og að þeim verði hlýtt. Með bréfi dags. 29. desember sama ár fól rn. Páli Líndal borgarlögmanni að vinna að framangreindu verkefni með yfirumsjónarmanni brunavarna, og skyldu þeir skila rn. niðurstöðum sínum svo fljótt sem kostur væri á og þá helzt í frv.-formi.

Frv. það til laga um brunavarnir og brunamál, sem hér er lagt fram, er eins og framangreindir menn gengu frá því að öðru leyti en þeim breytingum, sem á voru gerðar í Ed. Alþ. um yfirstjórn málanna, yfirstjórn brunamála, en þar var lagt til og samþ., að sérstök stjórn skyldi kosin til þess að hafa þessa yfirumsjón með fulltrúum Sambands ísl. sveitarfélaga og tryggingafélaganna ásamt einum fulltrúa tilnefndum af félmrn. Skipulagðar brunavarnir eiga sér ekki langa sögu hér á landi. Strjálbýlið gerði ókleift að koma slíku við. Þegar eldur kom upp, urðu menn að treysta á eigið atfylgi og nágranna sinna til allra slökkvistarfa. Fyrstu opinberar reglur, sem settar voru á Íslandi um brunavarnir eða brunamál, voru settar fyrir 1½ öld síðan, eða 1. apríl 1807. En þann dag gaf stiftamtmaður út auglýsingu um varnir gegn brunahættu í Reykjavík. Vísir að slökkviliði tók að þróast í Reykjavík á 2. þriðjungi 19. aldar, en árið 1875 eru sett sérstök lög um brunamálefni í Reykjavík, þar sem nákvæmlega er kveðið á um meðferð brunamála. Þau lög héldu gildi sínu, unz sett voru

núgildandi lög um brunavarnir í Reykjavík nr. 28 frá 1945. Heildarlög um brunamálefni utan Reykjavíkur voru fyrst sett með l. nr. 85 frá 1907, og var svo mælt fyrir í 39. gr., að lögin giltu fyrir kaupstaði utan Reykjavíkur, verzlunarstaði og aðra þá staði og húseignir, sem eigi féllu undir l. frá 20. okt. 1905 um vátryggingu sveitabæja og annarra húsa í sveitum utan kauptúna.

Jafnhliða þessum lögum giltu sérlög um slökkvilið á Ísafirði frá 1883, Seyðisfirði frá 1901, Akureyri frá 1905 og Hafnarfirði frá 1909. Öll þessi löggjöf var afnumin með núgildandi l. nr. 37 frá 1948, en samkv. þeim lögum var síðan sett reglugerð nr. 167 1949. Með þessari löggjöf um brunavarnir og brunamál var vissulega stigið spor í rétta átt, því að þar er að finna allýtarleg ákvæði um skipulag brunavarnamála, um slökkvilið, meðferð á eldi, ljósum og eldfimum efnum, frágang eldfæra og eldfæraeftirlit, skyldur borgaranna, ef eldsvoða ber að höndum, um brunavarnir og um gerð húsa með tilliti til brunavarna o. fl. Öllum, sem fylgzt hafa með, er kunnugt um hin miklu brunatjón, sem hér hafa átt sér stað á undanförnum árum, ekki aðeins hin beinu tjón á lausafé og fasteignum, heldur einnig tjón vegna rekstursstöðvana af völdum eldsvoða. Í febrúar 1958 var samþ. þál. á Alþ. um varnir gegn brunatjóni, og var þar skorað á ríkisstj. að láta þegar fara fram ýtarlega rannsókn hinna færustu manna á orsökum hinna tíðu eldsvoða, sem valdið hafa miklu tjóni á atvinnutækjum þjóðarinnar, og gera hverjar þær ráðstafanir, sem þurfa þykir, til að draga úr eldhættu í atvinnufyrirtækjum, og í september sama ár skipaði félmrh. 6 menn undir forsæti fyrrv. yfirumsjónarmanns brunavarna, Geirs Zoëga, í nefnd til þess að annast rannsókn þá og gera svo þær till., sem um er fjallað í nefndri þál. Nál. birtist í júní 1959. Nm. voru sammála um, að helztu orsakir eldsvoða í atvinnutækjum væru í fyrsta lagi slæm umgengni og vanræksla í umbúnaði tækjanna, í öðru lagi lélegur og ófullkominn útbúnaður og frágangur rafmagnstækja og raflagna, í þriðja lagi ófullkominn og trassafenginn frágangur olíukynditækja, í fjórða lagi byggingargallar frá tæknilegu sjónarmiði eldvarna við uppsetningu þurrkofna og hitunartækja, véla o. fl. og í fimmta lagi væru bráðabirgðatæki til hitunar og lýsingar, aðallega í sambandi við nýbyggingar, í slæmu ásigkomulagi.

Í sambandi við væntanlegar úrbætur á hinu mikla ófremdarástandi í þessum málum lögðu nm. m. a. til, að hinar þrjár stofnanir, sem hafa eftirlit með öryggisútbúnaði húsa og véla, þ. e. Brunavarnaeftirlitið, Rafmagnseftirlitið og Öryggiseftirlitið, herði mjög allt eftirlit og gangi ríkt eftir, að fyrirmælum laga og reglugerða um frágang og öryggisútbúnað sé hlýtt, einnig að gerðar verði nauðsynlegar laga- og reglugerðarbreytingar til að tryggja raunhæfa framkvæmd eftirlitsins, enn fremur, að tekin verði upp markviss almenn fræðslustarfsemi um þessi mál, og loks, að reynt verði, eftir því sem frekast er unnt, að upplýsa orsakir eldsvoða, og séu niðurstöður réttarrannsókna teknar fram í skjölum málsins. Þá gerði n. till. varðandi verksvið og stjórn Brunavarnaeftirlits ríkisins og gerði að sjálfsögðu ráð fyrir lagabreytingu eða setningu nýrra laga í því sambandi.

Eins og vikið er að í aths. við lagafrv. þetta hefur brunatjón á Íslandi numið geigvænlegum upphæðum hin síðari ár, og það, sem verra er, að það er hér tvöfalt eða þrefalt meira en í nágrannalöndum okkar, a. m. k. miðað við 5—6 síðustu ár. Þó er það verst, að auðvelt mun að sýna fram á, að þetta mikla brunatjón stafi að verulegu leyti af skorti á eftirliti og fræðslu á sviði brunamála. Brunavarnaeftirlit ríkisins þarf að efla svo, að það geti annað verkefnum sínum á raunhæfan hátt, svo sem ráð er fyrir gert í þessu frv. Fræðslustarfsemi og kynningu á brunamálum þarf að efla og efla sjálfar brunavarnirnar, hvort sem er með áróðri í skólum, dagblöðum, útvarpi eða sjónvarpi, og það þarf að auka þann áróður mjög, einnig að efna til námskeiða fyrir slökkviliðsmenn úti á landi, enda ráð fyrir því gert í frv. þessu.

Eins og frv. ber með sér, er hér fyrst og fremst um heildarlög að ræða, hins vegar er ætlazt til, að kveðið verði nánar á um ýmis framkvæmdaratriði í reglum um tæknimál og reglur um tæknimálefni settar í sérstakar reglugerðir, sem settar verði eftir samþykkt frv.

Ég legg til, herra forseti, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. heilbr.- og félmn.

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. Það er aðeins bending. Með þessu frv. er gert ráð fyrir að setja á fót nýja ríkisstofnun, og við þekkjum það af reynslunni, að það hefur talsverðan kostnað í för með sér að koma nýjum stofnunum á fót. Í hvert skipti, sem kemur til mála að setja á fót nýja stofnun, er vafalaust skynsamlegt að velta því fyrir sér, hvort það væri hugsanlegt að fá þau verk unnin, sem stofnuninni er ætlað að koma í framkvæmd, með hagfelldara móti, til að mynda með því að fela einhverri stofnun, sem fyrir er, verkin, en venjulega mundi það verða ódýrara í framkvæmdinni, ef hægt væri að sameina verkin einhverri starfrækslu, sem áður er með höndum höfð, ef hún er líks eðlis, og jafnvel þannig, að hægt væri að sameina að einhverju leyti þá vinnu, sem til greina kemur.

Ég mundi nú vilja beina því til hv. n., sem fær þetta mál til meðferðar, og hæstv. ráðh., hvort ekki væri hægt að fá þau verk unnin, sem ráðgerð eru í frv., án þess að koma á fót nýrri stofnun og þá fyrst og fremst með þetta sjónarmið í huga, sem ég lýsti. Því að þó að ekki sé gert ráð fyrir, að ríkissjóður sjálfur eða þegnarnir með sköttum standi undir kostnaði við þá stofnun, sem hér er ráðgert að koma upp, þá verður kostnaðurinn greiddur samt raunverulega af almenningi í gegnum þau iðgjöld og aðrar greiðslur, sem menn inna af höndum til tryggingafélaganna. Og þannig kemur þetta nokkuð niður í einn stað að lokum.

Ég vil biðja hæstv. ráðh. að líta ekki á þetta sem neina meinbægni í hans garð á nokkurn hátt, því að við þekkjum það svo mætavel, að mönnum kemur það oft fyrst í hug, að það muni vera heppilegast að hafa hvert verkefni skilgreint út af fyrir sig í sérstakri stofnun, og það er sótt á það víða í ríkiskerfinu að koma því þannig fyrir, og því er ekkert undarlegt, þó að þetta frv. sé komið fram. En ég vildi benda mönnum á þetta sjónarmið og fara fram á það, að þetta verði rækilega skoðað. Ég treysti mér ekki til þess að gera brtt. um þetta, en ég vil kasta því fram, hvort ekki væri hugsan-

legt, að Brunabótafélag Íslands hefði þessa starfrækslu með höndum, sem hér er ráðgerð, en það hefur með höndum það almenna brunaeftirlit samkv. því, sem gert er grein fyrir í grg. frv., en fengi að sjálfsögðu kostnaðinn borinn uppi að sanngjörnum hluta af öðrum tryggingafélögum, því það er alveg rétt, sem bent er á í grg. þessa frv., að það er ekki sanngjarnt, að Brunabótafélag Íslands, sem starfar sem eins konar samkeppnisaðili við önnur tryggingafélög, hafi með höndum sérstakt brunaeftirlit, sem öllum kemur að gagni, án endurgjalds frá öðrum. Þá kasta ég líka fram, hvort það væri ekki hugsanlegt, ef það telst ekki fært að hafa þetta áfram hjá Brunabótafélagi Íslands, að hafa þetta sem einhvers konar deild í Öryggiseftirliti ríkisins, og gæti þá kannske komið í ljós, að nota mætti að einhverju leyti sömu starfskrafta, til að mynda til þess að ferðast út um land í erindum þess almenna öryggiseftirlits brunavarnanna um leið. Ég vildi beina því til hæstv. ráðh. og n., að þetta verði rækilega skoðað, því að ég held, að við eigum að hugsa okkur um oftar en tvisvar í hvert skipti, sem til greina kemur að setja á fót nýja stofnun, og það m. a. vegna þess, að okkur vantar margar stofnanir, sem við ekki höfum treyst okkur til að koma á fót vegna kostnaðar og sem þyrftu að komast á fót. Ég fer ekki að nefna þær stofnanir hér. Nefni þó ýmsar stofnanir í félagsmálum og heilbrigðismálum, sem okkur væri lífsnauðsyn að koma á fót, en sem við þorum ekki að leggja í vegna kostnaðar, og einmitt þetta gerir það enn meira aðkallandi, að í hvert skipti, sem kemur til greina að setja upp nýja stofnun, sé það ekki gert nema af ríkri nauðsyn. Telji menn sér fært að setja upp nýja stofnun, eru það einmitt þessar stofnanir, sem fyrst og fremst þarf að taka fram fyrir. Hér verður að raða verkefnum skynsamlega niður, þannig að í þau verkefni sé ráðizt, sem brýnust eru. Ég dreg alls ekki í efa, að það þurfi að vinna þau verk, sem gert er ráð fyrir í frv. Ég vil biðja menn að misskilja það ekki. Ég dreg alls ekki í efa, að það verði að vinna þau verk, sem sé að efla stórlega þessa starfrækslu, brunaeftirlit og brunavarnir. Spurningin er aðeins, hvort ekki væri hægt að koma framkvæmdinni hagkvæmar fyrir en gert var ráð fyrir í frv.

Félmrh. (Eggert G. Þorsteinsson): Herra forseti. Ég hef síður en svo á móti því, að þessi hlið málsins, sem hv. 1. þm. Austf. benti hér á, verði rannsökuð ýtarlega af n. og það kannað, hvort hægt muni að koma þessum málum annars staðar betur fyrir. En ég vil skýra frá því jafnframt, að þetta varð ein meginástæðan til þess, að málið náði ekki fram að ganga á s. l. ári, að menn töldu ekki ólíklegt, væri kannske réttara að segja, að þessu eftirliti mætti með sama árangri koma fyrir í öðrum stofnunum og þá sérstaklega með í huga Öryggiseftirlit ríkisins. En eftir allmiklar umr. um málið í n. í Nd. varð það sannfæring þeirra manna þar, að þessu yrði ekki við komið nema í svo sárafáum atriðum, að það réttlætti ekki að stöðva málið enn á ný. Það var talið af nm. hálfu, að eftirliti í einstaka tilfellum á þessu tvennu, þ. e. a. s. öryggisútbúnaði á vinnustöðvum, vinnupöllum og öðru slíku, mætti koma við, sérstaklega þar sem um stór fyrirtæki væri að ræða. Þar mætti hafa sameiginlega eftirlitsmenn, sem væru að hluta til á launum hjá báðum þessum stofnunum, en öll meginverkefnin, sem um væri að ræða, væru svo óskyld, að það yrði ekki sameinað nema þá með tvöföldu starfsliði og þá væri enginn vinningur að sameiningunni orðinn. Það er rétt, eins og hv. þm. benti á, að hingað til hefur það óréttmæti gilt, að á Brunabótafélag Íslands hafa verið lagðar þær kvaðir að standa undir kostnaði við brunavarnaeftirlit ríkisins. Þess vegna er Brunabótafélagið núna einn helzti hvatamaður þess, með tryggingafélögin hin með sér öll, að ég hygg, að óska eftir framgangi þessa frv. Enda er það, eins og hann tók réttilega fram, í alla staði óeðlilegt, að einni stofnun í kerfinu séu falin verkefni, sem eiga að berast uppi af öllum tryggingafélögunum, eins og lagt er til í þessu frv.

Sem sagt, um leið og ég legg áherzlu á, að málið nái fram að ganga nú, er það alls ekki vegna þess, að ég vilji ekki gefa þeirri hv. n., sem málið fær hér til meðferðar, tíma til þess að kanna þessa hluti til hlítar. Ég er því fyllilega samþykkur, en niðurstöður manna eftir langar og miklar umr. um þessi mál, sem ég hef leitað til og tel, að þekki þessi mál gerst, og niðurstaða n. í Ed. var einróma sú að leggja til, að málið næði fram að ganga með þeim breytingum, sem þeir fengu samþykktar á frv. Ég sem sagt leyfi mér að draga í efa, að þessi sameining sé möguleg. Ég er því hjartanlega samþykkur, að það á ekki að unga út fleiri stofnunum en brýna nauðsyn ber til og gæta þess vandlega, að það sé full nauðsyn á þeim stofnunum, sem settar eru á stofn. Ég er hins vegar sannfærður um það eftir að hafa haft þetta mál milli handanna nú um tveggja ára skeið, að hér er brýn þörf á, að úr verði bætt, og hef síður en svo á móti því, að þessari hv. d. gefist eðlilegur tími til að afgreiða málið, en ég tel mikla nauðsyn á, að það fái endanlega afgreiðslu á þessu þingi, þó að nægur tími sé gefinn til þess að kanna málið frá öllum hliðum.

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. Ég vil lýsa ánægju minni yfir því, að ráðh. tók vel í það, að þetta yrði rækilega skoðað enn á ný, og ég vil taka það fram, að ég er ekki að benda á þetta af áhuga fyrir því að tefja málið, síður en svo. Ég held, að það mætti vel koma því heim og saman eins og hann sagði að athuga þessa hlið gaumgæfilega, en afgreiða málið samt á þessu þingi, því að mér sýnist það augljóslega rétt, sem hann hefur haldið fram og kemur fram í grg. málsins, að það þurfi að koma í lög endurbótum í þá stefnu, sem hér er ráðgert í frv. Spursmálið er eingöngu um það, hvernig eigi að koma þeirri vinnu fyrir, þannig að sem hagkvæmast verði.

Svo vil ég benda á, að þó að mönnum sýndist, að ekki væri hægt að gera mikið í sömu ferðinni varðandi eftirlit með almennum öryggisbúnaði og brunavörnum, gæti samt verið skynsamlegra að sameina þessa starfrækslu annarri stofnun, og það er vegna þess, að bara það að setja upp sérstaka stofnun til að annast eitthvert tiltekið verkefni kallar á meiri kostnað en hitt, að koma þeirri sömu vinnu í framkvæmd í annarri stofnun, sem fyrir er, t. d. í deild. Það er ekki nokkur snefill af vafa um það, að ef hægt er að setja slíka starfrækslu í deild í stofnun, sem fyrir er, þá bólgnar þetta ekki eins mikið og verða vill í nýrri stofnun. Sjálfstæðar stofnanir verða dýrari, og ég vil lýsa ánægju yfir því, að hæstv. ráðh. vill

láta skoða þetta hleypidómalaust, og þótt ekki reyndist skynsamlegt að lokinni skoðun að setja þetta inn í Öryggiseftirlit ríkisins, því þá ekki að Brunabótafélag Íslands hafi þetta áfram og það verði deild hjá því, í þeirri að mörgu leyti myndarlegu stofnun, og Brunabótafélagið fái allan kostnað uppi borinn, sem við þetta verður? Það mætti vera sérstök nefnd, ef endilega þætti nauðsyn bera til þess að stýra þeirri deild, sem þetta hefði með höndum.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 22 shlj. atkv.

Á 82. fundi í Nd., 28. apríl, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 83. fundi í Nd., 29. apríl, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 312, n. 555).

Frsm. (Guðlaugur Gíslason): Herra forseti. Heilbr.- og félmn. hefur haft þetta mál til athugunar. Það var sent til þessarar hv. deildar frá Ed. og hefur hlotið þar afgreiðslu með nokkrum breyt. frá því sem það var upphaflega lagt fram. Frv. sama efnis var lagt fram á síðasta þingi hér í Nd., og hafði heilbr.- og félmn. þessarar d. það þá einnig til athugunar. N. skoðaði málið allítarlega, fékk á sinn fund þá aðila, sem staðið höfðu að samningu þess, og aflaði sér annarra upplýsinga í sambandi við málið. Það kom nokkuð til umr. þá, hvort ekki mundi heppilegra og eðlilegra að einhver stofnun á vegum ríkisins, og þá Öryggiseftirlitið, tæki þessi mál undir sína starfsemi og yrði falin framkvæmd þess. Um þetta voru nokkuð skiptar skoðanir, menn ekki á eitt sáttir um það, en málið sem sagt hlaut ekki endanlega afgreiðslu í n. á síðasta þingi og þar af leiðandi að sjálfsögðu ekki frekari fyrirgreiðslu í deildum þingsins. Ég hygg, að enn hafi nokkuð verið um það rætt, hvort það gæti ekki talizt eins heppilegt, að Öryggiseftirlitinu væri falin framkvæmd laganna en samkomulag mun hafa orðið um það í Ed., eða það mun hafa verið talið heppilegra af þeirri n., sem fjallaði um málið í Ed., að þarna yrði um sérstaka stofnun að ræða. Það má segja, að mjög væri æskilegt, ef hjá því mætti komast án þess að valda truflun á framkvæmd mála að stofna fleiri ríkisstofnanir, eða eftirlitsstofnanir, eins og hér er gert ráð fyrir, en í þessu tilfelli mun það þó vera talið heppilegra, og Ed. gerði þá breyt. á 2. gr. frv., þar sem er aðeins gert ráð fyrir Brunamálastofnun, að þar hefur verið samþ. að breyta þessari grein frv. þannig, að þessi stofnun skuli hafa 5 manna yfirstjórn, sem skipuð sé eftir þartilgreindum reglum, eða að ráðh. skipi án tilnefningar einn mann í stjórnina, sem þá verði jafnframt formaður, en að Samband ísl. sveitarfélaga tilnefni einn mann, Reykjavíkurborg einn mann og tveir verði tilnefndir eftir ábendingu frá Sambandi ísl. tryggingafélaga.

Ég ræddi þessi atriði við forstjóra Brunabótafélagsins, sem fram að þessu hefur mest haft með það brunavarnaeftirlit að gera, sem starfandi hefur verið og starfandi er enn, og hann lagði á það mjög ríka áherzlu, að þarna yrði um stjórn þessara mála að ræða á þann veg, sem nú er gert ráð fyrir í 2. gr. frv., eftir að það hefur hlotið afgreiðslu í Ed. Hann taldi, að það mundi verða ríkast til árangurs, ef svo væri skipað málum, að sá aðili hefði þarna framkvæmdarvald, þ. e. væntanlegur brunamálastjóri, ef hann hefði yfir sér stjórn, sem tilnefnd væri af þeim aðilum, sem þarna hafa mestra hagsmuna að gæta, en það eru þeir aðilar, sem tilgreindir eru í frv., Samband ísl. sveitarfélaga, Reykjavíkurborg og tryggingafélögin.

Helztu verkefni þessarar nýju stofnunar, sem fyrirhuguð er, koma fram í 3. gr. Eru þau tilgreind í 8 liðum, og hafði heilbr.- og félmn. þessarar d. lítið við þau að athuga nema síðari málsgr. c-liðar, sem hljóðar svo í frv.: „Óheimilt er að afgreiða slíka uppdrætti í byggingarnefndum eða hefja framkvæmdir, nema Brunamálastofnun hafi áður samþ. uppdrættina.“ Þarna er átt við það, sem talið er fram í b-lið, það er, að Brunavarnaeftirlit hafi með hendi eftirlit með meiri háttar atvinnufyrirtækjum, verksmiðjum, birgðastöðvum fyrir olíu og benzín, verkstæðum, skólum, samkomuhúsum, hótelum o. s. frv., eins og segir í gr. N. taldi ekki ástæðu til þess að skylda byggingaryfirvöld á hverjum stað og sveitarstjórnir til að senda þær umsóknir, sem þangað kynnu að berast um framkvæmdir, sem tilgreindar eru í b-lið. Það mundi vera nægjanlegt aðhald og eftirlit, ef c-liður stæði óbreyttur, en þar segir, að m. a. sé verkefni Brunamálastofnunar að yfirfara uppdrætti af nýbyggingum, viðbótum og meiri háttar breytingum á mannvirkjum töldum í b-lið. Með vísun til þess, að gert er ráð fyrir því í frv., að brunamálastjórn veiti eftirleiðis umsögn um þá slökkviliðsstjóra, sem ráðnir kunna að vera á hinum ýmsu stöðum, að þá verði reiknað með, að það náið samband verði milli þeirra aðila, sem með þessi mál fara í hinum ýmsu sveitarfélögum, og Brunamálastofnunar ríkisins, að l. ættu að þessu leyti að ná tilgangi sínum, þó þessi málsl. 3. gr. væri felldur niður, og hefur n. í áliti sínu gert till. um það. Skv. 27. gr. frv. er ráðgert, að tryggingafélögin standi undir meginhluta af kostnaði við framkvæmd þeirra l., sem hér liggja fyrir, þ. e. Brunamálastofnunarinnar væntanlegu, en þar segir í 27. gr. a-lið: „Öll tryggingafélög og aðrir, sem tryggingar annast, skulu greiða Brunamálastofnuninni 1.25% af brúttóiðgjaldatekjum vegna brunatrygginga á fasteignum og lausafé.“ Það er talið, að 1.25% af brúttóiðgjaldatekjum tryggingafélaganna á þessum liðum muni nema 2–2½ millj. kr. á ári miðað við tryggingaiðgjöld eins og þau eru nú, og ætti það að fara langt með að dekka eða mæta þeim kostnaði, sem af framkvæmd l. kann að verða. Þá er í 27. gr. þó einnig gert ráð fyrir, að Brunamálastofnunin láti semja gjaldskrá og fái hana staðfesta af rn. Í gjaldskrá þessari skal kveðið á um skoðunargjöld og önnur gjöld, er Brunamálastofnunin tekur fyrir veitta þjónustu. Það kemur fram í grg. frv., eins og segir á bls. 11 í athugasemdum með frv., að ekki er til þess ætlazt, að þarna verði um fast gjald af öllum brunatryggðum eignum að ræða, heldur að Brunamálastofnun taki samkv. gjaldskrá greiðslu fyrir þá þjónustu, sem hún kann að veita í hverju einstöku tilfelli. En orðrétt segir í grg., með leyfi forseta:

„Þótt væntanleg Brunamálastofnun verði að sjálfsögðu að veita meginhluta af þjónustu sinni endur-

gjaldslaust, þá mun hún einnig þurfa að taka að sér verkefni, sem eðlilegt er að taka greiðslu fyrir."

Hversu hár þessi tekjuliður kann að verða, er ekki gott að áætla á þessu stigi, en n. skilur það svo, og ég vil láta það koma alveg skýrt fram, að það sé ekki ætlazt til þess, að þarna komi fram nýr skattur á allar húseignir, heldur verði sú gjaldskrá, sem sett kann að verða, miðuð við það, að þar verði um að ræða greiðslur fyrir veitta sérstaka þjónustu af hendi Brunamálastofnunarinnar. Ég hygg, að allir séu sammála um, að mjög sé nauðsynlegt og aðkallandi að herða það eftirlit, sem með brunavörnum er hér á landi. Það hefur á undanförnum árum orðið óvenju mikið brunatjón hér á landi miðað við nágrannalönd okkar, og kemur fram í grg. frv., að þau brunatjón hafi numið á árunum 1962—1966 samtals 340 millj. kr. eða 68 millj. kr. að jafnaði á ári. Þetta er mjög há upphæð, og samkv. því, sem fram kemur í grg. frv., þá er hér um að ræða þrefalda upphæð miðað við það, sem gerist í nágrannalöndum okkar miðað við íbúatölu, en hér á landi nemur brunatjón 350 kr. á hvern íbúa að meðaltali. Það verður því að teljast, eins og ég sagði, mjög eðlilegt og beinlínis nauðsynlegt að herða eftirlit með þessum málum, koma þar á fastari skipan heldur en verið hefur, og vissulega miðar frv. í þá átt, þó að eins og ég sagði í upphafi, að það megi kannske eða geti verið á því skiptar skoðanir, hvort ástæða sé til af þessum orsökum að stofna til nýs embættis eða fela það öðrum aðila, sem talið er, að gæti annazt það, en það hefur verið lögð áherzla á það, eins og ég einnig tók fram, af þeim aðilum, sem þessi mál snerta mest, að sú skipan verði höfð á þessum málum, sem frv. nú gerir ráð fyrir, eins og það kemur frá hv. Ed. Heilbr.- og félmn. þessarar deildar hefur afgr. málið frá sér og er sammála um að leggja til, að það verði samþ. með þeirri breyt., sem fram kemur í nál., sem hér hefur verið lagt fram.

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. Lengi má bæta pinkli á gömlu Skjónu. Hér er á ferðinni frv. um nýja stofnun, mikla, sem á að heita Brunamálastofnun, og brunamálastjóri sérstakur á auðvitað að veita henni forstöðu, og síðan á hann að ráða starfsmenn stofnunarinnar í samráði við rn. o. s. frv., og svo fylgir auðvitað með skattur á almenning til þess að standa undir þessu öllu saman. Ég tel engan vafa leika á því, að það væri hægt að koma þessu betur fyrir með öðru móti, eftirliti með brunavörnum, t. d. með því að semja við Brunabótafélag Íslands um að annast þetta, sem það hefur reyndar gert að nokkru undanfarið, eða þá að fela stofnun, sem til er, sem heitir Öryggiseftirlit ríkisins, að annast þetta. Og mér skildist á hv. frsm. heilbr.- og félmn., að hann telji, að það hefði verið æskilegt að geta losnað við það að setja á fót þessa sérstöku stofnun. En hins vegar virtust rökin fyrir því, að n. leggur til, að það sé gert, vera þau aðallega, að hv. Ed. hefði talið rétt að samþykkja þetta. Nú er það alkunnugt, að Nd. tekur oft aðra afstöðu í málum heldur en hv. Ed. og Ed. hefur einnig stundum aðrar skoðanir á málunum heldur en Nd.

Það var ráðh. úr Alþfl., sem fylgdi þessu stjfrv. úr hlaði, þegar það var lagt hér fram. Vel getur verið, að einhver maður finnist enn í hans flokki, sem ekki hefur fengið stöðu hjá því opinbera, og kannske eru einhverjir fleiri þar, sem gjarnan vildu verða undirmenn við þetta nýja fyrirtæki. En hefði ekki verið möguleiki að útvega þeim mönnum atvinnu við eitthvað annað? Nú eru menn að fara til Svíþjóðar til að vinna þar í skipasmiðju. Líklega hefðu þeir ekki getað komizt þar að, því að trúlega eru þeir ekki smiðir, og sennilega fýsir þá heldur ekki að fara til Grænlands í byggingarvinnu, en þangað fara nú íslenzkir allmargir. En spurning er, hvort hæstv. ráðh. hefði ekki getað útvegað þessum mönnum eitthvað að gera utanlands á öðrum stöðum, því að þeir eru víða kunnugir, þekkja menn þar og eru oft í förum landa á milli.

Ég tel þetta vera óþarft mál, eykur aðeins kostnað og fyrirhöfn ýmsra. Það er t. d. ákveðið í þessu frv., að þeir, sem ætla að reisa nýbyggingar hvar sem er á landinu eða framkvæma meiri háttar breytingar á mannvirkjum, skuli senda Brunamálastofnuninni í Reykjavík uppdrætti og fá hennar samþykki til þess að gera þetta, og engri byggingarnefnd er heimilt að afgreiða slíka uppdrætti eða láta hefja framkvæmdir nema Brunamálastofnunin hafi áður samþykkt uppdrættina.

Ég varð reyndar ekkert furðu lostinn yfir því, þó að hæstv. ríkisstj. legði svona frv. fram. En hitt þykir mér merkilegra, að heil þn. skuli mæla með þessu.

Friðjón Þórðarson: Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð til áréttingar, einkum til þess að lýsa því yfir, að ég er algerlega á öndverðri skoðun við hv. síðasta ræðumann. Þetta mál er orðið mjög brýnt. Þessi mál eru komin í mikinn ólestur hjá okkur og langt á eftir tímanum. Eins og bent er á í grg., leiðir samanburður á brunatjónum á Íslandi og í nágrannalöndum okkar það í ljós, að meðaltjón á íbúa er hér tvöfalt til þrefalt hærra en þar. Og þar að auki er auðvelt að sýna fram á það, að einmitt þetta mikla og geigvænlega brunatjón, sem við höfum orðið vitni að hvað eftir annað nú upp á síðkastið, má einmitt rökstyðja með of litlu eftirliti í þessum efnum, og er ekki að undra, þar sem Brunavarnaeftirlitið hefur aðeins haft núna um langan tíma einum eftirlitsmanni á að skipa. Þetta er orðið svo alvarlegt mál, að ég hygg, að aðrar þjóðir, sem endurtryggja, séu farnar að líta okkur mjög óhýru auga út af þessum málum. Það hefur verið talað um, að hér væri verið að setja á fót nýtt bákn eða nýja stofnun, kostnaðarmikla, en á það má benda, að sá kostnaður, sem af þessu leiðir, á að greiðast af tryggingarfélögum, eins og kemur fram í frv. sjálfu, og hvar ætti hann frekar að koma niður heldur en á þeim aðilum, sem taka á móti iðgjöldum og eiga að hafa hönd í bagga með, að þessum málum sé vel skipað? Ég vil því lýsa því yfir, að ég tel mjög brýna nauðsyn á því, að þetta mál nái fram að ganga og það þegar á þessu þingi.

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. Ég minntist á það við 1. umr. málsins, að mér fyndist ástæða til að skoða, það gaumgæfilega, hvort ekki væri hægt að auka eftirlit með brunavörnum og brunamálum án þess að setja upp nýja stofnun.

Mér eru það mikil vonbrigði, að n. skuli hafa snúið sér að því að mæla með frv. í stað þess að fara inn á þá

braut að koma þessu eftirliti undir einhverja aðra stofnun, sem fyrir er, og þá helzt Öryggiseftirlit ríkisins.

Ég álít, að það þurfi að auka mikið starfrækslu í þessu efni, en það muni verða ódýrara og hagfelldara að setja þetta undir slíka stofnun, sem fyrir er, en að setja upp nýja stofnun. Stofnanir hlaða utan á sig mjög kostnaði, eins og menn hafa ríka reynslu af. Ekkert af því, sem fram hefur komið frá n., hvorki í nál. né framsögunni eða þeirri ræðu, sem flutt var hér áðan málinu til stuðnings, hefur sannfært mig um, að það þurfi endilega að setja upp nýja stofnun í þessu tilliti, þó að ég endurtaki það enn einu sinni, að það er þörf á meiri starfrækslu í þessu skyni. Sýnist mér, að það hefði mátt sameina þetta Öryggiseftirlitinu. Ég mun þess vegna greiða atkv. á móti frv.

Bragi Sigurjónsson: Herra forseti. Það voru aðeins örfá orð út af ræðu síðasta ræðumanns. Það er rétt, að það hefur komið fram, bæði í blöðum og málflutningi manna, töluverð gagnrýni á það, að það þurfi að setja hér upp nýja stofnun vegna brunaeftirlitsins og hvort ekki væri hugsanlegt að koma þessu undir Öryggiseftirlit ríkisins. Ég varð áheyrsla að því á stjórnarfundi Sambands ísl. sveitarfélaga, að þessi mál voru nokkuð rædd, og ég heyrði málflutning forstöðumanns Brunabótafélags Íslands um þetta atriði einnig, og þar kom mjög greinilega fram, að enda þótt hann viðurkenndi það sjónarmið, að æskilegt væri, að ýmiss konar öryggiseftirlit væri undir einni stofnun, þá taldi hann, að það væri svo brýnt að koma þessu brunaeftirliti upp sem allra fyrst, að hann lagði á það þunga áherzlu við ýmsa nm., sem fjölluðu um þetta mál, bæði í Ed. og Nd. og eins lýsti hann því yfir á þeim vettvangi, sem ég var að nefna áðan, að ekki væri tafið af hálfu þingsins að koma þessu brunaeftirliti á hið allra fyrsta. Og það mundi taka svo langan tíma að samræma eftirlitskerfið, ef það væri sett undir annan hatt en hér er lagt til, að e. t. v. gætu ýmis stórslys gerzt, sem annars yrðu ekki, og einmitt í því tilefni nefndi hann stórbruna, sem hér hafa orðið, bæði í Reykjavík og á Akureyri, fyrir tiltölulega skömmu, sem hann vildi draga í efa, að hefðu komið fyrir, ef jafnströngt eftirlit og hér er ætlazt til að verði með brunavörnum, hefði verið fyrir hendi.

Fyrst ég er kominn hér upp, er kannske rétt, að ég aðeins svari því, sem hv. þm. í Norðurl. v. var að gefa í skyn, að þetta frv. væri kannske komið fram vegna þess, að einhvern góðan Alþfl.-mann vantaði embætti. Það held ég, að sé ekki af þeim sökum, þm. megi treysta því, en kannske er rétt að rifja það upp fyrir honum, að það hafi setið ýmsar ríkisstj. hér áður en þessi ríkisstj. og ýmsir flokkar verið í ríkisstj. aðrir en Alþfl. og þá haft býsna mikla tilhneigingu til þess að velja sína menn í ýmis störf, sem nú eru kallaðir bitlingar, en þá hétu ekki því nafni.

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. Það var aðeins til að segja það út af því, sem hv. síðasti ræðumaður sagði, að ég kannast við þessa tegund af röksemdafærslu, sem beitt er af svokölluðum sérfræðingum í þessu efni til þess að koma þarna upp nýrri stofnun. Ég þekki áráttu manna í þá átt að búa þannig út af fyrir sig og heimta nýjar stofnanir. Ég er þessu mjög kunnugur, og það sannfærir mig ekki í þessu, sem hann hafði eftir þeim, sem þarna eiga hlut að máli. Ég er alveg sannfærður um, að það er hægt að samræma þetta Öryggiseftirlitinu þannig að vel fari og hafa í þessu öllu samt nægilegan kraft.

Við vitum, að það er algengast, að þeir, sem fjalla um ýmsa málaflokka, vilja vera algerlega út af fyrir sig, óháðir og horfa þá ekki í kostnaðinn í því sambandi. Þetta er ekkert óeðlilegt sjónarmið frá hálfu þeirra manna, sem fara með málin. Það er ákaflega ríkt í mannlegu eðli að vera ekki undir neinn gefinn, nema þá í mesta lagi ráðh. o. s. frv., að vera t. d. ekki deildarstjóri í annarri stofnun. Þetta er ekkert nema mannlegt, en það er einmitt þetta sjónarmið, sem hv. alþm. verða að mínu viti að meta rétt og standa gegn þessu, þar sem ástæða er til, því að annars er enginn endir á þessu, hvernig þetta þenst út.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 20:6 atkv.
2. gr. samþ. með 19:2 atkv.
Brtt. 555 samþ. með 23 shlj. atkv.
3. gr., svo breytt, samþ. með 22 shlj. atkv.
4. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
5.–18. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
19.–24. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
25.—26. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
27. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
28.—35. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 22:2 atkv.

Á 87. fundi í Nd., 2. maí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 604).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 19:2 atkv. og endursent Ed.

Á 84. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að frv. væri endursent frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 88. fundi í Ed., 8. maí, var frv. tekið til einnar umr.

Frsm. (Jón Þorsteinsson): Herra forseti. Frv. þetta var upphaflega flutt hér í Ed. og afgr. héðan til Nd. á miðjum vetri, en við meðferð málsins í Nd. var gerð ein breyting á frv., og þess vegna er það nú komið aftur hingað til Ed. Þessi breyting er við 3. gr. frv., þar sem rætt er um verksvið Brunamálastofnunarinnar og nánar tiltekið við c-lið þessarar 3. gr., en í þessum lið er það talið sem eitt af verkefnum Brunamálastofnunarinnar að yfirfara uppdrætti af nýbyggingum, viðbótum og meiri háttar breytingum á mannvirkjum, töldum í b-lið, til þess að ganga úr skugga um, að l. og reglugerðum um brunamál sé fullnægt. Enn fremur segir í þessum c-lið: „Óheimilt er að afgreiða slíka uppdrætti í byggingarnefndum eða hefja framkvæmdir, nema að Brunamálastofnunin hafi áður samþykkt uppdrættina.“ Það

er þetta niðurlag c-liðar um að óheimilt sé að afgreiða slíka uppdrætti í byggingarnefndum eða að hefja framkvæmdir, nema að Brunamálastofnun hafi áður samþykkt uppdrættina, sem fellt var niður úr frv. við meðferð þess í Nd., en það var að vel athuguðu máli talið vera alltof þungt í vöfum að þurfa að bíða eftir að hefja framkvæmdir, nema að endanlegt samþykki Brunamálastofnunarinnar lægi fyrir, það yrði hægt að tryggja það með öðrum hætti, og þess vegna breytti Nd. þessu og felldi þetta út úr frv. Heilbr.- og félmn. Ed. hafði þetta frv. til meðferðar á sínum tíma, og n. hefur athugað það nú á nýjan leik, eftir að það kom aftur frá Nd., og mælir n. með því, að þessi brtt. sé samþ. og frv. afgr. eins og það nú liggur fyrir.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 680).

49. Lækningaleyfi o. fl.

Á 56. fundi í Ed., 10. marz, var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 47 23. júní 1932, um lækningaleyfi o. fl. [169. mál] (stjfrv., A. 334).

Á 58. fundi í Ed., 13. marz, var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 59. fundi í Ed., 17. marz, var frv. aftur tekið til 1. umr.

Dómsmrh. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Frv. þetta til l. um breyt. á l. um lækningaleyfi er eins og fram kemur í aths. samið af landlækni eða embætti hans, og aðalefni þess er, eins og þar segir einnig, eða aðalefnið er í tvennu lagi: Annars vegar heimild til þess að veita erlendum ríkisborgurum tímabundið lækningaleyfi hér á landi, þegar nánari tiltekin skilyrði eru fyrir hendi, og í öðru lagi heimild til þess að skylda lækna til þess að halda skrá yfir ávísanir á ávana- og fíknilyf, ef landlæknir telur ástæðu til, og einnig heimild til að svipta lækni leyfi til þess að ávísa slíkum lyfjum.

Af þessari síðari brtt. leiðir, að í stað þess, sem áður var, ef lækni varð eitthvað á í störfum sínum, þá var ekki nema eitt ráð tiltækt, ef svo þótti mikið þurfa við, þ. e. a. s. svipta lækningaleyfi, en það mundu verða þrjú stig með þessu móti til aðgerða og þá í fyrsta lagi skráningarskylda á fíknilyfjum og læknir heldur réttindum sínum, en honum ber að gera ráðh. nákvæma grein fyrir ávísunum á ávana- og fíknilyf, og annað skilyrði svipting slíks leyfis til þess að ávísa á ávana- og fíknilyf, en önnur réttindi læknisins yrðu óskert.

Og svo yrði þriðja stigið og það síðasta eins og nú er, ef á yrðu slíkar misfellur, að svipta lækni algerlega lækningaleyfinu, og þá yrði það væntanlega sú ráðstöfun, sem síðast yrði gripið til.

Þetta frv. er eins og ég sagði samið af landlækni og í samráði við læknadeild Háskólans og einnig í samráði við Læknafélag Íslands, og er talið, að þessi breyting frá því, sem áður hefur verið, gæti að vissu leyti stefnt til góðra áhrifa, og yrði kannske hægt að koma í veg fyrir meiri misfellur með því að byrja þegar að grípa til smærri ráðstafana eða aðgerða heldur en þeirra að svipta lækni beinlínis læknaleyfinu. Þetta er aðalefni málsins, herra forseti, og leyfi ég mér að leggja til, að málinu verði að þessari umr. lokinni vísað til 2. umr. og hv. heilbr.- og félmn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 16 shlj. atkv.

Á 76. fundi í Ed., 21. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 334, n. 478).

Frsm. (Jón Þorsteinsson): Herra forseti. Aðalefni þessa frv., sem er frv. til l. um breyt. á l. um lækningaleyfi o. fl., er í því fólgið að heimila að veita erlendum ríkisborgurum tímabundið lækningaleyfi hér á landi, þegar tiltekin skilyrði eru fyrir hendi, en þau eru upp talin í 2. gr. frv., m. a. þau, að viðkomandi læknir hafi lokið prófi í læknisfræði frá viðurkenndum háskóla og hafi nægilega kunnáttu í töluðu og rituðu íslenzku máli að dómi landlæknis, enda sé um að ræða tiltekið læknisstarf, sem enginn íslenzkur læknir hefur fengizt til að gegna.

Í öðru lagi felast þær breytingar í frv., að heimilt er að skylda lækna til að halda skrá yfir ávísanir á ávana- og fíknilyf, ef landlæknir telur ástæðu til, og einnig heimild til að svipta lækni leyfi til að ávísa slíkum lyfjum. Þetta frv. er undirbúið á vegum landlæknisembættisins, og þetta frv. var, áður en það var fullsamið, einnig sent til umsagnar Læknafélagi Íslands, og stjórn þess hefur mælt með því, en gerði tiltekna brtt., sem tekin var upp í frv. áður en endanlega var frá því gengið og hefur sem sagt mælt með frv. í þeim búningi, sem það er nú.

Í þriðja lagi felst það reyndar í þessu frv., að það er breytt um heiti á þessum lögum, og þau skulu eftirleiðis heita „læknalög". Skrifstofa Alþingis hefur vakið athygli mína á því eftir að n. afgreiddi þetta mál, að það færi betur á því að bæta þarna við ákvæði um það, að þegar þessi lög hafa hlotið staðfestingu, skuli fella meginmál þeirra ásamt meginmáli l. nr. 8 frá 15. febr. 1964 inn í l. nr. 47 frá 23. júní 1932 og gefa þau út þannig breytt, og leiðir þetta fyrst og fremst af því, að hér er breytt um heiti á l., og geri ég ráð fyrir, að n. taki þetta atriði til meðferðar á milli 2. og 3. umr. En þetta mál var fyrir heilbr.- og félmn., og varð n. sammála um að mæla með því, að frv. yrði samþykkt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
2.—6. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 17 shlj. atkv.

Á 77. og 78. fundi í Ed., 22. og 25. apríl, var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 79. fundi í Ed., 28. apríl, var frv. enn tekið til 3. umr. (A. 334, 519).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Brtt. 519,1 samþ. með 16 shlj. atkv.

— 519,2 samþ. með 16 shlj. atkv.

Frv. svo breytt, samþ. með 17 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 83. fundi í Nd., 29. apríl, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 583).

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 25 shlj. atkv.

Dómsmrh. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Þetta frv. hefur hlotið afgreiðslu í Ed., en aðalbreytingin í því frá lögum um lækningaleyfi frá 1932 er sú að skapa fleiri stig til meðferðar á lækningaleyfum. Það er svo nú, að ef verulegar misfellur eiga sér stað í meðferð lækningaleyfa hjá viðkomandi læknum, sem þau hafa hlotið, þá kann að draga til þess, að viðkomandi verði sviptur lækningaleyfi, og er það mikil og áhrifarík aðgerð gagnvart viðkomandi aðila, en bæði með hliðsjón af reynslu, sem annars staðar hefur fengizt og einnig með hliðsjón af framkvæmd þessara l. hafa þeir sérfræðingar, sem hér um hafa fjallað og undirbúið þetta mál og borið undir forystu landlæknis, talið, að það gæti verið til góðs í sumum tilfellum, að hægt væri að viðhafa aðrar aðgerðir, beita fyrst minni ráðstöfunum, sem kynnu þá að leiða til þeirrar viðvörunar, sem leiða mundi til þess, að viðkomandi sæi sig um hönd og breytti framferði sínu þannig, að síðar þyrfti ekki að koma til þess, að hann yrði sviptur lækningaleyfi, og eru það þá aðallega 3 stig, sem nú er um að ræða. Ef landlæknir telur rökstudda ástæðu til að hafa eftirlit með ávísun lækna á tiltekin ávana- og fíknilyf, þá getur ráðh. eftir tillögu landlæknis lagt fyrir læknana að halda skrár yfir ávísanir og skrá þar með m. a. nafn, aldur og heimilisfang sjúklings, heiti, magn og útgáfudag ávísaðra lyfja og tilefni notkunar þeirra. Síðan mundi, ef það sýnir sig í framkvæmd, að hér hafi ekki verið nóg að gert, koma næsta skrefið, sem gæti fólgizt í því að svipta viðkomandi aðila heimild til þess að gefa yfir höfuð nokkrar ávísanir á ávana- og fíknilyf, nema þá í gegnum annan lækni eða á ábyrgð einhvers annars aðila, og ef svo enn reyndist, að hér væri ekki nóg að gert, þá fyrst kæmi þriðja skrefið, ef þess þætti þurfa, svipting sjálfs lækningaleyfisins og með þeim þá alvarlegu afleiðingum, sem það hefur.

Það er einnig sú smábreyt., sem kannske ekki skiptir máli, en hefur komið til umr., að rétt væri að hafa í l., að ráðh. geti veitt tímabundið lækningaleyfi mönnum, sem ekki eru íslenzkir ríkisborgarar, ef þeir fullnægja vissum skilyrðum, hafi lokið prófi í læknisfræði frá viðurkenndum háskóla og hafi nægilega kunnáttu í töluðu og rituðu íslenzku máli að dómi landlæknis, enda sé um að ræða tiltekið læknisstarf, sem enginn íslenzkur læknir hefur fengizt til að gegna, ef í vissum tilfellum kynni að geta verið hagkvæmt að veita slíkum aðila lækningaleyfi, og í vissum undantekningartilfellum hefur það nú verið hagnýtt, þrátt fyrir ákvæði l.

Ég vildi mega vænta þess, að hv. deild eða nefnd, sem fær þetta mál til meðferðar, sæi sér fært að ljúka skjótlega afgreiðslu þess, þannig að það geti hlotið endanlega afgreiðslu á þessu þingi. Að svo mæltu vil ég leyfa mér að leggja til, að málinu verði að þessari umr. lokinni vísað til 2. umr. og til hv. heilbr.- og félmn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 26 shlj. atkv.

Á 89. fundi í Nd., 6. maí, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 90. fundi í Ed., 8. maí, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 583, n. 644).

Frsm. (Friðjón Þórðarson): Herra forseti. Heilbr.- og félmn. þessarar hv. d. hefur fjallað um frv. þetta um breytingu á l. nr. 47 23. júní 1932, um lækningaleyfi o. fl.

Frv. þetta er samið á vegum landlæknis. Það hefur verið sent til umsagnar Læknafélags Íslands. Því var lítið eitt breytt í Ed., aðallega hvað formið snertir, síðan samþ. þar samhlj. Heilbr.- og félmn. leggur til, að frv. verði samþ.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.

2.—3. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.

4.—5. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 21 shlj. atkv.

Á 91. fundi í Nd., 9. maí, var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 26 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 703).

---

50. Háskóli Íslands (stjfrv. um prófessorsembætti í ættfræði).

Á 21. fundi í Sþ., 13. des., var útbýtt frá Nd.:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 60/1957, um Háskóla Íslands [117. mál] (stjfrv., A. 167).

Á 29. fundi í Nd., 14. des., var frv. tekið til 1. umr.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Svo

sem hv. alþm. er án efa kunnugt, hefur í rúman áratug verið í gildi löggjöf, sem mælir svo fyrir, að skrá skuli æviágrip þeirra Íslendinga, sem látast, og hún varðveitt í Þjóðskjalasafni. Sá, sem haft hefur þetta starf með höndum, hefur verið nefndur æviskrárritari og hefur starfað í Þjóðskjalasafni. Þetta embætti varð laust á s. l. vetri, og þótti þá tímabært að taka þessa starfsemi, sem hefur verið gagnleg og merkileg að mörgu leyti, taka skipulag hennar til endurskoðunar. Sérstakt tilefni til þess varð það, að Háskólinn kom fyrir nokkrum árum á stofn svokallaðri erfðafræðideild til rannsóknar á vissum atriðum í sambandi við erfðir og efndi í því sambandi til nokkuð hliðstæðrar skráningar á æviatriðum Íslendinga og fór fram á vegum æviskrárritara. Þess vegna var efnt til viðræðna milli menntmrn. og Háskóla Íslands um möguleika á því að samræma þessi störf, þar eð í ljós kom, að um tvíverknað var að ræða að verulegu leyti. Leiddu þessar viðræður til þess, að samkomulag varð milli rn. og Háskólans um það að taka upp nýja skipun í þessum efnum, m. ö. o. að stofna prófessorsembætti við Háskólann til þess að annast þessa starfsemi, en leggja þá um leið æviskrárritaraembættið niður. Þegar farið var að svipast um eftir manni til þess að gegna slíku prófessorsembætti við Háskólann, þ. e. a. s. embætti, sem væri í ættfræði og mannfræði, þá þótti einsýnt að fá til þessara starfa þann Íslending, sem bezt er að sér allra Íslendinga og þótt miklu víðar væri leitað í ættfræði og þeirri mannfræði, sem ættfræðinni er skyld, en það er Einar Bjarnason núverandi ríkisendurskoðandi. Reyndist hann fús til þess að taka slíkt starf að sér. Þess vegna er þetta frv. flutt, en það gerir ráð fyrir því, að stofnað skuli við Háskóla Íslands prófessorsembætti í ættfræði og sé það tengt nafni Einars Bjarnasonar ríkisendurskoðanda, en hann skuli taka við störfum æviskrárritara samkv. gildandi löggjöf frá 1956, eftir því sem nánar sé fyrir mælt af menntmrn. að fenginni umsögn háskólaráðs. Kostnaðarauki af stofnun þessa embættis mundi ekki verða annar en sem til þess svarar, að laun prófessors eru hærri heldur en laun æviskrárritara. Hér er því í raun og veru ekki um stofnun nýs embættis að ræða, heldur það eitt, að embætti æviskrárritara er breytt í prófessorsembætti, og ætti það að vera trygging fyrir því, að sú merka starfsemi, sem fram hefur farið í Þjóðskjalasafni og á vegum Háskólans, verði betur og skipulegar af hendi leyst hér eftir en hingað til, ef þetta frv. nær fram að ganga.

Að svo mæltu vildi ég leyfa mér, herra forseti, að leggja til, að málinu verði að þessari umr. lokinni vísað til 2. umr. og hv. menntmn.

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. Það má segja um hæstv. menntmrh., að sjaldan bregður hann vana sínum. Það hefur verið venja hans á mörgum undanförnum þingum að koma til Alþ. með frv. um fjölgun starfsmanna við Háskólann á síðustu dögum þingsins fyrir jólafrí, og hann hefur lagt á það áherzlu, að þessi mál væru afgreidd viðstöðulaust og athugunarlaust, og þingmeirihluti hefur gert þetta fyrir hann. Mér finnst nóg komið af svo góðu. Þetta eru alveg ósæmileg vinnubrögð. Það er auðséð á þessu frv., að hæstv. ráðh. ætlast til, að þetta sé afgreitt nú þegar, því að þetta á að koma til framkvæmda um næstu áramót. Engin nauður rak hann til að bíða með þetta mál þangað til núna örfáum dögum fyrir jól. Hann gat vel lagt þetta fram snemma á þessu þingi eða í upphafi þess, svo að það gæti fengið þinglega meðferð.

Ég ætla ekki nú að ræða um efni þessa frv., aðeins um meðferðina á þessu máli hjá hæstv. ráðh. Það er hún, sem ég tel, að sé fordæmanleg. Ég er reyndar ekki svo mikið undrandi yfir því, þó að hæstv. menntmrh. hegði sér svona, því að maður er ýmsu vanur frá hans hendi. En ég er meira hissa á því, að hæstv. forsrh. skuli láta svona vinnubrögð viðgangast í þeirri ríkisstj., sem hann veitir forstöðu, því að ég efast ekki um, að honum sé ljóst, að þetta eru alveg ósæmileg vinnubrögð.

Ég teldi það nú réttustu meðferð þingsins á þessu máli, eins og það er í pottinn búið, að fleygja þessu nú þegar aftur í þennan óðamála mann, sem gengur undir nafninu hæstv. menntmrh. Það væri dálítil tilraun af þingsins hálfu til þess að kenna honum örlítið í mannasiðum.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Ég ætla ekki að eyða tíma þingsins fyrir hádegi á laugardegi í það að kappræða við hv. þm. um mannasiði, en aðeins taka það fram, að á því eru skýringar, að þetta frv. er ekki borið fram fyrr en núna. Það hafa farið fram víðtækar umr. við Háskólann og innan Háskólans um það, hvernig heppilegast væri að skipuleggja þetta starf, sem nú er meiningin, að Háskólinn taki að sér, en æviskrárritari hefur hingað til haft með höndum. Það hefur farið fram víðtæk vísindastarfsemi á vegum Háskólans á hliðstæðu sviði og því, sem æviskrárritari hefur haft með höndum. Það, sem hér er um að ræða, er að endurskipuleggja flókna vísindastarfsemi, og það hefur kostað miklar umr. innan Háskólans og við menntmrn. og við Þjóðskjalasafnið. Það er þetta, sem hefur tekið tíma. Ég skal fúslega játa, að það hefur tekið lengri tíma en ég upphaflega gerði ráð fyrir og ég hefði kosið. Hins vegar leyfði ég mér að flytja þetta frv. eingöngu vegna þess, að ég gerði ráð fyrir, að um það mundi ekki verða efniságreiningur hér á hinu háa Alþ. Ef um það er efniságreiningur, þá óska ég alls ekki eftir því, að málið verði afgreitt fyrir þinghlé og skal fúslega fallast á það, að 2. gr. frv., sem er um það, að það taki gildi 1. janúar, falli niður og að frv., hin nýja skipan, taki gildi, þegar Alþ. hefur afgr. frv.

Sem sagt, ég flutti það í góðri trú um það og þóttist hafa ástæðu til þess að ætla það, ég hafði rætt málið við formenn stjórnarandstöðuflokkanna í haust og var í góðri trú um það, að um þessa nýskipan væri enginn efniságreiningur milli flokka á Alþ. Komi það í ljós, að svo sé, þá skal ég fúslega fallast á breytingu á frv. í þá átt og á það, að frv. geti fengið alveg venjulega meðferð hér á hinu háa Alþ. Ég hef ekki ætlað að þröngva neinni niðurstöðu, neinum úrslitum, upp á nokkurn aðila, hvorki þingflokk né þm., í þessu máli. Mín vegna má málið gjarnan bíða þangað til þing kemur saman aftur eftir nýár.

Halldór E. Sigurðsson: Herra forseti. Ég skal ekki fara að lengja hér umr., en það er tvennt, sem mig langar að spyrja um. Ber að skilja þetta frv. þannig, ef

að lögum verður, að þegar að því kemur, að Einar Bjarnason ríkisendurskoðandi fellur frá, verði embættið lagt niður? Ég skil það svo í lagagreininni, að það sé eingöngu bundið við hans nafn og væri þá þar með úr sögunni við það, að hann félli frá fyrir aldurs sakir eða á annan hátt. Í öðru lagi: Er þetta það embætti, sem Háskóli Íslands sækir helzt eftir, að nú verði bætt við í hans verkefnaskrá?

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Það er rétt skilið hjá hv. þm., að ákvæði þessa frv. þýða það, að þegar Einar Bjarnason fellur frá, yrði embættið lagt niður, nema því aðeins að önnur skipan yrði gerð. M. ö. o. Alþ. mundi þá taka ákvörðun um það, hvort áfram skyldi vera prófessorsembætti í ættfræði við Háskóla Íslands. Ástæða þess, að þessi skipan var á höfð, er sú, að Háskólinn taldi, að það mundi vera óvíst, þegar Einar Bjarnason félli frá, að völ mundi vera á manni sérfróðum í ættfræði, sem eðlilegt væri, að hefði prófessorsembætti með höndum. Það er kunnara en frá þurfi að segja, að ættfræði er ekki akademisk fræðigrein, þannig að engin trygging er fyrir því, að eftir tiltekinn árafjölda sé völ á manni á Íslandi, sem Háskólinn mundi óska eftir, að gegndi prófessorsembætti í ættfræði við stofnunina, þannig að vel gæti þá komið til greina, að núverandi skipan yrði aftur tekin upp, þ. e. a. s. að sérstökum manni yrði falin æviskrárritastarfsemi og hann starfaði þá á Þjóðskjalasafni, eins og fyrrverandi æviskrárritari gerði. Þetta er atriði, sem Alþ. mundi taka ákvörðun um á sínum tíma. En ákvæði frv. um þetta efni er einmitt haft svona í samráði við Háskólann annars vegar og Einar Bjarnason ríkisendurskoðanda hins vegar. Með þessu móti vona ég, að fyrri fsp. sé að fullu svarað.

Um hina fsp., hvort þetta sé það embætti, sem Háskólinn leggur áherzlu á að fá fyrst og fremst, er þetta að segja. Frumkvæði í þessu efni er ekki komið frá Háskólanum. Hugmyndin um að leysa málið upp á þennan máta er frá mér eða frá ríkisstj. komin. Hún hefur hins vegar verið rædd rækilega við Háskólann, svo rækilega, að það hefur valdið því, að málið kemur ekki á dagskrá hér fyrr heldur en raun ber vitni. En þetta frv. er flutt í fullu samráði við háskólaráð og hefur fullt samþykki þess. Enda má segja, að ekkert sé frá Háskólanum tekið, þó að hann fái nýjan prófessor í ættfræði, og eins og ég sagði áðan, er hér heldur ekki um nema mjög óverulegan kostnaðarauka að ræða, það er ekki um nýtt embætti að ræða, heldur flutning á embætti úr Þjóðskjalasafni yfir í Háskóla í þann tíma, sem Einars Bjarnasonar getur notið við, og ég endurtek, að ég tel tvímælalaust hér vera um vinnuhagræðingu að ræða, auk þess sem um það er að ræða að losa starfskrafta manns, sem hefur einstæða þekkingu á málum, sem ég ætla, að öllum Íslendingum séu sérstaklega hjartfólgin, úr starfi, sem er mjög fjarskylt hans megináhugamáli, í starf, þar sem óvenjuleg þekking hans og atorka mundi njóta sín fyllilega.

Sigurvin Einarsson: Herra forseti. Ég á sæti í menntmn. þessarar hv. d., og það er búið nú þegar að boða fund í n. á mánudagsmorgun. Ég geri ráð fyrir, að það sé um þetta mál m. a. Hæstv. menntmrh. tjáði okkur áðan, að hann leggi ekki áherzlu á, að málið gangi fram fyrir jól, ef einhver ágreiningur sé um það. Ég vil láta hann vita strax mína afstöðu, hvað meðferð málsins snertir. Ég tala ekkert um efni málsins, ég hef ekkert athugað það. Ég vil láta hann vita það, að ég mun á nefndarfundinum óska þess, að málið sé ekki hespað af fyrir jól. Hins vegar segi ég ekkert um efni frv. Þetta vil ég, að komi hæstv. ráðh. ekkert á óvart.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til menntmn. með 33 shlj. atkv.

Á 76. fundi í Nd., 14. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 167, n. 395 og 401).

Frsm. meiri hl. (Benedikt Gröndal): Herra forseti. Ættfræði er alþjóðlega viðurkennd fræði- og vísindagrein, sem þekkt er af prentuðum heimildum allt frá Forn-Grikkjum og allt til þessa dags og er án efa mun eldri. Hún er réttlætanleg, þó ekki væri af öðrum ástæðum heldur en þeim áhuga, sem menn yfirleitt hafa á að fræðast um forfeður sína, en auk þess hefur þessi fræðigrein mikið fræðilegt gildi fyrir ýmsar aðrar fræðigreinar, svo sem fyrir sagnfræði, fyrir trúarbrögð, fyrir lögfræði og margar greinar læknisfræði. Þessi grein er stunduð víða um heim, í flestum löndum vil ég segja, og eru til mýmargar stofnanir, sem um hana fjalla, og jafnvel prófessorsembætti. Þá er gefinn út mikill fjöldi af ritum, bæði tímaritum og bókum, og mætti nefna mörg dæmi þess, hve mikið er lagt í sölurnar til þess að stunda greinina.

Hér á landi hefur verið til um skeið starf æviskrárritara, og var það starf laust á s. l. vetri. Í sambandi við það mál upphófust viðræður milli menntmrn. og Háskóla Íslands um þann möguleika, að æviskrárritarastarfið yrði flutt inn í Háskólann og gert þar að prófessorsembætti. Var málið rætt í háskólaráði 4. apríl og 27. ágúst s. l. Upp úr þessum viðræðum spratt frv. það, sem hér er til meðferðar, en samkv. því á að stofna við Háskóla Íslands prófessorsembætti í ættfræði, sem tengt verði við nafn Einars Bjarnasonar ríkisendurskoðanda. Menntmn. fékk þetta frv. til athugunar, og þrátt fyrir það að áður hafði verið ráðgazt við háskólaráð um málið, sendi n. frv. þangað til umsagnar. Háskólaráð sendi frv. áfram til heimspekideildar Háskólans og óskaði álits hennar. Eftir alllangar umr. varð niðurstaðan sú, að heimspekideild snerist á móti frv. og færði fram fyrir því ýmsar ástæður, sem lesa má á nál. meiri hl. menntmn. Háskólaráð tók málið til nýrrar yfirvegunar, er það hafði heyrt álit heimspekideildar, og hélt við sína fyrri skoðun, að það væri æskilegt að breyta starfi æviskrárritara í prófessorsembætti. Þó óskaði háskólaráð eftir þeirri breytingu á l., að embættið skylti tengt við lagadeild og að taka skyldi fram, að um það gildi l. um aldurshámark starfsmanna ríkisins, eins og um önnur embætti við Háskólann.

Meiri hl. menntmn. hefur tekið þá afstöðu að fara að óskum háskólaráðs og leggur því til, eins og fram kemur á þskj. 401, að frv. verði samþ. með þeirri breytingu, sem ég gat um og háskólaráð óskaði eftir.

Frsm. minni hl. (Magnús Kjartansson): Herra forseti. Þetta frv. er að minni hyggju dæmi um það, hvernig hægt er að eyðileggja góðar hugmyndir með því að halda óhönduglega á þeim. Upptök málsins eru þau, að fyrir nokkru vitraðist mönnum sú skemmtilega staðreynd, að hinn óvenjulegi ættfræðiáhugi Íslendinga gæti haft vísindalegt gildi í sambandi við erfðafræðirannsóknir og rannsóknir á arfgengum sjúkdómum. Vegna þess að Íslendingar hafa verið næsta einangrað þjóðfélag lengi vel og vegna þess að hér er vitað meira en í öðrum þjóðfélögum um það, hvernig ættir hafa rakizt, þá er þetta íslenzka þjóðfélag tilvalinn tilraunastaður fyrir rannsóknir á erfðafræði. Af þessum ástæðum var stofnuð sérstök erfðafræðinefnd við Háskóla Íslands til þess að skipuleggja þessi tengsl á milli hinnar íslenzku ættfræði og erfðafræðivísinda nútímans. Þessi erfðafræðinefnd fékk hins vegar engin fjárráð hjá íslenzkum stjórnvöldum. Hún hefur orðið að afla sér fjármuna erlendis frá, og ég hygg, að hún hafi aðallega fengið fé frá Kjarnorkumálastofnun Bandaríkjanna, sem hefur mikinn áhuga á erfðafræðirannsóknum. Hins vegar hefur mönnum að vonum þótt þetta heldur leiðinlegt ástand, að nefndin sinnti svona mikilvægum störfum, án þess að Íslendingar legðu nokkra fjármuni til þess, og því kom upp sú hugmynd að breyta embætti æviskrárritara, þegar það losnaði á síðasta ári, og tengja það við erfðafræðinefnd Háskólans; íslenzk stjórnarvöld héldu þannig uppi einum starfsmanni, sem hefði þetta sérstaka verkefni, að tengja saman ættfræðivitneskju Íslendinga og erfðafræðirannsóknir og rannsóknir á arfgengum sjúkdómum.

Þetta var mjög skemmtileg hugmynd, en í meðförunum urðu á vegi alls konar undarlegar torfærur. Þegar til átti að taka, vildi erfðafræðinefnd Háskólans, að stofnuð yrði sérstök háskólastofnun, erfða- og ættfræðistofnun Háskóla Íslands, að í þeirri stofnun yrði erfðafræðin lögð til grundvallar og að yfirmaður stofnunarinnar ætti að vera vísindalega menntaður erfðafræðingur, en stofnunin sjálf yrði tengd læknadeild Háskólans. Vafalaust hefur þetta verið stærra áform en svo, að hæstv. ríkisstj. vildi á það fallast, en henni tókst ekki að ná samkomulagi um aðra skipan þessara mála, og því þróast málið svo, að fyrir Alþ. er lagt í vetur frv. til l. um þá nýskipan, að í heimspekideild Háskóla Íslands skuli stofnað sérstakt prófessorsembætti í ættfræði, og þar með er málið að sjálfsögðu komið á allt annað stig en til var ætlazt í upphafi.

Með frv., eins og það var lagt hér fram, þá er verið að gera gömlu íslenzku greinina ættfræði að háskólagrein, og í frv., eins og það liggur fyrir, eru ekki nein ákvæði um það, að þessi prófessor í ættfræði eigi að starfa í nokkrum tengslum við erfðafræðinefnd Háskólans. Að vísu mun ráð fyrir því gert, að svo verði, en það er ekki frá því gengið í þessu frv., og mér hefur skilizt, að í a. m. k. sumum stofnunum Háskólans séu uppi þvílík sambúðarvandamál, að það er ekki hægt að reikna með því sem sjálfsögðum hlut, að slík samvinna takist, ef ekki er gengið frá því í lögum. Þess vegna fannst mér þetta frv., þegar það var lagt fram, um stofnun prófessorsembættis í ættfræði við heimspekideild vera ákaflega undarlegt, enda kom það í ljós, þegar menntmn. sendi frv. til umsagnar, að þá lýsir heimspekideild Háskólans einróma yfir því, að hún sé algerlega andvíg þessu frv., og hún mælir eindregið gegn því, að það nái fram að ganga, og hliðstæð yfirlýsing var einnig send n. frá sagnfræðikennurum Háskólans. Þessi erindi bæði eru prentuð með nál. meiri hl. menntmn. Enn fremur barst alþm. erindi frá stúdentaráði Háskóla Íslands, þar sem einnig er mælt eindregið gegn því, að frv. nái fram að ganga í núverandi mynd.

Þessi andstaða heimspekideildar hefur orðið til þess, að meiri hl. menntmn. leggur nú til, að þetta prófessorsembætti í ættfræði verði sett á stofn við lagadeild Háskólans, og nú fara hlutirnir fyrst að verða einkennilegir. Þetta er rökstutt með því, að sá maður, sem nefndur er í sambandi við þetta embætti, Einar Bjarnason, er lögfræðingur að menntun, en ég fæ ekki séð, að það komi málinu nokkurn skapaðan hlut við, eða ber þetta svo að skilja, að ef hann hefði verið verkfræðingur — það eru til ágætir ættfræðingar í hópi verkfræðinga — hefði verið stofnað ættfræðiprófessorsembætti við verkfræðideild Háskólans, eða hefði það verið gert við guðfræðideildina, ef hann hefði verið guðfræðingur? Þessi skipan sýnir, að þetta mál er komið í algert óefni, er orðið vandræðamál, orðið skoplegt mál og engum til ánægju, hvorki Alþ. né hæstv. ríkisstj. og sízt af öllu þeim ágæta manni, sem talað er um, að sé verið að heiðra með þessum tillöguflutningi.

Þetta umtal um að stofna prófessorsembætti hefur að sjálfsögðu leitt til þess, að háskólaaðilar hafa bent á fjölmörg önnur atriði, sem séu miklu brýnni en að stofna slíkt prófessorsembætti. Þeir benda á mörg embætti önnur, sem ættu að verða á undan. En mér virðist ástandið í Háskóla Íslands vera þannig, að það muni varla vera bætandi á embætti í þeirri stofnun, því að þeir starfsmenn, sem þegar eru þar, hafa ákaflega takmarkaða aðstöðu til nokkurra starfa, og sumir þeirra hafa ekki einu sinni stól til að sitja á í stofnuninni.

Mér finnst, að hæstv. ríkisstj. ætti að íhuga þetta mál betur, áður en hún reynir að hrinda því hér í gegnum Alþ. Ég held hún ætti að taka málið upp á þeim grundvelli, sem það var hugsað á í upphafi. Ég segi fyrir mig, að ég mundi vera hlynntur því, að embætti æviskrárritara yrði tengt við erfðafræðinefnd Háskólans, og ég hefði sízt af öllu nokkuð á móti því, að sá embættismaður, sem til þess starfa færi, fengi launahækkun, þannig að hann fengi sams konar laun og prófessorar og starfsaðstöðu eins og prófessorar, en að það yrði frá því gengið, að hann hefði þetta verkefni, að starfa með erfðafræðinefnd Háskólans. Ef menn vilja binda þetta starf við nafn Einars Bjarnasonar, þá hef ég ekki heldur neitt á móti því, enda þótt ég telji það óþarft með öllu, vegna þess að verðleikar hans eru slíkir, að ég efast ekkert um, að hann hefði fengið það starf, ef hann hefði sótt um það. En ég held, að við getum ekki leyst þetta mál á neinn annan hátt en þennan, því að það, sem lagt er hér til af meiri hl. menntmn., væntanlega með samráði við hæstv. ríkisstj., er hreinn óskapnaður, sem Alþ. má ekki gera sig sekt um.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Ég leyfi mér að þakka hv. meiri hl. menntmn. fyrir jákvæða afstöðu til þessa frv. og meðmæli meiri hl. með

því, að það nái fram að ganga í því formi, sem meiri hl. hefur lagt til að breyta því í samkv. eindreginni ósk háskólaráðs.

Ég vil einnig þakka frsm. minni hl. fyrir jákvæðar undirtektir undir efni málsins, þ. e. þá hugmynd, sem lá að baki frv., eins og það upphaflega var flutt, og ég tel, að enn muni leiða til góðs, ef frv. nær fram að ganga, þótt í því formi sé, sem málinu hefur nú verið breytt í samkvæmt eindregnum tilmælum háskólaráðs.

Ég er frsm. minni hl. sammála um það, að málið hefur ekki tekið að öllu leyti æskilega stefnu, þó að ég geti ekki tekið undir öll einstök ummæli hans í framsögu hans áðan, eins og ég mun víkja nánar að hér á eftir. En ég vil leggja á það sérstaka áherzlu, að þótt frsm. minni hl. leggi til, að frv. verði felllt, eða kannske öllu heldur að það fái ekki afgreiðslu í því formi, sem hér er um að ræða, þá vil ég undirstrika, að hann taldi, að það mundi geta orðið til mikilla bóta, að æviskrárritarastarfinu, sem ákvæði eru um í gildandi l., yrði breytt í starf við Háskólann, þ. e. starf með prófessorslaunum. Ég tók ekki eftir því, hvort hann beinlínis tók fram, að hann styddi, að starfið yrði gert að prófessorsstarfi, ef maðurinn starfaði í samvinnu við erfðafræðinefnd Háskólans. Ég vil líka undirstrika, að frsm. minni hl. taldi Einar Bjarnason lögfræðing og núverandi ríkisendurskoðanda, sem tvímælalaust er einn merkastiættfræðingur,semnú er uppi á Norðurlöndum og þó víðar væri leitað, vel til þess fallinn að gegna slíku starfi. Sannleikurinn er sá, að það var nákvæmlega þetta, sem upphaflega vakti fyrir mér. Það var nákvæmlega þessi hugmynd, sem ég vildi fá framgengt og tók upp viðræður við Háskólann um. Ég taldi sem sagt vera óeðlilegt, að á tveimur stöðum væri unnið að hliðstæðum verkefnum og þó með nokkuð sitt hvorum hætti, þ. e. annars vegar í Þjóðskjalasafni af hálfu ættfræðings og hins vegar í nefnd innan Háskólans, eins konar einkanefnd, sem komið hafði verið upp fyrir frumkvæði prófessors í læknadeild, prófessors Níelsar Dungals, til þess að hafa með höndum rannsóknir á læknisfræðilegri mannerfðafræði með styrk frá bandarískum stjórnvöldum eða nánar tiltekið frá Kjarnorkurannsóknastofnun Bandaríkjanna. Það er rétt að taka fram, að þegar þessari nefnd var komið á fót fyrir forgöngu þessa hugmyndaríka og dugmikla manns, prófessors Níelsar Dungals var ekkert samráð haft um það við íslenzk stjórnvöld. Þessi nefnd var, ef svo mætti segja, einkafyrirtæki prófessora í læknadeildinni og þær fjárveitingar, sem henni voru veittar frá Kjarnorkurannsóknastofnun Bandaríkjanna, fóru að engu leyti um hendur neinna opinberra aðila. Menntmrn. hafði enga hugmynd um það, þegar þessar fjárveitingar voru ákveðnar, og fylgdist aldrei að einu né neinu leyti með því, hvernig því fé væri ráðstafað, enda aldrei óskað eftir neinum afskiptum af starfi nefndarinnar né heldur stuðningi við nefndina af hálfu íslenzkra yfirvalda.

Það var ekki fyrr en á árinu 1968, snemma árs 1968, að þáverandi formaður erfðafræðinefndarinnar og starfsmaður hennar komu að máli við mig í fyrsta skipti síðan nefndinni var komið á fót varðandi fjármál nefndarinnar, gagngert til þess að skýra mér frá því, að nú óttaðist nefndin, að þeir bandarísku aðilar, sem hingað til hefðu styrkt nefndina, væru að draga saman seglin, og virtist svo, að það væri skilyrði fyrir áframhaldandi stuðningi við starfsemi nefndarinnar, að hún yrði formleg háskólastofnun. Þegar ég ræddi við þá, með hvaða hætti það gæti gerzt, sögðu þeir, að um tvennt væri að ræða, annars vegar að breyta reglugerð Háskólans þannig, að komið yrði á fót háskólastofnun í mannerfðafræði og ættfræði, ef þess væri óskað, eða þá að komið yrði á fót prófessorsembættum í mannerfðafræði og ættfræði sem fyrsta vísi að formlegri háskólastofnun. Þá væri von til þess, að fjárstyrkur héldi áfram frá þessum aðilum, sem hingað til hefðu styrkt nefndina myndarlega.

Það var í framhaldi af þessu, sem mér datt í hug að styðja erfðafræðinefnd Háskólans með þessum hætti. Óveitt var embætti æviskrárritara. Það embætti hafði verið auglýst, og umsóknarfresti var lokið, en embættið var óveitt. Mér datt þá í hug — ég ber einn ábyrgð á þeirri hugmynd — hvort ekki væri unnt að slá tvær flugur í einu höggi, annars vegar að koma upp vísi að háskólastofnun í þessum fræðum, mannfræði og ættfræði, við Háskólann með stofnun prófessorsembættis og hins vegar að koma í veg fyrir þann óeðlilega tvíverknað, sem sýna mátti fram á, að átt hefði sér stað með störfum æviskrárritara annars vegar og erfðafræðinefndar Háskólans hins vegar. Þessari hugmynd var þegar í stað tekið mjög vel af meðlimum erfðafræðinefndarinnar. Ég ræddi hana við háskólarektor. Það er sá aðili við Háskólann, sem menntmrn. ber að snúa sér til og snýr sér að sjálfsögðu til. Þegar heimspekideild kvartar undan því, að ekki hafi verið haft samráð við hana, þá er það gagnrýni á háskólarektor og háskólaráð, en ekki gagnrýni á menntmrn. Þessari hugmynd var vel tekið af forvígismönnum erfðafræðinefndarinnar og yfirmönnum Háskólans. Ég og ríkisstj. vorum því í góðri trú um stuðning að hálfu Háskólans yfirleitt, þegar útbúið var frv.um þetta efni. Það kom að vísu í ljós nokkru síðar, nokkrum vikum eða nokkrum mánuðum síðar, að erfðafræðinefndin hefði heldur kosið, að það yrði erfðafræðingur, sem til þessa starfs veldist, og embættið yrði í læknadeildinni, þriðja hugmyndin, sem sett hefur verið fram um þetta allt saman. En vegna þess að við eigum völ á manni í ættfræði, sem hefur einstaka hæfileika og einstaka þekkingu á þeirri grein, og til var í embættiskerfi ríkisins embætti á ættfræðisviði, taldi ég einsýnt, og um það var háskólarektor mér algerlega sammála, að líklegasta leiðin til að hrinda þessum málum í heild áleiðis væri sú að breyta æviskrárritaraembættinu í prófessorsembætti í ættfræði við Háskólann. Þá fannst mér persónulega, og ríkisstj. var öll á einu máli um, að það væri langeðlilegast, að embættið væri í heimspekideildinni, enda skyldast þeim greinum, sem þar er um að ræða, eins og ég mun koma að nánar síðar. Ég gat þá ekki látið mér detta í hug, að þessi hugmynd, sem að sjálfsögðu var ætlað að efla Háskólann og vera fyrsta sporið í átt að meiri aðgerðum á þessu sviði, mundi mæta andstöðu, – ekki háskólaráðs, ég vissi, að stuðningur þess var tryggður, heldur að hún skyldi mæta andstöðu innan heimspekideildarinnar, eins og í ljós kom og hefur gert þetta mál allt saman að furðulegum kapítula í sögu heimspekideildarinnar, eins og ég mun víkja nánar að á eftir.

Þegar ég ræddi um það við Einar Bjarnason, hvort hann væri tilbúinn til að taka að sér slíkt embætti sem þetta, kom í ljós, að hann var fús til þess, og var ég honum þá – og er enn – þakklátur fyrir það. Hann taldi sig engu máli skipta, í hvaða deild embættið væri, lagði það algerlega á vald Alþ. samkv. till. ríkisstj. og Háskóla. En því tel ég hiklaust, að beri að fagna, að maður eins og Einar Bjarnason, sem er, eins og ég sagði, ekki aðeins þekktasti og einn merkasti ættfræðingur á Norðurlöndum og þótt víðar væri leitað, heldur einnig frábærlega starfsamur og starfhæfur maður, skuli geta notazt á réttu sviði. Ég tel það fagnaðarefni, að hann skuli hafa gefið kost á því að helga starf sitt, það sem eftir er af hans starfsævi, þessum fræðum fremur en því starfi, sem hann nú gegnir. Um það getur varla verið nokkur ágreiningur, að starfskröftum Einars Bjarnasonar verður betur varið við rannsóknarstörf og kennslustörf á sviði ættfræði en við að endurskoða ríkisreikninga eða hafa yfirumsjón með því.

Hugmyndin um að tengja embættið við nafn Einars Bjarnasonar er ekki mín, svo að allir hv. þm. viti nákvæmlega, hvar upphaf hvers einstaks þáttar í þessu máli er að finna. Þetta er hugmynd háskólarektors eða háskólaráðs. Þess eru dæmi í sögu Háskólans, að embætti hafa verið tengd ákveðnum mönnum. Fordæmi er fyrir því. Ég féllst á þau rök háskólarektors eða háskólaráðs í þessu máli, að ekki væri víst, að jafnótvíræður hæfileikamaður væri síðar til reiðu til þess að sækja um fast embætti í ættfræði við Háskólann og Einar Bjarnason er, og þess vegna væri rétt að láta það liggja undir mati á sínum tíma, þegar Einar Bjarnason næði 70 ára aldri, hvort rétt væri að skipa í embættið áfram. Það yrði auðvitað að vera háð því, hvort hæfur maður fyndist í starfið. En engan hef ég heyrt draga í efa, að Einar Bjarnason hafi menntun og hæfileika til að gegna prófessorsembætti í slíkri grein sem þessari við Háskólann, þennan háskóla og háskóla hvar sem er annars staðar í nálægum löndum.

Um afstöðu til þessa máls hefur heimspekideildin klofnað, eins og hún raunar klofnar um næstum öll mál, sem hún fær til meðferðar. Þykist ég vita, að hv. frsm. minni hl. hafi átt við þá alkunnu staðreynd, þegar hann lét þau orð falla, að ekki væri bætandi á sambúðarvandamál í vissum deildum Háskólans. Það er auðvitað þetta, sem hann átti við. Eru það orð að sönnu, sem hann mælti þar, og hefði gjarnan mátt vera sterkara eða litríkara frá þeirri staðreynd sagt en gert var í hans orðum. En meiri hl. heimspekideildarinnar, þ. e. málfræðingar, bókmenntafræðingur og uppeldisfræðingur, hafa snúizt algerlega gegn því, hafa beinlínis mótmælt því, að embættið yrði stofnað, og bera fram fyrir því nokkrar ástæður, sem ég skal fara örfáum orðum um. Þar segir m. a., að deildin harmi, að mál þetta skuli hafa verið borið fram, án þess að nokkurt samráð hafi verið haft við deildina. Ég vil vekja athygli á því aftur, eins og ég gerði áðan, að þessi ásökun á ekki við um menntmrn. eða ríkisstj. Hún á við um háskólaráð, því að upphaflega var frv. samið af háskólaráði, þ. e. formlega, þó að hugmyndin hafi verið mín. Þá segir þessi meiri hl., þessir 4 kennarar heimspekideildarinnar, og er það fyrsta atriðið í andmælum deildarinnar gegn því, að frv. verði lögfest, með leyfi hæstv. forseta:

„Deildin telur, að enda þótt segja megi, að fræðigrein sú, sem hér er um að ræða, hafi nokkra sérstöðu hérlendis, þá sé hún ekki þess eðlis, að hún geti verið sjálfstæð háskólagrein, með sérstöku prófessorsembætti, enda er deildinni ekki kunnugt um, að við nokkurn háskóla, stóran eða smáan, sé prófessorsembætti í greininni né sérstök kennarastaða af öðru tagi."

Svo mörg eru þau orð. M. ö. o.: Fjórir kennarar heimspekideildar andmæla því beinlínis, að ættfræði geti talizt vísindagrein, og segja, að sér sé ekki kunnugt um, að nokkurt prófessorsembætti eða kennaraembætti eða nokkur kennarastaða af nokkru tagi sé til í þessari grein. Þessi ummæli þessara fjögurra kennara eru ekki aðeins röng, heldur tel ég þau fullkomlega hneykslanleg, svo hneykslanleg, að það nálgast móðgun við þingnefnd og Alþ. að viðhafa slík ummæli. Háskólakennurum og háskóladeildum ber að sjálfsögðu að vera ríkisstj. og löggjafarsamkomu til ráðuneytis með því að segja satt um þau mál, sem þau láta í ljós skoðun sína um. En hér segja þessir fjórir háskólakennarar ósatt um atriði, sem verulegu máli skiptir, og þessi ranga staðhæfing er uppistaða í afstöðu deildarinnar til frv., sem ekki aðeins ríkisstj. flytur á Alþ., heldur hefur meðmæli alls háskólaráðs og annarra deilda í Háskólanum. Ég vek enn athygli á því, að frv. er upphaflega samið af háskólaráði og hefur efnislega meðmæli þess, burt séð frá því, að skoðanir voru skiptar um það, í hvaða deild þetta nýja embætti skyldi vera. Menntmn. Nd., meiri hl. hennar, hefur í samráði við ríkisstj. lagt til, að frv. verði breytt í það horf, sem háskólaráð óskaði eftir, en samt ber ekki á því, að heimspekideildin treysti sér til að mæla með frv. Ég lít svo á, þangað til annað kemur fram, að heimspekideildin eða þessir kennarar a. m. k. séu enn ósammála frv.

Nú er að víkja að þeirri efnisstaðhæfingu þessara fjögurra kennara deildarinnar, hvort ættfræði geti talizt vísindagrein eða ekki. Ég hef látið athuga ummæli helztu alfræðiorðabóka í Landsbókasafni um þetta efni. Það er stutt skýrsla, en fróðleg fyrir hv. alþm. og allan almenning.

Í þeirri alfræðibók, sem er kunnust Íslendingum, Salmonsens Konversations Leksikon, segir um þetta efni, með leyfi hæstv. forseta: „Ættfræði er þau fræði, sem fjalla um uppruna ættanna og útbreiðslu, um ætterni einstaklinga og önnur ættartengsl. Oft er orðið einnig haft um sjálfa ættartöluna. Auk sjálfstæðrar þýðingar sinnar á ættfræðin hlutverki að gegna í þágu sagnfræðinnar sem afar mikilvæg hjálparvísindi hennar. Ættfræðin, sem er eldri en sagnfræðin, hefur jafnvel verið kölluð móðir hennar. Þar að auki er hún hjálpargrein stærðfræði, lög- og stjórnskipunarfræði, erfðaréttar, ríkiserfðaréttar, líffræði, sálfræði og tölfræði."

Í annarri kunnri alfræðiorðabók, Bonniers Leksikon, segir: „Ættfræði: ættvísindi, ættarrannsóknir, orðið merkir einnig uppruni ættartalna. Ættfræðin er mikilvæg hjálparvísindagrein sagnfræðinnar og mannfræðinnar. Oft getur hún einnig haft hagnýta lögfræðilega þýðingu."

Í sjálfri Encyclopædia Britannica segir þetta, með leyfi hæstv. forseta: „Með ættfræði er átt við könnun á uppruna og sögu ætta, svo og gerð ættartalna og forfeðraskráa. Ættfræðin, sem er nátengd skjaldar-

merkjafræðinni, kemur einnig að mjög miklum notum fyrir almenna sagnfræðinga. Hún er alþjóðleg, að því er tekur til umfangs og áhugasviðs, og enda þótt nú sé aðallega fengizt við þessi fræði í löndum Evrópu og Ameríku, hafa þau verið stunduð um allan hinn siðmenntaða heim. Þar sem ættfræði er alþjóðleg vísindagrein," — ég endurtek, — „þar sem ættfræðin er alþjóðleg vísindagrein, hafa verið gerðar tilraunir til þess að koma á samræmdu kerfi tákna og skammstafana til almennrar notkunar við gerð ættartalna. Fyrsta alþjóðaráðstefnan um skjaldarmerkjafræði og ættfræði, er haldin var í Barcelona árið 1928, átti drjúgan þátt í að efla áhugann á þessum greinum sem alþjóðlegum fræðum. Í mörgum löndum eru nú starfandi félög til eflingar ættfræðirannsóknum, og sums staðar," — og nú vek ég athygli hv. alþm. á því, sem segir í Encyclopædia Britannica, — „og sums staðar, t. d. í Þýzkalandi, hafa jafnvel verið stofnuð prófessorsembætti við háskóla í greininni." Beri menn þetta saman við ummæli kennaranna fjögurra.

Að síðustu vil ég svo víkja að þýzka heiminum og því, sem segir um ættfræði í hinni alkunnu þýzku alfræðiorðabók, Der Grosse Brockhaus, með leyfi hæstv. forseta: „Ættfræðin, sem einnig er nýtt í líffræðilegum, þjóðfélagsfræðilegum, lögfræðilegum og sagnfræðilegum tilgangi, er samkvæmt aðferð sinni sagnfræðileg hjálparvísindi."

Eins og allir hv. alþm. heyra, ber öllum þessum fjórum alfræðiorðabókum svo að segja nákvæmlega saman um það að telja ættfræði stuðningsvísindi sagnfræði eða deild í, þátt af sagnfræðivísindum. Þetta tekur af öll tvímæli um það, að fjórir kennarar við heimspekideild Háskólans hafa beinlínis sagt menntmn. Nd. rangt til um eðli ættfræði sem vísindagreinar og staðhæft auk þess, að hvergi nokkurs staðar séu til við nokkurn háskóla, stóran eða smáan, prófessorsembætti í greininni né sérstök kennarastaða af öðru tagi. Þessi staðhæfing er röng, eins og komið hefur fram í því, sem ég hef vitnað hér til. Hér hefur því verið gerð tilraun til að blekkja hv. menntmn. og sjálft Alþingi.

Heimspekideildarkennararnir átta hafa skipzt í tvo jafna hópa. Annar hópurinn, málfræðingar, bókmenntafræðingur og uppeldisfræðingur, hefur lagzt algerlega gegn stofnun embættisins með rökum, sem ég hef nú sýnt fram á að eru röng, eru ósönn. Hinir, sagnfræðingarnir, sem auðvitað er ástæða til að taka miklu meira mark á í þessum efnum, gera sig ekki seka um það hneyksli að lýsa ættfræði ekki vísindagrein. Um það er ekki orð að finna í þeirra umsögn, sem að því leyti er algerlega rétt. Í henni er ekki rangur stafur. Þeir leggja hins vegar ekki til, að frv. nái fram að ganga, vegna þess að prófessorsembættið í ættfræði við deildina sé ótímabært, sem er auðvitað allt annað en hinir kennararnir segja. Þeir benda á, að þeir óski frekar eftir kennaraembættum í öðrum greinum en ættfræði. Út af fyrir sig get ég vel skilið þá ósk þessara kennara, að ef þeir hefðu mátt ráða, hefðu þeir viljað frekar embætti í annarri grein en ættfræði. Um það vil ég ekki deila við þá að einu eða neinu leyti. En ég vek athygli hv. alþm. á því, að hér er ekki verið að stofna nýtt embætti í íslenzka ríkiskerfinu. Það er ekki verið að fjölga starfsmönnum ríkisins. Um það eitt er að ræða að flytja til starfsmann, sem hingað til hefur starfað í Þjóðskjalasafni, bæta aðstöðu hans, hækka laun hans og gera hann að starfsmanni í háskóla til þess að veita honum betri starfsaðstöðu þar. Og hér er um það að ræða, sem er ekki minnst virði, að tryggja starfsaðstöðu eins mesta ættfræðings Íslendinga, tryggja það, að hann helgi þau ár, sem hann á eftir óstarfað, ættfræðistarfi, en ekki öðru starfi, algerlega óskyldu. Þessi er tvenns konar tilgangur frv., annars vegar að tryggja það, að Einar Bjarnason geti helgað sig ættfræðistörfum um nokkur ókomin ár, og hins vegar að bæta aðstöðu þessarar greinar, fyrst ættfræði og síðan mannfræði, við Háskóla Íslands. Að þessu leyti er því afstaða sagnfræðinganna á misskilningi byggð. Ef frv. nær ekki fram að ganga, mun ég að sjálfsögðu þegar í stað skipa í starf æviskrárritarans. Ég mundi gera það í næsta mánuði, eftir að útséð væri um það, að þetta frv. næði fram að ganga. En ég veit, að það er ekki völ á Einari Bjarnasyni í það starf. Það ræður algerlega úrslitum um málið í mínum augum.

Þá segja sagnfræðingarnir í 2. lið, að ekki verði séð, að þetta embætti geti verið venjulegt kennsluembætti, heldur einvörðungu rannsóknarembætti. Þetta er, ég mundi ekki segja einvörðungu rannsóknarembætti, heldur fyrst og fremst rannsóknarembætti. Á því byggist það, að embættið er bundið við hans nafn, þótt gert sé ráð fyrir því, að hann kenni.

Í þriðja og síðasta lagi segja sagnfræðingarnir: „Sjálfsagt hefði verið, að málið hefði verið rætt við deildina, áður en frv. var lagt fyrir Alþ." Hér er um mál að eiga við háskólaráð, en ekki við menntmrn.

Ég get vel skilið afstöðu sagnfræðinganna í deildinni og hef ekkert við hana að athuga, nema hvað ég hef leiðrétt misskilning, sem hjá þeim gætir. En afstöðu hinna mannanna, sem eru ekki sagnfræðingar, tel ég, eins og ég sagði áðan, kapítula í sögu heimspekideildar, sem er ekki þessum kennurum til sóma.

Sigurvin Einarsson: Herra forseti. Það, sem kom mér til þess að kveðja mér hljóðs, eru þau ummæli hæstv. ráðh., sem ég hef ekki heyrt fyrr, að 4 prófessorar við heimspekideild Háskólans hafi farið með ósannindi við menntmn. og Alþ. Og ég skildi hann svo, að þeir færu með vísvitandi ósannindi. Út af þessari ásökun, sem ég kalla alvarlega — (**Menntmrh.:** Það sagði ég ekki.) Sagði hann ekki ósannindi? Já, hann sagði ósannindi. (Gripið fram í.) Hann segir, að prófessorar Háskólans hafi farið hér með ósannindi. Ég vil spyrja hæstv. ráðh. — því að mér er ekki kunnugt um það — hefur það verið lagt fyrir lagadeild, hvort hún vill taka við þessum prófessor? (**Menntmrh.:** Já, hún hefur samþykkt það.) Lagadeildin, og það liggur fyrir umsögn um það, en ekki fyrir n.? (Gripið fram í.) Ég man ekki eftir því, að menntmn. hafi fengið nokkra slíka umsögn frá lagadeild, því að það lá ekki fyrir henni, að skáka ætti embættinu þangað, þegar hún fjallaði um málið. En ef svo er, þá vil ég fara þess á leit við hæstv. forseta, að málinu sé frestað núna í dag og menntmn. fái fulla möguleika til að sannprófa það, hvort prófessorar við Háskólann hafa orðið hér fyrir réttmætum eða órétt-mætum ásökunum um ósannindi. Og í annan stað óska ég eftir því, að hún liggi þá fyrir menntmn., þessi um-

sögn lagadeildar, að hún sé reiðubúin til þess að taka við þessu embætti.

Frsm. minni hl. (Magnús Kjartansson): Herra forseti. Ræða sú, sem hæstv. menntmrh. flutti hér áðan, gefur mér tilefni til að ætla, að hér sé eitthvað dálítið meira á seyði en efni þessa frv. Tónn hæstv. ráðh. út í Háskóla Íslands og prófessora hans var slíkur, að ég gat ekki betur heyrt en hann væri að koma hér fram einhverjum persónulegum hefndum gagnvart Háskólanum. Ég lét þess getið í ræðu minni áðan, að það væru undarlegir sambúðarerfiðleikar í ýmsum deildum Háskólans. Þeir eru ákaflega alvarlegir, menn geta ekki rædzt við, menn geta ekki unnið saman, og ég hef heyrt því fleygt að undanförnu, að það hafi komið upp einhverjir hliðstæðir sambúðarörðugleikar milli Háskólans og hæstv. menntmrh. Ræða sú, sem hann flutti hér áðan, virðist mér benda ótvírætt til þess, að sú sé raunin.

Hæstv. ráðh. fór með stóryrði um prófessora heimspekideildar, bar upp á þá, að þeir hefðu móðgað Alþ., farið með ósannindi, framkoma þeirra væri hneyksli. Og hann kom sjálfur með hæstaréttardóm um þetta. Það var hvorki meira né minna en Salmonsens Konversations Leksikon, Bonniers leksikon og Encyclopædia Britannica. Þetta er hæstaréttardómur að mati þessa hæstv. ráðh. yfir prófessorum við Háskóla Íslands.

Ég hef sjaldan heyrt frá dómbærum manni mat eins og þetta. Heimspekideild Háskóla Íslands segir í þeim lið, sem hæstv. ráðh. var að gagnrýna, að þótt fræðigrein sú, sem hér er um að ræða, hafi nokkra sérstöðu hérlendis, þá sé hún ekki þess eðlis, að hún geti verið **sjálfstæð** háskólagrein. Það er alkunna, að í norrænudeild Háskólans eru starfandi vísindamenn eða fræðimenn, sem eru mjög vel að sér um ættfræði og hafa sinnt þeim verkum. En þeir líta á það sem lið í almennum fræðirannsóknum, ekki sem sjálfstæða vísindagrein. Þetta er auðvitað alveg rétt hermt hjá heimspekideildinni, og svör hæstv. ráðh. við þessu eru hreinlega útúrsnúningur, sem er algerlega ósæmandi fyrir þennan hæstv. ráðh. Tilefnið eru ekki þau orð, sem hér standa, heldur hlýtur það að vera einhver reiði af allt öðru tilefni.

Hæstv. ráðh. mótmælti því einnig, að prófessorar heimspekideildar tala um, að deildin harmi, að mál þetta skuli hafa verið borið fram, án þess að nokkurt samráð væri haft við deildina, og hann segir, að sá aðili, sem hann eigi að hafa samráð við í Háskóla Íslands, sé háskólaráð. En ég vil minna hæstv. ráðh. á það, sem segir í 12. gr. l. um Háskóla Íslands, einmitt um tilefni eins og það, sem við erum hér að ræða um. Sú gr. er svo hljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Þegar sérstaklega stendur á, getur menntmrh. samkv. till. háskóladeildar og með samþykki háskólaráðs boðið vísindamanni að taka við kennaraembætti við Háskólann, án þess að það sé auglýst laust til umsóknar."

Hér er verið að flytja till. um, að stofnað verði nýtt prófessorsembætti og bundið við nafn ákveðins manns. En í háskólalögunum segir, að þegar slíkt gerist, skuli það gert samkv. till. háskóladeildar. Það er skylda hæstv. ráðh. að leita til viðkomandi háskóladeildar, og ákvörðunin verður að vera í samræmi við till. hennar. Enda er það ekki neitt út í bláinn, að þegar háskóladeildin mótmælir þessu frv., sér meiri hl. menntmn. í samráði við ráðh. sér ekki annað fært en færa embættið til annarrar deildar vegna þess, að annars væri verið að brjóta í bága við háskólalögin. En ég sé raunar einnig ástæðu til að taka undir það, sem hv. 1. þm. Vestf. sagði hér áðan. Ég vildi gjarnan fá samþykki lagadeildar um, að lagadeildin fallist á, að stofnað verði prófessorsembætti í ættfræði við þá deild. Þegar hæstv. ráðh. flutti þetta frv. í upphafi, staðhæfði hann, að frv. væri flutt í samráði við Háskólann, og samkv. háskólalögum hlaut maður að taka það þannig, að það væri gert í samráði við þá deild, sem átti að fá prófessorsembættið, því að þar stendur, að þetta skuli gert samkv. till. þeirrar deildar. En það kom í ljós, að þetta stóðst ekki. Deildin var á móti því, þannig að ég held, að það sé öruggara fyrir Alþ. að fá formlegt bréf um það frá lagadeild, að hún vilji taka við þessu embætti.

Annars ætlaði ég ekki að fara að blanda mér sérstaklega í þessar tilfinningadeilur hæstv. menntmrh. við Háskóla Íslands. En ég vona, að þessi undarlega ræða, sem hann hélt hér um það efni, leiði til þess, að ýmislegt skýrist í því sambandi á næstunni, því að væntanlega munu þeir menn, sem hér eru þornir sökum í þingsölunum án þess að hafa tök á því að svara hér sjálfir, svara fyrir sig á öðrum vettvangi. En á hitt vil ég leggja áherzlu, sem ég sagði áðan, að þetta mál er eins og það er borið fram núna alger fjarstæða. Það er hreinlega hlægilegt að stofna prófessorsembætti í ættfræði við lagadeild Háskóla Íslands. Það er hlægilegt frá öllum sjónarmiðum. Þó að hæstv. ráðh. leiti með logandi ljósi í Salmonsens Leksikon og Bonniers Leksikon og Encyclopædia Britannica, þá mun hann ekki finna dæmi þess nokkurs staðar í víðri veröld, að ættfræði sé flokkuð undir lögfræði. Þetta er alger endileysa, og ég vil skora á hæstv. ráðh. að fallast á það, sem ég beindi til hans hér áðan, að leysa þetta mál á þann hátt, sem fyrirhugað var í upphafi, með því að tengja þetta starf við erfðafræðinefnd Háskólans. Það er það eina, sem er skynsamlegt í þessu efni.

Fari hins vegar svo, sagði ráðh. áðan, að þetta frv. nái ekki fram að ganga, mun hann skipa í embætti æviskrárritara, en það verður ekki Einar Bjarnason. Ég vil lýsa yfir þeirri skoðun minni, að ég tel embætti æviskrárritara gersamlega óþarft, og ef það verður ekki tengt við erfðafræðistofnunina, eins og fyrirhugað var, ber hreinlega að leggja það embætti niður. En hitt tel ég, að alþm. eigi ekki að þola, að hæstv. menntmrh. haldi þannig á málum hér á Alþ. að leysa þau á algerlega fráleitan hátt vegna þess eins, að hann telur sig þurfa að skeyta skapi sínu á ákveðinni háskóladeild. Það er ekki forsenda, sem hægt er að viðurkenna.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Maður á að sjálfsögðu von á ýmsu frá pólitískum andstæðingum sínum, en að þm. skuli ekki geta haft rétt eftir með nokkurra mínútna millibili það, sem sagt er hér í þessum ræðustól, þangað til þeir koma þangað sjálfir, verður að teljast með nokkrum ólíkindum og raunar mjög óvenjulegt.

Hv. síðasti ræðumaður sagði, að ég hefði í ræðu

minni viðhaft svigurmæli um Háskólann, ráðizt á Háskólann, og lagði síðan út af því með þeim hætti, að ég virtist eiga í einhverjum deilum við Háskólann. Ég veit, að allir aðrir, sem á ræðu mína hlustuðu, heyrðu ekkert slíkt í henni. Ég deildi ekki á Háskólann í einu einasta orði. Ég gagnrýndi prentaða álitsgerð fjögurra kennara í heimspekideildinni, helmings heimspekideildarinnar, og þetta leyfir hv. þm. sér að kalla árás á Háskólann í heild og sönnun fyrir einhverjum deilum milli mín og Háskólans. Ég segi: Þetta er furðulegur málflutningur. Það kann vel að vera, að við eigum öll eftir að lesa hann í Þjóðviljanum í fyrramálið. En það er þá hv. þm. og ritstjóra til lítils sóma, ef hann lætur sér ekki nægja að hafa rangt eftir hér, heldur ætlar sér að halda þeim málflutningi áfram í blaði sínu. Auðvitað ber hér að greina á milli þess, sem ég sagði og taldi mig hafa rökstutt um skriflegt álit helmings heimspekideildarinnar, og einhvers ágreinings milli mín og Háskólans, sem raunar er eingöngu til í hans huga. Ég hef ekkert frv. flutt hér varðandi Háskólann þau 12 ár, sem ég hef verið menntmrh., sem hefur ekki haft fullan stuðning Háskólans. Þetta er í fyrsta skipti, sem deild úr Háskólanum, og raunar aðeins hálf deild úr Háskólanum, beitir sér gegn máli, sem ég flyt hér. Ég vil enn benda á það, að þetta frv. hafði stuðning Háskólans. Þegar ég sagði það í framsöguræðu hér á s. l. hausti, sem ég ekki man, að ég hafi talað við Háskólann, þá átti ég auðvitað við háskólaráðið, enda hafði málið þá stuðning háskólaráðs. Í því formi, sem málið er nú af hálfu meiri hl. hv. menntmn., hefur málið stuðning háskólaráðs og lagadeildar, þeirrar deildar, sem hinn nýi starfsmaður á að starfa í. Ber þetta vott um einhvern ágreining milli mín og Háskólans? Þetta er furðulegt tal, vil ég leyfa mér að segja.

Nei, það eru engin sambúðarvandamál milli mín og Háskólans. Það eru engin sambúðarvandamál milli mín og háskólaráðs, ekki milli mín og nokkurrar deildar í Háskólanum, nema það er ágreiningur um þetta mál á milli mín og helmings heimspekideildarinnar. Ég sé enga ástæðu til að draga dul á það, að mér hefur mjög mislíkað, hvernig heimspekideildin eða þessi helmingur hennar hefur komið fram í þessu máli. Það er gerð tilraun til að spilla hugmynd, sem ég taldi mjög góða og mér til mikillar ánægju hef orðið var við, að hann sjálfur, hv. þm., telur í eðli sínu og efnislega séð vera góða og skynsamlega. Ég skildi orð hans, sem sögð voru með brosi á vör, um sambúðarvandamálin í Háskólanum, á þann veg, að hann hafi auðvitað verið að víkja að sambúðarvandamálum í heimspekideildinni, sem m. a. komu fram í því, að deildin gat ekki um þetta mál frekar en önnur orðið sammála og klofnaði því til réttra helminga.

Þá verð ég að leiðrétta þann algera misskilning hv. þm., þar sem hann vitnaði í 12. gr. háskólalaganna, að þau ákvæði, sem þar er um að tefla, geta ekki átt við í þessu tilfelli. Þau ákvæði fjalla um heimild stjórnvalda, menntmrn. og Háskólans í sameiningu, að kveðja mann til embættis við Háskólann án lagasetningar, án sérstakrar lagasetningar. Þessi grein heimilar menntmrh., háskólaráði og háskóladeild í sameiningu að kveðja viðurkennda fræðimenn til starfs við Háskólann, án þess að Alþingi fjalli um, án þess að flutt sé sérstakt frv. um það efni. Mér datt aldrei í hug að stinga upp á því, að sú aðferð yrði höfð í þessu tilfelli. Það var hægt fræðilega séð. Sú hugmynd kom fram. Ég hef aldrei verið fús til þess að nota hana í þessu tilfelli, hef talið það óeðlilegt. Rektor var mér algerlega sammála um það. Þess vegna var sá kostur tekinn að flytja um það sérstakt frv., þannig að það, sem þm. sagði í ræðu sinni áðan og raunar í grg., er algerlega út í bláinn og á fullkomnum misskilningi byggt. Hann rökstuddi skyldu mína til þess að bera málið undir heimspekideild með þessu ákvæði. Það fellur alveg um sjálft sig. Sá aðili, sem ég eða menntmrn. á að skipta við, er háskólaráðið. Það metur síðan, hvort það sér ástæðu til að bera það undir deild eða ekki. Það gerði það ekki í haust. Það kaus að gera það, þegar háskólaráð fékk málið sent frá menntmn., og var auðvitað fullkomlega frjálst að því.

Hv. þm. hafði tilhneigingu til að gera mikið úr gagnrýni minni, ádeilu minni, á áliti helmings heimspekideildarinnar, sem er prentað sem fskj. með meirihlutanál. En hafi honum fundizt orð mín um þetta efni vera stór, eftir að ég hef sýnt fram á, að umsögnin er röng að tvennu leyti, vægast sagt villandi, hvað má þá segja um hans eigin ummæli, þar sem hann telur frv. í því formi, sem það er núna, algera fjarstæðu? Hann kallar það skoplegt. Hann kallar það nánast skrípafrv. Hvaða frv. er þetta? Þetta er frv., sem Háskóli Íslands, háskólaráð og lagadeild, stendur að. Hann uppnefnir till. Háskólans til Alþ. algera fjarstæðu og líkir henni við skop. Það mundi hvergi þekkjast nokkurs staðar annars staðar, segir hann, að ættfræði sé flokkuð undir lögfræði. Það er eflaust rétt. Ég og ríkisstj. vildum hafa embættið í heimspekideildinni, um það erum við væntanlega sammála, og svo næsta hliðstætt embætti í læknadeildinni. Um það erum við líka sammála. Það, sem hann kallar hér fjarstæðu og skrípamennsku, eru till. sjálfs háskólaráðs og lagadeildar Háskólans. Þetta vildi ég aðeins minna á. Ég taldi það þó réttara, eins og allt er í pottinn búið, að fara eftir till. Háskólans í þessu efni, þó að ég sjálfur, – og það á raunar við ríkisstj. alla, – sé ekki alls kostar ánægður með það. En í þessu efni töldum við í ríkisstj. rétt að láta Háskólann ráða þessum hluta málsins, að sjálfsögðu í trausti þess, að um aðalatriði málsins, að Einar Bjarnason skuli gerður að prófessor, sé samstaða milli ríkisstj., háskólaráðs og lagadeildar. Upp úr hinu legg ég miklu minna, þó að hv. þm. kalli frv. algera fjarstæðu og nánast skrípamennsku.

Þórarinn Þórarinsson: Herra forseti. Ég held, að þetta mál sé nú eitt af þeim, sem sýni eða sanni það, sem oft hefur verið sagt, að við lifum í landi kunningsskaparins, því að ég hygg, að það verði niðurstaðan alveg óhjákvæmilega, ef menn íhuga þetta mál rólega og taka utan af því allar þær umbúðir, sem það er vafið í, að það sé fyrst og fremst tilgangurinn með frv. að koma ákveðnum manni að sem prófessor við Háskóla Íslands, fyrst og fremst af persónulegum ástæðum og kunningsskap við hann. Ég get vel tekið undir það, að það geti verið eðlilegt að skapa Einari Bjarnasyni, vegna þess að hann er slíkur fræðimaður, sérstaka aðstöðu til þess að helga sig ættfræðirannsóknum það, sem eftir sé

ævinnar, og það verði heppilegri lausn, að annar maður taki við því starfi, sem hann gegnir nú. En mér sýnist, að það sé ekki til annars heldur en vera að fullnægja misskildum metnaði að tengja slíka lausn málsins sérstaklega við Háskóla Íslands. Þetta er nú sannleikurinn um þetta mál, ef hann er sagður umbúðalaust. Og þetta kom alveg greinilega fram í þeirri ræðu, sem hæstv. menntmrh. flutti hér áðan. Hann rakti þar ákaflega mikinn raunaferil, eða hvernig hann hefði með ýmsu móti hugsað sér að leysa þetta mál. Ég reyndi að fylgjast með því, en mér tókst það ekki, hvað ráðh. hafði snúizt oft í þessu máli um það, hvernig ætti að leysa það. Fyrst vildi hann leysa þetta svona, svo vildi hann leysa þetta á hinn veginn, og svo vildi hann leysa þetta á annan veg, og niðurstaðan varð sú — ég gat ekki skilið það betur — að það séu allt aðrir en hann, sem ættu hugmyndina að þessari lausn, sem hér væri endanlega fundin. Nú í seinustu ræðu sinni endurtók hann það, að bæði hann og öll ríkisstj. væru þeirrar skoðunar, að þetta embætti ætti eiginlega ekki heima við lagadeild Háskólans. Nei, þetta er allur gangur þessa máls. Hann sýnir það, að hér er verið að fullnægja persónu- og vináttusjónarmiðum, en ekki stefnt að einhverri eðlilegri lausn þessa máls eða nokkuð verið að hugsa um hag Háskólans í þessu sambandi.

Það, sem var þess mest valdandi, að ég kvaddi mér hér hljóðs, voru þau ummæli, sem hæstv. ráðh. hafði um nokkra kennara við heimspekideild Háskóla Íslands. Mér virtist nú hæstv. ráðh. fara rangt með hér í ræðu sinni áðan, þegar hann hélt því fram, að það væru aðeins fjórir prófessorar eða starfsmenn við heimspekideildina, sem hefðu mótmælt þessu frv. Mér sýnist, að það séu þeir allir, báðir helmingarnir, sem hafa sent álit sitt til menntmn., sem mótmæla frv. Þeir gera það að vísu með mismunandi hætti. Annar helmingurinn gerir þetta alveg afdráttarlaust, en hinn helmingurinn tekur það fram, að hann álíti þetta embætti ótímabært og það séu mörg önnur embætti, sem meiri þörf sé á við heimspekideildina eða Háskólann heldur en þetta, svo að ég get ekki betur séð, þó að hæstv. ráðh. sé þarna að reyna að kljúfa heimspekideildina í tvennt, en hún sé sammála um það meginatriði, að þetta embætti sé ótímabært og eigi ekki að stofna við heimspekideildina að sinni.

Hæstv. ráðh. fór hér alveg furðulegum orðum um annan helming heimspekideildarinnar og vildi halda því fram, að hún hefði farið með fullkomlega rangt mál eða staðhæfingar í sínu áliti. Það er nú þegar búið að svara þessu af hv. 6. þm. Reykv., því að hæstv. ráðh. byggir hneykslunardóm sinn um þessa prófessora á algerlega röngum forsendum. Þeir segja það — sem hann hefur ekki getað hrakið, þó að hann hafi lesið hér upp úr alþjóðabókum — að þess séu ekki dæmi, að ættfræði sé tekin upp sem sjálfstæð háskólakennsla eða kennsla við háskóla. Og ég held, að megi segja það, að hún geti ekki verið sjálfstæð háskólagrein. Ég held, að í því, sem hæstv. ráðh. las hér upp úr alfræðibókinni, hafi hvergi komið fram, að hér sé um sjálfstæða háskólagrein að ræða, svoleiðis að það er hæstv. ráðh., sem hefur farið hér með staðlausa stafi, en ekki þeir prófessorar, sem hann telur sig vera að andmæla.

Annars get ég fullkomlega gert þau ummæli, sem hæstv. ráðh. reyndi að leggja þessum prófessorum í munn — en þeir hafa að vísu ekki sagt, að ættfræði geti ekki orðið vísindagrein — algerlega að mínum. Ég held, að það sé alveg útilokað, að hægt sé að gera ættfræði að öruggri vísindagrein, og ég vil í því sambandi rifja upp viðtal tveggja merkra látinna þm., sem mér er sagt, að hafi átt sér stað hér í hliðarherbergi einu sinni. Þeir voru Jón Þorláksson og Magnús Torfason og voru að ræða um sína forfeður, og báðir töldu sig vera komna út af mjög merkum manni, sem ég man nú ekki hver var. En báðir töldu sér mikinn sóma í því að vera komnir út af þessum heiðursmanni. En þannig stóð á, að Jón Þorláksson var kominn út af þessum manni í karllegg, en Magnús í kvenlegg, og til þess að hafa nú betur í þessari viðureign segir Jón Þorláksson: „Minn er virðulegri.“ Hann sagði, að sinn ættleggur væri virðulegri vegna þess, að hann væri kominn út af þessum manni í karllegg. En Magnús svaraði og sagði, að sinn væri vissari, og ég held, að það hljóti öllum að vera ljóst, sem hugsa þessi mál. En það er þessi skýring Magnúsar, sem veldur því, að ættfræði getur aldrei orðið örugg vísindagrein, eins og hæstv. menntmrh. var að halda fram. Og ég hygg, að bara með því að ráðh. íhugi þetta viðtal þeirra Jóns Þorlákssonar og Magnúsar Torfasonar, geri hann sér grein fyrir því, að ættfræði getur aldrei orðið örugg vísindagrein, eins og t.d. erfðafræði, þar sem er unnið að þessum málum með allt öðrum hætti. En fyrst ég er kominn hingað, vil ég ekki fara héðan án þess að segja, að frá mínu sjónarmiði er hér um að ræða hreint hneykslismál. Það stafar ekki af því, að ég sé í því sambandi neitt að ræða um persónu Einars Bjarnasonar, eða hvernig hans mál eigi að leysa, heldur hinu, hvernig þetta sýnir þann aðbúnað, sem hæstv. ríkisstj. veitir Háskólanum. Hér á Alþ. er búið að stofna með l. ýmis prófessorsembætti, sem eru þó bundin því skilyrði, að ekki eru skipaðir menn í þau nema veitt sé til þeirra fé á fjárl. Það mun vera í l. nú heimild til stofnunar allmargra slíkra prófessorsembætta. Það liggja einnig fyrir till. frá bæði háskólaráði og háskóladeildum um stofnun ýmissa prófessorsembætta, sem Alþingi hefur enn ekki veitt sitt samþykki til, og ég vil halda því fram, að ef við sýndum Háskóla Íslands þann sóma, sem þessi stofnun verðskuldar, þá ætti Alþingi að taka þessi mál öll til meðferðar í heild, gera fullkomna áætlun um það, hvaða prófessorsembætti sé nauðsynlegt að stofna við Háskólann til að gera kennsluna þar nægilega fullkomna í hinum ýmsu deildum og þá jafnframt semja lög um það, ef ekki telst hægt að stofna til þessara embætta allra í einu, í hvaða röð á að efna til þeirra. Þannig eigum við að fjalla um mál Háskóla Íslands, en að taka mál við Háskóla Íslands upp á þann hátt, að það þarf að skapa einhverjum manni aðstöðu til að stunda fræðigrein, sem ekki skiptir Háskólann neinu sérstöku máli, taka það mál eitt út úr og búa til prófessorsembætti handa honum við Háskólann, meðan öll hin embættin, sem talin eru miklu nauðsynlegri og meira aðkallandi eru látin bíða, slíka vinnuaðferð tel ég vera alveg fullkomið hneykslí. Og mér finnst, að í þessum vinnubrögðum hæstv. menntmrh. — af því að hann beitir sér fyrir því, að þannig er haldið á málum — þá felist eiginlega fullkomið virðingarleysi fyrir þessari stofnun.

Ég held, að menntmrh. mundi ekki vinna að þessum málum eins og gert er t.d. með þessu frv., ef hann bæri fulla virðingu fyrir Háskóla Íslands og því, hvernig á að leysa þessi mál hans. Þá á að sjálfsögðu að gera það á þann hátt, að þau séu endurskoðuð í heild, gerð áætlun um það, hvernig eigi að fjölga kennurum, eftir því hvað nauðsynlegir þeir eru taldir og sú áætlun framkvæmd. En það á ekki að hlaupa til af handahófi, ef leysa þarf persónulega einhvers mál og stofna ný og ný prófessorsembætti við Háskólann meira og minna út í bláinn og í algerri andstöðu við þær deildir, sem á að tengja þessi embætti við.

Ríkisstj. viðurkennir líka, eða ráðh. gerði það áðan, að hún er í hálfgerðum vandræðum með þetta embætti vegna þess, að hún verður að hola því niður í allt annarri deild heldur en hún ætlaði sér í upphafi og í deild, þar sem hún telur sjálf, að embættið eigi alls ekki heima. Það sýnir bezt, hvílíkt vandræðamál er hér um að ræða. Hæstv. ráðh. var að halda því fram, eða gefa í skyn að til þessa embættis væri stofnað að frumkvæði háskólaráðs og lagadeildarinnar. Ég held, að þetta sé fullkomlega rangt hjá ráðh. Það liggur a.m.k. hvergi fyrir hér, að lagadeildin hafi átt frumkvæði að því eða borið fram óskir um það að stofna til þessa embættis, eða vill ráðh. leggja yfirlýsingu frá lagadeildinni fram um þetta efni? Ég trúi því ekki fyrr en ég sé það svart á hvítu, að lagadeildin, sem telur þörf fyrir stofnun ýmissa nýrra embætta þar, hafi lagt áherzlu á það, að þetta embætti væri látið ganga fyrir öðrum þar, og ég tek undir það, sem kom fram hjá hv. 1. þm. Vestf. — tek undir þau tilmæli til hæstv. forseta, að hann fresti þessari umr. þangað til það liggur fyrir, hvort það sé rétt, að lagadeild hafi sérstaklega óskað eftir þessu embætti, og a. m. k. álit hennar liggi hér fyrir. Ég tel það líka rétt, áður en lengra er farið, að þá beini menntmn. þessarar d. þeirri fsp. til háskólaráðs og hinna, alveg sérstaklega til háskólaráðs og líka lagadeildar, sem á að fá þetta embætti, hvort það sé virkilega ósk þessara aðila, að þetta embætti eða stofnun þessa embættis verði látin ganga fyrir öllum öðrum, sem þessir aðilar hafa óskað eftir. Og eftir því á Alþingi að sjálfsögðu að taka afstöðu til málsins. Hitt er svo annað mál, og það á að leysa öðru vísi heldur en í sambandi við Háskólann, hvort rétt þykir að tryggja Einari Bjarnasyni sérstaka aðstöðu til að gefa sig að ættfræðirannsóknum það, sem eftir er ævinnar, eða ekki. Það er mál, sem mér finnst a. m. k., að snerti ekki Háskólann á neinn hátt og eigi að leysa eftir öðrum leiðum.

Ég vil svo að síðustu beina þeirri fsp. til hæstv. menntmrh. sjálfs, sem hefur vafalaust talsverða kunnugleika af þessum málum, þó að það hafi komið hér fram í umr., bæði í þetta skipti og oft áður, að sá kunnugleiki mætti vera meiri, hvort það sé nú í raun og veru skoðun hans, að hér sé um svo nauðsynlega embættisstofnun að ræða, að hún eigi að ganga fyrir öllum öðrum prófessorsembættum, sem Alþ. hefur samþ. að efna til og sem háskóladeildir og háskólaráð hafa farið fram á, að verði efnt til. Er það virkilega skoðun hæstv. ráðh., að þetta embætti, sem þetta frv. fjallar um, sé allra nauðsynlegast af öllum þeim embættum, sem hér um ræðir, sem Alþ. hefur áður samþ. að stofna til og sem Háskólinn sjálfur hefur farið fram á. Ég óska eftir, að ráðh. gefi alveg skýlaus svör um þetta efni, hvort hann telji það virkilega og það sé einlæg sannfæring hans og velferð Háskólans velti mest á því, að stofnun þessa embættis verði látin ganga fyrir öllum öðrum, sem Háskólinn hefur farið fram á og sem sum hver Alþ. sjálft hefur samþ. að stofna til.

Frsm. minni hl. (Magnús Kjartansson): Herra forseti. Ég hef ekki hug á því að fara út í neinar meiri háttar skylmingar við hæstv. menntmrh. með því að túlka eða hártoga viss ummæli, eins og hann gerði í svari sínu til mín áðan. Ég held, að það hafi verið algerlega ljóst af ræðu hans, að hann er uppfullur af mjög annarlegum tilfinningum í garð þessarar haskóladeildar, sem hér er verið að ræða um. Gagnrýni hans á prófessora þessarar deildar var ekki málefnaleg. Hún var þrungin af hreinni andúð, og þegar upp kemur slíkt ástand á milli æðsta manns menntamála og æðstu menntastofnunar, þá er það fullkomið alvörumál. Og mér fannst það raunar einnig fullkomið alvörumál, sem hæstv. ráðh. sagði, að samskipti hans við Háskólann væru bundin við það form, að hann hefði samráð einvörðungu við háskólaráð. Ég held, að áhugi hæstv. ráðh. á málefnum Háskólans þurfi að vera miklu víðtækari en þetta. Mér fannst það t.d. ákaflega einkennileg saga, sem hann sagði hér í framsöguræðu sinni í dag, að hann hefði ekki vitað af því í mörg ár, að stofnuð hefði verið erfðafræðinefnd við Háskólann, um það hefði ekki verið rætt við ríkisstj., að þessi n. var stofnuð og að þessi n. sóttist eftir og fékk stórfelldar fjárveitingar frá útlöndum og gat einvörðungu starfað vegna þess, að hún fékk fjármuni frá Kjarnorkurannsóknastofnun Bandaríkjanna.

Nú er það auðvitað algerlega fráleitt ástand, að stofnun innan Háskólans skuli vera gersamlega háð erlendum aðilum um starfsemi sína, enda kom það fram í ræðu hæstv. ráðh., að hinn erlendi aðili var farinn að setja Háskólanum kosti: Ef þið hagið ekki þessari stofnun svona og svona, kann að vera, að við hættum að styrkja ykkur.

Það er auðvitað gott, að Háskólinn og einstakir hlutar Háskólans verði sér úti um styrkveitingar erlendis frá. En háskólastofnanir, sem eru gersamlega háðar slíkum styrkveitingum eins og þessi erfðafræðinefnd, eru vægast sagt mjög valtar. Ég held, að undirstaða allrar starfsemi Háskólans verði að vera fjárveitingar frá okkur sjálfum. Það, sem kemur erlendis frá, getur þá verið aukageta, en það á ekki að vera það, sem allt veltur á. Mér fannst þessi saga, sem hæstv. ráðh. sagði sjálfur, vera býsna athyglisvert dæmi um það, að ráðh. virðist ekki gera sér nógu mikla grein fyrir því, hvernig málin hafa þróazt við Háskóla Íslands. Enda sjá nú allir, að starfsemi æðstu menntastofnunar þjóðarinnar er að komast í algert óefni af fjölmörgum ástæðum, sem hrúgast upp allar í senn. Og sá, sem ber ábyrgð á viðbrögðum stjórnarvalda við þessum vanda, er hæstv. ráðh. Það hefði verið ástæða til að taka upp vandamál Háskólans á þessu þingi. En eina frv., sem hæstv. ráðh. flytur um vandamál Háskólans, er að stofna prófessorsembætti í erfðafræði við lagadeild. Það er lausn hæstv. ráðh. á vandamálum Háskólans, eins og nú standa sakir.

Ég endurtek það, sem ég sagði áðan, að þetta er hreinn skrípaleikur, algerlega ósæmandi Alþ. Hæstv. ráðh. vildi vefengja, að það væri rökrétt hjá mér að vísa til 12. gr. háskólalaga í þessu sambandi. Hann sagði, að þar væri einvörðungu fjallað um það, þegar menn væru kallaðir til starfa án lagasetningar. Auðvitað veit ég fullvel, að Alþ. getur sett lög um alla starfsemi Háskólans, það hefur á valdi sínu að setja lög og breyta öllum mögulegum ákvæðum í Háskólanum. Það er hægt að gera allt með lögum frá Alþ. En þessi 12. gr. l. um Háskóla Íslands fjallar um það, hvernig fara eigi að, ef maður er látinn fara í prófessorsembætti, án þess að það sé auglýst á venjulegan hátt og keppt um það. Í háskólalögunum eru alveg ákveðin ákvæði um það, hvernig á að fara að því að ráða prófessora, hvernig á að kanna hæfni þeirra, hvernig á að tryggja jafnrétti manna o.s.frv. En þarna er ákvæði um það, að auk þess sé hægt að ganga fram hjá þessu eftirliti og fela þetta tilteknum manni án auglýsingar, ef það er gert samkv. till. háskóladeildar og með samþykki háskólaráðs. Í þessu felst auðvitað það, að ríkisstj. og Alþ. hafi eðlilega sambúð við Háskóla Íslands og að Alþ. sé ekki að neyða upp á Háskólann mönnum, sem Háskólinn kannske kærir sig ekki um. Mér finnst þetta vera alveg sjálfsögð regla, sem sérstaklega menntmrh. ætti að fylgja, að leita til viðkomandi háskóladeilda, eins og gert er ráð fyrir í háskólal., þegar verið er að bera fram frv. um að skipa tiltekinn mann í embættið. Þetta var engin lagaskylda. Alþ. getur gert hlutina með sínum eigin l. án þess að hafa samráð við nokkurn mann. En þetta var siðferðileg skylda. Svona ber menntmrh. að hegða sér og hverjum öðrum grandvörum manni.

Það er ósköp eðlilegt, þegar mál eins og þetta er flutt, að upp komi bæði hjá prófessorum Háskólans og hjá nemendum þessi spurning: Er ekki óendanleg röð af verkefnum nærtækari og brýnni en að koma upp erfðafræðiprófessor við lagadeild Háskólans. Hinir fjórir sagnfræðingar heimspekideildar segja í álitsgerð sinni, sem hæstv. ráðh. taldi sig geta vel við unað, að deildin hafi samþ. álit um kennaraþörf annars vegar nú þegar og hins vegar til ársins 1975 og þar hafi komið fram, að nú þegar sé knýjandi þörf á sex lektorum, þar á meðal einum í sagnfræði, og fimm prófessorum til viðbótar því liði, sem starfar nú. Þetta er álit heimspekideildar: sex lektorar og fimm prófessorar nú þegar, og þetta telur hún mun brýnni verkefni heldur en að stofna prófessorsembætti í ættfræði. Og ég hygg, að sams konar svör mundu koma frá öllum deildum Háskólans. Og ég hygg, að hægt væri auðveldlega að færa rök að því einnig, að ástandið í húsnæðismálum Háskólans sé orðið slíkt, að það sé ekki gerlegt að bæta við nokkrum kennara í viðbót, vegna þess að mér er kunnugt um það, að þeir kennarar, sem þar eru, hafa ekki einu sinni aðstöðu til þess að setjast niður. Þeir verða að rangla um ganga Háskólans á milli fyrirlestranna. Vinnuskilyrðin þarna eru orðin algerlega óhæf, bæði fyrir kennara og fyrir nemendur. Það hefur dregizt allt of lengi, að þessi mál væru tekin föstum tökum, og af því eigum við eftir að súpa seyðið. En meginábyrgðina ber hæstv. menntmrh., vegna þess að hann hefur ekki áttað sig á því, hvernig þessi mál væru að þróast, sennilega vegna þess, að hann telur sig ekki þurfa við aðra að ræða en háskólaráð eftir einhverjum formlegum leiðum.

Hér hefur í umr. verið farið mjög lofsamlegum orðum um Einar Bjarnason. Ég gerði það sjálfur áðan vegna þess, að ég veit, að hann stendur undir því hrósi. Hitt vil ég segja hér, að það er uppi sú kenning, að þessi ráðabreytni stafi samt ekki af umhyggju fyrir Einari Bjarnasyni, heldur gerist það, ef þetta frv. verður samþ., að það losni annað embætti og á því hafi vissir menn áhuga.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Ég skal ekki lengja þessar umr. mikið úr þessu, enda er fundartíma bráðlega lokið. En mér segir svo hugur um, að þegar nokkur ár líða, verði þessar umr. hér á hinu háa Alþ. ekki taldar þeim fulltrúum stjórnarandstöðunnar til sóma, sem í þeim hafa tekið þátt, sérstaklega ekki síðasta setning hv. 6. þm. Reykv., sem var raunar endurtekning á því, sem komið hafði fram hjá hv. 4. þm. Reykv. í ræðu hans áðan. Hér er sem sé um það að ræða, að með algerlega ósæmilegum hætti er um það dylgjað, að eitthvað annað en áhugi á íslenzkri ættfræði og íslenzkri mannfræði standi að baki flutningi þessa frv. Ég hafði þó tekið fram í framsöguræðu minni í haust og lagt á það áherzlu í ræðu minni hér áðan, að ég hefði átt þessa hugmynd, að breyta æviskrárritarastarfinu í prófessorsembætti við Háskólann, og rætt um það fyrst við forstöðumann Háskólans, meðlimi erfðafræðinefndar og Einar Bjarnason sjálfan. Það er því enginn dómbærari um það en ég, hvaða hvatir eða hvaða hugmyndir liggi að baki þessu frv. Ég vil segja það og leggja á það sérstaka áherzlu, segja það í fyllstu alvöru og ætlast til þess, að mér sé trúað, að að baki þeirri hugmynd að flytja þetta frv., eins og það upphaflega var og eins og það nú er, er eingöngu sú staðreynd, að mér fannst skynsamlegt að tengja æviskrárritarastarfið því starfi, sem þegar hefur farið fram innan Háskólans og lýtur að mannfræðirannsóknum. Ekkert annað atriði hefur skipt nokkru máli í þessu sambandi. Ég skal ekki hafa um þetta sterkari orð. En ég ætlast til þess, að mér sé trúað varðandi atriði eins og þetta, og vona, að slík ummæli heyrist ekki oftar hér á Alþ. og sjáist ekki á prenti.

Hv. 4. þm. Reykv. sagði, að hann gæti vel tekið undir það að gefa Einari Bjarnasyni kost á að starfa að ættfræði. Einmitt þetta hefur verið skoðun mín og einlægur vilji minn, að koma því til leiðar, að svo gæti orðið, og einmitt með því móti að samþykkja þetta frv. getur það orðið. Það er eini framkvæmanlegi möguleikinn, sem ég hef komið auga á til að tryggja þetta.

Ég skal ekki lengja umr. um það, hvort ættfræði sé vísindagrein eða ekki. Hv. 4. þm. Reykv. virtist vera á þeirri skoðun, sem því miður virðist líka vera skoðun fjögurra kennara við heimspekideildina, að ættfræði sé ekki vísindagrein. Hv. þm. rökstuddi það að vísu með því einu að segja klúra fyndni eftir valinkunnum látnum þm. Það er náttúrlega ekki mikilvægur rökstuðningur. En ég bendi aftur á þá setningu, sem segir í Encyclopædia Britannica, útg. árið 1965, og er svona: „Þar sem ættfræði er alþjóðleg vísindagrein." Ég tek

ekkert aftur af því, sem ég sagði um álit fjórmenninganna um þetta efni. Í því eru rangar staðhæfingar. Ég skal láta öllu pexi um þetta lokið. En ég vek athygli hv. þm. aftur á því, sem þeir segja í álitsgerð sinni, að ættfræði sé „ekki þess eðlis, að hún geti verið sjálfstæð háskólagrein með sérstöku prófessorsembætti, enda er deildinni ekki kunnugt um, að við nokkurn háskóla, stóran eða smáan, sé prófessorsembætti í greininni né sérstök kennarastaða af öðru tagi.“ Menn geta haft hvaða skoðun sem þeir vilja á heimildarriti eins og Encyclopædia Britannica. Hingað til hefur ekki þótt smekklegt að telja, að þar sé ekki farið með réttar staðreyndir, en þar segir í lok kaflans um ættfræðina, með leyfi hæstv. forseta: „Í mörgum löndum eru nú starfandi félög til eflingar ættfræðirannsóknum og sums staðar, t.d. í Þýzkalandi, hafa jafnvel verið stofnuð prófessorsembætti við háskóla í þeim.“ Það er alveg sama, hvað oft hv. þm. endurtekur, að ættfræði sé ekki vísindagrein, og staðhæfi, að fjórmenningarnir hafi rétt fyrir sér. Þeir hafa rangt fyrir sér.

Hv. 4. þm. Reykv. beindi til mín fsp. og sagðist leggja áherzlu á, að ég svaraði henni. Ég tel mig raunar vera búinn að svara henni með ummælum í tveim ræðum áðan. Ég skal gjarnan endurtaka það í þriðja skipti, en það verður í síðasta skipti, sem ég læt hafa mig til þess að endurtaka hluti, sem ég er búinn að margsegja áður og hv. þm. eiga að vera algerlega ljósir. Hann spurði mig, hvort ég teldi þetta embætti í ættfræði eiga að ganga fyrir öðrum embættum, sem Háskóli Íslands hefur óskað eftir. Ég hef skýrt málavexti. Það á ekki að vera nokkur vafi um það í huga nokkurs þm., hvað hér er um að ræða. Hér er alls ekki um að ræða val á milli embættis í ættfræði annars vegar og t.d. embættis í læknisfræði eða réttarsögu eða hagfræði hins vegar. Hér er um það að ræða að breyta embætti, sem er til við aðra ríkisstofnun, í embætti við Háskólann. Ég hef marglýst yfir, að þessi ráðstöfun er ekki gerð á kostnað áætlunarinnar um kennaraembætti við Háskólann. Þó að þetta frv. næði ekki fram að ganga, leiddi ekki af því, að nokkurt annað embætti yrði stofnað við Háskólann. Ég vil helzt ekki þurfa að segja þessa einföldu staðreynd oftar og ætlast til þess, að loksins sé hún öllum ljós.

Hv. 6. þm. Reykv. vék að erfiðri kennsluaðstöðu í heimspekideild Háskólans. Það er rétt, hún hefur um nokkurt skeið undanfarið verið erfið. Einmitt þess vegna hefur verið unnið að því að bæta hana, og á næsta hausti mun einmitt eiga sér stað alveg sérstök endurbót á kennslu og rannsóknaraðstöðu heimspekideildar, þar sem byggingu Árnagarðs mun þá ljúka. Þar fær Handritastofnunin mikið og mjög veglegt húsnæði, og heimspekideildin mun fá einhverja beztu kennsluaðstöðu, sem nokkur deild í Háskólanum mun þá hafa yfir að ráða, þar sem meiri hl. þessa stórhýsis, sem allir Reykvíkingar eða jafnvel allir landsmenn þekkja, mun verða ætlaður til kennslu og rannsókna við heimspekideildina. Um hagsmuni hennar er alveg sérstaklega hugsað í þessu efni. Bygging Árnagarðs hefur ekki tekið miklu lengri tíma en áætlað var. Það mun verða gerbreyting á kennslu og rannsóknaraðstöðu kennara og nemenda einmitt í heimspekideildinni þegar á næsta hausti.

Kennarafjölgun hefur orðið gífurleg við Háskólann á undanförnum árum. Kennurum Háskólans hefur fjölgað úr 68 í 159 eða um 91 á 12 árum. Og fjárveitingar til Háskólans á þessum sama tíma hafa að raunverulegum verðmætum vaxið um 250%. Þessar staðreyndir finnst mér rétt, að komi fram í tilefni af ummælum hv. 6. þm. Reykv. um starfsaðstöðu við Háskólann.

Að síðustu vil ég aðeins segja þetta: Hv. 6. þm. Reykv. virtist vegna þessa einstaka og mjög sérstæða deilumáls á milli mín og raunar ríkisstj. í heild og hálfrar heimspekideildarinnar hafa tilhneigingu til þess að gera að sérstöku umtalsefni einhver ímynduð sambúðarvandamál milli ríkisstj., jafnvel mín sérstaklega, og Háskólans. Ég skal ekki fjölyrða um þetta mál, en láta það eitt koma fram, að milli mín og Háskólans hafa bókstaflega engin deilumál, sem neinu máli skipta, komið upp öll þau 12—13 ár, sem ég hef gegnt embætti menntmrh. Mér er til efs, að sambúð Háskólans við sitt rn. hafi nokkurn tíma áður í 50 ára sögu hans verið jafnsnurðulaus og hún hefur verið í þau 12—13 ár, sem ég hef gegnt starfi mínu. Ég tel þetta smávægilega deilumál, sem hér hefur komið upp út af hégóma, varla vera umtalsvert, ef talað er um sambúðarvandamál jafnstórrar og merkrar stofnunar og Háskóli Íslands er annars vegar og menntmrn. hins vegar. Það er fullkominn hégómi í samanburði við öll þau mál, sem um hefur þurft að fjalla, margfalt stærri en þessi hégómi, sem hér er um að ræða. Ég skal t.d. geta þess, að ég hef veitt fleiri embætti við Háskólann en nokkur fyrirrennara minna frá fyrstu tíð og alltaf farið eftir till. Háskólans í þeim efnum. Um embættaveitingar hefur aldrei í 12—13 ár orðið árekstur á milli Háskólans og veitingarvaldsins, og er það eini áratugurinn, sem Háskólinn hefur starfað, að slíkt hefur átt sér stað.

Þórarinn Þórarinsson: Herra forseti. Hæstv. menntmrh. komst þannig að orði í ræðu sinni hér áðan, að ef þessar umr., sem hér hafa farið fram, yrðu síðar lesnar, mundu þær þykja okkur stjórnarandstæðingum, sem hér höfum talað, til lítils sóma. Ég er nú miklu hræddari um, að þetta fari á aðra leið. Ég er hræddur um, að þetta mál verði einmitt hæstv. ráðh. til lítils sóma.

Eins og heyrist í þeim ræðum, sem hér hafa verið haldnar, er aðbúnaður Háskólans nú mjög ófullkominn hvað kennslu snertir í mörgum deildum. Það er a. m. k. mat hans sjálfs, að hann fullnægi hvergi nærri þeim kröfum, sem æskilegt væri, að hann gæti fullnægt. Alþ. hefur viðurkennt þetta með því að heimila stofnun ýmissa prófessorsembætta, en þó með því skilyrði, að ekki yrði sett í þessi embætti eða skipaðir menn í þessi embætti fyrr en fé hefði verið veitt til þess á fjárl. Og þannig eru nú fjölmargar heimildir ónotaðar. Auk þess hafa bæði háskólaráð og ýmsar háskóladeildir farið fram á aukna kennslukrafta umfram það, sem Alþ. hefur samþ. En hæstv. ríkisstj. sér ekki ástæðu til þess að verða við neinum af þessum óskum. Eina málið, sem hún leggur fram varðandi Háskólann á þessu þingi, fjallar um stofnun þessa embættis, sem sú deild, sem átti að taka við því, vill alls ekki við taka, og ríkisstj. ætlar líka að beygja sig fyrir því. Og það vita líka allir, að það verður engin sérstök kennsla í ættfræði, þó að

þetta embætti verði sett á stofn, og Háskólinn hefur þess vegna enga þörf fyrir þetta, og ég fullyrði, að það er fyrst og fremst af persónulegum ástæðum, einhverjum metnaðarástæðum, að þetta embætti er sett á stofn við Háskólann, en mál Einars Bjarnasonar ekki leyst á annan hátt. Eðlilegasta lausnin á málum hans væri sú, ef ætti að gefa honum aðstöðu til þess að helga sig ættfræði það, sem eftir er ævinnar, að fela honum starf æviskrárritara, sem nú mun vera laust, og það mætti þá kannske búa þannig, ef það væri eitthvað í sambandi við launakjör, sem hann sætti sig ekki við, um hnútana, að það mál yrði leyst. Það væri fullkomlega eðlileg lausn þessa máls. En af einhverjum persónulegum ástæðum, hvort sem þar er um metnað að ræða eða eitthvað annað, þykir þetta ekki fullnægjandi lausn, heldur verður að búa til prófessorsembætti við Háskólann. Og það vita allir, að þó að því sé haldið fram, að þetta verði ekki til þess að koma í veg fyrir, að önnur embætti séu stofnuð við Háskólann, þá verður niðurstaðan eigi að síður sú. Það er fullkomlega rétt, sem málfræðingarnir, eða 4 af kennurunum við heimspekideildina, segja í sínu áliti, með leyfi hæstv. forseta, en það er á þessa leið:

„Verði þetta embætti stofnað, er að áliti deildarinnar ekki vafi á, að talið verður, að prófessorum hafi verið fjölgað um einn og fjárveitingar til Háskólans hafi aukizt um sem svarar fullum prófessorslaunum. Telur deildin því einsýnt, að frá sjónarmiði Háskólans muni stofnun þessa embættis hafa sömu áhrif á fjárhagsaðstöðu hans og hver önnur embættisstofnun."

Hvað sem hæstv. menntmrh. segir um þetta nú, verður þetta áreiðanlega niðurstaðan, þegar búið er að færa þetta embætti, sem er í raun og veru embætti æviskrárritara, yfir á Háskólann. Þegar fjmrh. fer að reikna út framlögin til Háskólans, verður það reiknað þannig, að búið sé að bæta við einu nýju prófessorsembætti, útgjöldin til Háskólans hafi hækkað þetta mikið. Það verður til þess að tefja fyrir stofnun annarra nauðsynlegri embætta við Háskólann.

Nei, ég held, að niðurstaðan verði sú, að ef okkar eftirkomendur eyða tíma sínum til þess að lesa þessar umr., þá verði framkoma ríkisstj. í málum Háskólans á þessu þingi henni til harla lítils sóma. Af öllum þeim mörgu þörfum Háskólans, sem þarf að fullnægja, sér ríkisstj. ekki ástæðu til að gera annað heldur en það að stofna til embættis, sem Háskólinn hefur tvímælalaust enga sérstaka þörf fyrir og vill miklu heldur, að aðrar þarfir verði leystar á undan. En þetta er ekkert óeðlilegt. Það er þetta skilningsleysi á málum kennslustofnana þjóðarinnar, sem einkennir störf hæstv. ríkisstj. um þessar mundir. Ef hún hreyfir sig til þess að gera eitthvað, er það oft og tíðum vegna þess, að hún þarf að svala einhverjum persónulegum metnaði, hún þarf að koma einhverjum sérstökum manni að í embætti, og þá er rokið til að stofna þau, þá eru nógir peningar fyrir hendi, en þegar á að gera eitthvað, sem stofnanirnar sjálfar hafa farið fram á og talið er nauðsynlegt, þá eru engir peningar, og þá er ekki hægt að gera neitt, og þá er dregið von úr viti að verða við þeim óskum, sem fram eru bornar. Og ég endurtek þess vegna það, sem ég sagði hér áðan, að ég álít, að þetta mál sé hreint hneykslismál, að með tilliti til allra þeirra þarfa, sem Háskólinn þarf að fá leyst úr, þá skuli þeim vera svarað með því, að ríkisstj. flytur þetta eina mál hér á þinginu varðandi málefni hans. Háskólinn er slík stofnun, að hann verðskuldar sannarlega af hálfu Alþ. aðra meðferð heldur en þetta frv. ber vitni um af hálfu ríkisstj.

Hæstv. ráðh. var að segja, að það hefði orðið einhver fjölgun á kennurum við Háskóla Íslands á undanförnum árum, og það mátti næstum halda af hans ummælum, að honum fyndist þetta a. m. k. nógu mikið og jafnvel of mikið. Ég veit ekki, mér kemur þetta nú dálítið spánskt fyrir sjónir, vegna þess að hæstv. ráðh. hefur, eins og ég og margir fleiri, dálítið gaman af því að ferðast og fer nokkuð víða um. Og ef hann hefur kynnt sér, hvað er að gerast við háskóla úti í löndum í þessu sambandi, þá hefur aldrei átt sér stað önnur eins fjölgun á kennsluliði þeirra eins og núna seinasta áratuginn, svo að það væri undarlegt, ef ekki hefði fjölgað neitt kennurum hér við Háskóla Íslands, þar sem líka stúdentum hefur mjög fjölgað og þess vegna þörf fyrir miklu fleiri kennslukrafta. Hins vegar er ástandið þannig nú, að það er kannske að verða of fullt í sumum þeim deildum, sem eru við Háskólann, en það þarf að koma þar á fót öðrum deildum, sem kenna ýmis verkleg efni, og þar bíður okkar mjög mikið verkefni, og þess vegna hlýtur að verða mjög ör og mikil fjölgun á starfsliði Háskólans á næstu árum, ef við ætlum að fullnægja þeim þörfum, sem við höfum fyrir aukna þekkingu í sambandi við okkar atvinnuvegi á komandi árum.

Ég get ekki látið hjá líða að minnast enn á þau ummæli, sem hæstv. ráðh. viðhafði hér um nokkra háskólakennara í fyrri ræðu sinni eða fyrstu ræðu sinni. Hann dró að vísu nokkuð úr þeim núna, en ég verð að segja það, að ég minnist þess ekki, að ráðh. hafi haft jafnsterk orð um undirmenn sína eins og hæstv. ráðh. hafði. Og hann byggir þau meira og minna á útúrsnúningi, eins og hv. 6. þm. Reykv. benti á, því að í þessari tilvitnun sinni, sem hann las upp úr einhverri enskri alfræðiorðabók, kom það hvergi fram, að ættfræði væri sjálfstæð háskólagrein. En það er aðalfullyrðingin í umsögn þessara háskólakennara, sem ráðh. taldi sig vera að hnekkja. Það má vel vera, að það séu til heiðursembætti í ættfræði við einhverja háskóla og það sé það, sem þarna er átt við. En það kemur hvergi fram í þessum upplýsingum eða neinum þeim öðrum, sem ráðh. hefur minnzt á, að ættfræði sé til sem sjálfstæð háskólagrein. Og þess vegna er ég alveg hissa á því, að hæstv. ráðh. skyldi vera með aðrar eins fullyrðingar og þær, að þessir háskólamenn hefðu gefið Alþ. algerlega rangar og villandi upplýsingar, því að þessar umr. hafa einmitt leitt það í ljós, að þeirri meginfullyrðingu eða staðhæfingu, sem kemur fram í þeirra umsögn og ráðh. vitnaði til, er óhrundið enn. Og vegna þess að ráðh. taldi sig leggja svo mikla áherzlu á það, að það væri góð sambúð milli hans og Háskólans, sem ég skal ekkert segja um, ég hef ekki þekkingu til að dæma um það, þá álít ég, að hann ætti nú að ljúka þessum umr. með því að gera bragarbót og taka það aftur, sem hann hefur sagt of mikið um þessa háskólamenn.

Ég vil svo endurtaka þau tilmæli hv. 1. þm. Vestf. til forseta, að þessari umr. verði frestað, þangað til fyrir

liggur það álit lagadeildar, sem hæstv. ráðh. sagði, að lægi hér fyrir, þ. e. að deildin óskaði sérstaklega eftir stofnun þessa embættis og teldi, að það ætti að ganga fyrir öðrum embættum, sem hún mun hafa farið fram á að yrðu sett á stofn þar. Þetta álit hefur enn ekki borizt menntmrn., og mér finnst, áður en hún afgreiðir það endanlega, að þá væri mjög gagnlegt að fá það. Það gæti kannske orðið til að upplýsa þetta mál betur og þá jafnframt, hvaða kennsla það væri, sem þessi verðandi ættfræðiprófessor ætti að hafa með höndum. Það er eiginlega mjög fróðlegt að fá vitneskju um það. Ég satt að segja teldi líka, að það væri gott að fá álit háskólaráðs sjálfs um það, hvort það áliti, að með þeim takmörkuðu fjárráðum, sem ríkið getur nú veitt til aukinnar kennslu við Háskólann, eigi stofnun þessa embættis að ganga fyrir öllum öðrum, sem háskólaráð hefur farið fram á, að séu sett á stofn við Háskólann. Og mér finnst, að deildin geti ekki tekið endanlega afstöðu til málsins fyrr en þetta liggur fyrir, því að ef við viljum sýna Háskólanum þá virðingu, sem hann verðskuldar sem æðsta menntastofnun þjóðarinnar, þá á Alþ. ekki að leysa hans kennslumál með þeim hætti, að vegna persónulegra duttlunga, persónulegs metnaðar sé rokið til þess að stofna embætti, sem mjög takmörkuð þörf er fyrir eða engin þörf fyrir, en látið bíða að fullnægja öðrum miklu meira aðkallandi þörfum í sambandi við kennslumál hans. Það á að reyna að gera um þetta skipulagða heildaráætlun og framfylgja henni. Það eitt er samboðið þessari meginstofnun þjóðarinnar í menntamálum, en ekki að höfð séu slík vinnubrögð eins og þetta mál ber merki um.

Frsm. meiri hl. (Benedikt Gröndal): Herra forseti. Hv. 4. þm. Reykv. gerðist hér, eins og reyndar 6. þm. Reykv. hefur verið, allstórorður og gerði miklar kröfur í garð hæstv. ráðh. um það, að hann ætti að taka þau ummæli aftur, kallaði meðferð hans hneykslismál og annað slíkt. Ég get ekki svarað þessu á annan hátt heldur en að skora á hv. 4. þm. Reykv. að reyna að fylgjast örlítið með því, sem er að gerast í málefnum Háskóla Íslands, áður en hann stendur upp hér í sölum Alþ. og talar um þessi mál og afhjúpar þar svo að segja í hverri setningu, að hann veit ekkert, hvað er að gerast á þessu sviði. Og ég verð að gera það, sem verra er, ég verð að biðja hv. þm. að gera svo vel að reyna að fylgjast með því, sem er að gerast hér á Alþ., áður en hann ræðst með stóryrðum á ráðh. fyrir meðferð á málaflokkum þeirra.

Ég hef orðið var við það og fleiri þm., að það liggur fyrir þinginu hér í Ed. mikill lagabálkur, eða frumvarpsbálkur, um málefni Háskólans, sem fluttur er samkvæmt eindregnum óskum Háskólans sjálfs, og svo kemur þessi þm. hér upp og segir, að það eina, sem heyrist frá ríkisstj. um málefni Háskólans, sé þetta frv., sem sé svo fjarri lagi. Hv. þm. talar hér eins og hann sé með einhverja spánnýja hugmynd um, að það þurfi að taka málefni Háskólans til almennrar og algerrar yfirvegunar. Hann veit sýnilega ekki, að það er stór og fjölmenn nefnd búin að starfa í þessu í rúmlega 2 ár, og hún er sögð vera langt komin með sitt starf. Hv. þm. segir, að það eigi að gera áætlun um kennaraembætti við Háskólann, prófessorsembætti, og síðan eigi að framkvæma hana ár fyrir ár. Hann veit sýnilega ekki, að það eru þó nokkuð mörg ár síðan þessi áætlun var gerð, og núna undanfarin árabil hafa alltaf komið frv. öðru hverju frá ríkisstj., sem hann hefur tekið þátt í að afgreiða og samþykkja, því ég man ekki eftir mótatkvæðum, einmitt um fjölgun prófessorsembætta eftir áætlun, sem Háskólinn hefur gert sjálfur. Það er því algerlega út í hött, þegar hv. þm. stendur hér upp og er að ráðast á hæstv. ráðh. fyrir hluti, sem hvert mannsbarn, sem fylgist með málefnum Háskólans, veit, að ráðh. hefur verið að vinna að nú mörg undanfarin ár.

Eitt af fyrstu verkum þessa menntmrh. var að láta endurskoða háskólalöggjöfina, og síðan hefur ekki liðið það ár, að hér hafi ekki komið fleiri eða færri frv., og eins og hann sagði, þá hafa þau öll verið í fyllsta samstarfi við Háskólann og yfirvöld hans.

Ég vil undirstrika það, að það mál, sem hér er um að ræða, er tiltölulega lítið mál. Það gerist um allar jarðir, að háskólar sækjast eftir merkum fræðimönnum, sækjast eftir að fá þá inn í skólana til starfa, og það gerist um öll lönd, að til þess að þetta geti orðið, þá hagræða háskólar ýmsum smáatriðum, stofna embætti, stofna meiri eða minni stofnanir, rannsókna- og vísindastofnanir og kennslustofnanir innan háskólanna fyrir slíka menn, en það, sem er óvenjulegt við þessar umræður, er, að stjórnarandstæðingar grípa það hálmstrá, að fjórir háskólakennarar eru á móti þessu frv. og reyna að gera út úr því pólitískt moldviðri, og þessir menn, sem þykjast bera svo mikla umhyggju fyrir velferð Háskólans, ættu að íhuga það, að það er með þessu upphlaupi sínu, sem þeir eru að draga þetta mál niður í svaðið, og það er með þessu upphlaupi sínu, sem þeir eru að gera tiltölulega lítið mál að miklu deilumáli, og þeir skaða engan nema Háskóla Íslands á því.

Hv. 4. þm. Reykv. talaði um það, að ættfræðin væri ekki vísindagrein, og hann hefur auðvitað ekkert kynnt sér þetta frekar en það, hvað er að gerast í málefnum Háskólans eða hvað er að gerast í háskólamálum innan sala Alþ. Ættfræðin var lengi vel í mjög lausum böndum, og það var algengt að menn rækju ætt sína allt til Adams. Okkur þótti nú nóg að rekja ættir okkar hér á Íslandi til Noregskonunga. Það varð hreyfing á s. l. öld, komu þá upp nýir fræðimenn, sem settu ættfræðina í fastar og vísindalegar skorður, ákváðu reglur um það, hvernig vinna ætti, hvernig meta ætti heimildir, hvernig setja ætti upp ættartölur, og þetta er fullkomin vísindagrein, sem gæti verið mjög gagnleg fyrir fleiri en eina deild í Háskólanum, að væri þar kennd. Svo segir hv. 4. þm. Reykv., að það komi engin kennsla út úr þessu embætti, þar af leiðandi hafi Háskólinn enga þörf fyrir það. Hann er á svo frumstæðu stigi, að hann virðist ekki skilja það, að hálft hlutverk allra háskóla er rannsóknastarfið, svo að ég er hræddur um, að það séu ýmis fleiri störf við Háskólann og stofnanir hans, t.d. rannsóknastofnanirnar, sem færu að verða heldur lágt metnar hér á Alþ., ef þessi mælikvarði fáfræðinnar er borinn fram af stærsta stjórnarandstöðuflokknum. Og menn þykjast bera sóma af því að sýna slíkan málflutning hér á þingi. Ef þeir halda, að svona tal skaði yfirstjórn menntamálanna, þá vaða þeir villu og reyk. Það er líka út í hött að tala um, að lögfræði og ættfræði eigi ekkert sameiginlegt. Það eru til stofnanir í mörgum

löndum, sem eru fyrst og fremst ættfræðistofnanir, en eru tengdar lögfræðinni, dómstólum og öðrum slíkum málefnum, og eru til sem þjónustustofnanir fyrir þessar greinar. Þetta er í sambandi við erfðarétt og margt annað, sem skiptir meira eða minna máli í hinum ýmsu löndum. Og ef menn hafa hlýtt á upplestur hæstv. ráðh. úr einum fjórum stórum alfræðiorðabókum, sem eru nú venjulega fyrstu bækur, sem menn grípa til, þegar þeir ætla að kynna sér eitthvað, sem ekki er þeirra sérstaka sérgrein, þá var í öllum tilvikunum talað um ættfræðina sem aðstoðargrein lögfræði. Hún er þess eðlis, að hún getur átt erindi í a. m. k. fjórar deildir Háskólans þess vegna. En deildirnar eru nú ekki svo sjálfstæð ríki, að ekki sé hægt að stunda rannsóknastörf eða sækja kennslu í einstökum greinum, þó að mörkin á milli þeirra komi þar á milli.

Hv. 4. þm. Reykv. sagði, að hér væri land kunningsskapar og þetta mál mundi allt byggjast á því. Ég vil ítreka það, að með stórum þjóðum, sem ekki er hægt að kalla lönd kunningsskaparins, þá tíðkast það, að háskólar sækjast eftir góðum mönnum, og þeir gera miklu, miklu meiri hluti en hér er verið að gera til þess að fá þá til sín, og um leið er verið að skapa þessum mönnum aðstöðu til sinna fræðistarfa.

Nei, það er að sjálfsögðu ekkert hneykslanlegt við þetta mál, annað heldur en hinn furðulegi og hinn skaðlegi málflutningur stjórnarandstæðinga fyrir Háskólann.

Þórarinn Þórarinsson: Herra forseti. Ég skal nú ekki tefja tímann mikið úr þessu, enda hef ég litlu við að bæta. Það er rétt, sem hv. síðasti ræðumaður sagði, að það liggur fyrir Ed. frv., sem snertir Háskóla Íslands, en það fjallar ekki um þau atriði, sem við erum að ræða um hér, um aukna kennslukrafta við Háskóla Íslands, en það er að sjálfsögðu það mál, sem við ræðum fyrst og fremst um hér. Samkv. því er ekki lagt til að auka neitt kennslukrafta við Háskóla Íslands, það fjallar um allt önnur mál. Það fjallar um skipulag hans og aukna þátttöku nemenda í stjórn Háskólans o. s. frv., en það er óviðkomandi þeim efnum, sem við erum að tala um hér, sem snýst um það, hvaða embætti á að ganga fyrir, þegar bætt er við nýjum embættum við Háskóla Íslands, og það er það, sem við höfum rætt hér, en í því frv., sem liggur fyrir Ed., er ekki verið neitt að fjalla um það atriði, svo að hér er um hreinan útúrsnúning að ræða hjá hv. ræðumanni.

Annars er það orðið mjög skrýtið að hlusta á þessa tvo meðmælendur þessa frv., því þeir segja orðið dálítið sitt á hvað. Hæstv. menntmrh. hélt því t. d. mjög ákveðið fram, að hann teldi það vera miklu réttara, að þetta embætti fylgdi heimspekideildinni, og sagðist vera mjög undrandi yfir því, að háskólaráð væri á annarri skoðun, og hann sagði, að öll ríkisstj. væri þessa sama sinnis. Nú vitum við það, að formaður ríkisstj., einn af okkar beztu lögfræðingum, virðist samkvæmt þessum upplýsingum hæstv. menntmrh. vera þeirrar skoðunar, að lögfræði og ættfræði eigi ekki neitt sérstaklega saman, vegna þess að það hefur verið hans tillaga, að þetta embætti hyrfi undir heimspekideildina, svo að hér stangast alveg á skoðun hæstv. 5. þm. Vesturl. og ríkisstj. Þetta er lítið dæmi um það, sem hér er um að ræða. Annars er niðurstaðan sú, hvort sem menn ræða þetta lengur eða skemur, að eina embættið við Háskólann, sem þetta Alþ. stofnar sérstaklega samkv. till. ríkisstj., er þetta embætti. Öll önnur, sem Háskólinn hefur farið fram á og talin eru miklu nauðsynlegri, eru látin bíða.

Hv. 5. þm. Vesturl. talaði eins og ég hefði ekki fylgzt með því, að við höfum á undanförnum árum samþ. lög um fjölgun prófessorsembætta. Ég vitnaði einmitt í það í þeim ræðum, sem ég hef haldið, að við höfum á undanförnum þingum veitt Háskólanum heimild til þess að stofna til nýrra kennsluembætta eða prófessorsembætta, en þó með því skilyrði, að þau yrðu ekki veitt fyrr en fjárveiting væri veitt í því skyni. Þar af leiðandi er ástandið þannig nú, að í gildandi l. er heimild til þess að stofna fjölmörg prófessorsembætti, sem Háskólinn telur vera mjög aðkallandi, en fær þó ekki að ráða menn í, vegna þess að sérstök fjárveiting er ekki veitt til þess. Og það gefur auga leið, að ef sú lausn væri viðhöfð, sem hér er lagt til, þá yrði þeim launum, sem þessi maður fengi, bætt við þær launagreiðslur, sem eru reiknaðar Háskólanum, og yrðu tvímælalaust til þess, eins og kennararnir benda á, að tefja fyrir því, að veitt yrði í önnur embætti, sem Alþ. er þó búið að veita heimild til, með þeim fyrirvara, sem ég minntist á hér áðan, og ég hef aldrei skilið það, og hæstv. ráðh. hefur aldrei gefið neina skýringu á því, að það sé ekki hægt að fullnægja þörfum eða fullnægja því máli, að Einar Bjarnason geti gefið sig sérstaklega að erfðarannsóknum, öðru vísi heldur en að stofna fyrir hann prófessorsembætti. Það er upplýst, að það er laust embætti æviskrárritara, sem einmitt hentaði slíkum manni sem Einari Bjarnasyni, og það mætti þá athuga í sambandi við launakjör, hvort það væri ekki fullnægjandi lausn, ef þau standa þar í veginum. En þessi aðferð er ekki viðhöfð. Af hverju? Það hefur engin fullnægjandi skýring komið á þessu. Það er alveg augljóst, að það er einhver persónulegur metnaður, einhverjar persónulegar ástæður, sem valda því, að þessi leið er farin, sem augljóslega mun hafa í för með sér, að það gengur út yfir Háskóla Íslands og verður til að tefja fyrir, að önnur nauðsynlegri embætti verði sett þar á stofn.

Mér er nákvæmlega sama, hvaða ummæli ráðh. og hv. 5. þm. Vesturl. viðhafa um okkur, sem höfum mótmælt þessu frv., en ég held, að þegar menn athuga þetta óhlutdrægt, hvort heldur er nú eða síðar, þá verði það hæstv. ríkisstj. til lítils sóma, að þetta er eina embættið við Háskólann, sem hún hefur stofnað til á þessu þingi og er látið ganga fyrir mörgum öðrum, sem eru tvímælalaust miklu nauðsynlegri, og bæði háskóladeildir og stúdentar sérstaklega á móti, en það er ekki minnzt á það t. d. í þessu sambandi, að stúdentar hafa sérstaklega mótmælt þessu frv. Stúdentar eru þeir aðilar í Háskólanum, sem kannske finna enn þá betur til þess en kennararnir, hvar kennslunni er ábótavant. Þeir hafa farið fram á það, að kennsla verði aukin í ýmsum fræðigreinum við Háskólann og telja það nauðsynlegt, til þess að þeir fái betri skilyrði til náms. Þess vegna er það, sem þeir hafa mótmælt þessu frv. Það eru ekki

stjórnarandstæðingar, sem eru einir um þessi mótmæli. Þau koma einnig frá þeim mönnum, sem njóta kennslu við Háskólann og gerst þekkja til, hvar skórinn kreppir að. Það er verið að bera okkur á brýn, mér og hv. 6. þm. Reykv., að við séum að mótmæla þessu frv. af einhverjum pólitískum ástæðum, einhverjum furðulegum ástæðum, einhverjum óskiljanlegum ástæðum. Hvað vilja þá menntmrh. og 5. þm. Vesturl. segja um mótmæli stúdentanna? Stafa þau af einhverjum annarlegum hvötum? Nei, þau stafa af því einu, að þessir menn, stúdentarnir, sem stunda nám við Háskóla Íslands, þeir þekkja miklu betur til þessara mála heldur en bæði 5. þm. Vesturl. og hæstv. menntmrh., og það er vegna þess, að þeir hafa þekkinguna á þessum málum, sem þeir mótmæla frv., en ekki vegna þess, að þeir stjórnist af annarlegum persónulegum hvötum, eins og þessir tveir þingmenn.

Umr. frestað.

Á 77. fundi í Nd., 15. apríl, var frv. tekið til frh. 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 78. fundi í Nd., 17. apríl, var fram haldið 2. umr. um frv.

Frsm. meiri hl. (Benedikt Gröndal): Herra forseti. Við fyrri hl. þessarar umr. var um það spurt, hvort lagadeild Háskóla Íslands væri reiðubúin að taka við því prófessorsembætti í ættfræði, sem frv. fjallar um. Svarað var, að það hefði verið kannað og mundi deildin vera reiðubúin til þess, en um formlega ákvörðun deildarinnar hefði ekki verið að ræða. Í tilefni af þessu skrifaði menntmn. Nd. Háskóla Íslands og óskaði eftir staðfestingu á því, að lagadeild væri reiðubúin til þess að samþykkja, að þetta embætti yrði þar sett. Rektor Háskólans, Ármann Snævarr, hefur í dag skrifað menntmn. svo hljóðandi bréf:

„Borizt hefur bréf hv. menntmn. Nd. Alþ. frá 15. apríl um prófessorsembætti það, sem um ræðir í 117. þingmáli. Erindið hef ég sent lagadeild, og leyfi ég mér hér með að senda bréf, sem borizt hefur frá deildinni.

Virðingarfyllst,

Ármann Snævarr, rektor."

Bréf lagadeildar hljóðar svo:

„Reykjavík, 16. apríl 1969.

Lagadeild hefur í dag rætt bréf menntmn. Nd. Alþ. til háskólarektors, dags. 15. apríl. Gerð var þessi ályktun:

Lagadeild fellst á, að prófessorsembætti það, sem um ræðir í bréfi menntmn., verði tengt lagadeild. Deildin tekur jafnframt fram, að hún telur lögfestingu þessa embættis, ef til kemur, óviðkomandi áætlun deildarinnar og háskólaráðs frá 1964 um fjölgun prófessorsembætta í lagadeild. Væntir hún þess, að fé verði veitt á fjárlögum næsta árs til að skipað verði í prófessorsembætti það, sem lögfest var með lögum nr. 27 frá 29. apríl 1967.

Virðingarfyllst,

Þór Vilhjálmsson,
deildarforseti."

Frsm. minni hl. (Magnús Kjartansson): Herra forseti. Mér þótti dálítið forvitnilegt að fá fréttir hér úr þessum ræðustól um bréf, sem sagt var, að ég hefði staðið að að senda, og bréf, sem ég hefði fengið. Ég á sæti í menntmn., og þessi bréfaskipti hafa ekki verið rædd í n. Þetta segi ég ekki til að amast neitt við þessu frumkvæði form. n. Það er alveg sjálfsagt, en það er hans verk. Hins vegar staðfesta þessi bréf ofur einfaldlega, að málið var ekki lagt fyrir lagadeild formlega fyrr en í gær, og staðhæfingar um annað, sem við höfum heyrt hér í umr., hafa þar með ekki verið réttar.

Ég ætla ekki að lengja umr. um þetta mál, þær einkennilegu umr., sem hæstv. menntmrh. efndi hér til fyrir skömmu. Það er aðeins eitt atvik, sem mig langar til að vekja athygli á. Ég las í forystugrein í Alþýðublaðinu daginn eftir þessar umr. á þingi fordæmingu yfir stjórnarandstæðingum, eins og komizt var að orði, sem væru að gera mikið veður út af ákaflega ómerkilegu máli, og í gær heyrði ég hæstv. menntmrh. fara að tala um þetta einnig í sambandi við umr. um málefni iðnnema, að þetta væri furðuleg stjórnarandstaða, sem leyfði sér að vera með löng ræðuhöld af jafnómerkilegu tilefni. Nú er ég í sjálfu sér sammála, bæði hæstv. ráðh. og Alþýðublaðinu um það, að þetta frv. er ómerkilegt, en þetta er ekki frv., þar sem stjórnarandstaðan er að deila við ríkisstj. Slíkur málatilbúnaður er alger fjarstæða. Þetta mál á ekkert skylt við, hvernig menn skiptast í stjórnmál á Íslandi. Það er alger firra að tala um þetta mál sem eitthvert ágreiningsmál milli ríkisstj. og stjórnarandstöðu. Það er gert of mikið af því hér á þingi að gera mál, sem í eðli sínu eru algerlega ópólitísk, að pólitískum málum á þennan hátt, og það er viðhorf, sem menn eiga að venja sig af.

Hins vegar veit ég fullvel, hvað á bak við þetta er. Á bak við þetta er það, að hæstv. menntmrh. veit fullvel, að mikill meiri hluti alþm. telur þetta frv. vera algera fjarstæðu. Hann veit, að eina vonin til að koma því fram er, að hann geti hagnýtt flokkahandjárn, að stjórnarflokkarnir telji það skyldu sína að fylgja þessu máli, líka menn, sem eru andvígir því. Flokkahandjárn eru stundum nauðsynleg, en það er alger afskræming á þingstörfum að ætla að beita þeim í sambandi við mál eins og þetta, og það er mjög misskilið sjálfsálit, ef hæstv. menntmrh. telur, að honum sé það til minnkunar, þó að frv. eins og þetta félli. Það er ekki nokkur minnsta minnkun. Hæstv. ráðh. á að vera reiðubúinn til þess að bera mál eins og þetta á frjálslegan hátt fyrir þm. og láta það ráðast, hvað þeim sýnist.

Ég hef áður sagt, að mér finnist þetta mál vera Alþ. til lítils sóma, en ef einnig á að afgreiða það með flokkahandjárnum, þá held ég, að Alþ. setji ofan í vitund almennings, og er þó naumast á mannorð Alþ. bætandi á því sviði.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð til þess að leiðrétta þau ummæli hv. síðasta ræðumanns, að þetta mál hafi ekki verið lagt formlega fyrir lagadeild fyrr en í gær. Þetta er misskilningur. Málið var rætt áður á 2 fundum í lagadeildinni, að því er bæði rektor Háskólans og forseti lagadeildarinnar tjáðu mér á sínum tíma og endurtóku við mig daginn eftir að umr. fóru hér síðast fram um

þetta efni. En ástæða hafði þá ekki þótt til á hvorugum fundinum að gera sérstaka ályktun um málið, en forseti lagadeildarinnar skýrði hins vegar í háskólaráði frá þeirri skoðun lagadeildarinnar, að hún væri því samþykk fyrir sitt leyti, að prófessorsembættið yrði í lagadeild, og forseti lagadeildarinnar greiddi atkv. með þeirri ályktun í háskólaráði, að þess yrði óskað við hið háa Alþ., að prófessorsembættið yrði í lagadeild í stað þess að vera í heimspekideild, eins og ríkisstj. hafði lagt til. Það var því vitað áður, að lagadeildin vildi fyrir sitt leyti samþykkja það, að embættið væri í lagadeild, þótt formleg samþykkt í deildinni lægi ekki fyrir. Þess vegna var það sem fundur var haldinn, ég held í gær, í tilefni af fsp. eins hv. þm. hér, til þess að á því þyrfti enginn vafi að leika, að lagadeildin vildi fyrir sitt leyti samþykkja, að prófessorinn væri í þeirri deild, þótt áður hefði verið gert ráð fyrir öðru.

Hv. þm. sagði enn, að þetta mál væri fjarstæðukennt. Ég þykist vita, að það, sem hann á við í því efni, er það eitt, hvar prófessorinn er staðsettur innan Háskólans. Þessi hv. þm. hefur áður tekið undir það efnislega, að það sé skynsamlegt og eðlilegt að hafa embætti við Háskólann í ættfræði, og hann hefur eins og við var að búast tekið undir eða er mér eins og við er að búast algerlega sammála um sérstaka hæfni Einars Bjarnasonar til þess að gegna slíku embætti. Eina deilumálið í sambandi við þetta er það, hvar prófessorinn skuli vera staðsettur. Hann hefur aldrei sagt, þessi hv. ræðumaður, hvað hann telji rétt í þeim efnum. Ég hef sagt, hvað ég tel rétt í þeim efnum. Ég tel, að maðurinn eigi heima í heimspekideild, enda lagði ég það til í upphafi. Það er hugmynd Háskólans sjálfs og beiðni Háskólans sjálfs, að hann sé ekki í heimspekideild, heldur í lagadeild. Ég taldi rétt að taka það tillit til Háskólans fyrir mitt leyti, að embættið skuli vera í lagadeild, og það, sem þessi hv. þm. og fleiri finna að frv. og í raun og veru gerir það að verkum, að þeir telja það vera fjarstæðukennt, jafnvel hlægilegt, eru till. Háskólans í sambandi við málið, en ekki mínar till. eða till. ríkisstj. Sá þáttur þess, sem gerir málið fjarstæðukennt í hans augum, ef ég hef skilið orð hans rétt, og ég hygg, að öðruvísi sé ekki hægt að skilja þau, eru till. Háskólans í málinu.

En þegar öllu er á botninn hvolft, þá virðumst við hv. 6. þm. Reykv. vera sammála um flest atriði, ef skurnin er tekin utan af efni málsins. Við erum sammála um það, að það sé mjög eðlilegt og tímabært, að stofnað sé við Háskólann embætti í ættfræði sem upphaf að því að efla ættfræði- og erfðafræðirannsóknir við Háskólann. Við erum sammála um það, að Einar Bjarnason sé sérstaklega vel hæfur til þess að taka þetta embætti að sér, og við erum báðir sammála um það, að það sé ekki sú eðlilega skipan, að embættið sé í lagadeild. Við erum sammála um það. En engu að síður hef ég viljað taka það tillit til óska Háskólans í þessu að samþykkja frv. í þessu formi, þó að í sjálfu sér hefði ég kosið að hafa það öðruvísi. Það er hins vegar mjög mikill misskilningur, að meiri hl. þm. sé í raun og veru á móti málinu og það sé verið að beita einhverjum stjórnarþvingunum, einhverjum handjárnum á stuðningsmenn ríkisstj. í málinu. Ég get í því efni skýrt frá því, að þegar málið fyrst bar á góma fyrir meira en ári, áður en það var flutt, ræddi ég málið við forystumenn stjórnarandstöðunnar, vegna þess að ég gerði mér auðvitað ljóst, að þar er um mál að ræða, þar erum við enn sammála, hv. 6. þm. Reykv., sem ekki á skylt við deilur milli stjórnar og stjórnarandstöðu. Og ég fékk góðar undirtektir undir hugmyndina hjá formönnum þingflokka beggja stjórnarandstöðuflokkanna, góðar undirtektir undir hana. Atvikin hafa hagað því þannig af einhverjum ástæðum, — ég skal engum getum að því leiða, hvað það er, hvort það er tilraun til þess að vera á móti því, sem ríkisstj. beitir sér fyrir eða ráðh. beitir sér fyrir, eða eitthvað annað, ég skal alveg láta það liggja á milli hluta, — að almennt fylgi hefur ekki reynzt fyrir málinu hjá stjórnarandstöðunni. Mér er einnig kunnugtum það, að á meðal stuðningsmanna stjórnarinnar er einhver andstaða gegn málinu. Ég hef ekkert við það að athuga. Hitt eru mér nokkur vonbrigði, að jákvæðar undirtektir formanna þingflokka stjórnarandstöðunnar fyrir rúmu ári hafa reynzt minni á borði heldur en þær voru í orði við mig fyrir rúmu ári. En það verður að sjálfsögðu að hafa sinn gang.

Hitt tel ég mjög miður, ef ágreiningur um það, hvar prófessornum er ætlaður staður innan Háskólans, verður til þess að spilla fyrir máli, sem annars er tvímælalaust þarft mál og gott. Og ég vil enn að síðustu vekja athygli á því, að sú gagnrýni á frv., sem að þessu lýtur, er ekki gagnrýni á skoðun ríkisstj., heldur gagnrýni á till. Háskólans.

Frsm. meiri hl. (Benedikt Gröndal): Herra forseti. Ég vil aðeins láta það koma fram, að skömmu fyrir jólafrí var samþ. í menntmn., ef ég man rétt, með atkv. allra viðstaddra nm. að senda þetta frv. til umsagnar Háskóla Íslands, og sú umsögn var lögð fram við 2. umr. Við þessa umr. óskaði einn af nm. eftir frekari upplýsingum, og ég skrifaði til Háskólans sem formaður n. og bað um þær upplýsingar og fékk þær. Ég tel, að ég hafi gert þetta í fullu umboði allrar n., þ. á m. 6. þm. Reykv., og hann þurfti ekki af sinni — ja, ég vil ekki segja náttúru að sparka í menn jafnvel fyrir það að framkvæma hans eigin vilja.

Ég vil endurtaka það, að það er skoðun mín, að sá skollaleikur, sem verið hefur hér í sölum Alþ. um þetta frv., sé fyrst og fremst frá stjórnarandstöðunni kominn, eða hvaða ályktanir eiga menn að draga af því, þegar tveir af málglöðustu talsmönnum stjórnarandstöðuflokkanna hefja hér upp stórumr. og nota þetta sem tækifæri til næstum móðursýkislegra árása á menntmrh.? Málsmeðferðin öll ber þess vitni, að þeir eru að reyna að gera málið að pólitísku máli, sem þeir vonast til að hafa pólitískan hagnað af, og þeir hugsa ekki um neitt annað.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Ég á sæti í þeirri n., sem fjallaði um þetta mál, en átti þess ekki kost sökum anna að mæta á þeim fundi eða fundum, sem afgreiddu þetta mál. Mér þykir rétt að láta skoðun mína og afstöðu til málsins koma fram, áður en umr. lýkur, og skal gera það í örstuttu máli.

Ég hef raunar ekki öðlazt skilning á því enn, hvernig unnt sé nema að nafninu til að gera ættfræði að kennslugrein við háskóla, skil það ekki. Ég á enn verra með að skilja, að það sé hægt að gera ættfræði að

rannsóknagrein við háskóla, og skortir því allan skilning á eðli málsins. Ég hefði getað skilið þennan frv.-flutning, ef það hefði verið um að stofna til mannfræðirannsókna við Háskóla Íslands og sérfræðingur í mannfræði hefði verið hugsaður til starfsins og síðan notuð aðstaða okkar dvergsmáa þjóðfélags og sú þekking, sem hér er til um ættfræði, til aðstoðar við þá háskólagrein. En frv. er ekki um þetta. Efnislega er ég því andvígur málinu í þessu formi, sem það er, og við það bætist svo, að mér finnst alveg furðu gegna sú handabakaafgreiðsla hjá Háskóla Íslands, sem orðið hefur á þessu máli. Leitað er hans umsagnar. Hún kemur jákvæð. Síðan er það borið undir þá háskóladeild, sem málinu var ætlað að eiga heima í, og sú háskóladeild er málinu alveg andvíg og mótmælir — mér skilst meira að segja, að þeir prófessorar í þeirri deild, sem sjaldan geta orðið sammála, hafi orðið sammála um þetta, að í þessari deild ætti málið ekki heima og þeir mótmæli því. Þá er borið niður í annarri deild Háskólans og farið fram á það, að þetta barn verði viðurkennt þar, en það tekur þá þrjá fundi þangað til hægt er að fá út úr þeim jákvætt svar. Ég er þeirrar skoðunar, að þetta mál beri hér ekki rétt að og hafi fengið furðulega afgreiðslu innan Háskólans og efa mjög, að við þjónum þeim mannfræðirannsóknum, sem ástæða væri til að framkvæma á vísindalegan hátt hér á landi með aðstoð þeirrar ættfræðiþekkingar, sem einnig er hér fyrir hendi, með því formi, sem málið er í. Ég lýsi því yfir minni andstöðu við þetta mál og teldi skynsamlegast, að málinu væri kippt til baka.

Frsm. minni hl. (Magnús Kjartansson): Herra forseti. Ræðutíma mínum er raunar lokið samkv. þingsköpum, og ég skal ekki segja mörg orð. En ástæðan til þess, að ég kvaddi mér hljóðs engu að síður, voru ummæli hv. 5. þm. Vesturl., sem voru undarlega hvatvís í minn garð. Hann hélt því fram, að ég hefði sem stjórnarandstæðingur vakið hér upp móðursýkislegar árásir á hæstv. menntmrh. Þessu fer mjög fjarri. Eina ástæðan til þess, að ég tók til máls um þetta mál, er sú, að ég á sæti í þeirri n., sem fjallar um þetta frv., og ég tók að mér framsögu fyrir minni hl. þessarar n. Ég var einvörðungu að gegna þingskyldu minni með því að taka þátt í umr. um þetta mál, og ég gerði grein fyrir afstöðu minni til málsins á algerlega málefnalegan hátt og færði til þau rök, sem mér voru tiltæk í fyrstu ræðu minni. Ástæðan til þess, að síðan urðu dálítið einkennilegar umr., var sú, að hæstv. menntmrh. rauk upp með furðulegum árásum á prófessora Háskólans, fjarstadda menn, menn, sem ekki áttu þess nokkurn kost að bera hönd fyrir höfuð sér, og ég taldi ástæðu til þess bæði að mótmæla þessum sjónarmiðum hæstv. ráðh. og að víta þessa framkomu hans, og mér finnst hún enn þá mjög ólík venjulegri framkomu hans. En út af því, sem hæstv. ráðh. sagði áðan, að okkur bæri ekki mikið á milli, þá þykir mér rétt að skýra það örlítið nánar, þó að ég gerði raunar grein fyrir því í fyrstu ræðu minni. Ég sagði þar, að mér hefði þótt skemmtileg sú hugmynd, sem fram hefði komið, að hægt væri að tengja saman hinn feiknalega ættfræðiáhuga Íslendinga og sérstakar rannsóknir á erfðafræði og arfgengum sjúkdómum. Að þessu hefur verið unnið af erfðafræðinefndinni, og ég taldi það í sjálfu sér skynsamlega tilhögun að færa æviskrárritaraembættið, þannig að það nýttist þessari erfðafræðinefnd. En eins og þetta mál liggur nú fyrir, er ekki nokkur minnsta trygging fyrir því, að erfðafræðinefnd nýtist þetta embætti að nokkru minnsta leyti. Í þessu frv. eru ekki nein ákvæði um það, að þessi prófessor eigi að gegna störfum í erfðafræðinefnd. Ég hef talað við menn í erfðafræðinefnd og spurt þá gagngert um þetta, og þeir segjast ekki telja, að þetta frv. sé borið fram í þeirra þágu, og þeir segja, að það sé engin trygging fyrir því, að þeim nýtist þessi nýja skipan. Frv. fjallar einvörðungu um það að stofna prófessorsembætti við lagadeild Háskólans og sá prófessor, sem þar er, á að gegna venjulegum prófessorsstörfum, væntanlega flytja fyrirlestra og gegna rannsóknum, sem hann gerir vafalaust með prýði, en þetta kemur ekkert við hinni upphaflegu hugmynd. Ég bauð hæstv. ráðh. upp á það, þegar ég talaði hér fyrst, hvort við gætum ekki tekið upp samvinnu um það að leysa þetta mál á þann hátt, sem fyrirhugað var í upphafi, með því að tengja þetta við erfðafræðinefndina. Ég er enn þá reiðubúinn til þeirrar samvinnu, ef hæstv. ráðh. sýnist svo.

Forsrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Ég skal ekki blanda mér mikið í þessar umr., sem nánast sagt eru skoplegar að sumu leyti. En ég vildi láta undrun mína uppi hér yfir því, að það skuli sagt á Alþ. Íslendinga, að ættfræði teljist ekki meðal vísinda. Ég hygg, að það séu einmitt þau vísindi, sem Íslendingar hafi iðkað mest frá því, að byggð hófst hér, og talið sér einna mest og helzt til gildis, að þeir hafi kunnað skil á ætt sinni betur heldur en allar aðrar þjóðir. Það má endalaust deila um það, hvað teljist vísindi eftir einhverri ákveðinni skilgreiningu. Ég las eftir ungan heimspeking viðtal fyrir skömmu í blaði, þar sem hann taldi meginhluta hinnar gömlu heimspeki langt fyrir utan öll vísindi. Þannig koma ætíð nýjar kenningar upp, en fróðleikur um ættfræði hefur ætíð verið stolt Íslendinga og þau fræði, sem þeir hafa kunnað bezt. Og það verður ekki af skafið, að af öllum Íslendingum hefur Einar Bjarnason komizt lengst í því að beita vísindalegum aðferðum við ættfræði, og alveg tvímælalaust er hann bezt að sér í þeim efnum allra manna hér á landi nú, og þó ekki væri annað, þá hygg ég, að það sé illa varið – ég segi það eins og það er, ég hygg, að það sé illa varið tíma þessa mjög fjölfróða manns í ættfræði, að hann verji sínum starfskröftum til endurskoðunar ríkisreikninga, sem margir menn geta unnið að. Ég tek fram, að það á ekkert skylt við að losa það embætti öðrum til handa, heldur tel ég það illa farið, að þessi maður, sem er gæddur sérstökum fróðleik og gáfum í þessum efnum, skuli ekki fá notið þeirra sjálfum sér og þjóðinni allri og ættarvísindum á Íslandi til gagns.

Það er engin nýjung, að það sé verið að stofna háskólaembætti bundið við einstakan mann, það var gert t. d. á sínum tíma um svo merkan mann sem dr. Guðmund Finnbogason. Þá voru ámóta harðar umr. hér á þingi, fyrir einum rúmum 50 árum, um þörf á því embætti. Því var haldið fram, að vinnuvísindi, sem starf hans var tengt við, væru engin vísindi og væri hégóminn einber. Ég hygg, að það hafi verið Háskólanum til

hróss, að Guðmundur Finnbogason starfaði við hann, og það hafi einmitt sýnt framsýni þm. þá, að þeir stofnuðu embætti, sem í þessari grein var bundið við þann eina Íslending, sem þá hafði kynnt sér þau efni, sem segja má, að mikill hluti framfara nú á dögum byggist á, að kunna að beita vinnuaflinu betur heldur en áður var gert. Það mætti segja, að sumar af kenningum Guðmundar Finnbogasonar hafi kannske reynzt barnalegar miðað við það, sem síðar hefur orðið. En hann var á réttri braut, og Alþ. var á réttri braut með stofnun þessa embættis, bundið við þann ákveðna mann, vegna þess að þá höfðu ekki aðrir skilyrði til þess að inna það verk af höndum, auk þess sem menn vildu sýna þeim manni sérstaka virðingu og sæmd, sem hana átti skilið, alveg á sama hátt eins og ég tel, að Einar Bjarnason eigi, — hann er að vísu gamall kunningi minn, en ég er enginn upphafsmaður þessa máls.

En ég get ekki orða bundizt, þegar verið er að gera lítið úr ættfræði og gera málið skoplegt, þeim fræðum, sem Íslendingar hafa stundað sér mest til ánægju og almenningur kann betur skil á hér heldur en nokkurs staðar annars staðar, og um er að ræða tvímælalaust þann mann, sem bezt er að sér í þeim fræðum nú, og sennilega þann, sem bezt hefur verið að sér frá upphafi á Íslandi, e. t. v. að föður hans heitnum einum undanteknum.

Björn Pálsson: Herra forseti. Ég er ekki vanur að tala mikið í skólamálum hér. Ég er heldur ekki í menntmn. og hef verið svo lánsamur að eyða ekki miklum hluta af ævinni í að sitja á skólabekkjum og er forsjóninni þakklátur fyrir það, að ég eyddi ekki orkunni í það. Ástæðan til þess, að ég tala hér í þetta skipti, er, að mér finnst þessi málflutningur dálítið skoplegur. Menntmrh. var hér að lesa í gær eða fyrradag upp úr enskri alfræðiorðabók. Þar kom í ljós, að þetta voru akademisk fræði og prófessorar víst í þeim. Það var nefnt eitt dæmi, það var í Þýzkalandi. En þetta er bara ensk alfræðiorðabók, og það virtist þess vegna ekki vera hjá Bretum og sennilega ekki víðar, fyrst Þýzkaland var sérstaklega tilgreint. Nú þurfti sú ágæta þjóð sérstaklega á þessu að halda. Þeir voru að finna Júðana til þess að geta sálgað þeim, þannig að það var eðlilegt, að þeir þyrftu — ég skil ekki annað en þeir hafi þurft marga prófessora í þessu. En þá átti nú stórveldið Ísland að fara að taka sér þetta stóra ríki og mikla menningarland til fyrirmyndar og setja líka upp prófessoraembætti, sennilega vegna þess hvað við höfum góðan fjárhag og erum stórþjóð. Mér finnst þetta dálítið skoplegt. Jafnframt hældi þessi hæstv. ráðh. sér af því, að kennurum og prófessorum við Háskólann hefði fjölgað eitthvað um 96 skildist mér, ég man það nú ekki alveg upp á víst, ég skal ekki ábyrgjast það, en það var nálægt því, úr eitthvað 46 eða um eitthvað ⅔, og hinn raunverulegi kostnaður við Háskólann hefði aukizt um 250% í hans tíð, 12 árum. Þetta er ekki svo ólaglega gert.

Ég hef komið hér oft í pontuna og varað við þessari miklu eyðslu hjá ríkisstj. og gert það ekki af neinni illkvittni og sagt þeim hreinskilnislega, að ég áliti, að gjöldin væru orðin svo há, að þjóðin risi ekki undir þeim nema í góðærum eins og 1965. Hvað kemur á daginn? Þegar hallar undan fæti — það er aldrei hægt að búast við toppári hvað snertir bæði afla og verðlag — þá er ekki hægt að rísa undir þessu, og þá er krónan lækkuð. Hún var lækkuð á einu ári um allt að því helming. Þetta er það, sem skeður. Hún var fyrst og fremst lækkuð til þess að fá fleiri krónur í ríkissjóð. Það vitum við, sem þekkjum til í atvinnulífinu, að það var hægt að bjarga sjávarútveginum á annan hátt. Út af þessari miklu eyðslu hjá ríkinu vofir yfir, ég vil ekkert fullyrða um allsherjarverkfall, en skæruhernaður a. m. k. Ég verð að segja það, að ég er á móti verkföllum og tel þau algerlega ótímabær. En mér finnst launþegar hafa sýnt bara mikla þolinmæði, og ég vil, að þær raddir heyrist. Það er ekki hægt að neita því, að þeir reyna að komast hjá því að gera skaða af útflutningsafurðum og hefja ekki allsherjarverkfall nú, þegar vertíðin stendur yfir. Það megum við vera þakklátir fyrir. Við vitum allir, að við erum orðnir stórskuldugir. Við eigum enga gjaldeyrissjóði. Það hefur verið illa haldið á fjárfestingarmálum. Annars ætla ég ekki að fara út í það í einstökum atriðum nú, en okkur veitir ekki af okkar aurum. Þá finnst mér það hálfskoplegt, að við ætlum að fara að stofna viðbótarprófessorsembætti við Háskólann í viðbót við þessi 96, sem menntmrh. er búinn að búa til á 12 árum. Og þá er aðallega vitnað í eitt stórveldi, það eru Þjóðverjar. Þeir höfðu á Hitlersdögunum eða eitthvað um það leyti prófessora í þessum fræðum. Ég er ekkert að gera lítið úr ættfræði í sjálfu sér eða skopast að henni, fjarri því. En við erum bara betur að okkur í ættfræði en nokkur önnur þjóð sennilega. Það gerir fámenni okkar. Þetta hefur verið tómstundavinna. Ætli það geti ekki bara flestallir, a.m.k. mjög margir, rakið ætt sína til landnámsmanna. Höfum við þá að gera með nokkurn sérstakan prófessor í þeim fræðum? Ég býst ekki við, þó að Einar Bjarnason sé vafalaust fær maður á þessu sviði — annars þekki ég þann mann ekkert, ég ætla ekki að gera lítið úr honum — að hann verði klókari en aðrir, þegar komið er aftur fyrir landnámstíð, að rekja réttar ættir, þannig að við fræðumst nú lítið á þessu prófessorsembætti, og ekki þarf að skapa neina sérstaka kennara í þeim fræðum. Háskólakennurunum hefur fjölgað og prófessorunum. Hefur þjónustan batnað? Ég dreg það í efa. Þegar ég var drengur, höfðum við presta nokkurn veginn. Þeim má nú líklega fækka, og hefði verið hægt að koma þeim málum betur fyrir. Við höfðum lækna úti á landsbyggðinni. Nú fást þeir ekki nægilega margir. Sýslumenn fást enn þá, raunar misvitrir. Það er af því að við höfum svo mikið af lögfræðingum, að við vitum ekkert, hvað við eigum við þá að gera. Ég held nefnilega, að menntamálin séu að fara í hreinar ógöngur. Þau eru svo ópraktísk og annað það, að það er ekki réttur andi ríkjandi í Háskólanum. Ég veit ekki betur en rektorinn sé upptekinn í alls konar störfum öðrum. Ég veit ekki betur t. d. heldur en hann sé formaður fasteignanefndar ríkisins, og sé í ótal nefndum og ráðum, þannig að hann hafi takmarkaðan tíma til að kenna. Væri ekki ráð að hafa prófessorana heldur færri, láta þá vinna betur og borga þeim, svo að þeir gætu lifað á því, en þeir ættu ekki að vera að snapa upp ótal hjáverk til þess að geta lifað? Ég held, að það væri réttara, og senda hina út á landsbyggðina og láta þá gerast þar forystumenn við útgerð og verzlun og annað slíkt. Ætli það væri ekki

þarfara? Það eru sum byggðarlög þannig, að þau eru svo gersneydd því að hafa hæfa forystumenn, að atvinnulífið getur ekki gengið eðlilega þar. Það eru hér í fjölda húsa skrifstofur lögfræðinga, sem eyða orkunni í það að rukka fátæk fyrirtæki og einstaklinga, lögsækja þá og rukka og taka 10—20% af því. Ætli það væri ekki betra, að þessir menn hefðu ekki lært neina lögfræði, heldur fengju bara hæfilega menntun og væru svo nýtir menn, annaðhvort hér eða annars staðar í atvinnulífinu, iðnaði, verzlun, sjávarútvegi eða landbúnaði? Ég hygg það.

Það var verið að tala hér um iðnskóla og iðnskólamenntun í gær eða fyrradag og hún væri ekki fullkomin hér. En þetta er bara satt. Við stofnum iðnskóla, en þeir menn hafa ekki nógu tæknilega þekkingu, sem þar kenna, og iðnaðarmenn okkar eru ekki nógu tæknilega menntaðir. Ætli væri ekki réttara, að við styrktum menn til að læra iðnað hjá iðnþróuðum þjóðum, reyndum að koma þeim þar fyrir og styrkja þá til þess heldur en þeir læri einhver önnur fræði, sem aldrei koma að gagni, og mennirnir hafa ekkert við að starfa, þegar þeir koma heim og eru búnir með nám, og verða að fara til annarra landa?

Það var alveg hárrétt, sem kom fram hjá Magnúsi Jónssyni hér. Það byggist auðvitað ekki á nokkru viti að henda styrkjum í Pétur og Pál án þess að nokkuð sé um það talað, hvað hann eigi að læra, hvort það sé þarft fyrir hina íslenzku þjóð eða ekki, hvort þjóðin hafi þörf fyrir starf hans eða ekki. Þetta kom fram hér í umr., og Magnús Jónsson benti á þetta hér í vetur, og þetta er mjög skýrt og réttilega fram tekið.

Annað nám í Háskólanum okkar er ákaflega ópraktískt. Það er guðfræðin, og hún er nú lítið sótt og varla nógir prestar, og helzt vilja þeir vera hér. Það er lögfræðin, en það er orðið of mikið af lögfræðingum. Lækna þurfum við að hafa, ekki er nema gott um það að segja. Verkfræðin er engan veginn fullkomin, og það er ekki nema eðlilegt. Þeir verða að fara út, og það er í raun og veru ekki nema eðlilegt. Við erum 200 þús. manna þjóð. Hvernig í ósköpunum getum við haft jafnmargar greinar akademiskar hér og aðrar þjóðir, þessi litla, fátæka þjóð? Við megum ekki miða okkur við stórveldin um þetta. Við verðum að sníða okkur stakk eftir vexti, en við verðum að reyna að hafa námið praktískt, og ég hygg, að t. d. þessi lögfræðingafjöldi og þessi viðskiptafræði eða hagfræði eða hvað það er kallað, það mættu vera miklu færri í því og starfskraftar þessara manna notuðust miklu betur að styðja þá til þess að læra einhver önnur hagnýtari fræði. Ég get tekið dæmi: — Þeir eru að reyna að búa til tvöfalt gler hér á Íslandi. Það er bara það miklu verra heldur en belgíska glerið, sem er flutt inn, að þeir, sem til þekkja, telja það íslenzka ekki nothæft. Ætli væri t. d. ekki ráð, ef við værum að basla við þetta, að reyna að fá einhvern mann til að fara til Belgíu og læra þessa iðn? Svona þurfum við að taka þær iðngreinar, sem við ætlum að leggja stund á, og alveg sérstaklega, ef við ætlum að fara að keppa við aðrar þjóðir um útflutning á iðnaðarvörum. Það er ekkert áhlaupaverk að læra þetta. Ég held, að við ættum að beina menntun okkar gáfuðu manna, því Íslendingar eru greind þjóð, að hagnýtari efnum heldur en nú er. Ég hygg, að við gætum komizt af með 5—10% af þeim hagfræðingum, sem við höfum, til þess að reikna okkur á hausinn á svona 10 árum. Ég tel það alveg nóg, ef þeir væru á réttum stöðum, t. d. í bankamálum og viðskiptamálum og svo sem aðstoðarmenn hjá ríkisstj. Svo þyrpast þessir hámenntuðu menn í Seðlabankann og Efnahagsstofnunina. Mér er sagt, að þeir séu komnir um 130 í Seðlabankann, starfsfólkið sé á annað hundrað. Og ætli það séu ekki milli 20—30 í Efnahagsstofnuninni? Þessir menn hafa mikið að gera. Þeir semja ræður fyrir ráðh. og frv. og annað slíkt, því að ráðh. eru í veizlum og ferðalögum og öðru slíku. Það væri ef til vill rétt að hafa þá heldur færri og ráðh. ferðuðust heldur minna, því að ég efast um, að þeir lifi nokkuð lengur fyrir þetta flakk sitt. Mér finnst þetta því dálítið skoplegt, að þessi stóra og efnaða þjóð, Íslendingar, eigi allt í einu að vera frumkvöðlar í alheiminum eða allt að því, eftir því sem lesið var upp úr ensku alfræðiorðabókinni, að stofna hér prófessorsembætti í ættfræði. Er ekki hægt að láta þennan Einar Bjarnason hafa eitthvað til að dútla við í Þjóðskjalasafninu eða einhvers staðar, og ef hann er svona ákaflega vel að sér, maðurinn, hverjum á hann að kenna þarna í Háskólanum? Á að setja upp 20 manna deild þarna, til að láta hann halda ræður um ættfræði yfir þeim? Eða á þetta að vera rannsóknarstarf? Getur hann ekki gert eitthvað annað? Ef maðurinn veit þetta allt saman, getur hann þá ekki dundað við þetta á kvöldin sér til ánægju? Þetta er orðinn aldraður maður. Hann hefur ekkert að gera á Hótel Sögu eða einhverjum næturklúbb hér. Það er gott fyrir hann að hafa þetta verk sem nokkurs konar aukastarf og láta hann þá líta eftir einhverju þarna í Þjóðskjalasafninu. Ég er ekki að gera lítið úr manninum. En ég held, að það væri ráð að fækka þessum herrum, sem eru að kenna þessi fræði, sem við höfum ekkert með að gera, og hafa þessa styrki til námsmanna, sem fara til annarra landa, skynsamlegri, verja þeim á hagkvæmari hátt heldur en gert hefur verið, og ég tek þar undir með þeirri hugmynd, sem kom fram hjá Magnúsi Jónssyni í umr. fyrr í vetur. Ég man ekki, í hvaða sambandi það var. Ég held, að við höfum yfirleitt engin efni á að haga okkur jafnglópslega og við höfum gert.

Sigurvin Einarsson: Herra forseti. Þegar málið var til umr. s. l. mánudag, þótti mér hæstv. menntmrh. fara allhörðum orðum um nokkra prófessora heimspekideildar Háskólans, þar sem hann lýsti því, að þeir færu með ósannindi, og af því tilefni fór ég fram á það við hæstv. forseta, að málinu yrði frestað, svo að menntmn. gæfist kostur á að sannreyna, hvort þær væru réttar þessar ásakanir. Jafnframt gat hæstv. ráðh. þess, að það lægi fyrir samþykkt lagadeildarinnar fyrir því, að hún væri ásátt um, að þetta prófessorsembætti væri stofnað við þá deild. Ég gat þess, að menntmn. hefði enga vitneskju fengið um það, og spurði hann beint: Liggur þessi samþykkt fyrir? Og ég hef hér þessi orðaskipti, og eru þau þannig samkv. segulbandi:

„Þá vil ég spyrja hæstv. ráðh., því að mér er ekki kunnugt um það, hefur það verið lagt fyrir lagadeild, hvort hún vill taka við þessum prófessor? — Menntmrh.: **Já, hún hefur samþykkt það.**"

Þetta stendur í ræðunni. „Hún hefur samþykkt það."

Hæstv. forseti varð við þessum tilmælum mínum, og málinu var frestað án þess að slíta umr. Síðan gerist það, sem hér hefur komið fram, að hv. formaður menntmn. hefur skrifað lagadeildinni bréf daginn eftir að þessar umr. fóru fram, á þriðjudaginn. Og eins og hv. 6. þm. Reykv. sagði hér áðan, höfum við ekki séð þetta bréf, við, sem eigum sæti í menntmn. Ég spurði hv. þm. að því áðan, hvort hann væri með það. En hann sagði, að það væri úti í Þórshamri. Ég segi alveg það sama og hv. 6. þm. Reykv., að ég hef ekkert við það að athuga, að form. n. skrifi bréf, en betur kynni ég við það, að hann lofaði okkur að sjá uppkastið af bréfinu, áður en það er sent, ef það á að vera í nafni n. Við höfum ekki falið honum að skrifa þetta bréf. Við höfum óskað eftir því, að Háskólinn segði álit sitt á málinu, en svo er mér tjáð — ég held, að ég hafi það rétt eftir form., að hann hafi spurt Háskólann um það, – hann hafi leitað staðfestingar Háskólans á því, að hann samþykkti þessa prófessorsskipan, m. ö. o., staðfestingar á því, sem hæstv. ráðh. var að segja. En lagadeildin staðfestir það ekki, heldur gerir hún í fyrsta sinn í gær þessa samþykkt, svo að þetta lá ekki fyrir á mánudaginn.

Nú má segja, að þetta sé aukaatriði, því að þessi samþykkt frá lagadeild er komin. Og þó að ég hafi ekki heldur séð svarið, þá hef ég heyrt það lesið hjá hv. þm., og þar heyrist mér, að sé tekið fram, að nefndin fallist á þessa skipun prófessors, en það breyti engu um óskir deildarinnar um þá prófessora, sem hún vill fá. M. ö. o., ég get ekki séð, að þetta sé þá ósk deildarinnar að fá þennan prófessor, heldur hafi deildin óskað eftir öðrum prófessorum og það fyrir alllöngu. Og sú ósk stendur í fullu gildi. Þetta embætti er algerlega utan við það allt saman. Þó að lagadeildin hafi fallizt á þennan prófessor, held ég, að það sé ofmælt hjá hæstv. ráðh., eins og hann orðaði það hér áðan í ræðu sinni, að þetta embætti sé sett á stofn samkv. beiðni Háskólans. Við höfum ekki orðið vör við þessa beiðni Háskólans. Við höfum orðið varir við mótmæli Háskólans, en ekki beiðni, og nú fáum við vitneskju um, að lagadeild samþykkir það. Það er ekki frumkvæði frá Háskólanum að fá ættfræðiprófessor við lagadeildina, það kemur ekki til mála. En látum þetta gott heita, og ekki skal ég gera aths. frekar við það, fyrst lagadeildin samþykkir þetta. Hún um það. En hitt þykir mér undarlegt, að þeir telji sig hafa eitthvert tilefni til þess, hæstv. ráðh., hv. 5. þm. Vesturl. og hæstv. forsrh., að telja þessar umr. ómerkilegar og ekkert annað en pólitíska áreitni og annað þess háttar. Ætli þeim finnist það ekki um allar umr., sem ekki eru þeim að skapi? Og þá verður að búa þessum dómum einhvern búning og skrifa um það í Alþýðublaðið, eins og gert hefur verið að undanförnu. En hæstv. forsrh. minnti þó á það hér áðan, að fyrir 50 árum hefðu orðið harðar deilur á Alþ. um stofnun prófessorsembættis Guðmundar Finnbogasonar. Þá urðu harðar umr. já, af því að menn höfðu misjafnar skoðanir á því, hversu nauðsynlegt embættið var. En þá hafa vafalaust engar ásakanir komið fram um það, að það væri móðursýki þar á ferðinni. Eða ætli þeim finnist ekki móðursýki alls staðar, ef eitthvað er andað á þeirra eigin till.?

Ég skal ekki blanda mér inn í þau vísindi, sem mér sýnast komin hér á dagskrá annars vegar milli hv. 4. þm. Reykv. og hæstv. forsrh., hvort ættfræði er vísindagrein. En ef hún er vísindagrein, sem tilheyrir lagadeild, þá dettur mér í hug, hvort það sé ekki aðallega vegna þess, að það þurfi að undirbúa laganema að dæma í barnsfaðernismálum eða eitthvað svoleiðis og vísindin beinist þá að því. Önnur vísindi, hvað snertir lagadeild, held ég, að komi varla til greina í sambandi við þetta prófessorsembætti. Það er ekkert nýtt fyrirbrigði á Íslandi né annars staðar, að faðerni manna sé vefengt og ef faðernið er nú rangt, þá veit ég ekki á hverju vísindin standa. Ég sé því helzt þá glóru í þessu embætti í lagadeild, að það sé með þetta í huga sem embættið er stofnsett. Annars held ég, að það sé alveg óþarfi hjá þessum stjórnarsinnum að vera með nokkrar vítur, þó að menn hafi mismunandi skoðun á máli, sem liggur fyrir þinginu, og rjúka upp með móðursýkisásakanir, það er ekki sæmandi.

Þórarinn Þórarinsson: Herra forseti. Ég skal ekki svara ásökun hv. 5. þm. Vesturl. um það, að við stjórnarandstæðingar höfum gert okkur seka um móðursýki í þessum umr. Ég held, að þeir, sem á þessar umr. hafa hlustað, geri sér fullkomlega grein fyrir því, að ef nokkuð hefur komið fram í þessum umr., sem hefur nálgazt móðursýki, þá voru það þau ummæli, sem hæstv. menntmrh. hafði yfir fjarstadda háskólakennara. Ég man ekki eftir því, að það hafi verið höfð harðari og ég vil segja óviðurkvæmlegri ummæli um fjarstadda menn heldur en þau, sem hæstv. menntmrh. viðhafði hér, þegar hann hóf umr. um þetta mál.

En ástæðan til þess, að ég kvaddi mér hljóðs nú að þessu sinni, var að bera af mér nokkrar sakir, sem á mig höfðu verið bornar við umr. málsins hér í fyrradag. Ég hafði látið þá svo ummælt, að það frv., sem hér lægi fyrir, væri eina frv., sem fyrir þessu þingi lægi af hálfu hæstv. ríkisstj., þar sem gert væri ráð fyrir bættri kennsluaðstöðu eða auknu mannahaldi við Háskólann. Hv. 5. þm. Vesturl. sagði, að þetta bæri vott um mína fáfræði, vegna þess að fyrir Ed. lægi sérstakt frv. um Háskóla Íslands, sem afsannaði þessa fullyrðingu mína.

Það er alveg rétt, að fyrir Ed. liggur sérstakt frv. um Háskóla Íslands, og í 23. gr. þess frv. eru talin upp þau prófessorsembætti, sem lagt er til, að verði við Háskólann. Og um þessa 23. gr. frv., sem liggur fyrir Ed. segir svo í aths. frv.:

„Við 1. mgr. er þess að geta, að hér eru talin upp þau prófessorsembætti ein, sem nú hafa verið lögfest, þar á meðal nokkur embætti, sem frestað hefur verið lögum samkvæmt að veita."

Þetta sýnir það, að það er fullkomlega rétt, sem ég staðhæfi. Eina till., sem liggur fyrir Alþ. af hálfu hæstv. ríkisstj. um stofnun nýs embættis við Háskólann og bætta kennsluaðstöðu þar, er þetta frv., sem hér liggur fyrir. Af þeim mörgu óskum, sem háskóladeildirnar hafa borið fram um aukningu starfsmanna, er ekki fallizt á neina, en hins vegar borið fram frv. um þetta embætti, sem Háskólinn hefur alls ekki farið fram á. Eins og kemur fram í þeirri umsögn um 23. gr. l., sem ég las hér upp, er enn hvergi nærri veitt í öll prófessorsembætti, sem Alþ. hefur stofnað til og ákveðið, að skuli vera starfrækt. Ég hef reynt að afla mér upplýsinga um það, og mér skilst á upplýsingum, sem ég hef

fengið frá skrifstofu rektors, að þá sé nú óveitt í ein 7—8 prófessorsembætti, sem Alþ. hefur ákveðið, að skuli vera, sem eru ákveðin lögum samkvæmt. Að vísu mun vera hafinn undirbúningur að því að veita sum af þessum embættum, en ekki öll, alls ekki öll. Þetta finnst mér rétt að upplýsa til að sanna það, að það, sem ég fullyrti hér við upphafsumr. þessa máls, er rétt, að þetta frv. er eina till., sem hæstv. ríkisstj. hefur lagt fram á þessu Alþ. um aukið mannahald við Háskóla Íslands, þrátt fyrir það, að háskóladeildirnar hafi óskað eftir allt öðrum störfum heldur en þessu.

Ég vil svo að síðustu minnast á það, sem þeir hafa fullyrt hér mikið, bæði fyrst hæstv. menntmrh. og svo hæstv. forsrh., að ættfræði væri sérstök vísindagrein og viðurkennd vísindagrein og væri viðurkennd það við marga háskóla. Þeir eru nú báðir gamlir prófessorar og ættu þess vegna að þekkja vel til í þessum efnum, og ég vil þess vegna svona til þess að upplýsa þetta mál betur spyrja þá um það, undir hvaða háskóladeildir við erlenda háskóla flokkast ættfræði? Það væri mjög fróðlegt að fá vitneskju um það, áður en við afgreiðum þetta frv. Mér er nú sagt, að slík embætti séu ekki til nema í Þýzkalandi og hafi verið á þeim tíma, þegar viss stjórn þar lagði sérstaka stund á ættfræði. En það kann að vera misskilningur. En ég vildi spyrja um það, þar sem þeir telja, að slík embætti séu til eins og þetta, sem hér var stofnað, við hvaða deild við erlenda háskóla er venjan að hafa þau? Er það við lagadeild? Er það við læknadeild? Er það við heimspekideild? Eða er það jafnvel eins og einhver þm. komst að orði, jafnvel við verkfræðideild, af því að það heyrir kannske á vissan hátt undir verkfræði að fjölga mannkyninu?

Forsrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Út af þeim umr., sem hér hafa farið fram nú síðast og ég gat nú því miður ekki heyrt allar, er enn ástæða til þess að benda á, að hér er ekki ætlunin að valda ríkissjóði nokkrum verulegum nýjum kostnaði, þar sem embætti, sem fyrir nokkrum árum var stofnað, á að sameinast þessu. Það má segja: Af hverju getur þá Einar Bjarnason ekki tekið að sér það starf, sem þannig var stofnað? Ástæðan er einfaldlega sú, að hann kærir sig ekki um að sækja um það, og eins og ég segi, hann hefur nú þegar með sínum vísindastörfum í ættfræði unnið til þess að fá sérstakan heiður. Og ég tel, að það sé Háskóla Íslands ekki síður heiður heldur en honum. Spurt er um það, hvort ættfræði sé vísindi eða ekki. Var Ari fróði vísindamaður? Var höfundur Landnámu vísindamaður? Voru allir þeir miklu ættfræðingar, sem óþarft er að telja upp eftir þessa, vísindamenn? Eru Íslendingar svo af göflunum gengnir, að þeir haldi, að þessir menn hafi ekki verið vísindamenn?

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð. Ég get ekki orða bundizt út af ummælum hv. 4. þm. Reykv., sem hann viðhafði um tölu embætta, sem óskipað væri í við Háskólann. Ég get ekki orða bundizt vegna þess, að hann sagði mér fyrir tveim dögum, að hann hefði fengið vissar upplýsingar á skrifstofu Háskólans, sem ég sagði honum þá, að mundu vera á misskilningi byggðar. Og ég sendi hv. þm. skýrslu gerða af rn. í samráði við Háskólann um málið eins og það er satt og rétt. Ég veit ekki betur en hann hafi fengið þessa skýrslu frá mér, sem er um sama efni. Hafandi þessa skýrslu á skrifstofunni hjá sér á Tímanum eða heima hjá sér eða í skúffunni hér segir hann ósatt í þessum ræðustól, beinlínis ósatt. Hann segist hafa fengið þær upplýsingar á skrifstofu Háskólans, að óveitt væri í ein 7—8 prófessorsembætti. Þetta var sú upplýsing, sem hann sagði við mig hér utan þd. fyrir nokkrum dögum. En sú skýrsla, sem hann fær og er óyggjandi rétt vegna þess, að hún er samin af embættismönnum í rn. og háskólaritara, er svona: „Það hefur verið frestað framkvæmd lagaákvæðis um stofnun prófessorsembættis í lagadeild 1967 með sparnaðarlögum."

Frestað var framkvæmd eins embættis, sem þegar hefur verið lögfest. Það var frestað að leggja fram frv. um stofnun prófessorsembættis í guðfræðideild 1968. Þetta embætti hefur ekki verið lögfest, en frestað að leggja fram frv. um það. Embætti í nútímasagnfræði í heimspekideild var lögfest 1966, án þess að það væri í áætlun Háskólans, og því var frestað með sömu lögum, lögum frá 1968. M. ö. o. það hefur verið frestað framkvæmd tveggja embætta, og þar af er annað ekki samkv. háskólaáætluninni, þannig að aðeins einu embætti samkv. henni hefur verið frestað. Hins vegar hefur verið frestað að leggja fram frv. um embætti í guðfræðideild, sem áætlunin gerði ráð fyrir. Við skulum telja það með, þá eru embættin orðin þrjú. Það er óskipað í embætti í Norðurlandamálum í heimspekideild vegna þess, að enginn umsækjandi hefur fengizt þrátt fyrir ítrekaðar auglýsingar. Embættið hefur enn verið auglýst. Hins vegar lætur hann þess ógetið, sem kom fram í skýrslunni, sem hann fékk, að tveimur dósentsembættum í læknadeild hefur verið breytt í prófessorsembætti með l. 1967, þannig að í læknadeildinni hafa verið stofnuð tvö ný prófessorsembætti.

Sannleikurinn í málinu, sem hann þekkir af skjali, sem hann hefur í sínum fórum, er m. ö. o. sá, að tveim lögfestum embættum hefur verið frestað, öðru samkv. áætluninni, sem þingið samþykkti án till. frá Háskólanum, og það hefur verið frestað að leggja fram frv. um eitt, og í eitt er óskipað vegna skorts á hæfum umsækjanda. En auk þess hafa tvö embætti verið stofnuð í læknadeild og enn fremur eitt embætti í verkfræðideild, sem ekki var á áætlun Háskólans, þ. e. a. s. embætti Sigurðar Þórarinssonar. Embættin, sem hefur verið frestað lögum samkvæmt, eru því þrjú. Í eitt er óskipað vegna skorts á umsækjanda, en hins vegar hafa þrjú ný embætti verið stofnuð, þ. e. eitt utan við áætlunina og tvö má segja í samræmi við áætlunina, þó að beinlínis hafi ekki verið skýr ákvæði um það. M. ö. o. nýju embættin við Háskólann eru jafnmörg á þessum sama tíma og þau, sem frestað hefur verið framkvæmd á, og óskipað er í eitt vegna þess, að umsækjanda vantar. Ég get ekki stillt mig um að skýra frá þessu, af því að þetta er dæmi um þann málflutning, sem beitt hefur verið í þessu máli hér á hinu háa Alþ. og því miður allt og oft er beitt af hálfu þessa hv. þm.

Þórarinn Þórarinsson: Herra forseti. Ég sagði í ræðu

minni hér áðan, að samkv. upplýsingum, sem ég hefði fengið hjá skrifstofu rektors um tölu prófessora, sem nú starfa við Háskólann, sundurliðað í einstakar deildir, þá væru nú óveittar 7–8 prófessorsstöður við Háskólann. En ég tók það jafnframt fram, að það mundi vera unnið að veitingu sumra þeirra, ég sé ekki hvað margra. Og ég hygg, að ef hæstv. ráðh. kynni sér þetta, komist hann að raun um það, að þessar upplýsingar mínar eru réttar. Það mun vera rétt, að það hefur þegar verið eiginlega fullákveðið að fresta eins og hann taldi um óákveðinn tíma, ég man ekki, hvað hann sagði, veitingu þriggja eða fjögurra prófessorsembætta, en það mun vera unnið að því að auglýsa hin embættin eða að leita eftir mönnum í þau. En eigi að síður var ástandið þannig í dag, að það vantar menn núna í 7–8 prófessorsstöður við Háskólann miðað við þá tölu, sem Alþ. gerir ráð fyrir, þó að það sé verið að vinna að því að veita í sumar þessar stöður, en ekki allar, eins og hæstv. ráðh. viðurkenndi, þar sem hann játaði, að það væri frestað a. m. k. um óákveðinn tíma að veita í þrjár eða fjórar stöður, svo að þetta haggar ekkert því, sem ég sagði hér áðan.

Ég verð að segja það, að ég varð fyrir ákaflega miklum vonbrigðum út af því svari, sem ég fékk hjá hæstv. forsrh., því að venjulega svarar hann mjög skýrt og skilmerkilega. Ég beindi til hans þeirri spurningu, og beindi henni líka til hæstv. menntmrh., af því að þeir eru nú báðir gamlir prófessorar og þekkja vel til við Háskólann, við hvaða háskóladeildir ættfræði væri talin vísindagrein, hvort hún flokkaðist undir lögfræði eða sagnfræði eða erfðafræði eða jafnvel eitthvað allt annað. Þeir halda því fram, að það séu starfandi prófessorar í þessari vísindagrein við erlenda háskóla, og þá ættu þeir að geta upplýst það, við hvaða deildir þessir menn störfuðu. Það er ekkert svar við þessu að segja, að Ari fróði hafi verið vísindamaður og höfundur Landnáma og svoleiðis. Mér finnst það nálgast það að vera að svara alveg út í hött, svo að ég vænti þess að fá skýrar upplýsingar hjá hæstv. ráðh. um þetta efni.

Forsrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Ég vil geta þess, að það er ótvírætt, að Háskóli Íslands hefur talið ættfræði vera vísindagrein þegar af því, að á sínum tíma var Hannes Þorsteinsson, sem var mestur ættfræðingur að afköstum á sínum tíma, gerður þar heiðursdoktor. Hannes Þorsteinsson var ekki sérlegur sagnfræðingur, hann var fyrst og fremst ættfræðingur, og rannsóknir hans í ættfræði, sem fyrst og fremst lýsa sér í Sýslumannaævum og síðan í hinum miklu ættfræðiritum og lærðra manna sögum, sem Páll Eggert lagði til grundvallar sinni ævisagnaskrá Íslendinga, voru þau afrek, sem gerðu það að verkum, að Háskólinn gerði hann að heiðursdoktor. Það er svo allt annað mál, og ég tel norrænudeild sannast sagt það til lítils sóma, að hún af allt öðrum og annarlegum ástæðum vill nú ekki viðurkenna ættfræði sem vísindagrein eða vill ekki taka við manni, sem eigi að koma inn í deildina með þessum hætti. Það getur verið mannlega skiljanlegt, og ég skal ekkert fara að deila á þá góðu menn fyrir það. Þeir hafa sínar skoðanir, en þótt lærðir séu, breyta þeir áreiðanlega ekki sannfæringu Íslendinga um það, að ættfræði og ættvísindi eru þau fræði og þau vísindi sem Íslendingum eru kærust og vilja helzt í heiðri hafa.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 79. fundi í Nd., 21. apríl, var fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.

Brtt. 401 samþ. með 18:15 atkv.

1. gr., svo breytt, samþ. með 19:15 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JP, MB, MÁM, PJ, PS, SI, SP, EKJ, BGr, BF, BBen, BGuðm, BrS, RG, FÞ, GunnG, GÞG, IngJ, JóhH.

nei: MK, SE, SkG, SV, VH, ÞÞ, ÁÞ, BP, EystJ, GeirG, JJ, HS, JSk, JónasÁ, SB.

LJós greiddi ekki atkv.

5 þm. (BK, EðS, GuðlG, HV, IG) fjarstaddir.

2. gr. samþ. með 19:3 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 19:10 atkv.

Á 80. fundi í Nd., 22. apríl, var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 81. fundi í Nd., 25. apríl, var frv. aftur tekið til 3. umr. (A. 500, 530).

Frsm. minni hl. (Magnús Kjartansson): Herra forseti. Við 2. umr. þessa máls gerðust þau tíðindi, að hæstv. menntmrh. réðst næsta harkalega á nokkra kennara í heimspekideild Háskólans, bar þeim á brýn ósannindi og móðgun við Alþ. og sitthvað fleira af þessu tagi. Ég lét þess getið við þá umr., að mér þættu þessi ummæli hæstv. ráðh. næsta hæpin hér á þessum stað, þar sem þessir háskólakennarar hefðu ekki tök á að svara. Nú hafa háskólakennararnir sent bréf til hæstv. menntmrh. og til hv. menntmnm., og ég tel hlýða með leyfi hæstv. forseta að lesa þetta bréf upp hér, svo að það verði að finna í þingtíðindum ásamt árás hæstv. ráðh. Bréf háskólakennaranna er svo hljóðandi:

„Vegna ummæla menntmrh. við 2. umr. þessa máls viljum við undirritaðir koma á framfæri við hið háa Alþ. eftirgreindum aths. til skýringar og leiðréttingar:

1) Í heimspekideild hafa 17 deildarmenn atkvæðisrétt. Við afgreiðslu þessa máls á deildarfundi 28. janúar s. l. sátu tveir hjá, en þrír voru fjarverandi. Tóku því 12 deildarmenn þátt í afgreiðslu málsins. Ályktunartill. okkar fjórmenninganna hlaut 8 atkv. og var því samþ. sem ályktun deildarinnar, svo sem greint er frá í bréfi deildarforseta, sem prentað er með nál. meiri hl. menntmn. Nd. En sagnfræðikennararnir fjórir lögðu fram sérálit. Í báðum álitsgerðunum er gert ráð fyrir, á lítið eitt mismunandi forsendum, að umræddu prófessorsembætti verði hafnað, og var það því samhljóða afstaða heimspekideildar.

2) Okkur fjórum var ekki kunnugt um, að við nokkurn háskóla væri prófessorsembætti í greininni, þ. e. ættfræði, né sérstök kennarastaða af öðru tagi. Í umr. á fundi heimspekideildar kom ekki fram, að nokkrum deildarmanni væri kunnugt um slíkt embætti eða stöðu við nokkurn háskóla. Í ályktun heimspekideildar er hins vegar ekki fjallað um vísindalega stöðu þessarar

greinar, né eru bornar brigður á fræðilegt gildi hennar sem hjálpargreinar fyrir aðrar fræðigreinar, t. d. sagnfræði, heldur er aðeins það álit látið uppi, að þessi fræðigrein sé ekki þess eðlis, að hún geti verið sjálfstæð háskólagrein með sérstöku prófessorsembætti.

3) Menntmrh. vitnaði í alfræðibók til stuðnings því, að prófessorsembætti væru í ættfræði við þýzka háskóla, en nefndi þó engan sérstakan háskóla í því sambandi. Gerðum við því athugun á kennsluskrám frá háskólunum í Hamborg, Kiel, Rostock, Göttingen, Münster, Köln, Bonn, Frankfurt, Heidelberg, Mainz, Stuttgart, Tübingen, Marburg, Giessen, Würzburg, Jena, Halle, Leipzig og München, svo og Humbolt-Universität í Berlín og Freie Universität í Berlín. Var þessi athugun í hverju tilviki byggð á nýjustu kennsluskrá, sem völ var á, í flestum tilvikum frá þessu háskólaári eða næstu tveimur árum á undan. Athugunin leiddi í ljós, að við engan þessara háskóla er prófessorsembætti í ættfræði né nokkur kennarastaða annars konar. Í ljós kom hins vegar, að undanfarin 6 ár hefur landsskjalavörður í Westfalen, dr. Jósef Prinzs, verið heiðursprófessor, ekki í ættfræði sérstaklega, heldur í ættfræði og skjaldarmerkjafræði við háskólann í Münster í Westfalen. Þess skal getið, að dr. Prinzs hefur verið mikilvirkur fræðimaður og rithöfundur miðalda og nýju aldar sagnfræði, (sjá Kürschners Deutscher Gelehrten-Kalender, 9. útgáfa, Berlín 1961, bls. 1583). Þess skal einnig getið, að ekki mun sú skipan óalgeng við þýzka háskóla, að t. d. safnverðir séu jafnframt heiðursprófessorar, þannig er t. d. landsskjalavörðurinn í Hannover heiðursprófessor í sögu Neðra-Saxlands við háskólann í Göttingen. Loks skal þess getið, að ofangreind athugun nær ekki til allra þýzkra háskóla, þar sem kennsluskrár voru ekki fyrir hendi, og hún nær til heimspekideildanna einna.

Reykjavík 22. apríl 1969.
Helgi Guðmundsson,
Hreinn Benediktsson,
Matthías Jónasson,
Sveinn Skorri Höskuldsson."

Einnig hefur menntmnm. borizt bréf frá erfðafræðinefnd Háskólans, þar sem lögð er áherzla á það, að skipan þessa embættis í ættfræði við lagadeild sé ekki í samræmi við óskir og þarfir erfðafræðinefndarinnar.

Að öðru leyti sé ég ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um þetta mál, sem hlýtur að hafa orðið öllum til leiðinda, sem að því standa, bæði þeim ágæta manni, sem upphaflega var sagt, að ætti að heiðra, hæstv. ríkisstj. og þeim alþm., sem ætla að veita þessari furðulegu lausn brautargengi.

Dómsmrh. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Það er aðeins í sambandi við þann vísdóm, sem hér hefur verið lesinn um það, að í þýzkum háskólum séu ekki prófessorar í ættfræði, þá vil ég láta þess getið, að ég átti viðræður ekki alls fyrir löngu í Winnipeg við Harald Bessason prófessor þar, sem tjáði mér, að í fjölmörgum kanadískum og bandarískum háskólum væru prófessorar í ættfræði. Og auk þess, þótt það væru hvergi í heiminum prófessorar í ættfræði, þá ætti það fullan rétt á sér á Íslandi.

Þórarinn Þórarinsson: Herra forseti. Af því að hæstv. dómsmrh. virðist vera svona fróður um þessi mál og getur upplýst, að það séu margir ættfræðiprófessorar í Kanada og Bandaríkjunum, þá vil ég spyrja hann, hvort hann gæti upplýst það, hvort þessir prófessorar séu við lagadeildir þessara skóla.

Forsrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Vegna yfirlýsingar þeirra kennara, sem hér var lesin upp, þá væri fróðlegt að heyra frá þeim, hvað einn af prófessorum norrænudeildarinnar nú hefur lagt til fræða, svo að geri hann hæfan sem kennara, og það mætur maður, annað heldur en miklar ættfræðirannsóknir. Ég á við Guðna Jónsson.

ATKVGR.
Brtt. 530 samþ. með 20:1 atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 20:10 atkv. og afgr. til Ed.

Á 79. fundi í Ed., 28. apríl, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 557).

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Þetta frv. er komið frá hv. Nd., var samþ. þar fyrir síðustu helgi. Ég skal í örfáum orðum gera grein fyrir efni málsins og tildrögum þess, að frv. er flutt.

Svo sem hv. alþm. er eflaust kunnugt var 1957 komið á fót embætti æviskrárritara, sem skyldi semja æviskrár um þá Íslendinga, sem um er vitað. Æviskrárritarastarfið losnaði fyrir skömmu, þegar sá, sem í það var í fyrstu skipaður, varð 70 ára. Þá kom upp sú hugmynd að breyta æviskrárritarastarfinu í prófessorsembætti í ættfræði við Háskólann, bæði til þess að gera það ættfræðistarf, sem unnið hefur verið fram til þessa af æviskrárritara í tengslum við Þjóðskjalasafn, auðveldara og veg þess meiri og svo hins vegar vegna þess, að á vegum n. í Háskólanum, svonefndrar erfðafræðinefndar, hefur á nokkrum undanförnum árum verið unnið nokkuð hliðstætt starf því, sem æviskrárritari vann, en n. hafði fengið til þess starfs fjárstyrk frá Bandaríkjunum, en starf n. miðaði að skráningu á Íslendingum frá tilteknum tíma í því skyni, að sú skráning gæti verið undirstaða að sérstökum erfðafræðirannsóknum. Hugmyndir höfðu verið uppi í Háskólanum um það að breyta þessari erfðafræðinefnd í sérstaka háskólastofnun, en formlegar tillögur höfðu þó ekki verið um það gerðar og raunar ekki hægt að taka ákvörðun um slíkt nema því aðeins að sjá erfðafræðinefnd fyrir sérstakri fjárveitingu á fjárl., en slík fjárveiting er ekki fyrir hendi nú.

Ég ræddi um þá hugmynd við háskólarektor að breyta æviskrárritarastarfinu í prófessorsembætti í ættfræði við heimspekideild Háskólans. Var hann þeirri hugmynd mjög hlynntur, ekki sízt þegar ég gat skýrt honum frá því, að ég hefði orðað málið við lærðasta og merkasta ættfræðing, sem nú er uppi á Íslandi, Einar Bjarnason ríkisendurskoðanda, og fengið fyrirheit um það, að

hann mundi sækja um slíkt prófessorsembætti, ef það yrði stofnað. Háskólarektor ræddi málið í háskólaráði, og varð niðurstaðan í háskólaráði sú að styðja þá hugmynd, að prófessorsembætti í ættfræði yrði stofnað, en háskólaráð var þeirrar skoðunar, að þá ætti að tengja það nafni Einars Bjarnasonar, þar eð ekki yrði víst, að þegar hann hefði náð hámarksaldri opinberra starfsmanna, væri hér á Íslandi maður, sem væri honum jafnfær í þessum greinum og gæti því verið eðlilegur eftirmaður hans. Þess vegna væri rétt að sjá, hverju fram yndi og hvernig ástandið yrði, þegar að því kæmi. Jafnframt óskaði háskólaráð eftir því, að prófessorsembættið yrði ekki í heimspekideild, heldur yrði það í lagadeild.

Ríkisstj. ákvað að taka tillit til fyrri óska háskólaráðsins, að binda embættið við nafn Einars Bjarnasonar, en taldi sig hins vegar ekki geta tekið tillit til hinnar óskarinnar, að embættið yrði í lagadeild, því að þessi fræði, sem hér væri um að ræða, hlytu að teljast skyldust íslenzkum fræðum eða þeim fræðum, sem kennd eru við heimspekideildina. Var frv. því lagt fram í því formi, sem það hafði, þ. e. a. s. að í frv. felst, að æviskrárritaraembættinu verði breytt í prófessorsembætti, sem bundið sé við nafn Einars Bjarnasonar, og að embættið skuli vera í heimspekideild.

Þó að frv. hafi verið samið af menntmrn. og háskólaráði í sameiningu, ákvað menntmn. Nd. engu að síður að senda málið til umsagnar háskólaráðs. Háskólaráð sendi það síðan til umsagnar heimspekideildar, og þá kom í ljós, að heimspekideild var andvíg því, að slíkt embætti yrði stofnað. Einstakir kennarahópar höfðu að vísu mismunandi rök gegn því, að til embættisins skyldi stofnað, eins og fram kemur í prentuðum fylgiskjölum með stjórnarfrv. Fjórir háskólakennarar lögðust beinlínis gegn því, að embættið væri stofnað, m. a. með hliðsjón af því, að þeir létu að því liggja, að ættfræði gæti tæplega talizt vísindagrein, a. m. k. ekki sjálfstæð háskólagrein, og þeim væri ekki kunnugt um það, að kennsluaðstaða væri í þessum fræðum við nokkurn háskóla nokkurs staðar í veröldinni. Annar hópur háskólakennara, sagnfræðikennarar heimspekideildarinnar, sögðu í umsögn sinni, að þeir teldu stofnun embættisins ekki tímabæra, meðan ekki hefði verið tekið tillit til óska heimspekideildar um stofnun annarra kennaraembætta. Um þessa umsögn sagnfræðikennaranna er það að segja, að það hafði verið tekið skýrt fram af hálfu rn. við háskólaráð, að stofnun þessa embættis væri alveg óskyld þeirri áætlun, sem ríkisstj. hefur fyrir sitt leyti samþ. að leggja til við Alþ., að framkvæmd verði, með vissum breyt., sem hefur þó orðið að gera í sambandi við sparnaðarfrv. ríkisstj. fyrir tveimur árum, en enn er af ríkisstj. hálfu talin vera í gildi, þ. e. a. s. þó að þetta embætti yrði stofnað, þá mundi það ekki þýða, að töf yrði á stofnun nokkurra annarra embætta við Háskólann, enda væri hér í raun og veru ekki um fjölgun ríkisembætta að ræða, heldur um það eitt að ræða að flytja embætti, sem hingað til hefði verið í tengslum við Þjóðskjalasafn, inn fyrir veggi Háskólans. Í raun og veru væri hér alls ekki um stofnun nýs embættis að ræða, heldur breytingu á embætti, þess konar breytingu að gera t. d. þeim, sem gegndi, auðveldara að gegna því og gera veg þess nokkru meiri en hann hefur verið.

Um þær fullyrðingar hinna annarra fjögurra háskólakennara, að ættfræðin geti tæpast talizt vísindagrein, þá skoðun þeirra, að hún geti ekki talizt sjálfstæð háskólagrein, er það að segja, að alfræðiorðabækur gera ættfræði að umtalsefni sem hreina vísindagrein nátengda sagnfræði og lögfræði, höfuðhjálpargrein sagnfræði og auk þess tengda lögfræði. Að því er það snertir, að hvergi sé kennarastaða í þessari grein, er það að segja, að í brezku alfræðiorðabókinni, þekktasta verki sinnar tegundar, segir, að sums staðar, t. d. við háskóla í Þýzkalandi, séu kennaraembætti í þessari grein, ættfræði og skjaldarmerkjafræði. Hæstv. dómsmrh. skýrði frá því við umr. í Nd., að Haraldur Bessason prófessor við Winnipeghaskóla hafi nýlega sagt sér, að í Kanada og Bandaríkjunum væru víða kennarastólar í þessum fræðum, og hæstv. forsrh. benti á það í umr. í Nd., að einn af helztu kennurum heimspekideildar hafi unnið öll sín aðalvísindastörf einmitt á sviði ættfræði, og kvaðst hann eiga þar við dr. Guðna Jónsson prófessor.

Raunar ætti að vera ástæðulaust að deila um það, hvort eða hvernig eða hvar skipa beri ættfræði í fræðaheiminum, og líka um það, hvað séu kennarastólar eða hvers eðlis kennarastólar séu í þessum greinum. Um hitt getur varla verið ágreiningur, að ættfræði hefur öldum saman verið ein sú fræðigrein, sem Íslendingum hefur verið hvað mest hugleikin og hvað mest hefur verið lögð stund á hér á Íslandi. Sökum fámennis og sökum sérstaks áhuga á ættfræði og mannfræði hafa Íslendingar skipað sérstakan sess meðal nálægra þjóða einmitt á þessu sviði. Og nú eiga Íslendingar einmitt fræðimann á þessu sviði, þar sem er Einar Bjarnason ríkisendurskoðandi, sem mér er tjáð af kunnugum, að telja megi vísindamann á heimsmælikvarða í þessum efnum, mann, sem þegar hefur unnið stórvirki á sviði ættfræði og mjög æskilegt væri því, að fengi aðstöðu til þess að helga sig eingöngu þessum fræðum þau ár, sem hann á ólifuð, í stað þess að þurfa að stunda venjuleg forstöðumannsstörf á skrifstofu.

Þegar málið kom aftur frá háskólaráði með þessari neikvæðu umsögn heimspekideildar, en með ítrekuðum meðmælum háskólaráðs, þar sem enn var endurtekið, að háskólaráð óskaði þess, að prófessorinn yrði staðsettur í lagadeild, ákvað ríkisstj. fyrir sitt leyti að mæla með því við hv. menntmn. Nd., að frv. yrði breytt í það form, að prófessorinn ætti sæti í lagadeild, en ekki í heimspekideild, og hefur lagadeild gert samþykkt um meðmæli með þeirri skipan, þannig að fyrir liggja með frv. meðmæli háskólaráðs og lagadeildar, en hins vegar andmæli heimspekideildar.

Ég er þeirrar skoðunar, eins og ég hef verið frá upphafi, að þó hér sé ekki um stórmál að ræða, þá sé hér um mál að ræða, sem horfi til mikils góðs fyrir þau ísl. vísindi, sem við köllum ættfræði, og fyrir Háskólann sjálfan, að það muni verða til þess að auka veg hans, bæði hér innanlands og erlendis, að fá sem starfsmann sinn jafnvíðkunnan og ötulan vísindamann á þessu sérstaka vísindasviði sem Einar Bjarnason er. Þess vegna vildi ég eindregið mæla með því við hv. Ed., að hún láti frv. ná fram að ganga, eins og raun varð á um hv. Nd.

Að svo mæltu leyfi ég mér að óska þess, herra forseti,

að að lokinni þessari 1. umr. verði málinu vísað til 2. umr. og hv. menntmn.

Pétur Benediktsson: Herra forseti. Það mun vera sjaldgæft hér á Alþ., að lagafrv. beri að með jafneinkennilegum hætti, eins og hér hefur orðið. Ég hefði kannske getað sparað mér að standa upp eða látið mér nægja að segja í einni setningu, að ég væri hæstv. ráðh. sammála um það, sem hann hafði fram að færa, en sannast sagt fannst mér hann eyða of miklu púðri á andstöðu hinnar lærðu heimspekideildar við Háskólann gegn þessu frv. Það þarf ekkert að sanna mér um það, að það sé til prófessor í ættfræði einhvers staðar úti í löndum; ef ég álít, að það sé þörf fyrir prófessor í ættfræði á Íslandi og að hann geti orðið landinu til gagns og sóma og ánægju (það geta nú ekki allir heimspekiprófessorarnir), þá mundi ég vera tilbúinn til að bera fram á Alþ. till. um stofnun slíks embættis, þótt hún væri algert einsdæmi, og landið yrði þannig öðrum löndum til fyrirmyndar. Og það vill líka svo heppilega til um þetta mál, að a. m. k. til skamms tíma var varla sá fjósakarl eða kararkerling á þessu landi, sem ekki vissi betur en prófessorar heimspekideildarinnar um gildi ættfræðinnar fyrir þetta land. Það er nú víst varla hægt að telja þá stofnun, þar sem ég vinn og fæ mitt lifibrauð, til neinnar sérlegrar erfðafræðistofnunar, en það verð ég að segja, að oft hef ég haft gagn af minni litlu þekkingu á ættfræði í afgreiðslu mála í þeirri stofnun, og sama veit ég, að er um marga á öðrum stöðum.

Að halda fram slíkri bábilju, að ættfræðin eigi ekki heima innan háskóla, er hlægilegt. Í fyrsta lagi er hún hliðargrein við alla erfðafræði, og einn af merkari vísindamönnum Íslendinga á seinni tímum, dr. Helgi Tómasson, hafði einmitt unnið mjög merkt starf á grundvelli ættfræðirannsókna á því, hvort vissar tegundir geðveiki lægju í ættum eða ekki, og gat stuðzt við það, sem þessir lærðu menn vafalaust mundu kalla kerlingabækur, þ. e. hinn einstæða ættarfróðleik þessarar þjóðar. Og það má nærri geta, hvort ekki væri auðveldara að vinna slík verk, ef vísindalegri grundvöllur lægi fyrir.

Það er sómi fyrir þessa hv. þd., sem er svo auðug af lögfræðingum, að sú deild í Háskólanum, þar sem við á sínum tíma stunduðum okkar nám og sumir okkar kenna í dag, skuli hafa haft manndóm, víðsýni og frjálsræði hugans til þess að taka fegins hendi hinni framréttu hönd, að fá fremsta ættfræðing landsins í sína tölu. En áður en ég lýk máli mínu vildi ég aðeins segja, að ég vona, að frv. nái fram að ganga og að hinn nýi ættfræðiprófessor, þegar hann hefur tekið við starfi, gefi sem minnismerki um gikkshátt heimspekideildarinnar út ættartölu allra þessara prófessora, svo að við getum kannske séð, hvaðan þeim kemur þessi merkilega afstaða.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv. og til menntmn. með 17 shlj. atkv.

Á 86. fundi í Ed., 6. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 557, n. 643 og 649).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. – Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Auður Auðuns): Herra forseti. Það frv., sem hér er til umr., fjallar um stofnun prófessorsembættis í ættfræði við Háskóla Íslands. Er embættið bundið við nafn ákveðins manns, Einars Bjarnasonar núverandi ríkisendurskoðanda, en hann er talinn færasti ættfræðingur okkar nú í dag og frábærlega að sér í þeirri grein. Starf æviskrárritara er og hefur undanfarið verið laust, en samkv. frv. er ætlunin sú, að ekki verði skipað í það starf, heldur verði ættfræðiprófessor falin störf æviskrárritara, eftir því sem nánar verður fyrir mælt af menntmrn. að fenginni umsögn háskólaráðs. Það er því ekki ætlunin með þessu frv. að fjölga ríkisstarfsmönnum, en aðaltilgangur þess er sá að skapa skilyrði til þess, að Einar Bjarnason geti að fullu helgað sig því starfi, ættfræði, sem talið er, að hann sé tvímælalaust færastur í núlifandi Íslendinga.

Þetta frv. hefur tekið nokkrum breyt. í hv. Nd. Alþ. Samkvæmt frv., eins og það var upphaflega lagt fyrir Alþ., skyldi þetta prófessorsembætti vera við heimspekideild Háskólans. Í Nd. var þessu ákvæði hins vegar breytt á þann veg, að embættið yrði við lagadeild Háskólans, og jafnframt bætt inn í frv. ákvæði um það, að um þetta embætti skyldu gilda ákvæði l. um aldurshámark ríkisstarfsmanna, sem þótti öruggara, að kæmi beint fram í l., þar sem embættið er að því leyti sérstaks eðlis, að það er bundið við nafn ákveðins manns. Eins og öllum hv. þdm. er kunnugt, urðu um þetta frv. allmiklar umr. í Nd. Ég skal ekki rekja þær deilur, sem þar áttu sér stað aðallega um það, hvort ættfræði teldist vísindagrein, sem réttlætti prófessorat í þeim fræðum. Menntmn. þessarar hv. þd. hefur haft til athugunar frv. og að sjálfsögðu þær umsagnir um það, sem prentaðar eru með nál. menntmn. Nd., og enn fremur bréf lagadeildar Háskólans dags. 16. apríl, en það bréf var sent menntmn. Nd., en hefur hins vegar ekki verið prentað í þskj., og ég skal því lesa það, en bréfið hljóðar þannig, með leyfi hæstv. forseta:

„Lagadeild hefur í dag rætt bréf menntmn. Nd. Alþ. til háskólarektors, dags. 15. apríl. Gerð var þessi ályktun:

Lagadeild fellst á, að prófessorsembætti það, sem um ræðir í bréfi menntmn., verði tengt lagadeild. Deildin tekur jafnframt fram, að hún telur lögfestingu þessa embættis, ef til kemur, óviðkomandi áætlun deildarinnar og háskólaráðs frá 1964 um fjölgun prófessorsembætta í lagadeild. Væntir hún þess, að fé verði veitt á fjárl. næsta árs til að skipað verði í prófessorsembætti það, sem lögfest var með l. nr. 27 frá 29. apríl 1967." Bréfið undirritar deildarforseti, Þór Vilhjálmsson prófessor.

Varðandi það atriði, að stofnun þess prófessorsembættis, sem í frv. er lagt til, skerði á nokkurn hátt áætlun lagadeildar og háskólaráðs frá 1964 um fjölgun prófessorsembætta í lagadeild, er það að segja, að það mun þegar hafa verið af hálfu hæstv. menntmrh. í umr. í Nd. gefin yfirlýsing um það, að það embætti, sem þetta frv. fjallar um, hefði ekki nein áhrif á fyrri áætlanir um fjölgun prófessorsembætta við háskóladeildina, en varðandi skipun í það prófessorsembætti, sem lögfest

var með l. frá 1967, er það að segja, að það mun að sjálfsögðu velta á fjárveitingum Alþ.

Það er rétt að láta þess getið, að nm. í menntmn. og e. t. v. hv. þdm. öðrum, um það er mér reyndar ekki kunnugt, hefur borizt bréf frá erfðafræðinefnd Háskólans. Með því bréfi fylgdi afrit af tveim bréfum frá síðasta ári, sem n. hafði sent rektor Háskólans viðvíkjandi framtíðarskipulagi erfðafræðinefndar og erfðafræðirannsókna. Þar er vikið að því, að á fót verði komið erfðafræðistofnun. Verksvið hennar ætti þá að vera að áliti nefndarinnar rannsóknir á alhliða erfðafræði, þótt fyrst um sinn verði lögð megináherzla á rannsóknir í mannerfðafræði eins og erfðafræðinefndin mun hafa gert hingað til, og loks er vikið að starfi æviskrárritara, og tekur nefndin það fram varðandi tengsl þess við væntanlega erfðafræðistofnun, að það sé nauðsynlegt, að forstöðumaður erfðafræðistofnunar sé vísindalega sérmenntaður í einhverri grein erfðafræði og að hann sé jafnframt prófessor við læknadeild eða við raunvísindadeild, en síðan segir orðrétt í bréfinu, með leyfi hæstv. forseta:

„Hins vegar fallast nm. á, að eðlilegt sé, að við stofnunina sé ættfræðideild, og gæti hún verið til stuðnings mannerfðafræðirannsóknastofnuninni. Gæti sú deild verið undir forstöðu prófessors í ættfræði við Háskólann, svipað því sem þér leggið til í niðurlagi 2. kafla bréfs yðar."

Ég held, að það sé ekki ástæða til að rekja fleira úr þessu bréfi. Þetta, sem ég síðast nefndi, eru þau atriði, sem varða þetta frv., sem hér er til umr. en síðara bréfið, sem fylgir í afriti, er svo hljóðandi:

„Föstudaginn 6. des. s. l. var fundur haldinn í erfðafræðinefnd og eftirfarandi ályktun samþ. samhljóða:

„Erfðafræðinefnd óskar að taka fram, að hún er mótfallin stofnun erfða- og ættfræðistofnunar, nema því aðeins að forstöðumaður stofnunarinnar verði erfðafræðingur eða forstöðumenn beggja greinanna verði jafnsettir að stöðuheitum og launum og að stofnunin verði undir stjórn erfðafræðinefndar." "

Orðin „beggja greina" eiga að sjálfsögðu við annars vegar erfðafræði og hins vegar ættfræði.

Eins og fram kemur í nál. á þskj. nr. 643, hefur menntmn. ekki orðið sammála um afgreiðslu frv. Við, sem að þessu nál. stöndum, þ. e. a. s. 6 nm., leggjum til, að frv. verði samþ., en minni hl., hv. 2. þm. Austf., skilar hins vegar séráliti.

Frsm. minni hl. (Páll Þorsteinsson): Herra forseti. Ég gat ekki orðið sammála hv. samnefndarmönnum mínum í menntmn. um afstöðu til þessa máls. Og vil ég með nokkrum orðum gera grein fyrir þeim ástæðum, sem til þess liggja.

Við 1. umr. þessa máls var nokkuð að því vikið, að þetta mál ætti að meta eftir því, hvort menn teldu ættfræði grein, sem hefði mikið gildi og ætti að leggja stund á hér með þjóðinni. Að mínu viti er þetta mál alls ekki um það, ættfræði hefur verið stunduð frá því að byggð hófst hér í landi. Það er kunnara en frá þurfi að segja, að í fornbókmenntum okkar er mikið af ættartölum, og þær eru þar til stuðnings því efni, sem um er fjallað í þessum sígildu verkum, og sjálft þjóðskipulagið á þjóðveldisöld stuðlaði að því, að ættfræði skyldi stunduð og mikils metin. Þjóðveldið var í raun og veru ættarsamfélag, þar sem framkvæmdavaldið vantaði, en sú skylda var lögð á ættirnar að standa að því að fullnægja dómum og halda uppi í hvívetna rétti og heiðri ættarinnar í þjóðfélaginu. Þessi áhugi á ættfræði hefur jafnan síðan verið vakandi með þjóðinni, og við Íslendingar höfum borið gæfu til þess að eiga á öllum öldum menn, sem hafa lagt stund á ættfræði og komizt mjög langt í þeirri fræðigrein, þó að hún hafi ekki til þessa verið tengd Háskólanum. Enda er það svo, að íslenzka þjóðin mun vita meira um uppruna sinn og ættir heldur en nokkur önnur þjóð í Evrópu. Þetta vil ég í upphafi leggja áherzlu á, að ég tel þetta frv. ekki um það, hvort við eigum að telja ættfræði fræðigrein, sem sjálfsagt sé að hafa í miklum metum, eða ekki.

Ég held, að þetta mál sé mjög vel skilgreint með fáum orðum í umsögn háskólaráðs um frv., en sú umsögn er prentuð hér sem fskj. með málinu. Þar segir svo: „Hér er fyrir að fara persónulegu prófessorsembætti." Þetta er meginefni málsins, og af þessum sjónarhól vil ég skoða þetta frv. Ef við lítum á, hvernig aðstaða verði bezt veitt til þess að sinna ættfræði, þá hljótum við að gera okkur grein fyrir því, að ættfræði er og verður fyrst og fremst rannsóknastarf, sem byggist á athugunum og rannsóknum á heimildum, sem fyrir eru, og að kannaðar séu þær heimildir, sem verða til með samtíðinni á hverjum tíma. Og hvar er nú þessar heimildir að finna? Þær eru aðallega í söfnum landsins, Þjóðskjalasafni fyrst og fremst, og e. t. v. að einhverju leyti í Landsbókasafninu. Og þær heimildir á þessu sviði, sem verða til eins og ég orðaði það áðan með samtíðinni á hverjum tíma, eru sendar þessum stofnunum, fyrst og fremst Þjóðskjalasafni. Nú eru málavextir þannig, að á undanförnum vikum hefur hér á hv. Alþ. verið fjallað um endurskoðun á löggjöf um söfnin, Þjóðskjalasafn, Landsbókasafn, Listasafn og Handritastofnun. Fyrir fáum dögum er búið hér í þessari hv. deild að leggja síðustu hönd á þessa lagasetningu. En var þá í sambandi við þá lagasetningu gert ráð fyrir því að breyta að einhverju leyti þeim grundvelli, sem ættfræðirannsókn hlýtur að hvíla á, og auka afskipti Háskólans af þeim málum og stuðla að því, að Háskólinn eftirleiðis hefði meira um heimildirnar að fjalla heldur en verið hefur? Nei, svo er alls ekki. Í þessum nýsettu l. er það áréttað, sem áður var í eldri löggjöf, að hlutverk Þjóðskjalasafns Íslands er að annast innheimtu og varðveizlu á öllum þeim skjalasöfnum opinberra embætta og stofnana ríkisins, sem orðin eru afhendingarskyld samkvæmt gildandi reglugerð um Þjóðskjalasafn á hverjum tíma, að skrásetja öll skjalasöfn hvert um sig og gefa út prentaðar eða fjölritaðar skrár um þau til leiðbeiningar um notkun þeirra, að safna öðrum skráðum heimildum þjóðarsögunnar innanlands og utan, þar með ljósritum slíkra heimilda, sem finnast í erlendum skjalasöfnum, að halda opnum lestrarsal fyrir almenning, þar sem hægt sé að sinna fræðistörfum og færa sér varðveitt skjöl og heimildir skjalasafnsins í nyt.

Fyrir 13 árum voru sett lög, sem enn eru í fullu gildi, en hljóta efnislega að taka breyt., ef frv. það, sem hér liggur fyrir, verður samþ. Það eru lög um skráningu Íslendinga til stuðnings mannfræði og ættfræðirann-

sóknum hér á landi. Í þessum l. er kveðið svo á, að gera skuli spjaldskrá yfir alla Íslendinga, sem vitað er um frá landnámstíð og ekki hafa verið færðir á spjaldskrá af Hagstofu Íslands. Þjóðskjalasafnið hefur með höndum skrásetningu samkvæmt þessum l. og til þess að annast þetta starf á vegum Þjóðskjalasafns skal ráða starfsmann, æviskrárritara, er lagt hefur stund á íslenzka ættfræði og mannfræði og sýnt hæfni og áhuga á því sviði. L. kveða enn fremur á um það, hvernig hann skuli standa að þessu starfi. Æviskrárritari skal annast um samningu spjaldskrár þeirrar, sem ég gat um, hann skal vinna að því að fá áhugamenn um þessi málefni til liðs við sig, þannig að þeir taki að sér skrásetningu í einstökum héruðum eða byggðarlögum samkvæmt fyrirsögn hans. Sömuleiðis á hann að leita til félaga, er að þessu vilja vinna, svo sem sögufélaga og átthagafélaga, og hann á enn fremur að standa í nánu sambandi við Hagstofu Íslands, en hún á að veita æviskrárritara afrit af þeim gögnum, sem hún fær varðandi látna menn o. s. frv., og embættismennirnir út um land, svo sem prestarnir, hafa á hendi skýrslugerðir annars vegar á vegum Hagstofunnar og hins vegar á vegum Þjóðskjalasafns. Með þessum l. er lagður alveg skýr og ákveðinn grundvöllur undir þá starfsemi, sem hér er um að ræða og hefur verið haldið uppi í þessu horfi s. l. 13 ár. Nú er þetta mál, sem hér er um að ræða, alveg eins og háskólaráð orðar það, að hér er fyrir að fara persónulegu prófessorsembætti. En í leiðinni, ef svo má segja, þá er ætlunin að breyta þeim grundvelli, sem ættfræðistarfsemin hvílir nú á samkv. gildandi l., losa starf æviskrárritara úr tengslum við Þjóðskjalasafn, en leggja starfið í hendur þessa prófessors, sem á að taka við starfi við Háskóla Íslands. Mér sýnist, að ef litið er á þessa skipulagsbreytingu, þá sé hún meira en hæpin. Ég hef áður rakið, hvernig grundvöllurinn er lagður, sem þessi starfsemi hvílir nú á og hún hlýtur að hvíla á framvegis, vegna þess — og ég endurtek það, sem ég sagði fyrr — að ættfræði er og verður fyrst og fremst rannsóknastarf, athugun á heimildum, sem fyrir hendi eru, og þær heimildir eru tengdar við söfnin.

En þetta frv. er bundið við nafn ákveðins manns, og ég dreg það ekki í efa, að sá maður, sem um er rætt í þessu frv., hafi unnið mjög gagnleg störf á þessu sviði, og ég dreg það ekki í efa, að það sé mikils virði, að starfskraftar hans geti notazt í sambandi við ættfræði. En nú er þess að gæta, að frv. sjálft kveður svo á, að aldurshámark opinberra starfsmanna skuli taka til þessa prófessors, en það þýðir, að hann mun ekki gegna þessu starfi nema til sjötugsaldurs. Nú hygg ég, að þessi maður sé kominn á sjötugsaldur nú þegar og að hann eigi þá ekki eftir af þeim starfstíma, sem honum verður markaður með þessari löggjöf, ef sett verður, nema eitthvað 7–8 ár af sínum starfstíma. Ég fæ ekki séð, að íslenzkri ættfræði verði eitthvað sérstaklega vel borgið með því að veita þessum mæta manni aðstöðu til þess að starfa í Háskólanum og bera prófessorsnafnbót fáein ár. Að íslenzkri ættfræði þarf að vinna ekki aðeins á allra næstu árum, heldur um langa framtíð, og að henni þarf að vinna ekki af einum prófessor, heldur að hagnýta í þágu fræðigreinarinnar svo vel sem kostur er á þann áhuga, sem til staðar er með þjóðinni í þessu efni. Ég tel því, að það væri mjög eðlilegt að halda þannig á þessu máli að veita þeim manni, sem hér er um að ræða, starfsskilyrði í tengslum við Þjóðskjalasafn til þess að verja starfskröftum sínum núna næstu árin til þess að sinna þessari grein, sem hann er áreiðanlega mjög vel fær um að leggja stund á. Og nú vill svo til, að embætti æviskrárritara er laust, og þarna virðist því vera fyrir hendi alveg opin leið að tryggja aðstöðu þessa fræðimanns og veita honum sem bezt starfsskilyrði til þess að sinna ættfræðirannsóknum án þess að gera þá skipulagsbreytingu, sem að er stefnt með þessu frv.

Þá vil ég með fáum orðum víkja að afstöðu Háskólans til þessa máls. Ég skal viðurkenna það, að ég er ekki jafn kunnugur málefnum Háskóla Íslands eins og sumir aðrir, sem sæti eiga í þessari hv. d., en það getur ekki farið fram hjá neinum, sem um þetta mál fjallar, að afstaða Háskólans til þessa máls er á þann veg, að þar hefur gætt nokkurrar varfærni, að ég ekki segi tregðu í sambandi við stofnun þessa embættis. Háskólinn hefur að sjálfsögðu mikinn áhuga á að færa út kvíarnar, fá prófessorum fjölgað og taka til meðferðar í kennslu og rannsóknum fleiri og fleiri fræðigreinar. Þetta er mjög eðlileg afstaða Háskólans, og þess er vissulega þörf í vaxandi þjóðfélagi, þar sem nýir þjóðfélagshættir og aukin tækni ryður sér til rúms, að vöxtur og viðgangur Háskólans haldist fyllilega í hendur við vöxt og breytingar þjóðfélagsins sjálfs. Og ég hef það fyrir satt, að fyrir nokkrum árum hafi á vegum Háskólans verið gerð áætlun um nokkurt tímabil um það, hve mörgum embættum skyldi komið upp á tilteknu tímabili við Háskólann og í hvaða fræðigreinum. En ég held, að það sé alveg ótvírætt, að það embætti, sem hér er fjallað um, sé ekki tekið með í þá áætlun, og það bendir til þess, að sjálfum forsvarsmönnum Háskólans hafi fundizt, að ýmislegt annað ætti að sitja í fyrirrúmi fyrir því að stofna prófessorsembætti í ættfræði.

Í umsögn heimspekideildar, sem prentuð er sem fskj. með nál. um málið frá menntmn. Nd., er beinlínis tekið svo til orða: „Loks vill deildin leggja áherzlu á, að verði hún knúin til þess með lagaboði að taka við embætti þessu, þá væri þar með í raun og veru um algjöra stefnubreytingu af hálfu hins háa Alþingis að ræða frá þeirri stefnu, sem mörkuð er í 12. gr. háskólalaganna, 1. málsgr.“ Og nokkrir af kennurum heimspekideildar skiluðu séráliti, og í áliti þeirra segir: „Við álítum, að stofnun prófessorsembættis í ættfræði við deildina sé ótímabær.“

Nú liggur það hins vegar fyrir, að lagadeild hefur fallizt á, að ættfræðiprófessorinn taki sæti í þeirri deild, ef embættið verður stofnað, en það mun koma fram í umsögn lagadeildar, að deildin leggi jafnframt áherzlu á, að stofnun þessa prófessorsembættis í ættfræði verði ekki til þess að seinka eða torvelda stofnun annarra embætta við deildina, sem Háskólinn hefur áður lagt áherzlu á, að stofnuð yrðu.

Þetta, sem ég hef minnzt á um afstöðu Háskólans eða þessara tveggja háskóladeilda, er vissulega nokkuð á annan veg en við höfum átt að venjast í sambandi við önnur frv. um fjölgun prófessora hér á hv. Alþ., þar sem fyrirsvarsmenn Háskólans sjálfs hafa að vonum átt frumkvæði að og verið miklir áhugamenn um, að þau frv. yrðu afgreidd á þann veg, sem þeir töldu bezt hæfa fyrir stofnunina.

Það má nú segja, að það sé óþarft að víkja að því, sem gerist með öðrum þjóðum í þessu efni, en þó vil ég nú leyfa mér að rifja upp nokkur atriði, sem fram hafa komið við meðferð þessa máls og sýna, hvernig staðið er að svona málum með öðrum þjóðum. Sá hæstv. ráðh., menntmrh., sem ber fram þetta frv. og beitir sér fyrir samþykki þess, er vissulega sjálfur menntamaður, og ekki aðeins það, hann er jafnframt víðförull maður. En þó mun það hafa verið svo, að menntun hans og sú þekking, sem hann hefur aflað sér af eigin sjón og raun hjá öðrum þjóðum, nægði honum ekki til þess að benda á fordæmi fyrir þessu máli. En inn í fundarsal Nd. mun hafa verið borin alfræðiorðabók, ein hin fullkomnasta, sem til er, og með því að leita í henni að dæmum hjá öðrum þjóðum, kom það í ljós, að dæmi fundust ekki um ættfræðiprófessor við háskóla á Norðurlöndum og ekki við háskóla í Bretlandi. Hins vegar mun vera sagt í alfræðiorðabókinni, að svona embætti eigi sér hliðstæður í Þýzkalandi. Eftir að þetta kom fram í umr. í Nd., létu nokkrir kennarar við heimspekideild Háskólans frá sér fara grg., sem birt var í blöðum, og í þeirri grg. kemur það fram, að þeir hafi – eftir að þeir fengu fréttir af þessum umr. í Nd. — farið að kynna sér námsskrár og embætti háskóla í Þýzkalandi. Og í þessari grg. prófessoranna við heimspekideild eru taldir upp háskólar á 19 eða 20 stöðum í Þýzkalandi, og þar kemur það fram, að prófessorarnir hafa ekki fundið í skilríkjum frá þessum háskólum dæmi um það, að prófessor í ættfræði starfaði við þessar stofnanir. Þrátt fyrir þetta fullyrða prófessorarnir í heimspekideild ekki, að það sé með öllu útilokað, að slík embætti séu til í Evrópu, og geta þess, að þeim sé kunnugt um a. m. k. 1 eða 2 forstöðumenn safna, sem hafi fengið prófessorsnafnbót í skjalavörzlu og ættfræði. Ég minni á, að þetta hefur komið fram í sambandi við umr. um þetta mál, og þetta sýnir, að með þessu frv. er lagt út á braut, sem ekki er algengt að farin sé með öðrum þjóðum. Það verður því niðurstaða mín að leggja það til sem minni hl. í menntmn., að frv. þetta verði felld, og ef hv. þd. fellst á þetta sjónarmið, þá virðist mér, að af því leiði einungis, að l., sem sett voru 1956 um æviskrárritara, starf hans og starfsgrundvöll, standi áfram óbreytt og æviskrárritari starfi samkv. þeim l. Og þar sem þetta embætti er nú laust, þá fæ ég ekki betur séð en það gæti legið vel fyrir, að sá mæti maður, sem hér er um rætt, fengi þetta starf, honum yrðu búin svo góð starfsskilyrði í tengslum við Þjóðskjalasafn sem kostur er og þannig gæti hann fengið aðstöðu til að vinna að því áhugamáli, sem hann hefur víst í hjáverkum lagt hönd að í mörg ár, og þjóðin notið starfskrafta hans þau tiltölulega fáu starfsár, sem hann á eftir, þar til hann nær aldurshámarki opinberra starfsmanna, en að ekki yrði gerð nein skipulagsbreyting í sambandi við þessi efni, heldur hvíldi ættfræðistarfið og þær rannsóknir, sem því eru tengdar, fyrst og fremst á þeim grundvelli, sem lagður hefur verið, og í sambandi við söfnin, þær stofnanir, þar sem heimildirnar eru og verða, sem þetta rannsóknarstarf hlýtur fyrst og fremst að byggjast á.

Frsm. meiri hl. (Auður Auðuns): Herra forseti. Ég skal nú ekki nema með fáum orðum svara einstökum atriðum í þeirri ítarlegu og löngu framsöguræðu, sem nú hefur verið flutt fyrir minnihlutaáliti menntmn.

Ég vil í upphafi geta þess af tilefni þess, sem hv. síðasti ræðumaður sagði um það, að sú eðlilega lausn málsins, sem hann mæli fyrir, sé sú, að sá maður, sem frv. er bundið við, Einar Bjarnason, yrði skipaður í starf æviskrárritara, að það var upplýst í umr. í Nd., að Einar Bjarnason mundi ekki sækja um starf æviskrárritara.

Hv. síðasti ræðumaður taldi það eðlilegt, að þessi starfsmaður eða sá, sem gegndi því embætti, sem nú er lagt til, að verði prófessorsembætti við lagadeildina, yrði frekar starfsmaður í Þjóðskjalasafninu, þar sem hans rannsóknir hlytu að grundvallast á þeim gögnum, sem þar liggja fyrir. Nú er það svo, að þau gögn, sem í Þjóðskjalasafni eru geymd, eru grundvöllur rannsóknastarfa ýmissa aðila, sem ekki eru í neinum tengslum við safnið. Já, ég vil nú í fljótu bragði t. d. varpa því fram, að ég get ímyndað mér, að ýmis rannsóknastörf prófessora við lagadeild Háskólans hljóti að vera þess eðlis, að þeir þurfi að leita til Þjóðskjalasafns, t. d. í embættisbækur, sem þar eru varðveittar. Ég sé ekki, að þetta sé röksemd, sem fyrir það girði, að stofnað sé prófessorsembætti í ættfræði við Háskólann.

Um störf æviskrárritara, sem hv. síðasti ræðumaður ræddi allmikið, er það að segja, að í frv. er gert ráð fyrir, að prófessornum verði falin störf æviskrárritara samkvæmt ákvörðun menntmrn. og í samráði við Háskólann, ef ég man orðalagið nokkurn veginn rétt. En ég ætla, að það muni þó vera þannig, að það sé ekki ætlunin, að hann taki við öllum þeim störfum, sem æviskrárritara eru ætluð samkvæmt l., en að honum verði sköpuð aðstaða til þess að helga sig ættfræði einvörðungu.

Þá vil ég aðeins í sambandi við það, sem hv. þm. sagði um afstöðu heimspekideildar, vekja athygli á því, að umsögn heimspekideildar um frv. var eiginlega þannig, að deildin var þar tvískipt. Hluti prófessoranna við heimspekideild lagði aðaláherzlu á það, að eðlilegt væri, að stofnun annarra prófessorsembætta, sem deildin hefði óskað eftir, gengi fyrir stofnun þess embættis, sem hér er um að ræða í frv., en hinn hlutinn hins vegar lagðist á móti því, að prófessorsembætti í ættfræði væri stofnað og rökstuddi það með því, að það þekktist ekki við neinn háskóla, sem þessi hluti heimspekideildar þekkti til. Síðan, eins og hv. þm. vék að, eftir að hv. menntmrh. hafði vitnað í alfræðiorðabók, Encyclopædia Britannica, þar sem sagt er, að prófessorsembætti í ættfræði muni vera til m. a. við þýzka háskóla, hafa þessir prófessorar í heimspekideildinni, sem lögðust gegn stofnun embættisins, tekið sig fram og athugað skipan kennarastóla við þýzka háskóla. Ég las í blaðagrein grg. frá þeim, þar sem þetta kemur fram, og þar er sagt, ég held, að ég muni það áreiðanlega rétt, að tími hafi verið það naumur, að ekki hafi verkið unnizt til fulls, þannig að tæmandi athugun hefði ekki farið fram um þetta atriði í öllum þýzkum háskólum.

Nú legg ég út af fyrir sig ekki svo mikið upp úr deilum um þetta atriði, annars vegar er vitnað í alfræðiorðabókina, hins vegar er heimspekideildin með sínar athuganir, sem ekki eru tæmandi, og það má segja, að málið sé að því leyti ekki vefengt varðandi

það, sem í alfræðiorðabókinni stendur. Hvað mig áhrærir, þá finnst mér það ekki skipta ýkjamiklu máli. Ég persónulega verð að taka undir ýmislegt af því, sem hv. 4. þm. Reykn. sagði hér við 1. umr. málsins. Ættfræðin skipar svo alveg sérstakan sess hér á Íslandi. Það hvað hún er lifandi áhugamál almennings má auðvitað að verulegu leyti rekja til þess, hve okkar þjóðfélag er fámennt, hér hverfa ekki einstaklingarnir í mannhafið eins og hjá hinum stærri þjóðum, þannig að feril þeirra er erfitt að rekja og ættartengsl þar með. Og þó að hvergi fyndist við neina háskóla annars staðar, að prófessorsembætti í ættfræði væru fyrir hendi, sé ég ekki annað en að við gætum auðveldlega og getum auðveldlega sett á stofn slíkt embætti hér hjá okkur. Og ég er ekki í vafa um það, að það mun fjöldamörgum þykja, að það sé gagnráðið.

Þá vil ég að lokum aðeins árétta það, sem kom fram að ég ætla í minni framsöguræðu fyrir nál. meiri hl., að það er á engan hátt ætlunin að stofnun þessa prófessorsembættis skerði eða raski fyrri áætlunum um stofnun prófessorsembætta við deildir Háskóla Íslands.

Frsm. minni hl. (Páll Þorsteinsson): Herra forseti. Ég þarf ekki að bæta mörgum orðum við það, sem ég hef áður sagt um þetta mál. Það eru aðeins tvö atriði, sem ég vil leyfa mér að ítreka eftir að hafa heyrt ræðu frsm. meiri hl.

Það er í fyrsta lagi það, sem fram kom hjá frsm. meiri hl., að prófessorar ýmsir við Háskólann hlytu starfs síns vegna að hafa mikil afnot af söfnum landsins, bæði Þjóðskjalasafni og Landsbókasafni, þá er það vissulega rétt. En að mínu viti er sá munur á, að prófessorar yfirleitt annast kennslu í Háskólanum í þeim fræðigreinum, sem þeir hafa á hendi að kenna. Afnot þeirra af söfnum landsins eru því að verulegu leyti við það bundin að búa sig undir kennslu og erindaflutning í Háskólanum. En starf ættfræðiprófessors verður ekki nema þá að afar takmörkuðu leyti bundið við kennslu, heldur er það fyrst og fremst rannsóknastarf, úrvinnsla úr heimildum, sem fyrir hendi eru aðallega í söfnum landsins. Það skapar nokkra sérstöðu fyrir þetta embætti eða þennan mann, samanborið við aðra prófessora. Þetta kemur greinilega fram í t. d. umsögn heimspekideildar, sem ég hef í fyrri ræðu minni vitnað til, að þar segir, að kennslustarf í þessari fræðigrein muni verða mjög takmarkað, og hlýtur okkur öllum að liggja það í augum uppi.

Hitt atriðið, sem ég vildi gera aths. um, eru þau ummæli í ræðu frsm. meiri hl., að prófessornum í ættfræði muni ekki vera ætlað að taka við öllum störfum æviskrárritara. Frvgr. er þannig orðuð: „Prófessorinn skal taka við störfum æviskrárritara samkvæmt l. nr. 30 24. marz 1956 eftir því sem nánar verður fyrir mælt af menntmrh., að fenginni umsögn háskólaráðs.“ Það er að vísu rétt, að þetta orðalag er þannig, að það segir ekki berum orðum, að hann skuli taka við öllum störfum æviskrárritara, en ég vil láta það koma fram, svo að það fari ekki fram hjá neinum, að þegar rætt hefur verið um kostnaðaraukann af þessu máli — og ég hef ekki sérstaklega fjallað um þá hlið í minni ræðu — í grg. frv., eins og það var flutt, þá er málið byggt á því, að prófessorinn í ættfræði taki við öllum störfum æviskrárritara og að kostnaðaraukinn af stofnun prófessorsembættis þess, sem hér um ræðir, ætti ekki að verða annar en mismunur á launum æviskrárritara eftir fyrri skipan og prófessors, þ. e. milli 20. og 27. launaflokks starfsmanna ríkisins. Ef þetta er rétt metið um kostnaðinn, sem málið sjálft er grundvallað á, liggur það í hlutarins eðli, að fyrirhugað er, að prófessorinn taki við öllum störfum æviskrárritara, þannig að enginn aukakostnaður fylgi því að skipta þessum störfum milli fleiri manna.

Frsm. meiri hl. (Auður Auðuns): Herra forseti. Það er aðeins í sambandi við síðasta atriðið, sem síðasti ræðumaður vék að. Það er rétt, að í grg. með frv. segir, að kostnaðarauki eigi ekki að verða annar en mismunur á launum æviskrárritara og prófessorslaunum. Það telur hann, að taki af allan vafa um það, að prófessorinn eigi að taka við öllum störfum æviskrárritara. Ég verð nú að segja, að mér sýnist hreint ekki vera fyrir það girt, að einhverjum þeim störfum, sem æviskrárritari hefur gegnt, verði ráðstafað á annan hátt án þess að auka þurfi starfslið eða að nokkur kostnaðarauki þurfi af að hljótast.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 88. fundi í Ed., 8. maí, var fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 13:1 atkv.
2. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 16 shlj. atkv.

Á 89. fundi í Ed., 9. maí, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 10:1 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 704).

---

51. Bann gegn veiðum með botnvörpu og flotvörpu (stjfrv.).

Á 81. fundi í Nd., 25. apríl, var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 62 18. maí 1967, um bann gegn veiðum með botnvörpu og flotvörpu [233. mál] (stjfrv., A. 551).

Á 82. fundi í Nd., 28. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Dómsmrh. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Frv. það til l. um breyt. á l. um bann gegn veiðum með botnvörpu og flotvörpu, sem nú er tekið fyrir hér í hv. þd., er allviðamikið frv., og með réttu má segja, að það sé nokkuð margslungið, og sé það kannske af þeim ástæðum nokkuð seint fram komið á þinginu, þegar menn hugsa nú til þess, að óðum styttist starfstími þess. En hv. þm. er öllum kunnugt um, að þetta mál á sér

verulegan aðdraganda, og hefur verið unnið að undirbúningi frv. í allan vetur af svo kallaðri landhelgismálanefnd, en sú n. hefur unnið að málinu af elju og dugnaði og haft auk þess samráð við þmn. eða þm. úr einstökum kjördæmum, og jafnframt hefur n. lagt land undir fót og ferðazt kringum landið og hlýtt þar á og rætt við sjómenn og útgerðarmenn um þau sjónarmið og viðhorf, sem mótuð eru í þessu frv. Þegar leið að páskum, þótti sýnt, að landhelgismálanefndin, sem skipuð var á s.l. hausti, mundi bráðlega geta gengið frá sínu nál., en þessi n. var skipuð 2. október 1968, og áttu sæti í henni, eins og fram kemur í grg. n., Guðlaugur Gíslason alþm. og Sverrir Júlíusson alþm. tilnefndir af Sjálfstfl., Jón Skaftason alþm. tilnefndur af Framsfl., Lúðvík Jósefsson alþm. tilnefndur af Alþb. og Jón Ármann Héðinsson alþm. tilnefndur af Alþfl., en hann var jafnframt skipaður form. n. Jón Arnalds deildarstjóri í atvmrn. var ráðinn ritari n. En þegar þangað var komið störfum n., sem ég vék að áðan, var hafizt handa um það sameiginlega í dómsmrn. og atvmrn. að færa tillögur nefndarinnar í það frumvarpsform, sem hér liggur fyrir. Unnu ráðuneytisstjórar í dómsmrn. og atvmrn. að því, þeir Baldur Möller og Gunnlaugur Briem, auk Jóns Arnalds deildarstjóra í atvmrn. og Gizurar Bergsteinssonar hæstaréttardómara, sem ég kvaddi til ráðuneytis í sambandi við að útbúa þetta frv.

Ég veit ekki betur en innan landhelgismálanefndarinnar ríki ekki ágreiningur um þann búning, sem frv. hefur verið valinn, jafnvel þó að eitthvað þurfi kannske að færa til betri vegar við nánari athugun í nefndum þingsins. Það er að vísu svo, að sérfræðingar, sem hafa undirbúið málið af hálfu ráðun., hafa orðað við mig ýmis atriði önnur í l. um bann gegn veiðum með botnvörpu og flotvörpu, sem ástæða væri til að taka til endurskoðunar. Ég á þar sérstaklega við sektarákvæði, varðhaldsákvarðanir og upptökuheimildir á skipum, en að því er ekki vikið að þessu sinni, og bíður það seinni tíma, og geri ég ráð fyrir, að enda þótt þetta hafi verið rætt innan landhelgismálanefndarinnar og henni þannig um þessi sjónarmið kunnugt, þá vilji hún síður blanda öðrum atriðum inn í málið nú en þeim, sem lúta að frekari hagnýtingu heldur en hingað til hefur verið leyfð á fiskveiðilögsögunni. Það kemur fram í stuttum aths. við lagafrv. á bls. 7, meginatriði frv., þ. e. a. s. þeirra breytinga á heimildum til togveiða frá því, sem heimilað var með reglugerðum frá 1958 og 1961. Ég sé ekki ástæðu til að lesa það upp. Hv. þm. er fullkunnugt um það af margháttuðum fundahöldum og hafa einnig málsskjölin fyrir framan sig í þessu sambandi.

Ég tel, að í grg. landhelgismálanefndarinnar sé það einna markverðast og marki tímamót í þessum málum, þegar talað er um, eins og þar segir, að alls staðar hafi komið skýrt fram, að menn spyrðu ekki nú: Á að auka togveiðar, heldur hvernig á að auka togveiðar innan fiskveiðilögsögunnar. En það hefur alltaf verið í hugum okkar Íslendinga, þó að kannske lítið hafi miðað að hagnýta sér fiskveiðilögsöguna eða fiskveiðilandhelgina, að það væri okkar ótvíræði réttur, Íslendinga, að hagnýta hana og beinlínis skylt að hagnýta hana, enda má segja, að rétt og eðlileg hagnýting fiskveiðilandhelginnar sé ein af meginundirstöðunum og grundvöllurinn undir efnahagsafkomu þessa litla eyríkis.

Ég vil vekja athygli á því, að þær till., sem hér eru gerðar, og einnig önnur veiðileyfi með dragnót og til humarveiða, sem veitt hafa verið áður í íslenzkri landhelgi, hafa verið byggð á áliti sérfræðinga og vísindamanna, sem unnið hafa að þessum málum, og þá fyrst og fremst Hafrannsóknastofnuninni, eins og hún er nú kölluð. Það er mjög athyglisvert og veigamikið, sem fram kemur í áliti Hafrannsóknastofnunarinnar, sem fylgir grg. landhelgismálanefndarinnar, þar sem segir með leyfi hæstv. forseta:

„Af því, sem að ofan greinir, er ljóst, að enginn verulegur munur er á lengdardreifingu fisks, sem fæst í hin einstöku veiðarfæri á Íslandsmiðum hvort sem er fyrir innan landhelgi eða utan."

Hafrannsóknastofnunin telur því, að hér sé ekki um að ræða fiskifræðilegt vandamál, heldur öllu frekar fjárhagslega og þjóðfélagslega hagkvæmni sjálfra veiðanna, svo og skiptingu veiðisvæðanna á milli þeirra, sem eiga hlut að máli.

Þá vil ég einnig vekja athygli á niðurlagi grg. landhelgismálanefndarinnar, þar sem þeir telja rétt að undirstrika, að þessar till. séu niðurstaða um samkomulag meðal nm. og þm. hafi verið kynnt höfuðsjónarmið í till. N. leggur svo í framhaldi af þessu til, að þessar till. eigi að gilda, um hin auknu veiðileyfi til ársloka 1971 og skuli endurskoðast fyrir þann tíma. Þá gefst tækifæri á því að lagfæra það, sem reynslan sýnir, að betur má fara. Grundvallaratriðið er, og það vil ég taka undir, segir n., að allir landsmenn virði fiskveiðilög sem önnur lög og hlíti dómi reynslunnar varðandi það, hvernig æskilegt er að hagnýta fiskimiðin. Eins og kunnugt er, voru gefnar upp sakir fyrir brot á fiskveiðilögunum 1. desember s. l., og Alþ. afgreiddi síðan í desembermánuði bráðabirgðabreytingu á l. um bann gegn veiði með botnvörpu og flotvörpu. Ég tel, að málin hafi þá þegar skipazt í miklu betra horf, og það er von mín, að þær breytingar, sem hér eru lagðar til, megi einnig verða til góðs í þessum málum. Ég geri mér að vísu fyllilega grein fyrir því, að það er sjálfsagt sitthvað, sem hv. þm. greinir á um í þessu frv. og þeim veiðiheimildum, sem hér eru veittar. Við öðru er ekki að búast, en ég tel, að það sé þm. til mikils sæmdarauka, að þeir hafa tekið hreinskilnislega höndum saman á þeim vetri, sem nú er liðinn, til þess að vinna að endurbótum á þessari löggjöf hjá okkur, sem hefur því miður ekki verið til fyrirmyndar á undanförnum árum, hvorki að efni til né framkvæmd. Ég geri svo ráð fyrir því, að þeir hv. nm. úr landhelgismálanefndinni, sem hér eiga sæti í deildinni, og aðrir þm. muni efnislega fjalla miklu meira um einstök atriði heldur en ég nú geri, og skal láta mér nægja að leggja til, að þessu frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. sjútvn.

Guðlaugur Gíslason: Herra forseti. Frv. um heimild til aukinna botnvörpuveiða innan fiskveiðilandhelginnar hafa á undanförnum árum verið flutt af einstaka þm. hér í þessari hv. d., en ekkert þeirra hefur náð fram að ganga fyrr heldur en nú rétt fyrir jól, eða 20. des. s. l. var samþ. frv. um bráðabirgðabreytingu á þessum l., sem borið var fram af nokkrum þm. Sjútvmrh. skipaði hinn 2. október, eins og fram kom hjá hæstv. dómsmrh., nefnd þm. til þess að gera till. um hagnýtingu fisk-

veiðilandhelginnar almennt. Þegar var séð í haust, þegar dómsmrn. hafði lagt til, að gefnar yrðu upp sakir fyrir þau brot, sem fram að þeim tíma hefðu átt sér stað í sambandi við botnvörpuveiðarnar, en eftirleiðis mundi l. verða stranglega framfylgt, að rekstursgrundvelli undir verulegum hluta þess bátaflota, sem bolfiskveiðar stunda, væri kippt í burtu. Hins vegar lá það einnig fyrir alveg ljóst, að sú n., sem ráðh. hafði skipað til að fjalla um þessi mál, mundi ekki ná til að skila störfum það tímanlega, að til kæmi, að Alþ. mundi samþykkja nokkra varanlega lausn í þessum efnum, og varð það til þess, að frv. var lagt fram, og ég hygg, að alþm. hafi almennt þá þegar gert sér ljóst, að við svo búið gæti ekki staðið lengur, að löggjöf, sem í gildi væri, væri þverbrotin af stórum hluta sjómannastéttarinnar allt í kringum land, heldur yrði að gera þar á breytingu, og það hafi verið ástæðan fyrir því, að Alþ. náði ágreiningslítið samstöðu um að samþykkja til bráðabirgða þá lausn, sem þá lá fyrir.

Landhelgisnefndin svo kallaða hóf störf síðustu dagana í októbermánuði, og hefur sleitulítið starfað að þessum málum síðan. Það munu hafa verið haldnir 40 bókaðir nefndarfundir auk 9 funda, sem haldnir voru úti á landi til umræðna um málin. N. notaði að nokkru leyti áramótafrí þingsins til þess að ferðast um landið og kynna málið og einnig og ekki síður til þess að fá sem víðtækast álit einstakra aðila, sem þessi mál þekktu, fá álit þeirra, til að hún gæti eftir því nokkuð frekar gert sér grein fyrir, hvað eðlilegt væri að gera og þá helzt í hverjum landsfjórðungi eða á hverju veiðisvæði. Ég hygg, að n. hafi stigið þarna nokkuð rétt spor, því að vissulega reyndist mikill áhugi alls staðar þar sem n. hélt fundi. Reyndist mikill áhugi fyrir málinu, urðu um það miklar umr., og menn sögðu afdráttarlaust frá afstöðu sinni, hvort þeir voru með eða móti málinu. Ég hygg, að það hafi alls staðar komið fram, að skiptar skoðanir voru um málið. Sumir voru ákveðnir með því, að l. yrði að breyta allverulega. Aðrir töldu ekki ástæðu til þess og a. m. k. yrði að fara með allri gætni og varúð í sambandi við allar hugsanlegar breytingar. Auk þeirra funda, sem n. hélt í öllum landsfjórðungum og voru 9 talsins, eins og ég minntist á, kom til viðræðna við n. mjög mikill fjöldi einstakra manna, bæði einstaklinga og fulltrúa frá einstökum félögum og félagasamtökum, bæði samtökum útgerðarmanna og samtökum sjómanna og fiskvinnslunnar.

Ég hygg því, að þetta mál hafi verið mjög gaumgæfilega rætt við alla aðila, sem hér geta átt hlut að máli, og n. gegnum það hafi getað aflað sér mjög víðtæks sjónarmiðs yfir afstöðu manna til málsins, bæði þeirra, sem eru því fylgjandi að veita auknar heimildir, og einnig þeirra, sem eru því andstæðir. Hún hafði því vissulega nægjanlegt verkefni til að vinna úr, þegar hún hafði gert þessar athuganir, og notaði hún páskaleyfi sitt nokkuð til þess og varð að lokum sammála um ákveðnar till., þó að vissulega hafi innan n. einnig verið mismunandi sjónarmið um það, hversu langt ætti að ganga og hversu víðtækar breytingar eðlilegt væri að gera. En ég hygg, að allir nm. hafi verið sér þess meðvitandi, að málið væri það stórt og viðamikið, að þó að hver og einn fengi ekki nema hluta af því sjónarmiði, sem hann hélt fram, framgengt eða samstöðu um það, þá vildi enginn verða til þess, að n. klofnaði, ef annars væri kostur. Svo reyndist einnig að lokum, að ég hygg, að allir nm. hafi gert nokkrar tilslakanir á afstöðu sinni, og þá náði hún saman um sameiginlega till., sem nokkurn veginn hygg ég óbreytt kemur fram í 2. gr. þess frv., sem hér liggur fyrir. Mjög hefur verið um það talað í öll skiptin, sem þetta mál hefur borið á góma, bæði innan þings og utan, hvort virkilega væri nokkur þörf á breytingu á l. um bann gegn botnvörpuveiði. Margir hafa mjög eindregið haldið því fram, að svo væri ekki, og varðandi brot einstakra skipstjórnarmanna, sem átt hafa sér stað, þá væri þar bara um frekju og yfirgang að ræða frekar en nauðsynlegt væri að stunda veiðarnar á þann hátt, sem gert hefur verið. Ég tel, að þetta stafi af nokkurri vanþekkingu, hef ávallt haldið því fram, að svo væri, því þó að segja megi, að bátaflotinn geti haft og hafi sæmilegan rekstrargrundvöll á vetrarvertíð, þá er allt annað að segja um hluta hans eða hina smærri báta, þá, sem bolfiskveiðarnar stunda yfir aðra mánuði ársins. Ég vil segja allt frá byrjun maí og fram til áramóta. Ég hygg, að engum detti í hug að halda því fram, að á svæðinu frá Látrabjargi og austur um að Stokksnesi, mundi það bera nokkurn árangur, þó að einhverjir útgerðarmenn og sjómenn vildu ráðast í það að stunda línu-, neta- eða handfæraveiðar yfir sumar- eða hausttímann. Ég tel mig það kunnugan þessum málum á þessu svæði, að ég hygg, að það mundi engum útgerðarmanni detta í hug, að hann gæti haft rekstrargrundvöll fyrir bát sinn með því að stunda þessar veiðar á þessum tíma og á því svæði, sem ég tilgreindi. Spurningin er því, eru til önnur veiðarfæri, aðrar veiðiaðferðir, sem bátaflotinn getur byggt rekstrargrundvöll sinn á? Ég tel, að það hafi fengizt reynsla fyrir því, að svo er. Ég hygg, að flestir, sem látið hafa, eða flestir, sem stundað hafa botnvörpuveiðar á hinum smærri bátum á undanförnum árum, telji, að ef hægt er að gera það með eðlilegum hætti og á þeim veiðisvæðum, þar sem sjómenn telja eðlilegt, að veitt sé, þá muni vera hægt að telja, að sæmilegur rekstrargrundvöllur sé fyrir bátaflotann einnig verulegan hluta af þeim tíma, sem nefndur var, eða frá því í byrjun maí og fram til áramóta. Enda er það vitað, að allstór hluti hinna smærri vélbáta var þegar farinn að stunda þessar veiðar, en í ljós kom, að það var ekki gert með neinum viðunandi árangri nema farið væri inn fyrir þau mörk, sem í gildi voru allt til 1. desember.

Ég tel því, að hv. Alþ. verði að gera sér grein fyrir, að ef ekki komi fram ábendingar um aðrar veiðiaðferðir sem rekstursgrundvöll fyrir bátaflotann, þá verði að gera allverulega tilslökun á l. um bann gegn botnvörpuveiði. Ég hef bent á það hér áður, að það er ekki einasta þarna í húfi atvinna sjómanna og afkoma útgerðarinnar, heldur hygg ég, að sé enn þá stærra vandamál afkoma þess verkafólks á hinum ýmsu stöðum allt í kringum land, sem vinnur við fiskiðnaðinn. Því að ef svo færi, að ekki væri hægt að hafa sæmilega trygga afkomu fyrir útgerðina nema yfir hávetrarvertíðina, þá tel ég, að það liggi alveg beinlínis fyrir, að útgerð þessara smærri báta hlyti að leggjast niður, þar sem ekki verður staðið undir hvorki afborgun og vöxtum af þessum atvinnufyrirtækjum eða rekstri þeirra, ef aðeins er um að ræða þriggja til fjögurra mánaða út-

haldstíma. Ef svo færi, að útgerð þessara báta drægist verulega saman, þá liggur það einnig alveg ljóst fyrir, að vá er fyrir dyrum í hinum ýmsu byggðarlögum atvinnulega séð, því að víða er það svo, að fiskvinnslustöðvarnar eru nær einasta atvinnutækið, sem fólk hefur til að byggja afkomu sína á. Þetta mundi að sjálfsögðu hafa í för með sér alvarlegan samdrátt í hinum ýmsu byggðarlögum og skapa vandamál fyrir þjóðarheildina á þann veg, að fólk mundi þá enn frekar en áður sækja utan af landsbyggðinni hingað í þéttbýlið við Faxaflóa. Ég tel, að einmitt þetta sjónarmið verði að vera í hugum manna, þegar þessi mál eru rædd, að það er ekki þarna verið að gera neina óeðlilega tilslökun til handa sjómönnum og útgerðarmönnum til að stunda fiskveiðar, heldur er þarna um að ræða hagsmunamál alls almennings allt í kringum land í hinum dreifðu byggðum landsins.

Ég vil undirstrika það, sem mér er vel kunnugt, að hinir ýmsu skipstjórnarmenn, útgerðarmenn og sjómenn, sem þessar veiðar hafa stundað áður og gerzt brotlegir við gildandi lög og reglur, þeir eru er ég sannfærður um í eðli sínu síður en svo nokkuð ólöghlýðnari menn heldur en almennt gerist, heldur hafa þeir verið þarna í hreinni sjálfsvörn og þeirri aðstöðu, að þeir hafa orðið að berjast ég vil segja upp á líf og dauða fyrir tilveru sinni, fyrir afkomu sinni og sinna byggðarlaga. En vonandi er það liðin tíð, að sjómenn lendi í þeirri aðstöðu, sem þeir hafa verið í við þessar veiðar, og hv. Alþ. nái samstöðu um það að þær breytingar á gildandi lögum, að viðunandi sé, til þess að þessar veiðar verði stundaðar með árangri og menn eftirleiðis geti stundað þær án þess að gerast brotlegir við gildandi lög eða reglur. Og n. er alveg sammála um það, að verði það frv., sem hér liggur fyrir, samþ. í því formi, sem það er, skuli það leiða til þess, að l. og reglum um þessar veiðar verði eftirleiðis framfylgt og þeir, sem gerast brotlegir við þær, beri fulla ábyrgð gjörða sinna. Við, sem höfum verið fylgjandi því á undanförnum árum, að verulegar tilslakanir væru gerðar um þessar veiðar, gerum okkur alveg ljóst, að ef frv. það, sem hér liggur fyrir, verður samþ., þá er það eðlilegt, að löggjafinn, sem framkvæma á þessi lög eins og önnur, geri það og menn verði látnir sæta ábyrgð, ef þeir gerast brotlegir við þau.

Ég sé nú ekki ástæðu til þess að rekja hverja einstaka till. n., sem fram kemur eins og ég sagði í 2. gr. frv. Þar er um næstum mjög tæknileg atriði að ræða, en segja má í heild um till., að þær eru verulegar tilslakanir. Miðað við þau lög og þær reglur, sem í gildi eru, þá er þar um verulegar tilslakanir að ræða, sérstaklega fyrir hina smærri eða smæstu báta, allt að 105 tonnum, eins og fram kemur í frv., bæði fyrir Norðurlandi, Suðurlandi, hér við Reykjanes, Faxaflóa og Breiðafjörð. Það er um mun minni tilslakanir að ræða eða mun minni breytingar að ræða bæði fyrir Austurlandi norðan til og einnig fyrir Vestfjörðum. Það var einmitt þetta atriði, sem nm. í landhelgisnefnd greindi nokkuð á um, hvað eðlilegt væri að ganga langt í hverju tilfelli og á hverju veiðisvæði. Það voru uppi um það mjög margar og misjafnar skoðanir, ekki einasta innan n., heldur fengum við till. og álitsgerðir víðs vegar að úr hinum einstöku sjávarplássum, þar sem menn einnig innbyrðis greindi nokkuð á um það, hvað eðlilegt væri að ganga langt í breytingu þeirra laga, sem gildandi voru. Og það var alveg rétt, sem hæstv. dómsmrh. benti hér á, að menn almennt spurðu um það, hvort þeir hefðu gert sér grein fyrir því, að um einhverjar breytingar yrði að ræða, en flestir ræddu málið á þeim grundvelli, hversu eðlilegt væri að gera miklar breytingar. Ég hygg því, að það sé nokkuð almenn samstaða um það um landið, að eðlilegt sé, að einhverjar breytingar verði gerðar á þeim lögum, sem nú gilda um bann gegn botnvörpuveiði.

Eitt atriði var það, sem n. greindi nokkuð á um og skiptar skoðanir voru um og ég hygg nú, að við komumst næst því, að n. klofnaði á, en það var um mismunandi sjónarmið um hættu á árekstrum milli hinna einstöku veiðarfæra, það vill segja hættu á árekstri milli þeirra báta, sem stunda togveiðar, og þeirra báta, sem stunda neta- og línuveiðar. Ég hélt því mjög ákveðið fram og taldi mig byggja það á nokkurri reynslu, að sá ótti, sem hjá nm. öðrum, ég hygg flestum, kom fram um árekstra milli þessara veiðarfæra, væri ekki á rökum reistur, því að það hafði sýnt sig á undanförnum árum, að á svæðinu frá Reykjanesi og að Ingólfshöfða, þar sem jöfnum höndum hafa verið stundaðar botnvörpuveiðar og línu- og netaveiðar, þar hefur ekki mér vitanlega komið til neinna teljandi árekstra milli báta, sem þessar veiðar stunda. Nú í vetur hefur þetta kannske komið enn greinilegar í ljós, því að þau rök komu fram gegn þessari skoðun minni í n., að ekki væri um þetta neitt raunverulega hægt að segja, því að botnvörpuveiðarnar hefðu á þessu svæði mikið verið stundaðar ólöglega og þess vegna hefðu menn ekki þorað að beita því veiðarfæri, eins og þeir annars mundu gera, ef um löglegar veiðar væri að ræða, en nú í vetur hafa botnvörpuveiðar samhliða netaveiðum verið stundaðar ég hygg í ekki minni mæli og sennilega í enn ríkari mæli en áður einmitt á svæðinu frá Reykjanesi og að Portlandi eða Dyrhólaey, án þess að mér vitanlega hafi til nokkurra árekstra komið. En þetta er eins og annað í sambandi við þessi mál, að það sýnist þar sitt hverjum, hver heldur fram sínu sjónarmiði, eftir því sem hann telur sig hafa þekkingu á og reynslu fyrir, en reynsla verður auðvitað úr þessu að skera, en mér þótti það mjög miður, að ekki skyldi nást samstaða um það, að það væri almennt sett í heimild til handa ráðh. að ákveða lokun einstakra veiðisvæða, ef nauðsyn væri talin á vegna hættu á árekstrum þeirra í milli. En allt kemur þetta í ljós, ef frv. verður samþ. og eftir því verður farið að starfa, þá kemur þetta allt í ljós á næstu árum, og þá er aðstaða til þess að gera á því þær breytingar, sem nauðsynlegt er talið að gera.

En það, sem að sjálfsögðu mestu varðar, er það, að Alþ. nái samstöðu um það, hvernig Íslendingar geta á sem hagkvæmastan og beztan hátt nýtt þau veiðisvæði, sem innan fiskveiðilandhelginnar eru, og þá með þeim veiðarfærum, sem bezt henta hverju sinni og á hverjum stað, því að það liggur alveg ljóst fyrir, að þó að botnvarpa henti bezt á þessum eða hinum staðnum, þá getur verið svo og er það svo, að menn telji hagkvæmara að stunda aðrar veiðar, bæði kemur til greina línu- og handfæraveiðar eins og t. d. fyrir Vestfjörðum, þar sem ekki er talin ástæða til að gera neinar tilslakanir fyrir báta úti fyrir því svæði, þar sem veiðar með öðrum veiðarfærum, línu og handfærum, munu gefa nægjan-

legt hráefni utan vetrarvertíðar til þess að halda þar uppi eðlilegri atvinnu í sambandi við fiskvinnsluna. En eins og fram kemur í frv. er ætlazt til, að l. gildi aðeins til ársloka 1971, og verður að vænta þess, að þá verði komið nokkuð skýrar í ljós, hvað óhætt er að gera í þessum efnum. Ég hygg þó, að við, sem störfum í landhelgisnefndinni og áttum þess kost að afla okkur verulegra upplýsinga og álits bæði þeirra manna, sem reynslu hafa í þessum efnum, og eins þeirra sérfróðu aðila um þau, fiskifræðinganna, að við teljum, að ekki sé lengra gengið heldur en óhætt er og eðlilegt sé. Fiskifræðingar hafa ekki farið dult með það, látið birta það eftir sér og haldið því fram í ræðum, að þeir teldu, að hvað fiskistofna snertir væri botnvarpan með þeirri möskvastærð, sem nú er í gildi, ekkert hættulegra veiðarfæri heldur en þau önnur, sem veiðar eru nú stundaðar með og lögleg eru. Er þar bæði um línu- og nótaveiðar að ræða. Ég vil einnig í þessu sambandi benda á, að ég tel, að mjög mikil reynsla sé fengin í sambandi við botnvörpuveiðar hér við land. Á ég þar við svæðið frá Reykjanesi að Stokksnesi. Á þessu svæði hafa um áratuga skeið verið stundaðar botnvörpuveiðar, og lengi vel allt fram undir síðustu tvo áratugina, þá voru þessar veiðar stundaðar ekki einasta af íslenzkum skipum, heldur og af erlendum skipum, allt inn að þriggja mílna mörkunum gömlu. Það hefur sýnt sig, að fiskur hefur gengið á miðin á þessu svæði ekkert síður að ég vil segja heldur en á önnur svæði við strendur landsins, og nú í vetur mun þetta svæði hafa verið einna auðugast af fiski, eða fiskur gengur þar frekar jafnvel heldur en á önnur svæði. Það sýna veiðar þeirra skipa, sem þar stunduðu veiðar, sérstaklega með netum. Aftur á móti liggur það einnig ljóst fyrir, að annars staðar, t. d. í Húnaflóa, þar sem botnvörpuveiðar eða botnsköfuveiðar — á ég þar hvort heldur við botnvörpu eða dragnót — munu ekki hafa verið stundaðar í nær tvo áratugi, þar hefur fiskigengd mjög dregizt saman. Það hefur almennt verið talið fram að þessu, að um fiskiþurrð væri að ræða í Húnaflóa, og getur það ekki stafað af botnvörpu- eða dragnótaveiðum, þar sem þessar veiðar hafa, eins og ég sagði, um nær tvo áratugi ekki verið stundaðar þar. Þetta bendir til þess, að lítið sem ekkert samband sé á milli þess, hvort botnvörpuveiðar eru stundaðar á þessum stað eða hinum eða í hversu miklu magni fiskur gengur á miðin, hvort heldur er að vetri eða sumri til. Þetta er einnig skoðun að ég hygg fiskifræðinga, og hafa þeir látið þetta álit sitt í ljósi bæði í ræðum og riti.

Þá hefur nokkuð verið á það bent í umr. um þetta mál, að ástæða væri til að ætla, að erlendir aðilar, sem hér áður stunduðu veiðar við strendur landsins, vildu taka það nokkuð óstinnt upp, ef Íslendingar sjálfir færu að stunda botnvörpuveiðar innan fiskveiðimarkanna og nýta þau á þann hátt. Ég tel, að n. hafi aflað sér nokkuð öruggra upplýsinga um það, að ekki sé ástæða til að óttast þetta sjónarmið, því að það hafi ávallt komið fram í öllum viðræðum á erlendum vettvangi um þessi mál frá fulltrúum Íslendinga, að þetta væri gert í tvennum tilgangi, annars vegar að sjálfsögðu með það sjónarmið fyrir augum, að veiðisvæðin yrðu ekki of nýtt, og hins vegar einnig vegna þess, að það væri þjóðarnauðsyn, að þau væru nýtt á sem beztan og hagkvæmastan hátt fyrir Íslendinga sjálfa, án þess að hætta væri þar á ofveiði eða rányrkju.

Ég sé svo ekki, herra forseti, ástæðu til þess að fara um þetta fleiri orðum við þessa 1. umr. um málið, og eins og ég sagði, þær till., sem hér liggja fyrir, um hin einstöku veiðisvæði víðs vegar í kringum landið eru það tæknilegs eðlis og það flóknar, að ég hygg, að menn geti gert sér bezt grein fyrir þeim með því að lesa þær og bera þær saman við þau kort, sem með nál. eru birt, og þannig gert sér sem bezta grein fyrir og fengið sem gleggsta hugmynd um þær till., sem hér er um að ræða og sem landhelgismálanefnd skilaði að loknum þeim áfanga í störfum sínum, sem hún var að vinna að, en hún náði aðeins til þess á þessum tíma að gera till. um auknar veiðiheimildir með botnvörpu, en náði ekki til þess að gera beinar till. um frekari hagnýtingu veiðisvæðanna, þá með öðrum veiðarfærum, en hafði þó vissulega aflað sér nokkurra upplýsinga og álits einnig í því sambandi.

Geir Gunnarsson: Herra forseti. Barátta Íslendinga fyrir stækkun landhelginnar hefur jafnan haft tvíþættan tilgang. Annars vegar að tryggja landsmönnum einkarétt til veiða á sem stærstum svæðum við landið og hins vegar að tryggja, að við getum sjálfir og einir ráðið því, hvernig miðin eru hagnýtt með það í huga að vernda þau og ekki síst uppeldisstöðvar fisksins fyrir ofveiði. Útlendingar, sem sóttu til veiða við strendur Íslands, þegar landhelgin var hvað minnst, hugsuðu að sjálfsögðu ekki um framtíð miðanna og framtíðarlífshagsmuni Íslendinga, heldur hafði hvert útgerðarfyrirtæki það fyrst og fremst í huga, að skip þess gætu mokað upp sem allra mestum fiski á sem skemmstum tíma með því að skafa upp með botnvörpu flóa og firði við landið. Barátta okkar Íslendinga fyrir stækkun landhelginnar hefur jafnan verið tengd aukinni friðun þeirra svæða, sem mestu máli skipta fyrir uppvöxt ungfisks, og í röksemdafærslu Íslendinga á alþjóðlegum vettvangi hefur jafnan verið mjög á það bent, að aukin friðun fyrir botnvörpu á uppeldisstöðvum fisksins mundi hafa í för með sér aukinn afrakstur, ekki aðeins innan landhelginnar, heldur einnig utan hennar og ekki aðeins fyrir Íslendinga, heldur og aðrar þjóðir, sem hingað sækja til fiskveiða. Enda þótt við Íslendingar höfum tryggt okkur yfirráðarétt yfir öllum flóum og fjörðum við landið með stækkun landhelginnar, fer því fjarri, að við getum lagt á hilluna þann þátt baráttunnar, sem í stríðinu fyrir aukinni landhelgi fólst í rökstuðningi fyrir nauðsyn á verndun miðanna fyrir ofveiði og sér í lagi verndun uppeldisstöðva og hrygningarsvæða. Í því efni er nú við sjálfa okkur að eiga, og við megum ekki loka augunum fyrir því, að það sjónarmið, sem miklu réði hjá útlendingum, sem hingað stefndu skipum sínum til veiða, að reyna að hrifsa sem mest upp með sem stórvirkustum veiðarfærum án tillits til framtíðarhagsmuna, er vissulega fyrir hendi hjá okkur sjálfum. Það er skylda löggjafans að spyrna við því, að slík ásókn byggð á stundarhagsmunum verði lögvernduð með of rúmum veiðiheimildum á uppeldisstöðvum helztu nytjafiska okkar. Einkum er varhugavert að láta ásókn, sem birzt hefur í gegndarlausum lögbrotum, verða rök fyrir undanslætti frá þeim

röksemdum, sem forsvarsmenn þjóðarinnar beittu og bezt dugðu gagnvart útlendingum í baráttunni fyrir verndun fiskimiðanna og auknum yfirráðarétti Íslendinga yfir miðunum við landið.

Þann rúma áratug, sem liðinn er síðan landhelgin var stækkuð í 12 mílur, hefur löggjafinn farið varlega í rýmkun heimilda til veiða með botnvörpu innan landhelginnar. Þar með er ekki sagt, að miðin hafi í sama mæli verið friðuð fyrir ásókn togveiðiskipa, því að öllum er kunnugt um þau stórfelldu lagabrot, sem átt hafa sér stað í þessu efni hvarvetna við landið, ekki síður á uppeldisstöðvum fisksins en annars staðar. Við höfum því aldrei fengið að sjá árangur slíkrar friðunar, sem löggjöfin hefur gert ráð fyrir og ætla má, að unnt væri að ná með raunverulegri friðun uppeldisstöðva fisksins, þó að ekki megi vanmeta áhrif þess, að við höfum losnað við erlend veiðiskip af þessum miðum. Skynsamleg nýting á þeim fiskimiðum, sem Íslendingar hafa öðlazt einkarétt á, er eitt allra mikilsverðasta og vandasamasta úrlausnarefni, sem löggjafinn fær til meðferðar. Vandinn er í því fólginn að finna hinn gullna meðalveg milli þeirra öfgasjónarmiða, sem jafnan eru uppi, annars vegar að loka miðunum svo rækilega, að af þeim fæst ekki sá hámarksarður, sem unnt er að fá, án þess að stofna þeim í nokkra framtíðarhættu, og hins vegar þess sjónarmiðs að beita hömlulaust hinum stórvirkustu veiðitækjum hvarvetna, þar sem hægt er að verða sér úti um stundargróða. Því frv., sem hér liggur fyrir, mun af hálfu þeirra, sem undirbjuggu það, vissulega vera ætlað að þræða hinn gullna meðalveg. Um þann vilja þeirra, sem landhelgisnefndina skipuðu, efast ég ekki hið minnsta. Ég er sammála því meginsjónarmiði, sem í því kemur fram, að fært sé og skynsamlegt að heimila aukna nýtingu landhelginnar til togveiða. Ég hef enga fordóma gegn notkun botnvörpu almennt og er þeirrar skoðunar, að notkun hennar eigi víða á miðunum rétt á sér til jafns við notkun hvers konar annarra veiðarfæra, þótt ég hafi engan veginn trú á því, að með lögfestingu ákvæða um hámarksmöskvastærð sé unnt að tryggja þá verndun smáfisks, sem ýmsir útgerðarmenn og fiskifræðingar halda fram, að sé fyrir hendi.

Það er m. a. vegna þessara skoðana minna á eiginleikum botnvörpu, að ég tel, að með því frv., sem hér liggur fyrir, sé of langt gengið í rýmkun heimilda til veiða með botnvörpu innan landhelginnar. Það er mín skoðun, að þegar við Íslendingar ætlum okkur að rýmka heimildir til veiða innan landhelgi okkar með því veiðarfæri, sem óumdeilanlega átti stærsta þáttinn í því að rýra fiskistofna hér við land, þegar útlendingar beittu því hömlulaust inni í flóum og fjörðum, þá verðum við fyrst og fremst að fara að með gát og stíga fremur of stutt í hverju skrefi en of langt. Og ég legg á það áherzlu, að ég tel, að með þessu frv. sé gengið of langt.

Botnvarpa er að mínum dómi tvíeggjað vopn. Hún getur annars vegar verið okkur drýgri til verðmætasköpunar en nokkurt annað veiðarfæri, ef henni er beitt á réttum stöðum á réttum tíma. Hins vegar getur hún valdið okkur stórfelldum usla og framtíðarspjöllum, ef við heimilum notkun hennar á þeim stöðum, þar sem við þurfum sérstaklega að vernda uppvaxandi fisk. Ég er þeirrar skoðunar, að þau takmörk, sem við setjum við notkun botnvörpu, eigi ekki að miðast við ákveðna fjarlægð frá landi, heldur verði aðstæður að ráða á hverjum stað. Ég sé t. d. ekkert því til fyrirstöðu, að leyfi sé veitt til botnvörpuveiða upp í harða land, þar sem um það er að ræða, að fullvaxinn fiskur gengur alveg upp að ströndinni. Þar sem svo háttar, er eðlilegt og sjálfsagt að nota ódýrasta og fljótvirkasta veiðarfærið til þess að grípa veiðina meðan hún gefst. Hins vegar tel ég jafn sjálfsagt, að uppeldisstöðvar fisks séu verndaðar gegn botnvörpu, en á það þykir mér skorta í þessu frv. Þvert á móti er beinlínis lagt til að leyfa nú botnvörpuveiðar á svæðum, sem ég tel, að friða eigi fyrir botnvörpu. Þegar þess er gætt, hversu mjög auknar heimildir til togveiða í landhelgi felast í þessu frv., hversu stór hafsvæði, sem áður hafa verið eða hafa a. m. k. átt að vera lokuð fyrir togveiðum, eru nú lögð undir löglega botnvörpuveiði, þykir mér algerlega ástæðulaust að ganga því til viðbótar svo langt að ráðast inn í flóa og firði, sem óumdeilanlega eru mikilvægar uppeldisstöðvar nytjafiska. Ég vil í því sambandi sérstaklega leggja áherzlu á, að ég tel, að ekki komi til mála að samþykkja gr. 6 í e-kafla 2. gr. frv., en þar er um að ræða heimild til togveiða inni í miðjum Faxaflóa. Ef skoðaður er uppdráttur á bls. 25 í frv., má sjá, að heimildir til togveiða eru mjög auknar fyrir mynni Faxaflóa og framan við Reykjanesskagann, en óhætt er að fullyrða, að fá veiðisvæði eru nú þegar jafnfullnýtt og Faxaflóasvæðið. Sú mikla viðbót, sem nú er heimiluð til botnvörpuveiði fyrir mynni flóans og milli Reykjaness og Garðskaga, er því að mínum dómi það lengsta, sem hægt er að ganga í því skyni að auka togveiðiheimildir á þessu svæði, en fyrirhugað togveiðisvæði í miðjum Faxaflóa allt inn í svokallaðar Rennur algerlega forkastanlegt. Sama er að segja um þá till. að heimila botnvörpuveiðar uppi í harða land við Snæfellsnes.

Til þess að réttlætanlegt sé að veita slíkar togveiðiheimildir alveg að landi, þarf eins og ég áðan nefndi að vera um það að ræða, að verið sé að seilast eftir fullvaxta fiski, sem gengur alveg upp að landinu. Um það er ekki að ræða á þessu svæði. Sú staðhæfing, sem þessi till. mun byggð á, að þarna sé einungis um stóran fisk að ræða, kemur mér spánskt fyrir sjónir. Ég hef alla tíð heyrt talað um Malarrifsfiskinn heldur sem smáfisk, og í þau skipti, sem ég hef verið með í að veiða við Snæfellsnes, bæði með botnvörpu fyrir allmörgum árum og með handfæri í fyrrasumar, hefur mér virzt aflinn í samræmi við það, smár fiskur, en ekki stór. Ég tel því, að á þessu svæði væri ekki of varlega farið, þótt friðað væri fyrir botnvörpu tveggja mílna breitt svæði frá landi. Víðar við landið kann að vera of langt gengið með frv. þessu, e. t. v. ekki sízt í Breiðafirði, og ég vænti þess, að þm. frá viðkomandi kjördæmum, þeir, sem varlega vilja fara í þessum efnum og ekki vilja einskorða sig við þær kröfur, sem útgerðarmenn togveiðibáta hafa komið inn í þetta frv., geri þau atriði að umræðuefni.

Þegar Íslendingar voru að hefja fyrir alvöru baráttu sína fyrir þeim lífshagsmunum að stækka landhelgina og tryggja viðgang fiskistofnanna með aukinni friðun uppeldisstöðva fyrir botnvörpuveiðum, lögðu þeir fyrst og fremst áherzlu á friðun Faxaflóa fyrir allri botnvörpuveiði. Vísindamönnum okkar, þeim fiskifræð-

ingum, sem mest hafa verið metnir, varð svo mikið ágengt í þessu efni, að sérstök n. fiskifræðinga frá Englandi, Frakklandi, Þýzkalandi, Hollandi, Noregi, Skotlandi, Danmörku og Íslandi, sem unnið hafði um margra ára skeið að rannsókn á Faxaflóa, mælti árið 1946 með friðun flóans til reynslu fyrir allri botnvörpuveiði. Þessi niðurstaða var byggð á rannsóknum, sem fram höfðu farið í flóanum um tveggja áratuga skeið.

Það er eftirminnilegt og athyglisvert, þegar okkur ber nú að minnast þeirrar skyldu okkar við framtíðina að vernda uppeldisstöðvar fisksins, að rifja upp á hvaða grundvelli þessi n. lagði til, að Faxaflói yrði friðaður, en á bls. 3 í hinni 130 bls. skýrslu Faxaflóanefndarinnar segir svo með leyfi hæstv. forseta:

„Það skal tekið fram, að slík till. um lokun Faxaflóa til reynslu er byggð á þeim grundvelli, að Faxaflói er án alls efa mikilvæg uppeldisstöð, og það, sem sett er fram í þessari skýrslu, er byggt á þeirri staðreynd."

Og á bls. 4 segir:

„Ef til vill gerist þess ekki þörf að taka það fram, að Íslendingar hafa lengi talið Faxaflóa mjög mikilvæga uppeldisstöð." Og á bls. 7 segir, að eins og síðar muni sýnt fram á, sé Faxaflói framúrskarandi uppeldisstöð fyrir fisk og ástæðan fyrir þessu „einstæða gildi flóans," eins og það er orðað, sé sú gnægð fæðu, sem þar er fyrir uppvaxandi fisk, þ. á m. sé geysimikið magn af sandsíli, sem hafi mikið gildi sem fæða fyrir nytjafiska.

Það, sem hér hefur verið rakið um gildi Faxaflóa sem uppeldisstöðvar, á fyrst og fremst við um ýsu, kola og lúðu, en um þorsk segir á bls. 8 með leyfi hæstv. forseta:

„Það er alkunn staðreynd, að aðaluppeldissvæði íslenzka þorsksins er kalda sjávarsvæðið fyrir norðan og austan land og á sumum árum eða árstímum að nokkru leyti við Grænland. Samt sem áður hafa fundizt uppeldissvæði, sem nokkurt gildi hafa annars staðar við ströndina, einnig í Faxaflóa. Þrátt fyrir það er aðalgildi flóans fyrir þorskstofninn fólgið í hinu ríkulega magni af fæðu, sem þar er fyrir hendi fyrir þorsk, sem þar fer um."

Og á bls. 8 segir enn fremur með leyfi hæstv. forseta:

„Við getum nú þegar dregið þá ályktun af því, sem getið hefur verið um hér að framan, að aðalgildi Faxaflóa byggist á mikilvægi hans sem uppeldisstöðvar fyrir ýmsar hinar verðmætustu fisktegundir í sjónum við Ísland." Enn fremur segir á sömu bls. með leyfi hæstv. forseta: „Varðandi ýsu höfum við næga reynslu við að styðjast til þess að staðhæfa um stórfellt gildi flóans sem uppeldisstöðvar, einkum syðri svæðin." Um kola segir á sömu bls.: „Faxaflói er ein mikilvægasta uppeldisstöð fyrir kola á hafsvæðum við Ísland." Og á bls. 9 segir enn fremur um kolann með leyfi hæstv. forseta: „Það er enn eitt sönnunargagn, sem staðfestir hina yfirgnæfandi mergð óþroska kola í Faxaflóa, nefnilega ensku skýrslurnar, sem sýna, að hlutfallstala af smáum kola er há."

Sú samsetning aflans, sem þar er tilgreind af kolaveiði Englendinga á fjögurra ára tímabili, er þannig: Stór koli 5.2%, meðalstór 35.8% og smár 59%.

Um lúðu segir með leyfi hæstv. forseta: „Að því er lúðu varðar er Faxaflói sérstaklega mikilvægur sem uppeldisstöð." Og tilgreint er samkv. ensku skýrslunum, að á fjögurra ára veiðitímabili sé skipting lúðuaflans í Faxaflóa eftir stærð þannig: Stór lúða 9.7%, meðalstór 9.4% og smá 80.9%. Hér eru hlutfallstölur miðaðar við þyngd aflans, svo að smæsti fiskurinn er enn stærri hluti hans að tölunni til, og þess er þar að auki getið, að hér vanti mikið magn af lúðu, sem var svo smá, að hún var ekki hirt.

Í framhaldi af þessum upplýsingum er að sjálfsögðu dregin sú ályktun, að með þessari veiði hafi verið um stórfellda eyðileggingu að ræða á þessari uppeldisstöð. Mjög mikið hafi verið drepið af fiski, meðan verðmæti hans hafi verið lítið miðað við það, sem síðar hefði orðið. Þetta virðist nú eiga að fara að löghelga inni í Faxaflóa á nýjan leik, eftir að Íslendingar eiga við sig eina um hagnýtingu þessarar mikilvægu uppeldisstöðvar hinna mestu nytjafiska. Því mun að sjálfsögðu verða haldið fram, að aukin möskvastærð eigi að tryggja, að smælkið sleppi. Af þeirri reynslu, sem ég hef af botnvörpu, get ég ekki sett traust mitt á slíka vernd, sízt varðandi flatfisk. Þótt troða megi smáfiski gegnum möskva á neti, þá er ekki þar með sagt, að sá fiskur sleppi úr því neti meira og minna lokuðu á togi. Sannorður togaraskipstjóri hefur sagt mér, að hann hafi eitt sinn fengið fulla botnvörpu af svo smárri ýsu, að hann taldi 120 stykki ofan í eina vatnsfötu. Enda þótt möskvastærðin muni þá hafa verið 100 mm í stað 130 mm nú, þá mun þeirri möskvastærð án efa hafa verið ætlað að vernda stærri ýsu en þessa, sem þar lét lífið í tugþúsundatali. Þeir, sem sáu aflann, sem togbátarnir fengu við Gróttu s. l. haust og frægt varð, munu án efa treysta varlega þeirri verndun fyrir uppvaxandi fisk, sem eingöngu á að byggjast á lágmarksmöskvastærð botnvörpunnar. Í því sambandi vildi ég enn fremur með leyfi hæstv. forseta fá að lesa örfáar setningar úr grein, sem skipstjórinn á Siglfirðingi, Axel Schiöth, skrifaði í Morgunblaðið hinn 12. marz s. l., þar sem hann greinir frá aflabrögðum s. l. sumar, og efast ég ekki um, að hann hafi verið með löglega möskvastærð á vörpu sinni. Hann segir:

„Fiskiríið hjá okkur í fyrra var 1800 tonn á 9 mánuðum, aðgerður fiskur, þ. e. a. s. það, sem við komum með í land. En úrkast komst upp í 20—30%."

Það er því ljóst, að í trausti á lágmarksmöskvastærð er ekki hægt að samþykkja að heimila botnvörpuveiðar á mikilvægustu uppeldisstöðvum inni í flóum og fjörðum. Það er rétt, að þeir, sem hugsa sér að samþykkja nú slíkar heimildir á þeim svæðum, geri sér fulla grein fyrir því, jafnvel þótt smæsti fiskurinn sleppi í gegnum botnvörpu, hvaða friðun yrði fyrir slíkan smáfisk á uppeldisstöðvum t. d. í Faxaflóa, eftir að heilum flota togveiðibáta yrði dembt á svæðið og þessum smáfiski ætlað að þvælast í gegnum vörpur þeirra æ ofan í æ án afláts, og hvaða friður yrði með ætið, sandsíli og annað, sem gnægðir eru af í flóanum? Ætli það sé ekki nær að sjá þennan fisk og ætið í friði og njóta síðan afraksturs friðunarinnar í auknum afla togveiðiskipa sem annarra utan við flóa og firði, þegar fiskurinn gengur þangað.

Á bls. 13 í skýrslu Faxaflóanefndarinnar segir um lúðuna, að engin tök séu á að vernda hana með ákvæðum um möskvastærð og þess vegna þekkist engin aðferð, sem gefi eins mikil fyrirheit um viðgang lúðustofnsins og vernd mikilsverðra uppeldisstöðva, en þar er Faxaflói í allra fremstu röð. Þetta ættum við að hafa í

huga, þegar landsmönnum er nú að verða æ ljósara, að fisveiðar okkar verða í framtíðinni að byggjast fyrst og fremst á verðmætum afla og góðum, en minna en til þessa á magni eingöngu. Uppeldisstöðvar dýrustu fisktegundanna, lúðu, kola og ýsu, verðum við að vernda sérstaklega, en þar er fyrst og fremst um Faxaflóa að ræða. Við megum ekki láta það henda okkur að ofurselja slíkar stöðvar botnvörpuveiðum, enda þótt við teljum nú tímabært að auka almennt heimildir til botnvörpuveiða á dýpri miðum. Við megum ekki leggja allt að jöfnu, slóðir fullvaxta fisks, sem eðlilegt er og sjálfsagt að veiða með botnvörpu, ef það er árangursríkara og ódýrara en með öðrum veiðarfærum, og svo hins vegar uppeldisstöðvar á grunnsævi í flóum og fjörðum. Ég hef heyrt það svona utan að mér, kannske sagt í gamni og kannske í alvöru, að andstaða mín gegn heimildum til botnvörpuveiða í miðjum Faxaflóa stafi af því, að ég hafi á undanförnum sumrum stundað handfæraveiðar á 9 tonna bát, sem ég á að vísu ekkert í, einmitt á þeim slóðum, sem hér er um að ræða, en því fer fjarri Ég hef í þessu sambandi engra persónulegra hagsmuna að gæta, enda býst ég við, að þegar búið væri að koma þessum smærri bátum hér við flóann, þeir gætu verið líklega eitthvað 50 að tölu, fyrir kattarnef eins og samþykkt þessa frv. óbreytts mundi óhjákvæmlega leiða til, þá væri hægast að ráða sig á einn trollbátinn til þess að fullkomna verkið, sem löggjafinn er hér að hefja og taka þátt í framkvæmd þessarar löggjafar að eyða þeim kvikindum, sem þá kynnu að fyrirfinnast í flóanum.

Bein persónuleg afstaða til þessa frv. kynni þá að felast í því, að óneitanlega er það ánægjulegra að stunda veiðar, sem maður veit með vissu, að eru ekki rányrkja, en að taka þátt í því að skarka með botnsköfu um grunnslóðir, þar sem eru dýrmætar uppeldisstöðvar fiskistofna okkar. Við eigum að hagnýta Faxaflóa á allt annan hátt en þann að skafa þá uppeldisstöð með botnvörpu. Hvort tveggja hefur átt sér stað, að flóinn hefur verið friðaður og hann hefur verið undirlagður botnvörpu og dragnót, og það þarf ekki að deila um það, hver árangurinn varð á hvoru þessara tímabila. Faxaflói var friðaður fyrir botnvörpu og dragnót árið 1952 eftir langvarandi rányrkju, sem leitt hafði til síþverrandi afla. En haustið 1958 segir fiskideild atvinnudeildar Háskólans svo, þar sem skýrð er tafla frá rannsóknum í Faxaflóa, um áhrif friðunarinnar á ýsustofninn:

„Áhrif friðunarinnar koma skýrt fram í aukningu meðallengdarinnar. Hver einstaklingur er orðinn stærri og verðmætari fiskur, þegar hann veiðist. Árið 1955 er meðalþyngd ýsu tæplega sjö sinnum meiri en meðalþyngd 1934—1948. Eftir lokunina 1952 má segja, að stofninn hafi mjög rétt við, og árið 1957 náði heildaraflinn hámarki, en þá voru árgangar þeir, sem notið hafa friðunarinnar, að koma í gagnið fyrir alvöru."

Þetta sagði atvinnudeildin 1958. Því miður fékk flóinn ekki að njóta friðunarinnar lengi, og síðustu ár hefur auk leyfðra dragnótaveiða átt sér stað ólöglega sú botnvörpuveiði, sem samkv. þessu frv. á nú að löghelga á aðaluppeldisstöðvum dýrmætustu fiskistofna okkar, og mun sú hin fyrirhugaða löglega veiði þá verða stunduð í stórum ríkara mæli en þó hefur átt sér stað með hina ólöglegu undanfarin ár, a. m. k. á meðan einhvern fisk verður að fá, en ólíklegt er, að aflinn endist togbátum lengur en hann hefur enzt dragnótabátum á þessu svæði. Það er furðulegt, að þrátt fyrir augljósar afleiðingar þessara botnvörpu- og dragnótaveiða, sem m. a. birtast í því, að á grynnstu slóðum í flóanum, þar sem góð veiði var á friðunartímabilinu, fæst nú ekki bein úr sjó, þá mælir Hafrannsóknastofnunin með því að löghelga þessar veiðar og notar til þess röksemdir, sem hljóta að hljóma æði furðulega í eyrum sjómanna, eins og t. d. sú staðhæfing, að engin ástæða sé til, að allur smáfiskur verði kynþroska. Nú sé það aðalnauðsynjamálið að grisja stofninn. Hvað hefur breytzt svo mjög, síðan sá sami fiskifræðingur, sem þessu lýsir yfir nú, sagði í grein í Ægi fyrir þremur árum, að það væri eitt mesta áhyggjuefnið, hve stór hluti af þorskveiðinni væri ókynþroska fiskur? Nú er aðalkeppikeflið það að koma í veg fyrir, að of mikið af smáfiski nái kynþroska, aðalkeppikeflið að grisja stofninn. Ég held, að alþm. verði að fara varlega í því að leggja slíkar umsagnir, sem ganga í berhögg hver við aðra, til grundvallar svo varhugaverðum ráðstöfunum að falla frá allri vernd á mikilvægustu uppeldisstöðvum okkar dýrmætustu fiskistofna. Að vísu dregur fiskifræðingurinn nokkuð í land síðar í umsögn sinni um frv., þegar hann segir: „Vitaskuld verður að tryggja, að hrygningarstofninn sé nægilega stór." Það er þá ástæða til að spyrja, eru till. þessa frv. um lögverndun botnvörpuveiða á aðaluppeldisstöðvum inni í miðjum Faxaflóa ráðið til þess að tryggja það, tryggja, að hrygningarstofninn sé nægilega stór? Margur sjómaður, sem dýrmæta reynslu hefur öðlazt á langri ævi, mun spyrja þessarar spurningar nú. Til réttlætingar því að heimila botnvörpuveiði upp að landi við Snæfellsnes er því haldið fram, eins og ég hef áður rakið, að þar sé einungis um stóran fisk að ræða. Á sama hátt er því haldið fram, að á svæðinu, sem lagt er til að beina botnvörpunni að inni í miðjum Faxaflóa, sé einungis stór fiskur, og því megi taka þetta svæði undir botnvörpuveiðar. Þær rannsóknir, sem liggja til grundvallar því áliti Faxaflóanefndar árið 1946 að loka flóanum fyrir togveiðum, sýna nokkuð annað. Á bls. 55 í skýrslunni er greint frá togveiðitilraunum í flóanum. Þar kemur í ljós, að á stöð, sem liggur talsvert utar og norðar en þetta svæði, rétt við línu milli Garðskaga og Malarrifs, er ekki nema 10% aflans innan við 55 cm. En hvað um svæðið inni í flóanum? Tvær stöðvar, sem togað var á, voru á þessu svæði, og þar reyndist á annarri stöðinni 47% aflans vera innan við 55 cm en á hinni 74% innan við 55 cm. Þetta var fengið á samtals rúml. 18 klst. togi í maí. Eftir þessu er einkenni botnvörpuaflans á þessu svæði smáfiskur.

Nú kann einhver að segja, að æðilangt sé síðan þessi tilraun fór fram, og rétt er það. En einmitt sú staðreynd, að sambærilegar skýrslur frá síðari tímum liggja ekki fyrir, sýnir, að enginn sómasamlegur grundvöllur er fyrir hendi til þess að knýja það fram að leggja þessa uppeldisstöð undir botnvörpuveiði. Þegar afdrifarikar ákvarðanir eru teknar um heimildir til botnvörpuveiða inni í miðjum Faxaflóa, er það lágmarkskrafa, að á undan hafi farið fram fullnægjandi rannsóknir, en ekki einungis umsagnir þeirra fiskifræðinga, sem segja eitt í dag og annað á morgun eins og snúningsliprustu hag-

fræðingar. Ég gerði mér grein fyrir því fyrir alllöngu, að að því drægi fyrr en varði, að útgerðarmenn togveiðibáta hefðu knúið svo á, að lagt yrði fram á Alþ. ámóta frv. og það, sem hér liggur fyrir. Með það í huga flutti ég því till. við afgreiðslu fjárl. fyrir nokkrum árum um það, að 1 millj. kr. yrði varið til sérstakra fiskirannsókna í Faxaflóa, og ætlaðist til, að um árlega fjárveitingu yrði að ræða í nokkur ár. Ég lagði á það áherzlu í framsögu, að fljótlega kæmi að því, að þm. yrðu að svara því, hvort þeir vildu leyfa botnvörpuveiðar í flóanum, og þá væri þeim brýn nauðsyn á að geta stuðzt við einhverjar raunhæfar og nýjar rannsóknir til þess að geta tekið sjálfstæða afstöðu. Slíkar fiskirannsóknir í flóanum mundu auðvelda þm. ákvörðunina og hlytu að verða grundvöllur þess, ef slíkar veiðar yrðu heimilaðar. Þeir menn, sem nú knýja harðast á um að opna Faxaflóa fyrir togveiðum, töldu sig á engu slíku þurfa að halda, og þessi till. var illu heilli felld. Fiskveiðiþjóðin Íslendingar gat ekki séð af 1 millj. kr. á ári í nokkur ár til vísindalegra rannsókna á mikilvægustu uppeldisstöðvum fiskistofnanna við landið, enda þótt þær fiskislóðir lægju við bæjardyrnar hjá Hafrannsóknastofnuninni og hæg ættu að vera heimatökin. Ég hef því orðið að halda mig nokkuð við þær rannsóknir, sem Faxaflóanefndin byggði niðurstöðu sína á um friðun flóans, og ég held, að eftir að Alþingi hefur fellt till. um frekari rannsóknir í Faxaflóa, þá höfum við naumast efni á að vísa þeim niðurstöðum á bug. Sú nefnd kveður upp dóm um mismun þess að veiða í Faxaflóa annars vegar með botnvörpu og hins vegar með línu og handfærum. Á bls. 15, þar sem rætt er um það, hvers konar veiðar skuli leyfðar meðan stæði á lokun flóans fyrir botnvörpu, segir svo með leyfi hæstv. forseta:

„Í ritgerð nr. 23 hefur verið dregið saman yfirlit um samsetningu aflans eftir mismunandi veiðarfærum og tegundum fisks. Þar kemur fram, að línuveiði kemur aðeins mjög lítið við yngstu árganga fisksins í flóanum, og sama á við um handfæri. Við línuveiðina er t. d. yfirgnæfandi um að ræða veiði á stórum þorski. Síðan er sú ályktun dregin, að nauðsynlegt sé að loka flóanum fyrir botnvörpu og dragnót, en enginn hagur sé í því að banna önnur tiltekin veiðarfæri, þar sem slík veiðarfæri spilli friðuninni á engan hátt."

Á bls. 13 er komið að þeirri spurningu, hvers vegna Faxaflói hafi verið valinn sem heppilegasta svæðið til lokunar í tilraunaskyni, og er þar ítrekað það, sem áður hefur verið bent á, og þar er það undirstrikað sérstaklega, að Faxaflói sé frábær uppeldisstöð, sérstaklega fyrir mikilvægustu tegundir neyzlufisks, og upplýst sem dæmi um smáfisksmagnið í flóanum samanborið við önnur svæði, að á 10 togtímum fáist eftirfarandi magn af smáýsu á hinum ýmsu svæðum: Í Faxaflóa 94 stk., við Norðurland 8 stk., við Austurland 6 stk. og við Suðurland 24 stk., og ítrekað er, að það skuli haft í huga, að ekkert svæði sé þekkt, sem hafi jafn yfirburðamikla eiginleika sem uppeldisstöð fyrir ýmsar fisktegundir. Með þetta í huga og það jafnframt, hversu friðun flóans hefur jafnan leitt til aukinnar fiskigengdar, en dragnóta- og botnvörpuveiði þar eytt fiski á grunnslóðum og kippt grunninum undan útgerð smærri báta við Faxaflóa, tel ég það glapræði að ætla nú að lögleiða botnvörpuveiði langt inni í Faxaflóa. Ég er þeirrar skoðunar, að meiri þörf sé nú á því að afnema þær dragnótaveiðar, sem enn eru leyfðar í flóanum, og afnema einnig þær ólöglegu botnvörpuveiðar, sem í ríkum mæli hafa verið stundaðar þar um undanfarin ár. Ef Faxaflóa væri lokað fyrir botnvörpu og dragnót, eru allar líkur á, að fiskigengd mundi aukast þar svo, að auk þess að stuðla að meiri veiði utan flóans væri grundvöllur til þess að byggja upp vænlegan atvinnurekstur þeirra báta, undir 40 tonnum, sem enn eru til á Suðurnesjum, í Hafnarfirði, Kópavogi, Reykjavík, Akranesi og út með Snæfellsnesi, eins og átti sér stað meðan flóinn naut bezt friðunar, og flóinn geti jafnframt verið mikils virði fyrir stærri báta, sem réru með önnur veiðarfæri en botnvörpu og dragnót. Þegar þannig væri búið að græða og rækta upp þetta dýrmæta veiðisvæði, sem er hrein gullkista, ef rétt er að staðið, þyrfti ekki að kvíða atvinnuleysi skólafólks á sumrin á þessu aðalþéttbýlissvæði landsins, þar sem meginhluti skólafólksins býr og erfiðast hefur reynzt að tryggja því sumaratvinnu. Sá fiskur, sem með þeim hætti fengist, væri sá dýrmætasti og bezti, sem fiskvinnslustöðvar gætu átt kost á. Að þeirri þróun ber að stuðla, en hagsmunum stundargróðans verður að vísa frá, honum hefur yfirleitt verið gert of hátt undir höfði og mál að þeirri þróun linni. Ég ítreka það, að ég tel, að það eigi fullan rétt á sér nú að nýta landhelgina betur til togveiða heldur en gert hefur verið, þar sem það á við, en við skulum fara að því með meiri gát en hér er lagt til. Það er ekki fjarri lagi, að Faxaflói, sú uppeldisstöð, sem hann er, sé þegar meira nýttur en nokkurt annað veiðisvæði, og afleiðingarnar eru augljósar þeim, sem vilja hafa augun opin. Við þurfum að friða svo flóann fyrir botnsköfum, að hann verði að nýju sú veiðistöð, sem hann var um skeið, þegar hann naut friðunar og kom íbúum hér inni við botn flóans að þeim notum til lífsframfæris, sem unnt á að vera að tryggja með skynsamlegri nýtingu hans. En vegna fiskleysis hér í flóanum hafa dagróðrabátar hér við innflóann engan veginn getað verið samkeppnisfærir við báta úr öðrum verstöðvum.

Sú skoðun virðist vera nokkuð almenn, að með því að auka togveiðiheimildir og leyfa nú veiðar á þeim svæðum, þar sem þær hafa verið ólöglega stundaðar að undanförnu, þá taki fyrir lögbrot og þau svæði, sem ekki eru samkvæmt frv. ætluð til togveiða, verði í reynd eftir samþ. þess alfriðuð fyrir botnvörpu. Það er mín skoðun, þó að ég vilji standa að aukningu togveiðiheimilda nú, að því miður muni ekki fara svo. Aukning togveiðiheimilda mun því miður ekki hafa það í för með sér, að það taki fyrir lögbrot. Samþ. þessa frv. mun stórauka sókn með botnvörpu, miklu fleiri bátar munu reyna veiðar með botnvörpu, og þær verða stundaðar lengra tímabil af árinu en nú, og víða mun verða þröng á þingi. Ásókn á svæði innan við þau mörk, sem nú á að setja, mun aukast en ekki minnka. Það er því ástæða til þess að gera ráðstafanir til þess að verja þessi svæði meira en nú er gert, og ég vildi gjarnan, að hæstv. dómsmrh. greindi frá því hvort ráðstafanir hafi verið gerðar til aukinna athafna landhelgisgæzlunnar.

Með þessu frv., bæði í grg. þess og í kynningu einstakra nm. á því, fylgja mörg fögur orð um, að nú verði lögbrot ekki lengur látin líðast og eftirlit allt verði mikið

og strangt. Allt hljómar þetta líkt og þegar dragnótaveiði var heimiluð á sínum tíma, og ber því að taka öllu slíku með varúð og meira raunsæi nú. Við landhelgisbrot togbáta hefur verið skákað í því skjóli, að yfirvöld treystist ekki til að ganga að fjárvana fyrirtækjum um sektir vegna landhelgisbrota. Óliklegt er, að hagur þessara fyrirtækja batni snögglega, þótt auknar togveiðar á hagkvæmum veiðisvæðum geti bætt hag þeirra með tíð og tíma. En aðrar leiðir mætti reyna til þess að setja undir lekann, beita ráðum, sem kynnu að duga, án þess að þau færu með fjárhag fyrirtækjanna, sem til þessa hefur ekki verið talið fært að tefla í voða með innheimtu landhelgissekta. Ég held, að það mætti setja í l. ákvæði um, að skipstjóri, sem verður uppvís að ítrekuðu broti á l., missi réttinn til þess að hafa með höndum skipsstjórn við botnvörpuveiðar, og ég mun flytja brtt. við frv. um að taka slík ákvæði inn í l. Ennfremur mun ég svo í samræmi við það, sem ég hef hér rakið, flytja brtt. um það, að ákvæðið um togveiðisvæðið í Faxaflóa verði fellt úr frv., og enn fremur, að togveiðar verði ekki leyfðar nær landi en 2 sjómílur við Snæfellsnes, og þá tel ég einnig ástæðulaust, að l. gildi nema til áramóta 1970 í stað 1971. Ég mun reyna að fá einhverja hv. alþm., sem gætnir vilja vera varðandi botnvörpuveiðar á uppeldisstöðvum og grunnsvæðum, til þess að standa að þessum till. með mér, en auk þessa tel ég nauðsynlegt að tryggja með einhverju móti, t. d. með reglugerðarákvæðum, helzt þó, að það kæmi inn í l., að ákveðið svæði norðvestur af Garðskaga verði friðað tiltekinn tíma ársins, a. m. k. á haustin, fyrir öðrum veiðum en línu og handfærum.

Að þessu frv. hefur verið alllengi unnið og landhelgisn. viðað að sér skoðunum fjölmargra aðila víðs vegar um landið. Nú hefur hún vinzað úr þessu öllu og leggur fram till. sínar í frv.-formi, þegar komið er að þinglokum, og ætlazt er til þess, að það verði drifið í gegn með samskonar vinnubrögðum og önnur mikilvægustu mál eru jafnan afgreidd hér á hv. þingi. Smærri málin eru að dragast hér allan þingtímann, en hin stærstu og veigamestu eru afgreidd á örfáum dögum. Þótt landhelgisn. hafi fengið fram skoðanir fjölmargra aðila, þá hafa þessir aðilar hins vegar ekki kynnzt niðurstöðu n. fyrr en nú, og með þeim vinnubrögðum að ætla að knýja frv. fram fyrir þinglok verður ekki unnt að leita álits nokkurs aðila á því, hvernig til hafi tekizt, og þingm. ætlað að samþykkja frv. án nokkurra slíkra umsagna. Ég tel þetta óeðlileg vinnubrögð, og réttast væri að sýna aðeins frv. nú og geyma til haustsins að afgreiða það, eftir að þm. hefur gefizt meira ráðrúm til þess að meta það og vega, en framlengja hins vegar þau ákvæði um togveiðar, sem gilda í dag. Þessi skoðun mín mun án efa ekki hljóta mikinn hljómgrunn hjá landhelgisn. Nm. virðast hafa bitið sig í það, að málið skuli afgr. á nokkrum dögum og án nokkurra minnstu breytinga. Allar brtt. verða taldar stafa frá hinu illa. Ég verð að segja, að mér þykja þetta ekki viðkunnaleg vinnubrögð í neinu máli, sízt í stórmáli eins og þessu. Sannleikur málsins er sá, og það er rétt að hann komi fram, að til þess er ætlazt, að hv. alþm. taki þessu frv. sem gerðum hlut, ef svo mætti segja, sem ákvörðun um lagasetningu, sem ekki verði haggað eða hnikað í meðförum þingsins. Hér er verið að festa í sessi þá starfsaðferð, að í sumum tilfellum sérfræðingar og í öðrum, eins og nú, sérstakar n. leggi fyrir Alþ. fullmótuð verk, sem hv. alþm. eiga síðan að rétta upp hendina með eða þá á móti, það er erfitt að koma alveg í veg fyrir það, en engu verði breytt. Ég vil sérstaklega skora á þm. að sætta sig ekki við slíka afgreiðslu þessa máls. Hér eru lagðar fram till., frumtill., og það er skylda sérhvers þm. að bera fram hverja þá brtt., sem hann er með sjálfum sér sannfærður um, að eigi rétt á sér, og fylgja brtt., sem hann er sammála. Þetta frv. getur ekki og má ekki njóta neinnar friðhelgi fyrir brtt., eins og borið hefur á, að ætlazt sé til.

Herra forseti, ég minni að lokum á það, sem ég sagði í upphafi máls míns, að barátta okkar Íslendinga fyrir stækkun landhelginnar hefur jafnan verið tengd aukinni friðun þeirra svæða, sem mestu máli skipta fyrir uppvöxt ungfisksins. Þegar við því nú gerum ýmsar eðlilegar till. um aukna nýtingu landhelginnar til botnvörpuveiða, megum við ekki gleyma þessu sjónarmiði með því að heimila botnvörpuveiðar á mikilvægum uppeldisstöðvum inni í flóum og fjörðum. Ég skora því sérstaklega á hv. alþm. að fella úr þessu frv. ákvæði um botnvörpuveiðar inni í miðjum Faxaflóa.

Sigurvin Einarsson: Herra forseti. Ég mun ekki ræða þetta stórmál almennt, enda sennilega ekki til mikils. Ágreiningur um málið er áreiðanlega mikill hér á hv. Alþ., og hann hefur verið það innan landhelgisn. líka, eftir því sem mér heyrðist á hv. 3. þm. Sunnl., því eftir hans ræðu að dæma virðist n. hafa verið svona annan hvern dag eða svo á mótum þess að klofna, og það er ekkert óeðlilegt, málið er þess eðlis. En ég verð þó að segja það í örfáum orðum, að mér finnst þessar gífurlegu veiðiheimildir, sem nú á að lögfesta, frekar óhugnanlegar og boði eiginlega ekki gott fyrir íslenzka landhelgi og íslenzkar fiskveiðar, þegar fram í sækir. Ég veit ekki nema þetta endi með því, að við verðum komnir í 4 mílna landhelgi áður en langt um líður hvað veiðiskip okkar sjálfra snertir, en það er bezt að vera ekki með neinar hrakspár í þessu efni samt. Landhelgisn. hefur lagt sig mjög fram um að mínum dómi að kynna sér skoðun manna í öllum kjördæmum landsins í þessu máli. Hún hefur unnið mikið verk, og það ber sannarlega að viðurkenna. Hitt er annað mál, hvernig henni hefur tekizt að vinna úr þeim og komast að niðurstöðum, þar sjáum við í þessu frv. Við þm. Vestf. höfum haldið fundi um þetta mál nokkrum sinnum, og við sóttum fundinn, sem landhelgisn. boðaði á Ísafirði í vetur, eins og ætlazt var til. Þar kom greinilega fram, að mjög mikil andstaða er ríkjandi á Vestfjörðum gegn því, að leyfðar verði botnvörpuveiðar innan fiskveiðilandhelginnar. Þau mótmæli voru yfirgnæfandi. Hinu er ekki að neita, að það komu fram raddir, sem óskuðu eftir nokkurri rýmkun innan landhelginnar, og það var að ég ætla eingöngu um það að geta hagnýtt sér kolann að haustinu til, og voru till. þeirra um tvö veiðisvæði, tvö hólf, sem svo eru kölluð. Það er ekkert óeðlilegt þó Vestfirðingar standi gegn botnvörpuveiðum innan fiskveiðilandhelginnar. Það mun engin landsbyggð hafa borið svo lítið úr býtum, þegar landhelgin var stækkuð 1958, sem Vestfirðingar. Þeir höfðu enga flóa, sem nutu friðunar við þá ráðstöf-

un, að því undanteknu, að Vestfirðir liggja að Breiðafirði og Húnaflóa. Þeir höfðu engar eyjar þar úti fyrir, þar sem hægt var að ákveða grunnlínupunkta. Þeirra landhelgisstækkun 1958 var því hverfandi lítil móts við það, sem varð hjá ýmsum öðrum landshlutum. Og samkvæmt þessu hafa þeir jafnan staðið gegn því að leyfa botnvörpuveiðar innan landhelginnar. En þótt ekki væru meiri óskir en ég nefndi áðan fram bornar á Ísafjarðarfundinum um botnvörpuveiðar innan landhelgi, þá höfum við Vestfjarðaþm. samt fallizt á, að leyfðar verði slíkar veiðar í 2 hólfum, og þær till. hefur landhelgisn. tekið upp. Við höfum aftur á móti tilkynnt landhelgisn. með bréfi 24. marz, í fyrsta lagi um þessi 2 hólf, sem við gætum sætt okkur við, að tekin verði upp, en við tókum þar einnig fram, að við gætum ekki fallizt á önnur atriði, sem við vissum að lágu í loftinu, en þau eru fyrst og fremst auknar veiðiheimildir í Húnaflóa og svo umfram allt auknar heimildir í Breiðafirði. Þessu höfum við mótmælt með 2 bréfum til landhelgisn., 24. marz og 15. apríl. Við höfum samstöðu um þetta mál, a. m. k. enn sem komið er, Vestfjarðaþm. allir, og nú leggjum við áherzlu á það við þá hv. þn., sem fær málið til meðferðar, að hún taki þessar ábendingar okkar til greina. Ég flyt henni bókstaflega þau skilaboð frá okkur öllum, að þetta er ósk okkar og krafa, að ekki verði auknar veiðiheimildir í Húnaflóa eða í Breiðafirði. Landhelgisn. hafði fund á Sauðárkróki m. a. þangað sóttu Strandamenn, og þar mótmæltu þeir þeim hugmyndum að auka veiðiheimildir í Húnaflóa. Ég geri ekki ráð fyrir, að aðrir séu dómbærari um það, hvaða áhrif botnvörpuveiðar í Húnaflóa mundu hafa, en þeir, og ég get ekki skilið það, sem kom fram hjá hv. 3. þm. Sunnl., hvað hann meinti með því að fiskur hefði ekki gengið í Húnaflóa að undanförnu og engar botnvörpuveiðar hefðu verið þar, hvort það ætti að skilja það svo, að til þess að fá fiskigöngu í Húnaflóa þyrfti að fara þangað og veiða með botnvörpu. Nei, ég held, að það geti ekki verið. Ég held, að það sé allt annað, sem veldur fiskileysi í Húnaflóa, en það, að það hafi vantað þar botnvörpuna. Ég hef aldrei heyrt þess getið áður. Hitt vita menn nú t. d., að eftir hafísár þá hefur fiskur gengið í Húnaflóa, og er það að mínum dómi a. m. k. vegna þess, að erlendu veiðiskipin geta ekki verið fyrir Norðurlandi að skarka þar og fiskurinn hefur frið til að ganga inn. Það er sennilega það eina gagn, sem hafís hefur gert hér. Ég flyt því hv. þn. þær óskir okkar Vestfjarðaþm. í fyrsta lagi, að togveiðar verði ekki heimilaðar í Húnaflóa lengra inn frá ytri mörkum núverandi fiskveiðilandhelgi en 8 mílur, en samkv. till. landhelgisn. í þessu frv. á að þræða inn með Ströndum frá Horni inn á móts við Selsker og þaðan þvert yfir flóann í Ásbúðarrif, og við það kæmi stórt togveiðisvæði í flóanum. Í öðru lagi, að engar togveiðiheimildir verði leyfðar í Breiðafirði umfram það, sem nú er þar í gildi, og meiri kröfur ætlum við ekki að gera til hv. n. en þetta. Ég tel það ekki þó við óskum eftir, að lagfæring verði gerð á hólfinu milli Rits og Kögurs, hún er svo smávægileg. Í frv. segir, að lína skuli dregin frá Rit í norðvestur, en með því móti nær hólfið út, lítið þó, í norðurkant Djúpálsins. Þessu er Vestfirðingar andvígir. Það er ósk okkar, að þessari línu sé stefnt lítið eitt austur á við, annað höfum við ekki við það að athuga. Ég ætla ekki að lengja þessar umr. að þessu sinni, en ég legg áherzlu á þessar óskir okkar til hv. þm. um Húnaflóa og Breiðafjörð, því ég þarf varla að taka það fram við hv. þm., að Breiðafjörður er þó sannarlega veiðisvæði Vestfirðinga. Af öllum Vestfjörðum er meira og minna sótt suður á Breiðafjörð, og hinar gífurlegu auknu veiðiheimildir, sem nú á að fara að lögfesta í Breiðafirði eru alvarlegur hlutur fyrir Vestfirðinga. Á fundinum á Ísafirði komu ekki neinar óskir fram um rýmkun nema um þessi 2 hólf, sem við höfum fallizt á og n. hefur tekið upp í frv. Og ég tek undir það, sem hv. síðasti ræðumaður sagði, að útgerðarmenn okkar, sjómenn og almenningur út um land vita ekkert um þessar till., hvernig þær líta út, því þær eru nú fyrst að koma fram. Og það er mjög slæmt að geta ekki fengið rökstuddar skoðanir þeirra í þeim, þegar loksins till. eru komnar fram, í staðinn fyrir að þetta verði nú keyrt í gegnum þingið á skömmum tíma.

Þórarinn Þórarinsson: Herra forseti. Ég vil strax taka fram til að útiloka misskilning, að ég tala hér ekki sem fulltrúi flokks, mér vitanlega hafa flokkarnir ekki tekið afstöðu til þessa máls, heldur láta hverjum einstökum þm. frjálst að taka þá afstöðu til þess, sem honum finnst réttust. Þetta tel ég góð vinnubrögð, sem ætti að beita í fleiri málum. Samkv. þessu mun ég eingöngu gera grein fyrir persónulegri afstöðu minni til þess frv., sem hér er til umr. Ástæðan til þess, að ég geri þetta strax við 1. umr., er sú, að mér skilst, að það sé nánast formsatriði, að Alþ. fjalli um þetta frv., það sé þegar búið að tryggja fylgi yfirgnæfandi meiri hl. þm. við það og því sé m. a. þýðingarlítið að bera fram brtt. Af þessum ástæðum sé líka tilgangslítið að halda uppi miklum umr. um frv., og því mun ég aðeins tala við þessa umr. nema sérstakt tilefni gefist til, en afstaða mín til frv. er sú, að ég mun samkvæmt venju greiða atkv. með því, að það fari til 2. umr. og nefndar, en við 2. umr. og 3. umr. mun ég greiða atkv. á móti því nema það óvænta gerist, að á því verði miklar breyt. Ég þarf ekki að flytja langt mál til að gera grein fyrir afstöðu minni gegn frv. Ég álít, að það geti komið til mála að leyfa eitthvað auknar togveiðar innan fiskveiðilandhelginnar, en að allt of langt sé gengið með því frv., sem hér liggur fyrir, og þó alveg sérstaklega suðvestan lands. Ég óttast, að sú stórfellda aukning á togveiðum innan landhelginnar, sem hér er ráðgerð, geti brátt leitt til litlu skárra ástands en var hér fyrir útfærsluna 1952 og 1958. Sá stóri munur er að vísu á þessu, að nú verða það eingöngu Íslendingar, sem stunda þessar veiðar, en hætta fyrir fiskstofnana verður litlu minni. Nú munu miklu fleiri íslenzk skip stunda togveiðar en þá, e. t. v. mest allur flotinn suma tíma ársins. Það má vel vera, að ég sé íhaldssamari heldur en ella í þessum efnum, vegna þess að ég er alinn upp í nágrenni sjóþorpa, þar sem togararnir eyðilögðu bátamiðin ár eftir ár. Ég held, að togveiðarnar nú séu ekki hættuminni heldur en þá. Því er að vísu haldið fram, að möskvarnir hafi verið stækkaðir og meira sleppi því af ungviði en áður. Ég hef þó heyrt frá mörgum sjómönnum, sem hafa haft aðstöðu til þess að fylgjast með þessu dag eftir dag og jafnvel ár eftir ár, að þessi munur sé ekki stórvægilegur, botnvarpa sé enn stórhættuleg fyrir smáfiskinn. Það verð ég líka að segja, að þau rök,

sem eru færð fyrir því í meðfylgjandi nál. Hafrannsóknastofnunarinnar, að botnvarpan sé ekkert hættulegri en línan, verði tæpast talin vísindaleg. Það er aðeins vitnað í 4 sýnishorn, og virðast mælingarnar ekki hafa staðið nema í einn eða tvo daga í einu. Svona lauslegan samanburð er vitanlega ekkert að marka. Ef slíkar mælingar eiga að vera teknar alvarlega, þá þurfa þær að hafa staðið tímum og jafnvel langtímum og jafnvel árum saman, og ég held, að það sé líka satt bezt að segja, að Hafrannsóknastofnunina skorti enn nægar undirstöðurannsóknir til slíkra staðhæfinga. Því miður virðast staðhæfingar forystumanns þessarar stofnunar oft stangast á við reynsluna, og vitna ég þar til nál. meiri hl. sjútvn. í Ed. um frv. Jóns Árnasonar varðandi dragnótaveiðar í Faxaflóa. Ég efa ekki, að forystumaður Hafrannsóknastofnunarinnar vildi vel, en eins og aðrir vísindamenn getur hann bundið sig of fast við ákveðnar, umdeildar skoðanir og reynzt meiri kappsmaður en vísindamaður í málflutningi. Það finnst mér því miður einkenna það álit, sem fylgir þessu frv. Því er haldið fram, að samþ. þessa frv. fylgi ekki mikil áhætta, því að lagt sé til, að l. gildi ekki nema til ársloka 1971, þá megi breyta til, ef ástæður þykja til þess. Um þetta atriði vil ég aðeins segja það, að gömul og ný reynsla sýnir, að það er auðveldara að veita leyfi og undanþágur en að fella þær aftur úr gildi. Það kemur fram í grg. frv., að það eigi ekki að skaða neitt sókn okkar í landhelgismálum á erlendum vettvangi, þótt við aukum togveiðar innan landhelginnar. Um þetta atriði vil ég aðeins segja þetta: Öll sókn okkar í landhelgismálinu hefur byggzt á því, að við vildum auka vernd fiskistofnanna, því heita l. frá 1948, sem útfærslurnar 1952 og 1958 byggjast á, lög um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins. Ég held, að það muni ekki bæta aðstöðu okkar til áframhaldandi sóknar í landhelgismálinu, ef í ljós kæmi, að við leyfðum svo miklar togveiðar innan landhelginnar, að gengið væri of nærri fiskistofninum. Ég óttast, að við séum að gera það með þessu frv., og það er ein af ástæðum þess, að ég er á móti því. Ég vil svo segja það að lokum, að sú stefna er að verða ákaflega áhrifarík í íslenzkum þjóðmálum um þessar mundir að hugsa fyrst og fremst um daginn í dag en ekki morgundaginn. Því eyðum við nú sjóðum og sparifé í eldi nýrra og nýrra gengisfellinga, því tökum við nú erlend lán á lán ofan án þess að hafa áhyggjur af því, hvernig okkur muni takast að borga þau. Ég óttast, að við séum með þessu frv. að stíga spor, sem vafalaust samrýmist stundarhagsmunum okkar í dag, en geta hins vegar betur reynzt óstigin á morgun.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Ég hef nú því miður ekki getað fylgzt algerlega með þeim umr., sem hér hafa farið fram, en þó svona að mestu leyti, og hafði nú hugsað mér aðallega að víkja hér að nokkrum almennum atriðum málsins og gera nokkrar athugasemdir við það, sem ég hef heyrt hér koma fram hjá ýmsum ræðumönnum.

Það fer auðvitað ekkert á milli mála, að hér er um mikið ágreiningsmál að ræða meðal þeirra, sem hér eiga mestan hlut að máli, sem eru sjómenn og útvegsmenn. Deilan um það, hvernig við ættum að nýta okkar landhelgi, fiskveiðilandhelgi, hefur staðið frá því, að veruleg útfærsla á fiskveiðimörkunum var ákveðin. Öllum er t. d. kunnugt um það, að togaramenn hafa verið mjög óánægðir allan tímann yfir sínum hlut. Það er sama hvort þar hefur verið um að ræða togaraeigendur, togaraskipstjóra eða togarasjómenn almennt, þeir hafa talið, að með útfærslunni, sem varð á okkar fiskveiðimörkum á árabilinu frá 1950–1958 og síðan aftur 1961, hafi þeirra hlutur verið skertur mjög mikið til veiða hér á fiskimiðunum við landið, og nú síðari árin hefur komið upp mjög mikil óánægja hjá ýmsum útgerðarmönnum og sjómönnum, sem standa að útgerð á minni fiskibátum og hafa viljað nota botnvörpu sem veiðarfæri, og þessi óánægja hefur mjög farið vaxandi og hefur síðan brotizt út í þessu, sem allir menn þekkja hér á Alþ., að það mætti svo segja, að það væri að falla niður öll eðlileg landhelgisgæzla gagnvart landsmönnum sjálfum eða a. m. k. í sambandi við togveiðar hinna minni fiskibáta. Það var ekki aðeins, að fjöldamargir bátar væru teknir að ólöglegum veiðum og yfirmenn bátanna væru dæmdir, heldur var einnig vitað um það, að miklu fleiri brot áttu sér stað heldur en kærð voru. Og yfirtroðslurnar voru orðnar þannig, að það vildi svo að segja enginn sætta sig við það að búa við slíkt ástand öllu lengur. Ég held því, að það hafi verið orðin mjög almenn skoðun hér á Alþ., að þetta ástand mætti ekki verða mikið lengur, sem þarna var upp komið í þessum málum, að í þessum efnum yrði þá að reyna að skipa málum á einhvern þann veg, sem hægt yrði þá að standa við. En vegna þess að hér er um þetta mikla ágreiningsmál að ræða, sem ekki er nýtt af nálinni, búið að vera ágreiningsmál lengi, þá mátti líka búast við því, að það yrði erfitt að setja saman till. um nýjar veiðiheimildir, þannig að allir yrðu ánægðir. Enda hefur það auðvitað þegar komið hér fram í þessum umr., að sitt sýnist hverjum um þær till., sem hér liggja nú fyrir í frv.-formi og sem þessi svonefnda landhelgismálanefnd hefur sett saman.

Ég álít, að það sé nauðsynlegt fyrir hv. alþm. að íhuga þessar till. landhelgismálanefndarinnar, sem hér liggja nú fyrir í frv.-formi, út frá þessu meginsjónarmiði, að það var komið upp það ástand, sem enginn vildi una við lengur. Hér þurfti að setja nýjar reglur. Málið var ekki þannig, að t. d. þeir, sem mest óttast nú auknar togveiðar, gætu óskað eftir því að gera engar breytingar, standa á því, sem fyrir var, því að það var svo miklu verra en það, ef ætti að vera frá þeirra sjónarmiði, sem mesta ótrú hafa á togveiðum, miklu verra en það, sem boðað er með þessu frv. Menn verða að gera sér grein fyrir því, að það var orðin býsna almenn regla, að fiskibátar af ýmsum stærðum stunduðu þessar ólöglegu veiðar langt inn fyrir veiðimörkin og inni á víkum og fjörðum víða í kringum landið. Ég veit að vísu, að það er hægt að segja „hér átti bara að herða á gæzlunni og láta menn taka út sínar sektir," en ég hygg nú, að allir, sem hafa kynnt sér málið, viðurkenni það, að það var ekki fær leið að ætla að standa á þessum gömlu reglum algerlega óbreyttum miðað við það ástand, sem upp var komið. Það varð því fljótlega uppi sú skoðun í landhelgismálanefndinni, að eins og ástatt væri, væri ekki um annað að ræða en reyna að setja hér nýjar reglur,

sem þyrftu þá að vera þess eðlis, að það væri líklegt, að hægt væri að standa fast á þeim í framkvæmd. En vegna þess að málið var svona mikið deilumál, þurfti auðvitað að taka hér tillit til mjög mismunandi skoðana, sem uppi voru, og það er það, sem ég tel fyrir mitt leyti, að n. hafi gert.

En ég ætla þá að víkja að því með nokkrum orðum, hvernig þetta lítur út frá mínum sjónarhóli séð, hvað raunverulega felst í þeim breytingum, sem hér er um að ræða. Ég hef heyrt einstaka þm., sem hér hafa talað, tala um gífurlega hættu, sem við stöndum hér frammi fyrir í sambandi við þessar gífurlega auknu heimildir. Ég dreg það mjög í efa, að þessir hv. þm., sem nota þessi orð, hafi áttað sig til hlítar á þeim till., sem hér er um að ræða, og þeim reglum, sem áður voru í gildi.

Ég skal nú með örfáum orðum reyna að gera grein fyrir því, í hverju þessar till. eru fólgnar, sem hér er nú um að ræða. Ef við t. d. virðum fyrir okkur Norðurlandssvæðið, allt Norðurlandssvæðið, sem miðað er við í þessu frv., þ. e. a. s. svæðið frá Horni og austur að Langanesi, hvaða gífurlegar breytingar eru nú gerðar á þessu svæði til aukningar togveiðiheimilda. Jú, það er rétt, að á veiðisvæðinu kringum Kolbeinsey er nú gert ráð fyrir því, að leyfðar verði togveiðar þó nokkuð auknar frá því, sem nú er. Við höfum ekki orðið varir við það, að það væri yfirleitt hjá sjómönnum mikil andstaða gegn því, að þetta væri gert. En á öllu hinu svæðinu fyrir Norðurlandi er að mínum dómi um mjög óverulega breytingu að ræða til togveiða frá því, sem verið hefur, mjög litlar. Meginreglan, sem gilti fyrir Norðurlandi, t. d. á tímabilinu 1958, þegar útfærsla landhelginnar var ákveðin, og fram til ársins 1961, þegar samningarnir voru gerðir við Breta og breytingar voru nokkrar þá gerðar, var sú, að fyrir öllu Norðurlandi mundi gilda 8 mílna fiskveiðilandhelgi gagnvart innlendum aðilum, 8 mílna allt árið. Þá máttu jafnstórir togarar sem togveiðibátar fiska í fiskveiðilandhelginni allt árið á yztu 4 mílunum, en fyrir Norðurlandinu gilti sem sagt 8 mílna fiskveiðilandhelgi. Með breytingum, sem ákveðnar voru árið 1961, þegar samið var við Breta, bættust þarna við togveiðiheimildir upp að 6 mílum á allstórum svæðum fyrir Norðurlandi, þó ekki algerlega fyrir öllu Norðurlandi, og einkum þá yfir sumarmánuðina, svo að reglan, sem í gildi var fyrir Norðurlandi, var sem sagt 6—8 mílna fiskveiðilandhelgi gagnvart landsmönnum sjálfum. En hvaða regla á nú að gilda samkv. þeim till., sem hér liggja fyrir? Það á einnig að gilda í öllum aðalatriðum 6—8 mílna reglan gagnvart öllum hinum stærri bátum og gagnvart togurum, nema nú er gerð sú breyting, að þessar auknu heimildir eru ekki heimilaðar yfir sumarmánuðina, eða þegar mest er um smærri báta á þessum miðum. En heimildirnar standa hins vegar opnari en áður yfir vetrarmánuðina, sem er auðvitað tvímælalaust hagstæðara fyrir hinn minni bátaútveg á þessum slóðum. En til viðbótar við þetta er svo gerð till. um það, að minnstu togveiðibátar, eða upp að 105 rúmlestum að stærð, megi á vissum tímum árs, aðallega yfir veturinn, veiða með botnvörpu upp að 4 mílum, eða nokkru nær en áður var, en þó ekki nema upp að 6 mílum á öðrum tímum ársins.

Það má segja það, að þarna er um nokkra rýmkun að ræða til togveiða fyrir Norðurlandi. En að segja, að hún sé gífurleg, það er misskilningur. Það er mikill misskilningur. Og ég fyrir mitt leyti óttast það miklu fremur, að hér sé ekki gengið lengra en svo til móts við mjög vaxandi kröfur um það að stunda slíkar veiðar sem þessar, að það reyni fljótlega á það, að menn uni ekki þessum reglum. En nú er þó ákveðið, og það skiptir auðvitað miklu máli, að reynt sé að standa fast á því að halda uppi þessum reglum, verja þessi mörk og láta þá sæta sektum eða svipta þá veiðiheimildum, sem brjóta þau. Ef við lítum á fleiri svæði og reynum að gera okkur grein fyrir þessum breytingum svona í aðalatriðum, þá kem ég næst að Austurlandssvæðinu eða svæðinu frá Langanesi og nokkuð suður fyrir Papey eða suður undir Hvítingar. Hvaða aðalbreytingar eru gerðar frá þeim reglum, sem voru í gildi á þessu svæði? Jú, á svæðinu rétt fyrir sunnan Langanes eða frá Langanesi og suður undir Héraðsflóa, Bakkaflóa- og Vopnafjarðarsvæðinu, þar gilti áður 8 mílna landhelgi alveg eins og fyrir Norðurlandi. Skip máttu sem sagt toga upp að 8 mílna mörkunum allt árið. Nú eru till. um það, að togveiðiskip megi á þessu svæði veiða nokkru nær en áður, en aðeins á vissum tíma ársins. En það er tímabilið yfir veturinn frá 1. október til 15. apríl. Á þessum tíma má veiða á þessu svæði upp að fjögurra mílna mörkum í staðinn fyrir 8 mílna áður, yfir vetrarmánuðina, þegar heimaaðilar, sem sjó stunda á þessum slóðum, stunda mjög lítið veiðar á þessum miðum. En hinn hluta tímans, þegar veiðarnar eru nú aðallega stundaðar af bátum, þá eru mörkin þau sömu og verið hafa, 8 mílna mörkin. Ég er ekki í neinum vafa um það fyrir mitt leyti, að hér er ekki um miklar breytingar að ræða, og þær eru auðvitað mjög fjarri því, þessar breytingar, að uppfylla kröfur þeirra, sem virkilega sóttu hér eftir því að fá aukin veiðisvæði á þýðingarmiklum tíma fyrir sig.

En svo að við athugum betur Austurlandssvæðið, þá er nú gert ráð fyrir því að opna fyrir togveiði Héraðsflóasvæðið, þ. e. a. s. allt svæðið út af Héraðsflóa. Það kom fljótlega í ljós, að heimamenn allir voru alveg sammála um það, að á þessu svæði mætti opna meira en gert hefur verið fyrir togi að ósekju fyrir þær veiðar, sem þarna eru stundaðar. Og þetta er því ekki ágreiningsmál meðal heimamanna. En þarna er um nokkra aukningu að ræða á þessu svæði, og það skiptir auðvitað mestu máli, að þarna væri mögulegt eflaust að veiða nokkuð af flatfiski seinni part ársins á haustin fram á vetur, og sýnist ekki nema sjálfsagt, að á þessum slóðum sé sá fiskur veiddur og það einmitt á þeim tíma, þegar landsmenn hafa sérstaka aðstöðu til að geta náð þeim fiski umfram útlendinga. En á veiðisvæðinu fyrir hinum eiginlegu Austfjörðum, þ. e. a. s. frá Héraðsflóa og suður að Papey, suður fyrir Djúpavog, þar gilda í aðalatriðum sömu reglur og gilt hafa frá því 1958, í öllum aðalatriðum eru það sömu reglurnar. Allan þennan tíma hafa gilt þær reglur, að togveiðiskip af öllum stærðum mega toga þar upp að fjögurra mílna mörkunum yfir veturinn eða þann tíma, sem sjósókn er ekki mikil á venjulegum fiskibátum. Þessari reglu er enn haldið. En nokkrar veiðiheimildir, sem togarar höfðu samkv. samkomulaginu við Breta frá 1961 yfir sumarmánuðina

upp að 6 mílna mörkunum, voru beinlínis felldar niður. Þarna er ekki hægt að segja, að sé um neinar stórkostlegar breytingar að ræða heldur. En fyrir Suðausturlandi er um eina talsvert verulega breytingu að ræða, sem snýr að veiðisvæðinu í kringum Hvalbak. Þar giltu þær reglur, að heimilt var að veiða í kringum Hvalbak upp að 6 mílna mörkum á ákveðnum tímum ársins, og það var breytilegt nokkuð, en nú er gert ráð fyrir því að heimila togveiðar í kringum Hvalbak upp að þriggja mílna mörkum. Það er þessi almenna regla, sem farið var inn á í landhelgismálanefndinni, að í kringum útsker eins og Kolbeinsey, Hvalbak og Eldey er lítið talsvert öðrum augum á það að leyfa togveiðar heldur en næst meginlandinu sjálfu, þar sem sjór er aðallega stundaður af smærri bátum.

Ef við höldum svo áfram í kringum landið að virða fyrir okkur þessar breytingar í stórum dráttum og tökum svo aftur svæðið frá Papey, tökum þetta svona í stórum dráttum og þannig, að auðvelt sé að fylgjast með því, og að svonefndum Skarðsfjöruvita eða að Skaftárósum, í miðri Meðallandsbugt, þá eru gerðar á þessu svæði nokkrar breytingar til rýmkunar fyrir togveiðiskip frá því, sem áður var. En um þetta svæði svona í stórum dráttum tekið giltu þær reglur eða hafa gilt um langan tíma, að togveiðar hafa ekki verið heimilaðar á þessu svæði á aðalvetrarvertíðartímanum, þ. e. a. s. frá áramótum og fram undir miðjan maí, en þá hefur þetta veiðisvæði verið sérstaklega þýðingarmikið fyrir bátaflotann. En hins vegar giltu þær reglur, að utan þessa tíma, þ. e. a. s. frá miðjum maí og yfir sumarið og haustið fram undir áramót, var heimilt að veiða á þessum slóðum upp að fjögurra mílna mörkum. Þessar togveiðiheimildir hafa verið í gildi allan tímann, og til viðbótar við þetta komu svo nokkrar aukaveiðiheimildir, sem komu með samningunum við Breta 1961, þar sem togveiðiskip fengu heimildir til þess að veiða á ytri 6 mílunum í ákveðnum hólfum á þessum svæðum einnig á vetrarvertíðinni. Nú eru hins vegar gerðar þær breytingar í þessum efnum, að togveiðarnar eru gerðar alveg útilokaðar á þessu svæði á þýðingarmestu mánuðum vetrarvertíðarinnar, þ. e. a. s. í marz og aprílmánuði, en eru hins vegar heimilaðar í janúar og febrúar. En þá er sjósókn á þetta svæði með allt öðrum hætti, og svo er einnig gert ráð fyrir því, að á þessu svæði megi togveiðibátar, en ekki hinir stærri togarar, veiða upp að þriggja mílna mörkum frá strandlengjunni, og þar er um nokkra aukningu að ræða á vissum svæðum, á þessu heildarsvæði, frá því sem áður var. En hér er þó ekki um ýkjastór svæði að ræða í sjálfu sér, vegna þess að grunnlínurnar voru dregnar áður með þeim hætti, að þær voru látnar elta lögun landsins á þessum svæðum allmikið, svo að hér er ekki um ýkjastór svæði að ræða. Og einnig er þess að geta, að á þessu landssvæði er ekki mikið um það að ræða, að bátar séu gerðir út á þessu tímabili, þannig að hér ætti að verða um tilfinnanlega árekstra að ræða. En það verður þó að segjast eins og er, að á þessu svæði er um talsverða aukningu að ræða, talsverða, þó að í till. sé einnig dregið úr heimildum á þessu svæði frá því, sem áður var á vissum greinum. Þegar síðan er lítið á svæðið frá Skaftárósum og alveg að Reykjanesi, eða Suðurlandssvæðið og þá sérstaklega öll hin miklu Vestmannaeyjafiskimið, sem oft eru kölluð, þá er þar að vísu um að ræða talsvert verulega auknar heimildir frá því, sem áður var í lögum og reglum. En veiðiheimildirnar eru ekki miklar samkv. þessum till. umfram það, sem ákveðið var með l. frá 20. desember í vetur. Þá var gengið inn á það að heimila á þessu svæði bátum að stunda togveiðar, bátum upp að 200 rúmlesta stærð, og þegar þær reglur, sem þá voru settar, eru bornar saman við þær till., sem hér liggja fyrir, þá er ekki um verulega miklar breytingar að ræða. En það er rétt, að á þessu veiðisvæði er um allverulegar breytingar að ræða frá þeirri meginreglu, sem gilti í okkar fiskveiðilandhelgi frá árunum 1958 og einnig frá 1961. En ég hygg líka, að þeir, sem mestra hagsmuna eiga að gæta á þessu svæði, þ. e. a. s. þeir, sem eiga heima í Vestmannaeyjum og í nærliggjandi útgerðarstöðum, séu tiltölulega mjög sammála um það, að rétt sé að setja reglur svipaðar þeim, sem hér er um að ræða.

Ég kem þá næst að Faxaflóasvæðinu og gæti þá alveg rætt um leið um Breiðafjarðarsvæðið. Það er auðvitað enginn vafi á því, að á þessum tveim veiðisvæðum, þ. e. a. s. veiðisvæðinu í Faxaflóa og í Breiðafirði og reyndar einnig í Húnaflóa, þar hefur verið um langsamlega mesta friðun að ræða frá 1958 og reyndar í Húnaflóanum alveg frá 1950, langsamlega mesta friðun að ræða, sem þekkzt hefur hér innan okkar fiskveiðilandhelgi í kringum landið. Faxaflóinn er nú engin smávík, þó að menn orði það nú þannig, að það sé verið að leyfa hér togveiðar inn um víkur og firði. Breiðafjörðurinn er það ekki heldur, þó að heiti fjörður. Hann er enginn smáræðis fjörður. Fiskveiðimörkin út af Faxaflóa eru á mjög stóru svæði, yfir 40 og jafnvel yfir 50 mílur frá landi. Og það hafa verið í gildi þær reglur einnig á þessum svæðum í Breiðafirði og Faxaflóa, að þar hafa verið nokkrar heimildir til togveiða á ákveðnum árstímum. Það er rétt, að í þeim till., sem hér liggja nú fyrir og landhelgismálanefndin stendur að, þá er gert ráð fyrir nokkrum auknum togveiðiheimildum á þessum svæði, bæði í Faxaflóa og Breiðafirði. En auðvitað leikur enginn vafi á því, að eftir sem áður verður friðunarsvæðið í Faxaflóa og Breiðafirði eitt það mesta, sem þekkist við landið. Og þess er líka að gæta, að þær viðbótarheimildir, sem gerð er till. um í Faxaflóa, eru að langsamlega mestu leyti mjög utarlega í flóanum, langt frá landi, og eru aðeins á takmörkuðum tímum árs, þar sem um viðauka er að ræða. (Gripið fram í.) Já, ég kalla 40—50 sjómílur langt frá landi, en það gera nú kannske ekki allir. (Gripið fram í.) Nei, ég er að tala um Faxaflóa og Breiðafjörð, og þeir eru nú ekki aðeins rétt naumt svæði í kringum Bjargtanga. En það er rétt, að í till. n. hefur verið gengið inn á það sjónarmið að gera ráð fyrir nokkru togveiðisvæði, sem gengur talsvert langt inn í Faxaflóa, og þetta svæði er þá ætlað minnstu togveiðibátunum, bátum, sem eru undir 105 rúmlestir að stærð. Og þetta svæði á að vera þeim opið seinni hluta sumars og á haustin, en algerlega lokað yfir mesta aflatímann, þ. e. a. s. frá áramótum og fram undir 1. júní. Það virðist vera, að sumir álíti það, að það mætti kannske leyfa togveiðar allvíða í kringum landið, en þó ekki í Faxaflóa og ekki í Breiðafirði. Ja, fiskifræðingar hafa verið spurðir um það, hvort þeir teldu, að þessi tvö svæði, Faxaflói og Breiðafjörður, hefðu einhverja sér-

stöðu sem þýðingarmiklar uppeldisstöðvar fyrir fisk. Og þeir svara því alveg hiklaust neitandi, og það er ekkert, sem bendir til þess, að það sé meiri ástæða til þess að loka þessum flóum út af fyrir sig en öðrum svæðum í kringum landið. Það er líka alveg augljóst mál, að ef farið yrði eftir því sjónarmiði að ætla að loka alveg öllum Faxaflóa og öllum Breiðafirði fyrir botnvörpuveiðum, þá mundu þeir mjög svo mörgu bátar, sem eru gerðir út frá útgerðarbæjum frá þessum veiðisvæðum, auðvitað leita á miðin, þar sem opið er, og þar gæti vitanlega orðið um hættulega árekstra að ræða og ofveiði á takmörkuðum svæðum, ef þannig væri staðið að málum. Það er því mín skoðun, að ef á að auka eitthvað, sem heitir togveiðiheimildir við landið, verði þær auknu heimildir að vera allt í kringum landið, og það sé ekki hægt að skilja þar út jafnþýðingarmikil svæði eins og Faxaflóa og Breiðafjörð með öllu. En auðvitað þarf á þessum stöðum ekki síður en annars staðar að taka fullt tillit til þess, að þær togveiðiheimildir, sem samþykktar kunna að verða, séu ekki þess eðlis, að þær skapi hér óeðlilega árekstra við þá sem stunda veiðar á þessum slóðum með öðrum veiðarfærum en botnvörpu. Og það álítum við í n., að það verði reynt að miða till. við það. Það er svo auðvitað alltaf álitamál, hvort á að veita þetta miklar heimildir, sem þarna er gert ráð fyrir, eða hvort þær eiga að vera eitthvað þrengri. En það er mín skoðun, að þær heimildir, sem gert er ráð fyrir í frv. varðandi Faxaflóa og varðandi Breiðafjörð, séu enn í miklu þrengra formi heldur en hliðstæðar heimildir eru t. d. fyrir öllu Suðurlandi og Suðausturlandi, miklu þrengra formi. Ég álít líka, að t. d. lokun á Faxaflóanum alveg en aftur veiðiheimildir fyrir tog í Breiðafirði nái heldur engri átt. Ég álít, að það verði að vera visst samræmi á milli opnunar, sem gerð er í báðum þessum stóru flóum, því að annars getur verið hér um alveg óeðlilega sókn á mið annars aðilans að ræða, þar sem stór bátafloti leitaði þarna á milli.

Það er auðvitað enginn vafi á því, að það eru fyrir hendi mjög mismunandi skoðanir á því, hvort rétt sé að veita þær auknu togveiðiheimildir, sem gert er ráð fyrir í frv. varðandi Faxaflóa og Breiðafjörð, þó að þar sé gengið miklu skemmra til opnunar en víða annars staðar. Það er enginn vafi á því, að ágreiningur er uppi um þetta, en mér sýnist, að í þeim efnum verði menn að meta þetta nokkuð með tilliti til þeirrar stefnu, sem felst í frv. sem heild. Og ég get ekki tekið undir það, að hér sé um neinar gífurlegar viðbótarheimildir að ræða á þessum stöðum.

Næsta veiðisvæðið er svo út af Vestfjörðum. Þar er gert ráð fyrir í till. n. að opna tvö tiltölulega lítil svæði takmarkaðan tíma af árinu, aðallega að haustlagi til, svo að þar er auðvitað heldur ekki um gífurlegar breytingar að ræða, heldur tiltölulega litlar breytingar. Það heyrist stundum, að það sé eðlilegt, að það sé ekki opnað jafnmikið fyrir togveiðiskip út af Vestfjörðum eins og víða annars staðar við landið, vegna þess að þar hafi verið um tiltölulega minni friðun að ræða með reglugerðunum, sem settar voru 1958 og aftur 1961, vegna þess að þar er ekki um neina stóra flóa að gera, sem auka við friðunina, en það er nú auðvitað ekki hægt að neita því þó, að Breiðafjörður sunnan við Vestfirðina og Húnaflóinn að norðan og austan — þarna er auðvitað um stóra flóa að ræða, sem hafa allmikið að segja fyrir fiskimið Vestfirðinga, og þeir nutu auðvitað á sínum tíma mjög góðs af þeirri friðun, ekki síður en aðrir.

Af þessu, sem ég hef nú sagt, sýnist mér augljóst af þessum till., sem hér liggja fyrir, að það sé ekki hægt að tala um það, að hér sé um neitt gífurlega mikið stökk að ræða til aukinna togveiðiheimilda frá því, sem í gildi hefur verið. Það er um talsverðar breytingar á vissum árstímum að ræða, það er rétt, og vissum stöðum við landið, og ef menn taka einnig með í reikninginn það, sem samþykkt var með l. frá 20. des. í vetur, er hér ekki um ýkjamiklar togveiðiheimildir að ræða umfram það, sem þá var ákveðið.

Ég skal nú ekki orðlengja þetta mikið meira að þessu sinni, en vil taka það alveg skýrt fram varðandi mína afstöðu, að mín afstaða til málsins mótast af því, að ég hef tekið hér þátt í samkomulagi í landhelgismálanefnd um það að reyna að finna hér sæmilega skynsamlega lausn á þessu erfiða máli. Ég tel því, að það skipti miklu máli, að till. n. fari hér í gegn og verði lögfestar lítið eða ekki breyttar. Verði gerðar á þessu verulegar breytingar á ákveðnu svæði, þá tel ég fyrir mitt leyti alveg óhjákvæmilegt að gera breytingar á fleiri stöðum, því að málið hangir hér saman sem heild, og það er ekki hægt að gera hér verulegar breytingar á einu veiðisvæði og skilja þá hitt alveg eftir. Því tel ég, að það skipti hér mestu máli að reyna að skapa samstöðu um það að samþykkja till. n. eins og þær liggja hér fyrir, a. m. k. lítið breyttar. Og mín afstaða til málsins er bundin við það. Ég vil fylgja frv. eins og það liggur fyrir í öllum aðalatriðum, en áskil mér alveg rétt til þess að breyta um afstöðu, ef samþ. verða á frv. einhverjar veigamiklar breytingar.

Þá vil ég einnig leggja ríka áherzlu á það, að þegar lög verða nú sett um þessi mál að nýju, þá skiptir það auðvitað öllu máli, að það sé ákveðið að framfylgja þeim alveg miskunnarlaust og gera öllum hlutaðeigendum það ljóst, að þeir geta ekki vaðið inn fyrir þau mörk, sem sett eru, að eigin vild, eins og átt hefur sér stað með gömlu reglurnar. Ég tel einmitt, að með þessum nýju reglum eigi að koma í veg fyrir það, að togveiðiskip íslenzk geti vaðið inn á víkur og firði á svipaðan hátt og átti sér stað í mörgum tilfellum nú aðeins á s. l. ári, svo að maður fari ekki lengra aftur í tímann. Þessar reglur eru hugsaðar að standa í rúmlega tvö ár og þurfa því vitanlega að takast til endurskoðunar á því tímabili. Hér er því um vissa tilraun að ræða, og svo verður auðvitað reynslan að skera úr um það, hvort rétt sé að draga þessar veiðiheimildir eitthvað til baka eða hvort rétt sé að auka þær a. m. k. á vissum svæðum og vissum tímabilum frá því, sem gert er ráð fyrir í þessum till. En málið fer nú til sjútvn., og þar fæ ég aðstöðu til þess að fjalla um málið áfram og skal því ekki ræða frekar um það hér við þessa umr.

Jón Skaftason: Herra forseti. Þær reglur, sem nú eru í gildi um togveiðar í íslenzkri fiskveiðilandhelgi, falla úr gildi eftir tvo daga. Mér er líka kunnugt um það, að meiningin er að slíta þessum fundi núna hér kl. 5, og af þeirri ástæðu og vegna þess, hversu málið allt er komið

í mikið tímahrak, þá skal ég ekki lengja mjög þessa l. umr. málsins, enda gengur frv. til sjútvn., þar sem ég á sæti, og gefast þá tækifæri þar til þess að athuga það enn betur en ég hef haft tækifæri til í landhelgisnefndinni, þó að hún hafi lagt í það mikla vinnu að undirbúa þær till., sem hér eru fluttar í frv.-formi. Mér þykir það nokkuð athyglisvert, að enginn af þeim hv. ræðumönnum, sem hér hafa talað, hafa lýst yfir andstöðu við auknar heimildir til togveiða í fiskveiðilandhelgi okkar frá því, sem nú er í gildi. Þetta er raunar ekki annað en það, sem má leiða frá þeirri breyttu afstöðu, sem við í landhelgisnefndinni urðum hvarvetna varir við á fundum okkar í öllum landsfjórðungum, en þar kom það greinilega fram í ræðum manna, að þeir deildu ekki svo mjög um það, og á mörgum fundunum alls ekki, hvort auka bæri heimildir til togveiða í fiskveiðilandhelginni eða ekki heldur en hitt, hversu langt ætti að ganga í áttina að því að auka þessi réttindi. Ég sé ekki ástæðu til þess að fara að eyða mörgum orðum að því að rekja gang þessa máls. Það hefur þegar að nokkru verið gert af þeim tveimur meðnm. mínum, sem hafa talað á undan. Auk þess fylgir frv. ýtarleg grg., þar sem m. a. er gerð glögg grein fyrir þeim breytingum, sem samþykkt frv. óbreytts hefði í för með sér frá gildandi reglum um togveiðar í fiskveiðilandhelginni. Ég vil taka það fram þegar í upphafi, að ég tel mig í hópi þeirra manna, sem vilja fara varlega í það að auka mjög heimildir til togveiða í fiskveiðilandhelginni. Ég stend þó eindregið að þeirri tillögugerð, sem er í frv. að finna, og vil endurtaka það, sem ítrekað kom fram í ræðu hv. síðasta ræðumanns, að með þeim till. tel ég og við raunar allir í landhelgisnefndinni, að ekki sé glannalega farið í tillögugerð, og styðjumst þar við veigamiklar umsagnir aðilja, sem þar um hafa mikið að segja og við verðum að trúa, að hafi talsvert vit á því, hvað þeir eru að segja um þetta vandasama mál.

Þegar við byrjuðum að starfa í landhelgisnefndinni, var okkur það fyllilega ljóst, að hér var um mjög erfitt og vandasamt verkefni að ræða. Við áttum samkv. því erindisbréfi, sem okkur var fengið frá sjútvmrh., að gera till. um bezta og hagkvæmasta nýtingu fiskveiðilögsögunnar. Við urðum þess líka áþreifanlega varir við að hlýða á þær 200 ræður, sem við hlustuðum á á ferðalögum okkar um landið, að menn deildu mjög um það og voru mjög ósammála um það, hvort af togveiðum stafaði meiri hætta fyrir fiskistofnana heldur en af öðrum veiðum. Það sýndist sitt hverjum, og virtist okkur, að mest færi eftir því álit manna á hvers konar bátum þeir stunduðu sjómennsku eða hvers konar báta viðkomandi útgerðarmenn gerðu út. Við vorum líka sammála um það þegar í upphafi í sambandi við tillögugerð um auknar heimildir til togveiða, að þá yrðu þær auknu heimildir að verða alls staðar í kringum landið, það þýddi ekki að opna á tiltölulega fáum stöðum í vissum landsfjórðungum við landið og beina þangað öllum þeim flota, sem vildi stunda fiskveiðar, hvaðan svo sem sá floti væri ættaður frá og hvar sem hans heimabyggð væri. Við höfum því gert till. um það að hreyfa við þeim reglum, sem í gildi eru í öllum landsfjórðungum, misjafnlega mikið að vísu. Sums staðar göngum við lengra í tillögugerð, eins og fyrir Suðurlandi og Suðvesturlandi og í Breiðafirði, heldur en gert er víða annars staðar, eins og á Austfjörðum og á Vestfjörðum, en í því sambandi er á það að líta, að togveiðiflotarnir eru einna stærstir fyrir Suðurlandinu og Suðvesturlandinu, og hagsmunir þeirra, sem binda afkomu sína við togveiðar, eru þar líka stærstir. Okkur þótti líka eftir talsverða athugun, að það væri eðlilegt að gera upp á milli bátastærða að því er tekur til, hversu mikil aukin réttindi hver bátastærð skyldi fá. Þannig hljóða till. um það að auka heimildir minnstu togveiðibátanna upp að 105 smál. mest, báta af stærðinni 106–350 smálestir næstmest og skipanna, sem stærri eru en 350 smálestir, minnst. Þetta er í samræmi við þá grundvallarskoðun manna, að eðlilegt sé, að minnstu bátarnir hafi meiri réttindi nær landinu heldur en þeir stóru, sem frekar geta leitað til fanga lengra frá landinu og stundað veiðar í verri veðrum en þeir minni.

Menn hafa hér deilt um það, og það hefur verið um það deilt lengi, hvaða kostir og hvaða ókostir fylgdu því að auka togveiðarnar. Ég hygg þó, að það sé ekki umdeilt út af fyrir sig, og það mun reynsla undanfarandi ára hafa staðfest og sannað, að afkoma togveiðibátanna margra hefur verið ein sú bezta, sem við þekkjum hér í landinu. Það mun staðreynd, að við öflum togfiskjarins með minni tilkostnaði en margs annars fisks, sem aflað er hér á Íslandsmiðum og lagður er hér í land. Þetta atriði hlýtur að virka mjög verulega á afstöðu manna til spurningarinnar um, hvort auka eigi heimild til togveiða eða ekki, því að við stefnum þó með allri okkar efnahagspólitík væntanlega að því að auka hér framleiðnina í fiskveiðunum eins og við raunar þurfum að gera á öllum sviðum okkar efnahagsbúskapar. Eitt atriði, sem mjög mælir með því, að eðlilegt sé að heimila auknar togveiðar, er það, að á þann háttinn má tryggja jafnara framboð af fiski til frystihúsanna heldur en verið hefur undanfarin ár. Frystihúsin hefur helzt vantað hráefni yfir sumartímann, og það hefur víða verið í sjávarplássunum við mikið atvinnuleysi að stríða. Togveiðar smærri bátanna hafa bætt hér mjög verulega úr þessum vanda, og það er ekki of djúpt tekið í árinni, þótt staðhæft sé, að togveiðar hafi núna hin síðari árin bókstaflega firrt mörg sjávarplássin því, að þar væri um mikið og sárt atvinnuleysisvandamál að stríða. Menn staldra sem eðlilegt er mjög við þá spurningu, hvort hætta sé á því, að við munum við það að leyfa auknar togveiðar í fiskveiðilandhelginni stofna tilvist fiskistofnanna við landið í aukna hættu. Um þetta sýnist sitt hverjum. Sú stofnun, Hafrannsóknastofnunin, sem við Íslendingar höfum útbúna góðum tækjum og kostað miklu til, hefur verið sá aðili, sem við höfum gjarnan leitað vopna hjá, þegar við höfum verið að berjast fyrir aukinni fiskveiðilandhelgi á útlendum vettvangi. Við höfum þá gjarnan lagt mikið upp úr því, sem Hafrannsóknastofnunin hefur sagt, og því finnst mér það ekki tjóa nú, þegar við ræðum þetta mál hér á hv. Alþ., hvort auka beri þessar togveiðiheimildir, að þá láti menn allt í einu sem svo, að álit Hafrannsóknastofnunarinnar skipti nánast litlu máli og með það megi fara eins og eitthvert nánast óábyrgt hjal. En til þess að gera langt mál stutt langar mig til þess að lesa hér með örfáum orðum þá niðurstöðu, sem Hafrannsóknastofnunin kemst að, þegar hún virðir rök með og móti því, hvort auknar togveiðar stofni fiskistofninum í hættu, en Hafrannsóknastofnunin segir í frv. á bls. 12, með leyfi hæstv. forseta, þetta:

„Af því, sem að ofan greinir, er ljóst, að enginn verulegur munur er á lengdardreifingu fisks, sem fæst í hin einstöku veiðarfæri á Íslandsmiðum, hvort sem er fyrir innan landhelgi eða utan. Hafrannsóknastofnunin telur því, að hér sé ekki um að ræða fiskifræðilegt vandamál, heldur öllu frekar fjárhagslegt og þjóðfélagslegt, hagkvæmni sjálfra veiðanna, svo og skiptingu veiðisvæðanna á milli þeirra, sem eiga hlut að máli."

Ég þykist skilja þessa niðurstöðu Hafrannsóknastofnunarinnar þannig, að hún geri ekki upp á milli þess, hvort botnvarpan sé eins og hún er nú útbúin hættulegra veiðarfæri fiskistofnunum heldur en ýmis önnur veiðarfæri, sem við notum hér við okkar fiskveiðar og meiri friður ríkir um notkun á heldur en að því er tekur til botnvörpunnar. Og ég vil nota þetta tækifæri til að lýsa því yfir, að þessi niðurstaða Hafrannsóknastofnunarinnar hafði mjög verulega mikil áhrif á það, að ég taldi mér fært að standa að þeirri tillögugerð, sem landhelgismálanefndin hefur gert, í frv.

Hv. þm. Geir Gunnarsson vék hér áðan að þeirri heimild, sem lagt er til, að veitt verði bátum undir 105 smálestum til veiða í Faxaflóa á tímabilinu frá 1. júní til 31. desember, og taldi, að þar væri mjög glannalega að verki staðið. Ég get sagt það í sambandi við þau ummæli, sem hann viðhafði um þetta atriði hér áðan, að mér var svo sem ekkert sérstaklega ljúft að samþykkja þessa heimild eða standa að tillögugerð um þessa heimild, þó að ég vilji á engan hátt taka undir þau fordæmingarorð, sem hann viðhafði um veiðiheimild á þessum slóðum, en ég vil benda á, að þessi heimild er bundin við smæstu bátana hér á Faxaflóasvæðinu og þá aðallega frá Reykjavík og Hafnarfirði og hér að innsvæðum við Faxaflóa aðeins hluta úr ári. Og ég þóttist skilja það, að ef þessir bátar fengju ekki athafnasvæði, þeir eru ekki mjög margir, þessir bátar, ef þeir fengju ekki athafnasvæði þarna, þá mundi það leiða til þess, að þeir yrðu að sækja annað, og mér varð ljóst, að þeir hlutu þá í auknum mæli að leita til svæðisins út af Reykjanesskaganum og bætast við þann hóp togveiðibáta, sem þar var fyrir, og gera hættuna á árekstrum á því svæði verulega mikla, þannig að ég taldi, að eðlilegt væri og skynsamlegt undir þeim kringumstæðum, sem til staðar eru á þessu svæði, að standa að tillögugerð um þessa takmörkuðu veiðiheimild til smábáta. Ég held því, að það séu nokkuð veigamikil rök fyrir því, að hægt sé með góðri samvizku að halda því fram, að við með þeirri tillögugerð, sem er að finna í frv., sem hér er verið að ræða, förum ekki það geyst, að við stofnum fiskistofnunum við landið í neina hættu fyrir ofveiði. Þá vil ég benda á það líka, að það var mjög vel athugað í nefnd, hvort hugsanlegt væri, að auknar heimildir til togveiða í fiskveiðilandhelginni gætu á einhvern hátt torveldað okkur sóknina að því marki að helga okkur landgrunnið allt. Við athuguðum þetta alveg sérstaklega og kynntum okkur þær upplýsingar, sem er að fá um þetta atriði. M. a. fengum við Gunnar G. Schram á fund hjá okkur til þess að ræða þetta sérstaklega, og niðurstaðan af þessum athugunum og viðræðum varð sú, að auknar togveiðiheimildir gætu á engan hátt torveldað okkur sóknina í útfærslu fiskveiðilandhelginnar, ef það væri gert á skynsamlegan hátt og ekki of glannalega í málið farið, enda er það sannast sagna svo, að Íslendingar hafa á alþjóðavettvangi lagt á það áherzlu, þegar þeir hafa verið að berjast fyrir aukinni stækkun landhelginnar, að þeir ætluðu sér sjálfir að nýta það aukna hafsvæði, sem þeir fengju, á eins skynsamlegan hátt og þeir gætu, þannig að það kemur engum á óvart að mínu viti og enginn útlendingur getur talið það óeðlilegt, þó að við nú samþykkjum þær till., sem er að finna í þessu frv.

Ég skal svo, vegna þess hve áliðið er fundartímans, stytta mál mitt. Gildistími þessa frv. eða l., þegar búið er að samþykkja frv., er til ársloka 1971. Fyrir þann tíma á að endurskoða l. og gera þá væntanlega nýjar till. um fyrirkomulag þessara mála í ljósi þeirrar reynslu, sem við fáum nú á því rúmlega tveggja ára tímabili, sem reglum þessum er ætlað að gilda. Ég vil undirstrika það, að ekki má til þess koma, að svipað ástand ríki á miðunum eins og var hér fram að 20. desember á s. l. ári, er þær nýju reglur, sem nú eru í gildi, voru samþ. Ég hygg, að hafi nokkuð skaðað okkar málstað um frekari útfærslu fiskveiðilandhelginnar, þá hafi það verið þau fiskveiðilögbrot, sem voru orðin mjög tíð og að sjálfsögðu fleiri vissu um en við Íslendingar einir.

Ég vil svo að síðustu aðeins segja það, að ég tek undir þá yfirlýsingu, sem hv. 4. þm. Austf. gaf hér áðan, að till. þessar eru byggðar á samkomulagi okkar í landhelgisnefndinni. Við urðum þar allir að teygja okkur misjafnlega langt til þess að ná þessu samkomulagi, og þessu samkomulagi hyggjumst við standa að og styðja hér í meðförum þingsins, en verði svo móti von okkar og þá ekki sízt með hliðsjón af því, hvernig unnið hefur verið að undirbúningi þessa frv., þar sem m. a. hefur verið haft mikið samstarf við alla hv. alþm., að því verði gjörbreytt í meðförum þingsins, þá áskil ég mér rétt til þess að standa að tillögugerð eða fylgja tillögugerð, sem kann að fara í bága við efni frv., eins og það er nú.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 33 shlj. atkv. og til sjútvn. með 34 shlj. atkv.

Á 87. fundi í Nd., 2. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 551, n. 608, 609, 610, 613, 614, 622).

Frsm. (Pétur Sigurðsson): Herra forseti. Mál það, sem hér er til umr., frv. til l. um breyt. á l. nr. 62 frá 18. maí 1967 um bann gegn veiðum með botnvörpu og flotvörpu, felur í sér, ef samþ. verður, frekari veiðiréttindi með botnvörpu innan fiskveiðilandhelginnar. Hér er ekki aðeins um viðkvæmt mál að ræða frá tilfinningalegu sjónarmiði manna heldur einnig og ekki síður frá hinu hagsmunalega. Það síðarnefnda liggur ljóst fyrir, þegar hafðar eru í huga skiptar skoðanir útgerðarmanna og sjómanna í sömu verstöð, sem byggja allflestir sitt mat á sínum einkahagsmunum, stærð fleytunnar og því veiðarfæri, sem viðkomandi aðili telur, að gefi sér bezta raun. Við þetta bætast skiptar skoðanir milli verstöðva á hagnýtu gildi þessara þátta að ógleymdu þýðingarmiklu atriði, sem inn í þetta mál blandast og ég vil kalla staðbundna föðurlandsást sumra hv. þm. og margra annarra. Við þetta bætast

síðan landfræðileg rök, vísindalegar staðreyndir og efnahagsleg þörf þýðingarmikilla atvinnuvega og þjóðarinnar í heild. Þegar þetta allt er haft í huga, mun enginn mæla á móti því, að málið sé svo margbrotið, að eðlilegt sé, að nokkurn tíma taki að finna þá lausn, sem flestir geta unað við. Sú lausn finnst ekki, þótt það frv., sem hér liggur fyrir, verði samþ., enda fram tekið í 8. gr. frv., að ákvæði 2. og 3. gr. þess skuli aðeins gilda til ársloka 1971, ef samþ. verða, enda ber einnig að hafa í huga, að með þessu frv. er landhelgismálan. aðeins að skila hluta af því verkefni, sem henni var falið að vinna eins og ég mun víkja að síðar. Á þeim tæpu 10 árum, sem ég hef átt sæti hér á hv. Alþ., hafa mörg frv. verið flutt, sem að efni til fólu í sér till. um betri hagnýtingu fiskveiðilandhelginnar að dómi flutningsmanna. Frv. þessi hafa fengið misjafnar undirtektir, sum hafa verið samþ., önnur felld og enn önnur dagað uppi. Sammerkt með öllum umr., sem orðið hafa um frv. þessi, er, að fram hafa komið þau sjónarmið, sem ég gat um í upphafi míns máls, og einnig það, að í umr. þessum hafa þó nokkrir talað langt mál, án þess að hafa mikið vit á því, sem um var rætt, og geri ég ráð fyrir því, að svo verði einnig nú. Hin margumtöluðu og tíðu landhelgisbrot þeirra vélbáta, sem togveiðar hafa stundað á undanförnum árum, hafa ábyggilega átt sinn þátt í því, að verulegur hljómgrunnur var fyrst fyrir hendi á Alþ. á fyrri hluta þessa þings og hjálpaði til þess að koma fram tiltölulega róttækum en þó tímabundnum breyt. á þessum málum á þann veg að heimila bátum allt að 200 brúttórúmlestum að stærð að stunda togveiðar allt upp að 3 mílum frá strandlengju við Suðurland og allt að 4 mílum frá grunnlínum við Norðurland. En hér hefur vissulega meira komið til. Vaxandi skilningur þjóðarinnar allrar á því, að margra ára barátta okkar fyrir útfærslu fiskveiðilögsögunnar var ekki háð til þess að ala upp nytjafisk fyrir útlendinga, heldur var um tvenns konar tilgang að ræða, annars vegar friðun uppeldissvæða í allra þágu og hins vegar friðun veiðisvæða fyrir erlendum fiskiskipum, svo við sjálfir gætum nýtt í okkar eigin þágu á sem hagkvæmastan hátt þær auðlindir, sem við Íslendingar eigum innan fiskveiðilögsögunnar. Sú kenning, að aðstaða okkar út á við gagnvart öðrum þjóðum mundi verða veikari í baráttu okkar fyrir landgrunninu öllu, ef við hefðum frekari togveiðar í fiskveiðilandhelginni, var þegar hrakin að mínu mati, er við sóttum mál okkar á alþjóðavettvangi fyrir 12 mílna útfærslunni og reyndar miklu fyrr, því að fulltrúar Íslands á erlendum vettvangi hafa ætíð haldið því fram, að Íslendingar gætu sjálfir ákveðið, hvernig fiskimiðin innan landhelginnar yrðu hagnýtt, og við höfum ekki gert ráð fyrir öðrum togveiðum okkar sjálfra, Íslendinga, í fiskveiðilandhelginni en við finnum hliðstæðu fyrir hjá öðrum þjóðum og sem aðrar þjóðir gera í sinni eigin fiskveiðilandhelgi í sambandi við hagnýtingu þeirra fiskimiða, sem þær hafa þar. Það er því engin ástæða til þess að óttast, að þótt við setjum nýjar reglur um nýtingu fiskimiða í okkar eigin fiskveiðilandhelgi, muni slíkar aðgerðir gera okkur erfiðara fyrir í baráttu okkar að því markmiði að ná fullum yfirráðarétti yfir öllu landgrunninu. Það verður að teljast bæði eðlilegt og sjálfsagt, að við eins og aðrar þjóðir nýtum okkar fiskveiðilandhelgi eins og við teljum bezt og hentugast fyrir okkur, ekki síst þegar haft er í huga, að grundvöllur góðs efnahags þjóðarinnar nú og í ófyrirsjáanlegri framtíð byggist á góðum afla okkar fiskiskipa og sjómanna bæði að magni og gæðum. Við þetta má svo bæta þeirri skoðun fiskifræðinga, að við eigum ekki að byggja okkar fiskveiðipólitík á því eingöngu að ala upp vertíðarfisk, sem helzt ekki má snerta fyrr en hann kemur til hrygningar og þá frekast með öngli, heldur verðum við að kosta kapps um að nýta allan hinn veiðibæra hluta stofnsins, eftir því sem frekast er hægt frá fiskifræðilegu og efnahagslegu sjónarmiði. Hvort þessi hluti stofnsins er veiddur á línu, í net, nót, botnvörpu eða dragnót, skiptir engu máli frá líffræðilegu sjónarmiði, og hef ég í þessum orðum vitnað til orða Jóns Jónssonar fiskifræðings. Ótti manna við skaðsemi bæði botnvörpu og dragnótar vegna skefjalauss dráps á ungviði á rætur sínar að rekja til liðinna ára og ekki að ófyrirsynju. En þá mun hin almenna möskvastærð þessara veiðarfæra hafa legið milli 70—80 mm á möskva. Það síast nú inn í huga æ fleiri og fleiri, að niðurstöður þeirra rannsókna, sem gerðar hafa verið hér heima, en þó í miklu stærra mæli hjá fremstu fiskveiðiþjóðum heims, um áhrif aukinnar möskvastærðar — og reyndar einnig hafa þessar rannsóknir verið gerðar á vegum Alþjóðahafrannsóknaráðsins, en bæði rannsóknir og um leið kvikmyndun þessara tilrauna á sjávarbotni hafa sýnt, að þessar niðurstöður, sem þeir hafa komizt að í þessum rannsóknum, séu óvefengjanlegar. Enda hafa þær sannað ótvírætt, að náið samhengi er milli möskvastærðar í botnvörpu og dragnót og stærðar þess fisks, sem aflast, og byggist þetta á því, að möskvarnir haldast opnir, þegar varpan eða nótin er á ferð. Núgildandi reglur kveða á um 130 mm möskvastærð, og sjá allir, hve gífurlega mikil breyting hefur hér orðið á. Þótt svo að einhver smáfiskur fylgi með í lokin, þegar togi er lokið, í þessi veiðarfæri, annaðhvort neðst í belg eða poka, þá er um slíkt örbrot að ræða af allri þeirri mergð fiskjar, sem í sjónum er, að ég leyfi mér að fullyrða, að það, sem þannig fer forgörðum, sé aðeins lítið brot þess, sem ferst vegna, ja, við getum sagt bæði foráttubrims og fugla loftsins. Veiðarfærinu sjálfu, aðferðinni, sem notuð er, og hagnýtu gildi þessa veiðarfæris á ekki að kenna um, þó að þeir, sem leyfi fá til að nota slík tæki, misnoti það traust, sem þessum aðilum er sýnt með því að leyfa þeim að nota þau, og í sambandi við þetta atriði vil ég leyfa mér, herra forseti, að vitna til orða, sem fylgja með frv. því, sem hér er til umr., og hljóða á þessa leið, með leyfi forseta:

„Landhelgismálanefnd hefur fengið upplýsingar um, að nokkur brögð séu að því, að settar reglur um gerð og notkun veiðarfæra séu ekki virtar og í nokkrum tilfellum getur verið um alvarleg brot að ræða. Forstjóri Landhelgisgæzlunnar greindi frá því, að þeir hefðu aðeins einn mann til þess að rannsaka sérstaklega, að gerð veiðarfæra sé samkv. settum reglum. Eðlilega getur einn maður engan veginn ráðið við svo mikið viðfangsefni. Landhelgismálanefnd er fyllilega ljóst, að við svo búið má ekki lengur standa. N. vill hér með undirstrika nauðsyn þess, að virkt eftirlit sé með veiðarfærum í landinu og það sé tryggt, að settar reglur séu virtar um gerð veiðarfæra og einnig um fjölda netja í

sjó. Þess vegna vill n. benda á nauðsyn þess, að sérstök deild hjá Landhelgisgæzlunni sé skipulögð, sem annist eftirlit með gerð veiðarfæra og notkun og hafi frjálsan aðgang að veiðarfærum, hvar sem þau eru á sjó og landi. Starf þessarar deildar nái einnig til báta, er stundi veiðar með netum, en orð fer af því, að menn hafi miklu fleiri net í sjó en leyfilegt er samkv. reglugerð. N. leggur ríka áherzlu á, að eftirlit verði raunhæft og þeir sem brjóta lög og reglugerðir sæti tafarlaust ábyrgð samkv. l."

Og enn fremur í orðum Jóns Jónssonar fiskifræðings, en hann segir í bréfi sínu, sem fylgir sömu grg. með þessu frv., með leyfi forseta:

„Allar reglur um möskvastærð standa og falla með samvinnu við sjálfa sjómennina. Það á skilyrðislaust að svipta þá menn veiðileyfi, sem misnota það traust, sem þeim er sýnt. Þeir eyðileggja ekki einungis fyrir sjálfum sér, heldur öllum hinum, sem fara eftir settum reglum."

Og undir þessi varnaðarorð og ábendingar ber öllum að taka, og þau eiga auðvitað einnig að ná yfir ekki aðeins veiðarfærin, heldur einnig hin viðurkenndu uppeldissvæði, þar sem stærsti hluti þess afla, sem fæst, er óhæfur eða illnýtanlegur til vinnslu vegna smæðar. Auk þess, sem ég hef hér drepið á, er enn fleira, sem hefur orsakað þá hugarfarsbreytingu í afstöðunni til betri hagnýtingar landhelginnar hjá ekki aðeins hv. alþm., sbr. þau lög, sem sett voru í desember, heldur hjá þjóðinni allri. Við útfærslu fiskveiðilögsögunnar 1958 og það bann, sem þá var sett á botnvörpuveiðar innan hennar, var mörgu skipinu þröngur stakkur skorinn, minni skipin útilokuð frá þessum veiðum á grunnmiðum og þau illnotandi til slíkra veiða á dýpra vatni. Á vetrarvertíð nýttust flestir þessara báta við línu-, neta- og færaveiðar. En stærsti hluti þeirra er þó þannig staðsettur, að útilokað var að gera þá út til þessarar veiði yfir sumar- og hausttímann nema með miklum rekstrarhalla, sem ekki aðeins gekk af útgerðinni dauðri, heldur orsakaði einnig, að sjómenn fengust ekki til slíkra sportveiða, eins og ég vil kalla það, ekki sízt á þeim tímum, er atvinna var næg og sjómönnum var boðið gull og grænir skógar, ef þeir vildu koma til starfa í landi. Nokkur hluti þessa flota, en Íslendingar munu nú eiga um 400 vélbáta af stærðinni frá 15—200 rúmlestir, fékk viðurkennda þessa erfiðleika, og um leið var tilraun gerð til úrlausnar á vanda þeirra með setningu l. nr. 40 frá 9. júní 1960 um takmarkað leyfi til dragnótaveiða í fiskveiðilandhelginni undir visindalegu eftirliti. Þessi lög eru enn í gildi óbreytt, og er ráðh. heimilað að veita allt að 45 brúttórúmlesta bátum leyfi til dragnótaveiða í fiskveiðilandhelginni. Og þetta takmarkaða leyfi er bundið við tímabilið frá 15. júní til 31. október, og er eins og hv. þm. mun kunnugt um ýmsum skilyrðum háð. Og þótt dragnótaveiðar séu bannaðar í innfjörðum og flóum, þá má segja, að hin síðustu ár hafi þær verið leyfðar á vissum svæðum allt í kringum landið á þessu tímabili. Þessar veiðar gengu mjög vel fyrstu árin, en hin síðari ár hefur dregið úr þessum veiðum, sérstaklega hér við Faxaflóa, bæði vegna aflabrests á miðum þessara litlu báta á þeim tíma, sem þeim var leyft að veiða með dragnótinni, og einnig vegna þess, að flestir þessara báta, sem bæði stærð og getu höfðu til, tóku þátt í togveiðikapphlaupinu, sem ég vil kalla svo, þótt bannað væri, því að þeir, sem leyfi höfðu til dragnótaveiðanna, sáu, ekki síður en þeir, sem enga fyrirgreiðslu fengu á þessu sviði, að botnvarpan var í senn ódýrasta, hagkvæmasta og um leið stórvirkasta veiðarfærið um leið og öllum þeim, sem fiskvinnslu stunda, ber saman um, að hráefni úr slíkum veiðarfærum er eitt hið bezta, sem vinnslustöðvar geta fengið, komi ekki til ill meðferð, bæði um borð í bátum og í landi.

Til viðbótar þessum skipum varð ljóst strax á árunum 1963—1964, að skip a. m. k. allt að 200 brúttórúmlestir, jafnvel ný og nýleg skip, urðu úr leik í síldarævintýrinu vegna breyttrar göngu síldarinnar. Þá þegar var öllum mönnum ljóst, að hin harða sókn á fjarlæg mið á skipum með bæði takmarkað burðarmagn og sérstaklega það, takmarkað burðarmagn, var bæði óhagkvæm fyrir eigendurna og jafnvel hættuleg fyrir áhöfnina. Og það var stór hluti þessara skipa, sem bættist í hóp þeirra, sem þá stunduðu togveiðar á forboðnum fiskimiðum. Til þessarar stærðar skipa tók Alþ. tillit í l. frá í desember, sem ég vitnaði til áðan, þótt landhelgismálan. leggi til með því frv., sem hér er til umr., að stærðartakmörk hinna minni skipa verði nú miðuð við 105 brúttórúmlestir. Og er ég þá kominn að því atriðinu, sem ekki hefur hvað minnsta þýðingu og væri að mínu persónulega mati eitt sér nægilegt til þess, að farið væri í þá breytingu, sem lögð er til með þessu frv., en það er það, sem ég mun nú koma að.

Það er ekki aðeins hér í höfuðborginni og ekki heldur í kaupstöðunum, heldur í nær hverju einasta byggðarlagi á landinu, að sama reglan gildir, að útgerð og fiskvinnsla er þýðingarmesta atvinnugreinin og í mjög mörgum tilfellum sú eina, sem máli skiptir fyrir viðkomandi byggðarlag. Það eru ekki aðeins þeir, sem bæði í æði og gleypigangi hafa fjárfest miklu meira en þörf er á í fiskiðnaðinum, heldur einnig hinir skynsamari, sem hafa séð, að því bezt standa fyrirtæki þeirra undir stofnfjár- og rekstrarkostnaði, að fyrirtækin hafi ekki aðeins gott hráefni og gott fólk til að vinna úr því, heldur einnig að nýting þeirra sé sem jöfnust allt árið. Þeir, eins og þjóðfélagið í heild, hafa orðið áþreifanlega varir þess, að fiskvinnslufyrirtækin og þau milljónahundruð, sem í þeim eru bundin, hvorki geta né eiga að standa undir sér með nýtingu, sem aðeins miðast við 3—4 mánuði ársins, eða á meðan vetrarvertíð stendur. Verkafólk og allur almenningur á þessum stöðum, sem hafa fiskvinnslu að aðalatvinnuvegi, þetta fólk hefur skoðanir, sem falla í sama farveg og eigendanna, hvað þetta atriði snertir. Lífsafkoma þessa fólks byggist beinlínis á því, að fiskvinnslustöðvarnar hafi sem mest og jafnast hráefni til úrvinnslu sem mestan hluta ársins. Því fólki, sem fiskiðnaðinum er nauðsynlegt og að honum vinnur, nægir ekki að hafa góða vinnu yfir hávertíðina, og þótt net og lína geti staðið undir nauðsynlegri hráefnisöflun í nokkrum landshlutum eða nokkrum landssvæðum sumar og haust, nægir það ekki alls staðar, auk þess sem sú staðreynd er viðurkennd, að á sömu miðum geta verið áraskipti að því, hvaða veiðarfæri gefist bezt. Hitt er ljóst og hefur verið ljóst, að togveiðarnar skila árangri, sem nægir til að halda uppi sæmilegri atvinnu bæði á hinum stærri og smærri stöð-

um, sem beinlínis byggja tilveru sína á útgerð og fiskvinnslu. Það þótti því mörgum orðið tímabært, þegar hæstv. sjútvmrh. skipaði svo kallaða landhelgismálanefnd samkv. tilnefningu allra þingflokkanna í byrjun október s. l. til að vinna að verkefni því, sem þannig var orðað í skipunarbréfi þeirra, með leyfi hæstv. forseta:

„Ríkisstj. hefur ákveðið að skipa 5 manna nefnd samkv. tilnefningu stjórnmálaflokkanna til þess að gera till. til ríkisstj. um fiskveiðar í fiskveiðilandhelginni. Till. eiga að miðast við sem bezta hagnýtingu fiskveiðilandhelginnar fyrir sjávarútveginn í heild og einstök útgerðarsvæði, og skulu þær ná til allra skipastærða og veiðiaðferða. Við tillögugerð sína skal n. gæta sérstaklega, að nauðsynlegt er að forðast ofveiði nytjafiska."

Hluti þessa verkefnis, sem n. var falið, hefur verið unninn, og kemur árangurinn af verkum n. í ljós í því frv., sem við erum hér að ræða. Sjútvn. þessarar hv. d. hefur rætt og gagnrýnt þetta frv. En n. skilar shlj. áliti þess efnis, að hún mælir með samþykkt frv. með einni breytingu þó við 3. gr. þess, en einstakir nm. áskilja sér rétt til að flytja eða fylgja brtt., sem fram kunna að koma.

Í ljósi þeirra skýringa á störfum n., sem fram koma í grg. með frv., og því, sem bæði sjútvn. hv. d. og reyndar allir þm., sem áhuga hafa á þessum málum, hafa reynt af störfum þessarar n. finnst mér tilhlýðilegt, að þeim séu hér af mér sem frsm. sjútvn. færðar þakkir fyrir störf sín til þessa. Vissulega erum við ekki þeim allir sammála, og væri slíkt í hæsta máta óvenjulegt, ef horft er til alls þess, sem ég hef þegar drepið á. En okkur hlýtur öllum að vera ljóst, að landhelgismálanefndin hefur ekki aðeins leitazt við að kynna sér skoðanir allra þeirra, sem áhuga höfðu á málinu og hagsmuna höfðu að gæta, heldur hefur hún leitazt við um leið og hún horfði á þetta viðkvæma vandamál í heild að finna sameiginlega lausn, öllum þolanlega, þótt enginn sé kannske ánægður, samkomulagslausn, því að mikið getur riðið á, að ekki verði rofið um of, svo að nokkur lausn finnist á heildarvandamálinu, með samþykkt þessa frv. Brtt. sjútvn., sem flutt er á þskj. 609 og er við 3. gr. frv., eins og ég tók fram, er í fyrsta lagi leiðrétting. Það hefur fallið niður orð í frv., en síðan leggur n. til, að til viðbótar komi ný mgr., sem hljóðar á þessa leið, með leyfi forseta:

„Ráðh. er heimilt að veita frekari togveiðiheimildir en greindar eru í lögum þessum um takmarkaðan tíma og á tilteknum veiðisvæðum, ef hafís lokar venjulegum fiskimiðum innan fiskveiðilandhelginnar, enda komi til meðmæli Hafrannsóknastofnunarinnar."

Rökin fyrir þessari till. ættu að vera öllum auðsæ hafandi í huga þýðingu fiskveiðanna fyrir sjávarplássin á þeim landssvæðum, sem hafísinn getur ógnað. Að sjálfsögðu yrði ekki farið í slíkar leyfisveitingar, ef um mjög skamman tíma er að ræða, sem ís þekur þau fiskimið, sem botnvörpuveiðar eru leyfðar á, og sjútvn. á sínum fundum hefur talið sjálfsagt, að Hafrannsóknastofnunin hafi fullt samráð við Veðurstofu Íslands um álit hennar, áður en hún gefur álit sitt til ráðh., sem leyfi á að veita. Þetta atriði mun hafa verið rætt í landhelgismálan., og eru þeir nm., sem ég hef rætt við, helzt þeirrar skoðunar, að slík till. hafi fallið niður úr till. n. Hún hafi átt að vera þar, og þá er úr þeim vanda bætt með þessari till. frá sjútvn. d.

Sjútvn. þessarar hv. d. varð sammála um það, að í þessu frv. væri aðeins um lausn á hluta þess verkefnis, sem landhelgismálan. var falið, að ræða. Og það þarf ekki annað heldur en minna á orðalag skipunarbréfsins, sem ég las hér áðan, en í því segir, að n. eigi að gera till., sem nái til allra skipastærða og veiðiaðferða. Ég dreg þetta atriði sérstaklega fram vegna frv., sem hefur verið til afgreiðslu hjá hv. Ed., um breytingar á l. um dragnótaveiðar og fjallar um bann við dragnótaveiðum í Faxaflóa. Ég tel, að þessi n., sem á samkv. skipunarbréfi sínu að starfa áfram, eigi að taka til meðferðar og fyrirgreiðslu m. a. dragnótaveiðarnar, eins og þær eru nú hér á landi eða í kringum landið, og gera till. til Alþ. um það, hver sé hin heppilega og um leið kannske raunhæfa lausn í þeim málum.

Margir okkar og kannske sérstaklega við, sem vorum kjörnir á sínum tíma í n. á vegum þingflokkanna fyrir hönd Reykjavíkurþm., munum sakna þess, að enn hefur ekki komið fram nein till. um önnur veiðarfæri. Og að sjálfsögðu, eins og ég tók fram, eru hér aðeins fyrir hendi till. í sambandi við botnvörpuna og botnvörpuveiðarnar. Ég minnist þess, þegar þessi n., sem ég vitnaði til og var kjörin fyrir hönd Reykjavíkurþm., tók til meðferðar ekki aðeins það atriði úr skipunarbréfi landhelgismálanefndar, sem fjallaði um auknar togveiðiheimildir, heldur einnig það atriði, sem fjallaði um skiptingu veiðisvæða og reyndar um veiðiaðferðir líka. Og kem ég þá í máli mínu núna um leið og ég hef lýst þeim skoðunum, sem fram hafa komið í sjútvn. Nd., að brtt. þeim, sem ég flyt persónulega, og mun ræða nokkuð um þær, en þær eru á þskj. 610 og eru við frv. þetta. Eins og ég tók fram áðan, höfðu allir nm. rétt til þess að hafa fyrirvara. Þeir nm. úr sjútvn. hv. d., okkar d., sem sæti áttu í landhelgismálanefndinni, gerðu ekki fyrirvara, en við hinir í n. gerðum fyrirvara og áskildum okkur rétt bæði til þess að flytja og fylgja brtt., sem fram kunna að koma, og þar af er minn fyrirvari kominn.

Það er að vísu mjög skiljanlegt, að n. hafi ekki á þessum stutta tíma, sem hún hefur starfað — og út af fyrir sig er það sérstakt og aðdáunarvert, hve miklu starfi þessi n. hefur skilað til þessa — lokið því starfi, sem henni var falið. Hins vegar verð ég persónulega að lýsa yfir vonbrigðum mínum í því, að ekki skyldi t. d. í till. nú liggja frá n., ja, skyldu ekki nú liggja fyrir frá n. till. um verstu hluta þess, sem tilheyrir netaveiðunum svo kölluðu. Og t. d. í frv. þessu um botnvörpuveiðarnar er ekkert tillit tekið til þess, sem hlýtur að vera ljóst öllum mönnum, að það verði að banna fiskimönnum, skipstjórum og sjómönnum að setja net í sjó, áður en páskahelgin gengur í garð, hafandi í huga, að þeir ekki aðeins láta netin, ef þannig stendur á, vera í sjó yfir alla páskadagana og koma með ekki aðeins skemmda vöru að landi, heldur verði jafnvel líka í löggjöf að hafa vit fyrir þeim, að þeir ekki eyðileggi sín veiðarfæri, þannig að tugum, ef ekki hundruðum þúsunda og jafnvel milljónum skiptir það tjón, sem þeir verða fyrir af þessum orsökum — að það skuli ekki vera gert ráð fyrir því í þessu frv., að þegar þannig stendur á, séu net ekki í sjó á svæðum, þar sem göngufiskur gengur, og að togveiðiskip megi nýta þau svæði. Það

Bann gegn veiðum með botnvörpu og flotvörpu (stjfrv.).

þarf enginn að halda því fram, hvorki við mig eða aðra, sem fiskveiðar hafa stundað, að sá fiskur, sem var, þegar þeir tóku sín net úr sjónum, bíði eftir þeim, þegar þeir koma aftur, allra sízt á þessum tíma, þegar göngufiskur fer um miðin. Það er hinn mesti misskilningur. Sá fiskur kemur ekki þar aftur. Hins vegar á hinum stærri togveiðiskipum, sem taka ekki páskahelgina jafn hátíðlega eins og bátamenn gera hér í kringum land í gegnum sína samninga, þeir eiga auðvitað að hafa frjálsan og fullkominn rétt til þess að ná þessum fiski, áður en hann hverfur bæði frá þeim og öðrum fiskimönnum. Ég sakna þess, að það skuli ekki vera ákveði um þetta atriði í frv. Hins vegar hafa einstakir nm. sagt mér, að viss atriði og viss vandamál í sambandi við netaveiðarnar verði tekin upp á seinna stigi í störfum n., og ég vil enn undirstrika bæði mína skoðun og annarra og reyndar skoðun hæstv. sjútvmrh., sem kemur fram í skipunarbréfinu, að n. hafi ekki skilað nema litlum hluta þess verkefnis, sem henni var falið, enn þá.

Áður en ég kem að þeim brtt., sem ég flyt, vil ég aðeins fara nokkrum orðum um þær brtt., sem fram hafa komið til þessa frá öðrum hv. þm. Á þskj. 613 eru brtt. frá hv. 1. þm. Vestf., Sigurvin Einarssyni, o. fl., sem fela í sér, ef samþ. verða, að ekki verður leyft að veiða með botnvörpu í tveimur — og þá vitna ég til þess til minnis hv. þm., og þeir hafa vonandi líka kortið fyrir framan sig, þá verður ekki leyft að veiða í þeim tveimur hólfum, sem áætlað var, að tímabundnar og takmarkaðar veiðar yrðu leyfðar með botnvörpu í á norðanverðum Breiðafirði. Þeir hv. þm., sem flytja þessa brtt., og reyndar nokkrir spekingar til viðbótar, flytja aðra brtt. á þskj. 614, sem felur í sér, ef samþ. verður, að nokkur hluti af utanverðum Húnaflóa verði lokaður, þótt landhelgismálan. mæli með, að hann verði opinn að takmörkuðu leyti. Í sjálfu sér er það nýtt fyrir mig og sjálfsagt marga aðra, þegar það kemur í ljós, að hv. þm. Vestf., sem töldu sig verða hvað verst úti í sambandi við stækkun fiskveiðilandhelginnar á sínum tíma og töldu sig ekki hafa annað til umráða heldur en það litla hafsvæði, sem varð út af þeirra fjörðum, þegar þeir með þessum till. láta í það skína, að þeirra sé yfirráðaréttur ekki aðeins yfir hálfum Breiðafirði, heldur líka yfir Húnaflóa. Og má segja, að skörin færist líka upp í bekkinn, þegar bæði Skagstrendingar, Hólmvíkingar og stórútgerðin á Borðeyri taka í sama streng. Ég drep á þetta vegna þeirra skoðana, sem koma fram í áliti fyrrnefndrar Reykjavíkurnefndar, sem á var drepið áðan í mínu máli, að við, sem vorum flestir og erum flestir gamlir sjómenn, erum algerlega á móti því, að stærð fleytunnar eða heimilisfang ráði nokkru veiðisvæði. Það hefur alltaf verið aðall íslenzkra fiskimanna að geta leitað sér fanga, hvar sem veiðivon var, þannig hefur þetta verið frá ómunatíð á Íslandi, og þannig á það að vera. Það getur enginn helgað sér ákveðinn rétt og sagt: Þetta er minn sjór, og þetta er mitt haf. Það á ekki að þekkjast hér hjá okkur, og þetta er brot á persónufrelsi, eignarrétti og mætti svo lengi telja áfram, ef menn hirtu um að fara í slíkt upptal. En ég vildi nú aðeins taka þetta fram vegna þessara till., sem fram hafa komið frá þessum hv. þm. Reyndar hefur komið fram önnur till. frá hv. þm. Geir Gunnarssyni og félögum hans, hv. 6. landsk., þar sem hann leggur til, að þetta litla hólf í Faxaflóa, sem landhelgismálanefnd leggur til, að verði opið fyrir togveiðum, það svæði verði lokað. Persónulega vil ég alveg mæla gegn því, að slík till. verði samþ., því að um leið og hún verður samþ., þá auðvitað er það siðferðileg skylda okkar um leið að loka Breiðafirðinum öllum, og ekki nóg með það, þá mundi ég segja það, að það væri tímabært fyrir okkur að draga frv. þetta algerlega til baka og ekki afgreiða það, því ég held, að með þessum till. landhelgismálan. í sambandi við togveiðarnar í Faxaflóa þá sé eins skammt gengið eins og hægt sé, enda hafa þeir fulla varúð á því og fyrirvara um það, að þeir vilji gæta allrar varúðar og fyllstu varúðar á þessum 2 árum, sem þessi l. eiga að vera í gildi, og að nokkru leyti get ég undir það tekið með þeim, og kem ég þá að till. mínum, sem eru um stærð skipanna.

Ég tók það fram áðan, að bæði sjómenn, sérstaklega sjómenn, vildu ekki láta hneppa sig í eitt eða annað miðað við heimili þeirra eða skrásetningarstað fleytunnar og því síður, að þeir yrðu bundnir af stærð skips síns, og að manni á minni fleytu væri gefinn meiri réttur heldur en manni á stærri fleytu eða öfugt, ef í það færi. Þetta hefur nú samt hv. landhelgismálan. kosið að gera, og ég er henni alls ekki samþykkur í sambandi við þetta. Þarna er um að ræða sama veiðarfærið hjá öllum þessum skipum, það er mismunandi stórt, það er rétt. Við getum talað um það, þeir sem til þekkja, að höfuðlína botnvörpunnar sé mismunandi löng, en það er orðinn anzi lítill munurinn á þessu stærðarmarki, þegar skipið er orðið 350 brúttórúmlestir annars vegar og hins vegar, þegar um er að ræða 700 tonna 20 ára gamlan togara. Þannig að ég fæ ekki skilið, nema það sé vegna þess, eins og fram hefur komið bæði hér og annars staðar að undanförnu, að um sé að ræða það hjá sumum hv. þm., að þessi skip, þessir gömlu togarar okkar, þeir séu staðsettir aðallega á 3 stöðum, Reykjavík, Hafnarfirði, Akureyri og til viðbótar Siglufirði og Akranesi. Því að mér hefur heyrzt það á sumum hv. þm., sem ég hef talað við, að það væri alls ekki sama, hvaðan skipin væru. Þeim er alls ekki sama, hvaða skip tekur aflann úr sjó, og þeim er alls ekki sama, hvar honum er landað, og út af fyrir sig má segja, að þetta sé skiljanlegt, en fyrir íslenzkan sjómann þá er það alveg sama. Hann telur, að hann eigi rétt til þess að fara yfir allt það hafsvæði, sem íslenzka þjóðin ræður yfir, og hann telur sig hafa rétt til þess að veiða á öllum þeim miðum, sem opin eru samkv. l., og það eigi ekki að fara í þann mismun að segja: „Ja, þetta skip er með stærri botnvörpu heldur en annað skip, af einhverjum sérstökum ástæðum þá viljum við heldur leyfa minna skipinu að nýta þessi fiskimið.“ Fyrir utan það, að við fulltrúar Reykjavíkurþm. vorum sammála um það á sínum tíma, að það gæti verið mótandi fyrir framtíðaruppbyggingu Íslendinga á þeim flota, sem á að afla fiskvinnslustöðvunum hráefnis, hvað yrði gert í till. hv landhelgisn., og ég er viss um, að það á eftir að verða mótandi, þótt sú skoðun hafi komið fram frá fulltrúum þessarar n. í hv. sjútvn., að þeir væru með sínum till. að miða þessa stærð við 105 tonn, að þá væru þeir fyrst og fremst að hugsa til þeirra skipa, sem hafi orðið útundan eins og ég hef þegar drepið á á undanförnum árum, og eiga ekki annarra kosta völ og eiga ekki um leið

möguleika á því að sækja á önnur fjarlægari mið heldur en sínar heimaslóðir, og á vissan hátt þá skal ég taka undir þetta, að þá vil ég meina, að með þessari till. sé verið að móta á nokkurn hátt, ja, þarna er stærðin, sem heppilegust er, ég er alls ekki kominn til þess að samþykkja það, ég er heldur ekki kominn til þess að mótmæla þessu. Það má vel vera, að þetta *verði heppilegasta stærðin í sambandi við landróðrabáta* og hráefnisaflara fyrir fiskvinnslustöðvarnar hér í kringum land, en það getur alveg eins verið stærð, sem heitir 120 tonn eða 150 tonn, þegar við höfum í huga, að þessi skip þurfa jafnvel á sumum tímum árs að sækja frá landinu. Ég hef sjálfur bent á það hér í hv. deild, að það væri ekki óskynsamlegt fyrir okkur að beina vissum bátastærðum a. m. k. öryggisins vegna, að það yrðu ekki of litlir bátar, sem færu á mið við Austur-Grænland, þegar ís, veður og annað slíkt leyfir, og ég tel það, að við eigum að stefna að því, að þessi skip, sem fái og hafi réttindi og styrk og stuðning *frá því opinbera bæði til þess að veiða og starfa innan* okkar fiskveiðilögsögu, eigi ekki aðeins að vera þannig úr garði gerð, að ef hafís lokar ákveðnum hafsvæðum og ef afli bregzt á heimamiðum, þá eigi þessi skip að geta leitað á önnur mið, þau eigi að vera það stór þótt þau eigi ekki að vera of stór, því að það kostar líka sinn pening, og um leið, að þau geti stundað veiðar allt árið, að þetta séu ekki sportbátar, sem séu notaðir aðeins yfir hásumarið, og þau geti um leið, þessi skip, gætt og fylgt og sýnt það öryggi, sem þeir menn, sem eru á þeim, þarfnast.

Það virðist nokkuð vefjast fyrir mér að koma að *mínum eigin brtt., en ég bið hv. þdm. í hv. deild* að virða það mér til vorkunnar. Þetta er mál, sem er auðvitað bæði mér og mínu stéttarfélagi og mínum félögum ekki þýðingarlítið. Það er ekki aðeins, að það sé þjóðarinnar, heldur er það náttúrlega fyrst og fremst þeirra, sem að þessum störfum vinna. Ég legg það til í mínum brtt., að í frv. því, sem við erum hér að ræða, verði felld niður stærðarmörkin 350 brúttórúmlestir og minni. Að sjálfsögðu hefði ég átt að vera sjálfum mér samkvæmur og flytja brtt. um það líka og vitna þá til frv., sem samþ. var hér í desember á hæstv. Alþ., þá hefði ég átt að flytja brtt. um það, að minni stærðin væri ekki miðuð við 105 brúttólestir heldur við 200, vegna þess að ég álít, að skip 200 tonna og þar yfir séu mikið til sjálfbjarga og séu ekki bundin á heimamiðunum, en ég mundi segja það, að í mörgum tilfellum, þá eru skip allt að því bundin þessu, en það er ekki nóg með það, að þau geti verið sjálfbjarga annars staðar heldur en á heimamiðum, heldur eiga þessi skip og stærri skilyrðislausan rétt á því, ef þannig stendur á, að geta bætt sinn hag með því að stunda grunnmið og heimamið, sem við erum nú að gera till. um að opna fyrir togveiðum, það á ekki að loka þessu fyrir ákveðnum stærðum. Þannig að ég hefði eins og ég sagði átt að flytja þá brtt., en ég hef kosið, vegna þess að ég er ákveðinn í því jafnvel þó að mínar brtt. verði felldar, að fylgja frv. þar á eftir óbreyttu fram, því að ég tel, að hér sé um svo þýðingarmikið mál að ræða fyrir þjóðina í heild, að það megi ekki láta til þess koma, að við stöðvum þennan atvinnurekstur, sem nú er hafinn í sambandi við togveiðarnar. Ég get samt sem áður ekki annað heldur en flutt þá brtt., að þessi svokölluðu mörk verði ekki sett við 350 brúttórúmlestir, heldur verði þessir gömlu kláfar okkar, sem margir hv. þm. hafa oft fjasað um, að þeim hafi fækkað togurum á undanförnum árum, að ríkisstj. hafi ekki gætt sín sem skyldi og aðrir aðilar í sambandi við aukningu og eflingu togaraflotans. Ég sé ekki annað en með þessum till. eigi að halda því áfram, sem hafið var á *sínum tíma*, að svipta þessi skip því, sem þau höfðu á sínum tíma, fiskimiðum, og sem þau voru byggð á sínum tíma fyrir að veiða á. Við skulum ekki gleyma því, að um leið og við erum að taka tillit til skipa, sem eru allt að 105 tonn að stærð, og jafnvel hér í desember til skipa, sem eru allt að 200 tonna, vegna þess að síldargöngurnar höfðu breytzt þá, og með dragnótalöggjöfinni frá 1960 líka, þá erum við að viðurkenna það, að það hefur orðið þarna mikil breyting á. Við verðum að gera eitthvað fyrir þessa blessaða menn. Við verðum að opna landhelgina, til þess að þessir menn fari ekki á hausinn og þeir geti *starfað áfram með sín skip og rekið sína útgerð áfram*. En hvað er að gerast með togarana? Jú, þeir máttu fara út í það, sem ég vil leyfa mér að kalla hér, með leyfi forseta, Ballarhaf, þar áttu þeir að vera, jafnvel þótt þeir væru byggðir til þess að stunda þau mið, samtals 45 þús. ferkm, sem voru tekin af togurunum með l. frá 1958 og þeim reglugerðum, sem þá voru settar. Nei, það er kannske vegna þess, að þessir togarar eru staðsettir hér í Reykjavík, Hafnarfirði og Akureyri, sem hv. dreifbýlisþm. af Vestfjörðum og aðrir slíkir segja: „Þeir mega ekki starfa.“ Við höfum kannske ekkert atvinnuleysi við að búa hér í Reykjavík í dag, við þurfum ekki að reka þessi skip, er það? Ég vil leyfa mér að benda hv. þd. á það, að togararnir okkar byggðu ekki aðeins upp Reykjavík og Hafnarfjörð og fleiri staði, heldur vil ég meina það, að á sínum tíma hafi þessi þjóð komizt úr fátækt til bjargálna með togaraútgerðinni á Íslandi, en það gildir náttúrlega það sama um þá eins og annað, að gleymt er þegar gleypt er, og þeir hafa verið utanveltu fram til þessa hjá okkur. Ég vil, og hef þess vegna flutt þessa brtt. til þess að sjá þá þm., og ég vil taka það fram við forseta nú þegar, að ég óska nafnakalls um þessa till. mína, til þess að sjá framan í þá hv. þm., a. m. k. héðan úr Reykjavík, Hafnarfirði og frá Akureyri, sem segja við togarasjómenn, togaraútgerðarmenn og allt það fólk, sem nýtur góðs af afla þessara skipa, sem skiptir þúsundum tonna, sem þeir landa hér heima, að ógleymdu því, sem þeir landa erlendis, sjá framan í þá segja: „Nei, við skulum sleppa þessum skipum, þau eru ekki í okkar persónulegu þágu.“ Staðbundna föðurlandsástin nær ekki til þeirra, en ég vil gjarnan sjá framan í þm. Reykv., sem hafa þá skoðun líka. Það mætti reyndar tala langt mál um einstök veiðisvæði, og ég mun þá kannske koma að því á seinna stigi. M. a. er fólgin í minni brtt. till. um það, að syðra hólfið fyrir Vestfjörðum verði opið öllum togskipum, með þeim takmörkunum, sem sett eru í frv. Þetta er gert að yfirlögðu ráði, og reyndar nyrðra svæðið líka, einfaldlega vegna þess að ég þori að draga það mjög í efa, að nokkur af þeim skipum, sem staðsett eru á Vestfjörðum, kannske utan eins eða tveggja, geti togað á þeim botni, sem þar er, og í því straumvatni, sem þar er. Það er ekki nema fyrir hin stærri og togmeiri skip að

veiða þar. Sama má reyndar segja um mörg svæðin, sem hv. landhelgisn. hefur ekki gert till. sínar um að opna, en sem margir aðilar, sem gott vit hafa á málunum, hafa lagt til, að gert yrði í sambandi við kolamið, og þar skulum við koma aðeins aftur inn á norðurhluta Breiðafjarðar, sem hv. þm. leggja til, að verði algerlega lokaður vegna þess, að nú eiga Vestfirðingar það svæði, sem ég er ekki enn þá búinn að samþykkja. Ég veit ekki, hvað þeir ætla að veiða þar annað heldur en, ja, það eru nokkrar trillur, sem fara að sumri til í sólskini og góðu veðri suður fyrir Bjarg til þess að veiða smátitt á öngul. Ég vil aðeins benda þessum hv. þm. á það, að það hefur líklega aldrei komið annar eins afrakstur af neinum veiðum eins og af þeim bátum og stóru togveiðiskipum, sem fiskuðu kola í sína botnvörpu á þessu svæði á s. l. hausti, sama má reyndar segja um fleiri svæði. Mættu þeir gjarnan – þeir eru mjög margir gjarnir á það að vitna og glugga í opinberar skýrslur – vitna stundum til þeirra talna, sem koma í ljós, þegar þessir bátar höfðu selt erlendis fyrir upp að því 30 kr. kg af þessum sama góðfiski, sem aldrei fæst á þennan silfuröngul þeirra vestra.

Herra forseti, ég skal nú fara að stytta mál mitt, enda heyrist mér, að sumum sé nú orðið brátt að komast hér upp til þess að segja nokkur orð í þessu sambandi. Ég skal taka það fram, að sjútvn. d. bárust ekki aðeins tilmæli frá Fél. ísl. botnvörpuskipaeigenda um breyt. á frv. — þau tilmæli fara nokkuð saman við þá brtt., sem ég hef gert – heldur kom líka till. frá Útvegsmannafélagi Reykjavíkur, sem lagði til, að togveiðisvæði Faxaflóa væri aukið að mun. Persónulega er ég á móti því, þótt ég hins vegar telji, að að því geti komið, að við þurfum og eigum að stækka togveiðisvæðið og um leið að flytja dragnótaveiðiheimildirnar yfir á það svæði, eins og reyndar er gert í frv., en hefur sáralitla þýðingu eins og er, einfaldlega vegna þess að þau skip geta ekki veitt með dragnót á því dýpi eða í því straumvatni, sem leyfir þeim það samkvæmt frv., ef samþ. verður. Við í n. höfum ekki viljað gangast inn á till. þeirra, ekki að þessu sinni. Við teljum, að hér sé um tilraun að ræða, ja, tilraun, sem þegar hefur sýnt sig, að stenzt og mun standast, en ég er sammála landhelgisn. og við í sjútvn. erum reyndar sammála henni líka um það, að það eigi að fara varlega í þetta, og ég held, að það frv., sem hér liggur fyrir hjá hv. deild til umr., einmitt sýni það, að það hafi bæði verið reynt að gæta hagsmuna allra, taka tillit til jafnvel tilfinningasjónarmiðanna og eignarréttarins, sem sumir telja sig eiga í sjónum í kringum okkur, og um leið hafi þeir haft í huga, að þetta er aðeins til tveggja ára og á því tímabili á ekki aðeins landhelgisn. að skila till. um aðra þætti okkar fiskveiða, heldur líka um breyt. á þessum l., ef eitthvað það kemur í ljós, sem breyta þarf. Ég legg til, herra forseti, að lokinni þessari umr., að málinu verði vísað til 3. umr.

Sigurvin Einarsson: Herra forseti. Ég veit ekki, hvort rétt er að fara mjög út í hina skörulegu ræðu hv. frsm. sjútvn. Þó kom sitthvað fram þar, sem ástæða hefði verið til að drepa á. Hann byrjaði á að tala um, að hér í hv. deild væru ekki nema sumir, sem hefðu neitt vit á þessu máli. Og mönnum er víst bezt að passa sig að tala nú ekki, þessir, sem ekki hafa vit á því. Sérstaklega fengu Vestfjarðaþingmenn þann vitnisburð **(Gripið fram í:** Þeir verða þá að fylgja því.) Þeir vita ekki, hverjir það eru, því að hann tilgreindi ekki, hverjir það væru, sem hefðu ekkert vit á því, og hverjir hinir væru. Það vantaði í ræðuna. Sérstaklega fengu Vestfjarðaþm. þann vitnisburð, að þeim væri bezt að hafa sig hæga í þessu máli, og reyndar Norðlendingar líka. Ég veit ekki, hvort þm. almennt taka þetta svo sérstaklega alvarlega, ég skal ekki segja um það. Það vakti athygli mína, þegar hann fór að tala um, að ef samþ. yrði till., sem við flytjum Vestfjarðaþm. um að fella niður hólf á norðanverðum Breiðafirði, og ef fellt væri niður hólf á Faxaflóa, þá yrði að fella niður öll hólfin á Breiðafirði, og þá væri bezt að taka frv. aftur. M. ö. o., ef farið er að samþykkja einhverja brtt. hér, þá verði að samþykkja aðra og svo taka frv. aftur. En svo hendir það hann sjálfan, að hann flytur brtt., og hvernig fer nú, ef hún er samþ.? Þarf þá ekki að samþykkja fleiri og taka svo frv. aftur? Það er erfitt að finna botn í öllu saman. Einna síðast talaði hann um það, að Vestfirðingar hefðu aldrei fengið eins mikinn afla eins og af togveiðum í Breiðafjarðarhólfinu, sem við leggjum til, að falli niður. Aldrei eins mikinn afla og á s. l. hausti. M. ö. o. það er bannað að veiða þar núna, og þarna er hann að bera á Vestfirðinga, að þeir hafi stundað svo miklar veiðar í landhelgi í banni, að þeir hafi aldrei fengið slíkan afla áður. Þetta var nú svona í ofanálag hjá honum. Þeir eru þessir lögbrjótar, jafnvel meiri en nokkrir aðrir eftir þessu að dæma. Ég ætla alveg að láta þetta duga svona til þess að minna á aðalgullkornin í þessari ræðu hans.

Hann minntist líka á það, að Vestfirðingar teldu sig eiga yfirráðarétt yfir Breiðafirði, af því að þeir flytja till. um að fella niður þarna hólf. Ég veit ekki til, að þeir hafi nokkurs staðar haldið því fram, að þeir eigi yfirráðarétt yfir neinu umfram aðra, neinum fiskimiðum við landið umfram aðra, og að neinir eigi neinn sérstakan yfirráðarétt. Ég þekki það ekki, ég er nefnilega alveg sammála honum um það, að það á aldrei að fara að skipta fiskimiðum hér við land á milli ákveðinna staða, og er heldur ekki lagt til í þessu frv.

Ég gat þess við 2. umr. þessa máls, að við Vestfjarðaþm. allir, sem eigum sæti í þessari hv. deild, erum andvígir auknum veiðiheimildum við Húnaflóa, ég minnti á það þá, að Strandamenn hefðu m. a. mætt á fundinum, sem landhelgisn. hélt á Sauðárkróki í vetur, og hefðu mótmælt till. um að heimila togveiðar inni í Húnaflóa. Ég veit ekki betur en þessi skoðun sé ríkjandi á Norðurlandi, vestanverðu a. m. k. Ég þekki heldur ekki neitt dæmi til þess, að komið hafi fram óskir, hvorki frá Vestfjörðum eða Norðurlandi að vestanverðu, um það að teygja togveiðar inn á Húnaflóa, eins og gert er í þessum till. Þess vegna er það, sem við Vestfirðingar ásamt 3 hv. þm. Norðurl. v. flytjum brtt. á þskj. 614, þar sem við leggjum til, að niðurlagsorðin í staflið a—l í 2. grein frv. falli niður, þ. e. a. s. að nýjar veiðiheimildir inni í Húnaflóa komi ekki til, en hins vegar gildi sömu reglur úti fyrir Húnaflóa eins og eiga að gilda úti fyrir Norðurlandi, samkv. ákvæðum þessa frv. Þarna er gerð undantekning um Húnaflóann og teygt sig þar alllangt inn eins og ég hef áður sagt, á móts við Selsker, en við hins vegar erum samþykkir því, að veiðarnar úti fyrir flóanum verði leyfðar eins og eiga að

gilda fyrir Norðurlandi, en hér sé engin undantekning gerð.

Þá kem ég að Breiðafirði. Samkv. frv. er lagt til að leyfa botnvörpuveiðar í fyrsta lagi öllum skipum stórum og smáum allt árið um kring á 8 mílna belti að fjögurra mílna mörkunum milli Öndverðarness og Bjargtanga. Þetta mun vera það, sem nú er, og við erum samþykkir því, að þetta haldist. Síðan er lagt til, að á fjögurra mílna belti, sem þá er eftir upp að grunnlínunni, eigi að leyfa botnvörpuveiðar líka öllum skipum af hvaða stærð sem er á norðurhluta Breiðafjarðar 16. september til 1. janúar, eins og felst í frv., en ég vil benda mönnum á sérkort, sem fylgir þessu frv., yfir veiðarnar. Þetta hólf er úti fyrir Breiðafirði og er merkt F2 á sérkorti. Þar stendur á kortinu, að heimilar veiðar frá 16. september til 31. desember séu fyrir skip 105 brúttósmálestir til 350 brúttósmálesta, en þetta er rangt á kortinu. Í frv. sjálfu, og það gildir, er þetta fyrir öll skip af hvaða stærð sem er. Þarna hafa orðið mistök, sem ég hlýt að benda á og er mjög slæmt, að slík mistök verði, því menn átta sig illa á till. n. nema líta jafnframt á kort og sjá, hvernig þessi hólf eru. Þetta hólf, merkt F2, er því fyrir öll skip á þessu tímabili, sem ég nefndi. Og loks á að leyfa 2 hólf inni í Breiðafirði, eins og ég nefndi, hinum smærri fiskibátum, minni en 105 smálesta, syðra svæðið 1. júní til 15. september og nyrðra svæðið 16. september til 31. desember. Með þessum till. yrði þá veiðiheimildin orðin nokkuð langt inn í Breiðafjörð, að mér virðist um 35 mílur frá ytri mörkum núv. fiskveiðilandhelgi. En þegar komið er þar inn fyrir, inn fyrir línu milli Skorar og Búlandshöfða, er harla lítið um fiskimið að ræða, því að eftir því, sem ég veit bezt, eru þau um þetta bil og þar fyrir utan yfirleitt. Það er liðin sú tíð, þegar fiskaðist inni í Bjarneyjaflóa eða yfirleitt þarna í Breiðafirðinum fyrir innan þessa línu. Við Vestfjarðaþm. getum ekki fallizt á, að svo viðtækar veiðiheimildir verði leyfðar, og það er auðvitað vegna þess, að línuveiðar og handfæraveiðar Vestfirðinga, allra báta meira eða minna frá Bolungarvík suður til Patreksfjarðar, sækja á vissum tímum á þessi mið. Ég vil vekja athygli á því, að þegar við Vestfjarðaþm. flytjum slíkar till. sem þessar, þá er það engin uppfinning okkar eða fyrir einhvern sérstakan ókunnugleika, að ég tali nú ekki um heimsku, eins og hér var bent á áðan, heldur er þetta vegna þess, að við höfum kannað rækilega skoðanir útgerðarmanna og sjómanna á Vestfjörðum, og við vitum, hvernig þeir líta á þessi mál. Það er líka eftirtektarvert, að á Ísafjarðarfundinum í vetur með landhelgisnefndinni komu fram óskir aðeins um tvö veiðihólf innan landhelginnar hvað varðaði Vestfirðinga, og við höfum fallizt á bæði þessi hólf þrátt fyrir það, að það voru sárafáar raddir, sem óskuðu eftir þeim, en mjög margir, sem andmæltu þeim harðlega. Við höfum því sannarlega tekið tillit til þeirra, sem vilja fá veiðiheimildir inni í fiskveiðilandhelginni. En ekki ein einasta rödd kom þar fram mér vitanlega um það að fara að opna veiðiheimildir í Húnaflóa eða Breiðafirði, eins og gerðar eru till. um nú. Till. okkar eru vegna reynslu þeirra sjálfra fyrir vestan, sem fyrst og fremst eiga afkomu sína undir fiskveiðum. Þeir eru að hugsa um sjálfa sig, sína eigin hagsmuni, og við þm. erum að reka erindi þeirra hér á Alþ. Allar aðrar aðdróttanir eiga ekki hér heima, og læt ég þær lönd og leið. Það eru þessi tvö hólf á Breiðafirði, sem við eigum mjög erfitt með og getum ekki sætt okkur við fyrir hönd Vestfirðinga, að verði leyfð, þ. e. hólf F2, þar sem öll skip eiga að hafa rétt á vissum tíma til þess að veiða, bæði smá og stór, og það er hólf F4.

Hvað sem hér kann að verða sagt um okkur Vestfjarðaþm. og þm. Norðurl. v., sem flytja till. með okkur um Húnaflóa, held ég, að ekki verði með sanngirni sagt annað en að við förum sem allra nákvæmast eftir þeim skoðunum, sem við þekkjum bezt heima í þessum héruðum, og viljum fylgja þeim fram. Ég vænti því þess, að hv. dm. geti fallizt á þessar till. okkar og það þurfi ekki að fara að draga frv. til baka né hafa áhrif annars staðar við landið, hvað menn samþykkja og hvað menn vilja fella, þó að slíkar till. verði samþykktar frá okkur, enda væri það alveg nýtt, ef frv., sem flutt er á Alþ., fengi ekki fram að ganga eða mætti ekki ganga fram, ef einhver brtt. yrði flutt við það, sem þm. flytur.

Jónas Árnason: Herra forseti. Ég flyt hér ásamt 8 öðrum hv. þm. brtt. á þskj. 622. Hv. 6. landsk. þm. gerði rækilega grein fyrir þessum till. við 1. umr. frv., og ég sé ekki ástæðu til að bæta þar við löngu máli, en fáein orð vildi ég segja svona til frekari áréttingar.

Það eru byggðarlög undir Jökli sunnanvert, fámenn að vísu, á Arnarstapa og á Hellnum, og þessi byggðarlög byggja afkomu sína að miklu leyti á sjávarafla. Sá afli fæst allur á smábáta, trillur, mest á færi, en nokkuð á línu. Helztu mið þessara báta eru sunnanvert við nesið næst umræddum byggðarlögum, og á undanförnum árum hafa þau orðið fyrir miklum búsifjum af völdum dragnótabáta frá hinum stóru útgerðarstöðum. Má segja, að ásókn dragnótabáta hafi stofnað í mikla hættu afkomumöguleikum þessara byggðarlaga, enda leggja íbúar þeirra mikla áherzlu á það, að dragnótin verði með öllu bönnuð í Faxaflóa, og eru það eflaust gleðifréttir fyrir það fólk, sem býr í þessum byggðarlögum, að nú skuli í Ed. hafa verið samþ. frv. þess efnis að banna með öllu dragnótina í Faxaflóa. Og eflaust bíður þetta fólk með eftirvæntingu eftir því, að frv. verði einnig samþ. hér í þessari hv. d., þó að einhver dráttur kunni nú að verða á því og ástæðulaust að vera með allt of mikla bjartsýni í því sambandi, koma þar sjálfsagt til sögunnar ýmis sjónarmið og hagsmunir, en við skulum þó vona hið bezta.

En nú gerist það, að ofan á þau vandræði, sem þessi byggðarlög hafa orðið fyrir af völdum dragnótaveiðanna, þá bætist það, að samkv. því frv., sem hér liggur fyrir, er ætlunin að taka af þessum byggðarlögum þarna undir Jökli — og þarna eiga líka hlut að máli trillumenn frá Hellissandi, sem sækja mikið á þessar slóðir, sem hér um ræðir — það á að taka af þeim drjúgan hluta af þeim miðum, sem sjómenn frá þessum byggðarlögum hafa sótt á. Það yrði gert með því að leyfa togveiðar alveg upp undir kletta undir Svörtuloftum eða eftir endilöngu Snæfellsnesinu framanverðu. Þetta má ekki verða. Það er algert lágmark, að togveiði verði bönnuð út í mílu undan strandlengjunni þarna, þannig að smábátamenn frá byggðarlögunum undir Jökli geti sótt á þessi mið með færi sín og verið þar í friði, þegar þar er fisk að fá. Ég vænti þess, að hv.

þm. sýni það með því að samþykkja þá brtt. um þetta efni, sem við nímenningarnir flytjum, að þeir séu okkur sammála um það, að nóg hafi verið níðzt á þessum fámennu byggðarlögum og nóg sé yfirleitt níðzt á fámennum byggðarlögum við strendur þessa lands, þó að þarna sé ekki þessu bætt ofan á, að taka drjúgan hluta af miðum sjómanna frá þessum byggðarlögum og ofurselja þau togveiðunum.

Varðandi aðrar till. okkar tel ég óþarft að hafa langt mál. Eins og ég sagði, gerði hv. 6. landsk. þm. rækilega grein fyrir þeim hér í ræðu sinni við 1. umr., en þetta vil ég taka fram:

Frv. það, sem hér liggur fyrir, er að mínum dómi neyðarúrræði og margt í því mjög varhugavert, að ég ekki segi hættulegt, þar á meðal sú ráðstöfun að ætla togskipum stór svæði á Breiðafirðinum. Afleiðingar af slíku gætu orðið mjög alvarlegar. Afli hefur brugðizt á Breiðafirðinum nú undanfarin tvö ár, og hvað sem líður fullyrðingum formælenda togveiðanna og hvað sem líður yfirlýsingum vissra yfirsindamanna, þá er það almannarómur í Breiðafirðinum (og sagt hefur verið: sjaldan lýgur almannarómur), að togveiðar hafi átt einna mestan þátt í þessu, og lækningin við þessu meini sé sízt af öllu sú að lögleiða nú togveiðar þarna á stórum svæðum.

Ég hafði hugleitt að flytja þá brtt. við frv., að togveiðar yrðu með öllu bannaðar á Breiðafirði. En ég hikaði við, enda er mér vel kunnugt um það, að ákvæði um þetta í frv. er árangur af löngum og erfiðum samkomulagsumleitunum um þetta með útvegsmönnum og öðrum þeim á Snæfellsnesinu, sem helzt hafa þarna hagsmuna að gæta. Landhelgismálanefndin og aðrir þeir aðilar, sem málið snertir, höfðu lagt mikla vinnu í það að ná samkomulagi um þetta, samkomulagi að nafninu til a.m.k. Nú er hins vegar komin fram till. frá hv. þm. Vestf. um það að loka alveg helmingi þessa svæðis á Breiðafirðinum, þar sem samkv. frv. er gert ráð fyrir að leyfa togveiðar, þ.e.a.s. nyrðra svæðinu. Og verði sú till. samþ., hlýt ég — og ég þykist vita, að í því muni einnig fylgja mér flestir þm. Vesturl. — ég hlýt við 3. umr. að flytja till. um það að loka einnig syðra svæðinu, þ. e. a. s. loka þá Breiðafirðinum öllum fyrir togveiðum. Betra er, að þarna sé alveg lokað heldur en mið þau, sem næst liggja Snæfellingum og mega heita þeirra heimamið, þurfi ein að mæðast undan skemmdum og tjóni, sem kann að verða af togveiðum á Breiðafirði.

Í framhaldi af því, sem ég hef hér sagt, vil ég leggja sérstaka áherzlu á þýðingu þeirrar brtt. frá okkur nímenningunum, að lög þau, sem hér eru á döfinni, verði aðeins látin gilda til ársloka 1970 í staðinn fyrir 1971, þ. e. a. s. gildistími þeirra verði styttur um eitt ár. Ef illa fer, eins og við óttumst margir, yrði tjónið þeim mun minna, sem fyrr gæfist tækifæri til að endurskoða málið og snúa við, þar sem voði kynni að blasa við.

Hinu er svo ekki að neita, að ástand það, sem ríkt hefur í þessum málum á undanförnum árum, þegar landhelgisbrot í stórum stíl töldust sjálfsagðir hlutir, það var algerlega óviðunandi og þjóðinni til skammar. En ástæðan til þess var það stjórnleysi og það skipulagsleysi og dáðleysi, sem valdhafar þessa þjóðfélags hafa gerzt sekir um á öllum sviðum. En þetta ástand má aldrei aftur yfir okkur koma. Og því segi ég það, að þó að hér sé á döfinni löggjöf, sem mörgum virðist næsta hæpin og jafnvel háskaleg, þá hlýtur hún þó að verða til bóta frá því ástandi, sem dáðleysi og stjórnleysi valdhafanna hafði yfir okkur kallað. Niðurstaða mín, þegar ég met þetta mál, verður því sú, að svo illa má stjórna einu landi, að jafnvel hin hæpnasta löggjöf, jafnvel hin verstu lög, geti kallazt bjargráð.

Matthías Bjarnason: Herra forseti. Ég er meðflm. hér að þremur till., sem hefur verið mælt hér fyrir af frsm. fyrir þeim till., og hef ég þar litlu við að bæta. Ég vil þó alveg sérstaklega taka undir það orð, sem hv. 1. þm. Vestf. mælti fyrir þeim brtt., sem við Vestfjarðaþm. hér í þessari d. flytjum varðandi Breiðafjörð og sömuleiðis við Vestfjarðaþm. ásamt nokkrum þm. úr Norðurl. v. í sambandi við Húnaflóasvæðið.

En það, sem gerir það að verkum, að ég kem hér upp í ræðustólinn, er hin vígreifa ræða hv. frsm. sjútvn., sem var alllöng og svona heldur gífuryrði og sleggjudómar, og mér þykir nú leitt, að kappinn skuli renna af hólmi undir umr. málsins og hverfa héðan úr d., eftir að taka langan tíma í sína ræðu og fara þar með ýmis gífuryrði, og ég verð nú að segja eins og er, að það hefur komið hér til umr., að það væri til eldri manna deild innan Framsfl., en mér finnst, að eldri manna deildin innan Framsfl. hafi yngzt um 20 ár eftir þessa endemisræðu hv. 10. þm. Reykv., sem talaði hér áðan.

Hann talaði um staðbundna föðurlandsást hjá ýmsum þm., að við teldum, að einhver ákveðin svæði ættu einhver ákveðin mið. Auðvitað dettur engum manni slíkt í hug. Hins vegar fer það ekki á milli mála, að þar sem lítil útgerð er og útgerð er stunduð af litlum skipum, þá eru þau mjög bundin við heimamið, og því eru auðvitað veiðiaðferðir, sem eru þessum útgerðum mjög á móti skapi. Og það, sem fyrir okkur vakir, er að banna eins og verið hefur botnvörpuveiði, m. a. til þess að tryggja lífsafkomu þessara staða, við erum ekki í sömu andránni að banna bátum af öðrum stöðum af landinu að stunda veiðar á þessum sömu svæðum með sömu veiðarfærum. Ég tel svo sjálfsagt og eðlilegt, að útgerð hvar sem er á landinu fái að veiða á hvaða miðum sem er umhverfis okkar land með sömu veiðarfærum. Ef það væri hér till. um það að leyfa botnvörpuveiðar fyrir einhverja ákveðna útgerðarstaði og heimabáta á þessum miðum, en meina öðrum, þá kannske mætti þessi hv. þm. tala um staðbundna föðurlandsást, en fyrr ekki.

Ég vil segja það, að í sambandi við störf hinnar svo kölluðu landhelgisnefndar — og ég skal ekki á neinn hátt draga það í efa, að hún hefur unnið að þessu máli og undirbúningi þessa máls og lagt í það mikinn tíma og mikla vinnu, en á það ber að líta, að þegar valið var í þessa n. af stjórnmálaflokkunum, þá völdust í n. menn með heldur frjálslynda afstöðu varðandi botnvörpuveiðar. Það má segja, að stjórnmálaflokkarnir hafi ekki haft tækifæri til þess að skipta þessum sjónarmiðum á milli, því að allir stjórnmálaflokkarnir hafa átt einn mann í þessari n. nema Sjálfstfl., sem hefur átt tvo menn í n. En það var eins með sjónarmið þeirra beggja, að þeir voru einlægir stuðningsmenn stóraukinna botnvörpuveiða, og það var ekki að ófyrirsynju, að þessari n. var gefið — að vísu í gamni — nafnið kál-

garðanefnd, enda sýnir það verkefni, sem þeir hafa skilað af sér, að það nálgast nú mjög kálgarðana, sem þeir vilja leyfa botnvörpuveiðar á víða um landið. Ég tel því ekki óeðlilegt, að það komi fram fleiri sjónarmið heldur en er þessum mönnum að skapi. Við höfum eins og 1. þm. Vestf. gat réttilega um, við höfum Vestfjarða-þm. gengið inn á tvö hólf fyrir Vestfjörðum, og þetta gengum við inn á með bréfi til n. Það er það eina, sem n. tók til greina af okkar sjónarmiðum, af því að það var í þessa áttina. En það, sem við förum aftur fram á, að leyfa ekki frekari rýmkun eins og á Húnaflóa og Breiðafirði, það hundsaði n. með öllu. N. var ekkert að koma til móts við sjónarmið okkar, því að hennar sjónarmið voru svo rík að stórauka veiðiheimildir til botnvörpuveiða, að hún kom þar ekki til móts við okkur. Þess vegna er ekki óeðlilegt, að slíkar till. sem þessar, sem fram eru komnar, séu komnar fram og þm. vilji láta á það reyna hér í hv. þd., hvort þessar till. eiga hér fylgi meiri hl. þdm. eða ekki. Við verðum auðvitað jafnt að sætta okkur við það, þó að þær nái ekki fram að ganga hér í þd., alveg eins og hinir aðilarnir verða að sætta sig við það, ef þær ná fram að ganga. Það þýðir auðvitað ekkert fyrir þm. að segja: Ef þetta frv. fer ekki hér í gegn eins og það liggur fyrir, þá erum við farnir í fýlu og hættir við allt saman. Ég segi fyrir mitt leyti, að ég er persónulega á því að auka ekki á nokkurn hátt botnvörpuveiðar innan landhelgi. En ég get fúslega viðurkennt, að það er svo mikið vandamál orðið víða, að ég ætlaði mér að vera stuðningsmaður að þessu frv. eða a. m. k. ekki að hreyfa við því andstöðu þrátt fyrir þessa skoðun mína, en ég vil reyna að freista þess að fá lagfæringu á frv., eins og það liggur hér nú fyrir, svo leiðis að ég mundi, ef ég ætla að láta ráða mínar persónulegu skoðanir, auðvitað ekkert gráta það, þó að feður þessa frv. færu í fýlu og tækju það aftur. En það stendur þá auðvitað eftir að leysa mjög viðkvæmt vandamál, sem hvílir auðvitað á okkur öllum sem þm. að leysa, og get ég nú ekki tekið undir lokaorð í ræðu síðasta ræðumanns, hv. 4. landsk. þm., að blanda inn í það hér ádeilum á stjórnarstefnuna og ríkisstj., því að þetta mál er ekkert flokksmál, og þetta er mál, sem hvílir jafnt á öllum þm. að reyna að ná einhverri lausn á.

Ég hefði gjarnan viljað fara nokkuð ýtarlega út í ræðu hv. 10. þm. Reykv., því að hann gaf mörg tilefni til þess. En fyrst hann hefur nú komizt út úr húsinu, áður en umr. lauk, þá kann ég nú ekki við að vera að tala um það og ætla ekki að tefja umr. þessa máls hér, en það getur skeð, að það mætti kannske hreyfa frekar því máli við 3. umr. þessa frv., ef svo fer, því að hann gaf sannarlega tilefni til þess, að þetta væri rætt svona með nokkuð öðrum hætti heldur en maður hafði í upphafi kosið. Hnýfilyrði og hnútur til okkar, sem erum þm. fyrir strjálbýlið, eru ekki til þess fallnar, að skilningur fari vaxandi á milli hins svokallaða þéttbýlis og strjálbýlis, en það eitt vil ég segja um þetta strjálbýli, sem er talað um, að skaffi litið og þar búi í raun og veru fátt fólk, sem lítið leggi til, að mín skoðun er sú, að víða úr þessu strjálbýli hafi komið mun meiri framleiðsla og meiri gjaldeyristekjur heldur en úr hinum stærri og þéttbýlli stöðum, ekki nú eingöngu á síðustu árum, heldur á síðustu áratugum, og hygg ég, að það fólk, sem í strjálbýli býr, megi vel við sinn hlut una í því, sem það hefur lagt þessu þjóðfélagi til á liðnum áratugum og liðnum öldum.

Halldór E. Sigurðsson: Herra forseti. Í sambandi við þessa umr. get ég nú mjög gjarnan tekið það til mín, sem fram kom í ræðu hv. frsm. hér áðan, að um þetta mál mundi verða talað af lítilli þekkingu. Og ég skal fúslega játa það, að ég hef aldrei stundað sjómennsku og hef í þessu máli sem mörgum fleirum sótt mér eða farið til fanga um þekkingu til þeirra, sem við þurftu að búa og höfðu miklu að deila og gátu þess vegna deilt mér af sinni þekkingu.

Um málið vil ég annars segja það, að ef mitt viðhorf mætti ráða um afgreiðslu málsins, þá er ég mjög neikvæður gagnvart allri togveiði og útfærslu eða innfærslu í landhelginni, eins og hér er lagt til. Hins vegar hefur það verið svo, m. a. fyrir störf þeirrar mþn., sem þetta mál hefur unnið, sem ég vil nú byrja með því að þakka fyrir þá vinnu, sem hún hefur lagt í þetta verk, og ég verð að segja það af þeim kynnum, sem ég hef hér af þingstörfum og undirbúningi mála, að þá hefur verið lögð meiri vinna, svo að séð verður, og meira gert í því að hafa samband við fólkið um afgreiðslu mála hjá landhelgisnefndinni heldur en öðrum slíkum nefndum. Og þetta þakka ég mjög vel. Við þm. Vesturl. sátum fund þann, sem n. hélt vestur í Stykkishólmi. Það leyndi sér ekki, að það voru skiptar skoðanir, en áður en sá fundur var haldinn, var haldinn fundur hér með þeim Breiðfirðingum út af þessu máli í Reykjavík hér fyrir áramótin og þeir beðnir, heimamenn, að reyna að undirbúa málið eins og tök væru til. Á þessum fundi í Stykkishólmi komu fram mörg sjónarmið, og af útvegsmönnum heima fyrir hafði verið reynt að ná samstöðu um málið, og að nokkru leyti hafði það tekizt. Og af hálfu landhelgisnefndarinnar og þeirrar nefndar, sem heima starfaði, var skipzt á sjónarmiðum og málin skýrð.

Ég vil taka það fram, að sá árangur eða sú niðurstaða, sem kemur fram í þessu frv., er að verulegu leyti það, sem var sjónarmið manna á þessum fundi. Þó er það svo, að úr því hefur verið dregið. Það svæði, sem heimamenn breiðfirzkir fóru fram á í Breiðafirði, var verulega stærra heldur en hér er lagt til. Og á fundum, sem haldnir voru hér í Reykjavík með breiðfirzkum útvegsmönnum og sjómönnum í sambandi við páskana, varð niðurstaðan sú, að dregið var úr Breiðafjarðarsvæðinu, og þetta er næst því samkomulagi, sem þar var hægt að ná. Þess vegna er það svo með menn eins og mig og fleiri, að þó að við hefðum sjálfir kosið að ganga skemmra í þessu, höfum við fallið fyrir þeim rökum, sem þessir menn með þekkinguna lögðu okkur til. Við treystum því, að þeir hafi verið það framsýnir, að við stefnum ekki málum í ónýtt efni og sköðum ekki það, sem við viljum í raun og veru vinna, heldur verði það eins og hv. 4. þm. Vestf. tók fram áðan það, sem við erum auðvitað að keppa að, og þarf enginn að lá okkur, að við erum með afstöðu okkar að sveigja okkar tilfinningar og okkar hugsun í þessu í þeirri von, að við séum að skapa byggðarlögum okkar betri aðstöðu til þeirrar lífsafkomu, sem þau byggja á, og það þarf held

ég enginn að undrast það, þó að okkar afstaða sé miðuð við það.

Það eru tvær breytingar, sem landhelgisnefndin leggur til, sem eru á annan veg heldur en við höfðum sem næst náð samkomulagi um. Fyrri breytingin er sú, að í okkar hugsun og okkar till. hér á norðursvæði Breiðafjarðar þá var það okkar till., að það yrði fylgt því, sem segir hér í kortinu á bls. 26 um, að ytra svæðið á norðursvæði Breiðafjarðar sé opið frá 16. sept. til 31. des. fyrir bátastærðina frá 105 upp í 350. Við höfðum aldrei gengið inn á það, að togurunum yrði hleypt inn á þetta svæði, og okkar hugsun og samþykkt var sú, að þetta yrði bundið við stærðarmörkin 350 í hámarki. Hitt er það að fara með veiðarnar alveg upp undir Svörtuloft eða upp að Öndverðarnesinu, þar höfðum við með samkomulagi við okkar útvegsmenn og sjómenn komizt að þeirri niðurstöðu, að það væri hægt að sætta sig á eina mílu undan nesjunum. Eins og hv. 4. landsk. þm. benti á, er hér um að ræða, að það er gengið hér inn á smábátasvæði eða trillubátasvæði þeirra íbúa sunnan Jökuls á Stapa og Hellnum, sem er þeim mikils virði, og þessar tvær breytingar teljum við mjög æskilegar. Hitt er mín skoðun eftir því sem ég hef tileinkað mér hana frá útvegsmönnum og sjómönnum á Breiðafirði, að ef till. þeirra Vestfirðinganna um að fella út nyrðra svæðið á Breiðafirði yrði samþ., þá sé algerlega vonlaust að opna Breiðafjörð að nokkru, þá verði að loka honum öllum eins og fram kom í ræðu hv. 4. landsk. þm. Það er algerlega vonlaust, að því er þessir menn telja, að halda syðra svæðinu opnu, ef þessu væri lokað. Þess vegna sé ég ekki, að ef það næði fram að ganga að loka nyrðra svæðinu fyrir allri veiði, eins og lagt er til í till. þeirra Vestfirðinga, annað heldur en Breiðafjarðarmálið sé þar með búið. Þetta vildi ég biðja hv. alþm. að hugleiða. Ég skil vel sjónarmið þeirra Vestfirðinga, að það fer í þeim efnum eins og mitt og okkar Breiðfirðinga, sem höfum umboð fyrir Snæfellinga og hér á suðursvæði Breiðafjarðar, að við höfum tekið tillit til till. þeirra, sem þarna búa og bezt þekktu. En ég vil benda á þetta, að í þessu er fólgin sú hætta, að það mundi verða talið óframkvæmanlegt að hafa suðursvæðið opið, ef þessu væri lokað.

Ég hafði gert ráð fyrir því — af því að svo mikil vinna hafði verið lögð í þetta frv. og reynt að ná sem beztri samstöðu, þannig að það væri ekki blandað í þetta sjónarmiði stjórnmálaflokka eða öðru þviumlíku, heldur fyrst og fremst sjónarmiði þeirra, sem við áttu að búa — að það yrði reynt að fylgja þessu máli eftir hér í þinginu með sem mestu samkomulagi og mestri lipurð. Þess vegna kom framsöguræða hv. 10. þm. Reykv. mér mjög á óvart áðan, og mér raunverulega fannst það vera alveg ólíkur þáttur í öllum vinnubrögðum um þetta mál. Ég hefði nú viljað vona, að um þetta mál næðist samstaða hér á hv. Alþ., og teldi, að það skipti verulegu máli, að það hefði verið hægt að ná henni, því að hér er verið að fjalla um mál, sem við erum allir sannfærðir um, að við gerum því aðeins, að við erum að reyna að tryggja afkomu okkar kjósenda, okkar byggðarlaga hver á sínu sviði og landsins í heild. Ég hefði því viljað vona, að það næðist samstaða um það að gera þá breytingu um nyrðra svæðið á Breiðafirði, að ytri línan yrði eingöngu fyrir bátastærðina frá 105—350, eins og kortið sýnir, og innri línan aftur fyrir minni bátana. Þetta hefði ég haldið, að væri skynsamleg leið, og tel, að þær breytingar á ytra svæðinu, sem búið er að gera með því að gera það veiðisvæði allt árið, eigi að nægja þeim, sem stærri eru og geta farið til fanga víðar heldur en heimaflotinn, sem yfirleitt er lítill. Ég hefði því mjög viljað biðja þá hv. alþm., sem í fjvn. sitja, að reyna að leita eftir að fá þessa lausn á málinu, svo að við stefndum því ekki í hættu. Ég hefði mjög viljað mælast til þess við þá menn, sem þar sitja, að það yrði reynt að leita að þessari samkomulagsleið. Þetta er ástæðan til þess, að ég kvaddi mér hljóðs, að ég vildi skýra mitt persónulega viðhorf. Ég vildi láta það koma fram, að ég met mikils störf manna, sem leggja sig verulega í starfið og leita eftir því að ná samstöðu landsmanna, eins og þarna hefur verið leitazt eftir. Ég treysti því, að þeim anda eða þeirri stefnu verði fylgt við afgreiðslu málsins, en ekki farið út í neinn slagorðadans eða héraðameting, eins og kom hér fram, því miður, við framsögu málsins í hv. d. Og ég endurtek, að ég treysti hv. sjútvn. til þess að skoða það enn á ný, hvort ekki er hægt að finna samkomulagsleiðir um málin til þess að við lendum ekki í meiri vandræðum en við erum þó með málið í dag. Og þá bendi ég á Breiðafjarðarsvæðið nyrðra sem eitt af því, sem þyrfti að ná samkomulagi um.

Guðlaugur Gíslason: Herra forseti. Ég skal nú vera stuttorður og reyna að haga orðum mínum þannig, að þau þurfi ekki að gefa tilefni til andsvara eða deilna. Mér þótti þó rétt að gefa í mjög stórum dráttum yfirlit yfir þau störf, sem þarna hafa verið unnin í landhelgisnefnd í sambandi við þær till., sem hér hafa komið fram til breytinga. Ég skal taka fram, að þó að till. komi fram um breytingar á þessu frv., þá er síður en svo, að ég fari í nokkra flýlu í því sambandi. Við reiknum alltaf með því, að það hljóti að koma, en ég vil undirstrika það mjög, að þetta mál í heild eins og það hefur verið sett fram hangir raunverulega allt saman saman. Hvert veiðisvæði bindur annað nokkuð, og verði gerðar róttækar breytingar á einu veiðisvæði, þá hefur það óneitanlega áhrif á aðstöðu frá öðrum verstöðvum. Ég vil mjög biðja menn að athuga þetta, því að vissulega fékk n. ábendingar um margt, bæði frekari opnanir og frekari lokanir, en hún reyndi að vinna þannig að þessum málum, að það væri mætt svona sjónarmiðum sem flestra aðila á þann veg, að ekki þyrfti að koma til neinna stórdeilna um málið eða annars slíks.

Í sambandi við till. á þskj. 622 frá Geir Gunnarssyni o.fl., þar sem lagt er til, að hólfið í Faxaflóa verði nú látið niður falla, fellt út, þá hygg ég, að allir sjái, sem nokkuð þekkja inn í þessi mál, hafa kynnt sér þau, að það hlýtur óhjákvæmilega að hafa nokkur og allveruleg áhrif á Breiðafjarðarsvæðið og aðstöðu þeirra báta, sem þaðan eru gerðir út. Hvort þessi eina míla, sem þar er lagt til, að verði farið utar við Snæfellsnes sjálft, það tel ég alveg sjálfsagt að skoða og eins það, sem hv. 3. þm. Vesturl. benti á með hólfið utan til í Breiðafirði, sem ætlað var öllum skipum, hvort það yrði látið ná til allra eða þá smærri skipa, eins og hann var nú með í huga. Það er sjálfsagt að skoða það einnig, en Breiðafjarðarhólfið er sett alveg eins og það kemur fram á kortum, alveg eins og hv. 3. þm. Vesturl. réttilega sagði, þetta

virtist vera það, sem gat orðið samkomulag við þá aðila, sem þarna stunda útgerð. Ég skal viðurkenna, að við vorum ekki með sjónarmið Vestfirðinga í huga, þegar var verið að setja þetta svæði niður, og ég minnist þess ekki, það má vel vera, að það sé rangt hjá mér, en ég minnist þess ekki, að á Ísafjarðarfundinum hafi komið ábendingar eða mótmæli um Breiðafjarðarsvæðið. Má vel vera, að þetta hafi farið framhjá mér, en ég minnist þess ekki, þannig að við vorum þarna í sambandi við þennan stað mjög að fara eftir till. þeirra aðila, sem þarna stunda veiðarnar mest. Það vita Vestfjarðabátar, þeir stunda sérstaklega yfir vetrarvertíðina veiðar inni á Breiðafirði og út af Breiðafirðinum, en ég hygg, að það svæði, sem þarna er um að ræða norðan til og gert er ráð fyrir, að sé opnað frá 16. september til áramóta — það er þá af ókunnugleika mínum, en ég hélt, að þetta væri á þeim tíma ákaflega lítið stundað af Vestfjarðabátum. Nú má það vel vera, eins og ég segi, að það sé af ókunnugleika mínum, að ég viti ekki um það, en ég hef staðið í þeirri meiningu, að á þessum tíma, september og til áramóta, stunduðu Vestfjarðabátar lítið veiðar þarna inni á Breiðafirðinum.

Með Húnaflóasvæðið voru vissulega uppi raddir og till. um það að fara miklu róttækara í Húnaflóann heldur en við gerðum. Það voru ábendingar um að fara að taka hólf inn í Húnaflóann, langt inn fyrir það, sem nú er gert ráð fyrir. Við vissum um harða andstöðu gegn þessu og tókum það því út aftur, vegna þess að við vildum ekki setja málið í kannske beina hættu eða fá mjög harða andstöðu við slíkri till. og fórum því inn á það að færa þetta utantil nokkuð innar heldur en þm. Vestfirðinga vilja fallast á, en slepptum aftur því, sem mjög var mikið rætt um, að taka hólf inn í sjálfan Húnaflóann.

Um það, sem kemur fram í till. Geirs Gunnarssonar o.fl., að hafa þetta aðeins bundið til ársloka 1970, ég mundi telja það of stuttan tíma. Að mínum dómi þarf meiri reynslu á það heldur en við getum fengið á þessum tíma, sem þar um ræðir. Ég hygg, að skemmsti tíminn, sem við getum reiknað með að afla okkur nokkurrar verulegrar reynslu á í sambandi við þetta, sé að þetta standi til ársloka 1971, eins og gert er ráð fyrir í l. Ég hygg, að nm. hafi allir verið sammála um það. Það voru hugmyndir um að hafa svigrúmið lengra, en þetta varð samkomulagsatriði, en ég held, að við höfum allir talið, að þetta væri sá stytzti tími, sem mætti vera, til þess að við gætum aflað okkur reynslu í málinu og framkvæmd þess.

Í sambandi við till., sem fram kemur á þskj. 610 frá Pétri Sigurðssyni, um að veita togurum sama rétt og öðrum stærri bátum, þá var þetta vissulega mjög mikið rætt í n. Það sem ég hygg, að fyrir okkur öllum hafi vakað, er það, að við vildum sýna þarna meiri gætni heldur en þessi till. gefur tilefni til. Þó að það sé talað um, að höfuðlína sé, eins og rétt er, kannske ekki mikið lengri á stórum togara heldur en stórum bát, þá er það alveg vitanlegt, að þarna er um mun aflmeiri og kröftugri skip að ræða og þau geta farið yfir svæði, sem bátar ná ekki til að fara yfir, og það vakti fyrir mér nokkur ótti um togarana. Þó að þeir séu ekki fleiri en þeir eru í dag, þá gæti það farið svo víðar, að það hefðu kannske allir minna út úr því heldur en eðlilegt væri, bæði togarar og bátar, og þetta gæti orðið að því leyti til þess að skemma fyrir öllum, sem þessar veiðar vilja stunda. Af því var þetta sett eins og við gerðum. En ég skal geta þess í sambandi við togarana, að þó að kannske einstaka mönnum finnist, að þeirra málum hafi verið lítið sinnt af n., þá er það þó svo, að hinir fyrstu aðilar, sem komu að tala við okkur frá togaramönnunum, þeir vissulega settu fram kröfur um það, að togarar fengju nákvæmlega sama rétt og bátar eða önnur skip, sem togveiðar stunduðu. Þetta var þeirra aðalkrafa, en þegar farið var að ræða um þann hugsanlega möguleika, að þetta mundi ekki nást fram á Alþ., jafnvel þó að n. hefði viljað leggja það til, þá mundi það ekki nást fram á Alþ., þá bentu þeir þarna vissulega á ákveðna staði, sem mundu verða þeim til hagræðis, ef þeir yrðu opnaðir. Það var talað bæði um Kolbeinsey, Hvalbak, aðstæðurnar við Eldey og aðstöðuna út af Faxaflóa. Þetta minntumst við allt á, að mundi verða þeim eitthvað til hagræðis, og auðvitað er þetta nokkuð þeim til hagræðis, að þarna hefur verið opnað meira fyrir þeim, mun meira á þessum stöðum öllum heldur en áður var, þó að ég þykist vita, að þeir hafi sömu afstöðu og áður og telji, að þarna eigi engin skipting að vera á milli, en það er bara þetta, sem ég a. m. k. tel, að verði að hafa mjög vakandi auga fyrir, að það verði ekki farið það róttækt í þetta, að það verði til þess að skemma meira og minna fyrir öllum, þannig að það komi ekki út úr þessu, hvorki fyrir bátana né togarana, það sem hægt er með öðru móti að fá út úr því, því að miðin eru því miður yfir sumartímann ekki það sterk, að það verður vissulega að gæta alls hófs í sambandi við veiðarnar á þeim tíma.

Herra forseti. Ég sagði í upphafi, að ég mundi verða stuttorður, og ég skal standa við það. Ég tel ekki, að ég þurfi að fara fleiri orðum um þetta nú við þessa umr., en ég hygg, að við séum allir sammála um það að skoða þau smærri atriði, sem hér hefur verið bent á, skoða þau að nýju. En ég vil mjög undirstrika það, sem ég gerði í upphafi, að málið hangir allt saman saman. Veiðarfærin eru sett eins og þar er gert að mjög yfirveguðu, þrautyfirveguðu, máli og byggt á þeim óskum og ábendingum og niðurstöðum þeirra viðræðna, sem urðu eftir margvísleg samtöl við einstaka hagsmunahópa og einstaklinga víðs vegar og ég vil segja um land allt, þannig að ég vona það, að þetta mál leysist í stórum dráttum, eins og frv. er lagt fram, og það verði til þess að ná þeim árangri, sem við, sem trúum því, að það megi nokkuð bæta aðstöðu vélbátaflotans með auknum togveiðum — það verði til þess að sá árangur, sem við væntum, komi síðar í ljós, ef frv. verður samþ. og bátunum gefin til reynslu þennan tveggja ára tíma aðstaða til þess að nýta fiskimiðin á þann hátt, sem gert er ráð fyrir í frv.

Geir Gunnarsson: Herra forseti. Ég er nú hálffeiminn við að taka til máls eftir að sá, sem vitið hefur, hv. frsm. sjútvn., hefur talað, en það er þá bót, að fáir eru áheyrendur, og ég skal ekki við þessa umr. hafa mörg orð um það mál, sem hér liggur fyrir.

Ég gerði við 1. umr. grein fyrir skoðunum mínum á því, hverjar breytingar ég teldi óhjákvæmilegt að gera á

frv., og hef nú ásamt 8 hv. þm. flutt brtt. í samræmi við það.

Við 1. umr. lagði ég áherzlu á það, að þegar við Íslendingar vorum að hefja fyrir alvöru baráttuna fyrir þeim lífshagsmunum þjóðarinnar að stækka landhelgina og tryggja viðgang fiskistofnanna með aukinni friðun, þá lögðum við, vopnaðir rökum þeirra fiskifræðinga okkar, sem mest hafa verið metnir, fyrst og fremst áherzlu á friðun Faxaflóa fyrir allri botnvörpuveiði. Þetta var byggt á niðurstöðum vísindalegra rannsókna, sem staðfestu, að Faxaflói er sérstök uppeldisstöð nytjafiska og friðun hans mundi stuðla að auknum vexti fiskistofnanna og aukinni veiði jafnt innan sem utan landhelginnar. Þess vegna hef ég lagt áherzlu á það, að þau ákvæði þessa frv., sem heimila botnvörpuveiði inni í miðjum Faxaflóa, verði felld úr frv.

Ég ætla ekki að fara að rifja upp það, sem ég við 1. umr. rakti úr skýrslum Faxaflóanefndar um mikilvægi Faxaflóa sem uppeldisstöðvar, og þær athuganir, sem staðfesta það. En gegn þessu sjónarmiði hef ég aðallega heyrt tvennu haldið fram, og ég man nú ekki lengur að tilgreina, hvað af því hefur komið fram hér í umr. um þetta mál úr þessum ræðustóli og hvað hefur komið fram, þegar ég hef átt viðræður við einstaka hv. þm. um þetta mál, enda skiptir það ekki öllu.

Fyrra atriðið er, að því er haldið fram, að ekki sé að marka þá ýtarlegu skýrslu Faxaflóanefndar, þar sem því er slegið föstu, að Faxaflói sé sérstök uppeldisstöð, sem nauðsynlegt sé að friða. Faxaflói skeri sig á engan hátt úr öðrum svæðum við landið að þessu leyti. Þetta sjónarmið hefur komið fram hjá einstökum þm., en ég legg áherzlu á það, að slíkt hefur ávallt verið staðhæft án nokkurra raka. Það er hins vegar mín skoðun, að ef menn vilja bera brigður á þær niðurstöður rannsókna hinna færustu vísindamanna frá ýmsum þjóðum, sem liggja til grundvallar till. n. um lokun flóans, verða menn að byggja slíka staðhæfingu á einhverjum raunhæfum og raunverulegum rökum, sem eru a. m. k. reist á ámóta rannsóknum og Faxaflóanefndin studdist við og farið höfðu fram í tvo áratugi. Engar slíkar rannsóknir, sem afsanna niðurstöðu Faxaflóanefndar eru til, og hv. Alþ. hefur beinlínis fellt till. mína fyrir nokkrum árum, um að slíkar rannsóknir verði látnar fara fram. Ég er mjög fýsandi þess, að slíkar rannsóknir fari fram, og ég er ekki í vafa um, að þær mundu staðfesta fyrri rannsóknir, en því miður hafa þær ekki farið fram, og afneitun á niðurstöðum hinna ýtarlegri eldri rannsókna eru bláberar staðhæfingar án minnstu raka.

Þegar hlustað er á slíkar staðhæfingar án nokkurra raka frá mönnum, sem ekki hafa einu sinni kynnt sér rannsóknirnar, sem Faxaflóanefndin leggur til grundvallar niðurstöðum sínum, staðhæfingar án raka, þá fer manni að skiljast, við hvað hv. formaður landhelgisnefndar á með ummælum sínum í nál. með dragnótafrv. því, sem hér liggur fyrir á hv. Alþ., þegar hann segir, að einhverjir Íslendingar kunni að vera á spákonustiginu varðandi þessi mál. Ég veit þá ekki, hvað það er að vera á spákonustiginu í þessum efnum, ef það er ekki það að berja höfðinu við steininn, hafna niðurstöðum 20 ára rannsókna, hafna ótvíræðri reynslunni af friðun Faxaflóa og styðjast síðan við staðhæfingar einar. Ég hef, eins og ég áðan sagði, lagt til, að sérstakar fiskirannsóknir verði látnar fara fram í flóanum, og hefði sú till. verið samþ. á sínum tíma, hefðum við nú við nýrri rannsóknir að styðjast til viðbótar hinum eldri, en meðan svo er ekki og meðan þessar einu rannsóknir eru grundvöllur að niðurstöðu Faxaflóanefndar um það, að flóinn sé sérstök uppeldisstöð, og meðan þær niðurstöður koma heim og saman við reynslu þeirra, sem fylgzt hafa með fiskisæld Faxaflóa, þegar hann hefur verið friðaður fyrir botnvörpu og dragnót og ördeyðunni, þegar botnvörpu- og dragnótaveiðar hafa verið stundaðar þar, þá haggar ekkert þeirri skoðun minni, að Faxaflói sé sérstök uppeldisstöð nytjafiska, uppeldisstöð, sem hv. Alþ. ber skylda til að friða fyrir botnvörpuveiðum með tilliti til framtíðarhagsmuna. Einkum er Faxaflói mikilsverð uppeldisstöð fyrir ýsu, og það er ástæða til að hafa það í huga, þegar minnzt er orða þeirra amerísku aðila, sem hér hafa verið á ferð þessa dagana til athugunar á hráefnisöflun til framleiðslu fiskrétta og viðtal var við í sjónvarpinu nú fyrir fáum dögum. Þeir voru spurðir að því, hvaða fiskitegund þeir hefðu mestan áhuga á að fá, og svarið var ýsa, fyrst og fremst. Eigum við nú að fara að samþykkja hér á hv. Alþ. að hleypa heilum flota togveiðibáta inn á aðaluppeldisstöðvar ýsunnar? Ég held, að okkar skylda sé allt önnur og við eigum að fella úr frv. heimildirnar til botnvörpuveiða inni í miðjum Faxaflóa.

Þá hefur það sjónarmið komið fram í umr. um heimild til togveiða inni í flóanum, að þótt Faxaflói kunni að vera uppeldisstöð á heildina litið, þá eigi það ekki við um þetta svæði inni í flóanum, það sé dýpsta svæðið og þar sé einungis um stærri fisk að ræða, en dýpsta svæðið í Faxaflóa er norðan við þennan bás. Dýpið inni í básnum og inni í Rennunum er ekki meira en 40—50 metrar, eða innan við 30 faðmar, og það er grunnsævi miðað við venjulega veiði með botnvörpu. Eins og ég rakti í ræðu minni við 1. umr., voru gerðar togveiðitilraunir á þessu svæði, þegar þær rannsóknir fóru fram, sem voru grundvöllur að niðurstöðu Faxaflóanefndar, sem mælti með lokun flóans. Ef skoðuð er tafla um veiðina annars vegar norðar og utar í flóanum og dýpra og hins vegar á veiðistöð einmitt á því svæði, sem nú er lagt til að opna, þá kemur í ljós, að á ytra svæðinu eru aðeins 10% aflans innan við 55 cm, en á stöðinni inni í básnum, sem nú á að opna, voru annars vegar 47% innan við 55 cm og hins vegar 74% en 60% af aflanum var innan við 45 cm að stærð. Þessar rannsóknir sýna, að ekki er síður mikilvægt að friða þetta svæði en önnur í flóanum, og sú niðurstaða, að Faxaflói sé mikilsverð uppeldisstöð, á ekki síður við um þetta svæði. Það ber því allt að sama brunni. Ef Alþ. samþykkir nú að leggja miðsvæði Faxaflóa undir botnvörpu, þá erum við að ganga gegn öllum okkar eldri rökum um nauðsyn þess að friða uppeldisstöðvarnar. Sú niðurstaða Faxaflóanefndar hefur ekki verið hrakin, að við botnvörpuveiðar í flóanum hefur verið um stórfellda eyðileggingu að ræða á þessari uppeldisstöð, og mikið magn hefur verið drepið af fiski meðan verðmæti hans var lítið miðað við það, sem síðar hefði orðið. Nú eigum við algerlega við sjálfa okkur og okkur eina um það, hvernig við förum með þessa uppeldis-

stöð, og það yrði sannarlega óheilladagur, þegar hv. Alþ. samþykkti vitandi vits að löghelga sams konar eyðileggingu á þessum uppeldisstöðvum og Faxaflóa-*nefndin, nefnd vísindamanna fjölmargra þjóða, lagði* til, að yrði stöðvuð með því að loka flóanum fyrir botnvörpuveiðum. Friðun Faxaflóa var eitt helzta baráttumál hins merka fiskifræðings, Árna heitins Friðrikssonar, og honum tókst með vísindalegum rökum að tryggja atfylgi erlendra vísindamanna við þá stefnu að friða þessa uppeldisstöð í samræmi við lífshagsmuni íslenzku þjóðarinnar. Mundi það ekki vera ærið kaldhæðnisleg niðurstaða, ef stjórnarvöld þjóðarinnar vísuðu á bug öllum kenningum þessa vísindamanns og verulegum hluta ævistarfs hans, rétt eftir að þau hafa skírt nýtt fiskileitarskip og fiskirannsóknaskip okkar nafni hans.

Aðalatriðið er þó, að hv. Alþ. ber fyrst og fremst skylda til þess nú, þegar það er að samþykkja ýmsar eðlilegar viðbótarheimildir til botnvörpuveiða inni í landhelgi, að ganga ekki jafnframt svo langt að stofna uppeldisstöðvum ungfisks í framtíðarhættu með botnvörpuveiði á uppeldisstöðvum, enda þótt einhverjir, sem ætla að gera skip sín út á botnvörpuveiðar, vilji fá sem stærst svæði fyrir báta sína til að athafna sig á og það geti verið eðlilegt sjónarmið út af fyrir sig. Við höfum næga og dýra reynslu af því, að slíkar botnvörpuveiðar og botnsköfuveiðar inni í flóum og fjörðum hafi rýrt fiskistofnana og valdið eyðingu á þeim. Ég minni á skýrslu Hafrannsóknastofnunarinnar frá 1958, um að meðalstærð ýsu, sem veiddist í Faxaflóa 1955 að aflokinni friðun frá árinu 1952, var sjö sinnum meiri en á árunum 1934—1948. Við eigum þess nú kost, þegar eftirspurn eftir ýsu mun stóraukast á mörkuðum okkar, að friða uppeldisstöðvar ýsunnar, og með þeirri friðun eykst aflinn í botnvörpuna á þeim svæðum, sem við teljum eðlilegt að veita heimild til að veiða á, og ég vil að lokum segja það, að ég er ekki undrandi á því, að engin rök hafa verið færð fram fyrir því, að stætt sé á að leyfa botnvörpuveiðar inni í miðjum Faxaflóa. Það leiðir af sjálfu sér, að þau rök hafa ekki komið fram, vegna þess að reynsla okkar fyrr og síðar og allar rannsóknir erlendra sem innlendra sérfræðinga sanna það og staðfesta, að það er að sjálfsögðu ekki hægt að færa nein rök fyrir því, að það sé til góðs fyrir viðgang og vöxt fiskistofna við landið að leyfa botnsköfuveiði á uppeldisstöðvum þessa fisks inni í flóum og fjörðum. Fyrir því eru auðvitað engin rök til. Öll rök hníga að því að vernda þessi svæði, og hv. Alþ. ber skylda til að gæta hagsmuna allrar þjóðarinnar í þessum efnum. Þess vegna skora ég enn einu sinni á hv. alþm. að fella úr þessu frv. lið E-6 um heimild til botnvörpuveiða inni í miðjum Faxaflóa.

Dómsmrh. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Hv. þm. eiga hér við erfiða þraut að glíma. Ég hef hugboð um, að það kynni að vera æskilegt, að hv. sjútvn. gæfist kostur á því að athuga nokkru nánar viss atriði í frv. á grundvelli þeirra aths., sem fram hafa komið, og kynni það e. t. v. að laða eitthvað frekar saman skoðanir manna. Ég vildi því mega mælast til þess við hæstv. forseta, að umr. um málið yrði nú frestað.

Umr. frestað.

Á 88. fundi í Nd., 5. maí, var fram haldið 2. umr. um frv.

Birgir Finnsson: Herra forseti. Þegar þetta mál var til umr. í hv. deild s. l. föstudag, var gert hlé á umr. með það fyrir augum, að sjútvn. deildarinnar gæti athugað þær brtt., sem fram eru komnar í deildinni við málið. Í morgun var haldinn fundur í sjútvn. og brtt. athugaðar. Það náðist ekki samkomulag um þær allar, en sjútvn. kom sér saman um að flytja sameiginlega brtt. um 4 atriði í frv., og skal ég nú gera grein fyrir þeim brtt. Því miður hefur ekki unnizt tími til að prenta þær, svo ég verð að flytja þær hér skriflega og fara þess á leit við hæstv. forseta, að hann leiti afbrigða fyrir þeim.

1. till. er við 2. gr. frv., lið B6, um að á eftir honum komi nýr liður, sem verði B7 og orðist þannig:

„Heimilt er að veiða með botnvörpu og flotvörpu á tímabilinu frá 1. september til 1. nóvember utan línu, sem dregin er í þriggja sjómílna fjarlægð frá grunnlínu (grunnlínupunktar 10—11) á svæði, sem takmarkast af línu, sem dregin er réttvísandi austur frá Álftavíkurtanga sunnan Húsavíkur, og línu, sem dregin er réttvísandi austur frá Dalatanga."

Eins og sést af þessu, er þarna um að ræða að leyfa togveiðar á mjög takmörkuðu svæði við Austfirði á tímabilinu frá 1. september til 1. nóvember, og upplýsti hv. 4. þm. Austf., sem á sæti í sjútvn., að um þetta atriði væri fullt samkomulag milli þm. Austf. Þess vegna tekur sjútvn. upp þessa brtt.

Þá leggur sjútvn. í öðru lagi til þá breyt. við 2. gr., að í stað orðanna „upp að meginlandi" í lið E8 komi „upp að 1 sjómílu frá fjörumarki." Mér skilst, að við umr. s. l. föstudag hafi það sætt gagnrýni, að á þessum stað átti, samkv. till. landhelgisn., að leyfa að veiða alveg upp að meginlandi, og að þm. Vesturl. hafi óskað eftir, að sú lágmarksbreyt. yrði gerð þar á, að ekki mætti fara nær landi en 1 sjómílu. Um þessa brtt. er fullt samkomulag í sjútvn.

Í þriðja lagi er lagt til, að í stað orðanna „til 1. maí" í liðnum E9 komi „til 15. maí." Þessi liður, E9, fjallar um það, að ráðh. skuli heimilt að banna með reglugerð botnvörpu- og flotvörpuveiðar á tímabilinu 1. jan. til 1. maí, eftir því sem þörf þykir, á tilteknum svæðum í Faxaflóa. Útgerðarmenn á Suðurnesjum munu hafa átt viðræður við landhelgisn. og óskað eftir því, að þessi tímamörk yrðu miðuð við 15. maí í stað 1. maí, þar sem það félli betur saman við vertíðarlokin í þessum landshluta. Þess vegna hefur sjútvn. tekið þessa till. upp.

Þá kem ég að 4. og síðustu till., sem n. flytur. Hún er flutt meðfram til þess að koma til móts við 2. brtt., sem hér liggur fyrir og flutt er af hv. 6. landsk. þm. o. fl., varðandi viðurlög gegn brotum á l. Í brtt. hv. 6. landsk. þm. o. fl. er gert ráð fyrir því, ef ég man rétt, að unnt sé að svipta skipstjórnarmenn **réttindum til veiða með botnvörpu og flotvörpu** ef þeir gerast sekir um ítrekuð brot á l. Þetta fyrirkomulag á refsiákvæðinu þótti sjútvn. ekki alls kostar heppilegt, en n. vill koma til móts við það sjónarmið, sem í brtt. felst, og leggur fram þá brtt., að aftan við 6. gr. l. komi ný málsgrein á þessa leið: „Nú gerist skipstjóri sekur um ítrekuð brot á l. þessum, og er þá heimilt að svipta hann skipstjórnarréttindum um tiltekinn tíma."

Þarna er að sumu leyti gengið lengra en í till. hv. 6. landsk., þar sem gert er ráð fyrir, að unnt sé að svipta skipstjórnarmann **skipstjórnarréttindum** um tiltekinn tíma, ef hann gerist sekur um ítrekuð og alvarleg brot á l. Á hinn bóginn er gengið skemmra í þessari till., því að hún gerir aðeins ráð fyrir **heimild** til þess að beita þessu refsiákvæði, en í till. hv. 6. landsk. þm. o. fl. var það fortakslaust, að það skyldi gert. Ég vil taka það alveg sérstaklega fram, að fyrir sjútvn. vakir með þessari till., að slíkri refsingu verði einungis beitt ef um ítrekuð og mjög alvarleg brot er að ræða.

Ég hef þá, herra forseti, gert grein fyrir þeim brtt., sem sjútvn. er sammála um að leggja fyrir hv. deild. Um aðrar till., sem fram hafa komið við frv., náðist ekki samkomulag í sjútvn. Hlýtur þess vegna að fara um þær sem fara vill og atkvgr. í deildinni að ráða örlögum þeirra.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 637) leyfð og samþ. með 29 shlj. atkv.

Björn Pálsson: Herra forseti. Ég var ekki hér við á föstudag, þegar umr. fóru fram, en skal ekki halda langa ræðu þar fyrir. Ég flutti á sínum tíma frv. um lausn á þessu máli, en hún gekk skemmra en þessi, þannig að þar var aðallega miðað við minni báta og ekki jafn ákveðnar reglur settar og eru í þessu frv. Ég vil á engan hátt vanþakka þessari n. hennar störf, hún hefur unnið þarna mikið verk og reynt að kynna sér þetta, en það eru viss atriði, sem ég er ekki sammála. Það, sem næst mér er, er Húnaflóasvæðið. Í því atriði er breytt frá þeirri grunnlínu, sem gildandi er, og farið eftir gamalli grunnlínu inn að Selskeri, það er sem sagt leyft stærra svæði til veiða fyrir stærri togara og rýmkað ákaflega mikið fyrir þá. Ég sé ekki, að það sé bein ástæða til þess. Við höfum ekki óskað eftir þessu í Norðurl. v., og ég veit ekki til þess um Vestf., ég held, að þeir séu á móti því líka. Ég held allir. Ég veit þess vegna ekki, hvaða ástæða hefur verið fyrir n. að fara að miða við eldri grunnlínu, en ekki þá, sem nú er. Hins vegar er ég ánægður með þær till. að hafa 2 mílur eingöngu fyrir báta. Ég tel raunar óþarft að leyfa togurunum að fara jafn mikið inn fyrir landhelgislínuna eins og gert er, bæði á Húnaflóa og eins víðar. Til þess höfum við stór skip, að þau geti veitt á meira dýpi og fjarlægari miðum, og ef þau geta það ekki, þá hafa þau enga kosti umfram bátana. Ég var samferða manni suður í gær, sem hafði verið á togara, Sigurði, s. l. vor. Hann sagði mér, að á 3 dögum hefðu þeir fyllt hann af karfa við Grænland, svo að segja innan um ísinn. Þarna eru möguleikar fyrir þessi skip að veiða, sem ekki er fyrir minni bátana. Ég ætla ekki að skipta mér af því hérna við Suðurlandið. Mér virðast þeir hafa gengið of langt, en ég ætla ekki að gera neinar till. um það eða deila á þær ákvarðanir, en ég get ekki neitað því, að mér finnst vera gengið of langt þar, því sums staðar er leyft að veiða alveg upp að fjöruborði. Við vitum, að smáfiskurinn heldur sig meira fyrir norðan, þar vex hann upp, svo það má vera, að þetta sé ekki svo skaðlegt. Ég vil ekki fullyrða það. En þó þykir mér nokkuð langt gengið, einkum vestan við Eyjar, en þeir um það. Reynslan sker úr um það, hvað hentugt er. En ég sé enga ástæðu fyrir þm. að vera á móti þessari brtt. okkar um Húnaflóasvæðið. Við óskum eftir þessu þm. Norðurl. v. og eins þm. Vestf., og ég sé þess vegna enga ástæðu fyrir þm. að leyfa okkur ekki að koma þeirri breyt. fram. Ég sé ekki, að það sé nein ástæða fyrir n. að gera það að miklu metnaðarmáli að fá frv. svo að segja alveg óbreytt í gegn. Það er eins og gerist og gengur, n. semja frv. og leggja þau fram, og svo geta komið fram brtt. og er ekkert óeðlilegt. Viðvíkjandi bátunum þá er það þannig, að það er farinn að koma ís nokkuð oft fyrir norðan, og þá verður það þannig í framkvæmd, að þeir fara ekki nákvæmlega eftir þessu, ef aðstaðan er þannig, að þeir geti ekki veitt annars staðar, enda heimilt samkvæmt því frv., sem nú liggur fyrir, ef samþ. verður að veita undanþágur í slíkum tilfellum. Hvað snertir Faxaflóa og Breiðafjörð á að veita stærri togurum og stærri bátum leyfi til að veiða á vissum svæðum inni í fjörðum. Það verður í framkvæmdinni þannig, að þessi skip veiða bara þar sem þeim sýnist í þessum fjörðum, þar sem togveiðisvæði eru, og þannig verður það með bátana líka. Þið sannið til, hvernig gengur að halda þeim við einhverja vissa geira, þegar þeir vita, að varðskipin eru ekki á stjái og ekki flugvélar, þá skjótast þeir eitthvað inn fyrir línuna. Annars mun reynslan skera úr um það. En ég er sammála því, sem Jón Árnason hefur haldið fram, að við ættum að friða Faxaflóann fyrir dragnót og togveiði. Ég er sannfærður um, að þarna eru miklar uppeldisstöðvar. Ég hef ekki ómerkari mann fyrir mér heldur en Jón Axel bankastjóra, hann sagði mér, að hann hefði verið við veiðar á Faxaflóa, þeir hefðu reynt smáriðna nót, sem hann sagði, að hefði verið alveg full af seiðum, ufsaseiðum, ýsuseiðum og þorskseiðum. Hins vegar segir Jón Jónsson fiskifræðingur, að þorskseiðin haldi sig aðallega fyrir norðan og þar sé þeirra aðaluppeldisstöð. En þeir, sem hafa verið við veiðar á Faxaflóa með smáriðnar nætur, hafa sagt mér, að það sé fullt af þessum seiðum hér í Faxaflóa. Við vitum, að straumarnir liggja þannig og hafa alltaf legið, að þeir liggja til vesturs fyrir Reykjanesið og svo inn á flóann. Hvernig fóru öndvegissúlur Ingólfs? Hvernig fóru öndvegissúlur Þórólfs mostrarskeggs? Þær bárust til Stykkishólms. Það þarf enginn að segja mér, þótt þeir segi, að þorskseiðin haldi sig aðallega fyrir Norðurlandi, að það sé ekki fullt af þeim hér á innfjörðunum líka. Annað atriði drap ég á í n., og það var það, að við legðum til, a. m. k. færðum það í tal hér, að stækka möskvastærðina. Ég hef átt tal um þetta við Jón Jónsson fiskifræðing, og hann sagði mér, að hann væri því frekar meðmæltur, að hún væri stækkuð a. m. k. í 135—140 mm. Það eru dálitlar deilur um það, hversu mikið möskvarnir dragast saman, þegar togað er. Jón heldur því fram, að þeir dragist ekki mikið saman, og þykist hafa myndir af því, hafa rannsakað það. En aftur hafa vanir togveiðimenn sagt mér, að þeir dragist mjög mikið saman. Ég hef ekki fengizt við togveiðar, svo ég get ekki persónulega fullyrt neitt um það. En hvað sem því líður, þá er það atriði út af fyrir sig, að það er skaðaminna í öllum tilfellum að veiða í tog með því að hafa möskvastærðina meiri, og það ættum við að geta gert okkur að skaðlausu. Reynslan sýnir, að bátar norðanlands veiða mjög vel í tog, og við

hefðum alltaf getað haft nóg hráefni, ef togveiðar hefðu verið stundaðar. En þó togveiðar séu hagkvæmar og hentugar, þá þurfum við að hafa viss takmörk fyrir því, hversu langt er gengið í því efni. Ég held, að við ættum að athuga það vel með Faxaflóann að leyfa ekki togveiðar og dragnótaveiðar eins mikið og verið hefur. Auk þess væri hentugt að friða þetta svæði fyrir togveiði og þar væru stundaðar línuveiðar og færaveiðar. Þetta er hentugt fyrir fólk hér í bænum, bæði skólafólk og fleiri, að hafa möguleika til þess að stunda þessa atvinnu að sumrinu a. m. k. Ég efast um, að við höfum efni á að hafa jafnmörg prósent af þjóðinni í alls konar þjónustustörfum og gert er nú, og þá geti verið gott fyrir þá, sem hættu störfum hjá ríkinu, að hafa aðstöðu til færaveiða í Faxaflóa, þannig að ég held, að frá hagnýtu sjónarmiði geti það verið mjög hagkvæmt að friða einmitt Faxaflóann fyrir togveiðum og stunda þar færaveiðar og línuveiði og e. t. v. veiði í þorskanet, því að þorskanetin taka ekki smáfiskinn, þannig að ef þetta frv., sem Jón Árnason flytur í Ed., kemur hér í deildina, þá geri ég ráð fyrir, að ég muni styðja það. Ég er á móti því að leyfa togveiðar í Faxaflóa og mun greiða atkv. með þeirri brtt. Ég hef einnig samúð með því að banna togveiðar á Breiðafirði, þó má vera, að það geri minna til, ég skal ekki fullyrða það, en ég er sannfærður um það með Faxaflóann í gegnum viðtöl við vana fiskveiðimenn, að það er stórkostleg uppeldisstöð bæði fyrir ýsu og ufsa. Geri ég ráð fyrir, að Breiðafjörður sé það líka.

Guðlaugur Gíslason: Herra forseti. Það var í sambandi við það, sem hv. síðasti ræðumaður sagði hér, hv. 5. þm. Norðurl. v., varðandi Húnaflóann, sem ég vildi segja nokkur orð. Ef litið er á það kort, sem frv. fylgir og prentað er á bls. 6, þá sést það mjög greinilega, að við strendur landsins er um að ræða 3 mjög stóra firði og flóa, þ. e. Faxaflóa, Breiðafjörður og Húnaflóa. Það kom mjög til álita hjá landhelgisn. að taka einnig hólf fyrir smærri báta inn í Húnaflóa, þar sem togveiðar yrðu leyfðar, annaðhvort tímabundið eða þá allt árið. Það kom einnig til umtals hjá n., að nokkuð svipaðar reglur og nú eru í gildi með þeim bráðabirgðaráðstöfunum, sem gerðar voru fyrir áramót, yrðu látnar halda áfram og teknar upp í það lagafrv., sem hér liggur fyrir, en það var fyrir ábendingu, að ég heyrði, Norðurlandsþm. eða þm. úr Norðurl. v. og einnig Vestf., að ekki voru gerðar róttækari till. heldur varðandi þetta svæði, heldur en um er að ræða í frv. Það var fallið frá því að fara með nokkurt hólf inn í Húnaflóa, og einnig var línan fyrir Norðurlandi færð allverulega út frá því, sem nú er í gildi, en eins og þm. munu vita, þá gildir þar sú regla, að þar má veiða í dag allt upp að 4 mílunum, ef um tiltekna skipastærð er að ræða. Ég hygg því, að það sé óhætt að segja það, að n. í þessu tilfelli hafi gengið eins skammt og frekast var hægt að ætlast til af henni og mikið skemmra heldur en ég hygg, að margir okkar hafi jafnvel viljað, og mikið skemmra heldur en mjög margar ábendingar voru um til n. frá ýmsum aðilum, sem telja sig hafa hagsmuna að gæta í þessu sambandi. Ég mundi því telja mjög miður farið, ef farið væri að gera breyt. á frv. eins og það hefur verið lagt fram að þessu leyti. Varðandi alfriðun Faxaflóa fyrir togveiði, sem nokkuð var rædd hér, þegar frv. var til umr. s. l. föstudag, og einnig það, sem nú kom fram hjá hv. 5. þm. Norðurl. v., þá vil ég benda á, að þær friðunarráðstafanir, sem mjög hefur verið vitnað í, með Faxaflóa, að þá giltu þær reglur, að öllum skipum innlendum sem erlendum var á þeim tíma heimilt að veiða allt upp að 3 mílunum að ég hygg frá ströndu. Möskvastærð, lágmarksstærð möskva, var þá ákveðin 70—80 mm, en er nú ákveðin 130 mm. Það liggur alveg ljóst fyrir, að allt aðrar aðstæður voru fyrir hendi, þegar friðun Faxaflóans fyrir togveiðum var á sínum tíma samþykkt, heldur en eru í dag. Ég held, að menn verði að gera sér þetta ljóst, og einnig það, að í till. n. er aðeins um að ræða eitt lítið hólf, aðeins lítinn hluta af öllu Faxaflóasvæðinu. Það hefur verið mjög sótt eftir því af þeim aðilum, sem hagsmuna hafa að gæta, þ. e. útgerðarmönnum hér í Reykjavík, að fá mun víðtækari veiðiheimildir með botnvörpu í Faxaflóa heldur en n. féllst á. Ég hygg því, að þarna hafi verið gætt þess og reynt að fara bil beggja og verða nokkuð við ákveðnum tilmælum þeirra aðila, sem þarna hafa mestra hagsmuna að gæta, og einnig að verða nokkuð við þeim ábendingum, sem fram hafa komið um meiri friðun í Faxaflóa heldur en frv. gerir ráð fyrir. Og ég vil enn undirstrika það, sem ég sagði hér við umr. s. l. föstudag, að ef deildin gerir jafn róttækar breyt. á frv. eins og ég tel, að gert yrði með því að fella út hólfið í Faxaflóa og jafnvel í Breiðafirði, þá er nokkuð búið að raska grundvelli frv., því þær till., sem n. skilaði frá sér og fram koma að mestu leyti óbreyttar í frv., bindast allar saman, það er um að ræða samhangandi auknar veiðiheimildir allt í kringum landið, stórfelld röskun á einum stað hlýtur að þýða það, að grundvellinum undan till. n. er kannske ekki kippt burtu, en honum er breytt, í mjög veigamiklum atriðum, sem ég teldi mjög miður farið. Ég vildi af þeim orðum, sem hv. 5. þm. Norðurl. v. beindi til þm. varðandi Húnaflóa, láta það koma hér fram, að þar er gengið skemmra heldur en víðast hvar annars staðar, og mun skemmra heldur en n. gjarnan hefði viljað og margir aðilar, sem samband höfðu við n., mjög eindregið óskuðu eftir.

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. Ég mun ekki gera einstök atriði í þessu máli að umtalsefni, en ég get ekki stillt mig um að segja fáein orð, og þá fyrst og fremst til þess að láta í ljósi ánægju mína yfir því, hvernig mþn. hefur unnið að þessu vandasama máli. Mér finnst ástæða til, að það sé tekið eftir því, hvernig n. hefur starfað, vegna þess að það er nokkuð óvenjulegt. Málið er ákaflega erfitt viðfangs og ómögulegt að leysa það nema með víðtæku samkomulagi og óhugsandi, að slíkt samkomulag geti komið til greina nema með gífurlega mikilli undirbúningsvinnu. Þess vegna mega menn ekki álasa n. fyrir það, þó hún hafi, áður en málið kom fyrir Alþ., orðið að eiga mörg viðtöl við einstaka þm. og fleiri um þetta mikilsverða mál, það er síður en svo ástæða til þess. Mál af þessu tagi verða aldrei leyst, þau verða alveg óskapnaður, ef ekki eru viðhöfð einmitt þau vinnubrögð, sem n. hefur tekið upp. Ég álít, að n. hafi unnið þannig, að verk hennar séu til fyrirmyndar. Auðvitað er þetta málamiðlun, sem hér liggur fyrir, t. d. er það þannig með mig, að ég hef alltaf verið ákaflega

tregur til þess að vera með nokkurri verulegri opnun fyrir fiskveiði með togveiðarfærum í landhelginni. Ég hefði getað hugsað mér, að það yrði gengið skemmra í því en n. gerir ráð fyrir. Ég hef samt sem áður ákveðið að standa með n. og fylgja henni gegnum þykkt og þunnt í þessu, af þeirri einföldu ástæðu, að ég sé, að ef farið verður að flísa út úr þessari málamiðlun, jafnvel æðistór stykki, þá getur orðið lítið úr því mikla verki, sem í þessu hefur verið unnið, og raunar sú hætta fyrir hendi, að þetta þing geri ekki neitt í þessu máli, sem að mínu viti væri hið mesta slys. Ástandið í þessum efnum hefur verið alveg óviðunandi fyrir alla, og mér liggur við að segja, að sæmd Alþ. liggi nálega við, að hægt verði að komast að niðurstöðu um þetta mál nú á þessu vori, á þessu þingi.

Ég skal ekki hafa þessi orð fleiri. Ég hef með þessu gert grein fyrir mínu viðhorfi til málsins og fer ekki út í einstök atriði. Ég geri ráð fyrir því, að nálega hver einasti þm. geti ævinlega sagt um mál af þessu tagi, að hann hefði viljað hafa það öðruvísi heldur en það, sem ofan á verður. En öll flókin málaafgreiðsla á Alþ. hlýtur að byggjast á málamiðlunum, ef vel á að fara. Menn mega alls ekki gleyma þessu, og þess vegna má ekki hver um sig fylgja fram með ofurkappi öllum sínum sérsjónarmiðum, því þá getur orðið eins og ég tók fram, hið mesta óhapp. Ég læt þessi fáu orð nægja til að gera grein fyrir afstöðu minni, og ég held, að það væri mjög hyggilegt, að hv. þm. færu eitthvað svipað að í þessu.

Þórarinn Þórarinsson: Herra forseti. Ég gerði grein fyrir afstöðu minni til þessa máls við fyrstu umr. og tel ekki ástæðu til þess að endurtaka það aftur, sem ég sagði þá, en ég vildi, áður en þessari umr. lyki, gera fsp. til hæstv. ríkisstj.:

Er það ekki rétt, sem mér hefur skilizt, að hæstv. ríkisstj. hafi hafið sókn fyrir því á erlendum vettvangi að fá friðaðar vissar mikilvægar uppeldisstöðvar úti fyrir Norðausturlandi, sem eru utan við 12 mílna mörkin?

Það kemur öllum saman um það, að hér er um mjög mikilvægar uppeldisstöðvar fyrir fiskinn að ræða, og þess vegna væri mikilvægt fyrir okkur að fá þetta svæði friðað. Nú vil ég beina þeirri fsp. til hæstv. ríkisstj., og þá sérstaklega þeirra, sem hér eru í fyrirsvari, hvort hún álíti, að það muni verða til þess að bæta fyrir okkur í þessari sókn, ef á sama tíma og við förum fram á að fá þessar uppeldisstöðvar friðaðar, þá beitum við bæði dragnót og botnvörpu gegn engu minna mikilvægum uppeldissvæðum á Faxaflóanum? Ég óttast það fullkomlega, að verði þessum drápstækjum beitt á uppeldisstöðvunum í Faxaflóa á komandi árum, þá verði það til þess að torvelda okkur sóknina fyrir því að fá uppeldisstöðvarnar fyrir Norðausturlandi friðaðar.

Björn Pálsson: Herra forseti. Hv. 3. þm. Sunnl. ræddi hér um till. okkar viðvíkjandi Húnaflóa. Satt að segja skil ég ekki í þessum áhuga, eða hverjir voru það, sem vildu endilega fá að veiða langt inn eftir Húnaflóa? Það voru stóru togararnir, það voru ekki bátaeigendur, sem báðu um það. Ég er ekkert á móti því, að þetta svæði yrði leyft fyrir báta, en ég er á móti því, að stóru togurunum sé hleypt svona langt inn eins og gert er ráð fyrir, vegna þess að ég sé enga ástæðu til þess, þeir hafa nóga möguleika til þess að veiða utar. Það eru þeir, sem reka stærri togarana, sem óska eftir því að fá að fara inn í þessa firði, fyrst og fremst. Það eru ekki útgerðarmenn úr okkar kjördæmi, ekki af Vestfjörðum eða úr Húnavatns- og Skagafjarðarsýslum, það eru aðrir aðilar. Nú hefur yfirleitt verið tekið tillit til þess, sem menn hafa óskað á viðkomandi svæðum. Ég er sannfærður um það t. d. á Skagaströnd, að þeir eru mjög mótfallnir því, að það sé þrengt að þessu horni, sem við fengum við breytinguna, sem gerð var 1961, og við fengum friðað þá, og það hefur verið okkur mjög mikils virði. Ég sé enga ástæðu til þess að ganga lengra í þessu efni heldur en þeir menn óska, sem búa í þeim kjördæmum, sem að þessum svæðum liggja, þó einhverjir aðrir, sem hafa önnur veiðarfæri, óski þess. Það er gott og elskulegt að koma sér vel saman, en það er ekki neitt sérstaklega æskilegt að koma sér vel saman um hluti, sem eru skaðlegir. Við þekkjum kýrnar, að þær hafa gaman af því að komast í það, sem þeim er bannað að fara í, og finnst þær tuggurnar miklu betri, og þannig var með Evu sálugu. Þetta hefur verið þannig frá upphafi alda, og þó að stóru togararnir vinni ekki nokkurn skapaðan hlut við það að veiða svona nærri landi, þá langar þá til þess að prófa það. Það er nauðsynlegt fyrir bátana að hafa aðstöðu til þess að veiða á grynnra vatni og nær landi heldur en stóru togararnir, og þess vegna (Gripið fram í.) Þeir hafa gaman af að fara eitthvað, sem þeir halda, að sé bannað að hálfu eða öllu leyti, og ef þið hleypið þeim inn á Breiðafjörð, bátum, sem eru 200—300 lestir að stærð, ef þið myndið geilar fyrir þá inn í Faxaflóa og Breiðafjörð, þurfið þið ekki að ímynda ykkur, þið eruð ekki þau börn, að þeir séu alltaf innan við strikið, það þurfið þið ekki að ímynda ykkur. Hitt er annað mál, að það má vera, að það séu einhver svæði, t. d. hér í Faxaflóa, sem ekki henta fyrir togveiði. Annars verður nú víðast hvar hægt að veiða, þegar þeir koma með flotvörpurnar, þá gerir ekki til, þótt það sé hraunbotn. Það er allt í lagi að skipta þessum svæðum innan landhelginnar, ég var með því, það gat ekki gengið eins og það var, að allir brytu þessa togveiðilöggjöf og menn veiddu alls staðar á tog, það þurfti að skipuleggja þetta. Satt að segja er það einkennilegt með suma, sem voru algerlega á móti nokkrum breyt. fyrir 2—3 árum, að nú vilja þeir leyfa þetta helzt í kringum allt landið, já ég held alveg upp í landsteina. Mér finnst, að það megi nokkuð á milli vera, en það er nauðsyn að skipta þessu, flokka þetta niður, að minni bátarnir, sem ekki hafa aðstöðu til þess að veiða á miklu dýpi með togi, fái viss svæði, stóru skipin önnur, þar sem meira dýpi er og fjarlægari mið, og svo séu einhver viss svæði, þar sem væri bara leyfð lína og færafiskur, og þar á meðal Faxaflóinn. Hann getur komið að fullum notum þannig, og einhvers staðar þarf ýsan að hafa frið til að hrygna. Það er orðið þannig fyrir Suðurlandi, að hún hefur hvergi frið til að hrygna. Um leið og ýsan kemur á sínar hrygningarstöðvar, þá er henni sópað upp, þetta hefur verið þannig mörg ár. Það sást varla ýsa í stofninum fyrir norðan í haust. Við verðum að leyfa fiskinum að hafa í friði sínar hrygningarstöðvar, þar sem bezt er aðstaðan til þess að hrygna, og það hefur verið reynt viðvíkjandi síldinni hér við Suðvesturlandið. Nei, það

getur verið æskilegt og gott að flokka þetta niður og alveg sjálfsagt, að við notum landhelgina á sem skynsamlegastan hátt, en ég held, að í þessu frv. sé gengið of langt, það sé óþarft að stærri togurunum sé leyft að fara jafnnærri landi svo að segja allt í kringum landið, og jafnvel stærri bátum. Ég vona því, að þið samþykkið þessa brtt. frá okkur um Húnaflóann, hún mun ekki skaða neinn, því stóru togararnir hafa aðstöðu til að veiða eftir sem áður. Ég veit ekki betur en þeir hafi veitt prýðilega síðustu 2 árin, þó ekki væri farið inn fyrir 12 mílna landhelgi. Þeir hafa veitt óvenjuvel. Hv. 3. þm. Sunnl. var eitthvað að tala um, að það veiddist vel fyrir Suðurlandinu og þeir hefðu togað undanfarin ár. Getur það ekki verið af því, að smáfiskurinn hefur fengið að vera í friði fyrir Norðurlandinu fyrir togveiði, hann hefur alizt þar upp, að hann sé nú að koma á miðin, vegna þess að friðunin var aukin, að hann sé nú að koma á miðin hjá þeim Vestmanneyingum til þess að hrygna og þá njóti þeir góðs af því, að hann fékk að vaxa upp fyrir Norðurlandi? En hversu lengi það stendur, það virðast vera sterkir árgangar nú á ferðinni, sem betur fer, hversu lengi það stendur, skal ég ekki segja um, en við eigum að nota landhelgina skynsamlega. Þó nauðsynlegt sé að veita undanþágur viðvíkjandi togveiðum, þá þurfa að vera einhver takmörk fyrir því. Reynslan ein getur skorið úr til fulls um það, hvað hagkvæmast er í þessu efni, en við skulum ekki ganga allt of langt nú, við verðum einhvers staðar að lofa fiskinum að hafa griðastað til þess að hrygna og vaxa upp.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Ég vildi gera hér nokkrar athugasemdir við það, sem hér hefur komið fram í umr. um þetta mál, og þá alveg sérstaklega það, þegar því er haldið hér fram, að hér liggi fyrir till. um óeðlilega rúmar togveiðar í Faxaflóa, á Breiðafirði og í Húnaflóa. Ég hef sagt það hér áður í þessum umr., en hlýt að undirstrika það enn einu sinni, að hver sá, sem vill virða fyrir sér þau kort, sem hér liggja fyrir, og kynna sér málið, eins og það er í raun og veru, hann hlýtur að sjá það, að eftir sem áður verður langsamlega mesta friðunin fyrir botnvörpuveiðum við allt landið á þessum 3 svæðum, í Faxaflóa, á Breiðafirði og í Húnaflóa, og þó allra mest í Húnaflóa, sem síðasti hv. ræðumaður var hér að tala um. Húnaflói er auðvitað enginn smáræðis fjörður. Breiddin á honum er 25—35 mílur, og það er ekki verið að tala um það að leyfa mönnum að veiða með botnvörpu inn um allan Húnaflóa. Hinn eiginlegi Húnaflói, sem jafnan hefur verið talinn markast af línu, sem dregin er frá Skaga og þvert yfir flóann að Selskeri úti fyrir Ströndum, og þó er Selsker þar nokkru norðar — það er ekki talað um að heimila neinar veiðar á hinum eiginlega Húnaflóa með botnvörpu, ekki neinar, hvorki fyrir litla né stóra báta. Deilan stendur aðeins um það varðandi Húnaflóa, sem menn kalla hér, hvort eigi að leyfa á svipaðan hátt veiðar með botnvörpu úti fyrir Ströndum norðanverðum, eins og leyft er svo að segja allt í kringum landið, þar sem m. a. bátaveiðar eru stundaðar í stórum stil frá nærliggjandi byggðarlögum. Að halda því fram, að það sé óeðlilegt að leyfa togveiðar fyrir norðanverðum Ströndum, þar sem ekki er um nein sjávarbyggðarlög að ræða nærliggjandi, leyfa þar svipaðar veiðar með botnvörpu eins og t. d. er á tímabili úti fyrir Vestfjörðum, úti fyrir Austfjörðum og annars staðar kringum landið, er vitanlega hreint ofstæki í þessum efnum og ekkert annað. Hér er því ekki um það að ræða, að hér sé verið að ganga verulega nærri í þessum efnum. Og nokkuð svipað er að segja um Faxaflóa, sem hér hefur verið rætt allmikið um, að þar er gert ráð fyrir því í þessum till., að nánast verði Faxaflói allur, hinn eiginlegi Faxaflói, sem miðast þá við línu, sem dregin er frá Garðskaga, reyndar 4 sjómílur í vestur af Garðskaga, og að Malarrifi á Snæfellsnesi, að það verði ekki leyfðar neinar togveiðar þarna fyrir innan þessi mörk að frátöldu því, að minnstu togveiðibátar, upp að 105 rúmlesta stærð, megi veiða seinni part ársins eða yfir sumarið og haustið á litlu takmörkuðu svæði, miðað við flóann sem heild. Þetta eru auðvitað miklu minni togveiðiheimildir á Faxaflóa heldur en annars staðar við strendur landsins, það hljóta allir að sjá. Og ég fullyrði það, að þetta er mun minna, ef staðið verður vel að framkvæmdinni á þessum reglum, heldur en hefur verið í framkvæmd að undanförnu, eins og að þessum málum hefur verið staðið. Það er minna.

Menn geta svo í sambandi við þessi mál farið að rifja upp fyrri baráttutíma Íslendinga um Faxaflóa, þegar jafntokkar fiskifræðingar og þjóðinöll sameinaðist um það hér fyrir 2 áratugum síðan, að það þyrfti á aukinni fiskfriðun að halda við strendur landsins og m. a. þyrfti að snúa sér að því að auka fiskfriðun í Faxaflóa og taka upp gömul skrif og gamlar ræður frá þessum tíma, en þá var svo ástatt og hafði verið svo ástatt hér við land um langan tíma, að ekki aðeins allir íslenzkir togarar, heldur einnig allir erlendir togarar, máttu stunda togveiðar inn um allan Faxaflóa og elta þriggja mílna mörkin miðað við strandlengju inn um allan flóa allt árið, því að þá gilti hér þriggja milna landhelgi eftir þessari reglu. Þá var þjóðin auðvitað sammála um það, að hér væri gengið allt of nærri og að við þyrftum hér á aukinni fiskfriðun að halda, og okkar fiskifræðingar börðust þá fyrir því, að aukin yrði friðun í Faxaflóa, og síðan höfum við náð því fram og friðað Faxaflóann á þann hátt, að hann hefur samkvæmt reglum nánast verið lokaður fyrir botnvörpu. Það hefur verið heimiluð nokkur dragnótaveiði í flóanum, en hreint ekki mikil. Það er rétt, að það hefur verið brotið nokkuð, en nú er um það að ræða að reyna að setja reglur og setja hömlur á þetta. Það er auðvitað alger fjarstæða að ætla að fara að koma með grg. frá þessum fyrri tíma í þessa átt, og þeir, sem það gera, ættu bara að lesa t. d. bók, sem Árni Friðriksson fiskifræðingur, sem hér var vitnað í í þessum efnum, gaf út varðandi togveiðar og dragnótaveiðar, þar sem hann mælir eindregið með því að heimila dragnótaveiði allt í kringum landið og um allan Faxaflóa og telur, að hér sé um álíka fordóma að ræða í sambandi við það að leyfa dragnótaveiðar, m. a. í Faxaflóa, eins og það hafi verið á sínum tíma, þegar menn börðust á móti því, að það mætti nota beitu á krókana, og vildu banna slíkt, og það var bannað, og ýmsar aðrar hliðstæðar reglur voru þá í gildi. Við skulum alveg gæta að því, að jafnhliða því, sem við viljum halda hér uppi eðlilegum reglum, sem verndað geta

Bann gegn veiðum með botnvörpu og flotvörpu (stjfrv.).

fiskistofnana við landið, svo dýrmætir sem þeir eru fyrir okkur, þá skulum við ekki setja þannig reglur, að við getum ekki nýtt þessa fiskistofna með eðlilegum hætti. Mér dettur ekki í hug að neita því, að það getur verið hættulegt að heimila hér of miklar botnsköfuveiðar inn um þessa þýðingarmiklu flóa eins og Faxaflóa, Húnaflóa, Breiðafjörð og aðra flóa við landið, en ég vil ætla það, að þær till., sem hér liggja fyrir núna varðandi þessi mál, taki fyllilega tillit til þessa, og það er í mesta máta óeðlilegt, þegar menn standa þannig að málum, að þeir vilja ætlast til þess, að áfram verði haldið að heimila togveiðar einnig fyrir hina stærstu togara t. d. fyrir öllu Suðurlandinu og hálft árið fyrir öllu Austurlandi og víðar, ýmist upp að fjögurra mílna mörkum eða upp að þriggja mílna mörkum, en á sama tíma gera menn kröfur um það, að flóar eins og Faxaflói séu með öllu lokaðir, jafnvel þó ytri mörk landhelgisfiskveiðimarkanna séu um 50 mílur frá landi út af miðjum Faxaflóa. Það gefur auðvitað alveg auga leið, að ef slíkum till. ætti að fylgja, þá hlyti það að leiða af því, að það yrðu gerðar breytingar á þessum mörkum líka annars staðar við landið. Ég verð að játa það með mig, að ég get ekki fengið mig til þess að hugsa á þann hátt, sem sá hv. þm. gerir, sem hér talaði næstur á undan mér, hv. 5. þm. Norðurl. v., en hann sættir sig prýðilega við það, eftir hans málflutningi, að loka meginhlutanum af Norðurlandi fyrir togveiðum, fyrir því að menn geti þar veitt smáan fisk, vegna þess að hann hefur það í huga, að þessi fiskur eigi eftir að synda síðar meir suður fyrir land og veiðast af þeim í Vestmannaeyjum, sem ætla sér að toga allt upp í landsteina þar. Ég geri mér grein fyrir því, að það er rétt, að sá fiskur, sem er hér á fiskimiðunum við landið, er í öllum höndum sami fiskurinn fyrir norðan og fyrir sunnan. Landsmenn eru allir að ganga hér með sínum veiðum í einn og sameiginlegan sjóð. Það er engin von til þess, að einn landshluti hagi sínum málum þannig, að hann neiti sér um að fiska, til þess að annar landshluti geti svo fiskað þennan fisk síðar meir. Það er engin von til slíks. Ég held, að það þurfi sjómenn og útgerðarmenn af alveg sérstakri tegund til þess að fallast á þetta sjónarmið. Því er það, að ef togveiðar eru leyfðar við landið, þá verða að gilda um það nokkuð svipaðar reglur allt í kringum landið. Og ég verð nú að segja það, að varðandi þá, sem búa í kringum Húnaflóa og hafa verið á margan hátt harðast leiknir á undanförnum árum vegna atvinnuleysis og lélegrar afkomu, að það er lítil huggun fyrir þá að loka sínum veiðisvæðum, m. a. fyrir botnvörpu, þó að þeir í Vestmannaeyjum fiski þeim mun betur í staðinn. Ég er ekki í neinum vafa um það fyrir mitt leyti, að það væri hægt með eðlilegum hætti að koma á land til vinnslu við Húnaflóann margföldu því fiskmagni, sem þar hefur komið á land að undanförnu, ef menn stæðu að veiðunum með eðlilegum hætti.

Ég tel, að þær till., sem hér liggja fyrir, séu, eins og við höfum tekið fram, sem að þessum till. stöndum, málamiðlunartill. Og það er hreint ekki gengið langt í þá átt að opna fyrir togveiðum og alls ekki lengra en svo, að það fær fyllilega staðizt. Og ef þessum reglum verður framfylgt á eðlilegan hátt, ætti að vera hér betur staðið að málum en hefur verið í reynd, eins og framkvæmdin hefur verið á landhelgismálunum.

Það hefur verið gerð hér grein fyrir því, að sjútvn. þessarar d. hefur viljað fallast hér á nokkrar brtt., sem hafa komið fram, efnislega séð. Ein þeirra var um það að heimila ekki togveiðar alveg eins nærri landi og gert var ráð fyrir í tillögunum á litlu svæði framan á Snæfellsnesi, og því sjónarmiði, sem fram kom í brtt. um það efni, hefur í rauninni verið mætt í aðalatriðum. Þá hefur n. einnig fallizt á það, að sett verði inn í frv. ákvæði þar að lútandi, að ef skipstjóri gerist brotlegur við þessar reglur ítrekað, skuli heimilt að svipta hann skipstjórnarréttindum um tiltekinn tíma. Og þá verður það auðvitað að metast af dómstólunum hverju sinni, hversu brotið er alvarlegt, og réttindasviptingin að fara eftir því. Nú, það var nokkuð leitað eftir því í sjútvn., hvort hægt væri að skapa samstöðu eða meiri samstöðu um afgreiðslu málsins en hér virðist vera, með því að eitthvað yrði gengið til móts við þær till., sem fram hafa komið til breyt. á frv. En það reyndist nú ekki vera, og því liggja till. fyrir að öðru leyti eins og þær komu hér fram í frv. Ég hef lýst því yfir sem minni skoðun, að ef svo fer, að gerðar verði á þessu frv., sem er samkomulagsfrv., breyt., sem fela í sér verulega efnisbreyt. eins og t. d. sú till. að ætla sér að halda sig við það að friða Faxaflóann fyrir botnvörpu algerlega, þýðir það, að ég fyrir mitt leyti mun ekki fylgja frv. eins og það liggur fyrir og breyta afstöðu minni til opnunar á öðrum stöðum líka. Ég tel alveg sjálfsagt, að þá verði Breiðafirði lokað á sama hátt, ef á að loka öllum Faxaflóa. Og þá verður af skiljanlegum ástæðum einnig að gera breytingar á veiðiheimildum annars staðar við landið.

Hv. 4. þm. Reykv. lagði hér spurningu fyrir ríkisstj. varðandi þýðingarmikið mál hér, um það hvort ekki yrði að telja, að aðstaða okkar Íslendinga kynni að versna í því máli að fá aukna friðun á tilteknum fiskimiðum fyrir utan 12 mílna fiskveiðimörkin fyrir Norðausturlandi umfram það, sem nú gildir, ef við samþykktum frv. af þeirri gerð, sem hér liggur fyrir. Ég ætla mér nú ekki að fara að svara fyrir hæstv. ríkisstj., það gerir hún að sjálfsögðu sjálf. En ég vil láta uppi mína skoðun varðandi þetta atriði, því að hér er um þýðingarmikið atriði að ræða. Það fer auðvitað ekkert á milli mála, að við Íslendingar og aðrir þeir, sem veiða hér fisk við Ísland, veiðum allmikið af smáum fiski langt fyrir utan okkar fiskveiðitakmörk. Það er nú einu sinni svo, að smái fiskurinn heldur sig ekki eingöngu inni í fiskveiðilandhelginni. Nú að undanförnu hafa t. d. togveiðiskip fyrir Austurlandi verið að afla allvel og veitt mjög smáan fisk, en veiðislóð þeirra hefur verið um 30 sjómílur suðaustur af Hvalbak, sem er útsker alllangt úti í hafi. Við höfum ekki aðstöðu til þess að setja þar einir reglur um veiðar á þessum slóðum, og svona er þessu farið víða í kringum landið, og það er vitanlega mikið áhugamál fyrir okkur Íslendinga, að hægt verði að fá samkomulag um það við aðrar þjóðir, sem veiðar stunda hér við land, að takmarka með settum reglum smáfiskveiðarnar hvar sem er hér við landið. Ég get ekki ætlað, að það ætti að draga úr möguleikum okkar til þess að fá samkomulag við aðrar þjóðir í þessum efnum, þó að við leyfum nokkra veiði í okkar fiskveiðilandhelgi með botnsköfuveiðarfærum, þegar það liggur fyrir, að allar aðrar þjóðir, sem stunda fisk-

veiðar hér við land, leyfa botnvörpuveiðar í sinni eigin fiskveiðilandhelgi í miklu ríkara mæli en við gerum. Og hvernig ættu þær þá að geta krafizt þess af okkur, að við lokuðum einir allri okkar fiskveiðilandhelgi fyrir botnvörpuveiðum, til þess að þeir vildu eiga við okkur samkomulag um reglur varðandi þessi mál? Ég get því ekki séð það, að samþykkt á þessu frv. ætti á nokkurn hátt að spilla okkar stöðu varðandi þetta mál. Því aðeins gæti það verið að mínum dómi, að því yrði haldið fram með réttu, að við værum að ganga óeðlilega hér á fiskistofnana með smáfiskveiði okkar. Nú liggur það hins vegar fyrir í opinberum skýrslum frá Alþjóðahafrannsóknastofnuninni, að engin þjóð, sem veiðar stundar hér við land, veiðir jafnlítið hlutfallslega af smáum fiski og við Íslendingar. Allar hinar þjóðirnar veiða miklum mun meira af smáum fiski miðað við heildarveiðimagn sitt en við gerum. Okkar staða í þessum efnum er því mjög sterk. Ég hef ekki neina ástæðu til þess að ætla, að breytingar á þessu hlutfalli yrðu neitt teljandi, þó að þetta frv. yrði samþykkt.

Nú, ég skal svo ekki ræða frekar um þetta mál að sinni, en vil nú vænta þess, að þeir hv. þm., sem hér hafa einkum komið fram með óánægju út af þeim till., sem hér liggja fyrir, reyni að átta sig til hlítar á því, hvernig till. eru í raun og veru miðað við þær reglur, sem í gildi hafa verið, og að þeir reyni að setja sig í þau spor, að það verði að gilda nokkuð svipaðar reglur um veiðarnar allt í kringum landið. Það geta ekki gilt allt aðrar reglur í Faxaflóa en í Breiðafirði, og það geta ekki gilt allt aðrar reglur um veiðar í Breiðafirði en annars staðar við landið. Auk þess er rétt, að menn hafi það í huga, að þetta frv. er þannig upp byggt, að það á ekki að gilda nema í tvö og hálft ár. Þá ganga þessar reglur samkv. lögunum sjálfum úr gildi. Lögin verða að endurskoðast, og hafi Alþ. ekki sett nýjar reglur fyrir árslok 1971, eru þessar reglur úr gildi fallnar, svo að hér er um tilraunatímabil að ræða, þar sem stefnt er að því að reyna að leysa mikið vandamál, sem allir viðurkenna, að hefur verið komið í hið mesta óefni hjá okkur núna að undanförnu, því að það er í rauninni ekki hægt að búa við það ástand, sem upp var komið, það viðurkenna allir. Ég vil því mega vænta þess, að við nánari athugun geti nú meiri hl. þdm. fallizt á það, að þær reglur, sem er að finna í þessu frv., séu réttlátar miðað við allar kringumstæður.

Þórarinn Þórarinsson: Herra forseti. Ég skal ekki tefja þessar umr. mikið, enda hef ég ekki ástæðu til þess. En það voru viss atriði, sem komu fram í ræðu seinasta hv. ræðumanns, sem mér finnst rétt að víkja nokkrum orðum að. Hann er nú orðinn svo mikill áhugamaður í þessu máli, að hann gengur alveg fram fyrir skjöldu ráðh. og svarar fsp., sem er beint til þeirra.

Nú, það getur vel verið, að ráðh. láti þetta svar gilda, svoleiðis að það komi ekki annað frá þeim. En í tilefni af því finnst mér rétt að segja þetta: Alþ. hefur sett það takmark í landhelgismálunum, að fiskveiðilandhelgin nái til alls landgrunnsins. En það hefur nú verið heldur lítill skriður á því máli að undanförnu. Það getur vel farið svo, þrátt fyrir vonir okkar, að það tefjist eitthvað enn, að okkur takist að koma þeirri stefnu fram, að fiskveiðilandhelgin nái til alls landgrunnsins. Það er því hægt að hugsa sér þann milliveg, á meðan þessi stefna fæst ekki fram, að það sé leitað eftir alþjóðlegu samkomulagi um það, að viss svæði utan fiskveiðimarkanna, eða 12 mílna markanna, sem eru talin vera mikilvæg sem hrygningar- og uppeldisstöðvar fyrir fiskinn, njóti sérstakrar friðunar. Um það hefur verið sérstaklega rætt í þessu sambandi, að því er mér skilst, að vinna að því að fá slíka friðun fyrir allstórt svæði úti fyrir Norðausturlandi, þar sem eru mikilvægar uppeldisstöðvar fyrir fiskinn. Ég held, að það sé meginatriði, ef við ætlum að koma þessari stefnu fram eða þessum sjónarmiðum okkar fram, að fá aðra til þess að viðurkenna friðun á vissum svæðum utan 12 mílna markanna, að þá þurfum við að vernda á svipaðan hátt þau svæði innan 12 mílna markanna, sem við ráðum yfir, að þar muni verða látin gilda svipuð vernd og við ætlumst til, að verði á þessum svæðum utan 12 mílna markanna. Ég held, að ef við höldum þannig á þessum málum, að við beitum bæði dragnót og botnvörpu á þeim svæðum innan fiskveiðimarkanna, sem eru mikilvægar uppeldisstöðvar, verði það til þess, að okkur gangi lakar að fá aðra til að fallast á það, að svipuð vernd eigi sér stað á svæðum utan 12 mílna markanna. Það er af þessum ástæðum, sem ég hef gerzt alveg sérstakur talsmaður þess, að Faxaflói njóti sérstakrar verndar, vegna þess að það hefur um langt skeið verið viðurkennt af öllum aðilum, sem til þessara mála þekkja, að þar sé um mjög mikilvægar hrygningar- og uppeldisstöðvar að ræða, sérstaklega fyrir ýsustofninn. Það, sem ég sagði hér áðan, gilti alls ekki um allar þær innfærslur, sem eiga sér stað samkv. þessu frv., heldur fyrst og fremst Faxaflóa. Ég tel, að friðun hans sé eitt mikilvægasta skilyrðið til þess að við getum haldið uppi í framtíðinni gifturíkri sókn í landhelgismálunum út á við. Þess vegna tel ég, að sú till., sem hér er flutt af nokkrum þm., um að fella niður veiðileyfið á Faxaflóa, sé byggð á fullum rökum og fyllstu nauðsyn, vegna þess að þar sé verið að leggja eina undirstöðuna að því, að við getum haldið uppi fullri sókn í landhelgismálunum á komandi ári. Ég hygg, að hv. 4. þm. Austf. geri sér þetta ljóst, með því að athuga þetta mál nánar. Ég skal viðurkenna það, að ef ég væri í hans sporum og hugsaði eingöngu um hagsmuni Austfjarða, mundi ég sennilega vera með þessu frv. En það þarf að hugsa um fleiri landshluta en Austfirði og alveg sérstaklega um þau veiðisvæði, þar sem eru hrygningar- og uppeldisstöðvar fiskstofnsins. Þau svæði á að undanþiggja, eins og Faxaflóa.

Ég vænti þess, að það séu þm. hér, sem geri sér grein fyrir því, að verndun Faxaflóa er ekki neitt sérstakt mál okkar hér á Suðvesturlandi, enda er talsvert um það deilt hér syðra. Það eru vissir aðilar, sem vilja komast inn í landhelgina. Ég tel, að verndun Faxaflóa eða friðun Faxaflóa sé mál landsins alls, því að með því að sýna það í verki, að við sjálfir verndum slíkar uppeldisstöðvar, þar sem við ráðum sjálfir, þá er miklu auðveldara að gera kröfur um það til annarra, að þeir fallist á það, að hliðstæð svæði séu vernduð utan fiskveiðilandhelginnar.

Ég vil minna á það í þessu sambandi, að þegar við vorum að sækja okkar mál á sínum tíma í sambandi við

útfærslurnar bæði 1952 og 1958, var lögð á það megináherzla í okkar málflutningi, að hér væri ekki um að ræða eingöngu hagsmunamál okkar, heldur allra þeirra þjóða, sem stunduðu fiskveiðar á Íslandsmiðum, vegna þess að sú verndun, sem fengist með þessari útfærslu hjá okkur, yrði til þess að auka fiskstofnana, og við mundum ekki aðeins njóta góðs af því sjálfir, heldur líka aðrar þær þjóðir, sem stunduðu veiðar í nálægð við Ísland. Það hefur líka komið í ljós, að þessi friðun, sem hefur fengizt við útfærslurnar 1952 og 1958, hefur ekki orðið til þess tjóns fyrir erlenda fiskimenn, sem þeir óttuðust, vegna þess að friðunin hefur orðið til gagns fyrir þá alveg eins og okkur. Og á þessum grundvelli hljótum við að sækja þetta mál áfram, að með aukinni friðun á vissum mikilvægum stöðvum hér við land séum við ekki aðeins að vinna fyrir okkur, heldur líka almennt fyrir þá, sem stunda veiðar á þessu hafsvæði. Ég sagði það við fyrri umr., að ég gæti vel fallizt á það, að það eigi sér stað innfærsla á vissum svæðum, þannig að þar séu leyfðar auknar togveiðar. En ég álít, að við verðum að gæta þess vel, að þessar auknu togveiðiheimildir nái ekki til þýðingarmikilla uppeldisstöðva eins og Faxaflóa. Það tel ég, að sé grundvallaratriði að áframhaldandi sókn okkar í landhelgismálinu.

Björn Pálsson: Herra forseti. Ég geri lítið af því að tala þrisvar í málum, en það var vegna þess að hv. 4. þm. Austf. lét mín sérstaklega getið og Húnvetninga, að mig langar til að segja örfá orð.

Hann skildi ekki í þeim hugsunarhætti, að ég vildi ekki hirða smáfisk fyrir norðan, en leyfa honum að fara suður og láta Vestmannaeyinga veiða hann þar og aðra, sem stunda fiskveiðar hér fyrir sunnan land. Ég álít þetta vera víðsýni hjá mér. Ég lít á hag þjóðarinnar í heild og álít það ekki neina sérstaka búmennsku, að við förum að drepa unglömbin til þess að passa það, að aðrir njóti þeirra ekki, þegar þau eru orðin stór. Við njótum þeirra líka, þegar þau verða stór, og ég álít það sameiginlegt hagsmunamál fyrir alla landsmenn að drepa ekki stofninn fyrr en hann er orðinn það stór, að hann sé einhvers virði.

Hv. þm. var að tala um fátækt og eymd okkar Húnvetninganna. Við erum óvanir þessu, Húnvetningar. Við lítum á okkur eins og frekar efnafólk. En það hefur verið þannig, að við höfum ekki verið neinir forgöngumenn í sjávarútvegsmálum, ég skal játa það, og það kemur meðfram af því, að sjávarþorpin liggja tiltölulega langt frá miðum, miðað við annars staðar á landinu. Og annað það, að við búum í heldur góðu landbúnaðarhéraði, þannig að þeir, sem eru orkumeiri, hafa heldur snúið sér að landbúnaðinum, þótt það tryggara. En hv. þm. Lúðvík Jósefsson verður að játa, að yfirleitt hafa verið betri bændur í Árnessýslu og Húnavatnssýslu en víðast hvar annars staðar á landinu, og þetta getur hann séð, ef hann vill fara yfir búfjárskýrslur. Enn fremur verður hann að athuga það, að Húnvetningar hafa lagt öllu meiri rækt við andleg efni en Austfirðingar, þó að ég geri engan veginn lítið úr þeim og þeirra gáfum. Flateyjarbók var skrifuð í Húnavatnssýslu, á meðan Austfirðingar kunnu ekki að lesa, og á flestum sviðum höfum við lagt til forgöngumenn. Við höfum t. d. lagt til Nordalana með sína miklu bókmenntaþekkingu og fjármálavit, eins og sést á stjórn Seðlabankans. Við höfum lagt til afburðalækna eins og Hjalta frá Hjaltabakka og Sigurð landlækni og Guðmundana alla o. s. frv. Það er fleira einhvers virði en síld í tvö eða þrjú ár, við verðum að meta hina andlegu auðlegð líka.

Það eina, sem við förum fram á, þessir menn, þm. Vestf. og Norðurl. v., það er, að tekið sé tillit til óska okkar, sem við vitum, að er líka vilji fólksins heima fyrir, að miða við þá grunnlínu, sem nú er í gildi. Ég get lýst því yfir fyrir mitt leyti, að ég get sætt mig alveg við þessa línu, ef stærri togurunum væri ekki hleypt inn í þetta horn. Fiskurinn gengur fyrir Vestfirðina og inn í flóann, og við höfum reynslu fyrir því, að togararnir hafa elt hann vor eftir vor. Við höfum reynslu fyrir því líka, að þegar stærri togararnir komu inn á fjarðarmynnið og verið var að veiða þar með línu, hvarf línufiskurinn að meira eða minna leyti. Ég get ekki skilið, að það sé neitt við það að athuga, þó að einhverjar smábreytingar séu gerðar á þessu frv. Það er metnaðarmál orðið hjá þessari nefnd að fá allt samþykkt óbreytt. Ég mundi ekki koma með neina till. viðvíkjandi Faxaflóanum, ef þm. þeirra legðu það ekki eindregið til sjálfir. Ég ætla að styðja þá í því, af því að ég álít, að þeir hafi rétt fyrir sér. (Gripið fram í.) Margir, nei, ekki allir, þeir sem eru fyrst og fremst forgöngumenn í þessu eru ekki af verri endanum hvað gáfur snertir, þar sem eru Þórarinn Þórarinsson og Geir. Ég álít, að þm. viðkomandi staða eigi að hafa forgöngu í þessum málum. En ég vitanlega stæði ekki með þeim, ef ég hefði ekki sannfæringu sjálfur fyrir því, að þeir hafa alveg rétt fyrir sér, og þá get ég ekki séð, að þetta sé nein móðgun við þessa nefnd, að við séum að setja nein málefni í strand fyrir þetta. Ég ætla að greiða atkv. með frv., þó að þessar brtt. séu felldar, ég er búinn að lýsa því yfir. Það er eins og hvert annað offors, þó mönnum líki ekki allt í frv., að þurfa endilega að vera á móti því. Það getur verið meira jákvætt við það en neikvætt þrátt fyrir það. Ég játa, að það var ekki hægt að hafa þetta eins og það var, og frv. þetta, þótt langt sé gengið, of langt, einkum gagnvart stóru togurunum, því að það er alveg óþarfi að hleypa þeim svona inn á landgrunnið, er mikil bót frá því, sem áður var, því að þeir veiddu alls staðar þessir togbátar, og því eru vitanlega allir á móti.

Ég vona, að þetta leysist allt saman vel og í bróðerni. Það fer hver eftir sinni sannfæringu, þetta er ópólitískt mál, og við skulum ekkert vera að hleypa æsingi í það. Og við látum það skríða í gegn, þótt það sé meira og minna vitlaust, ef við fáum ekki komið þeim breytingum fram, sem við álítum til bóta. En hinu mótmæli ég algerlega að fara að tala um okkur Húnvetninga sem andlega og efnalega kotunga, og allra sízt vil ég, að Austfirðingar geri það.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 30 shlj. atkv.

Brtt. 614 felld með 21:11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: BF, BP, GeirG, HV, JónasÁ, MB, PJ, SE, SkG, SP, ÞÞ.

nei: ÁÞ, BK, BBen, BrS, EKJ, EystJ, FÞ, GuðlG, GunnG, GÞG, HS, IngJ, JóhH, JSk, JP, LJós, MÁM, MK, PS, SI, VH.

EðS, JJ, IG, SV greiddu ekki atkv.
4 þm. (BGr, BGuðm, EmJ, SB) fjarstaddir.
Brtt. 637,1. a samþ. með 29 shlj. atkv.
— 610,1 felld með 27:4 atkv.
— 610,2—3 tekin aftur.
— 622,1. a felld með 21:13 atkv.
— 622,1. b tekin aftur.
— 637,1 b–c samþ. með 30 shlj. atkv.
— 613 felld með 21:10 atkv.
— 610,4 tekin aftur.
2. gr., svo breytt, samþ. með 25:8 atkv.
Brtt. 609 samþ. með 26 shlj. atkv.
3. gr., svo breytt, samþ. með 26:1 atkv.
4.—5. gr. samþ. með 28 shlj. atkv.
Brtt. 622,2 tekin aftur.
— 637,2 samþ. með 31 shlj. atkv.
6. gr., svo breytt, samþ. með 28 shlj. atkv.
7. gr. samþ. með 28 shlj. atkv.
Brtt. 622,3 felld með 21:11 atkv.
8. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 27:3 atkv.

Á 89. fundi í Nd., 6. maí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 650, 653).

Geir Gunnarsson: Herra forseti. Fyrir 2. umr. þessa máls, sem hér er til umr., flutti ég ásamt 8 hv. þm. öðrum till. um, að með tilliti til einstaks gildis Faxaflóa sem uppeldisstöðvar fisks yrði ekki heimiluð botnvörpuveiði í miðjum flóanum. Hv. 4. þm. Austf. hélt því fram við 2. umr. í gær, að slík till. þýddi friðun frá innströnd Faxaflóa og 50 mílur á haf út. Með þessum orðum hnikaði hv. þm. að vísu staðreyndum um helming, þar hélt hann sig í u. þ. b. 25 sjómílna fjarlægð frá *sannleikanum, það eru ekki nema um 25 mílur frá* innströnd flóans út að línu milli Malarrifs og punkts 4 mílum vestur af Garðskaga, en að þeirri línu er botnvörpuveiði leyfð allt árið samkv. frv., og enginn hv. alþm. hefur flutt till. um breyt. á því. Með því að fella till. um bann við botnvörpuveiðum í miðjum Faxaflóa nær togveiðin nú að línu, sem liggur í aðeins um 6—8 mílna fjarlægð frá botni flóans, svo að hv. þm. ætti nú ekki að þurfa lengur að hafa áhyggjur af ímyndaðri 50 mílna friðun, sem enginn hefur að sjálfsögðu nokkru sinni gert kröfu um og hefur aldrei verið til annars staðar en í hugarheimi hans. En með slíkum og öðrum ámóta rökum hefur 21 af 40 þm. hv. deildar nú samþ. botnvörpuveiðar inni í miðjum Faxaflóa, á uppeldisstöðvum, sem ætti að vernda. Mjög mikill leiðindabragur er á allri meðferð þessa máls af hendi landhelgisnefndar og æði hart, þegar fulltrúar, sem þingflokkarnir hafa kosið í þessa nefnd, neita að taka minnsta tillit til ábendinga og óska þm. úr einstaka kjördæmum og leggja sig svo fram við það að beita blekkingum til þess að koma í veg fyrir, að hv. Alþ. fáist til þess að fallast á nauðsynlegustu leiðréttingar. Látið hefur verið í veðri vaka, að mál þetta, nýting landhelginnar til botnvörpuveiði, ætti að leysa með sem mestu samkomulagi innan Alþ., en till. landhelgisn. í svo viðkvæmu máli sem togveiðum inni í miðjum Faxaflóa hefur nú verið knúin fram hér í hv. deild með þessari atkvæðatölu, 21 atkv. Ég harma, að svo hefur til tekizt, en vænti þess, að hv. Ed. afgreiði þetta mál á annan veg, þann veg, sem yrði þjóðinni til meiri framtíðarheilla. Fyrst svo fór, að ekki varð komið í veg fyrir, að botnsköfuveiði væri leyfð inni í miðjum flóanum, mun ég nú freista þess að fá fram nokkra lagfæringu þessa máls varðandi tímamörkin, sem gilda eiga um botnvörpuveiðarnar á þessu svæði, og reyna til þrautar, hvort hjá þeim, sem knúðu mál sitt fram hér í gær, er nokkur minnsti vilji til þess að taka tillit til annarra sjónarmiða en þeirra, sem sjá stundarhagsmuni í að fara með botnsköfur um uppeldisstöðvar nytjafisks inni í miðjum Faxaflóa.

Á þskj. 653 flyt ég því brtt. þess efnis, að í stað þess að botnvörpuveiðar skuli leyfðar á svæði E-6, þ. e. a. s. inni í flóanum, frá 1. júní til 1. janúar verði þær leyfðar frá 1. ágúst til 1. janúar. Togveiðiheimildir á svæðum utan við línu milli Garðskaga og Malarrifs og út af Reykjanesskaga eru mjög auknar með frv. þessu, en um þá aukningu hefur enginn hv. alþm. gert ágreining, þar við bætist svo svæðið inni í flóanum miðjum, sem ágreiningur hefur verið um. Með þessari miklu aukningu heimilda til botnvörpuveiða á því veiðisvæði, sem einna mest hefur verið talið nýtt allra veiðisvæða, hefur verið gengið svo mjög á hlut annarra en þeirra, sem botnvörpuveiðar stunda í þessum landshluta, að það allra minnsta, sem unnt væri að koma til móts við þá, væri að breyta tímamörkunum á svæðinu inni í flóanum frá því að miðast við 1. júní í það að verða miðaðar við 1. ágúst. Er þá vert að hafa í huga, að í hinum hólfunum á þessu svæði eru botnvörpuveiðar heimilaðar allt árið með þessu frv. Ég tel, að verði till. um þessa litlu lagfæringu felld, þá sé níðangurslega að þessu máli staðið og allt tal um, að hv. Alþ. sé að leysa þessi mál með lipurð og mest hugsanlegu samkomulagi, hljómi æði ankannalega, að ekki sé meira sagt. Ég leyfi mér að leggja til við hæstv. forseta, að hann fresti nú umr. um þetta mál um stund og óski eftir því, að hv. sjútvn. taki þessa till. til athugunar, áður en frv. verður afgreitt út úr d. Eðli málsins samkv. er þessi till. ekki komin fram fyrr en nú við 3. umr., og ég vænti þess, að hæstv. forseti sjái sér fært að verða við þeirri ósk minni, að hv. sjútvn. fái hana til meðferðar.

Birgir Finnsson: Herra forseti. Sjútvn. hv. d. hefur fjallað um þetta frv. milli 2. og 3. umr. og orðið sammála um að flytja eina litla brtt. Skal ég gera hér grein fyrir henni. Eins og hv. þdm. minnast, var í gær gerð breyt. á 2. gr., lið E9, sem fjallar um það, að „ráðh. er heimilt að banna með reglugerð botnvörpu- og flotvörpuveiðar á tímabilinu 1. janúar til 1. maí," eins og í frv. stóð. Þessum tímamörkum var breytt í gær þannig að í stað „1. maí" kom 15. maí. Tilsvarandi ákvæði og þarna eru fyrir Reykjanes- og Faxaflóasvæðið eru í frv. fyrir Breiðafjarðarsvæðið í lið, sem merktur er F5.

Till. sjútvn. er sú, að hliðstæð breyting verði gerð á liðnum F5 og í gær var gerð á liðnum E9, þannig að í stað orðanna „til 1. maí" komi orðin „til 15. maí." Ég leyfi mér fyrir hönd sjútvn. að leggja fram þessa till., en þar sem ekki hefur unnizt tími til að prenta hana og

útbýta, fer ég þess á leit við hæstv. forseta, að hann leiti afbrigða fyrir henni.

Ég vil geta þess, að sjútvn. hafði m. a. til meðferðar í morgun þá till., sem hv. 6. landsk. þm. mælti fyrir hér áðan, en innan n. var ekki samkomulag um þá till. Sömuleiðis var rætt um í n., hvort samkomulag gæti orðið um það að breyta ákvæðum frv. frá því, sem nú er, að því er varðar heimildir fyrir öll togskip til að veiða á tveim ákveðnum svæðum, á Faxaflóa og Breiðafirði, í það horf, að á þessum svæðum verði aðeins leyfilegar veiðar fyrir togskip allt að 350 tonna. Um þessar hugmyndir varð heldur ekki samkomulag innan n., og hafa nm. ekki tekið upp till. varðandi þessi atriði, en hafa að sjálfsögðu óbundnar hendur um þær brtt. og eins aðrar brtt., sem fram kynnu að koma. Einnig var rædd till. frá einum nm. um það að breyta ákvæðum frv. á þann veg, að alls staðar, þar sem frv. gerir nú ráð fyrir, að 350 tonna skip megi veiða, verði stórum togurum einnig leyft að veiða, ef þeir leggi afla sinn upp til vinnslu hér á landi. Um þessa brtt. varð heldur ekki samkomulag í sjútvn. Eins og ég sagði áðan, hafa sjútvnm. óbundnar hendur í afstöðu sinni til annarra till. en þeirra, sem ég hef hér lýst fyrir n. hönd.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 656) leyfð og samþ. með 25 shlj. atkv.

Sigurvin Einarsson: Herra forseti. Till. okkar Vestfjarðaþm., svo og þm. Norðurl. v., sem við fluttum við 2. umr. þessa máls, um það að hlífa nokkru af Húnaflóa og Breiðafirði við togveiðum hafa nú allar verið felldar eins og hv. þm. er kunnugt um. En við viljum þó freista þess við þessa síðustu umr. málsins að fá lítið eitt dregið úr þessum togveiðum hvað togara snertir eða stærri skip, þ. e. skip stærri en 350 smálesta. Og leyfum við okkur að flytja í því efni tvær brtt. skriflega við þessa umr.

Fyrri till. er um það, að við staflið A 1 í frv. bætist: „og gildir sú grunnlína fyrir skip 350 brúttósmál. og minni". Þetta er Húnaflóasvæðið, en þar er meginreglan, eins og mönnum er kunnugt, í frv. fyrir öllu Norðurlandi til Vestfjarða frá Langanesi vestur að Horni hin sama alla þessa leið, nema hvað snertir eina undantekningu, þ. e. um veiðisvæði inni í Húnaflóa. Þar er gripið til gömlu landhelgislínunnar frá 1958, þ. e. línan Horn- Selsker- Ásbúðarrif. Till. okkar fjallar um það, að þetta hólf, sem afmarkast af þessari línu, skuli eiga við skip af þessari stærð upp í 350 smálestir, en ekki stærri skip. Þetta þýðir það, að við förum fram á það, að veiðihólfum í Húnaflóa, sem búið er að samþykkja, verði hlíft við stærri skipunum, hlíft við togveiðum togara eða skipa yfir 350 smálestir að stærð. Síðari brtt., sem við flytjum, er um veiðisvæði F2 fyrir Breiðafirði. En samkv. frv. eiga öll skip að hafa heimild til þess að veiða á þessu svæði á tímabilinu 16. september til 31. desember. En þetta veiðihólf er fjögurra mílna belti upp að grunnlínu sunnan Bjargtanga og alllangt suður fyrir miðjan Breiðafjörð í stefnu á Öndverðarnes. Við leggjum þess vegna til, að þessi heimild nái líka aðeins til skipa 350 smálesta og minni. Og þess vegna verði upphaf stafliðar F 2 í frv. orðað þannig:

„Á tímabilinu 16. september til 1. janúar er skipum 350 brúttólestir og minni heimilt að veiða" o. s. frv.

Efni þessara beggja till. okkar er því hið sama. Það er það að forða þessum tveimur veiðihólfum frá togveiðum þessara stóru skipa. Engin önnur breyting felst í þessum till. okkar. Því hefur verið mjög haldið hér á lofti, að till. landhelgisnefndar og svo einnig sjútvn. þessarar hv. d. séu samkomulagstill. eða málamiðlunartill. Ég verð að segja það, að við Vestfjarðaþm. og ég ætla þm. Norðurl. v. höfum harla lítið af því að segja, þessari málamiðlun, sem sífellt er verið að halda hér á lofti. Hún kom ekki fram í gær. Það á þá kannske eftir að sýna sig, að hún komi þá fram í dag. Allar okkar brtt. hafa verið felldar. Hins vegar gekk þó sjútvn. nokkuð til samkomulags við þá, sem flytja brtt. við Faxaflóasvæðið, þó að í litlu væri, en ekki í neinu við þær till., sem við höfum flutt, eða þær óskir, sem við höfum borið fram, bæði bréflega og hér í tillöguflutningi á Alþ. Og verði nú þessar brtt. okkar felldar eins og hinar í gær, þá held ég, að menn megi nú spara sér talið um málamiðlunarviðhorfin þeirra. Ég vil leyfa mér að fara þess á leit við hæstv. forseta, eins og reyndar er búið að gera hér áður af öðru tilefni, að stutt fundarhlé verði veitt, til þess að hv. sjútvn. athugi þessar till. okkar, og ég fer fram á það við hann jafnframt, að hann hlutist til um, að n. geri það, því að við viljum ekki á neinn hátt koma í veg fyrir það, að n. geti þá breytt þeim, orðalaginu, að einhverju leyti. Við erum fúsir til samkomulags um það, ef það má frekar verða til þess að koma okkar óskum fram. Ég veit, að það er skammur tími, sem er til stefnu að ljúka þessu máli hér á hv. Alþ., og viljum við í engu hindra það, að málið nái fram að ganga, en ég vona, að hæstv. forseti geti orðið við þessum tilmælum okkar.

Ég sé ekki ástæðu til þess að fara um þetta fleiri orðum. Ég held, að þetta sé nokkurn veginn ljóst. En þessar tvær till. um að forða þessum tveimur veiðihólfum frá ágangi togara eða hinna stærri skipa flytja Sigurvin Einarsson, Matthías Bjarnason, Pálmi Jónsson, Björn Pálsson, Skúli Guðmundsson, Óskar Levy, Steingrímur Pálsson og Jónas Árnason. Afhendi ég svo hæstv. forseta þessar till. með ósk um, að hann leiti afbrigða fyrir þeim.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 661) leyfð og samþ. með 22 shlj. atkv.

Frsm. (Pétur Sigurðsson): Herra forseti. Vegna orða, sem féllu hjá hv. síðasta ræðumanni, um að hv. sjútvn. þyrfti að taka till. hans fyrir á fundi þá get ég upplýst það hér til þess að spara hv. form. sjútvn. ómakið, að efnislega var þessi till. kynnt á fundi n. í morgun, og það gildir það sama um þessa till. eins og aðrar, sem þar komu fram, utan þá sem kynnt var af formanni n., að það varð ekki samstaða um hana, og því vísaði sjútvn. henni frá sér með því fororði, að einstakir nm. gætu fylgt henni, ef þeir óskuðu eða greitt atkv. gegn henni. Þess varð vart hér við 2. umr. og reyndar atkvgr. enn frekar, að togarar og togaraútgerð á Íslandi eiga sér fáa formælendur hér, þótt margir hv. þm. hafi á undanförnum mánuðum og misserum talað allfjálglega um

þessa útgerð og nauðsyn þess, að hún verði endurreist og henni gefið líf, ef ég mætti orða það þannig. Þetta ber sérstaklega að hafa í huga, þegar við gætum þess, eins og ég hef þegar minnzt á í þessum umr., að hér er verið með þessu frv. m.a. að gefa ákveðnu aldursmarki eða öldruðum skipum af ákveðnum stærðum réttara sagt tækifæri til þess að nýtast betur heldur en gert hefur verið með hliðsjón af því um leið, að þessi skip voru á sínum tíma við útfærslu fiskveiðilögsögunnar útilokuð frá miðum, sem þau höfðu stundað botnvörpuveiðar á um langt árabil. Þessir gömlu togarar okkar, sem við eigum enn í dag og rekum, eru byggðir á þeim tíma, sem obbinn af þessum sama bátaflota er byggður á, og stundaði og var ætlað að stunda veiðar á sama og sömu hafsvæðum eins og þessum bátaflota er nú veitt heimild til samkv. þessu frv. að veiða með botnvörpu á.

Ég geri mér fulla grein fyrir því, að þetta sjónarmið margra hv. þdm. er m. a. til komið af því, að stóra og kannske stærsta ástæðan fyrir því, að farið er í það nú að veita þessar takmörkuðu heimildir til botnvörpuveiða innan fiskveiðilandhelginnar, er sú staðreynd, að okkar fiskvinnsla, fiskiðnaðurinn, þarf á hráefni að halda þeirra sjálfra vegna, byggðarlaganna vegna, atvinnunnar og útgerðarinnar um leið, eins og ég skýrði frá í þeirri ræðu, sem ég flutti hér s. l. föstudag við 2. umr. málsins.

Nú er því ekki að neita, að þetta er gífurlega alvarlegt vandamál hjá okkur um þessar mundir, atvinnuleysið, og ekki sízt í þéttbýlu stöðunum. Ég geri ráð fyrir því, að ef frv. þetta verður samþ. og verður að l. hér í þinginu, muni mikið úr rætast á þeim stöðum, sem hafa styrka og sterka vélbátaútgerð, og kannske sérstaklega á þeim stöðum, sem eiga báta af þeim stærðum, sem dregnir eru fram yfir annan fiskiskipastól landsins og veitt sérréttindi fram yfir önnur skip, að þeirra aðstaða muni mikið batna við það, að þetta frv. verði að l. En hér hefur verið mikið talað um það á Alþ., að það sé atvinnuleysi enn þá, ekki aðeins hér í höfuðborginni og í kaupstöðunum, heldur víða annars staðar um land, og við eigum von á því, að þetta atvinnuleysi kannske aukist frekar en minnki, vegna þess að skólafólk mun koma í mjög stórum mæli á vinnumarkaðinn á næstunni. Þessar ástæður m. a. hafa orsakað fráhvarf margra hv. þm. frá fyrri skoðunum um það, að það ætti að veita þessar heimildir, til þess að við hefðum nægt hráefni fyrir okkar frystihús og fiskvinnslustöðvar, ekki aðeins núna á þessum sumarmánuðum, heldur vetrarmánuðunum líka og alla vega á þeim takmarkaða tíma, sem lagt er til, að lög þessi verði í gildi.

Ég vil freista þess við þessa umr. að flytja skrifl. brtt. Hún er ekki enn komin úr prentun, en till. þessi hljóðar svo, að við 2. gr. bætist ný mgr. svo hljóðandi:

„Á þeim togveiðisvæðum, sem skipum af stærðinni 106 tonn til 350 tonn eru heimilaðar botnvörpuveiðar samkv. grein þessari, eru stærri skipum heimilaðar slíkar veiðar, selji þau afla sinn á innlendum markaði, enda tilkynni þau um löndunarstað áður en veiðiferð hefst."

Ég viðurkenni, að með þessari till. er mismunurinn og óréttlætið áfram við lýði. Það eru engar kröfur gerðar til þeirra skipa, sem fá þessar takmörkuðu botnvörpuheimildir samkv. frv., um það að þau eigi að landa hér heima. Allt niður í 60—70 tonna Vestmannaeyjabátar geta farið með sinn afla á erlendan markað án þess að skapa nokkra vinnu heima í sínu héraði, eins og það er stundum orðað. Með þessu yrði fyrirbyggt, að þessi afli færi þangað, jafnvel þótt það gæti komið útgerðinni og áhöfninni ákaflega vel vegna þess gífurlega háa verðlags, sem hefur fengizt fyrir þeirra vöru á undanförnum misserum á erlendum mörkuðum. En ég vil meina, að með þessu og sérstaklega nú yfir sumarmánuðina geti orðið af þessu tvöfalt gagn, að togurunum okkar verði veitt heimild til að nota þessi mjög takmörkuðu svæði með smærri skipunum, sem í sjálfu sér eru ekki minna virt sem togveiðiskip heldur en þessir togarar, sem auk þess yrðu mjög fáir hverju sinni á þessum miðum, eða í mesta lagi 7—8, meðan við erum að hleypa allt að 200—300 öðrum togveiðiskipum inn á þessi sömu svæði. Ég geri mér líka fulla grein fyrir því, að togararnir okkar mundu ekki nýta þessi mið nema í mjög takmörkuðum tilfellum, en það kannske gæti munað því, að veiðiferð mundi bera sig, t. d. gætum við hugsað okkur, að þegar ísa rekur frá við austurströnd Grænlands á gjöfulum fiskveiðimiðum þar, ef togari þarf að hrökklast þaðan í burtu, en á kannske eftir 1—2 daga veiðiferð eða þannig stæði hér á um helgi, að ekki væri hægt að fá löndun á einhverjum þeirra staða, sem fiskvinnsla fer fram á, þeir gætu þá notað þann tíma til þess að ljúka þessari veiðiferð áður en þeir lönduðu hér heima til fiskvinnslunnar. Ég geri mér grein fyrir því, að það gætu orðið nokkrir annmarkar á þessu, en ég held, eins og á var bent á fundi sjútvn. í morgun, að annmarkar gagnvart tilkynningarskyldu þessari, sem ég get um í brtt. minni, þurfi ekki að vera neinir, sem teljandi eru. Þeir gætu tilkynnt annars vegar til landhelgisgæzlunnar og/eða rn. síns, að túrinn sé gerður eða fiskveiðiferðin sé gerð til þess að vinna fyrir innlenda hráefnisvinnslu, og í þessu sambandi vil ég líka geta um það, að það er kannske ekki aðeins atvinnulega séð nauðsynlegt að gera þetta, heldur býst ég við, að flestir þm. muni þau dæmi, að almenningur, stjórnmálaflokkar, almenningur og almenningssamtök hafa gert þær kröfur til bæjarútgerða á stöðunum, að skipin væru gerð út ekki aðeins eins og ég sagði til þess að landa hér heima og bæta úr með sinni löndun atvinnuleysinu á þessum stöðum, heldur einnig til þess að afla fiskjar fyrir neytendur í þessum fjölmennu byggðarlögum. Það eru togarar gerðir núna út frá Reykjavík, Akureyri, Siglufirði, Hafnarfirði og Akranesi, og ég geri ráð fyrir því, að það þyrfti ekki endilega og verður að sjálfsögðu ekki endilega bundið við, að þeir landi á þessum stöðum, heldur gætu þeir landað á enn öðrum stöðum, þar sem fiskvinnsla er stunduð, og orðið þess vegna til mikillar hjálpar fyrir atvinnulífið á þeim stöðum.

Herra forseti. Ég vil hafa sama fyrirvara á eins og þeir aðrir, sem hér hafa flutt till. Ég vil óska eftir því, að forseti leiti afbrigða fyrir þessari skrifl. brtt., sem ég leyfi mér hér með að flytja.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 655) leyfð og samþ. með 21 shlj. atkv.

Matthías Bjarnason: Herra forseti. Ég býst við því, að það hafi verið nokkurn veginn sameiginleg skoðun allra alþm., að þessi mál væru komin í mikið óefni og það þyrfti að ná samkomulagi til þess að koma þeim í betra lag á þann veg, að lög og reglur væru virtar, en það hefur ekki verið gert af fjölmörgum skipstjórum og útvegsmönnum á undanförnum árum, og sá sjúkdómur hefur verið að breiðast út um landið að virða ekki gildandi lög og reglur, og því voru menn yfirleitt á þeirri skoðun, að það ætti að endurskoða þessi mál og reyna að ná sem víðtækustu samstarfi til lausnar þessum vanda.

Ég var einn þeirra þm., sem, þrátt fyrir mínar skoðanir á því að auka leyfi til veiða með botnvörpu innan landhelginnar, að það væri óæskilegt, hefði verið tilbúinn til samkomulags í þessu máli, en eins og landhelgisnefndin og meiri hl. sjútvn. þessarar hv. d. hefur haldið á þessu máli, er nú svo komið eða var við 2. umr., að maður var knúinn til þess að snúast gegn þessu frv. vegna þess, að það örlaði ekki á sanngirni frá hendi landhelgisnefndarinnar eða meiri hl. sjútvn. fyrir þeim málstað, sem við vorum að berjast hér fyrir, þm. úr nokkrum byggðarlögum, sem mynduðum samtök um það að reyna að fá einhverja leiðréttingu á þessum málum. Og sérstaklega gengu tveir menn fram fyrir skjöldu, frsm. sjútvn. hér á föstudaginn, en þó má segja, að hv. 4. þm. Austf. hafi bitið höfuðið af skömminni með ræðu sinni hér í gær, enda kláraði hann með sinni ræðu það, sem hinn ekki kláraði á föstudaginn var, að snúa mönnum gegn frv. Oflátungsháttur inn var takmarkalaus í þessum hv. þm., og það má segja það með þessa landhelgisnefnd, að hún hefur litið einhvern veginn svo á sín störf, að hún ætti að hafa hér föðurlega forsjá með öðrum þm. og þeir einir hefðu vit á þessum málum og aðrir ekki. Þeir lögðu að vísu land undir fót og héldu fundi og hlustuðu á menn út um land. En þeir hafa bara lítið gert úr því. Þeir voru, þessir menn, með botnsköfusjónarmiðin sín. Þeir voru skipaðir í þessa n., og þeir hafa ekkert fallið frá þessum botnsköfusjónarmiðum. Þeir hafa heldur reynt að herða á, þangað til í gær, að þeir hurfu frá því, að það mætti skafa upp í fjörusteina fyrir Snæfellsnesi, og ætla nú að veita hvíld eina mílu frá Nesi. Þeir hafa sennilega heyrt um manninn, sem keypti sér dragnótarspilið og setti það upp á eyðijörð og kastaði nótinni út. Þeir ætla sennilega að koma í veg fyrir, að hann geti fiskað frá landi, eins og hann gerði á s. l. ári. Það er víst það eina, sem hefur komið fram frá þessari hv. landhelgisnefnd, sem nokkrum hefur orðið á að hæla mjög fyrir hennar störf, sérstaklega fyrir það, hvað hún hefur haldið marga fundi. Og landhelgisnefndin hefur fengið nýja samherja í botnvörpusköfu, og menn, sem eru komnir á sjötugs aldur, hafa nú lagt það á sig að skoða botnvörpu í fyrsta skipti og orðið svo yfir sig hrifnir, að þeir hafa ekki annað eins veiðarfæri séð, eins og nýlega átti sér stað með einn af höfuðleiðtogum annars stjórnarandstöðuflokksins.

Ég vil segja það, að ég tel, að landhelgisnefndin og þá um leið meiri hl. sjútvn. hafi hreinlega gengið í berhögg við sanngjörn sjónarmið til lausnar þessu máli, og til þess að staðfesta þessi orð mín ætla ég að leyfa mér að vísa til bréfs, sem við þm. Vestf. skrifuðum þessari frægu og miklu n. 24. marz s. l., og náðum við allir samstöðu um það bréf og þá skoðun okkar, og þar segir:

„Við undirritaðir þm. Vestfjarðakjördæmis viljum hér með tjá hv. n. eftirfarandi afstöðu okkar til botnvörpuveiða innan fiskveiðilandhelgi á fiskimiðum undan ströndum Vestfjarða:

„1. Að heimilaðar verði botnvörpuveiðar í Húnaflóa upp að 4 mílum miðað við núgildandi grunnlínu á sama tíma árs og nú eru í gildi. Engar frekari opnanir á veiðisvæðinu verði í Húnaflóa.

2. Að heimilaðar verði botnvörpuveiðar í hólfi á milli Rits og Kögurs upp að 4 mílum miðað við núgildandi grunnlínu frá 1. október til 31. desember."

Og þetta er alveg nýtt. Þetta er óþekkt í gildandi reglu og sama, að heimilaðar verði botnvörpuveiðar á hólfi milli Kópaness og Fjallaskaga upp að 4 mílum á sama tíma og í hinu fyrra hólfi, og þetta er líka nýtt og hefur ekki verið áður í gildi.

„4. Engar togveiðiheimildir verði leyfðar í Breiðafirði umfram þær, sem nú eru í gildi.

5. Að væntanleg lög um botnvörpuveiðar í landhelgi gildi í 2 ár.

6. Að staðbundnar veiðiheimildir komi ekki til greina."

Það má segja, að þær ábendingar, sem koma fram hjá okkur og við göngum inn á, þar sem er aukning á botnvörpuveiði, gengur n. auðvitað fúslega inn á. En það, sem við bendum á, að koma ekki með frekari rýmkanir á botnvörpu, það er algerlega hundsað af þessari hv. landhelgisnefnd. Ég hygg, að það muni ekki líða langur tími, að menn sjái það, að með þessu frv. sé stefnt í voða. Í Breiðafirði hafa verið einhver árvissustu fiskimið í kringum Ísland, sem sjaldan hafa brugðizt, en þau brugðust mjög í fyrravetur og algerlega nú á þessari síðustu vertíð. Nú segja botnvörpumenn, að ekki hafi þau brugðizt fyrir of miklar botnvörpuveiðar, og það er alveg rétt. En þau hafa brugðizt fyrir það, að það hefur verið gengið svo nærri þessum miðum með netaveiðum á undanförnum árum, og þar hafa ekki verið settar þær hömlur, sem nauðsynlegt hefur verið að setja. Það hafa verið settar að vísu hömlur um, hvað bátar megi vera með margar trossur í sjó, en það er þó vitað af öllum nema þeim, sem standa að því að hafa slíkar reglur í gildi, að það er ekkert eftirlit hægt að hafa með því. En það, sem auðvitað hefði átt að gera og á að gera, er að fyrirskipa, að miðin séu hvíld, netin séu tekin upp um helgar, en það sé ekki hrúgað netum niður í byrjun netavertíðar og til loka.

Fyrir eitthvað 4 árum brást veiði mjög hér í Faxaflóa, og þá sótti fjöldi Faxaflóabáta á Breiðafjarðarmið. Snæfellingar sóttu allir á Breiðafjarðarmið og Vestfirðingar allir allt norður að Ísafjarðardjúpi. Þá vorum við að reyna að gera okkur grein fyrir því, hvað væri nú mikið af netum í sjó á Breiðafirði, og við komumst að þeirri niðurstöðu, miðað við bátafjölda og raunverulegan trossufjölda, sem er um borð í hverju skipi, að ef netin væru lögð í beinni línu frá Látrabjargi í Snæfellsnes, væru netin allt að sjöföld girðing fyrir Breiðafjörð. Þannig hefur nú verið gengið á þessi mið á undanförnum árum og í staðinn fyrir að beita nú

strangari kvöðum á þessi mið á nú að bæta botnvörpusköfunni ofan á það, sem fyrir var. Og að þessu stendur meiri hl. þm. hér í hv. þd., og þeir segjast vera að gera þetta vegna þess, að það þurfi að nýta landhelgina miklu betur heldur en gert hefði verið á undanförnum árum. En ég held, að það hafi ekki verið svo mikill fiskur innan fiskveiðilandhelginnar, að það hafi ekki gert það að verkum, að afli hafi minnkað vegna þess, að hann hafi ekki verið sóttur inn í landhelgina með öðrum veiðarfærum en botnvörpu. Hv. 10. þm. Reykv., sem hér var að ljúka máli sínu áðan, flutti sinn sorgaróð út af togurunum, hvað væri verið að fara illa með þá, en ég hefði nú talið og það var talið a. m. k. þegar þeir voru byggðir, að þeir hefðu verið byggðir til þess að stunda veiðar á hafi úti, en ekki uppi í landsteinum.

Sumir botnvörpuskafarar hér í d. hafa talið, að það að leyfa auknar veiðar í botnvörpu hafi verið nauðsynlegt vegna atvinnuástandsins, sem nú hefur verið víða um land alvarlegt, en hver er það, sem trúir því, að þau skip, sem koma til með að veiða í botnvörpu og fá auknar veiðar í landhelginni, muni ekki sigla til útlanda í æ ríkari mæli en áður með aflann óunninn? Hvað fær íslenzkur verkalýður og fiskvinnslustöðvar í landi aukna atvinnu og hvað verður framlagið til þjóðarbúsins og útflutningsverðmætið aukið með þessum ráðstöfunum? Það mun tíminn leiða í ljós.

Hæstv. forsrh. spurði hér áðan, hvort það væri ekki óþinglegt orðbragð hjá mér? Það má vel vera. En ég ætla bara að biðja hæstv. forsrh. að lesa yfir ræðu hv. 10. þm. Reykv. hér á föstudaginn og vita, hvað hann sér víða, að hafi verið óþinglegt orðbragð, sem þar átti sér stað, og heyrði ég þá hvorki stunu eða hósta frá honum.

Ég ætla nú ekki að eyða öllu lengri tíma hér. Meiri hl. þessarar d. sýndi hér átakanlega hug sinn til þessa máls í gær, og þessa till., sem ég gerðist meðflm. að í dag og hv. 1. þm. Vestf. flutti hér áðan, ég tel hana auðvitað ekki mjög mikils virði á við þær till., sem felldar voru í gær. En ég harma það, að máli, sem hægt var að hafa fullt samkomulag um, hafi verið beint inn á þær brautir að tefla öllu samkomulagi hér í hættu með þeim umr., sem þessir hv. talsmenn frv. viðhöfðu og hafa ekkert tillit viljað taka til sanngjarnra óska þó nokkurra þm. í þessu máli. Það gerir það auðvitað að verkum, að þjóðin stendur ekki eins að baki þeim aðgerðum, sem nú er verið að gera hér á hv. Alþ., eins og hún hefði gert, ef sanngjarnar óskir hefðu verið teknar til greina í fyrsta lagi af landhelgisnefndinni og í öðru lagi af meiri hl. sjútvn.

Guðlaugur Gíslason: Herra forseti. Hv. 6. landsk. þm. talaði hér af nokkrum hita í sinni ræðu, og það má segja, að það hafi einnig hv. 4. þm. Vestf. gert. Hv. 6. landsk. þm. gerði grein fyrir till., sem hann flytur hér varðandi Faxaflóasvæðið, en það er þess efnis að stytta veiðiheimild þar með botnvörpu um tvo mánuði eða færa tímabilið aftur til 1. ágúst í staðinn fyrir 1. júní.

Ég held, að það liggi alveg augljóslega fyrir, að ef þetta yrði gert, mundi það hafa, a. m. k. að því er ég tel, miklu minni og kannske mjög litla þýðingu fyrir þann bátaflota, sem veiðar stundar á þessu svæði, ef þannig væri að staðið, og þá hlýtur að vakna spurningin um það, hvaða rekstursgrundvöll þessi bátafloti hér frá Reykjavík og höfnum við Faxaflóa, sem þessi mið kæmi til með að sækja, á að hafa á tímabilinu frá því að vetrarvertíð lýkur og fram til 1. ágúst. Ég sé ekki fram á það, og tel mig þekkja það inn á þessi útgerðarmál, að það væri hugsanlegt að gera þennan flota út, hvorki á handfæri, línu eða net á þessu tímabili. Það mundi stefna að því, að það yrði að leggja honum þessa mánuði frá því í byrjun maí og allt fram til 1. ágúst, og segir það sig sjálft, að hann yrði þar með settur úr rekstri allt árið, því að ég hygg, að menn mundu ekki treysta sér til þess að eiga báta, ef þeir hefðu ekki sterkari rekstrargrundvöll heldur en gert er ráð fyrir með till. hv. 6. landsk. þm.

Hv. þm. sagði einnig, að það væri leiðindabragur yfir störfum landhelgisnefndar, og var tekið undir það bæði af hv. 1. þm. Vestf. og 4. þm. Vestf. einnig og okkur borin á brýn mjög mikil ósanngirni og ósamvinnuþýðni í sambandi við afgreiðslu málsins og okkar tillöguflutning. Sem einn úr þessari svokölluðu landhelgisnefnd vil ég að sjálfsögðu ekki um þetta dæma, en mér hefur heyrzt bæði hér í ræðum á Alþ. og reyndar lesið í blöðum, að það sé almennt talið, að n. hafi lagt sig mjög fram um það að starfa að þessu máli á þann hátt, að sem viðtækust lausn mætti nást. Ég hygg, að okkur öllum hafi verið það ljóst í upphafi, þegar við tókum við þessu starfi, að þetta mál mundi aldrei verða leyst þannig, að hvorki við sjálfir mundum verða fyllilega ánægðir eða aðrir, sem hagsmuna hefðu að gæta í sambandi við þetta mál.

Það hefur mjög örlað á því nú hér við þessa 3. umr. hjá þeim þm., sem hafa talað, að ekki hefði verið tekið nóg tillit til óska þm. úr einstökum kjördæmum. Ég tel, að þarna sé um mjög mikinn misskilning að ræða. Ég vil t. d. benda á það, sem hv. 6. landsk. þm. sagði í þessu sambandi, að það hefði ekki verið tekið tillit til óska þm. úr því kjördæmi, en af 17 þm., sem eru í Reykjaneskjördæmi og Reykjavík eru aðeins þrír á þeirri brtt., sem flutt er á þskj. 622. Ég hygg, að það hafi nú verið erfitt fyrir n. að meta það þannig, að það væri almennur vilji þm. í þessum tveimur kjördæmum, sem á bak við þessa till. stæði, þannig að ég hygg, að við verðum ekki bornir sökum í þessu tilfelli, að við höfum ekki tekið tillit til óska þm. úr þessum tveimur kjördæmum. Það má reyndar það sama segja um till. Vestfjarðaþm., sem þeir á sínum tíma sendu landhelgisnefndinni skriflega. Á þeim fundi, sem haldinn var á Ísafirði um þetta mál og n. mætti á, til þess þar eins og annars staðar að reyna að kanna vilja manna í sambandi við þetta mál, þá minnist ég ekki annars heldur en það hafi yfirleitt verið talað um Vestfjarðaveiðisvæðin út af Vestfjörðum, en það hafi hvorki verið minnzt á Breiðafjörðinn eða Húnaflóann. Ég minnist þess ekki, að á þetta hafi verið minnzt af neinum ræðumanna, og voru þarna þó við allir þm. að mig minnir úr þessu kjördæmi.

Þegar það svo kemur til, að þeir senda landhelgisnefndinni álit sitt bréflega, þm. þessa kjördæmis, þá var vissulega tekið tillit til óska þeirra. N. hafði ætlað sér og verið orðin um það sammála um þessi tvö hólf, sem Vestfjarðaþm. bentu á, að þeir vildu leggja til eða fallast á, hvort orðið sem menn vilja hafa, að yrðu opnuð fyrir togveiðum út af Vestfjörðum, þar hafði n. einnig ætlazt til, að togarar fengju veiðiheimildir til togveiða á

þeim tíma, sem gert var ráð fyrir, að þessi hólf yrðu opin. Vegna tilmæla þm. Vestf. var fallið frá því og þarna aðeins reiknað með, að bátar af vissri stærð fengju að veiða, ef togararnir yrðu settir út, þannig að ég held, að miðað við allar aðstæður hafi einnig verið tekið að ég vil segja nær því fullt tillit til óska þm., þó að þeir síðar meir eftir Vestfjarðafundinn hafi komið með ábendingar um, að þeir óskuðu eftir, að öðru vísi yrði hagað veiðisvæðum á Húnaflóa og á Breiðafirði. Og ég verð nú að segja um kröfu hv. þm. Vestf. um lokun í Breiðafirði, að mér finnst hún ekki sanngjörn. Það er rétt, að þetta er veiðisvæði þeirra á vetrarvertíð. Það liggur alveg ljóst fyrir, að Vestfjarðabátar, sérstaklega af Suðurfjörðunum, sækja þangað inn og sækja þangað verulegan hluta af sínum afla, en yfir annan tíma ársins, yfir sumarið og haustið, sem er gert ráð fyrir að veiða þarna, þá hygg ég, að þetta svæði sé mjög lítið stundað af bátum frá Vestfjörðum, heldur af bátum frá Snæfellsnesi og kannske öðrum skipum, þannig að ég tel, að þeir geri þarna kröfur, sem gangi of langt um lokun á veiðisvæði, sem ekki getur talizt að neinu leyti skerða þeirra aðstöðu, Vestfirðinga, til veiða á þeim tíma, sem gert er ráð fyrir, að togveiðar verði þarna stundaðar. Og eins og ég sagði hér með Húnaflóann, að það er sá flói eða það svæði, sem langsamlega er minnst gengið inn á. Það voru hugmyndir og það voru tilmæli og kröfur um það annars staðar frá að opna þarna verulegt hólf inn í Húnaflóann, sérstaklega fyrir smærri báta, en vegna ábendinga bæði frá þm. úr Norðurl. v. og einnig Vestfjörðum var fallið frá því, en línan dregin þetta innar heldur en grunnlínan er í gildi nú, sem till. n. hljóðar upp á. En ef dregið er strik frá Skagatá og þvert yfir Húnaflóa að Vestfjörðum, þá kemur það í ljós, að það er hvergi komið nálægt því að veita neinar veiðiheimildir inni í Húnaflóa. Ég veit náttúrlega ekki, hvað hv. þm. af Vestfjörðum og Norðurl. v. telja Húnaflóann ná langt út. En ef dregið er þvert strik yfir flóann frá yztu mörkum á Skagafirði, Skagatá, og þvert yfir, þá nái þeir hvergi nálægt því inn að þeim mörkum eða inn í sjálfan Húnaflóann, svoleiðis að það verður ekki með neinni sanngirni sagt, að það hafi verið gengið gegn vilja þeirra manna, sem vilja vernda og telja, að þurfi að vernda sjálfan Húnaflóa fyrir togveiðum.

Það kom fram hjá hv. 10. þm. Reykv., Pétri Sigurðssyni, að hann taldi, að lítið hefði verið mætt óskum togaraeigenda eða togaraútgerðarmanna og þeim tilmælum, sem þeir hefðu sett fram. Ég skal viðurkenna, að í þessum efnum varð n. auðvitað að gera upp við sig, hve langt hún eða í hve ríkum mæli hún taldi sér fært að verða við þeim tilmælum, sem fram komu, en óskir togaramanna voru hreinar að því leyti, að þeir óskuðu eftir að fá að veiða með sínum skipum á sömu svæðum og minnstu bátum yrði einnig leyft að veiða. Ég hygg, að allir hafi gert sér þegar í upphafi ljóst, að þetta kom ekki til greina. En vissulega hafa togararnir fengið rýmkaðar veiðiheimildir. Það er ósanngjarnt að mínum dómi að segja annað heldur en það hafi verið gert. Þeir hafa fengið rýmkaðar veiðiheimildir við Kolbeinsey, sem þeir bentu sjálfir á, að væri nokkurs virði fyrir þá. Þeir hafa einnig fengið rýmkaðar veiðiheimildir við Hvalbak, sem eru einnig taldar nokkurs virði fyrir þá. Þeir hafa fengið verulega rýmkaðar veiðiheimildir við Eldey og það svæði, sem þeir einnig töldu mikils virði fyrir sig, og þeir hafa fengið veiðiheimild út af Faxaflóa, þannig að það er ekki hægt að segja það með nokkurri sanngirni, að þeirra tilmælum hafi ekki í neinu verið mætt, þó að n. hafi ekki treyst sér til að leggja það til, að þeir fengju sama rétt og hinir smærri bátar og miðlungsstórir bátar.

Ég held, að allir nm. hafi gert sér fulla grein fyrir nauðsyn þess, að togaraútgerð yrði hægt að reka hér á landi. Það hefur legið alveg ljóst fyrir, að við höfum allir talið, að það væri á því nauðsyn og sjálfsagt að stuðla að því, eftir því sem við treystum okkur til þess að hafa áhrif á það með till. okkar, og töldum okkur vissulega hafa gengið nokkuð til móts við þá. Ég ætla ekki að fara að þrátta um fyrri aðstöðu togara nú. Sett hefur verið fram bæði í ræðu og riti, að þeir hafi misst svo og svo margar fermílur, 9000 fermílur, við útfærsluna 1958, og ætla ég ekki að vefengja þá tölu, en ég hygg, að öllum, sem til þessara mála þekkja, sé ljóst, að aðeins lítill hluti af þessum fermílufjölda, sem nefndur hefur verið, var raunverulega veiðisvæði. Megnið af þessu voru svæði, sem togararnir stunduðu aldrei veiðar á.

Um þá till., sem hv. 10. þm. Reykv. hefur flutt hér, um að togararnir fengju sömu heimildir og bátar gegn því að landa fiskinum til vinnslu innanlands, þá hygg ég, að það verði ákaflega erfitt í framkvæmd, bæði fyrir togarana og bátana og þá, sem ættu að framkvæma l., að koma slíku heim. Togararnir hafa gert það, sem eðlilegt er, og þeim er það síður en svo láandi, að ef þeir sjá, að markaðshorfur batna og þeim sé hagur í því að sigla með aflann, þá hljóti þeir að gera það. Þeir vita alveg, að þeir eru í erfiðri aðstöðu með sinn rekstur, og hljóta að reyna að fá sem mest verðmæti fyrir sinn afla, þó að þeir sigli með hann á erlendan vettvang, þannig að ég hygg, að það yrði ákaflega erfitt að fara að binda þá við það fyrirfram í veiðitúr að segja: „nú fiska ég fyrir innanlandsmarkað, en hef ekki heimild til þess að sigla með aflann á erlendan markað," jafnvel þó að það lægi í lok veiðiferðarinnar ljóst fyrir, að þeir gætu fengið mikið meira verð fyrir hann með því móti heldur en að landa honum innanlands.

Um það, sem hv. 4. þm. Vestf. sagði um netaveiðarnar, að hann vildi nú ekki samþykkja, að togveiðar væru þess valdandi, að fiskur hefði nú í bili horfið, því miður, mikið úr Breiðafirði miðað við það, sem áður var, heldur mundi þetta vera netaveiðunum að kenna, þá skal ég viðurkenna, að ég hef lengi verið þeirrar skoðunar, að netaveiði gæti verið fiskistofnunum hættuleg. Ég flutti tvisvar sinnum till. um það hér fyrst og fremst, er ég sat á þingi, að ákveðin veiðisvæði á svæðinu milli Vestmannaeyja og Reykjaness yrðu alfriðuð fyrir öllum veiðum yfir hrygningartíma þorksins. Fiskifræðingar töldu þá, að þetta væri ástæðulaust, að við mundum ekki, hvorki með netum né öðrum veiðarfærum, geta orðið þess valdandi, að miðin raunverulega gengju til þurrðar. Það væru þar allt aðrar ástæður, sem væru ráðandi. Þar réði mestu um, hvernig færi um klak fiskjarins á hrygningartímanum. Að sjálfsögðu er ég sem leikmaður ekki dómbær um þetta atriði og hef sett mig við niðurstöður fiskifræðinga, og ég verð nú að segja það, — ég skal viðurkenna það nú

— að það virðist vera, að þeir hafi þarna nokkuð til síns máls, því að nú kemur það í ljós t. d. í vetur og ég vil segja einnig nokkuð á s. l. vertíð, að fiskgengd virðist vera mun meiri á þessu svæði milli Reykjaness og Vestmannaeyja heldur en á öðrum miðum, þar sem netaveiðar hafa verið stundaðar í mun skemmri tíma. Netaveiðar hafa verið stundaðar frá Vestmannaeyjum í meira en hálfa öld, í nær 60 ár, og þegar það liggur nú ljóst fyrir á árinu 1969 eftir alla þá veiði, sem þar er búin að vera, að þá skuli fiskur sækja þar þó meira á miðin heldur en þó annars staðar, þá verður maður að sjálfsögðu að — kannske að hverfa frá því, sem maður hefur áður haldið, að þessar veiðar væru þess eingöngu valdandi, að fiskur minnkaði á veiðisvæðunum. Ég þarf ekkert að vera að benda á það, að á þessu svæði er netafjöldi árlega mun meiri heldur en hann nokkurn tíma hefur komið til með að vera á Breiðafirði á sínum tíma, þegar hv. 4. þm. Vestf. benti á, að ofveiði hefði átt sér stað með þeim afleiðingum, að fiskur hefði síðar ekki komið þar í neinum mæli miðað við það sem áður var, þannig að ég hygg nú, að þetta sé flókið mál og ekki nema fyrir þá menn, sem hafa á því beina sérkunnáttu, að dæma um það. Þó að við, sem fylgjumst með þessum málum, teljum okkur hafa öðlazt nokkra reynslu í þeim efnum og hlustað á sjómenn og þeirra álit, þá sýnist mér þetta mál vera þess eðlis, að það sé ákaflega vont að dæma um það, af hverju fiskur er minni á þessu ári og á þessu veiðisvæði eða öðru, hvort það er af ofveiði, af notkun einstakra veiðarfæra eða af því að klak kann að farast í stærri stíl þetta árið heldur en hitt, eins og fiskifræðingar halda fram.

En ég vil segja það að lokum um þetta mál í heild, að hvað sem einstaka þm., sem telja, að allt sé að farast hér á landi, ef leyfðar verða auknar togveiðiheimildir innan fiskveiðilögsögunnar, segja, þá hygg ég, að það eigi eftir að sýna sig, að sú n., sem að þessum málum hefur starfað nú að undanförnu, lagt fram sínar ákveðnu till. til úrlausnar í þessum málum, henni hafi tekizt að fara þarna nokkuð bil beggja. Við stóðum frammi fyrir mjög ákveðnum óskum um miklu róttækari aðgerðir heldur en koma fram í áliti n. Við stóðum einnig frammi fyrir mönnum, sem hvöttu okkur mjög til þess að gera engar tilslakanir í þessum efnum. Við reyndum eftir beztu getu að fara bil beggja og yfirvega málið í rólegheitum án nokkurra æsinga og urðum að lokum sammála um ákveðnar till., sem hér hafa verið lagðar fram, þó að ég fullyrði, að hver einasti okkar, sem ég nefndi, hafi horfið kannske í veigamiklum atriðum frá þeim sjónarmiðum, sem hann í upphafi hélt þar fram og hver um sig vonaði að fá framgengt. Ég veit, að ég gerði þetta, og ég hygg, að aðrir nm. geti sagt þá sömu sögu, að okkur tókst að ná samstöðu með því hver fyrir sig að gefa eftir, og hvað sem um þær till., sem við setjum fram verður sagt, hefur verið tekið verulegt tillit til allra eðlilegra og sanngjarnra óska, sem einstaka þm. úr hinum ýmsu kjördæmum hafa sett fram, þó að við í öllum tilfellum höfum ekki getað orðið við öllum óskum, sem ég tel ekki óeðlilegt, því að heföum við sagt bara við hvern þingmannahóp úr hverju kjördæmi: „segið þið til, hvað þið viljið láta gera," þá var engin ástæða til fyrir okkur að vera að eyða neinni vinnu í þetta, það var bara að taka saman óskir manna úr hverju kjördæmi, setja það í tillöguform og leggja það inn í þingið. En við kusum að hafa á þessu annan hátt, að kynna okkur málið og vega og meta þau sjónarmið, sem fram komu, og reyna að gera okkur grein fyrir málinu í heild, og ég endurtek það, sem ég sagði hér í gær, að niðurröðun veiðisvæðanna, eins og þau koma fram í till. n., var gerð að mjög yfirveguðu máli, og málið í heild hangir allt saman saman, þannig að ef það verður farið í stórvægilegum atriðum að breyta till., þá eru þær ekki að mínum dómi nálægt því að vera þess virði, sem ég tel þær þó vera, eins og þær koma fram í því frv., sem hér liggur fyrir.

Sigurvin Einarsson: Herra forseti. Ég skal ekki lengja þetta mikið. Það voru aðeins nokkur atriði í ræðu hv. 3. þm. Sunnl., sem ég vil víkja að. Hann vildi halda því hér fram, að landhelgisnefndin hefði í öllum efnum fylgt óskum Vestfirðinga, og af því leiðir, ef þetta væri rétt hjá honum, að við þm. Vestf. erum þá á móti óskum Vestfirðinga. Það hlýtur að vera (**GuðlG:** Þetta sagði ég aldrei...) Nei, en hvernig er hægt að samræma þetta? Það er það, sem ég er að spyrja um. Ef landhelgisnefndin fylgir óskum Vestfirðinga, þá fylgjum við þm. þeim ekki, það er áreiðanlegt.

Hv. þm. sagði, að það hefði ekki verið minnzt á Húnaflóa á Ísafjarðarfundinum. Ég held, að hann segi þetta alveg rétt. Það var ekki rætt um Húnaflóa á Ísafjarðarfundinum. En var ekki rætt um hann á Sauðárkróksfundinum, og mættu ekki Strandamenn þar og ég ætla einhverjir Húnvetningar og mótmæltu harðlega veiðiheimildum inni í Húnaflóa? (Gripið fram í.) Nú, hv. þm. segir, að það séu engar veiðiheimildir ætlaðar inni í Húnaflóa. M. ö. o. Húnaflóinn nær þá ekki lengra en út að línu frá Selskeri í Ásbúðarrif. En í frv. sjálfu frá þessum hv. þm. stendur „nema í Húnaflóa utan við grunnlínu" o. s. frv. Þarna eru þó nm. farnir að tala um Húnaflóa utan við þessa grunnlínu úr Selskeri í Ásbúðarrif. Og hvernig er nú hægt að koma þessu saman, að Húnaflóinn nái ekki nema út að þessari línu, en sjálfir tala þeir um Húnaflóa utan við línuna í sjálfu frv.? (Gripið fram í.) Nei, ég held, að á Sauðárkróksfundinum hafi verið greinilega mótmælt veiðiheimildum þarna í Húnaflóa, og það vita það allir, að fiskimiðin hjá þeim Strandamönnum og Skagstrendingum eru fyrir norðan þessa línu fyrst og fremst. Þess vegna eru þeir á móti þessu. Og var þetta ekki nóg? Var þetta ekki nóg vitneskja fyrir hv. landhelgisnefnd til þess að vita, hvað þeir vildu þarna, sem mest áttu í húfi? Þá segir hann, að það hafi ekki verið minnzt á Breiðafjörð. Það var minnzt á veiðisvæðin fyrir ströndum Vestfjarða í einni heild og harðlega mótmælt að auka veiðiheimildirnar frá því, sem þá var, nema af tveim eða þremur mönnum á Ísafjarðarfundinum, sem óskuðu eftir tveimur hólfum. Að öðru leyti var því mótmælt af Vestfirðingum yfirleitt að auka þessar veiðiheimildir. Og var það ekki nóg? Áttu þeir að telja upp hvern einasta stað fyrir ströndum Vestfjarða? Var þetta ekki nóg vitneskja? Ætli við séum þá í einhverju ósamræmi við vilja Vestfirðinga í þessu máli, þegar við flytjum um þetta till.? Nei, ég held síður en svo. Hv. þm. talaði um, að það væri ósanngjarnt að vilja loka Breiðafirði. Það er ekkert um það að ræða núna. Það er búið að samþykkja

veiðisvæði inn um Breiðafjörð svo að segja jafnlangt og fiskur gengur. Við erum ekki að flytja núna neina brtt. við það, heldur aðeins að togurunum verði ekki heimiluð veiði í þessu eina hólfi, fjögurra mílna hólfinu suður af Bjargtöngum og suður flóann, en öllum öðrum skipum verði heimilt að veiða þar, án þess að við flytjum frekari brtt. við það. Þetta er nú öll lokunin, sem við erum með á ferðinni í dag. Alveg eins er um Húnaflóann. Við ætlum ekki að hrófla frekar við því, sem búið er að samþykkja að öðru leyti en því, að togarar fari ekki inn í flóann. Hin skipin öll, upp að 350 tonna stærð, mega þá gera það, eftir því sem búið er að samþykkja og við höfum ekki frekar flutt till. um. Hvað er þá ósanngirnin mikil hjá okkur? Hún er sú hvað þetta snertir, þessar till. í dag, að við verðum lausir við togarana, stóru skipin, á þessum tveimur blettum og búið. (Gripið fram í.) Ef hv. þm. veit það ekki enn, þá held ég, að það sé vonlaust að sannfæra hann um það, það sem eftir er af þessum degi.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Það voru aðeins nokkrar aths. Mér sýnist nú, að það sé ákaflega þýðingarlítið að ætla að halda uppi umr. um þetta mál á þeim grundvelli, sem hér hefur komið fram hjá ýmsum. Sérstaklega finnst mér það einkennandi, að ef skýrt er frá staðreyndum í málinu og þær passa nú ekki alveg við tilfinningar einhverra manna, þá hrökkvi þeir alveg upp af standinum og þoli slíka frásögn með engu móti. Einn hv. þm., hv. 4. þm. Vestf., sem er mjög kunnugur útvegsmálum og ætti nú að þekkja talsvert til í þessum efnum, hrökk t. d. svo upp af standinum í gær við það að heyra mig líklega aðallega segja hér frá ákveðnum hlutum — hann gefur eiginlega þá skýringu á því, að hann hafi greitt atkv. á móti frv. Ekki heyrði ég hann þó tilgreina eitt einasta atriði þess efnis, að þar hefði ég farið með rangt mál, ekki eitt einasta. En sumt af því, sem ég sagði, virðist nú hafa farið svona í taugarnar á þessum hv. þm. En ég ætla ekki að fara að karpa frekar við hann eða aðra um þetta mál. Ég vil aðeins láta hér uppi enn þá mínar skoðanir á vissum atriðum varðandi það, sem hér er umdeilt. Það er kunnugt, að þm. Vestfjarðakjördæmis hafa samþykkt fyrir sitt leyti, að opnuð yrðu tvö veiðisvæði út af Vestfjörðum fyrir togveiðibátum á tilteknum tímum, þ. e. a. s. að haustlagi til frá 15. september og til áramóta, upp að fjögurra mílna mörkum. Og þessar veiðiheimildir eru fyrst og fremst gefnar á þessu svæði vegna þess, að þarna er um að ræða, og þó aðallega á öðru svæðinu, auðug flatfiskimið, og á þessum tíma sækjast menn eftir þessum dýrmæta fiski, og menn hafa gengið til móts við þetta sjónarmið. En þegar fram koma nákvæmlega sams konar till. um að opna hliðstæð svæði vegna hliðstæðra veiða í norðanverðum Breiðafirði, þar sem alls ekki er gengið nær landi heldur en úti fyrir fjörðunum fyrir vestan, þá má ekki veiða flatfiskinn á Breiðafirði, þar sem þó er um miklu meiri almenna friðun að ræða heldur en úti fyrir Vestfjörðum. **(MB:** Það má ekki rétta sumum litla fingurinn.) Ég segi það, að ég get ekki fyrir mitt leyti á nokkurn hátt fallizt á þetta. Ég sé ekkert vit í þessu. Ég tel, að þar sem er meiri friðun fyrir hendi og hefur verið um langan tíma eins og er á Breiðafirði, þá sé ekki minni ástæða til þess að opna eitthvað þar fyrir þessum veiðum, af því að þar er aðeins um að ræða líka veiði að haustlagi til frá 16. september til áramóta. Og þeir, sem hér áttu mestan hlut að máli, þeir, sem mættu með okkur á fundum hér í Stykkishólmi, lögðu alveg sérstaka áherzlu á það, að þessi svæði yrðu opnuð á þessum tíma. Ég verð að segja það líka, að sjónarmið þau, sem koma m. a. fram hjá þessum hv. þm. varðandi þennan margumtalaða Húnaflóa, sem lengi er nú hægt að teygja þar norður í höf, hvert hann nái — þá verð ég líka að segja það, að sú till., sem þm. Vestfjarða sendu landhelgismálanefndinni, þar sem þeir féllust á það, að ef gengið yrði út frá grunnlínunum frá 1961 í staðinn fyrir 1958 varðandi þessar veiðar eins og alls staðar er lagt til í frv. annars staðar á öllum stöðunum — það er misskilningur hjá hv. 1. þm. Vestf., að það sé ekki gert, þannig er því háttað, en þm. Vestfjarða lögðu til, að heimilaðar yrðu togveiðar á þessu svæði á norðanverðum Húnaflóa upp að fjögurra mílna mörkum og það gilti einnig fyrir togarana. Ef till. þeirra eru bornar saman við till. okkar, sem hér liggja fyrir í frv.-formi, þá fela þær það í sér, að þeir leggja til, að stóru togararnir fái auknar veiðiheimildir nær landinu norðan til á þessu svæði og auknar veiðiheimildir frá því, sem við leggjum til, á svæðinu út af Skaga. **(Gripið fram í:** Þetta er rangt.) Þetta er rétt. (Nei.) Þetta er rétt, þýðir ekkert að bera á móti því, till. liggja fyrir. En hins vegar gera þeirra till. ráð fyrir minni togveiðiheimildum fyrir báta. Ég fyrir mitt leyti hef þá skoðun, að hér sé ranglega að málum staðið, og þetta fer líka mjög þvert á þær till., sem að öðru leyti eru mótaðar í frv. n. Og því töldum við rétt, að á þessu svæði, alveg eins og á svæðinu fyrir sunnan Langanes og eins og á svæðinu á Selvogsbanka, yrði miðað við grunnlínurnar frá 1958, en ekki frá 1961. Og þannig er að málinu staðið. En af hálfu þm. Vestf. hefur verið farið fram á það, að á eina svæðinu, þar sem þarna skakkar, sem sagt á Húnaflóa, þar yrði gengið út frá grunnlínunum frá 1961, en á hinum stöðunum frá 1958. Og afleiðingarnar yrðu þá þessar samkv. þeirra till., eins og ég segi, að norðan til á svæðinu fengju stóru togararnir auknar veiðiheimildir frá því, sem við leggjum til, og út af Skaga auknar veiðiheimildir frá því, sem við leggjum til, en bátarnir mun minni og togararnir nokkuð minni heimildir út að miðjum Húnaflóa. Það er rétt.

Ég skal svo ekki orðlengja ýkja mikið um þetta. Mér finnst, að hv. 1. þm. Vestf. ræði ævinlega um þessi mál þannig, að hafi ekki verið farið eftir því, sem þm. úr einu kjördæmi hafa lagt til, þá sé sýnd óbilgirni, eða hafi ekki verið farið eftir því í tillagnagerðinni, sem almennast hefur komið fram á viðræðufundum í héraði, þá sé líka sýnd óbilgirni. Ég vil t. d. segja þessum hv. þm. það, að þær raddir, sem komu fram á Austurlandi, voru almennt um miklu meiri lokun fyrir botnvörpu heldur en við þm. Austurlands stöndum nú að. Og við vildum á margan hátt hafa þessar reglur á annan veg en nú er gert. En við höfum fallizt á það vegna þeirrar heildarmyndar, sem kemur út úr tillagnagerðinni, að standa að þessum till. En það er vitanlega engin leið að hafa nokkurt vit í þeim reglum, sem á að setja, ef þm. úr hverju kjördæmi ættu að setja reglurnar algerlega einir fyrir sig, þá yrði landhelgin heldur skrýtileg. En það er mín skoðun, ég hef sagt það áður og hún er

þannig enn, að ég tel, að það hafi síður en svo í þessum till. verið hallað á sjónarmið Vestfirðinga eða þeirra, sem mestra hagsmuna eiga að gæta hér við Faxaflóa, því að áfram er það svo, að á þessum svæðum verður friðunin fyrir togveiðum langsamlega mest við landið.

Því hefur verið lýst hér yfir, að það muni verða gefið fundarhlé hér til þess að líta á þær till., sem fram eru komnar. N. hefur þó fjallað um þær allar, og ég hef nú ekki mikla trú á því, að afstaðan breytist mikið til þeirra, af því að þær hafa verið ræddar ýtarlega þessar till. í n. En það er sjálfsagt að athuga enn um það, hvort samstaða getur orðið hér um einhverjar breytingar, þannig að það þurfi þá ekki að raska hér heildarmyndinni. En karpi hér um önnur aukaatriði ætla ég ekki að skipta mér af eða taka þátt í. Það hefur lítið að segja, og jafnvel þó að einhverjir hafi nú reiðzt á einhverju stigi málsins út af einhverju, sem hér hefur verið sagt, vona ég það nú, að þeir þoli það að lesa yfir till. í annað eða þriðja sinn og átta sig á því, hvað í þeim felst, og reyni að miða sína afstöðu við það, en ekki við einhver skyndiviðbrögð út af einhverjum orðum, sem hér kunna að hafa fallið.

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. 29. marz í vetur sendum við allir 4 þm. Norðurl. v., sem eigum sæti hér í þessari hv. d., bréf til landhelgisnefndarinnar, sem var þannig, með leyfi hæstv. forseta:

„1. Viljum leyfa öllum togskipum veiðar inn að 8 mílum frá grunnlínu (þá miðum við auðvitað við þá grunnlínu, sem í gildi er), en togbátum að 6 mílum á tímabilinu frá 1. október til 1. maí.

2. Leggjum áherzlu á, að engar undanþágur verði leyfðar til togveiða á Húnaflóa og Skagafirði innan ofangreindra marka."

Það var vitað, að sá af þm. kjördæmisins, sem á sæti í hv. Ed., var þessu samþykkur, þó að við næðum ekki til hans til að skrifa undir bréfið, þegar við afgreiddum það. En það er af þessu að segja, að sú hv. n., þó að mikið sé talað um, að hún hafi verið að reyna að miðla málum, tók þetta á engan hátt til greina, sem við fórum hér fram á, alls ekki, og því var það, að við tókum þátt í *því með hv. þm. Vestfjarðakjördæmis að flytja um* þetta brtt. við framkomið frv. við 2. umr. Og brtt. okkar voru felldar sem kunnugt er. Nú gerum við tilraun til þess að fá þetta hólf, sem þeir vilja opna þarna innar í Húnaflóa, friðað fyrir stóru skipunum, fyrir togurunum, viljum miða veiðiheimildina á þessu svæði þarna inni í flóanum við skip, sem eru 350 smálestir og þar fyrir neðan. Og ég vil benda á það, að það eru einmitt a. m. k. á tveimur stöðum í þessu frv. slíkar heimildir til togveiða miðaðar við skip af þessari stærð. Það er í C2 við Suðausturland og það er í E2 á Reykjanes- og Faxaflóasvæði. Þarna eru veiðiheimildir á vissum svæðum miðaðar við skip af þessari stærð, 350 rúmlestir eða minna. Og ég tel það sanngjarnt, að það sama verði látið gilda um þetta svæði þarna á Húnaflóa, úr því að ekki fékkst samþykkt að friða það að öllu leyti fyrir togveiðum. Og ég vona, að hv. þdm. geti því á þessa brtt. fallizt. [Fundarhlé.]

Frsm. (Birgir Finnsson): Herra forseti. Sjútvn. hefur að beiðni þm. og hæstv. forseta komið saman til að athuga þær brtt., sem fyrir liggja við frv. til l. um heimildir til botnvörpuveiða innan landhelginnar. Er skemmst frá því að segja, að innan n. er ekki samkomulag um neina af þessum brtt., og get ég því ekki fyrir hönd n. mælt með þeim eða móti.

Pétur Sigurðsson: Herra forseti. Ég skal nú ekki lengja þessar umr. mikið úr þessu, enda hefur nú flest komið fram í málinu, sem fram þarf að koma, og allra sízt vil ég verða til þess að auka á sálarkreppu þeirra Vestfjarðaþm., eins og virðist vera komin í ljós hér í umr., en get þó ekki stillt mig um að segja, að það sé eiginlega í hæsta máta óviðurkvæmilegt, þegar þeir standa hér upp og tala um þá, sem frv. fylgja í meginatriðum, *sem hina verstu botnsköfumenn hafandi í* huga, að hvergi á Íslandi hafa aðrar eins botnsköfuveiðar verið leyfðar og stundaðar eins og í innfjörðum Vestfjarða, og á ég þar að sjálfsögðu við rækjuveiðarnar, og hefur gengið mikið á á undanförnum árum til þess bæði að auka bátafjölda við þær veiðar og lengja þann tíma, sem þær eru stundaðar. En í sjálfu sér er þetta ákaflega skiljanlegt vegna þess, að þessar veiðar **eru eingöngu til hagsbóta fyrir Vestfirðinga, svo að það** er ákaflega skiljanlegt, að þeir séu ánægðir með þær. Það hefur komið fram hér í umr., að hv. þm. Vestfirðinga eru mjög óánægðir yfir því, að landhelgismálanefnd tók ekki til greina allar ábendingar og óskir, sem komu fram frá þm. Vestfjarða. Ég minnist þess, að landhelgismálanefnd fór þess á leit við þingflokkana, að þm. Reykjavíkur kysu sér 5 manna n. til þess að gera till. til landhelgismálanefndar. Mér er ekki kunnugt um, að landhelgismálanefnd hafi orðið við einni einustu ósk frá þm. Reykv. En vegna þess, að þm. Vestf. fá ekki allar sínar óskir uppfylltar, þá standa þeir hér upp hver um annan þveran og telja, að á sér sé brotið og það sé ekki orðið við sanngjörnum óskum þeirra. Hins vegar hefur það komið líka vel í ljós í þessum umr., hvað við er átt með þeim brtt., sem fram eru lagðar. Það er það að leyfa aðeins veiðar fyrir þeirra landi, sem þeir kalla, fyrir þau skip, sem eru úr þeirra heimabyggð. Þetta er alveg bersýnilegt, og á þetta hef ég bent, og þess *vegna hefur sumum þeirra runnið heldur betur fyrir* brjóstið, og eins og ég sagði áðan jafnvel orsakað sálarkreppu.

Það hefur minna verið rætt um botnvörpuna sem veiðarfæri í sjálfu sér. Það hefur verið rifizt hér um þessi svæði. Ég hef margt við þessi svæði að athuga. Ég taldi hins vegar hér s. l. föstudag, að landhelgismálanefnd hefði tekizt þolanlega vel að koma þessum till. frá sér og reyna að samræma sem flestra manna sjónarmið. Og ég hef ekki gert neinar brtt. við breytingar á till. n. um svæðin. Hins vegar tel ég eins og fyrrnefnd 5 manna n., sem kjörin var af Reykjavíkurþm., að þetta með stærð fleytunnar sé óréttlæti miðað við það, hvernig skiptingin er á flotanum hér á landi, og tel það enn og hef þess vegna leitazt við bæði við 2. umr. málsins og núna við 3. umr. málsins að fá nokkra leiðréttingu þar á, vegna þess, eins og ég tók fram í fyrri ræðu minni hér, að ein meginástæðan fyrir því, að þessar veiðar eru leyfðar, er atvinnuleysið á stöðunum, *hráefnisskorturinn í fiskvinnslustöðvunum*, og ég fæ ekki séð miðað við þær staðreyndir, sem fyrir liggja um

þann fisk, sem úr botnvörpunni kemur, að fyrir fiskvinnsluna og hraðfrystihúsin í landinu eða fólkið, sem í þeim vinnur, sé sá fiskur verri, sem frá togurunum kemur heldur en minni bátunum.

Við verðum líka að hafa það í huga, að þegar menn tala um botnvörpuna og botnvörpuveiðarnar og það sé verið að ganga á mið, sem notuð séu af öðrum veiðarfærum eða skipum með önnur veiðarfæri, þá skulum við hafa líka í huga, að það er ekki lengra síðan heldur en um síðustu páska, að 2000 tonn af fiski fóru í gúanó úr netum yfir páskahelgina á Vestmannaeyjamiðum. Ég veit það, að landhelgismálanefnd, sem á samkv. sínu skipunarbréfi að gera till. um öll helztu veiðarfæri og veiðisvæði, sem nú eru nýtt hér í kringum land, a. m. k. innan fiskveiðilögsögunnar, hún á eftir að gera till. um takmarkanir á netaveiðum, sem fyllilega er orðið tímabært, eins og reyndar kom fram hjá hv. Vestfjarðaþm. Matthíasi Bjarnasyni, þegar hann talaði um það, að Breiðafjörðurinn væri kannske með sjöföldu girðingarneti neta yfir hávertíðina. Ég álít, að þetta sé miklu hættulegra atriði fyrir fiskgöngur og fiskveiðar á Breiðafirði heldur en nokkurn tíma það, að skipum verði leyft á ákveðnum mjög takmörkuðum svæðum utarlega á Breiðafjarðarflóa að veiða með botnvörpum á ákveðnum tímum ársins.

Vegna þeirra orða, sem hér féllu um það hjá einum ræðumanni, að hann áliti, að togararnir væru byggðir til þess að veiða á hafi úti, þá hélt ég nú satt að segja, að þessir bátar væru það líka. En ég endurtek einu sinni enn þá fullyrðingu mína og staðhæfingu, sem ekki verður hrakin, að þegar þessi skip voru byggð, voru þau byggð með fulla nýtingu landhelginnar í huga þann hluta ársins eða veiðiferðar, sem þeir þurftu á grunnmiðum að halda, alveg hreint eins og ekki síður heldur en þau skip, sem nú er verið að gefa sérstakar heimildir til að fá að veiða á þessum hinum sömu miðum. Ég tók líka fram hér í umr. við 2. umr., að eftir atvikum gæti ég fallizt á, að ákveðinni stærð báta væru veittir þeir sérhagsmunir að vera utan svæða, sem stærri togveiðiskipin stunduðu sínar veiðar á. Þetta getur verið réttlætanlegt af ýmsum orsökum. Það er rétt auðvitað, að stærri skipin eru stórvirkari, en það er um sama veiðarfærið að ræða, og þegar mergðin er komin, veit ég það, að í hugum þeirra, sem hugsa um einhvern hugsanlegan skaða af veiðarfærinu sjálfu, þá verður hann ekki minni af mergð minni skipanna heldur en af 7—8 togurum, sem stunda veiðar ákaflega takmarkaðan tíma ársins á þessum miðum.

Hv. þm. Guðlaugur Gíslason, 3. þm. Sunnl., talaði mikið um það, að togurunum hefði verið veittur aukinn réttur og væri veittur aukinn réttur með þessu frv. Það er alveg rétt. En það er hins vegar langt frá því að koma á móti bæði fyrrnefndri nefnd Reykvíkinga og reyndar öðrum togaramönnum og þar á meðal samtökum togaraeigenda og togarasjómanna. Það hefur ekki verið komið á móti þeirra óskum, og fer það saman við óskalista hv. þm. á Vestfjörðum. Hann talaði um það, að ef markaðshorfur togara eru góðar, sigli þeir, þegar hann ræddi um þá brtt., sem ég hef flutt á þskj. 655. Þetta gildir auðvitað nákvæmlega sama fyrir bátana, en við skulum bara hafa það í huga, að togararnir hafa ákveðið magn, leyfi til þess að selja ákveðið magn í Bretlandi og Þýzkalandi, og fram yfir það geta þeir ekki farið. Á ákveðnum tímum ársins verða þeir að veiða hér heima, og enn fremur hafa eigendur þeirra togara, a. m. k. þau fyrirtæki, sem rekin eru af bæjarfélögum, talið sér skylt vegna rekstrarfyrirkomulags þessara skipa að láta þau halda uppi atvinnu með löndun síns afla í viðkomandi byggðarlögum. Og þar til viðbótar, eins og ég hef þegar getið um, hafa þeir verið sendir til veiða eingöngu til þess að afla fiskjar til neyzlu t. d. hér í Reykjavík, þannig að ég fæ ekki séð annað heldur en það væri fyllilega fært fyrir hv. þd. að samþykkja þessa brtt. hafandi í huga þær atvinnuaðstæður, sem eru bæði í Reykjavík og kaupstöðunum og fyrirsjáanlegar eru því miður a. m. k. fram eftir sumri, og þess vegna hef ég flutt þessa brtt. nú við 3. umr.

Matthías Bjarnason: Herra forseti. Ég skal ekki lengja mjög þessar umr., en ég vil aðeins svara hv. 3. þm. Sunnl., sem hér talaði fyrir fundarhléið. Hann í raun og veru við 2. umr. málsins hafði sömu orð, hann fór að tala um þann fund, sem landhelgisnefndin hélt vestur á Ísafirði, þar hefði ekki verið minnzt sérstaklega á Breiðafjörðinn, og mér fannst gæta enn þá mikils ókunnugleika hjá þessum hv. þm. á því, að það var talað auðvitað um fiskimiðin fyrir Vestfjörðum, og maður, sem búinn er að kynna sér svo vel Íslandskortið að undanförnu, ætti að vera farinn að sjá það og vita, að Breiðafjörður allt að Gilsfirði tilheyrir nú Vestfjörðum, og auðvitað hlýtur sjórinn út af þessu svæði að tilheyra þá Vestfjörðum eða vera út af Vestfjörðum, og þetta eru bátamið suðurhluta Vestfjarða, ekki eingöngu eins og hann sagði á vetrarvertíð, heldur er mikill fjöldi báta, sem veiðir á Breiðafirði allt sumarið, því að frá Vestfjörðum er sennilega stærsta smábátaútgerð á öllu landinu, þannig að þessi mið skipta miklu máli fyrir lífsafkomu mikils fjölda fólks í þessum byggðarlögum.

Það kemur líka fram sami misskilningur hvað eftir annað hjá hv. 10. þm. Reykv., að við séum með okkar till. að ætlast til þess, að það séu einhverjir ákveðnir bátar af ákveðnum stærðum, sem eigi að fá að veiða á ákveðnum miðum. Það, sem um er að ræða í þessu sambandi, er það, að við erum á móti og viljum ekki svona víðtækar botnvörpuveiðar. Hins vegar er auðvitað bát, hvar sem hann á heima á landinu, heimilað að veiða á þessum svæðum alveg eins og heimabátum með sömu veiðarfæri. Þetta hélt ég, að þyrfti ekki að margendurtaka fyrir greindum og glöggum mönnum, en þeir virðast einhvern veginn, sumir menn, bíta í sig hér alls konar vitleysur, sem þeir eru búnir að margjagast á undanfarna daga.

Ég veit ekki annað en þessi hv. þm. hafi verið á sínum yngri árum — hann er að vísu ekki gamall enn þá, en hann var þá ungur að árum — á dragnót á Húnaflóa. Það var ekkert bannað fyrir Keflvíkinga eða Reykvíkinga að stunda dragnótaveiðar á Húnaflóa. Og hann var við þær veiðar, og hann var ekkert óvelkominn á þau mið. Hinu er ég ekkert undrandi á, þegar hann sagði, að landhelgisnefndin hefði ekki tekið tillit til óska Reykjavíkurþm. Þó að henni sé nú svona ýmislegt vel gefið, landhelgisnefndinni, þá get ég nú ekki skilið, hvernig hún hefði átt að taka tillit til sameiginlegra óska Reykjavíkurþm. Að vísu fylgdu tveir Reykjavíkurþm.

till. hv. 10. þm. Reykv., Péturs Sigurðssonar, og það voru nú ekki ómerkari menn en hv. 1. þm. Reykv., hæstv. forsrh., og svo einn af höfuðleiðtogum Alþb., hv. 6. þm. Reykv., Magnús Kjartansson. Aðrir þm. Reykv. fylgdu ekki togaratill. hv. 10. þm. Reykv., Péturs Sigurðssonar. Hvernig er hægt að samræma skoðanir hv. 4. þm. Reykv., Þórarins Þórarinssonar, og hv. 9. þm. Reykv., Hannibals Valdimarssonar, í þessum efnum við skoðanir hv. 10. þm. Reykv., 1. þm. Reykv. og 6. þm. Reykv.? Það er auðvitað allt annað fyrir landhelgisnefndina að geta ekki tekið afstöðu til till. frá þm. í kjördæmi, sem hafa ólíkar skoðanir á málinu, en þessu var bara ekki að heilsa með þm. Vestfirðinga. Við stóðum bara allir eins og einn maður að okkar till. Það var ekki þar um neinn klofning að ræða. Það voru allir á sömu skoðun.

Ég skal svo ekki hafa þessi orð miklu fleiri. En hv. 10. þm. Reykv. talaði um sálarkreppu hjá okkur þm. Vestfirðinga. Við höfum nú ekki heyrt á þetta minnzt fyrr. Það getur vel verið, að hann þekki þennan sjúkdóm, en hann hefur ekki náð neitt vestur til okkar. Okkar sálir eru ekki í neinni kreppu, og við munum halda okkar andlegu heilsu þrátt fyrir það, að hann og hans skoðanabræður beri hér sigur úr býtum um sinn í þessu máli. En það koma tímar, að aftur verði frá að hverfa, þó að meiri hl. í þessari þd. ætli að halda sér svo fast við þessar kenningar, sem landhelgisnefndin hefur lagt til með þessu frv.

ATKVGR.

Brtt. 661,a felld með 19:16 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: HS, HV, IG, JónasÁ, MB, PJ, SE, SkG, SV, SP, ÞÞ, BF, BP, GeirG, JJ, ÓL.

nei: GÞG, IngJ, JóhH, JSk, JP, LJós, MK, PS, SI, EKJ, VH, ÁÞ, BK, BBen, BrS, EystJ, FÞ, GuðlG, MÁM

5 þm. (SB, BGr, BGuðm, EðS, EmJ) fjarstaddir.

Brtt. 653 felld með 19:15 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GeirG, JJ, HS, HV, IG, JónasÁ, MB, PJ, SE, SkG, SV, SP, ÞÞ, BP, FÞ.

nei: GuðlG, GÞG, IngJ, JóhH, JSk, JP, LJós, MK, PS, SI, EKJ, VH, ÁÞ, BF, BK, BBen, BrS, EystJ, MÁM.

ÓL greiddi ekki atkv.

5 þm. (SB, BGr, BGuðm, EðS, EmJ) fjarstaddir.

Brtt. 661,b felld með 19:15 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: BF, BP, GeirG, JJ, ÓL, HS, HV, IG, JónasÁ, MB, PJ, SE, SkG, SP, ÞÞ.

nei: ÁÞ, BK, BBen, BrS, EystJ, FÞ, GuðlG, GÞG, IngJ, JóhH, JSk, JP, LJós, MK, PS, SI, EKJ, VH, MÁM.

SV greiddi ekki atkv.

5 þm. (SB, BGr, BGuðm, EðS, EmJ) fjarstaddir.

Brtt. 656 samþ. með 26 shlj. atkv.

— 655 felld með 23:5 atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 25:9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: BP, BrS, EystJ, FÞ, JJ, GuðlG, GÞG, HS, IngJ, IG, JóhH, JSk, JP, LJós, MK, PS, SI, SV, EKJ, VH, ÁÞ, BF, BK, BBen, MÁM.

nei: GeirG, HV, JónasÁ, MB, PJ, SE, SkG, SP, ÞÞ.

ÓL greiddi ekki atkv.

5 þm. (EðS, EmJ, SB, BGr, BGuðm) fjarstaddir.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Geir Gunnarsson: Herra forseti. Ég er í mörgum atriðum samþykkur þeim auknu togveiðiheimildum, sem í þessu frv. felast, en hins vegar tel ég, að á einstaka stöðum við landið, m. a. á mikilvægum uppeldisstöðvum fisks, sé allt of langt gengið. Ég get ekki staðið að lagasetningu, sem í eru fólgin slík ákvæði, og segi nei.

Jónas Árnason: Herra forseti. Ég vísa til grg. frá hv. 6. landsk. þm. hér áðan. Ég er sammála afstöðu hans og segi þess vegna nei.

Frv. afgr. til Ed.

Á 87. fundi í Ed., 7. maí, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 663).

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 15 shlj. atkv.

Dómsmrh. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Frv. þetta til l. um breytingu á l. um bann gegn veiðum með botnvörpu og flotvörpu hefur hlotið afgreiðslu Nd. með ekki ýkja miklum ágreiningi. Frv. er þannig til komið, að ég tel mig ekki þurfa að gera hv. þm. sérstaka grein fyrir efni þess, það hefur verið haft það náið samband við alla þm. og reyndar miklu fleiri í sambandi við undirbúning málsins. Hv. þdm. er fullkunnugt um með hverjum hætti þetta frv. er til orðið. Það hefur fallið í minn hlut að flytja þetta frv. eftir að landhelgisnefnd, sem undirbjó málið, hafði um það bil lokið störfum sínum. Þá var hafizt handa um það í dómsmrn. að koma till. n. í frv.-form, og unnu að því ráðuneytisstjórar í dómsmrn. og sjútvmrn., auk deildarstjórans í sjútvmrn., sem var hnútum öllum kunnugastur, en hann hafði verið ritari landhelgisn., en einnig kvaddi ég Gizur Bergsteinsson hæstaréttardómara til ráðuneytis við undirbúning frv.

Ég vil aðeins á þessu stigi málsins láta í ljós þakklæti mitt til landhelgisn. fyrir ágæt störf, sem hún hefur unnið af mikilli elju og að mínum dómi innt af hendi mjög gott starf við undirbúning þessa frv. Fjórir nm. eiga sæti í Nd., en einn nm., formaðurinn, 5. landsk. þm., hér í þessari hv. d.

Ég veit, að hv. þdm. gera sér fulla grein fyrir eðli þessa máls. Það er alvarleg tilraun til þess að afgreiða löggjöf í mjög viðkvæmu máli, sem æ ofan í æ hefur mistekizt á undanförnum árum. Það liggur að mínum dómi mjög mikið við, að frv. nái fram að ganga. Það hefur verið haft við orð af sumum, að allt að því sómi Alþ. liggi við, að þetta mál hljóti afgreiðslu nú. Mér er ljóst, að það getur ekki orðið með samkomulagi allra, því miður, en ég vil leyfa mér að vara við því, að nokkrar breytingar, sem verulegar geta talizt, verði úr þessu gerðar á þessu máli, því ég hygg, að með því muni framgangi þess vera stefnt í verulega hættu. Um þetta skal ég ekki fara fleiri orðum, en leyfi mér, herra forseti, að leggja til, að málinu verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. sjútvn.

Jón Árm. Héðinsson: Herra forseti. Mér þykir hlýða að fjalla hér um þetta frv., þar sem ég var form. þeirrar n., sem kölluð hefur verið landhelgisnefnd eins og hæstv. dómsmrh. gat um. Sem kunnugt er, skipaði hæstv. sjútvmrh. skv. tilnefningu stjórnmálaflokkanna 5 manna n. 2. okt. s. l. til þess, eins og segir í erindisbréfinu, að gera till. um fiskveiðar í fiskveiðilandhelginni til ríkisstjórnarinnar. Þessir menn voru skipaðir í n.: Guðlaugur Gíslason og Sverrir Júlíusson tilnefndir af Sjálfstfl., Jón Skaftason tilnefndur af Framsfl., Lúðvík Jósefsson tilnefndur af Alþb. og Jón Ármann Héðinsson tilnefndur af Alþfl., sem jafnframt var skipaður formaður n. N. fékk leyfi til að ráða sér ritara, og var Jón Arnalds deildarstjóri í sjútvmrn. ráðinn ritari n. N. hóf störf í síðustu viku okt. og ákvað að viða að sér sem mestum upplýsingum og sjónarmiðum um togveiði innan fiskveiðitakmarkanna. Verkefni nm. var mjög viðamikið samkv. erindisbréfinu og augljóst mál, að engan veginn mundi vinnast tími til þess að gera till. um alla þætti þeirra mála, sem talað var um í erindisbréfinu. Þess vegna var ákveðið að einbeita sér að því að ná saman till. um breyttar togveiðiheimildir í fiskveiðilögsögunni. Það bar brýna nauðsyn til þess strax, eins og á stóð um togveiðar landsmanna. Ég ætla til glöggvunar í örstuttu máli að rekja, hvernig viðáttu íslenzkrar fiskveiðilandhelgi hefur verið háttað og hvernig veiði, einkum botnvörpu-, flotvörpu- og dragnótaveiði, hefur verið heimiluð innan fiskveiðilandhelginnar. Ekki er hægt að tala um landhelgi Íslands í eiginlegri merkingu þess orðs, fyrr en árið 1631. Þá var landhelgin ákveðin 6 danskar mílur eða 24 sjómílur. Þessi regla gilti til 1662, en þá var landhelgin ákveðin 4 danskar mílur eða 16 sjómílur, og var út frá því gengið, að allar fiskveiðar væru bannaðar útlendingum á þessu svæði, og þá sjálfsagt einnig í flóum og fjörðum. Frá 1859—1901 var fiskveiðilandhelgin í reynd 1 dönsk míla frá landi eða 4 sjómílur talið frá yztu skerjum og eyjum, er upp úr sjó koma. Firðir og víkur landsins voru í landhelgi. Frá 1901 samkvæmt samningi við Bretland er fiskveiðilandhelgin ákveðin þrír fjórðungar úr mílu út frá yztu takmörkum, þar sem sjór gengur eigi yfir fjöru. Í flóum og fjörðum var fiskveiðilandhelgin ákveðin þannig, að lína var hugsuð dregin milli landa, þar sem næst fjarðarmynni eru 10 mílufjórðungar yfir fjörðinn eða flóann. Skyldi allt vera landhelgi, sem innan við þá línu er, enda þótt fjörður sé breiðari en 10 mílufjórðungar, er innar dregur. Út frá línunni í fjarðarmynni skyldi svo landhelgin vera þrír mílufjórðungar. Milli lands og eyja var óslitin landhelgi, ef sund eigi nema 6 mílufjórðungum. Annars höfðu eyjar sjálfstæða landhelgi. En árið 1948 markar tímamót, en þá voru sett lög um vísindalega vernd fiskimiða landgrunnsins, lög nr. 44 5. apríl 1948. Stækkun landhelginnar til þessa dags hefur verið gerð með reglugerðum, samkv. lögum þessum, en í 1. gr. þeirra segir: „Sjútvmrn. skal með reglugerð ákveða takmörk verndarsvæða við strendur landsins innan endimarka landgrunnsins, þar sem allar veiðar skulu háðar ísl. reglum og eftirliti, enda verði friðun á landgrunninu á engan hátt rýrð frá því, sem verið hefur. Ráðuneytið skal einnig ákveða allar þær reglur, sem nauðsynlegar eru til verndar fiskimiðunum á ofangreindum svæðum."

Með reglugerð nr. 46 22. apríl 1950 um verndun fiskimiða fyrir Norðurlandi, er sett var samkvæmt l. um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins nr. 44 1948, var fiskveiðilandhelgi fyrir Norðurl. á svæðinu frá Horni að Langanesi ákveðin 4 sjómílur út frá tilteknum beinum grunnlínum, sem dregnar voru milli yztu annesja, eyja og skerja og þvert fyrir mynni flóa og fjarða. Voru þessir grunnlínustaðir tilgreindir í 1. gr. reglugerðarinnar. Með reglugerð nr. 21 19. marz 1952, sem einnig var sett samkv. l. um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins frá 1948, var fiskveiðilandhelgi við Ísland allt í kringum landið ákveðin 4 sjómílur. Út frá tilteknum, beinum grunnlínum, er dregnar voru milli yztu annesja, eyja og skerja og þvert fyrir mynni flóa og fjarða voru grunnlínustaðir tilgreindir í 1. gr. reglugerðarinnar. Sjálfstæða landhelgi höfðu samkvæmt l. gr. Kolbeinsey, Hvalbakur, Geirfugladrangur og Grímsey. Með reglugerð nr. 70 frá 30. júní 1958 var fiskveiðilandhelgin ákveðin 12 sjómílur. Var reglugerð þessi sett með vísun til áðurgreindra landgrunnslaga nr. 44 frá 1948. Fiskveiðilandhelgin var afmörkuð 12 sjómílur utan við grunnlínu, sem dregin var milli þar til greindra staða, og eru grunnlínustaðir þeir sömu og eftir reglugerð nr. 21 1952. Með reglugerð nr. 3 frá 11. marz 1961, sett samkvæmt landhelgislögunum 1948, var fiskveiðilandhelgin enn stækkuð með breytingu á grunnlínu. Fiskveiðilandhelgin var sem fyrr afmörkuð 12 sjómílur utan við grunnlínu. Skipum, skrásettum í Bretlandi, og seinna skipum skrásettum í Sambandslýðveldinu Þýzkalandi voru þó heimilaðar veiðar á vissum svæðum milli 6 og 12 mílna innan fiskveiðilögsögunnar til 10. marz 1964. Enn fremur voru með auglýsingu frá 1. ágúst 1961 færeyskum skipum heimilaðar handfæraveiðar á vissum svæðum innan fiskveiðilögsögunnar.

Hér hefur verið drepið á víðáttu fiskveiðilögsögunnar, á rétt útlendinga. Skal nú vikið að rétti Íslendinga sjálfra til veiða í fiskveiðilandhelginni. Aðalreglan er og hefur verið sú, að ísl. borgarar einir megi stunda fiskveiði í landhelgi við Ísland með hvers konar veiðiaðferðum og veiðarfærum, nema l. kveði á um annað. Að rekja þær reglur allar, sem gilt hafa á þessari og síðari öldum um notkun og bann við notkun hinna ýmsu veiðarfæra, yrði alltof langt mál. Er það svo löng og margþætt saga. Þar sem aðalinntak nál. er rýmkun heimildar til togveiða, er þó rétt að víkja í örfáum orðum að sögu löggjafar um togveiðar í landhelgi. Lög um botnvörpu- og flotvörpuveiðar í landhelgi hafa verið sett, svo sem hér skal greina: L. nr. 13 frá 9. ág. 1889 um bann gegn botnvörpuveiðum eru fyrstu l., er banna fiskveiðar með botnvörpu í landhelgi við Ísland. L. nr. 24, 10. nóv. 1894, um bann gegn botnvörpuveiði þyngdu viðurlög við brotum að mun frá eldri l. Í l. nr. 8, 6. apríl 1898, um bann gegn botnvörpuveiðum voru hæstu sektarákvæði lækkuð og veittar heimildir til að leita hafna eða koma inn fyrir landhelgi óvart eða í öðrum tilgangi en til veiða. Einnig er innlendum botnvörpuskipum heimilað að leita lands og leggja upp afla o. s. frv., en þá skyldu þó veiðarfæri höfð í búlka. Viðaukalög nr. 27, sept. 1902, við lög 6. apríl 1898, um bann gegn botnvörpuveiðum, leggja sektir við, ef einhverjir aðrir en skipverjar sjálfir leiðbeina skipi um

botnvörpuveiðar í landhelgi við Ísland. Enn fremur fjalla l. um samskipti Íslendinga við útlend botnvörpuskip. L. nr. 18, 8. júní 1902, um breytingu á l. frá 6. apríl 1898 um bann gegn botnvörpuveiðum rýmkuðu heimild fyrir erlend botnvörpuskip til að hafast við í landhelgi með búlkuð veiðarfæri um borð.

Með l. nr. 56 frá 30. júlí 1909 um undanþágu frá l. nr. 18 frá 8. júlí 1902 um breyt. á l. frá 6. apríl 1898 um bann gegn botnvörpuveiði er ísl. togurunum heimilað að hafa veiðarfæri sín óhreyfð, þótt innan landhelgi væri, samkvæmt nánari fyrirmælum landstjórnarinnar. Áður var skylt að hafa veiðarfæri í búlka innan landhelginnar. Með l. nr. 5, 18. maí 1920, um bann gegn botnvörpuveiðum var undanþágа innlendra togara frá 1909 afnumin. Voru úr gildi felld öll fyrri l. um þetta efni. Má kalla, að framtíðarskipan hafi fengizt um þetta. L. nr. 38, 15. júní 1926 um viðauka við botnvörpuveiðal. kveða á um tilslökun um refsingu eða áminningu við fyrsta brot gegn löglegum umbúnaði veiðarfæra, ef ljóst sé af öllu, að eigi hafi beitt verið, né undirbúningur hafinn til veiða í landhelgi. Í l. nr. 56, 23. júní 1936 um breyt. á l. nr. 5, 18. maí 1920 um bann gegn botnvörpuveiðum var ráðh. veitt heimild til að veita vélbátum undanþágu frá banni gegn botnvörpuveiðum innan landhelgi til að stunda kampalampaveiðar á tilteknum svæðum. L. nr. 34, 13. júní 1937, veittu ríkisstjórninni heimild til að veita leyfi til síldveiða með botnvörpu á fjörðum inni. Með l. nr. 5 29. jan. 1951, um breyt. á l. nr. 5, frá 8. maí 1920 um bann gegn botnvörpuveiði var sektarákvæðum l. enn breytt. Með l. nr. 82 8. des. 1952, um breytingu á l. nr. 5 18. maí 1920 um bann gegn botnvörpuveiðum voru l. nr. 56 1936 og l. nr. 34 1937 felld úr gildi. Jafnframt voru bannaðar veiðar með botnvörpu og flotvörpu í fiskveiðilandhelginni, eins og hún hefur verið ákveðin með reglugerð nr. 31 19. marz 1952. Þá var ráðh. veitt heimild til að veita undanþágu frá banninu til að stunda kampalampaveiðar og leturhumarveiðar á tilteknum svæðum, svo og til að leyfa síldveiði í landhelgi með flotvörpu. L. þessi voru staðfest með brbl. nr. 44, 30. apríl 1952. Með reglugerð nr. 87 29. ágúst 1958 voru ísl. skipum, sem veiða með botnvörpu, flotvörpu eða dragnót, heimilaðar veiðar innan fiskveiðilandhelginnar, eins og hún var ákveðin með reglugerð nr. 70 30. júní 1958, á vissum veiðisvæðum og veiðitíma, en þó utan þeirra fiskveiðitakmarka, sem ákveðin voru í reglugerð nr. 21 19. marz 1952, þ. e. utan við línu, sem dregin er fjórar sjómílur utan við grunnlínur, sem dregnar voru milli yztu annesja, eyja og skerja og þvert fyrir mynni flóa og fjarða. L. nr. 6 17. febr. 1959, um breyt. á l. nr. 5 18. maí 1920, um bann gegn botnvörpuveiðum fella úr gildi áðurgreind l. nr. 82 1952. Þau kveða svo á, að í fiskveiðilandhelgi Íslands, eins og hún er ákveðin með reglugerð nr. 70 30. júní 1958, skuli bannaðar vera fiskveiðar með botnvörpu og flotvörpu. Rétt er ráðh. að veita ísl. skipum undanþágu frá banni þessu, þó utan þeirra marka, sem sett voru í reglugerð nr. 21 frá 19. marz 1952. Reglugerð nr. 87 1958 stendur þannig áfram í fullu gildi, það vildi ég biðja menn að hafa í huga, reglugerð nr. 87 frá 1958 stendur þannig áfram í fullu gildi. Annars voru ákvæði l. endurtekning ákvæða l. nr. 82 1952, þó með viðbótarheimildum til botnvörpuveiða í rannsóknarskyni. Með reglugerð nr. 4 11. marz 1961 er ísl. skipum, sem veiða með botnvörpu eða flotvörpu, veitt heimild, auk þess sem veitt var með reglugerð nr. 87 1958, til að veiða innan fiskveiðilandhelginnar á sömu stöðum og tímum sem brezk skip mega stunda veiðar samkvæmt samkomulagi íslenzku og brezku ríkisstjórnanna frá 11. marz 1961. Heimild þessi var framlengd ótímabundið með reglugerð nr. 29 11. marz 1964. Með lögum nr. 42 1967 voru breytingar gerðar á l. um bann gegn botnvörpuveiðum, nr. 5 1920, með síðari breytingum, einkum að því er viðurlög við brotum snertir. L. nr. 42 1967 voru síðan felld inn í meginmál laganna nr. 5 frá 1920 með síðari breytingum og gefin út sem l. nr. 62 18. maí 1967 um bann gegn veiði með botnvörpu og flotvörpu. Hinn 20. des. s. l. voru sett l. um breytingar á síðastnefndum l. og gefin út reglugerð, þar sem íslenzkum bátum allt að 200 brúttórúmlestir að stærð eru veittar auknar heimildir til botnvörpu- og flotvörpuveiða fyrir Norðurlandi og Suðurlandi á tímabilinu frá 1. jan. til 30. apríl 1969. Skulu þær heimildir ekki raktar frekar að sinni.

L. um dragnótaveiðar hafa í stuttu máli verið þau, er hér skal greina: Með l. nr. 27 20. júní 1923 er veitt heimild fyrir ríkisstjórnina til að banna dragnótaveiðar í landhelgi. Heimild þessi var ekki notuð. Með l. nr. 55 7. maí 1928 um bann gegn dragnótaveiðum í landhelgi eru dragnótaveiðar bannaðar í landhelgi með vissum undantekningum. Dragnótaveiði var þó leyfð frá 1. sept. til 30. nóv. ár hvert. Brbl. nr. 85 6. júlí 1932 um breyt. á l. nr. 55 7. maí 1928 um bann gegn dragnótaveiðum í landhelgi rýmkuðu heimildir til dragnótaveiða verulega. Brbl. þessi voru lögð fyrir Alþ. 1933 til samþykktar, en þingið felldi þau l. Samkv. l. nr. 52 19. júní 1933, um breytingu á l. nr. 55 7. maí 1928, um bann gegn dragnótaveiðum í landhelgi var dragnótaveiði í landhelgi leyfð, auk þeirrar heimildar, sem veitt var með l. nr. 55 1928, frá Hjörleifshöfða vestur til Látrabjargs á tímabilinu frá 15. júlí til 30. nóv., en á Faxaflóa og Breiðafirði þó eingöngu heimil þeim bátum, sem skrásettir eru innan lögsagnarumdæmisins, er að þeim liggur, en öðrum bátum ekki. Þessi l. áttu að gilda til ársloka 1934, en á Alþ. voru þau framlengd til ársloka 1936. Með l. nr. 45 13. júní 1937 um bann gegn dragnótaveiðum í landhelgi eru heimildir til dragnótaveiða enn rýmkaðar til muna. Dragnótaveiðar voru leyfðar frá 15. maí til 30. nóv. ár hvert á svæðinu frá Eystra-Horni suður um land að Straumnesi og frá 15. júní til 30. nóv. ár hvert á svæðinu frá Straumnesi austur um land að Eystra-Horni. Skipum 35 brúttórúmlestir eða meira voru þá bannaðar dragnótaveiðar frá 15. maí til 30. sept. ár hvert. Samkv. l. nr. 26 12. feb. 1940 um breyt. á l. nr. 45 13. júní 1937 um dragnótaveiðar í landhelgi er dragnótaveiði í landhelgi leyfð á tímabilinu 1. júní til 30. nóv. bátum, sem eru innan við 35 rúmlestir að stærð, þó er ráðh. heimilt að veita stærri bátum undanþágu til þessara veiða á tímabilinu 1. okt. til 30. nóv. Ennfremur er sýslunefndum heimilað að banna dragnótaveiðar með öllu á tilteknum hafnarsvæðum. Með l. nr. 65 7. maí 1940 var fyrrgreindum l. breytt lítils háttar, þannig að sektarákvæði voru hækkuð og nánar tiltekin heimild fyrir ráðh. að skipa fyrir með reglugerð um möskvastærð neta og lágmarksstærð

veiðifisks, sem hagnýtanlegur er. Með l. nr. 83 22. okt. 1945, um viðauka við l. nr. 45 13. júní 1937, um bann gegn dragnótaveiði í landhelgi, er ráðh. með vissum skilyrðum heimilað að ákveða frekari takmörkun eða bann gegn notkun dragnóta en eldri lög gerðu ráð fyrir. Með l. nr. 2 24. jan. 1951 var slakað á skilyrðum fyrir heimild ráðh. Með l. nr. 31 7. marz 1951 var sektarákvæðum breytt lítils háttar.

Reglugerðir, sem settar voru samkvæmt þeirri heimild, er veitt var með l. nr. 83 1935, voru þessar: Með reglugerð nr. 175 23. okt. 1945 eru dragnótaveiðar bannaðar í Hamarsfirði í Suður-Múlasýslu. Með reglugerð nr. 50 1. marz 1950 eru dragnótaveiðar bannaðar í Aðalvík í Norður-Ísafjarðarsýslu. Með reglugerð nr. 64 1. marz 1950 eru dragnótaveiðar bannaðar á svæðinu frá Sandgerðisvita að Hraunsnesi. Tvær síðastnefndu reglugerðirnar voru afnumdar með reglugerð 219 20. okt. 1950. Með reglugerð nr. 37 20. marz 1951 voru dragnótaveiðar bannaðar á svæðinu frá Önglabrjótsnefi að Hraunsnesi. Þannig eru nokkrar fleiri reglugerðir, sem takmarka dragnótaheimildina, en með reglugerð nr. 46 22. apríl 1950 um verndun fiskimiða fyrir Norðurlandi, sem sett var samkv. landhelgislögum nr. 44 frá 1948, voru dragnótaveiðar bannaðar fyrir Norðurlandi á svæðinu frá Horni að Langanesi. En með reglugerð þessari var fiskveiðilandhelgin fyrir Norðurlandi færð út, eins og áður segir, í 4 sjómílur út frá tilteknum beinum grunnlínum, sem dregnar voru milli yztu annesja, eyja og skerja, og þvert fyrir mynni flóa og fjarða. Á árinu 1952 eru dragnótaveiðar bannaðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Var það gert með reglugerð nr. 21 19. marz 1952, um verndun fiskimiða landgrunnsins, sem sett var samkvæmt landgrunnsl. nr. 44 1948. Með reglugerð þessari var fiskveiðilandhelgin, eins og áður hefur verið rakið, færð út í 4 sjómílur út frá tilteknum, beinum grunnlínum, er dregnar voru milli yztu annesja, eyja og skerja og þvert fyrir mynni flóa og fjarða. Eins og áður var rakið, voru dragnótaveiðar heimilaðar með reglugerð nr. 87 29. ág. 1958 innan fiskveiðilandhelginnar, eins og hún var ákveðin með reglugerð nr. 70 30. júní 1958, á vissum svæðum og veiðitíma, en þó utan þeirra fiskveiðitakmarka, sem ákveðin voru í reglugerð nr. 21 19. marz 1952. Dragnótaveiðar í fiskveiðilandhelginni almennt eru svo leyfðar á ný með l. nr. 40 9. júní 1960, um takmarkað leyfi til dragnótaveiða í fiskveiðilandhelgi Íslands undir vísindalegu eftirliti, en þau lög gilda óbreytt enn í dag, sbr. það sem hæstv. Ed. hefur verið að kljást við undanfarna daga.

Ráðh. getur samkv. till. fiskideildar atvinnudeildar Háskólans og Fiskifélagsins ákveðið fyrir eitt ár í senn, að dragnótaveiði sé heimil á tilteknu svæði eða svæðum á tímabilinu 15. júní til 31. okt. eða skemmri tíma, eftir því sem nánar er ákveðið samkv. l. þessum. Áður en gerðar eru till. um opnun einstakra veiðisvæða, skal Fiskifélag Íslands leita álits sveitarstjórna og annarra aðila, sem hagsmuna hafa að gæta á viðkomandi veiðisvæði. Berist álitsgerð, skal ráðh. óheimilt að opna veiðisvæði eða hluta þess, nema álitsgerðirnar styðji almennt þá framkvæmd.

Ég held ég þurfi ekki að rekja þetta miklu meira, en ég vildi drepa á þennan inngang, þó nokkuð langur væri, til þess að sýna mönnum, að það hefur verið leitazt við á ýmsan hátt að reyna að hagnýta hér fiskveiðilögsöguna. Yfirleitt hefur friðunarsjónarmið verið ríkjandi, sem eðlilegt var, á þessum árstíma. Eins og sjá má á þessu yfirliti, hefur gengið á ýmsu um togveiðiheimildir í íslenzkri landhelgi og fiskveiðilögsögu. Þó oft hafi verið deilt um framgang mála í friðunarátt, þá verður ekki annað sagt en þjóðin hafi öll viljað ná sem mestri friðun til eigin afnota, hún stefnir að því að ná öllu landgrunninu sem fyrst undir sína lögsögu. Við útfærslu fiskveiðitakmarkanna 1952 og 1958 var aðstaða öll önnur til togveiða en verið hafði um langan tíma. Þessi breyting hafði þau áhrif, að verulega dró úr togveiðum bátaflotans, og stóð svo fram undir árin 1965 og 1966. Ein veigamesta ástæðan fyrir auknum áhuga til togveiða var breyting á síldargöngum við landið. Velflest minni síldveiðiskip gátu ekki elt síldina til hafs, og svo fór síld við Suðurland síminnkandi einnig. Útgerðarmenn þessara skipa voru því neyddir til þess að huga að öðrum leiðum til útgerðar, og vegna kostnaðarþáttarins og þæginda til útbúnaðar komu menn helzt auga á togveiði. Það verður að segjast hreint út, að gildandi l. og reglur voru ekki haldnar sem skyldi. Þótt menn væru staðnir að ólöglegum veiðum voru sektir ekki innheimtar eða brotum fylgt eftir. Hægt og bítandi seig á ógæfuhliðina í þessum efnum, og þarf ég ekki að rekja þá leiðinlegu hlið neitt hér í hv. þd. Hún er öllum þdm. vel kunn. Ég vildi þó segja frá orðum eins skipstjórans í Vestmannaeyjum, er hann mælti þau orð á fundi nokkrum í landhelgismálanefndinni, að raunverulega hefði þeim fundizt þeir vera taldir sem þjófar af almenningi og helzt ættu þeir að læðast með húsum fram og hlaupa fyrir horn, ef menn sæju þá. En hvað áttum við að gera? spurði hann. Valið var að fiska þar sem fiskurinn var, eða þá að hætta allri veiði. Við slíkt ástand getur engin þjóð búið til lengdar. Raunhæfar reglur verða að koma um togveiðiheimildir fyrir okkur. Raunar var alþm. þetta vel ljóst á s. l. ári, og svo fór, að mjög tímabær lausn var samþ. rétt áður en þm. fóru heim í jólafrí. Sumir undu vel við þessa lausn, aðrir ekki, svo verður um hvaða lausn og hvaða till., sem fram koma og verða samþ.

Því miður verða sumir þm. til þess að líta á þetta mjög svo viðkvæma mál og erfiða út frá þröngum sérhagsmunasjónarmiðum tengdum vissum svæðum og bátaflota. En málið er óleysanlegt með því móti. Því verða menn að gera sér fulla grein fyrir. Eins og fram kemur í l. frá 1958, er tilgangurinn sá að stuðla að sem mestri vernd fiskistofnanna hér við land. Það var augljóst mál, að við Íslendingar mundum nota öll hugsanleg tækifæri og ráð til þess að forðast þá geysilegu ásókn, sem var hér á miðum okkar upp að þremur mílum af veiðiskipum margra erlendra þjóða á þessum tíma. Öll okkar viðleitni hlaut að hníga að því að fæla burt erlend skip af næstu miðum okkar. Hér voru fyrir stríð mörg hundruð erlendra togara og einnig brátt eftir stríðið. Þessi skipafloti tók til sín miklu meiri afla en við gerðum sjálfir. Það gat því enginn verið á móti því, að við Íslendingar hertum baráttuna fyrir verndun fiskimiðanna hér við land, það var okkur lífsnauðsyn. Samtímis því, að við náðum svo góðum árangri til friðunar fiskimiða okkar fyrir okkur sjálfa, gerðu allir

forsvarsmenn okkar öðrum þjóðum grein fyrir því, að fyrr eða síðar mundum við sjálfir setja þær reglur um hagnýtingu miðanna innan fiskveiðitakmarkanna, sem við teldum bezt geta komið okkur að gagni. Auðvitað dettur engum í hug að leggja til að drepa svo mikið af fiski innan okkar fiskveiðilögsögu, að til vandræða horfi, hvort sem um er að ræða í net eða troll. Grundvallaratriði tillögugerðar um breyttar veiðiaðferðir verða að byggjast á því, að við séum ekki að ofbjóða fiskistofninum við landið. Hins vegar verður ekki komizt framhjá þeirri staðreynd, að við verðum að veiða mikið af fiski og með sem minnstum kostnaði, jafnframt því að skila góðu hráefni í land og skapa með því næga atvinnu í landi og góða vöru til sölu á erlendum markaði. Með þetta í huga unnum við í landhelgismálanefnd að okkar verkefni.

Okkur var það einnig ljóst, að ekki verður þetta mál leyst af nokkru viti nema líta á hafið umhverfis landið sem eina heild og miða till. við heildarnýtingu til þess að forðast ofálag á takmörkuðum svæðum. Það er löng reynsla fyrir því, að menn hafa mótað skoðanir sínar til togveiða mjög eftir aðstöðu í það og það skiptið. Okkur í landhelgismálanefnd voru kunnug þessi viðhorf, og vildum við því kynnast af eigin raun túlkun manna á þessum málum. Minnugir þess, að fjórar n. höfðu áður starfað og skilað áliti til breyttra heimilda til togveiða innan fiskveiðilögsögunnar, sem engan hljómgrunn fundu, ákváðum við ferðalög um landið til þess að ræða þessi mál sem mest við þá, er hlut áttu hér að. Við héldum samtals níu fundi utan Reykjavíkur, og voru haldnar á þessum níu fundum nærri 200 ræður. Öllum ræðumönnum til lofs vil ég segja það, að þeir ræddu þessi mál af einurð og skilningi, þótt skoðanir væru eðlilega skiptar og stundum á þann veg, að svo virtist, að um óbrúanlegt bil væri að ræða. Engu að síður lögðu menn á það ríka áherzlu, að nú væri brýn nauðsyn til þess að leysa það öngþveiti, sem togveiðimálin væru komin í, og það yrði að gerast á víðum grundvelli. Eins og undirstrikað er í grg., spurðu menn ekki „á að auka togveiðar?" heldur „hvernig á að auka togveiðar innan fiskveiðitakmarkanna?" Þetta er sannarlega mikið breytt viðhorf frá því, sem áður var. Það er of langt mál að rekja í sjónarmið manna á fundunum, en ég ritaði jafnóðum niður aðalatriðin úr ræðu næstum hvers einasta manns til þess að styðjast við, þegar unnið væri að till. um breyttar veiðiheimildir. Auk þessara umr. höfum við fengið mörg bréf, sem fjalla um samþykktir hreppsnefnda og félaga, og till. einstakra hópa manna, jafnframt því að þm. sumra kjördæmanna rituðu n. bréf um sín sjónarmið í málinu. Við nm. höfum því fengið allhressilegt matreiðsluefni til þess að sjóða saman till. okkar úr. Með því að fara gaumgæfilega yfir till. og innihald í ræðum manna mátti finna vissan grunntón til breytinga um auknar togveiðiheimildir. Á þessum grunntóni eru till. okkar samþ., og ég fullyrði hér, að þær njóta mjög mikils meiri hl. stuðnings þeirra manna, er koma til með að stunda sjósókn og eiga að starfa við þessar reglur. Ef svo væri ekki, hefði n. örugglega fengið mikla gagnrýni, en aðeins eitt bréf hefur komið til mín frá smáplássi til að mótmæla. Fjöldamargir hafa lýst stuðningi við málið, fáeinir talið gengið of langt, en samt viðurkennt, að hér væri um mjög stutt tímabil að ræða, og þess vegna væri rétt að reyna þetta. Hjá útvegsmönnum minni togbáta í Reykjavík hefur komið ákveðin beiðni um mikla aukningu í Faxaflóa, en á það vildi n. ekki fallast. Það hvarflar ekki að mér að halda því fram, að hér séu settar einhverjar reglur, sem séu þannig, að þær geti staðið óbreyttar í langan tíma. Við leggjum á það mikla áherzlu, að endurskoðun fari fram fyrir árslok 1971 og þá sé metið, hvað betur megi fara, og reynslan verði sá skóli, sem við lærum af og hlítum. Við teljum nauðsynlegt að reyna í rúmlega 2 ár, þ. e. að fá 2 vertíðir, því að á einni vertíð næst ekki reynsla til að byggja á svo mikilvægar till. sem till. og reglur í togveiðimálum verða alltaf.

Áður en ég fjalla um till. sjálfar, vil ég í fáum orðum drepa á nokkur sjónarmið, sem verður að hafa í huga, þegar þessi mál eru rædd. Á fundum lögðum við fyrir fundarmenn ýmsar spurningar, sem við vildum heyra svör við, það er fá fram sjónarmið manna. Fyrsta spurningin var jafnan þannig: Hvað segja menn um þá skoðun, að fiskveiðilögsaga okkar sé þegar fullnýtt með núverandi veiðiaðferðum? Það var skoðun meiri hl. fundarmanna, að hvað snertir magn, þá sé varla um mikla aukningu að ræða, hins vegar gætum við og yrðum að bæta gæðin verulega og fiska með miklum mun minni tilkostnaði en verið hefur. Netaveiðin var víða harðlega gagnrýnd og vildu ýmsir setja strangari reglur um notkun netanna, sérstaklega banna veiðar í netin fyrir 1. marz. Margir vildu herða eftirlit með fjölda neta í sjó, en reglugerð um netafjölda er þverbrotin, án þess að nokkuð sé gert í því efni að fylgjast með fjölda neta í sjó. Ég vil í þessu sambandi segja frá eyðileggingu aflans í síðustu páskahrotu, en núna um páskana gerði vont veður, og fóru net og afli mjög illa. Samkvæmt matstölum frá Ferskfiskeftirlitinu kemur eftirfarandi í ljós: Ég fékk hér yfirlit, sem ég ætla að lesa, frá Vestmannaeyjum. Á tímabilinu 27/3 til 2/4 var landað 3157 tonnum, þeir fengu 63,3% í fyrsta flokk a, sem er athyglisverður og góður árangur, fyrsta flokk b 24,7%, í annan flokk 12%, ekkert í 3. flokk, sem er mjölfiskur. En páskavikuna var landað tæpum 900 tonnum og þá fóru aðeins 25,5% í fyrsta flokk a, í fyrsta flokk b fóru 33,3% og í annan flokk 35,7% í stað 12% áður, og í mjöl fóru beint 5,5%. Þorlákshöfn sömu tímabil, 874 tonn, var 51,8% 1. flokkur a, en páskavikuna 27,9%, 1. flokkur b, fyrri vikuna 28,7, en páskavikuna 21,4 annar flokkur 19,5%, en páskavikuna 41,4% og tæp 10% fóru beint í mjöl. Grindavík, vikuna fyrir páska 3509 tonn, fóru 44,7% í 1. flokk a en hjá Vestmannaeyingum 63%, páskavikuna fóru aðeins 17,4% af fiskinum í 1. flokk a, í fyrsta flokk b 25,2%, í annan flokk 41,3%, og rúmlega 16% fóru beint í mjöl. Í Reykjavík, sama skipti, fyrri vikuna 1677 tonnum landað og helmingur í 1. flokk a, 26% í 1. flokk b og 23% í annan flokk, en ekkert í mjölvinnslu eða 0,2%. Páskavikuna fóru 17,3% aðeins, úr 50%, í 1. flokk a, 1. flokk b aðeins 15,2% í staðinn fyrir 26% áður, og í annan flokk fóru 57,3%, og rúmlega 10% fóru beint í mjöl. Augljóst var af þessu dæmi, að óhæfa er að láta netin liggja í sjó yfir páskana. Því miður er þetta ekkert einsdæmi um erfiðleika með netin á páskunum. Við eigum að læra af reynslunni og taka upp öll net — þetta

er mín skoðun, persónulega skoðun, — í 3 sólarhringa frá skírdagskvöldi og leggja ekki netin í sjó aftur fyrr en kl. 6 að morgni á mánudag. Sjómenn eru vel að friinu komnir og það fólk, sem við fiskvinnsluna vinnur, því páskahelgin er orðin mesta fríhelgi ársins og fiskvinnsla fer úr skorðum þessa helgi. Það er staðreynd, að langmestur hluti hins lélega fisks kemur á land um þessa helgi, en svo lélegur fiskur er alltaf mjög erfiður í útflutningi. Auk þess er öll vinna við fiskinn unnin í nætur- eða helgidagavinnu, sem er fiskvinnslunni þung í skauti. Þótt þessir dagar gefi mörg kg í land, er heildarútkoman neikvæð bæði fyrir fiskvinnsluna og útgerðina, því að óhemjuleg netaeyðsla á sér stað undir svona kringumstæðum. Þess vegna á að hætta svona vinnubrögðum.

Næsta spurning var þannig: „Er að vænta árangurs varðandi gæði á fiski og kostnað pr. veitt kg með því að breyta um veiðarfæri?" Langflestir töldu, að þegar rétt væri staðið að togveiðum, mundi góður fiskur koma að landi og jafnara framboð einnig. Allir voru sammála um að ódýrari veiðiaðferð miðað við árangur væri varla völ á, ef menn hefðu ársútgerð í huga.

Þriðja spurningin fjallaði um það, hvort rétt væri að auka togveiðina á sumrin og haustin vegna atvinnuskilyrða. Sú skoðun var almennt ríkjandi, að á þessum árstíma væri aukning æskileg, þó bentu sumir á, að á sumrin og nokkuð fram á haustin væri víða öflug sókn smábáta, sem yrðu að hafa eðlilegt athafnafrelsi.

Fjórða spurningin var um, hvort gera ætti greinarmun á skipastærðum varðandi togveiðiheimildina. Um þessa spurningu voru sjónarmiðin verulega skipt, en mitt mat er það, að verulega fleiri vildu skiptingu og töldu reyndar útilokað annað, ef friður ætti að vera um nýjar till. til togveiðiheimildanna. Þeir, sem vildu ekki gera mismun eftir skipastærðum, benda réttilega á, að hafið væri eign landsmanna og samkvæmt stjórnarskránni bæri öllum sami réttur til afnota á sameign landsmanna. Engu að síður var það mat landhelgisn., að viss skipting á veiðiflota landsmanna yrði að vera varðandi togveiðiheimildir. Það er ekki hægt að ætlast til þess, að smábátar sæki á miðin fyrir utan stór togveiðiskip, og svo verður að ætlast til þess, að við smíði stærri skipa geri menn ráð fyrir að halda þeim út til hafs, en ekki inni í flóum. Allur útbúnaður þeirra bendir til þess. Sú samlíking var sett á einum fundinum, að börnin væru látin smala heimahagana, unglingarnir nálægari svæði og þeir fullorðnu fjöllin. Þá var spurt á móti: „En hvað um öldungana, hvar smala þeir?" Já, vissulega eru togararnir hjá Íslendingum í dag öldungar, en samt verður að hafa þá utar.

Um 5. spurninguna voru menn sammála, sem var á þá leið, hvort rétt væri að friða viss svæði handa vissum veiðarfærum. Vandamálið við svæðafriðun handa vissum veiðarfærum er fólgið í því, að göngur þorsksins eru verulega breytilegar og því vandamál að vera viss um, að friðað svæði gefi góðan árangur fyrirfram. Engu að síður er svo mikilvægt að stuðla að línuveiðum, t. d. á vissum tíma, að menn telja eðlilegt að gefa línunni sérsvæði á vetrarvertíðinni.

Í 6. spurningunni var spurt um, hver ætti að velja veiðarfærin, útgerð eða einhver annar aðili. Nær undantekningarlaust töldu menn, að valið um útgerðarhætti væri bezt með því að útgerð og skipstjórar tækju ákvarðanir um þau mál, en ekki einhver opinber aðili.

7. spurningin: Telja menn rétt að stækka möskva trollsins enn meir, ef auknar togveiðiheimildir verða leyfðar? Skoðanir manna voru hér nokkuð misjafnar, sumir vildu stækka, aðrir sögðu möskvana svo stóra, að yfirleitt slyppi allur smáfiskur, sem hætta væri í að veiða. Mjög svipuð rök koma fram hjá fiskifræðingum um kjörsvið möskvans, eins og hann er í dag. Við í n. lögðum þó ekki til, að lögboðið væri að stækka möskvann, en vissulega gæti verið gott fordæmi af okkar hálfu að lögbinda stærri möskva og leggja síðan að öðrum þjóðum að gera hið sama. Við lögðum nokkrar fleiri spurningar fyrir fundarmenn, en of langt mál er að rekja það allt hér, þó vil ég ekki skilja svo við þáttinn um fundarhöldin að geta þess ekki, að langflestir voru á því máli, að rétt væri að hafa til ráðgjafar Hafrannsóknastofnunina og Fiskifélag Íslands í þessum málum. Þó kom nokkuð hörð gagnrýni fram á fiskifræðingana, og sérstaklega töldu menn, að upplýsingar lægju ekki fyrir nægilega vel frá þeim, þeir mættu gjarnan koma víðar til þess að fylgjast með fiskveiðum okkar.

Sem innskot hér vil ég benda á í þessu sambandi, að allt upplýsingarstarf kostar mikið fé og útgáfa á prentuðu máli um rannsóknir. En nú eigum við sjónvarpið, og það er kjörstaður fyrir fiskifræðingana að koma fram með myndir og kynna rannsóknir sínar fyrir þúsundum manna í þágu alþjóðar. Ég legg áherzlu á gildi öfgalausra umræðna og fræðslu um fiskveiðar okkar og alla meðferð á fiski frá fyrstu til síðustu stundar. Hér þarf stórt samstillt átak til að koma og það mun borga sig fyrr eða síðar. Einnig kom það mjög greinilega fram alls staðar, að menn vilja, að föstum tökum sé tekið á öllum brotum og mönnum líðist það ekki hér eftir að brjóta l. um togveiðar innan fiskveiðitakmarkanna. Landhelgismálan. leggur á þetta atriði mikla áherzlu, og í samtali við forstjóra Landhelgisgæzlunnar, Pétur Sigurðsson, kom fram, að hans vilji er sá sami. Dómsmálastjórnin í landinu má ekki bregðast í þessu efni, þá er voðinn vís. Enginn vafi er á því, að aflaaukningu á togveiði þarf að athuga mjög gaumgæfilega, fyrst og fremst af því að trollið er veiðarfæri, sem gefur mjög mikla möguleika til meiri sóknar á miðin en önnur veiðarfæri, sérstaklega þegar um togara er að ræða. Þetta var okkur í n. vel ljóst, og þess vegna viljum við fara varlega í allar brtt. til aukinna heimilda. Í samtölum við hina mætustu skipstjóra, sem eru formælendur togsins, kom það fram, að almennt væri enn um að ræða mikla hleypidóma um skaðsemi trollsins, og einnig kemur fram í grg. Jóns Jónssonar, sem hér fylgir með, hið sama. Sömuleiðis má vitna til greinar eftir Aðalstein Sigurðsson fiskifræðing í Ægi nýlega. Þótt geysilegur munur sé á botnvörpunni í dag sem drápstæki á smáfiski frá því, sem áður var, vegna þess, að nú er möskvinn næstum helmingi stærri en fyrr, getur þó skeð í mokfiski, að óeðlilega mikið drepist af ónothæfum fiski í botnvörpunni. Hér er við höfuðvandamál að etja. Ég er samt þeirrar skoðunar, að með miklum áróðri og með hvatningu til skipstjórnarmanna á togveiðibátum megi hafa veruleg áhrif á það, að menn fari úr smáfiski yfir í stærri fisk, þótt tregari sé,

vegna þess að skömm er að því að drepa fisk, er engum verður að gagni. Slík vinnubrögð sæma engum og alls ekki fiskveiðiþjóð sem okkur Íslendingum. Þegar menn velta fyrir sér till. þeim, sem frv. gerir ráð fyrir, að lögleiða eigi til togveiðiheimilda, verða menn að hafa það í huga, að í gildi eru miklar togveiðiheimildir um allt land innan fiskveiðitakmarkanna, nema úti fyrir Vestf. Einnig er rétt að minna á þá staðreynd, að vegna almennra lögbrota var trollið notað á miklu stærra svæði en heimildirnar sögðu til um. Enn höfum við ekki fengið nákvæman útreikning um, hversu mikil aukning verður nú, en hún er víða lítil og nánast lagfæring til betri framkvæmda við eftirlitið. Á öðrum svæðum er um meiri aukningu að ræða. Ég sé nú, að tíminn er kominn langt fram yfir fundartíma í Sþ. og væri líklega rétt að staldra hér við. Annars ætlaði ég að skýra nánar í hverju breytingarnar væru fólgnar, en ég held, að það sé rétt með tilliti til fundarhalda í Sþ., að ég doki hér við, en ef tækifæri gefst til í sambandi við 2. umr., mundi ég þá fara nánar yfir mismun á þeim till., ef það þyrfti mikla gagnrýni, þ. e. a. s. till. n. og þeim reglum, sem eru í gildi í dag.

Bjarni Guðbjörnsson: Herra forseti. Frv. það, sem hér liggur fyrir, er öllum hv. dm. orðið vel kunnugt eftir þær umr., sem farið hafa fram hér á þingi og þann undirbúning, sem þetta hefur fengið frá landhelgisnefndinni, sem skipuð var á s. l. hausti. En enda þótt aðdragandinn sé orðinn nokkuð langur, kom þetta frv. ekki fyrr en í lok apríl hér inn í þingið, og nú er það hér á síðustu dögum í Ed., því að það verður að afgreiða það að mér skilst fyrir laugardag, og er þá ekki d. ætlaður langur tími til að fjalla um þetta veigamikla og viðkvæma mál, og verð ég að harma það út af fyrir sig.

Það þarf engum að koma á óvart, þótt það séu skiptar skoðanir um þetta mál, og raunar er frv., eins og það er hér, samkomulagstill. nefndar þeirrar, landhelgisnefndarinnar, sem undanfarið hefur unnið að þessu máli. Það er þó rétt að taka það strax fram, að ég tel, að landhelgisnefndin hafi unnið mikið starf frá því að hún var skipuð, enda þótt ég sé ekki í alla staði ánægður með þær till., sem frá henni hafa komið, og raunar lítið hrifinn af sumum þeirra. Á undanförnum árum hafa þessi mál verið mestu vandræðamál, því miður. Framkvæmd laganna varðandi landhelgisbrotin hefur ekki verið til fyrirmyndar á nokkurn hátt. Það má kannske segja, að þess vegna hafi það þó verið betra, að þm. hafi tekið höndum saman um að vinna að endurbótum í þessum efnum. Það hlýtur hins vegar alltaf að vera mjög hæpin röksemdafærsla að nota lélega framkvæmd laga um þessi frægu landhelgisbrot, þar sem fjöldi skipstjórnarmanna gerðist dag eftir dag brotlegur við lög og reglur, að nota þá lélegu framkvæmd laga sem rök fyrir auknum togveiðiheimildum. Það er tæplega hægt að ályktа annað en landhelgisbrot undanfarinna ára hafi verið þess eðlis, að það hafi ekki verið tök á að framfylgja lögum og reglum. Það leiðir þá aftur hugann að því, hvernig tekst til að framfylgja þeim reglum, sem nú verða settar og eru miklu viðameiri en þær, sem áður giltu, og krefjast stóraukinnar gæzlu, ekki aðeins hvað snertir togveiðar, heldur einnig og ekkert síður hvað snertir netaveiðar.

Togveiðar eru tvíeggjaðar. Þær eru drýgsta veiðarfærið til að skapa okkur tiltölulega mikið og gott hráefni og aukið verðmæti, en botnvarpan getur líka verið stórkostlegur skaðvaldur, ef henni er beitt hömlulítið á svæði, þar sem við þurfum að vernda hrygningarsvæði. En netaveiðarnar eru þó enn meiri skaðvaldur. Þegar um er að ræða nælonnet og allt of margar trossur í sjó, er hrein rányrkja á ferðinni. Þess vegna vil ég undirstrika það, eins og fram kemur raunar í grg. landhelgisnefndarinnar, að raunhæft eftirlit með möskvastærð og netafjölda í sjó verði framkvæmt og tryggt, að settar reglur verði virtar. Allt annað mun leiða til algers öngþveitis í þessum málum. En samkv. grg. hefur Landhelgisgæzlan nú engin tök á að framfylgja eftirliti um settar reglur um gerð veiðarfæra, að þær séu virtar, hvað þá þegar Landhelgisgæzlan fær stórum aukið verkefni með rýmkun fiskveiðilandhelginnar. Ég óttast, að þessar auknu togveiðiheimildir, sem þetta frv. gerir ráð fyrir, verði aðeins stundarávinningur og skammvinnur hagnaður þeirra, sem nú telja sig sjá hilla undir velsæld af þessum sökum, því miður. Ef hér er of langt gengið, á þetta eftir að hefna sín í aflaleysi víða um land, og á hverju mun þá fólkinu ætlað að lifa, því fólki, sem hefur framfæri sitt af sjávarafla hringinn í kringum landið, þegar alls staðar er ördeyða?

Það kann að vera, að nú í 2—3 ár verði hægt að skrapa svo mikið á þessum svæðum, að sæmileg afkoma verði, en hætt er við, að reynslan geti kennt eitthvað annað. Og ég er hræddur um, að þegar einu sinni er búið að koma þessum veiðiheimildum á, verði erfitt að taka þær af aftur. Ég hef enga fyrirfram fordóma gegn togveiðiheimildum eða gegn botnvörpunni, alls ekki, og ég skal fyrstur manna viðurkenna, ef þessi beygur minn gegn auknum veiðiheimildum er ástæðulaus. En óttinn við ofveiði er fyrir hendi, og má benda á fjölmörg dæmi, sem styrkja þann illa grun. Barátta Íslendinga fyrir stækkun fiskveiðilandhelginnar hefur ávallt haft þann megintilgang að tryggja okkur einum sem víðáttumest veiðisvæði umhverfis landið, jafnframt því að við réðum sjálfir á hvern hátt við vildum hagnýta okkur fiskveiðilögsöguna. Við höfum alltaf haldið því fram, að með aukinni friðun þeirra svæða, sem talizt geta uppeldisstöðvar ungfisks, værum við að stuðla að aukinni fiskigengd, ekki aðeins innan fiskveiðimarkanna, heldur einnig utan þeirra og þá jafnt fyrir allar þjóðir, sem sækja hingað á norðlægar slóðir. Það má benda á mörg dæmi þessu til sönnunar, ég læt það eiga sig að þessu sinni, en víða um land má benda á, að aukin friðun og vernd fiskimiða hefur veitt aukinn afla.

Hér í þessari hv. d. er nýbúið að samþykkja bann við dragnótaveiði innan tiltekinnar línu í Faxaflóa. Ég fæ ekki séð annað en það stangist gersamlega á við 3. gr. þessara l., þar sem heimildirnar í 2. gr. um aukna heimild til togveiða taka einnig til dragnótaveiða. Og minnist ég á þetta hér, til þess að það mætti þó koma til athugunar í þeirri hv. n., sem fær þetta til meðferðar. Í þessu frv. er sem sagt gert ráð fyrir því, að auknar togveiðiheimildir nái töluvert inn fyrir þá línu, sem þar var dregin í frv. um bann við dragnótaveiði. Í þessu finnst mér ósamræmi og væntanlega ætti að vera hægt að ræða slíkt frekar í n.

Það hefur alltaf verið lögð megináherzla á það í öllum umr. um stækkun landhelginnar að friða Faxaflóa fyrir togveiðum og það væri lífsnauðsynlegt vegna hinna þýðingarmiklu uppeldisstöðva. Hér virðist þeirri röksemd skotið undan, og ætti það þó sízt við, að við sjálfir gengjum þar á undan eða hefðum forgöngu um það. Með þessu frv. er stefnt að stórauknum veiðiheimildum innan fiskveiðimarkanna. Það tel ég, eins og ég hef lítillega drepið á, mjög vafasaman ávinning nema þá kannske um stundarsakir. Hitt hefði ég heldur kosið að færa fiskveiðilögsöguna út, auka og stækka þau svæði, sem við í framtíðinni hljótum að nytja og skipuleggja fyrir okkur. Það minnist enginn á slíkt nú. Ég er ekki með þessum orðum að ætlast til þess, að n., sem vann að þessu frv., hefði komið hér með eitthvert slíkt frv. Ég minni aðeins á það vegna þess, að nú virðist þagað þunnu hljóði um öll slík mál, eins og þar væri einhver kolsvartur óyfirstiganlegur veggur fram undan, og kannske er það. Kannske hefur myndazt einhver slíkur veggur við síðustu samninga við Breta, ég veit það ekki.

Í umr. í Nd. var nokkuð hnýtt í þm. Vestfjarða — ég skal ekki fara að taka sérstaklega upp hanzkann fyrir þá, þeir eru einfærir um það – út af till. um heimildir á Breiðafirði og í Húnaflóa. Ég áskil mér rétt til þess við síðari umr. að taka, ef tilefni gefst til, taka þessar brtt. upp og flytja þær, svoleiðis að ég skal ekki frekar orðlengja um þetta núna. En ég vil aðeins minna á, að þegar veiðisvæðum var lokað með útfærslunni 1958, var það vitað mál, að enginn landshluti bar jafnlítið úr býtum sem Vestfirðir. Þar voru engir flóar, sem voru til friðunar, nema þá Breiðafjörður og Húnaflói, engar eyjar úti fyrir, sem grunnlínupunktar væru ákveðnir eftir, heldur var bókstaflega aukin ásókn á Vestfjarðamiðin, þar sem hundruð erlendra skipa leituðu á miðin að nýju. Það var, eins og einhver orðaði það þá, bókstaflega rekið í túnið hjá Vestfirðingum. Þeirra landhelgisstækkun var tiltölulega langminnst, minni en víðast hvar annars staðar, og af þessum ástæðum hafa Vestfirðingar alltaf staðið á móti auknum togveiðiheimildum innan fiskveiðitakmarkanna. Vestfirðingar eru hér aðeins að verja sína lífshagsmuni, og það er reynsla þeirra sjálfra, sem þarna endurspeglast í andstöðu þeirra gegn auknum togveiðiheimildum. Við erum sannfærðir um, að enda þótt fiskveiðilögsagan verði ekki færð út nú um sinn, hljóti óhjákvæmilega að verða að herða róðurinn fyrir takmarkaðri útfærslu með friðun tiltekinna veiðisvæða fyrir Vestfjörðum, og á það vil ég leggja áherzlu nú við þessar umr. Vestfirðingar hafa á undanförnum árum verið allra manna þrautseigastir í sambandi við línuveiðarnar. Á þeim veiðum hefur sú atvinnuuppbygging, sem þar hefur átt sér stað, verið byggð, og ég vil segja, á því hefur atvinnuöryggi það, sem víðast hefur verið á Vestfjörðum, verið byggt. Nú um sinn kann það kannske að vera hagkvæmara að stunda togveiðar vegna þess, hvernig að línuveiðum hefur verið búið, hvernig tilkostnaður hefur vaxið, en þrátt fyrir þá staðreynd, að Vestfirðingar eru andvígir auknum togveiðiheimildum, þá stóðu þm. Vestfjarða saman um það að vera meðmæltir opnun tveggja hólfa, tveggja nýrra hólfa fyrir Vestfjörðum. Á fundi þeim, sem stundum hefur verið vitnað til og haldinn var á Ísafirði, var mjög mikil andstaða gegn auknum veiðiheimildum innan fiskveiðitakmarkanna. En hins vegar komu fram raddir frá þeim mönnum, sem hugðust stunda togveiðar, um að opna bæri ný tiltekin hólf. Á þessar raddir höfum við viljað hlusta líka. Þess vegna kom okkur það dálítið spánskt fyrir, þegar við tjáðum okkur fúsa til þess að vera meðmæltir opnun þessara tveggja hólfa, að ekki var hlustað á óskir okkar í sambandi við Húnaflóa og Breiðafjörð, eins og við bentum á í bréfi, sem við sendum landhelgisnefndinni. Við gengum til móts við landhelgisnefndina þrátt fyrir andstöðu heima og vorum að vona, að óskir okkar um hina staðina yrðu teknar til greina til samkomulags, en eins og ég segi, það urðu mér nokkur vonbrigði, að n. skyldi ekki geta gengið þar til móts við óskir okkar.

Ég hef rakið lítillega þetta mál, en þar sem ég á væntanlega tækifæri til þess að fjalla um þetta í n., þá get ég sparað mér langar umr. um þetta. Ég geri mér það ljóst, að hér er um mjög viðkvæmt deilumál að ræða og ekki geti allir orðið sammála eða samferða. Þetta frv. á að gilda í takmarkaðan tíma. Það er gert ráð fyrir því, að það gildi til ársloka 1971. Ég hefði nú talið, að það væri nógu langur tími, að það gilti til ársloka 1970, að það væri 1½ ár, sem þessi tilraun mætti taka. Það hlýtur að vera hægt að fá á því 1½ ári næga vitneskju, ekki sízt þegar byggt er á þeirri vitneskju, sem menn hafa aflað sér á undanförnum árum, því að þeir eru ekki í fyrsta skipti að byrja að veiða á þessum svæðum, sem nú eru opnuð. Ég vil aðeins undirstrika það, sem ég gat um hér áðan, að það er gagnslaust að samþykkja nýjar reglur nema unnt sé að tryggja framgang þeirra og raunhæft eftirlit verði þann takmarkaða tíma, sem þessum lögum er ætlað að gilda. Allt annað mun leiða til algers öngþveitis í þessum málum, og þá er verr farið en heima setið.

Einar Ágústsson: Herra forseti. Hér er ekki ástæða til langra ræðuhalda. Því hefur verið lýst yfir, síðast hér áðan af hæstv. dómsmrh., að engu mætti breyta, sómi Alþ. lægi við, að þetta frv. næði nú fram að ganga og það væru ekki líkur til þess, að það næði fram að ganga, nema því aðeins að menn létu það eiga sig að gera á því nokkrar breytingar. Ég skal nú alveg leiða það hjá mér að ræða sóma Alþ. í þessu sambandi. Það er sjálfsagt sízt ástæða til þess að draga úr honum, en mér finnst, að sómi hv. Ed. liggi þó fyrst og fremst í því að reyna að athuga málið sjálf og framkvæma sjálfstæða athugun á þeim frv., sem henni eru fengin, en ekki fara eftir skipunum utan úr bæ um það, hvernig málabúnaður sé hér. En allt um það, þá er sjálfsagt þýðingarlítið að halda hér langa ræðu, og það mun ég heldur ekki gera. Ég vil þó áður en málið fer til n. aðeins koma fram nokkrum aths. frá mér persónulega, því að flokkarnir hafa ekki tekið afstöðu til þessa máls, eins og afgreiðslan í Nd. sýndi ljóslega, og hef ég síður en svo neitt við það að athuga. En ég ætla að gera hér eingöngu grein fyrir persónulegri afstöðu til frv., sem hér er til umr.

Ég þarf raunar ekki að flytja langt mál til að gera grein fyrir þessari afstöðu. Ég er þeirrar skoðunar, að það geti komið til mála að leyfa eitthvað auknar togveiðar innan fiskveiðilandhelginnar og láta þannig

undan þeirri miklu ásókn, sem er í það frá sjómönnum og útgerðarmönnum hringinn í kringum landið að fá að veiða nær landi heldur en nú er leyft. En ég álít, að það sé allt of langt gengið með því frv., sem hér liggur fyrir, og þó alveg sérstaklega hér suðvestanlands. Ég óttast það, að þessi mikla aukning á togveiðum innan landhelginnar, sem ráðgerð er, geti brátt leitt til þess, að ástandið verði litlu betra heldur en það var fyrir útfærslu landhelginnar 1952 og 1958. Ég viðurkenni það að vísu, að það er auðvitað mikill munur hér á, þar sem það verða nú eingöngu Íslendingar, sem stunda þessar veiðar, en engu að síður tel ég, að hættan fyrir fiskistofnana, sem er aðalatriðið í mínum augum í þessu sambandi, verði litlu minni, það geri ekki allan mun, hvort það eru íslenzk skip og íslenzk veiðarfæri, sem veiða fiskinn á þessum slóðum, eða hvort það eru erlend skip og erlend veiðarfæri, þegar hugsað er um varðveizlu fiskistofnanna. Ég er hræddur um það, að þessar togveiðar svona nærri landi séu hættulegar. Það er að vísu bent á það af hálfu talsmanna þessa frv. og landhelgismálanefndar, að möskvarnir hafi verið stækkaðir og þess vegna sleppi meira af ungviði heldur en áður. En hvort tveggja er, að ýmsir sjómenn hafa talið, að þessi munur sé ekki mjög stórvægilegur, og svo eins hitt, sem kom fram hjá hv. síðasta ræðumanni, að mjög veltur mikið á því, að eftirlit Landhelgisgæzlunnar með þessum málum öllum verði sem fullkomnast, og ég leyfi mér að hafa efasemdir um það, að Landhelgisgæzlan gæti fremur gætt laga og réttar, þó að þetta frv. yrði að l., heldur en eða a. m. k. ekki mjög miklu betur heldur en henni tókst miðað við þær takmarkanir, sem í gildi voru. Þá er því haldið fram, að samþykkt þessa frv. fylgi ekki mikil áhætta, vegna þess að það sé lagt til, að l. gildi ekki nema til ársloka 1971. Þá megi breyta til, ef ástæður þykja svo vaxnar. Það má vel vera, að þetta sé nokkur trygging fyrir því, að l. verði endurskoðuð, en ég hygg þó, að reynslan sýni, að auðveldara sé að veita fleiri undanþágur heldur en fella þær aftur úr gildi, og ég er ekki bjartsýnn á það, að hv. landhelgisnefnd takist að sætta menn á það, að þeir missi þau réttindi, sem þeim samkv. þessum l. eru veitt, jafnvel þó að menn á síðara stigi kæmust að því, að óheppilegar heimildir væri þarna um að tefla. Annars kemur það sjálfsagt vel til greina, eins og hv. 3. þm. Vestf. stakk upp á, að stytta þetta reynslutímabil.

Ég tók eftir því, þegar hv. 5. landsk. hélt framsöguræðu sína fyrir þessu máli, þá taldi hann, að reynslutímabilið gæti ekki verið styttra. Það yrði að vera tvær vertíðir. Þessu er ég ekki vel kunnugur, en óneitanlega væri það líklegra til þess að takast mætti að breyta til, ef reynslutímabilið væri hægt að hafa styttra. Ég legg nú ekki á þessu stigi og að óathuguðu máli neinn dóm á það, hvort það sé hægt, en hugmyndin finnst mér athyglisverð og veit, að hv. sjútvn. athugar það. En þá kemur að því atriði í grg., sem ég er mest ósammála, og það er það, að ekki eigi að skaða sókn okkar í landhelgismálunum á erlendum vettvangi, þó að við aukum togveiðarnar innan landhelginnar. Öll okkar sókn í landhelgismálinu hefur byggzt á því, að við vildum auka vernd fiskistofnanna. L. frá 1948, sem við höfðum byggt útfærslurnar á, bæði 1952 og 1958, eru þannig nefnd „Lög um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins." Og ég er mjög hræddur um það, eins og ég hef áður lýst hér yfir, að það mundi mjög torvelda aðstöðu okkar til áframhaldandi sóknar í landhelgismálinu, ef það kæmi í ljós, sem koma mundi í ljós, ef þetta frv. verður samþ., sem það sjálfsagt verður, að við leyfðum svo miklar togveiðar innan landhelginnar, að gengið væri of nærri fiskistofninum. En það óttast ég, að við séum að gera með þessu frv., og það er kannske ein helzta ástæðan fyrir því, að ég er mótfallinn frv. Mér finnst, eins og hér kom fram áðan hjá hv. síðasta ræðumanni, að það sé alltaf verið að færa sig nær og nær, menn sjái ekkert annað til bjargar heldur en að fiska hér upp við landsteina, gleymi því, að við þurfum að sækja á fjarlægari mið, og meira að segja er svo langt gengið í þessu, að talsmenn togaranna eru farnir að bera fram brtt. við þessi frv. um það, að einnig togararnir, skip upp í 700 lestir eða hvað það nú er, eigi að fiska hér upp að fjögurra mílna landhelginni. Það finnst mér algerlega fráleitar till. Ég tel, að það sé eðlileg verkaskipting, ef svo mætti segja, milli báta og stærri skipa, togaranna, að bátarnir fiski á þeim miðum, sem þeir geta fiskað á, það er þeim miðum, sem næst liggja, en við höfum togarana til þess að sækja lengra út. Og ég álít, að það yrði nú miklu meira gagn að því fyrir íslenzkan sjávarútveg, ef litið er á hann í heild, að gerðar yrðu ráðstafanir til þess að afla Íslendingum stórvirkari veiðitækja, sem gætu fiskað á fjarlægari miðum, en við létum uppeldisstöðvarnar eiga sig og mundum varðveita þær til þess að leggja til þann fisk, sem skipin okkar gætu svo veitt lengra frá landinu.

Þá langar mig til þess að víkja örlítið að því frv., sem hv. Ed. samþykkti með yfirgnæfandi meiri hl. atkv. nú ekki alls fyrir löngu, um bann gegn dragnótaveiði á tilteknu svæði, sem nánar er tiltekið hér í Faxaflóa. Eins og allir hv. þdm. muna, var frv. um breyt. á l. um takmarkað leyfi til dragnótaveiða í fiskveiðilandhelgi Íslands undir vísindalegu eftirliti, flutt af hv. 2. þm. Vesturl., Jóni Árnasyni o. fl., til meðferðar hér í d. Og hv. sjútvn. klofnaði að vísu um þetta mál, en hún klofnaði í mjög ójafna hluta, því að í meiri hl., sem mælti með samþykkt frv., voru 6 af 7 nm., aðeins einn nm., hv. 5. landsk. þm., formaður landhelgisnefndar, var á móti frv. fyrst og fremst, eftir því sem kemur fram af hans nál., vegna þess, að öll lagaákvæði um dragnótaveiðina þyrftu endurskoðunar við. Nú er það svo, að samkv. 3. gr. þess frv., sem hér um ræðir, frv. um bann gegn veiðum með botnvörpu og flotvörpu, eiga ákvæði 2. gr. að taka einnig til dragnótaveiða, og í þeim till. undir staflið E í 2. gr. eru tiltekin svæði opnuð fyrir veiðum með botnvörpu og flotvörpu og þá þar með fyrir dragnót. Ég fæ ekki séð, hvernig þeir menn, sem stóðu að samþykkt frv. um takmarkað leyfi til dragnótaveiða, þar sem ákveðið var að loka Faxaflóa alveg fyrir þessum veiðum, geta nú samþykkt þetta ákvæði. Það held ég, að sé algerlega fráleitt viðfangsefni að reyna að leysa, ef nokkurt samræmi á að vera í afstöðu manna til þessara mála á annað borð. Og ég segi það fyrir mitt leyti, að ég mun annaðhvort sjálfur þá eða í samvinnu við aðra freista þess að koma fram brtt. hér við 2. umr. á þessu ákvæði, því að þetta getur ekki með nokkru móti farið saman. Það má vel vera, að það sé rétt hjá hv. 5. landsk. þm., og það er raunar undirstrikað

af meiri hl. sjútvn. Nd., að það sé ástæða til þess að hraða endurskoðun l. um dragnótaveiðar innan fiskveiðilandhelginnar og von sé á frv. um nauðsynlegar breytingar á þeirri löggjöf, að það verði lagt fyrir næsta þing. En ég get ómögulega fallizt á það, að þess vegna þurfi þeir, sem vilja loka Faxaflóa fyrir dragnótaveiðum, að falla frá þeirri afstöðu sinni þangað til næsta haust. Það má alveg eins að mínum dómi loka þessum veiðisvæðum þá þangað til önnur skipan verður upp tekin.

Það hefur margsinnis verið á það bent hér í hv. Ed. og er ástæðulaust þess vegna að endurtaka, að Faxaflói er eitt allra þýðingarmesta uppeldissvæði við strendur Íslands. Það kemur til af því m. a., að flóinn liggur næst aðalhrygningarstöðvunum við suðurströnd landsins, og þangað leitar ungviðið skjóls, og þar eru öll ákjósanlegustu skilyrði til ræktar og þroska. Þess vegna er það svo, að ég legg mjög ríka áherzlu á það, að friðun Faxaflóa verði ekki stefnt í hættu með þeim ráðstöfunum, sem hér er verið að gera. Ég geri hana að umtalsefni vegna þess, að ég er málum hér kunnugastur. Ég viðurkenni það alveg hreinskilnislega, að ég hef ekki mikla þekkingu á fiskveiðum eða fiskveiðisvæðum alls staðar umhverfis landið og verð að trúa því, sem aðrir segja um það, en vegna þess m. a., að ég hef á hverju ári nú um nokkurt skeið orðið að taka afstöðu til dragnótaveiða í Faxaflóa sem meðlimur borgarstjórnar Reykjavíkur, þá hef ég gert mér far um að reyna að kynna mér það mál, og ég hef myndað mér á því alveg bjargfasta skoðun, sem sagt þá, að því meiri friðun, sem hér í Faxaflóa verður viðhöfð, þeim mun betra fyrir fiskveiðar landsmanna í heild. Ég skal svo ekki eyða meiri tíma nú við 1. umr., en vildi aðeins koma þessum örfáu aths. á framfæri, áður en lengra er haldið.

Karl Guðjónsson: Herra forseti. Þetta frv., sem hér liggur fyrir til 1. umr., er gagnmerkt mál, og flestir landsmenn munu vera kunnugir því, að þær reglugerðir og þau lög, sem gilt hafa um bann gegn veiðum með botnvörpu og flotvörpu, hafa e. t. v. verið meira brotin heldur en nokkur önnur, og augljóst er, að svo getur ekki haldið fram. Ég hygg líka, að þeir, sem fara með dómsmálastjórn í landinu, hafi fundið fyrir því, að við svo búið mætti ekki lengur standa, enda sagði hæstv. dómsmrh., þegar hann lagði þetta frv. hér fyrir d. og flutti fyrir því framsögu í dag, að sómi Alþ. lægi við, að hér yrðu sett lög, þ. e. a. s. þessi lög, sem frv. gerir ráð fyrir, en síðan hvarf hann hér af þingi og hugsaði ekki daginn út um sóma Alþ. Mér hefði nú fundizt, að kannske gæti það verið einhver liður í því, að hann gæti verið hér viðstaddur umr. um jafnmerkilegt mál. Sjálfur rakti hann ekki málið, heldur gaukaði að okkur þessum orðum og litlu þar fram yfir, en hv. 5. landsk. þm., sem hefur starfað mikið að undirbúningi þessa máls og verið formaður í svokallaðri landhelgisnefnd, sem málið hefur undirbúið, flutti hér þar á móti mjög efnislega og vel gerða ræðu um tildrög málsins. Að vísu var honum svo þröngt skammtaður tími, að hann varð að pakka niður sínum plöggum og rjúka héðan úr ræðustól áður en ræðan var hálfnuð, og það er sömuleiðis nokkur spurning um það, hvort það er virðingu Alþ. samboðið að flytja ekki til enda jafnefnismikla og greinargóða ræðu eins og hann var hér með eftir fyrri parti ræðunnar að dæma, þ. e. a. s. því, sem hann flutti hér í d., en honum var svo naumt skammtaður tími og mér skildist, að deildinni væri ætlað að ljúka 1. umr. um þetta mál á hálftíma, sem er náttúrlega alger ósvífni að láta sér detta slíkt í hug. Þetta er búið að vera deilumál þjóðarinnar um mörg ár, og n. er búin að ferðast um landið, hlusta á og lesa till. og ábendingar fjölda manna, og málið er sem sagt alls ekki þannig vaxið, að það sé vert að taka mjög skjóta afstöðu um það. Ég veit, að það er búið að undirbúa þetta mál kannske meira heldur en flest önnur, sem hér hafa verið lögð fyrir, en engu að síður er sóma Alþ. fyrst og fremst bezt borgið með því, að málið sé gaumgæfilega rætt og skoðað og ekki kastað eins til þess höndunum eins og hæstv. ráðh. gerði hér við fyrirlagningu málsins.

Um málið sem slíkt er það að segja, að ég á það sjálfsagt sammerkt með öllum öðrum þm., að ég er nú ekki ánægður með það í einstökum liðum, enda þótt ég telji það vera virðingarverða tilraun til þess að koma skipan á þessi mál. Það er greinilegt, að hinir einstöku landshlutar hafa hér svo sem eðlilegt er otað sínum tota. Lengst af var það svo, að Vestfirðingar máttu lítið heyra á það minnzt, að gefnar væru út veiðiheimildir með botnvörpu úti fyrir Vestfjörðum, og hafa þeir reyndar s. l. áratug og reyndar lengur verið mjög óánægðir með skipan landhelgismála. Þegar fjögurra mílna landhelgin var sett með þeim breytingum á grunnlínupunktum, sem þá voru gerðar, þá er það alveg rétt, að hin friðuðu svæði fyrir botnvörpu urðu stærri við flesta landshluta heldur en Vestfirði. Þetta var á máli Vestfirðinga kallað að stóðið hefði verið rekið í túnið hjá þeim, þ. e. a. s. togararnir, sem hefðu orðið að hætta togveiðum á miðum annars staðar við landið, hefðu farið á Vestfjarðamiðin unnvörpum. Eitthvað kann að hafa verið til í þessu. Ég er engan veginn frá því, en það er eins og talsmenn Vestfirðinga séu dálítið óhikandi við það að reka þetta sama stóð í önnur tún eins og nú er komið. Það er að vísu gert ráð fyrir því í þessu frv., að tvö hólf verði opnuð til togveiða úti fyrir Vestfjörðum, en allur meginþorri fiskimiðanna á þeim slóðum á eftir sem áður að vera bannsvæði fyrir togveiðiskip. Ég veit ekki, hvort hér er sanngjarnlega að farið. Að vísu skal það hreinlega játað, að a. m. k. sumir talsmenn þess fjórðungs hafa talið sig sýna mikið umburðarlyndi gagnvart öðrum landsmönnum með því að vera þó ekki alveg fastir á því, að ekkert mætti opna fyrir togveiði úti fyrir Vestfjörðum. En á hinn bóginn er það augljóst, að þeim mun þrengra sem haft er um togveiðiheimildir, t. d. þar, þeim mun erfiðara eiga togveiðiskip úr þeim landsfjórðungi með að fiska á sínum eðlilegu miðum og þeim mun líklegra er, að þeir sæki á mið úti fyrir öðrum landshlutum, þar sem meira er opnað. Þetta er auðvitað augljóst mál. Tilgangur þess að setja lög um það, hvernig fiskveiðilandhelgi Íslendinga skuli eða megi vera nytjuð, er auðvitað sá að geta fengið sem mesta veiði án þess að ganga á stofna og í öðru lagi, að fiskveiðarnar geti verið reknar upp á sem hagkvæmastan máta. Það er ekki hagkvæmni í því að banna skipum að veiða á þeim miðum, sem þeim eru eðlilegust úti fyrir þeirra heimahöfnum, og gera þeim ómögulegt annað

heldur en sækja miklu lengra á fiskimið en eðlilegt væri, að þau gerðu.

Um þá Faxaflóamenn er það að segja, að að mínu viti líta þeir á sinn flóa sem nokkurs konar helgidóm. Þeir trúa því vafalaust, mennirnir, að þetta sé einhvers konar vöggustofa fyrir fiska, það sé meiri uppeldisstöð heldur en allur annar sjór í kringum Ísland. Fyrir þessu eru auðvitað ekki nokkrar sannanir, en menn geta búið sér til hugarfóstur af ýmsu tagi og gælt við þau. Frá útvegsmönnum hér við Faxaflóa, t. d. hér í Reykjavík, hafa komið kvartanir um það að fá ekki að stunda togveiðar nema allt of takmarkað í Faxaflóanum. Þetta verður auðvitað líka til þess, að þessir útgerðarmenn verða að senda skip sín á aðrar slóðir, þ. e. a. s. þeir eru reknir í túnið hjá öðrum. Austfirðingar hafa haldið svo hart á málum fyrir sinn fjórðung, að þeir hafa hreinlega lagt undir sig mið við suðurströndina og koma þar í veg fyrir það, að togveiðiheimildir verði gefnar fyrir veiðum, sem stundaðar hafa verið árum og áratugum saman af Vestmannaeyingum. Allt þetta er auðvitað með þeim hætti, að ég er því ekki samþykkur. Á hitt er að líta, eins og hér hefur verið bent á af ýmsum ræðumönnum og þó aðallega hv. 5. landsk. þm., að landhelgin er sameiginleg eign Íslendinga, og þær nytjar, sem af henni er hægt að hafa, eru auðvitað til sameiginlegra nota fyrir landsmenn. Af þeim ástæðum hlýt ég að líta svo á, að hér geti ekki allir fengið óskir sínar uppfylltar og það verði ýmsir að slaka til á þeim hugmyndum, sem þeir annars hefðu haft um það, hvernig afnotaréttur af íslenzku landhelginni væri bezt og skynsamlegast tryggður. Ég mun þess vegna ekki á þessu stigi, þó að ég lýsi óánægju minni með þessi fjögur atriði, gera um það neinar brtt. Þetta verður að sjálfsögðu tekið fyrir í þn., og ég efa það ekki, að í þeirri n. verður það skoðað, hvað hér hefur komið fram í umr., og máske sjá menn einhver ráð til þess að verja þó ekki sé nema eitthvað af því. Eitt atriði er það enn þá, sem ég teldi rétt að vekja athygli á. Það er að vísu hreinlega formsins vegna ekki beinlínis ástæða til þess, að um það séu gerðar till. í þessu frv., en athugandi væri það samt í þeim n., sem um málið fjalla. Það atriði er þannig, að veiðiheimildirnar yfirleitt eru miðaðar við grunnlínur þær, sem í gildi eru um íslenzku landhelgina. Þær heimildir eða þeim grunnlínupunktum var slegið föstum árið 1961. Síðar hefur komið upp ein eyja við Ísland, sem eðlilegt væri að gera að nýjum grunnlínupunkti, og sú n. eða þær n., sem um þetta mál hafa fjallað, hefðu vafalaust átt greiðan aðgang að því, að á það mál yrði litið og ekki farið eftir þeim grunnlínupunktum, sem til voru 1961, heldur einnig þeim grunnlínupunkti, sem orðið hefur til síðan, þ. e. a. s. Surtsey, sem mér skilst, að eðlilegt væri, að væri gerð að grunnlínupunkti. Þessum tilmælum og þessum athugunum vildi ég beina til þeirrar n., sem af Ed. hálfu fjallar um málið, og mælast til þess, að þetta verði í n. athugað. Að öðru leyti lýsi ég ánægju minni með það, að þessi tilraun með að koma saman þarna lögum, sem hugsanlegt er, að geti orðið í gildi, skuli hér vera gerð, því að ég er sammála þeim, sem hér hafa látið áður uppi það álit, að ástandið eins og það hefur verið til þessa um reglur og lög um landhelgina er gersamlega óviðunandi, og þar á verður að verða breyting. Þetta frv. er að mínu viti gott skref til þeirrar áttar, enda þótt ýmsir annmarkar séu á því frá mínu sjónarmiði, eins og reyndar fiestra, ef ekki allra annarra þm. Það ber þess auðvitað greinilega vott að vera samkomulagsfrv., þar sem ekki er unnt að taka tillit til óska eða till. allra, sem eitthvað hafa um málið að segja, heldur verður þar víða að fara nokkuð bil beggja.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til sjútvn. með 17 shlj. atkv.

Á 89. fundi í Ed., 9. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 663, n. 683, 681, 682).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 16 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Pétur Benediktsson): Herra forseti. Hér er stórt og merkilegt mál á ferðum, og þótt nál. frá sjútvn. sé fáort og ég muni ekki segja mörg orð hér um frv., þá er þetta eitt af merkari frv., sem lagt hefur verið fyrir þessa hv. samkomu að þessu sinni. Það fjallar um skynsamlega nýtingu fiskveiðilandhelginnar, og bak við samningu þess liggur ótrúlega mikil og ég vil segja merkileg og góð vinna frá þeirri n., sem falið var að athuga þetta mál og ferðazt hefur um landið og átt tal við þá aðila hvarvetna kringum strendur landsins, sem mestra hagsmuna eiga hér að gæta og líklegastir eru til að hafa till. fram að bera í því efni. Enginn gerir svo að öllum líki, og það hefur að sjálfsögðu heldur ekki tekizt í þessu tilfelli, en samt tókst að sigla frv. gegnum hv. Nd., og nú liggur það hér fyrir hjá okkur.

Sjútvn. hefur að 6/7 hlutum viljað gera eina ákveðna breytingu, sem í raun og veru er þó aðeins staðfesting á annarri afgreiðslu, sem hér hefur farið fram, sem sagt að þar sem rætt er um dragnótaveiði í 3. gr. frv., þá bætist þar við nýr málsl. í fullu samræmi við það frv., sem við höfum þegar samþ. hér í hv. d. og segir: Þó skal bönnuð dragnótaveiði í Faxaflóa, en með því er átt við svæðið innan línu, sem dregin er frá punkti réttvísandi vestur 4 mílur frá Garðskaga og þaðan beint í Malarrif. Um þessa breytingu varð öll n. sammála nema hv. 5. landsk. þm., sem er einn þeirra, sem ötullegast hafa starfað í landhelgisnefndinni svokölluðu, og ég skil hans afstöðu ósköp vel, að hann kjósi heldur að hrófla ekki við ákvæðum frv. í þeirri von, að auðveldara verði að koma því fram með því móti. En hins vegar fæ ég nú ekki séð annað en að hv. Ed. verði um þetta sérstaka atriði að vera sjálfri sér samkvæm og endurtaka óskir sínar í þessu efni.

Ég má kannske nota tækifærið til að nefna brtt. tvær, sem ég ásamt 4 öðrum dm. er flm. að. Hin fyrri þeirra er við 2. gr. frv., að liðurinn E 6 falli niður. Það er hin svokallaða „svunta“ á Faxaflóasvæðinu, þar sem gert er ráð fyrir vissum undantekningum hluta ársins fyrir hin smærri veiðiskip. Okkur flm. þeirrar till. fyndist, að hér ætti að hafa samræmi við till. í dragnótamálinu og því fella þennan lið niður.

Við 8. gr. berum við einnig fram brtt., sem felur það í sér, að 2. og 3. gr. frv. eigi að gilda til ársloka 1970 í stað 1971. Vissir nm. eiga auðveldara með að sætta sig við

ákvæði frv., þó að vissar breytingar, sem þeir hafa hug á, verði ekki gerðar, ef gildistími þess er ekki lengri en þetta. En ef góð reynsla fæst af frv. um eina vetrarvertíð og tvær sumarvertíðir, þá er hægurinn hjá að framlengja gildi þess, þegar þar að kemur, og þess vegna höfum við, þessir 5 þm., orðið sammála um að fylgja brtt. í von um að auðvelda þannig framgang málsins.

Ég held ekki, að ég þurfi að hafa þessi orð lengri að sinni. Málið er öllum þingheimi þaulkunnugt, og það, sem á ríður, er að koma því nú fram, enda erum við á síðasta degi með gildi bráðabirgðaákvæðanna um takmarkað leyfi til veiða með botnvörpu hér í flóanum og á ýmsum öðrum stöðum.

Bjarni Guðbjörnsson: Herra forseti. Á þskj. 681 hef ég ásamt Ólafi Jóhannessyni, hv. 3. þm. Norðurl. v., flutt brtt. um, að niður falli úr því frv., sem hér liggur fyrir, í sambandi við Norðurland orðin: nema á Húnaflóa. . . . í Ásbúðarrif.

Meginreglan í sambandi við fiskveiðitakmörkin fyrir öllu Norðurlandi er 8 mílur frá grunnlínu, sem dregin er á milli grunnlínupunkta nr. 1 og nr. 9, þ. e. frá Horni í Langanes, en hvað Húnaflóann snertir er grunnlínan dregin samkvæmt gildandi l. frá grunnlínupunkti 1, Horni, í Ásbúðarrif, en samkv. þessu frv. er gerð undantekningarregla, því að þar er dregin lína frá Horni inn með Ströndum og í Selsker og þaðan í Ásbúðarrif. Við þetta stækkar að mun það svæði, sem togveiðiheimild er veitt á í Húnaflóa. Brtt. þessi, sem ég lýsti hér áðan, snertir þær undantekningarreglur, sem landhelgisn. vill nú láta samþykkja. Í viðræðum þeim, sem þm. Vestf. áttu við landhelgisnefndina, var komið inn á þessa rýmkun á Húnaflóa, og voru þm. Vestf. því mjög andvígir og staðfestu þá andstöðu sína í bréfi til n., dags. 24. marz, þar sem þeir lögðu til, að engin frekari rýmkun yrði á þessu svæði. En það hefur ekki verið tekið til greina. Þessi sama till. var flutt af þm. Vestf. og þm. Norðurl. v. við umr. í Nd., en fékkst ekki samþ. þar. Í því bréfi, sem ég minntist á áðan, var fallizt á af hálfu Vestfjarðaþm., að tvö hólf yrðu opnuð fyrir Vestfjörðum, þ. e. Dýrafjarðarhólfið svokallaða og hólfið milli Rifs og Kögurs, en það var jafnframt skýrt tekið fram, að ekki væri samkomulag um aðrar breyt. á þessum svæðum.

Þessi brtt., ef samþ. verður, þýðir það, að óbreytt verður það svæði, sem nú hefur verið í gildi fyrir Norðurlandi, og engar auknar togveiðiheimildir veittar á Húnaflóa. Svæði það, sem nú opnast, er í svo nefndum Drangaál, það virðist hafa verið eina svæðið, sem menn hafa óskað eftir að slægjast eftir á þeim slóðum. Þetta er eitt af aðallínuveiðisvæðunum fyrir vestanverðu Norðurlandi og út af Ströndum, hefðbundið línuveiðisvæði, og ef þetta verður samþ. að færa út togveiðiheimildina yfir þetta svæði, þá er ákaflega hætt við því, að þarna verði árekstrar á milli tog- og línuveiða, og slíkt ætti nú held ég að forðast í lengstu lög. Þau rök, sem hafa verið færð fyrir því, að óhætt væri að færa þarna út, hafa m. a. verið þau, að þarna væri ekki um að ræða neina útgerð frá Húnaflóaverstöðvum og að þarna hefði ekki verið mikill afli, sem lagður hefði verið á land í þeim stöðvum af þessum veiðisvæðum. Ég tel þetta út af fyrir sig haldlaus rök. Það er að vísu rétt, að það hafa ekki verið gerðir út þarna margir bátar, en þetta svæði hefur verið fisklítið á undanförnum árum, en það hefur sýnt sig, að þegar einhver friður hefur fengizt á þetta svæði, þá hefur gengið þarna fiskur, og er þess skemmst að minnast, að á s. l. sumri mun hafa verið þarna fiskur hvað mest nú í fjöldamörg ár, en þá var svæðið einmitt friðað á s. l. vetri og s. l. vori af hafís. Á þessu svæði hefur verið mikill ágangur af erlendum togurum og innlendum raunar líka, þeir hafa skrapað þarna, og ég held, að það sé ekki á það bætandi, að farið væri að veita auknar togveiðiheimildir á þessum svæðum. Það hefur verið svo í mörg ár, að Vestfirðingar hafa róið austur fyrir Horn og lagt sínar lóðir í Drangaál, og eins og landhelgisnefndin upplýsti, var þetta eina svæðið, sem óskað var eftir, að væri opnað þarna, það var einmitt Drangaállinn, innri hluti Drangaálsins, en það er einmitt þar, sem línuveiðarnar hafa verið stundaðar.

Þau rök, að þarna sé ekki fiskur, fá heldur ekki staðizt, því eftir hverju er þá verið að slægjast að færa inn þessa línu, ef ekki er fisk að fá þarna? Sannleikurinn er sá, að þarna mun ganga fiskur, ef ekki er stanzlaus girðing af skipum fyrir utan, en það hefur það verið oft á tíðum á undanförnum árum.

Samkvæmt þeim till., sem eru í þessu frv., þá færast veiðisvæðin eða togveiðiheimildirnar misjafnlega langt inn, þ. e. það eru 4 mílur sums staðar og 2 mílur víða annars staðar, sem þetta eykur togveiðisvæðið, og er það töluvert svæði, sem þarna verður lagt undir togveiðarnar. Frv. gerir, eins og ég minntist á áðan, ráð fyrir því, að það sé dregin ný lína frá Horni í Selsker og þaðan í Ásbúðarrif, en það er, eins og ég gat um, hrein undantekning, því að gildandi lína er þarna frá Horni í Ásbúðarrif, og við þessa breyt., sem landhelgisn. stingur upp á, að verði gerð, stækkar það svæði, ef það verður fært inn, togveiðisvæðið, og það tel ég mjög hæpið og hættulegt. Við höfum viljað fallast á, að svæðið fyrir Norðurlandi væri í heild óbreytt frá því, sem verið hefur, en að ekki yrði aukið togveiðisvæðið. Ég vona, að hv. þdm. geti fallizt á það, að það sé ekki ástæða til þess að vera að breyta þarna þessu og auka þetta togveiðisvæði.

Ég er meðflutningsmaður að öðrum till., ég skal ekki ræða mikið um það, en þó get ég ekki stillt mig um að drepa á aðra till. sérstaklega, sem ég er meðflutningsmaður að, en það er till. um breyt. á gildistíma þessara l., að þau gildi aðeins út árið 1970. Það hafa verið færð sem rök fyrir því, að það þyrfti að vera tvær vetrarvertíðir, sem þessi l. giltu, en ég sé ekki, að það þurfi að vera, vegna þess að ein af aðalröksemdafærslunum fyrir því, að þetta frv. eigi að ná fram að ganga, er verkefnaleysi þeirra báta, sem nú eiga að stunda togveiðar á þessum svæðum, verkefnaleysi þeirra yfir sumartímann og fram undir áramót. Þess vegna held ég, að það fáist tvær aðalvertíðirnar með því að samþykkja, að frv. gildi aðeins til ársloka 1970, og það er einmitt það, sem a. m. k. vakir fyrir mér í því sambandi, að á þessum tveimur sumrum eigi að fást næg reynsla fyrir því, hvernig eftirlitið með þessum málum verður framkvæmt. Það er veigamikið atriði í þessu öllu saman, hvernig eftirlitið verður framkvæmt, og til þess

nægir örugglega að hafa tvær aðalsumarvertíðirnar og eina vetrarvertíð.

Ég skal svo ekki orðlengja frekar um þetta, en áður en ég lýk máli mínu, vil ég þó koma að þessu aftur um eftirlitið og drepa á það, að eftirlitið með netaútbúnaði og netafjölda í sjó er mjög illa framkvæmt og raunar alls ekki, og það er mjög þýðingarmikið, að slíkt verði ekki látið viðgangast, án þess að það sé gerð einhver raunveruleg tilraun til að fylgjast með því, hvað mikill netafjöldi liggur í sjó, því að ótakmörkuð netaveiði og ótakmarkaður netafjöldi bátanna er sú versta rányrkja, sem átt getur sér stað.

Páll Þorsteinsson: Herra forseti. Mér þykir rétt við þessa umr. með örfáum orðum að gera grein fyrir afstöðu minni til þessa máls. Ég hef ávallt verið þeirrar skoðunar, að okkur bæri, Íslendingum, að fara varlega í því efni að leyfa togveiðar innan landhelginnar, og ég hef ekki að undanförnu farið dult með þessa skoðun. Ég gerði grein fyrir henni m. a. fyrr á þessu þingi í sambandi við bráðabirgðabreytingu, sem þá var gerð á l. um bann gegn veiðum með botnvörpu og flotvörpu. Hins vegar liggur það í augum uppi, að fiskstofnarnir njóta ekki friðunar, ef stunduð er togveiði innan landhelginnar, sem ekki samrýmist l. og reglum um það efni. Og fyrri reynsla er sú, að í því efni hefur stundum því miður verið pottur brotinn. Ég tel því mikla nauðsyn bera til, að settar séu reglur um þetta efni, og ég tel, að þetta frv., sem hér liggur fyrir, hafi verið mjög vel undirbúið, og það er þannig úr garði gert, að menn leitast við að hafa heildaryfirsýn yfir málið allt.

Í þessu frv. er gengið lengra um heimildir til togveiða heldur en ég hefði óskað. Ég tel þó miklu skipta, að í frv. er gert ráð fyrir, að þessar reglur gildi einungis um takmarkaðan tíma, þannig að fylgzt verði með, hvaða reynsla fæst af þessum reglum, sem frv. greinir. Ég tel það ákvæði frv. mjög mikilvægt.

Mér virðist, að málið liggi nú þannig fyrir:

Í fyrsta lagi hefur það verið mjög rækilega undirbúið, og haft hefur verið samband bæði við þm. í kjördæmunum og þá, sem áhuga hafa og hagsmuna að gæta í þessum efnum úti um landsbyggðina. Það er því sú niðurstaða, sem fengizt hefur af viðtækri athugun, sem hér liggur fyrir í þessu frv.

Í öðru lagi er mér ljóst, að hér er um málamiðlun að ræða milli mjög ólíkra sjónarmiða. Og málamiðlun fæst aldrei á þann hátt, að allir geti verið ánægðir. Þær till., sem við þm. Austurl. gerðum til landhelgisnefndar, voru einnig byggðar á málamiðlun okkar á milli, en við stóðum þannig að þeim till., að við létum þær frá okkur fara sem samkomulagstill., og vil ég fyrir mitt leyti standa að því samkomulagi og þeirri málamiðlun, sem við gerðum okkar á milli í þessu máli.

Í þriðja lagi er hér leitazt við, eins og ég sagði áðan, að hafa heildaryfirsýn yfir málið allt, og þessar till. eru áreiðanlega þannig gerðar, að reynt er að hafa sem fyllst samræmi í þeim um aðstöðu hinna einstöku landshluta og sókn á hin ýmsu veiðisvæði. Þetta tel ég mjög mikilvægt, og ef heildarmyndinni verður raskað, þá sýnist mér, að það geti leitt af því nýtt ósamræmi þannig, að bátar úr vissum landshlutum sæki þá meira á mið út af öðrum landshlutum heldur en eðlilegt má telja.

Í fjórða lagi er mér ekki ljóst, hvað tekur við, ef þetta frv. nær ekki fram að ganga. Mér skilst og ég veit raunar með vissu, að þau brbl., sem sett voru í þessu efni, falla úr gildi nú á næstu dögum, og mér er alls ekki ljóst, hvernig á framkvæmdinni yrði haldið í þessum efnum, ef þetta frv. næði ekki fram að ganga. Niðurstaðan er því sú, að þrátt fyrir það að ég er ekki ánægður með þetta frv. í öllum greinum, mun ég fyrir mitt leyti styðja að því, að það verði lögfest, og vík þá aftur að því, að ég tel það ákvæði, að þessar reglur eigi að gilda um takmarkaðan tíma, svo sem í tilraunaskyni, vera mjög mikilvægt atriði í þessu máli.

Um brtt. á þskj. 683 vil ég segja það eitt, að þessi þd. er búin að afgreiða efni þess máls, sem þar er um fjallað, og ég fæ ekki séð, að það sé annars kostur í því efni heldur en hlíta þeim úrskurði, sem það mál fær í hv. Nd.

Jón Árnason: Herra forseti. Ég held, að það sé öllum hv. þm. ljóst, að hér er um mikið vandamál að ræða, og getur verið mjög afdrifaríkt fyrir íslenzku þjóðina, hvernig fer í sambandi við afgreiðslu þessa máls og hvaða reynsla fæst í sambandi við þau ákvæði, sem þetta lagafrv. kveður á um, ef það verður að lögum. Undir afgreiðslu málsins í hv. Nd. komu nokkrar brtt. frá einstökum þm. Yfirleitt voru till. felldar, en þó ekki í sumum tilfellum með ýkja miklum atkvæðamun. Dæmi voru um það, að till. var felld með 19:16 atkv. o. s. frv. Sýnir þetta glöggt, hvað skiptar skoðanir eru innan þings um einstök atriði frv. og ákvæði, sem í því eru. Ég tel því, að það sé langt frá því, eins og sumir hv. þm. hafa haldið fram, að um frv., eins og það liggur hér fyrir til afgreiðslu í þinginu, sé mikil samstaða.

Því verður ekki neitað, að hér er um mikið vandamál að ræða, og framkvæmd l. skiptir jú vitanlega miklu máli í einstökum atriðum. Ég hygg, að það sé álit sumra, sem vel þekkja til eftirlits með fiskveiðilögsögunni, að það muni geta verið í sumum tilfellum miklir annmarkar á því, að hægt verði að framfylgja l., ef frv. verður samþ. eins og það liggur hér fyrir. Þar á ég sérstaklega við svuntuna svo kölluðu, sem er í Faxaflóa, því að það sjá allir, að eins og hún er afmörkuð, mundi það valda nokkrum erfiðleikum fyrir löggjafann eða landhelgisgæzluna að fylgjast ýtarlega með þeirri takmörkun, sem þar er ákveðin.

Eins og hér hefur verið vikið að af hv. þdm., sem talað hafa þegar í þessu máli, var frv. til l. um breyt. á l. nr. 40 frá 1960 um takmarkað leyfi til dragnótaveiða í fiskveiðilandhelgi Íslands undir vísindalegu eftirliti til umr. og afgreiðslu hér í þessari hv. d. fyrir nokkrum dögum. Þar kom skýrt fram vilji dm. varðandi það, sem fram kemur í meiri hl. till. sjútvn. á þskj. 683, og er þar aðeins verið að undirstrika af brýnni nauðsyn þá samþykkt, sem n. gerði á sínum tíma. Ég sé ekki, eins og fram kom hjá hv. síðasta ræðumanni, að það sé ástæða til þess, þegar komið er hér inn í d. annað frv., sem gengur í þveröfuga átt við það, sem þessi þd. hefur samþykkt, að við eigum þá að halda að okkur höndum og sjá til um það, hvernig þeir háu herrar í Nd. vilja afgreiða það, sem við höfum samþ. í þessari d. Nei, ég

tel, að það sé vart um annað að ræða sóma okkar vegna hér í þessari d. en að við undirstrikum það, sem við höfum áður gert í þessu, nema við höfum skipt um skoðun, að við höfum farið villir vegar í þessum efnum og höfum ekki verið að gera rétt, þegar við afgreiddum málið hér í þessari hv. d.

Þetta frv., sem hér er til umr., er með skýr ákvæði um það, að það skuli leyfa dragnótaveiðar á því svæði, sem var búið að samþykkja í þessari d., að skyldi ekki vera leyft. Og að við eigum, þegar það gengur til atkv. um sama efni í þessari d., að halda að okkur höndum og taka ekki afstöðu til málsins vegna þess, að Nd. sé ekki búin að gera það — ég fæ varla skilið, að sú afstaða geti skapazt hjá þeim hv. þm., sem höfðu tekið svo skýra afstöðu til þess máls. Ég mundi treysta því, að það sé einmitt mjög kærkomið tækifæri og óefað til þess að tryggja, að þetta ákvæði verði að l. og komist til framkvæmda, að þessi till. meiri hl. sjútvn., þ. e. 6 af 7 nm. eins og áður mæla eindregið með þeirri samþykkt, hljóti enn þá samþykki í þessari hv. d.

Það er ekkert nýtt, að síðari d. geri einstakar breytingar á frv., sem hefur kannske sézt yfir í fyrri d., þegar málin hafa verið til umr., og að því sé svo hætt þessu máli um að komast til framkvæmda eða verða samþykkt, að það megi ekki hrófla við neinu, fæ ég vart séð, og þess vegna ítreka ég tilmæli mín til hv. dm., að ég vænti þess, að við verðum sjálfum okkur samkvæm í afgreiðslu þessa máls varðandi þessa brtt. sjútvn.

Brtt. á þskj. 682 er um fyrri liðinn við 2. gr., að e-liðurinn falli niður. Það er varðandi togveiðarnar, og er þar algerlega um sama veiðisvæði að ræða, eða það er innan sömu takmarka og getur um varðandi dragnótaveiðarnar. Að vísu er það minna svæði, sem þarna er, heldur en dragnótaveiðin er heimiluð eða hefur verið heimiluð á á undanförnum árum eftir sérstöku leyfi, en eigi að síður er þetta innan þess svæðis, sem margir telja, að sé nauðsynlegt að friða vegna ungfisksins. Það eru margir, sem telja það höfuðnauðsyn til þess að viðhalda fiskstofnunum við strendur Íslands, að friðaðar verði vissar uppeldisstöðvar víða við strendur landsins, og ein af þeim uppeldisstöðvum er einmitt Faxaflóinn. Það hefur komið fram opinberlega oftar en einu sinni frá fiskifræðingum, að það sé þeim mikið áhyggjuefni, að gengið sé meira á íslenzka þorskstofninn heldur en hann þoli, og þess vegna má það vera ljóst, að það er ekki einhlítt og ekki það eitt, sem okkur vantar, að geta náð í meira og meira af stofninum heldur en við höfum getað að undanförnu, og sérstaklega er það ekki höfuðnauðsyn, þegar áherzlan er lögð á það að leggja undir sig þær fiskstöðvar, sem vitað er um, að er mikið af ungfiski á. Það liggja fyrir skýrslur um það, hve mikið sé drepið af ókynþroska þorskfiski og tölur, sem við höfum í þeim efnum eru jafnt frá útlendingum eða útlendum sérfræðingum sem innlendum, og því miður er það svo, að stór hluti af þeim veiðum á sér stað utan íslenzku landhelginnar við Norðausturlandið langt úti. Þar erum við ekki einir um að ráða eða ákveða. Þar verðum við að leita sérstakra samninga við aðrar fiskveiðiþjóðir til þess að forðast þá spillingu, sem á sér þar stað í veiðunum. Það er talið, að það sé vaxandi skilningur meðal annarra fiskveiðiþjóða á nauðsyn þess, að komið verði á takmörkun á veiði ókynþroska fisks. Í því skyni hefur, eins og vikið hefur verið að, verið ákveðið t. d. að víkka möskvastærðina sem eina leið í þeim efnum. Um það eru menn aftur ekki sammála að öllu leyti a. m. k., hvaða áhrif það hefur til þess að koma í veg fyrir að veiða ungfiskinn eða ókynþroska fiskinn, þó að möskvarnir séu stækkaðir. Það er ýmislegt fleira, sem þarf sjálfsagt að taka þar með í reikninginn, til þess að öruggt sé, að það eitt að stækka möskva trollsins, jafntakmarkað og það hefur enn þá verið gert og ákveðið, það komi að fullu gagni.

Með hliðsjón af því, að hér er verið að fara í stórum stíl inn á nýjar leiðir varðandi nýtingu veiðisvæðanna við strendur landsins, þá er það álit þeirra, sem eru flm. að brtt. á þskj. 682, eins og fram kemur í 2. tölul. á því þskj., að einmitt með tilliti til þess, að hér er verið að fara algerlega inn á nýjar brautir, sem geta haft mjög mikil og afdrifarík áhrif, þá eigum við að fara okkur varlega í þessum efnum, og með hliðsjón af því er lagt til, að l. hafi ekki gildi nema til ársloka 1970 í staðinn fyrir 1971, eins og er í frv. Við teljum, að þessi takmörkun sé þó ekki það mikil, að það eigi að fást nokkur reynsla á þessu tímabili, þar sem segja má, að að mestu leyti sé hér um tveggja ára togveiðitímabil að ræða. Við vitum a. m. k. um þá báta, sem ætlað er að hagnýta veiðisvæðin næst landinu sem eru 105 smál. og þar undir að þeirra tími er fyrst og fremst sumar- og haustvertíðin, og þar ætti að fást nokkur reynsla með að fá fullkomnar tvær slíkar vertíðir, eins og ætti að verða, ef þessi brtt. verður samþ. Um brtt., sem hér liggur einnig fyrir varðandi Húnaflóann, vil ég segja það, að það er svipað sjónarmið, sem um er að ræða eins og hér varðandi Faxaflóa, og ég skil vel sjónarmið þeirra, sem þar hafa viljað fara varlegar í sakirnar heldur en felst í till. landhelgisnefndarinnar. Og ég mun stuðla að samþykkt þeirrar till.

Herra forseti. Enda þótt menn kannske greini á um ýmislegt meira, sem fram kemur í þessu frv., heldur en felst í brtt., sem fyrir liggja við afgreiðslu málsins í þessari hv. d., þá hafa menn þó verið sammála um, að það sé ekki rétt að gera viðtækari brtt. heldur en hér er lagt til, en við teljum, að þær séu nauðsynlegar, og þær ættu á engan hátt að stofna málinu í neina hættu, þótt samþykktar verði.

Félmrh. (Eggert G. Þorsteinsson): Herra forseti. Ég hef nú ekki tafið tíma þessarar hv. d. eða hv. Nd. í umr. um þessi mál og skal heldur ekki gera nú. En ég vildi þó ekki láta þessar umr. fara svo fram, að ég segði ekki mína afstöðu til málsins.

Það ber öllum í báðum deildum Alþ. saman um, að sá undirbúningur þessa frv., sem átti sér stað, og aðdragandi þess, hafi verið óvenju vandaður og mikil vinna af mörkum lögð, til þess að svo mætti verða. Og er mér bæði ljúft og skylt, þar sem það féll í minn hlut á sínum tíma að skipa hina margnefndu landhelgisnefnd, að þakka henni hennar störf.

Ég hygg, að það sé ekki lengri tími en 2–3 ár síðan vonlaust hefði verið vegna almennrar andspyrnu í landinu að auka togveiðar eða fara inn á nýjar leiðir í togveiðum með aukningu á veiðisvæðunum, þá hefði það verið vonlaust fyrir ekki lengri tíma, sem þó náðist

þarna um samkomulag, þó að ólíkra sjónarmiða gætti. Og það er alveg rétt hjá hv. 2. þm. Vesturl., að meiri hl. var ekki mikill í hv. Nd. fyrir framgangi málsins. Tölurnar voru 15 og 19 og 20 svona til skiptis og skiptist þó mjög eftir því, hvaða till. voru til afgreiðslu hverju sinni. En það er einmitt þessi naumi meiri hl. í Nd., sem setur að manni kvíða um, að verði gerðar verulegar breytingar á frv. hér, muni það geta stöðvað málið, og hvar stöndum við þá? Jú, við stöndum í nákvæmlega sömu sporum og í því ófremdarástandi, sem ríkti, áður en lagasetningin var gerð hér á s. l. hausti, sem okkur stóð öllum stuggur af og var okkur til vansæmdar. Nú hygg ég, að flm. þeirra brtt., sem hér liggja fyrir, hyggist ekki koma á slíku vandræðaástandi og mundu gjarnan, ekkert síður en ég, vilja við það losna. En ég leyni ekki þeim ótta mínum, að verði gerðar breytingar á frv. hér, sem orsaka það, að það þurfi enn á ný að fara til Nd. í þann nauma meiri hl., sem þar var fyrir, þá stöndum við upp af þessu þingi án þess að hafa komið okkur saman um neina nýja stefnu til prófunar. Hér er einungis um það eitt að ræða að prófa sig áfram í 2–2½ ár. Lengri er nú tíminn ekki og ég hygg, að það sé nú með því skemmsta, sem hægt sé að fá nokkra reynslu á. Reynsla einnar eða tveggja vertíða segir okkur ákaflega lítið um þessa hluti. Fiskigengd er misjöfn hér á öll veiðarfæri, jafnt í tröll sem önnur veiðarfæri, og ein eða tvær vertíðir segja manni ekki mikið um reynsluna eða heildarútkomuna. Þess vegna held ég, að það sé málinu ekki til bóta að stytta sjálfan gildistímann.

Nú er sjálfsagt fært, ef einhver vildi leggja í það vinnu, að finna álit mitt og afstöðu til dragnótaveiða. Ég hef aldrei verið hrifinn af því veiðarfæri og alltaf talið það skaðvald og fór ekkert dult með mínar skoðanir í þeim efnum. Hins vegar gilda um það veiðarfæri ákveðin lög, sem rétt er hjá hv. 2. þm. Vesturl., að við í þessari hv. d. höfum tekið afstöðu til, sem er samþykkt á frv. því, sem hann var flm. að, um bann við botnvörpuveiðum í Faxaflóa. Mér er sagt nú, að meiri hl. a. m. k., ég veit ekki, hvort það er n. öll, en meiri hl. sjútvn. Nd. hafi lagt til eða ákveðið að leggja til, að því frv. verði vísað til ríkisstj. Ef meiri hl. Nd. er sömu skoðunar og sá nefndarmeirihl., sem enginn veit að sjálfsögðu um enn þá, meðan málið er ekki komið til afgreiðslu þar, þá hefur málið fengið endanlega afgreiðslu þar, og nú á þetta út af fyrir sig ekki að hafa áhrif á skoðanir Ed.-manna. Þeir eru óbundnir af því. En eigi að síður yrði sú staðreynd fyrir augum okkar, að þetta álit okkar nær ekki fram að ganga, þannig að það verður ekki raunhæft.

Um dragnótaveiðarnar, eins og ég áðan sagði, gilda ákveðnar reglur, sem ég hirði nú ekki um að fara út í hér, en það er skylt að leita umsagnar sveitarfélaga, og um þessar reglur hafa verið ákaflega miklar deilur. Það hefur m. a. verið talið, að afstöðu til þess máls tækju sveitarfélög, sem engra hagsmuna hefðu að gæta við sjávarsíðuna, og væri alrangt að láta þau hafa þar minnstu áhrif o. s. frv., það sé of jafnt metin afstaða sveitarfélaga án tillits til þess, hve mikið þau eiga undir sjávarafla komið o. s. frv. Þessar reglur þurfa tvímælalaust endurskoðunar við. Ég hef sjálfur fengið að kenna á því, eins og börnin segja, kenna á agnúum þessara laga. Þetta hefur verið eitt af erfiðari vandamálum sjútvmrn. í þau 4 ár, sem ég hef verið þar, og með alviðkvæmustu og erfiðustu málum til úrlausnar, svo að ég tel, að tvímælalaust eigi að endurskoða þau ákvæði, en ég legg samt sem áður ekki svo mikla áherzlu á þá skoðun mína, sem ég hef haft í sambandi við dragnótaveiðar almennt, að ég vilji stofna í hættu öllum þeim mikla undirbúningi og allri þeirri vinnu, sem í þetta frv. hefur verið lagt, með því að styðja að brtt. hér, ef það sýnir sig, að það álit er ekki fyrir hendi hjá meiri hl. hv. Ed. og málið af þeim sökum verður ekki praktískt eða raunhæft í framkvæmd. Ég hjó eftir því, að hv. 2. þm. Vesturl. lýsti yfir fylgi sínu við þá breytingu, sem lögð hefur verið fram á þeirri línu, sem hugsað er að draga um fiskveiðitakmörkin í Húnaflóa, og mér er þá spurn, er ekki nákvæmlega sami réttur þeirra, sem við Breiðafjörð búa? Þar er mikill ágreiningur manna á meðal um það hólf, sem þar er gert ráð fyrir, að veiða eigi í á tilteknum tíma. Þannig getum við farið bókstaflega kringum landið. Það verður ekki einhugur á einum einasta stað. Það er e. t. v. höfuðkostur frv., að svo er ekki, því að það hefur verið reynt að sigla bil beggja og út á það skapaður sá meiri hl., sem fyrir málinu hefur verið til þessa. Ég óttast það, að þurfi málið nú á síðustu dögum þingsins að hendast á milli deilda á ný, þá sé árangur af því mikla starfi, sem þegar hefur verið fram lagt, fyrir gýg unninn, og að því vil ég ekki stuðla. Ég vil, að úr því að þessi ljósglufa hefur skapazt til lausnar því ófremdarástandi, sem var, eigi að nýta hana þann stutta tíma, sem frv. gerir ráð fyrir, og gera síðan málin upp að nýju, þegar við höfum þá reynslu, sem af því tímabili fæst. Ég legg því mikla áherzlu á það, alveg án þess að segja hug minn til einstakra brtt., sem fyrir liggja, að menn hafi þetta virkilega í huga, að það er ekki ástæðulaus ótti, að málið kunni að stranda endanlega. Eftir daginn á morgun eru útrunnin þau lög, sem sett voru til þess að ljá okkur nokkra daga til umr. um þetta mál, og ef við höfum ekki með einhverjum ráðum komizt að niðurstöðu fyrir dagslok á morgun, erum við komnir í sömu óheillahjólförin og við vorum í um þessi mál, algera upplausn og glundroða, og að því veit ég, að enginn okkar vill stefna að koma málinu í þann farveg.

Jón Árm. Héðinsson: Herra forseti. Ég vil ekki tefja málið með löngum málflutningi hér, en ég vildi aðeins standa upp og þakka sennilega andstæðingum mínum að sumu leyti a. m. k. fyrir mjög góðan og hófsaman málflutning, því að það er sannarlega allt annar tónn í þeim heldur en í Nd., þar sem menn fóru að munnhöggvast og nota jafnvel ósæmileg eða óþingleg orð. Það sýnir það þó, eins og ég gat í framsöguræðu, að grunntónninn er sá að reyna að leysa málið af alvöru. Það var ekkert óeðlilegt, þó að það kæmu fram mismunandi skoðanir á þessu máli, það væri eins og ég gat um þá, alveg sama hvaða till. kæmu fram, eitthvað af þeirri tillögugerð mundi hafa sætt mótspyrnu einhverra manna. Málið er þannig vaxið. Það hefur alltaf verið og verður það áfram og við því er raunar ekkert að segja. Dæmið er þannig, að það er metið út frá ákveðnum sjónarmiðum, oftast hagsmunasjónarmiðum, hvað væri æskilegast að gera. Menn hafa sumir útveg, sem passar fyrir línu, aðrir útveg fyrir net og

hinir fyrir troll, og það er ekki lengra síðan en 1956, ef ég man rétt, að t. d. netaveiði hófst á Breiðafirði. Þá var línuútvegur þar, síðan hafa netin verið allsráðandi, og það er ekki einleikið, hvað netaúthaldið þar hefur eiginlega sett fiskvinnslu þar niður á við, því í gegnum bátagjaldeyriskerfið og síðan núna, þó mikill fiskur berist að landi, þá hafa fiskvinnslustöðvar þar átt í ákaflega miklum erfiðleikum. Mér var kunnugt um það, að þegar ég átti aðild að og var með bát í Sandgerði til 1959, í gegnum vinstristjórnartímabilið, þegar borgað var eftir gæðum fiskjarins, sem var mikilvægt atriði, þá var fiskur á Snæfellsnesi veiddur þar í net allt að 20—30 aurum, jafnvel upp í 50 aurum lægri í verðflokki, vegna þess að það fékkst miklu minna út úr þeim fiski. Það er því ekkert óeðlilegt, þó að nokkrir útvegsmenn þar fari að velta vöngum yfir því, hvort rétt sé stefnt. Það kom greinilega fram, þó þeir séu hræddir við togið, að þeir telja óhóflegar netaveiðar ekki rétt vinnubrögð, það kom greinilega fram á þeim fundi. Hins vegar voru líka uppi raddir um það, að það ætti að fara mjög varlega í togið og reyna að gera meir út á línu. Menn eru hér að læra af reynslunni, og það er vel. Ég þarf varla að fara að ræða um brtt., þær voru felldar í Nd. með allmiklum atkvæðamun, brtt. um Faxaflóann var felld 21:13, tímabilið var fellt 21:11.

Í sambandi við Húnaflóann vil ég aðeins geta þess, að það var sérstakt fyrirkomulag þar varðandi grunnlínurnar. Það var myndað hálfgert hvasst horn, sem togararnir máttu fara að í flóanum, og þessi till., sem hér liggur fyrir til breytingar á Húnaflóalínunni, er í nokkru ósamræmi við aðra staði á landinu, þ. e. a. s. við Selvogsgrunn eða Selvogsbanka og austur við Langanes allt að Héraðsflóa, því þar gildir varðandi ísl. skipin að mestu leyti reglugerðin frá 1958, þó að grunnlínan sé dregin samkvæmt reglugerðinni 1961. Það eru þessir þrír staðir á landinu, sem þar er vikið út frá. Íslendingar hafa talsverðan rétt inn fyrir þá línu, þannig að við vildum hafa samræmi í þessari tillögugerð varðandi þessi þrjú svæði.

Ég tel, að óhjákvæmilegt sé, að þm. geri sér grein fyrir því, eins og reyndar sjómenn og útgerðarmenn gera almennt í dag, að málið var í algerri úlfakreppu, og það var ekki um annað að ræða en leysa málið, hvort þessi lausn var sú eina rétta verður aldrei dæmt um, þar sem önnur lausn kemur ekki upp á teningnum. En raunhæf lausn varð að finnast, framhjá þeirri staðreynd verður ekki gengið. Frv., sem liggur hér fyrir, felur í sér raunhæfar till., og það á mikinn meiri hluta um allt land með sér. Það er alveg gefið mál, annars hefðu komið fram veruleg mótmæli alls staðar, ef svo væri ekki. Ég vil undirstrika það, að Landhelgisgæzlan hefur sagt það, og athugað þessar till. mjög vel áður, að þær væru einfaldari til gæzlu og þægilegri í framkvæmd en verið hefur. Svo við þurfum ekki að óttast það, að það sé ekki einhver vilji fyrir að fylgja l., sem ég vil alvarlega undirstrika, að verður að vera, annars eru öll l. úr böndum, og l. á sjó eiga að vera jafnrétthá og það á að fylgja þeim alveg eins eftir og l. í landi. En ég óttast ekki þann þátt, að það sé ekki hægt að framkvæma l. Það eina, sem mætti segja, vegna þess að hér er um miklu meira af beinum, löngum línum að ræða heldur en var, er að nauðsynlegt væri að hafa hraðskreiðari skip eða jafnvel þyrlu til þess að fljúga eftir línunni, en það er ekki mikið vandamál, það hafa sagt mér þessir sérfræðingar, vegna þess að þeir hafa radar og þeir sigla í ákveðinni fjarlægð eftir korti, og það er ekki erfið framkvæmd, síður en svo.

Ég vil aðeins vænta þess, að frv. fái framgang óbreytt, því það er mjög mikilvægt, annars kann að skapast við þetta mál enn einu sinni vandræðaástand, og ég reikna ekki með því, að það sé vilji nokkurs manns. Hitt er ósköp eðlilegt að vilja koma fram ákveðnum breyt., við því er ekkert að segja, breyt. eru ekki neitt róttækar, en þær fela samt í sér vissa hættu, sem ég vænti, að menn átti sig á, þannig að þeir leggi frv. lið, eins og það liggur fyrir óbreytt.

Ólafur Jóhannesson: Herra forseti. Það er ekki vafamál, að hér er um þýðingarmikið mál að ræða, og það er sjálfsagt rétt, sem hér hefur verið tekið fram, að þetta er eitt stærsta málið, sem þetta þing fjallar um. Þess vegna finnst mér nú ekki hægt að tala um það, að það sé verið að tefja þetta mál, þó að hv. Ed.-þm. gefi sér nú tíma til þess að hugsa um málið og tala um málið tvær dagstundir, þannig að ég held, að það sé alveg ástæðulaust að telja það eftir, þó að menn segi aðeins fáein orð um þetta mikla mál. En ég skal samt ekki fara að tefja tímann hér, en ég ætla aðeins með tveimur eða þremur setningum að gera grein fyrir minni afstöðu í þessu máli.

Ég get alveg tekið undir það, sem hv. 2. þm. Austf. sagði hér áðan, að ég hef alltaf viljað fara mjög varlega í þessum efnum. Og það vil ég enn gera. Og til þess liggja þær ástæður, sem nú skal greina: Mér er það auðvitað ljóst, og það er enginn, sem dregur það í efa, að Íslendingar hafa full ráð í sinni landhelgi. Þeir geta sett þau l., sem þeir kjósa, að þar gildi og þ. á m. ákveðið, hverjum veiðiaðferðum skuli beitt. En í því sambandi hef ég þó alltaf viljað hafa í huga, að sú landhelgi, sem við höfum fengið viðurkennda til þessa, er ekki okkar lokamark. Við höfum það alltaf í huga, að við þurfum að færa landhelgina enn þá lengra út, og okkar markmið er það að ná undir okkar lögsögu fiskimiðum landgrunnsins alls. Þess vegna þurfum við að haga okkar nýtingu á þeim miðum, sem undir okkar lögsögu heyra, á þann veg, að notkun okkar verði aldrei hægt að nota sem rök gegn okkur, þegar við gerum frekari kröfur um útfærslu landhelginnar. En það eigum við áreiðanlega eftir að gera. Þess vegna vil ég fara varlega í þessum efnum. Í annan stað er það, að í raun og veru er öllum ljóst, að framtíð okkar Íslendinga, framtíð okkar þjóðar, er undir því komin, að hægt sé að stunda fiskveiðar með árangri hér við landið. Og þess vegna verðum við að gæta þess umfram aðra hluti að haga ekki veiðum okkar á þessum miðum á þann veg, að gengið sé á þá stofna, sem eiga að vera undirstaða okkar velmegunar í framtíðinni. Auðvitað eigum við að nýta þetta sem bezt og skynsamlegast á hverjum tíma, en ég undirstrika aftur, að að mínum dómi verður þarna aldrei of varlega farið, það má aldrei hrapa að neinu í þessum efnum með stundarhagsmuni fyrir augum.

Nú hefur verið reynt að setja heildarreglur um þetta efni í þessu frv., sem hér liggur fyrir, og ég get tekið

undir það, sem sagt hefur verið um málið, að því leyti til, að það hefur verið vel að því unnið, og frv. byggist að sjálfsögðu á málamiðlun. En ég lít á þetta frv. fyrst og fremst sem tilraun, fyrst og fremst sem tilraun, m.a. af því, að í þessu efni er ákaflega mikið undir framkvæmdinni komið. Við getum ekki sagt um það með vissu, hvernig þetta muni takast, m.a. af því, að við vitum ekki, hvernig framkvæmdinni í þessum efnum verður háttað og hversu vel verður á málinu haldið og þess gætt, að farið sé að öllu í þessu sambandi á löglegan hátt. En við verðum hins vegar að viðurkenna það, að það hefur verið mikill misbrestur á því að undanförnu, að það hafi verið haldið uppi í framkvæmd þeim reglum, sem settar voru um þetta. Og m.a. af því, að það var ekki talið unnt að halda þeim uppi í framkvæmd, þá var sú tilslökun gerð, sem allir þekkja. Þess vegna er það frá mínum bæjardyrum séð einna þýðingarmest í þessu máli, að gildistími þessara l. sé sem stytztur, og þess vegna legg ég mesta áherzlu á þá brtt., að gildistíminn sé bundinn við árslok 1970. Það getur illa tekizt til um þessa framkvæmd, en það er vonandi, að sú verði ekki raunin. Ef vel tekst til, þá er hægurinn hjá að framlengja gildi þessara l., og þá munu ugglaust menn verða því meðmæltir yfirleitt. En ef illa tækist til, og þeim möguleika höfum við ekki leyfi til að gleyma, þá er betra að binda sig í upphafi við hinn skemmri tímann og láta þetta ekki gilda nema til ársloka 1970. Og þess vegna vil ég biðja hv. þm. að athuga það vel, áður en þeir greiða atkv. um þessa brtt. Ég get ekki séð, að hún geti spillt neinu frá sjónarmiði þeirra, sem vilja gera þessa tilraun. En með því að fallast á hana er gengið til móts við okkur, sem höfum meiri efa í okkar huga um þessi efni. Og ég held þess vegna, að allir, sem vilja fara varlega í þessu efni, hljóti að gjalda þessari brtt. já-atkv. En það, sem varð þess valdandi, að ég stóð upp, var það, að ég kann ekki við þau rök, sem hér hafa verið borin fram, að engu mætti breyta í þessari hv. d. í þessu frv., af því að svo mikil hætta væri þá á því, að málið strandaði í Nd. Eins og ég minntist lauslega á, þá hefur þetta mál verið til meðferðar alllengi í Nd., og hún hefur haft tíma til þess að fjalla um það og sinna því nokkuð rækilega, en hingað upp í Ed. kemur þetta mál fyrst í fyrradag, þannig að þessari hv. d. er ekki ætlaður langur tími til þess að fjalla um málið. Ég tel það alveg óviðeigandi að ætla að setja þessa hv. d. í þá klemmu að segja við hana: annaðhvort samþykkir þú þetta frv. óbreytt eða það er hætta á því, að það nái ekki fram að ganga á þessu þingi. Með slíkum vinnubrögðum, að þvæla málunum svo og svo lengi í Nd. og setja þau svo á síðustu stundu hingað upp í Ed. og segja þá, að það sé ekki um annað að ræða fyrir hv. Ed. heldur en afgreiða málin óbreytt, ef hún vilji ekki sigla þeim í strand, þá er Ed. sett í þá sjálfheldu, sem ekki er viðunandi. Ed. hlýtur auðvitað að taka sjálfstæðar ákvarðanir í þessu efni og verður auðvitað að gera þær breyt. á frv., sem hún álítur skynsamlegar. Og það er vanmat á hv. Nd. að ætla, að hún geti þá ekki eins og Ed. afgr. á skömmum tíma mál, sem hún í raun og veru vill láta fram ganga. Það er vissulega hægt að setja Nd. þá í svipaða klemmu eins og gert virðist vera með Ed. og gefa Nd. valið um það, ef breyt. væru hér einhverjar samþ., hvort hún vilji fallast á frv. í þeirri mynd, sem það kemur frá Ed., eða hún vilji sigla málinu í strand. Nei, þannig er ekki hægt að flytja mál. Ef það á að halda uppi þessari deildaskiptingu og hún á að hafa þýðingu, þá er ekki hægt að halda þannig á málum. Og auðvitað er ekki hætta á því, að málið sigli í strand, því auðvitað er sú leið eftir, ef d. kemur ekki saman, að taka málið fyrir í Sþ., þannig að það eru engar frambærilegar mótbárur gegn því að gera brtt. við frv., og þessar brtt., sem hér eru bornar fram, eru mjög hófsamlegar. Ég viðurkenni þó, að það geta eðlilega verið skiptar skoðanir um brtt., sem lúta að Faxaflóa og Húnaflóa, og að það geta verið mismunandi sjónarmið og hagsmunir, sem þar rekast á og koma til greina, en ég held, að það ætti ekki að þurfa að rekast á neinir hagsmunir, þegar um gildistíma l. er að tefla. Ég held, að það hafi miklu meiri málamiðlun átt sér stað í þessu máli heldur en sú að fallast á það sjónarmið, sem felst í þeirri brtt. okkar nokkurra þm. að takmarka gildistímann meir en gert er í frv. og binda hann við 1½ ár í staðinn fyrir 2½ ár.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.

Brtt. 681 felld með 14:5 atkv.

Brtt. 682,1 felld með 13:7 atkv.

2. gr. samþ. með 14:2 atkv.

Brtt. 683 felld með 12:8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: PB, ÁB, BGuðbj, HjH, EÁ, GilsG, JónÁ, ÓlJ.

nei: PÞ, StG, SvG, JR, AuA, BFB, EggÞ, JÁH, JÞ, KGuðj, MJ, ÓB.

Einn þm. gerði svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Sveinn Guðmundsson: Herra forseti. Með tilvísun til þeirrar brtt., sem hér liggur fyrir, um bann gegn dragnótaveiði þá vil ég upplýsa mína breyttu skoðun, en hún er, að þessu lagafrv. sé hætta búin, ef þessi hv. þd. gengur þannig frá því að senda það á ný til hv. Nd. Þessi skoðun hefur einnig komið fram hjá hv. ræðumönnum, sem hér hafa talað í dag. Ég tel það vanvirðu, ef hv. Alþ. yrði slitið að þessu sinni, án þess að þetta lagafrv. fái samþykki. Til þess að forðast slíka slysni, þá mun ég fallast á þetta lagafrv. óbreytt og segi því nei við þessari brtt.

3. gr. samþ. með 12:5 atkv.

4.–7. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.

Brtt. 682,2 felld með 10:10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: KGuðj, ÓlJ, PÞ, PB, ÁB, BGuðbj, HjH, EÁ, GilsG, JÁ.

nei: JÁH, JÞ, MJ, ÓB, StG, SvG, JR, AuA, BFB, EggÞ.

8. gr. samþ. með 14:1 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 16:3 atkv.

Á 90. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.

Frsm. meiri hl. (Pétur Benediktsson): Herra forseti. Við 2. umr. þessa máls hafa verið felldar nokkuð áríð-

andi brtt., og gengur sú afgreiðsla sumpart í berhögg við þær skoðanir, sem þessi d. hafði fyrir aðeins örfáum dögum. Sem form. sjútvn. langar mig til að hafa a.m.k. nokkurn tíma til að athuga, hvort ekki væri tækifæri til að bæta nokkuð það tjón, sem ég tel, að þarna hafi orðið, og til að koma fram vissum skynsamlegum till. við 3. umr. málsins. Með þessari skjótu afgreiðslu, sem nú er farið fram á, vinnst ekki tækifæri til þess, og þess vegna mun ég fyrir mitt leyti segja nei við afbrigðum.

ATKVGR.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12:5 atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 14:3 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 708).

52. Ríkisreikningurinn 1967.

Á 79. fundi í Nd., 21. apríl, var útbýtt:

Frv. til l. um samþykkt á ríkisreikningnum fyrir árið 1967 [222. mál] (stjfrv., A. 496).

Á 80. fundi í Nd., 22. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Með frv. þessu til laga um staðfestingu á ríkisreikningnum fyrir árið 1967 fylgir ríkisreikningurinn að venju prentaður ásamt athugasemdum yfirskoðunarmanna ríkisreiknings, svörum rn. við þeim athugasemdum og úrskurði yfirskoðunarmanna að þeim athugasemdum fengnum. Ég sé hér ekki ástæðu til þess að ræða sérstaklega afkomu ríkissjóðs á árinu 1967, það gerði ég mjög rækilega í fjárlagaræðu í haust, og ef ástæða verður til þess að gera þau mál frekar að umtalsefni, þá tel ég eðlilegra, að það verði gert í sambandi við meðferð fjáraukalaga hér í Sþ., þegar þau koma hér til meðferðar.

Frv. um samþykkt á ríkisreikningnum er að venju aðeins til að leita samþykkis á þeim niðurstöðutölum, sem ríkisreikningurinn sýnir að lokinni endurskoðun yfirskoðunarmanna. Það mætti ýmislegt um athugasemdir yfirskoðunarmanna segja og um þennan reikning og ríkisbúskapinn í heild í þrengri merkingu. Það er auðvitað margt, sem er með öðrum hætti en það ætti að vera, og til þess eru yfirskoðunarmenn settir að benda á það, og ég vil láta í ljós hér þakkir til þeirra allra fyrir það, að þeir hafa sýnilega lagt sig fram um að reyna að kanna þau vandamál, sem við er að glíma, og benda á þau atriði, sem úrskeiðis hafa farið. Ýmis þau atriði eru með þeim hætti, að mér er mikil þökk í því, að á þeim skuli vera vakin athygli og undir þau tekið. Á það ekki hvað síst við um þær athugasemdir, sem fram koma mjög rækilega varðandi nauðsyn þess, að betri skil séu gerð á innheimtufé innheimtumanna ríkissjóðs. Því miður vantar enn verulega á það, að skil innheimtumanna séu með fullnægjandi hætti, og það vantar á það allt of mikið, að innheimta sé jafnrækilega innt af hendi alls staðar á landinu. Það má segja, að hér í Reykjavík sé hún í mjög góðu lagi, yfirleitt, og í ýmsum embættum er það svo, en því miður er ekki sömu sögu að segja um öll embætti, og m. a. er það mjög slæmt, hversu skil innheimtumanna ríkissjóðs hjá ýmsum sýslumönnum berast seint, og er í rauninni gersamlega óviðunandi. Þetta hefur rn. reynt að lagfæra eftir því, sem möguleiki hefur verið á. Menn hafa verið sendir út til hinna ýmsu embætta, auk þess sem rætt hefur verið sérstaklega við sýslumennina á fundum þeirra hér og reynt að leggja áherzlu á, að þessu verði hraðað miklu meir en verið hefur.

Að því er stefnt með hinum nýju l. um ríkisbókhald og gerð ríkisreiknings og fjárl., að það sé hægt að loka ríkisreikningi mjög snemma árs. Þetta átti t. d. að gerast nú í ár. Það átti að vera búið að loka reikningi nú fyrir alllöngu, en það hefur verið til hindrunar, að enn þá eru nokkrir sýslumenn, sem ekki hafa gert skil, og frá vissum stofnunum hefur gengið ákaflega erfiðlega að fá fullnægjandi uppgjör. Vitanlega er ekki hægt endanlega að loka reikningi fyrr en þetta tekst. Hvaða úrræða á að grípa til til þess að koma þessu í lag og koma þeim ósið af hjá einstaka innheimtumönnum að gera ekki skil með eðlilegum hætti? Um það skal ég ekki segja hér, en ég tel óumflýjanlegt, að það verði tekið upp við dómsmrn. til hvaða bragða á að grípa í því sambandi.

Ég sé ekki ástæðu til að rekja hér einstakar athugasemdir. Flestum þeirra hefur verið svarað, að ég hygg, á nokkuð fullnægjandi hátt, eftir því sem úrskurðir yfirskoðunarmanna benda til. Þó að þeir vekji athygli á því, að ýmislegt sé til athugunar eftirleiðis, þá eru þó einnig margar athugasemdirnar, sem þeir telja að sé svarað með fullnægjandi hætti. Ég mun taka það fullkomlega til greina, þar sem að því er vikið, að athugasemdir, sem yfirskoðunarmenn bera fram, séu þess eðlis, að þeir telja, að það þurfi að hafa vakandi auga framvegis með þeim vandamálum, sem þar er við að fást. Ég tel aðeins skylt að víkja hér að tveim athugasemdum, vegna þess að þær eru orðaðar á þann veg, að þeim er vísað til aðgerða Alþ.

Við þekkjum það frá gamalli tíð, að það hefur einstaka sinnum komið fyrir, að athugasemdum hefur verið vísað til aðgerða Alþ. Raunverulega er ákaflega erfitt að finna form fyrir því, hvernig Alþ. á að bregðast við þeim málum, en það má vel hugsa sér það, að annað hvort leiði það til ályktunar, sem fjhn., sem tekur við reikningnum, beitir sér fyrir, eða þá, að sú n. riti rn. bréf og leggi þá áherzlu á sín sjónarmið í þessum efnum eða hvað hún telur, að þurfi að gera til úrbóta. Er þá að sjálfsögðu skylt eftir því að fara, en ég hygg, að ætið muni nú fara svo, að þetta sé meira til að leggja áherzlu á mikilvægi athugasemda, en hitt að það hafi raunverulega þýðingu að vísa til aðgerðar Alþ.

Nú vill það, sem betur fer, þannig til, að þessar athugasemdir eru nú ekki veigamiklar, þegar þær eru skoðaðar. Önnur þeirra, sem fjallar um Skipaútgerð ríkisins, er fyrst og fremst um það, að þar hafi verið tveir menn á launum og hafi fengið hálf forstjóralaun hvor þeirra. Þetta telja yfirskoðunarmenn að sé rausn um of og benda á, að því hafi ekki verið komið enn í lag að gera á þessu breytingu og benda jafnframt á, að Skipaútgerðin muni hafa reynt að leyna þessu í upp-

lýsingum, sem gefnar hafa verið varðandi launagreiðslur Skipaútgerðarinnar. Ég hef kannað þetta síðasta atriði um leyndina nokkuð, og þar er um algeran misskilning að ræða. Það hefur enginn reynt að leyna neinu. Ég veit, að yfirskoðunarmenn hafa verið í góðri trú, er þeir skrifa þetta á blað, en bæði af hálfu launamáladeildar fjmrn. og Skipaútgerðarinnar, sem ég lét hafa samband við strax og ég sá þetta, er það tekið fram, að það hafi aldrei komið til álita annað en að þetta væri gefið upp, og hafi það fallið niður af launaskrá þá hafi það verið af algeru gáleysi, enda eru þessar upphæðir færðar í reikninga Skipaútgerðarinnar, þannig að það er alveg ljóst, hvað um er að ræða. Þá voru það einnig mistök í svari samgmrn. að taka það ekki fram, að þessum launagreiðslum hefur verið hætt og það fyrir nokkru. Þessu hefur verið breytt þannig, að stjórnarnefndin fær laun sem hver önnur n.. Ég hef ekki nákvæmlega þær tölur, en þær eru ekkert, sem um er að fást, en hins vegar var það svo í upphafi, að þessir tveir menn höfðu það veigamiklum störfum að gegna, að þeir unnu þarna daglega meira og minna, og þess vegna þótti það vera óumflýjanlegt að greiða þeim þessi laun, sem má telja óeðlileg, en eru í rauninni þá miðuð við, að þarna væri aðstoðarforstjóri, eins og sakir stóðu. Ég skal ekki fara út í þá sálma hér af hverju þetta var gert, en það var talin brýn nauðsyn á að gera þetta í því sinn til þess að koma þar við ýmsum breytingum, og eftir að það hafði verið gert þá var að sjálfsögðu engin ástæða til þess að halda þeirri skipan mála áfram, þó að stjórnarn. starfaði sem slík. Þetta vil ég leiðrétta, því að það er ekki yfirskoðunarmönnum að kenna, þó að þeir geri þessa athugasemd, heldur hitt, að það hefur fallið niður í svari samgmrn., að þessum launagreiðslum hafi verið hætt, þegar að þessu var fundið af hálfu yfirskoðunarmanna.

Varðandi hina ströngu gagnrýni yfirskoðunarmanna um innheimtumál Ríkisútvarpsins, þá hef ég ekkert sérstakt við það að athuga. Það má vel vera, að innheimta þess sé ekki með nægilega traustum hætti, og það er vitanlega ekkert nema gott um það að segja, að því sé komið í betra horf, og sjálfsagt að gera það, eftir því sem ástæður og atvik standa til, ekki sízt eftir að yfirskoðunarmenn hafa lagt eins ríka áherzlu á þetta og raun ber hér vitni um.

Að öðru leyti, eins og ég segi, hef ég ekki hið minnsta við athugasemdir yfirskoðunarmanna að athuga. Ég tel, að þeir hafi reynt að kanna ríkisreikninginn vel og rækilega og benda á þær veilur, sem mér í flestum tilfellum eru ákaflega ljósar, en sem er ekki mjög þægilegt við að fást í mörgum tilfellum, eins og ég gat um áðan varðandi erfiðleikana við innheimtu, sem hafa farið vaxandi að sjálfsögðu bæði af því að innheimtuféð fer stórhækkandi og því, að þegar á árinu 1967 var farið að þrengja mjög að ýmsum aðilum, ekki sízt atvinnurekstri, um greiðslur.

Ég tek undir það með yfirskoðunarmönnum, að það beri hina brýnustu nauðsyn til þess, að þessu sé haldið í eðlilegu horfi, og á það mun verða lögð hin mesta áherzla. Ég sé svo ekki ástæðu til, herra forseti, nema frekara tilefni gefist til, að gera ríkisreikninginn að umtalsefni, en legg til, að honum verði, að lokinni þessari umr., vísað til 2. umr. og hv. fjhn., og vildi jafnframt leyfa mér að fara þess á leit við hv. n., enda þótt nú sé orðið áliðið þings, þegar reikningurinn er tilbúinn, að hún leitist við eftir föngum að afgreiða málið frá sér, þannig að reikningurinn gæti orðið endanlega afgreiddur nú á yfirstandandi þingi.

Halldór E. Sigurðsson: Herra forseti. Í sambandi við ríkisreikninginn vil ég, eins og ég hef gert s. l. ár, gefa skýringu á þeim athugasemdum, sem yfirskoðunarmenn hafa gert við hann og ræða um hann nokkuð frekar. Ég vil undirstrika það, sem ég hef gert hér áður, að við höfum ekki litið á verkefni okkar sem endurskoðenda þannig, að um pólitíska endurskoðun væri að ræða, heldur fyrst og fremst frá sjónarmiði reikningsins og þeirra hagsmuna, sem þingið vildi, að við gættum þar. Þeirri reglu höfum við einnig fylgt við endurskoðunina núna, og þær athugasemdir, sem við gerum, eru byggðar á þessu, en ekki á öðrum sjónarmiðum. Ég vil taka það fram, að við reikninginn eru nú fleiri athugasemdir en verið hefur og tvær þeirra höfum við afgreitt á annan hátt en venja hefur verið, þar sem við vísum þeim til afgreiðslu Alþ. sérstaklega, og er það af því, að við teljum, að þær skeri alveg úr um öll þau atriði, sem eru til meðferðar í ríkisreikningnum. Þær eigi sér ekki hliðstæðu, og Alþ. verði að gera sér grein fyrir því, hvort það vill við það una eða ekki.

Um þau atriði, sem ég vildi gera að umtalsefni hér við þessa umr., þá er það í fyrsta lagi það, sem hæstv. fjmrh. vék hér að áðan um innheimtu hjá innheimtumönnum. Hún er hér í athugasemdum okkar gerð upp með sama hætti og verið hefur undanfarandi ár, því að það er tekin niðurstöðutala af innheimtuskýrslu þeirri, sem fylgir hér með og prentuð er í ríkisreikningnum. Hins vegar kemur þetta nokkuð óðru vísi út á eignayfirlitinu, m. a. vegna þeirra breytinga, sem verið er að gera á formi reikningsins. Það er ljóst á því, sem hér er tekið fram, að þetta færist á þann hátt að innheimta gengur yfirleitt verr en áður hefur verið, og hefur á útistandandi ári hækkað um 121 millj. kr. Hér má geta þess, að hér er um hina almennu þróun í landinu að ræða að nokkru leyti, þar sem innheimta mun yfirleitt ganga verr nú en verið hefur undanfarin ár, og þetta kemur greinilega fram hjá innheimtumönnum ríkissjóðs. Hins vegar má kannske með rökum segja það, að þetta sé ekki mjög há innheimtuprósenta, en hún er nú 7.5%, en var 1965 3.75%, eða hefur tvöfaldazt á þessu tveggja ára tímabili. Ef á það er litið, þá er hér um allmikla breytingu að ræða.

Mjög er það misjafnt hvað þetta hefur aukizt hjá hinum einstöku embættismönnum á s. l. ári, en þar skáru sig úr bæjarfógetinn á Seyðisfirði, sýslumaðurinn á Hólmavík, sýslumaðurinn í S.-Múlasýslu og sýslumaðurinn í Skaftafellssýslu. Hjá þessum fjórum sýslumönnum hafði innheimtan sérstaklega versnað frá því, sem áður hafði verið. En í sambandi við þessa innheimtu og það, sem ég tel þó ennþá meira þess vert, að eftir sé litið, er hvað skilin frá innheimtumönnunum ganga seint. Það hafa verið hér tilgreindir í athugasemdum yfirskoðunarmanna fjórir innheimtumenn, sem höfðu ekki skilað nema milli 30—40% af ársinnheimtunni, þegar reikningnum var lokað. Þessir sýslumenn voru sýslumaðurinn í Strandasýslu, sem átti eftir

að skila 70,8%, sýslumaðurinn í Húnavatnssýslu, sem átti eftir að skila 68,9%, sýslumaðurinn í Barðastrandarsýslu 67,7% og sýslumaðurinn í Dalasýslu 61,2%. Í athugasemd þeirri, sem við gerðum um þetta, þá spurðumst við fyrir um það, hvenær á árinu 1968 fullnaðarskil hefðu farið fram hjá þessum sýslumönnum og hvort þeim væri öllum lokið. Í svörum við þessum athugasemdum kemur þetta í ljós. Sýslumaðurinn í Dalasýslu hafði gert upp að fullu í febrúar 1968, sýslumaðurinn í Strandasýslu hafði greitt upp að fullu í maí 1968, sýslumaðurinn í Barðastrandarsýslu á ógreitt 45.000 kr. og sýslumaðurinn í Húnavatnssýslu átti eftir að greiða um 2 millj. kr. í okt. 1968, eða 13,3% af því, sem hann taldi sig vera búinn að innheimta í árslok 1967. Þær skýringar eru gefnar á þessum seinagangi, sem er mjög óeðlilegur og gæti verið hættulegur, að þessir innheimtumenn ríkissjóðs liggi með ógreidda reikninga, m. a. fyrir refaveiðar og vegna endurbóta á embættisbústöðunum, sem rn. hafa ekki viljað taka frá sem greiðslu af þeirra hendi og af því stafi þessi vanskil. Ríkisendurskoðunin og rn. hafa fullyrt það, að þeir hafi endurskoðað hjá þessum mönnum það oft, að ekki geti verið um neina hættu að ræða, en á það má benda, að hér eru mjög alvarlegir hlutir á ferðinni, ef það tekur 10 mánuði að skila innheimtum, sem eiga að vera greiddar á áramótum.

Ég vil undirstrika það, að hér er um atriði að ræða, sem ekki geta gengið eins og verið hefur og farið versnandi, án þess að til sérstakrar athugunar verði gripið. Það er með öllu óhugsandi, að slíkur seinagangur á skilum embættismanna geti verið forsvaranlegur, eins og það hefur verið nú síðustu árin, og ég tek undir það, sem ráðh. sagði um þetta. Hér verður að verða breyting á, því að hér gæti verið um alvarlega hluti að ræða, þó að það sé vonandi, að svo sé ekki, en þá er a. m. k. um algerlega óeðlilega hluti að ræða.

Ég vil líka í sambandi við þessi skuldamál ríkissjóðs benda á það, að það er víðar, sem brestur nokkuð á um innheimtu af hendi ríkisins, en hjá svokölluðum innheimtumönnum þeirra. Það er hér á eignareikningi ríkisins færð innistæða hjá sendiráðunum, sem er um 12 millj. kr. Þessi innistæða hefur færzt mjög í aukana á s. l. ári, og ekki hefur verið gefin nægileg skýring á því hvers vegna þessi innistæða er svo mikil hjá sendiráðunum og hvers vegna í raun og veru þarf að vera innistæða ríkissjóðs hjá sendiráðum erlendis, nema í sérstökum tilfellum, eins og vitnað er til í svari ráðh., þar sem talað er um, að keypt hafi verið hús fyrir sendiráðið í Brüssel á því ári, sem reikningurinn nær yfir. Hins vegar er hér um allháar upphæðir að ræða hjá hinum einstöku sendiráðum, og er ekki fullkomin skýring á því, að svo þurfi að vera, og hafa yfirskoðunarmenn rætt það við ríkisbókhaldið og rn., að nauðsyn beri til að herða á innheimtu hjá þeim og koma í veg fyrir þessa skuldasöfnun, sem þarna á sér stað. Hæsta fjárhæðin, sem ríkið á inni hjá sendiráðum, er í Brüssel, en það eru 5,6 millj. Þar næst er svo Kaupmannahöfn með 1,8 millj., Washington með 1,4, Moskva með 1,6 millj. og önnur sendiráð með lægri fjárhæðir. Hér eru mál, sem einnig þarf að taka til athugunar og herða á innheimtu frá þessum aðilum.

Þá er hér á ríkisreikningnum tala, sem er lán til ýmissa að upphæð 84 millj. kr. Hér er um að ræða samansafn af alls konar greiðslum, sem ríkið hefur innt af hendi, m. a. eru það margs konar fyrirgreiðslur, sem ríkissjóður hefur annazt fyrir atvinnustofnanir í sambandi við erfiðleika þeirra og fleira, sem ég man nú ekki fullkomin skil á, en ýmislegt í þessu eru ógerðir hlutir, sem rn. hefur talið sér til eigna í sambandi við alls konar fyrirgreiðslur. Enn fremur er hér um að ræða einhver lán til einstaklinga, sem ekki hafa verið innheimt þó nokkuð langt sé um liðið. Þá eru hér rúmar tvær millj. kr., sem eru líka lán til ýmissa, sem eru m. a. að einhverju leyti sama eðlis og þau, sem ég áður greindi, vegna þess að ekki hafi verið upp gert og alls konar fyrirgreiðslur, t. d. er þar nokkuð um að ræða lán til Íslendinga, sem hafa verið á ferðum erlendis, bæði sjúklinga, sem hafa notið þar læknishjálpar og þrotið fé til þess að ganga frá sínum málum og rn. hafa greitt úr og jafnvel til annarra ferðamanna, sem notið hafa fyrirgreiðslu af hálfu ríkisins og hefur ekki verið innheimt, þegar reikningnum var lokað. Sumt af þessu er þess eðlis, að það getur nú aðeins hafa verið spursmál um það, að þetta hafi fallið svo seint til á árinu, að innheimtu varð ekki lokið þess vegna, en annað er af því, að ekki hefur verið nógu fylgt eftir af hálfu rn., að innheimta þessa fjármuni, og er það mikil nauðsyn að færa þær færslur, sem færa á og innheimta þá fjármuni sem innheimta á.

Eins og kemur fram í svari rn. er nú stefnt að því að koma þessum málum í betra horf, enda ber hina mestu nauðsyn til þess. Þá höfum við yfirskoðunarmenn gert athugasemd í sambandi við greiðslur til n. Það hefur komið fram, að í flestum tilfellum eiga þær greiðslur sér stað með þeim hætti, að nm. eru tilgreindir með nöfnum og launagreiðslur til þeirra. Hins vegar er það svo einnig, að það er greitt einum manni, sem hefur haft einhvers konar framkvæmdastjórn fyrir n., án þess að það væri tilgreint, hvaða aðrir aðilar hafi notið þessarar greiðslu. Við spurðum um það í þessu sambandi, hvort t. d. væri tryggt, að launagreiðslur sem þessar væru taldar fram til skatts. Rn. telur, að svo muni vera og einstök rn. annist það, en hins vegar er það óeðlilegt að hafa þessa tvískiptu færslu um meðferð þessara mála. Eðlilegast er, að það sé þannig, eins og í flestum tilfellum, að það séu greind nöfn þeirra manna, er greiðsluna hljóta og fjárhæðin, því að þá orkar það ekki tvímælis, að um mistök geti ekki verið að ræða.

Þá höfum við gert athugasemd við reikning Ríkisútvarpsins fyrir s. l. ár. Í fyrsta lagi er um það að ræða, að þegar borinn var saman reikningur Ríkisútvarpsins, sem stofnunin lét af hendi, og reikningur sá, sem prentaður er hér með ríkisreikningnum, þá bar þeim ekki saman. Mismunurinn var 1.5 millj. kr., sem ríkisreikningurinn, eins og hann liggur hér fyrir, telur höfuðstól útvarpsins vera hærri en reikningur útvarpsins sjálfs greinir. Þegar farið var að skoða þetta, kom það í ljós, að stofnunin hafði afskrifað óinnheimt gömul afnotagjöld um 1.5 millj. Það verður að teljast eftir þeim upplýsingum, sem fyrir liggja, að hún hafi ekki leitað samráðs, hvorki við það rn., sem hún tilheyrir, menntmrn., né ríkisendurskoðunina eða ríkisbókhaldið. Af þessum ástæðum er þessi mismunur, sem

er alveg óhæfur, því að það er ómögulegt, að á ríkisreikningi séu taldar til eigna þær eignir, sem stofnanirnar sjálfar eru búnar að afskrifa og telja sig ekki eiga lengur. Hins vegar er það skoðun okkar, sem þessa athugasemd gerðum, að ekki væri það óeðlilegt, þó að eitthvað af þessum afnotagjöldum væri afskrifað, þar sem ljóst er, að það mundi vera óinnheimtanlegt. Það, sem við erum ekki sáttir við Ríkisútvarpið um, er þetta, því að auðvitað verður það að vera samhljóða á milli ríkisreiknings og reiknings útvarpsins, að af álögðum afnotagjöldum árið 1967, sem eru 34.917.304 kr., hefur útvarpið afskrifað á sama ári og gjöldin eru á lögð 11.9% eða 4.138.826 kr. Þetta finnst okkur brjóta algerlega í bága við allar þær reglur, sem ríkisreikningurinn er byggður á, og við fáum ekki neins staðar hliðstæðu, að álögð gjöld séu afskrifuð á sama ári og þau eru á lögð, nema fyrir liggi sannanir fyrir því, að þau hafi verið ranglega á lögð og þess vegna séu þau afskrifuð. En þá verður að gera grein fyrir því með hvaða hætti þau hafa verið ranglega á lögð og af hverju sé verið að fella gjöldin niður.

Nú hefur Ríkisútvarpið svarað því til, að hér sé ekki ætlazt til þess, þó að svo sé með farið, að þessi gjöld eigi ekki að innheimta síðar, ef það tækist. En þessi meðferð á málinu hefur veigamikil áhrif á rekstur Ríkisútvarpsins. Hljóðvarpsdeildin sýnir með þessum hætti, að það er halli á rekstri hljóðvarpsins um 935 þús. 830 kr. árið 1967, en þetta er gert með þeim hætti, að af álögðum afnotagjöldum þetta umrædda ár eru afskrifaðar 4.138.826 kr. Ef þessi afskrift hefði ekki verið gerð af afnotagjöldum útvarpsins sama árið og þau eru á lögð, hefði tekjuafgangur þessarar deildar verið 3.102.995 kr. Ég vil benda á það, að þetta hefur verið notað sem áróður fyrir rekstur þessarar stofnunar. T. d. er ég sannfærður um, að þegar stofnunin fór fram á það við menntmrn., að hún fengi að hækka afnotagjöldin nú, hefur hún lagt til grundvallar reikninginn, *sem sýndi tæprar millj. kr. rekstrarhalla.* Hins vegar hafi þeir ekki verið að skýra það, að þeir eru þá búnir að leggja til hliðar afnotagjöld upp á 4 millj., sem þeir að sjálfsögðu vonast til að innheimta síðar. Ég held því líka fram, að með þessum hætti verði innheimtan slappari en að öðrum kosti hefði verið, ef þetta væri ekki gert svona, og það verði ekki eins fylgt eftir innheimtunni, þegar búið er með afskrift með einföldu pennastriki prósentvís að leggja til hliðar 12% af öllum álögðum afnotagjöldum hljóðvarpsins á sama ári og þau eru á lögð.

Ef við höldum svo áfram með þennan rekstur og komum að sjónvarpsdeildinni, eru uppi nákvæmlega sömu vinnubrögð. Þar eru gjöld þessarar deildar Ríkisútvarpsins meðhöndluð á sama hátt og hljóðvarpsins, þau eru afskrifuð í heild um tæp 12%, eða um 6 millj. 581 þús. 840 kr. Með þessum hætti hefur útvarpið fyrir báðar sínar deildir og með eldri gjöldum afskrifað á einu og sama árinu 12 millj. 220 þús. kr. Ef þetta er eðlilegur reikningsmáti og æskilegur til uppsetningar fyrir ríkisstofnun, þá verð ég að játa, að ég skil ekki fullkomlega, hvernig á að meðhöndla og umgangast verulega fjármuni. Hér er verið að skapa alvarlegt los um fjármál þessarar ríkisstofnunar og gefa þeim mönnum, sem þar ráða ríkjum og með fara, mikil tækifæri til þess að hagræða hlutunum. Ég vil fá úr því skorið hér á hv. Alþ., hvort Alþ. viðurkennir þessa uppsetningu á reikningnum eða ekki. Ef það telur hana rétta, þá er óþarfi að vera að breyta ríkisreikningnum sjálfum á þá leið að festa þetta, eins og er lagt til með lögum um ríkisbókhald, gerð ríkisreiknings og fjárlaga, og verður þá að athuga það síðar.

Af þessum ástæðum, sem ég hef nú greint, höfum við endurskoðendur ríkisreikningsins lagt til, að Alþ. fjallaði sérstaklega um þennan þátt. Það er enginn vafi á því, að tilgangurinn með því að setja reikninginn svona upp er sá að sýna rekstur útvarpsins og sjónvarpsins verri en raun er á. T. d. hefði hagnaðurinn af sjónvarpinu orðið 12.645.000 kr. á s. l. ári, 1967, ef þessi meðhöndlun á reikningnum hefði ekki verið viðhöfð og reikningurinn hefði verið settur upp eins og venja er til um reikninga. Ég er ekki í nokkrum vafa um það, að þetta dregur úr innheimtunni, og tilgangurinn með þessu hlýtur að vera sá að fá afnotagjöldin hækkuð. Þetta hlýtur að vera sett upp í þeim tilgangi að eiga auðveldara með að hækka afnotagjöldin og fá sér þannig aukið rekstursfé. Þetta er ekki gert í samráði við rn., ríkisbókhald eða ríkisendurskoðun, það hefur komið fram í svörum stofnunarinnar, og þess vegna legg ég mikla áherzlu á það, að Alþ. sjálft segi álit sitt um þetta mál.

Í sambandi við Skipaútgerð ríkisins er málið annars eðlis, en ástæðan til þess, að við sendum það sérstaklega til Alþ. er sú, að það brýtur í bága við allt launakerfi ríkisins. Það orkar ekki tvímælis, að það hefur verið tekin ákvörðun um þetta og sú deila, sem að vísu er smáatriði um greiðslu á þessu, þá vil ég upplýsa það, að við óskuðum eftir því í vetur hjá forstjóra Skipaútgerðar ríkisins að fá þeirra launaskrá yfir þeirra starfsfólk. Og á þeirri skrá voru aðstoðarforstjórarnir ekki. Í þeim reikningum, sem við fengum, varð ekki séð, hvar laun þeirra væru færð, og síðar, þegar við vorum að úrskurða aths., vorum við upplýstir um það í ríkisbókhaldinu, að upphaflega hefðu þeir tekið sína greiðslu þar, en síðar hefði Skipaútgerðin endurgreitt það, og er það það rétta í málinu. En það, sem upplýsist við þetta er það, samkv. svari því, sem forstjóri Skipaútgerðar ríkisins gefur við aths. yfirskoðunarmanna, að þessir aðstoðarforstjórar hafa á árinu 1967 setið 39 fundi. Þeir hafa ekki setið þar að störfum, eins og venja er með starfsfólk, og fyrir þessa 39 fundi fengu þeir greidd 139 þús. í laun og 10 þús. í bílastyrk. Það er ekkert sambærilegt dæmi í ríkiskerfinu, að því er við höfum séð, sem jafnast á við þetta. Þessar greiðslur eru svo yfir máta að okkar dómi, að það er ekki hægt annað en vekja athygli á því. Það er líka rétt, að það kom ekki fram í svari rn., að það væri hætt að inna þessar greiðslur af höndum eða þessir menn væru hættir að starfa eins og þeir hefðu gert, en hæstv. fjmrh. upplýsti það núna. Ástæða til þess, að við vekjum athygli Alþ. á þessu er einmitt þetta, að þetta brýtur í bága við allt launakerfi ríkisins og er með öllu óeðlilegt, að fyrir 39 fundi þágu menn um 150 þús. í laun. Þetta er hins vegar ekki þess eðlis, eins og hitt atriðið, sem við óskum eftir, að ríkið meðhöndli, því að þar er það uppsetningin á ríkisreikningnum eða á reikningi útvarpsins, sem við deilum um, og viljum ekki viðurkenna, að sé rétt að farið.

Eins og fram kemur í aths. okkar, komu fram frá ríkisendurskoðuninni veigamiklar aths. við embætti húsameistara ríkisins, miklu meira en áður hefur verið við slík embætti. Í svari því, sem dómsmrn. gefur við þeim fsp., sem við gerðum þar að lútandi, kemur það í ljós, að rn. er ríkisendurskoðuninni og yfirskoðunarmönnum sammála um það, að hér þurfi aðgerða við, því að hér sé komið út af þeirri braut, sem ríkisstofnun geti leyft sér. Það, sem er einkennandi við þær aths., sem gerðar hafa verið þar um, er það algera stjórnleysi, sem virðist vera hjá þessari ríkisstofnun. T. d. kemur það í ljós, að aukavinnugreiðslur eru þar bæði með sérkennilegum hætti og takmarkalitlar, og það t. d. kemur fram í þeim aths., að gjaldkeri stofnunarinnar hefur greitt sjálfum sér um 120 þús. í aukavinnu á árinu 1967, og forstjóri stofnunarinnar viðurkennir ekki, að hann hafi samþykkt þær aukagreiðslur. Enn fremur kemur í ljós, að skrifstofustjórinn hafði verið heilsuveill og fékk frí frá störfum, þannig að hann þurfti ekki að inna af höndum fullkomna dagvinnu, en hélt þó launum. Hins vegar kemur það líka í ljós, að hann hefur haft þó nokkrar umframgreiðslur vegna aukavinnu þrátt fyrir þetta. Hér virðist okkur vera gengið algerlega á snið við það, sem á að vera í slíkri stofnun, og það skal tekið fram, að ríkisendurskoðunin hefur nú úrskurðað þetta og lagt til, að það verði endurgreitt.

Þá er ferðakostnaður alveg gífurlegur hjá þessari stofnun, og flestir menn þar hafa bílastyrki og t. d. hafði skrifstofustjórinn um 40 þús. í bílastyrk árið 1967, en hann notaði leigubíla, sem stofnunin varð að greiða sérstaklega fyrir um 30 þús. Ýmsir embættismenn við þessa stofnun hafa bíl allt árið eins og t. d. húsameistari sjálfur, en hafa samt nokkra greiðslu vegna keyrslu á leigubílum. Það skal tekið fram í sambandi við þetta embætti, að umboðsleg endurskoðun hefur nú úrskurðað þetta og krafizt endurgreiðslu á ýmsum liðum, sem hún hefur ekki viðurkennt og talið, að embættið hafi farið út fyrir sitt starfssvið. En það er enginn vafi á því, að hér er um mikið stjórnleysi að ræða, og fullkomin ástæða til að hafa þarna sterkt eftirlit, enda mun það nú vera gert.

Ég vil svo segja það, að vegna breytinga á ríkisbókhaldinu er þessi reikningur með nokkrum öðrum hætti en verið hefur, og kennir meira loss á ýmsu í sambandi við færslu hans en áður hefur verið, sem m. a. stafar af því, að þær sveigja hann inn á það, að ríkisreikningurinn fyrir árið 1968 geti þá þegar verið með þeim svip, sem l. um ríkisbókhald, gerð ríkisreiknings og fjárl. ætlast til. M. a. vegna þess eru færðar hér á sérstakan reikning eða sérstakt yfirlit utan við rekstrarreikning ýmsar greiðslur, en fyrir því er gerð grein í aths. hér að aftan eða þeim, sem fylgja ríkisreikningnum. Það hefur verið svo með okkur, sem höfum unnið að endurskoðun ríkisreikningsins, til þess kosnir af Alþ., að eftir því, sem við höfum starfað meira að þessu, hefur það færzt meira í það að hafa samstarf við umboðslegu endurskoðunina og fá hennar umsagnir og fá hennar aths. til meðferðar. Þetta samstarf hefur gengið vel og mun færast í aukana, því að það er í alla staði hagkvæmt, og hafa nokkrar umr. farið fram um það milli þessara aðila, hvernig að því mætti standa.

Ég vil svo að lokum geta þess, að hér í ríkisreikningnum er birt skrá yfir þá reikninga, sem ríkisendurskoðunin hefur ekki lokið við að endurskoða ennþá. Það hafa stundum verið deilur um það hér á hv. Alþ., hvort réttmætt væri, að kjörnir endurskoðendur ríkisreikningsins tækju hann til endurskoðunar fyrr en þessu væri lokið. Það getur orkað tvímælis, en reynt hefur verið að stefna að því, að ekki væri ólokið nema síðasta ári eða því ári, sem um er fjallað, þó að það hafi ekki tekizt ennþá, en verulega hefur áunnizt með þetta, því að það er mjög óeðlilegt og óheppilegt, að yfirskoðun og afgreiðsla ríkisreiknings á Alþ. dragist mjög ára á milli. Af þeim ástæðum höfum við farið í gegnum þessa endurskoðun á öllum undirreikningnum, þó að ríkisendurskoðuninni hafi ekki verið lokið.

Hins vegar er mér fullkomlega ljóst, að þessu eru sem öðru takmörk sett og verður að gæta þess, að ekki dragist mjög að endurskoða og hefur ríkisendurskoðunin borið því við, hvað fátt starfsfólk væri þar að verki og hana skorti æfða menn til þessara verka. En eins og ég tók fram verður reynt að hafa samstöðu um það að ljúka þessu, svo að ekki verði óendurskoðað nema það ár, sem um er fjallað, og það verði þá tekið til meðferðar næsta ár á eftir, ef upp kemur eitthvað, sem nauðsyn ber að taka til endurskoðunar.

Ég sé ekki ástæðu til, herra forseti, að ræða þetta mál meira að sinni, enda hef ég gert hér grein fyrir þeim þáttum í endurskoðuninni, sem ég tel að mestu máli skipti og tel, að hv. Alþ. verði að taka til meðferðar við afgreiðslu ríkisreikningsins, eins og t. d. uppsetningu á reikningum Ríkisútvarpsins.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð. Hv. 3. þm. Vesturl., sem er einn af yfirskoðunarmönnum ríkisreiknings hefur hér gert grein fyrir helztu aths. yfirskoðunarmanna, og hef ég ekkert við þau ummæli hans að athuga. Það voru aðeins örfá orð, sem ég vildi til frekari skýringar láta koma hér fram.

Ég vildi þá fyrst víkja að innheimtu ríkistekna. Það gefur auga leið og held ég, að geti ekki dulizt neinum hv. þm., að það er að sjálfsögðu hið mesta áhugamál fjmrn. á hverjum tíma að innheimta ríkistekna sé sem greiðust og að sýslumennirnir geri sem skjótust skil á innheimtufé sínu. Nú vil ég taka það fram, að þetta er ekki þannig, að innheimtumenn liggi lengi með innheimtuféð. Það fá þeir ekki að gera, og það hafa verið settar mjög strangar reglur um það, að innheimtumenn geti ekki legið með fé heima í fórum sínum um lengri tíma. Það á að gera skil á því mjög fljótt og með ákveðnu millibili. Meginvandinn er að innheimta hin álögðu ríkisgjöld, og það getur vel verið, að það megi saka rn. um það að hafa ekki gefið út strangari fyrirmæli um innheimtuaðgerðir, bæði skatta og annarra opinberra gjalda. Það hafa verið gefin eins ströng fyrirmæli og auðið hefur verið, en ég skal játa það, að það er mannlegt sjónarmið hjá innheimtumönnum, að stundum standa þeir andspænis þeim vanda að loka kannske eina fyrirtækinu á staðnum. Ég skal taka sem dæmi söluskatt, sem við höfum lagt ríka áherzlu á, að væri innheimtur jafnóðum, og það er gert hér með mikilli hörku í Reykjavík. Ég tel, að það þurfi að gerast með sömu hörku út um land, en það getur verið

nokkrum erfiðleikum bundið, ef t. d. er aðeins ein verzlun á staðnum, hvort á að loka þeirri verzlun vegna vanskila á söluskatti, þannig að sýslumanni er kannske nokkur vorkunn, þó að hann reyni frekari innheimtuaðgerðir, áður en til þess kemur. Hins vegar held ég, að það sé tvímælalaust til hins mesta tjóns fyrir fyrirtæki og einstaklinga einnig að safna upp skattskuldum. Það auðveldar þeim síðar en svo að leysa þann vanda. Ég get enn og aftur tekið undir með hv. 3. þm. Vesturl., að fjmrn. mun áreiðanlega ekki láta sitt eftir liggja við að reyna að hraða innheimtu þessa fjár.

Varðandi lánveitingar, sem hv. þm. kom inn á, er það svo, að jafnan koma fram ýmiss konar fyrirgreiðslur, sem ríkissjóður kemst ekki hjá að inna af hendi. Það eru bráðabirgðalán fyrst og fremst til ríkisstofnana, sem oft og tíðum geta verið þannig í þrotum, að það sé ekki hægt annað en hlaupa þar undir bagga, ef ekki á að loka viðkomandi stofnunum. Það er gert ráð fyrir því, að slík lán séu greidd fyrr eða síðar, en stundum vill þetta ganga nokkuð treglega. Ég vil taka það skýrt fram, að lán til einstaklinga eru ekki veitt, og það var fyrir nokkrum árum tekið algerlega fyrir það að veita svokölluð embættislán, sem hafa nokkuð verið veitt, og önnur slík lán til einstaklinga. Hitt er annað mál, að það hefur ekki verið talið mögulegt að ganga alveg fram hjá einstaklingum, sem eru erlendis, ekki hvað sízt þegar sjúklingar eiga hlut að máli, og neita undir öllum kringumstæðum slíkri fyrirgreiðslu, og þannig hafa safnazt fyrir upphæðir, sem í flestum tilfellum eru mjög smávægilegar.

Varðandi það, hvort hætt væri við, að undan félli að gefa upp þóknanir, sem menn fá frá hinum einstöku rn., þá held ég, að það sé engin hætta á slíku. Nú hafa verið sett á þetta ennþá þrengri mörk varðandi greiðslu til nefnda, þannig að engar slíkar greiðslur eru samþykktar, nema eftir að hafa fengið um það staðfestingu og úrskurð fjmrn., sérstakra trúnaðarmanna, sem um það fjalla nú og eiga að gæta þess, að sem mest samræmi sé í þessum greiðslum.

Varðandi Ríkisútvarpið verð ég að segja það og taka undir það með hv. 3. þm. Vesturl., að ef bókhaldi þess er þann veg fyrir komið, sem hér er talað um, þá er það að minni hyggju, eins og hans, ekki rétt uppfært bókhald, og verður þá að sjálfsögðu að gera ráðstafanir til þess, að það verði gert, og mun ég hafa samband við ríkisendurskoðunina um það, að fyrirmæli verði gefin í þá átt.

Viðvíkjandi hinum svokölluðu varaforstjórum Skipaútgerðarinnar, sem störfuðu um skeið, en sem ég vil taka fram aftur að hafa nú hætt störfum og þar starfar stjórnarn., sem hefur þóknun sem venjuleg stjórnarn. Auðvitað má ekki leggja alveg til grundvallar þá fundi, sem þeir hafa haldið, hvort þeir hafa verið 39 eða hvað þeir hafa verið margir. Mér er vel kunnugt um það, að fyrsta árið a. m. k., sem þeir voru þarna, árið 1967, voru þeir þarna flesta daga meira og minna á meðan var verið að gera þarna ýmsar athuganir og skipulagsbreytingar.

Um embætti húsameistara ríkisins get ég tekið alveg undir það með hv. 3. þm. Vesturl., að þar hefur átt sér stað óreiða, sem er fullkomlega óviðunandi og sem ríkisendurskoðunin mun í samráði við dómsmrn. sjá um, að verði kippt í lag. Ég skal ekkert fara út í einstök atriði í því máli, en það er óhjákvæmilegt, að þar verði tekið föstum tökum á og þeim málum kippt í lag.

Að lokum vil ég svo aðeins segja það í tilefni af ummælum hv. þm. um samstarf yfirendurskoðunarmanna við umboðslegu endurskoðunina, að ég tel, að samvinna sé ákaflega æskileg, og ég hef raunar rætt um það við ríkisendurskoðanda, að hann einmitt legði sig fram um það að gefa yfirskoðunarmönnum ríkisreikningsins upplýsingar um allt það, sem hann teldi, að færi aflaga og heyra skoðanir þeirra í því efni, því að ég tel, að hér sé engu að leyna og það eigi í hverju tilfelli að kryfja til mergjar, ef eitthvað er að, hver sem hlut á að máli. Ég er hv. þm. sammála um það, að yfirskoðunarmenn hafa það takmarkaðan tíma, að þeir gætu með engu móti, nema þeir væru starfandi fast allt árið, fylgzt nákvæmlega með ríkiskerfinu eins og það er orðið flókið og margþætt, en hins vegar geta þeir að sjálfsögðu með nánu samstarfi við ríkisendurskoðunina fengið margvíslegar upplýsingar og ábendingar um það, hvar helzt væri veilur að finna. Ég mun fyrir mitt leyti, meðan ég hef með höndum yfirstjórn ríkisendurskoðunar, leggja áherzlu á það, að ríkisendurskoðunin hafi fulla samvinnu við yfirskoðunarmenn ríkisreikningsins.

Ég sé svo ekki ástæðu til, herra forseti, að hafa um þetta fleiri orð, en tel, að þessar umr. hafi verið gagnlegar og skýrt það, sem hefur vakað fyrir mönnum, bæði fyrir mér og fyrir hv. yfirskoðunarmönnum ríkisreiknings, þannig að hv. þdm. sé ljóst, um hvað aths. snúist.

Benedikt Gröndal: Herra forseti. Hv. 3. þm. Vesturl. flutti í hinum ýtarlegu og athyglisverðu aths. sínum allharða gagnrýni á rekstur Ríkisútvarpsins. Enda þótt fjármál Ríkisútvarpsins heyri ekki undir útvarpsráð, þar sem ég er þingkjörinn fulltrúi, tel ég rétt að segja um þetta örfá orð.

Það var svo að skilja, að hv. þm. þættu bókhaldsatriði nokkur vera óvenjuleg og óeðlileg. Um þetta er ég ekki fær að deila við hann, en vil taka undir það, sem hæstv. ráðh. sagði, að úr þessu þarf að fá skorið, og þetta verður að vera á þann hátt, sem eðlilegt er í ríkisfyrirtæki. Hins vegar dró hv. þm. þá ályktun af þessu, að forráðamenn útvarpsins hafi hagað reikningshaldi sínu á óeðlilegan hátt til þess að auðvelda hækkun afnotagjalda. Ég vil leyfa mér að mótmæla þessu eindregið. Í fyrsta lagi er mér kunnugt um, að sá útvarpsstjóri, sem nýlega hefur látið af störfum, lét sér ákaflega annt um, að afkoma Ríkisútvarpsins væri reikningslega góð, og hann gat ekki til neins hugsað, sem honum var verr við heldur en þess, ef reikningar Ríkisútvarpsins sýndu halla.

Í öðru lagi vil ég taka það fram, að við ákvörðun afnotagjalda hefur, eftir því sem ég bezt veit, fyrst og fremst verið byggt á áætlunum um komandi ár, hvað tekjur útvarpsins snertir. Er ekki mjög erfitt að gera það, af því að þar er um fáa tekjuliði að ræða. Ég vil einnig taka það fram, að þær rekstraráætlanir, tekju- og gjaldaáætlanir, sem ákvarðanir um afnotagjald hafa yfirleitt verið byggðar á, hafa ávallt verið rækilega yfirfarnar af Efnahagsstofnuninni, þannig að það hefur

ekki eingöngu verið mál á milli Ríkisútvarpsins og ráðh., heldur hefur hann ávallt látið prófa alla reikninga, allar áætlanir, sem útvarpið hefur lagt fram, svo að þar hafa fleiri komið að.

Ég vil leyfa mér að segja, að ég tel það mjög óverðskuldað, að einmitt núna skuli vera ráðizt á Ríkisútvarpið fyrir stefnu þess í afnotagjöldum, því að í þeirri miklu hækkunaröldu, sem gengið hefur yfir, þar sem ríkisfyrirtæki hafa ekki farið hægar en aðrir aðilar í hækkunum á þjónustu sinni, hefur Ríkisútvarpið einmitt lagt sig mjög fram um að hækka sem minnst gjöld sín. Sjónvarpsgjaldið verður óbreytt og hljóðvarpsgjaldið hækkar mjög lítið. Til þess að þetta sé mögulegt, hefur orðið að gera margvíslegar ráðstafanir, sem ég ræði ekki hér, en þarna hefur Ríkisútvarpið augljóslega lagt sig mjög fram um það að halda þessum gjöldum niðri á erfiðum tímum.

Hv. þm. sagði, að þessi bókhaldsstefna, að afskrifa svo og svo mikið af afnotagjöldum, hlyti að draga úr innheimtu. Við fyrstu sýn mætti ætla, að það væri nokkuð til í þessu. En mér er kunnugt um, að hjá Ríkisútvarpinu eru stóran hluta ársins svo miklir erfiðleikar með rekstrarfé, að það er engin hætta á því, að stjórnendur fjármála þar leggi sig ekki fram, eins og þeir framast geta við innheimtuna. Aðgerðir, sem kunna að vera notaðar við uppgjör á ársreikningum eftir á, hafa ekki nokkur áhrif á, að starfslið útvarpsins dragi úr innheimtustarfsemi sinni.

Ég vil vonast til þess, að í n. verði aths. um bókhaldsaðferðir athugaðar og þingið reyni að komast til botns í því, eins og hv. þm. leggur til, hvernig þetta á að vera og hvort það er óeðlilegt eða ekki. En ég vil vænta þess, að hv. þm. íhugi og endurskoði þær ályktanir, sem hann dró af málinu og ég tel, að séu ekki réttar.

Halldór E. Sigurðsson: Herra forseti. Ég kom fyrst og fremst hér upp til þess að mótmæla því, að ég hafi haldið hér uppi árásum á Ríkisútvarpið. Það er mikill misskilningur. Ég lít svo á, að starf mitt sem endurskoðanda sé það, að þegar ég tel, að rangt sé að farið og það brjóti í bága við meginreglu í uppsetningu ríkisreikningsins, eigi ég að gera aths. þar við. Ég tel það með öllu óhæft t. d., að Ríkisútvarpið sjálft telji sig eiga 1½ millj. kr. minna en ríkisreikningurinn telur það eiga. Þess háttar vinnubrögð geta ekki gengið.

Um þessa aðferð ætla ég ekki að deila. En ástæðan fyrir því, að þetta er gert, hlýtur að vera einhver. Það er alveg vonlaust, að aðili, sem setur saman reikning og fer að afskrifa tekjur sínar á árinu, sem hann leggur þær á, hafi ekki einhverja hugsun á bak við. Ég held, að hugsunin sé einmitt þessi, sem kom fram hjá hv. 5. þm. Vesturl., að þá skortir oft rekstrarfé og með því að sýna eins mikið útistandandi og raunverulega er verður erfiðara að afla þess fjár. Ég held líka, að það hafi ekki verið rök fyrir því að fá að hækka sjónvarpsgjaldið, þegar afgangurinn var á 13. millj., eins og hann raunverulega var 1967. Það verður að vera hægt að leiða einhver rök fyrir nauðsyninni.

Ég skal ekki orðlengja þetta frekar, en ég vil bara undirstrika það, að hér verður að fá úr skorið, hvernig með skuli fara. Þetta brýtur í bága við allar reglur ríkisreikningsins og við þá venju, sem er um álögð gjöld, að það sé hægt að afskrifa þau sama árið og þau eru á lögð. Maður hefur í raun og veru aldrei rétt til að afskrifa þau, fyrr en það er sannað, að það sé ekki hægt að innheimta þau, og það er einhver óeðlilegur tilgangur, ef það er ekki hugsað út frá því, að reynt sé á einhvern hátt að bæta reksturinn með þessari aðferð.

Benedikt Gröndal: Herra forseti. Ég tel það ekki óeðlilegt, að endurskoðandi, sem vinnur sitt starf af árvekni, velti fyrir sér, hvort það sé einhver ákveðin hugsun eða tilgangur á bak við það, sem honum finnst athugavert. Ég vil vænta þess, að áður en þetta mál verður fullafgreitt, verði kallað í þá menn, sem hlut eiga að máli, og þeir spurðir. Ég vil minna á, að hér er um að ræða afnotagjöld. Hjá hljóðvarpinu eru greiðendur þeirra tæplega 50 þús., og ég hygg, að reynsla margra undanfarinna ára hafi sýnt, hve langt er hægt að komast á hverju ári í að ná þessu inn. Hér er um það að ræða, að þeir, sem stjórna þessum málum, eru farnir að reikna jafnóðum með því að ná aldrei nema vissri prósentu og reyna að forðast að blekkja sjálfa sig og aðra með því að reikna með tölum, sem þeir vita af reynslu, að verða ekki að reiðufé.

Þegar hv. þm. bendir á, að það sé munur upp á 1½ millj. á því, hvaða eignir útvarpið telji sig eiga og hvaða eignir ríkisreikningurinn telji útvarpið eiga, þá skilst mér, að eignirnar, sem um er að ræða, séu óinnheimt afnotagjöld. Hvað er það mikil eign? Hvað af því er raunveruleg eign? Ég hygg, að þessi meðferð á tölum stafi sjálfsagt af því, að þetta er sannarlega engin fasteign.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 30 shlj. atkv. og til fjhn. með 30 shlj. atkv.

Á 82. fundi í Nd., 28. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 496, n. 547 og 548).

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 83. fundi í Nd., 29. apríl, var frv. aftur tekið til 2. umr.

Frsm. meiri hl. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Fjhn. þessarar hv. d. hefur haft til meðferðar frv. til l. um samþykkt á ríkisreikningnum fyrir árið 1967. N. varð ekki sammála um afgreiðslu málsins. Eins og fram kemur á þskj. 547 leggur meiri hl. n. til, að frv. verði samþ. Hv. 4. þm. Austf. með fyrirvara, en hv. 1. landsk. þm. var fjarstaddur afgreiðslu málsins. Minni hl. hefur gefið út sérnál. á þskj. 548. Þegar n. athugaði frv. þá, eins og fram kemur í nál., var það tölulega borið saman við ríkisreikninginn af skrifstofu Alþ., og var frv. í samræmi við hann.

Þingkjörnir endurskoðendur gera við ríkisreikninginn 21 aths. og eru með ríkisreikningnum birt svör ráðh. og síðan till. yfirskoðunarmanna, en þeir vísa tveim til aðgerða Alþ., þ. e. a. s. 9. og 10. Við 1. umr. málsins upplýsti hæstv. fjmrh. varðandi aths. vegna Skipaútgerðar ríkisins, að þegar væri búið að koma því í lag, sem þar var að fundið, varðandi 9. aths. lægi það ekki fyrir. Fjhn. fékk til viðræðna Jón Sigurðsson ráðuneyt-

isstjóra í fjmrn. og ræddi sérstaklega aths. þingkjörnu endurskoðendanna, sem þeir höfðu vísað til aðgerða Alþ., og gaf hann upplýsingar varðandi þau tvö atriði, sem þar koma fram. Fjhn. taldi ekki ástæðu til að gera aths. við 10. lið aths. yfirendurskoðunarmanna, en undirstrikar aths. þeirra varðandi 9. lið, þar sem um er að ræða reikningsgerð Ríkisútvarpsins og eins og segir í nál. leggur áherzlu á það, að ríkisendurskoðunin sjái svo um, að eftir þeim verði farið.

Öðrum aths. hefur ekki verið vísað til aðgerða Alþ., og hefur því n. ekki séð ástæðu til þess að gera neinar aths. þar um. Ég sé svo ekki ástæðu til þess að fjölyrða meir um frv., en eins og fram kemur á nál. 547, leggur meiri hl. fihn. til, að frv. verði samþ.

Frsm. minni hl. (Skúli Guðmundsson): Herra forseti. Hér er ríkisreikningurinn fyrir 1967 til meðferðar. Eins og venjulegt er, hafa yfirskoðunarmenn þeir, sem Alþ. kýs, gert aths. við hann. Ein af þeim og 2. í röðinni er um það, að verulegar fjárhæðir séu í vörzlum innheimtumanna ríkissjóðs í árslok af því fé, sem þeir hafa innheimt á árinu. Já, víst eru það verulegar fjárhæðir. Í árslok 1967 voru rösklega 200 millj. kr. í vörzlum innheimtumanna af því fé, sem þeir höfðu innheimt fyrir ríkið á árinu, en þeir voru ekki búnir að skila þessu til ríkissjóðs. Það er næsta furðulegt, að slíkt skuli gerast, og ég veit ekki, hverju þetta sætir. Vitanlega ættu þessir menn að skila jafnóðum af sér til ríkissjóðs innheimtufé. Það mundi ekki þykja góð fjármunameðferð hjá einkafyrirtæki, ef það léti rukkara, sem það sendi út, geyma geysiháar upphæðir í vösum sínum mánuðum og jafnvel missirum saman, án þess að skila þessu til þeirra, sem eiga þetta fé. En þetta er það, sem hefur verið að gerast á ríkisbúinu samkv. því, sem hér er frá skýrt.

Yfirskoðunarmenn segja í þessari aths. m. a., með leyfi hæstv. forseta:

„Það hlýtur samkv. eðli málsins að verða svo, að nokkur fjárhæð sé í þeirri vörzlu, þ. e. hjá innheimtumönnum, vegna innheimtu síðustu daga ársins, þar sem ríkisféhirðir lokar sjóði 31. desember."

Ég er ekki alveg sammála yfirskoðunarmönnum um þetta. Þeir þurfa ekki að senda innsiglað peningabréf til Reykjavíkur. Þetta tíðkaðist á öldinni, sem leið. Þá urðu menn að senda peninga þannig með póstunum, sem gengu þá oft ekki nema einu sinni í mánuði, eða fá sérstaka sendimenn til þess að flytja slík verðmæti milli byggðarlaga. En nú er öld önnur. Nú eru bankar, bankaútibú eða sparisjóðir að ég hygg á öllum stöðum, þar sem innheimtumenn ríkisins eiga heima. Vitanlega á ríkissjóður að hafa innlánsreikninga í þessum stofnunum, bönkum og sparisjóðum, og þannig ætti hann að láta innheimtumenn borga jafnóðum inn í þá reikninga, það sem þeir innheimta af ríkistekjum. Þá þarf eiginlega ekkert að vera í þeirra vörzlu. Þeir gætu borgað inn á gamlársdag, síðasta degi ársins það, sem þá væri hjá þeim og aðra daga gætu þeir gert það einnig, ef safnaðist fé hjá þeim, þá gætu þeir farið með það og lagt það inn í þessa ríkisreikninga í bönkum eða sparisjóðum. Vitanlega ætti að taka upp þennan hátt, og ég er hissa á, að það skuli ekki vera búið að gera það fyrir löngu. Þá gæti ríkissjóður fengið þetta fé til ráðstöfunar tafarlaust, enda veitir honum víst ekki af því oft og einatt. Við leggjum áherzlu á það í minni hl. fjhn., að þessi óreiða, sem hér er, verði upprætt strax og komið eðlilegri skipan á þessi mál.

Það eru nokkrar fleiri aths., sem yfirskoðunarmenn gera við reikninginn, en ég sé ekki ástæðu til að nefna þær sérstaklega utan eitt, sem þarna kemur fram. Það er það, að enn á eftir að endurskoða marga reikninga, reikninga margra stofnana og embætta, sem ríkisreikningurinn byggist á. Ég held, að það séu um 20 stofnanir og embætti, sem þarna eru talin á bls. 299. Þarna er um að ræða reikninga frá 1967, og einnig frá fyrri árum. Hér er t. d. talið embættiskostnaður tollstjóra 1966 og 1967, tollgæzlan í Reykjavík 1966 og 1967, hæstiréttur sömu ár, Vegagerð ríkisins einnig þessi tvö ár, bændaskólinn og búið á Hvanneyri sömuleiðis, bændaskólinn og búið á Hólum 1965—1967 og rannsóknastofnanir atvinnuveganna 1965–1967 og atvinnudeild háskólans fyrir 1964. Ég tel, að það sé ekki tímabært að samþykkja þennan reikning nú á Alþ. meðan endurskoðun hans er ekki lokið. Ég hef ávallt undanfarin ár gert aths. við þetta og haldið því fram, að Alþ. eigi ekki að samþykkja ríkisreikning, fyrr en endurskoðun hans er að fullu lokið, og þess vegna förum við fram á það í minni hl. fjhn., að hæstv. forseti taki nú þetta mál út af dagskrá, og það verði ekki tekið fyrir aftur til endanlegrar afgreiðslu, fyrr en fyrir liggja upplýsingar um það, að endurskoðun þeirra reikninga, sem ríkisreikningurinn er byggður á, sé að fullu lokið. Það getur vel verið, að það takist ekki að ljúka þessu verki, meðan þetta þing er að störfum, en það gerir ekki svo mikið til. Væntanlega yrði þessu lokið, þegar Alþ. kemur saman á næsta hausti, og þá er hægt að taka málið upp aftur, ef þá liggur fyrir, að þessu sé lokið, og afgreiða málið.

Það er sem sagt till. okkar, herra forseti, að meðferð málsins verði nú frestað og það tekið út af dagskrá.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Ég er þakklátur hv. fjhn. fyrir hve vel hún hefur brugðizt við að taka ríkisreikninginn til meðferðar, enda þótt hann kæmi hér því miður nokkuð seint fram á Alþ., þar eð endurskoðun og svörum við aths. gat ekki lokið fyrr. Ég sé ástæðu til þess að víkja örlítið að aths. hv. 1. þm. Norðurl. v., frsm. minni hl., ekki til þess beinlínis að fetta fingur út í neitt af því, sem hann sagði, heldur til þess miklu fremur að skýra það og gera mönnum ljóst, að málið er nokkuð annars eðlis en minni hl. n. virðist álíta.

Ég skal þá fyrst byrja á síðustu aths. hans, sem till. minni hl. byggist á, að ríkisreikningnum verði frestað, en rökin eru þau, að ekki sé enn lokið endurskoðun hjá allmörgum embættum. Mér er ekki kunnugt um, að það hafi nokkru sinni verið svo, að hinni umboðslegu endurskoðun hafi verið lokið hjá öllum embættum, þegar ríkisreikningur hefur verið til meðferðar hér í Alþ., og hygg ekki, að það skipti meginmáli, því að ef eitthvað kemur fram athugavert hjá þessum embættum, þá að sjálfsögðu kemur það til kasta yfirskoðunarmanna við meðferð næsta reiknings. Þetta dettur ekki milli þils og veggjar, ef svo má segja, heldur liggur það þá til athugunar, þegar þar að kemur. Ríkisendurskoð-

andi vekur athygli á því í svörum sínum við aths. yfirskoðunarmanna varðandi óendurskoðuð embætti, að vitanlega væri hægt að hraða þessari endurskoðun meir með því að fjölga starfsmönnum ríkisendurskoðunarinnar, og hann hefur lagt áherzlu á það að fá meira af þjálfuðu starfsliði, helzt lærða endurskoðendur, í stærri stíl en nú er um að ræða. Það kann vel að vera, að þetta sé nokkuð mikil íhaldssemi hjá fjmrn. að hafa ekki látið í té alla þá starfskrafta, sem þar er beðið um, og er það þá í þessu tilfelli mín sök að hafa ekki gert það. Við höfum hins vegar rætt þetta mál við ríkisendurskoðanda, eins og hann víkur að, og það er í sérstakri athugun núna, hvort hægt er annaðhvort að fastráða eða þá að ráða um stundarsakir nokkra menn til þess að hraða þessari endurskoðun, og að sjálfsögðu er skylt að taka það til athugunar, því að ekki má verða dráttur á því, að endurskoðun verði, a. m. k. má ekki seinka frá ári til árs endurskoðuninni. Ég hygg, að það sé ótvírætt, að að svo miklu leyti sem hér hefur á breyting orðið frá fyrri árum, séu það færri embætti, sem eru nú óendurskoðuð en áður, og það hefur verið gerð mjög rækileg athugun á mörgum embættum ríkisins, sem ríkisendurskoðunin hér víkur að, m. a. mörgum fógetaembættum. Við höfum sérstaklega lagt okkur eftir því, og snertir það nokkuð fyrri aths. hv. 1. þm. Norðurl. v., að leggja áherzlu á bættar innheimtur hjá innheimtumönnum ríkisins víða úti um land, koma í veg fyrir það, að þar söfnuðust skuldir og einkanlega að koma í lag tollinnheimtu, sem því miður var ekki alls staðar með þeim hætti, sem skyldi. Um þetta segir ríkisendurskoðandi sjálfur í sínu svari: Endurskoðun á tekjum hjá innheimtumönnum ríkissjóðs er því mun betur komið nú en undanfarin ár. Hann segir enn fremur: „Um tollendurskoðunina er það að segja, að með sameiginlegu átaki hennar og fjmrn. hefur innheimta aðflutningsgjalda færzt í fastari skorður og eftirstöðvar hafa minnkað mjög.“ Þetta hvort tveggja tel ég vera mjög jákvætt, og það verður stefnt markvisst áfram í sömu átt. Það verður reynt að koma í veg fyrir það, sem því miður hefur sums staðar viljað koma fyrir, að það safnist fyrir vangreiddar tollskuldir, sem ekki á að eiga sér stað. Söluskattur hefur ekki alls staðar verið greiddur með sama hraða og verður á því nokkur mismunun, t. d. miðað hér við þéttbýli eins og Reykjavík, þar sem lokað er miskunnarlaust fyrir fyrirtæki, ef þau ekki borga á réttum gjalddögum, og mín skoðun er sú, að það sé ekki neinu fyrirtæki til góðs að láta slíkar skuldir safnast fyrir. Það verður því haldið áfram á þessari braut, sem ríkisendurskoðandi hér víkur að og leitazt við að bæta úr starfsmannahaldi ríkisendurskoðunar, svo sem frekast eru tök á. En ég get hins vegar ekki fallizt á, ekki sízt miðað við það, sem ég áðan sagði, að endurskoðuninni hefur þó þokað fram meira undanfarin ár, að það sé sérstök ástæða nú til þess að fresta afgreiðslu þessa ríkisreiknings.

Varðandi þær 200 millj. kr., sem hv. 1. þm. Norðurl. v. vék hér að, að væru í kassa eða nánast í vasa innheimtumanna ríkissjóðs um áramót, þá er það vissulega ljót saga, ef svo væri, og engum ætti að vera það meira kappsmál en fjmrh., að slíkt ekki kæmi til, því að ekki veitir af að fá í kassann um áramótin. Sannleikurinn er líka sá, að allan desembermánuð er ríkisféhirðir, ríkisbókhaldið og allir þeirra starfsmenn önnum kafnir við það að herða á innheimtum hjá öllum innheimtumönnum ríkisins, gera upp öll bráðabirgðalán og sjá til þess, að sem mest komi þá í ríkiskassann, enda er reyndin sú, að síðustu mánuði ársins koma venjulega inn hundruð millj. allt fram á gamlársdag, og á gamlársdegi, þótt það sé stuttur dagur, getur það leikið á 200—300 millj. eða jafnvel meiru, sem kemur inn þann dag.

Það kann að virðast einkennilegt, að þessar 200 millj. liggi því í vasa innheimtumanna úti um land, enda er þessu ekki svona farið. Því er alls ekki svona farið, að þessar 200 millj. liggi um áramót í kassa hjá þessum innheimtumönnum ríkissjóðs. Það er hér allt annað, sem kemur til greina. Það er þrennt, sem er fyrst og fremst orsök þessarar tölulegu niðurstöðu, sem lítur óneitanlega ekki fallega út á pappír. Í fyrsta lagi má geta þess, að allir innheimtumenn ríkissjóðs hafa með höndum margvíslegar útgreiðslur frá sínu embætti til ýmiss konar framlaga, sem ríkið á að borga sinn hluta af í hinum ýmsu héruðum. Það er kostnaður vegna löggæzlu, dómsmálakostnaður alls konar og ýmsar greiðslur, sem ríkið á að borga hluta af og sýslumönnum er ætlað að inna af hendi. Í þessu tilfelli, t. d. árið 1967, þá höfum við áætlað, að þeir fjármunir hafi numið um 35 millj. kr., sem í rauninni var engin ástæða til þess að sendar væru ríkisféhirði vegna þess, að þær átti að greiða. En endanleg skilagrein hafði ekki verið gerð fyrir þessum upphæðum 31. desember, heldur hlaut það að dragast fram yfir áramótin, þegar þessir hlutir voru endanlega gerðir upp í ríkisbókhaldinu. Það er því í rauninni ekki hægt að saka embættismennina, þó að þeir hafi haldið eftir þessum fjárhæðum.

Í annan stað er þess að geta, sem hv. þm. virtist eiga nokkuð erfitt með að skilja, að síðasta dag ársins innheimtast allverulegar fjárhæðir, sem ómögulegt er að koma til ríkisfjárhirzlunnar í tæka tíð, þannig að þær verði bókaðar þar inn sem tekjur 31. desember. Ég nefni aðeins sem dæmi, að t.d. hér í Reykjavík voru um síðustu áramót 6—7 millj. kr., sem innheimtust síðdegis 31. desember og ómögulegt var að koma inn í bankareikninga ríkisfjárhirzlunnar eftir þann tíma. Það var ekki tæknilega mögulegt. Ríkisféhirðir hefur að sjálfsögðu ekki hlaupareikninga út um allt land. Þeir reikningar eru á vegum embættanna, en ekki ríkisfjárhirzlunnar. Það skiptir þess vegna ekki öllu meginmáli, úr því að þeir peningar liggja þar og eru ekki komnir á viðskiptareikning ríkissjóðs í Seðlabankanum, sem skiptir meginmáli, hvort hann liggur á nafni viðkomandi sýslumanns eða væri að forminu til á nafni ríkisféhirðis.

En það, sem er meginkjarni málsins og meginskýringin á þessu öllu saman er það, að sýslumönnum er það mikið kappsmál að hafa ekki allt of miklar eftirstöðvar um áramót, og þess vegna hafa þeir freistazt til þess, þó að það í rauninni sé ekki heimilt og samkv. nýjum l. um ríkisbókhald alls ekki heimilt, að halda opnum reikningum fram yfir áramót með þeim árangri, að þeir hafa iðulega í janúar og jafnvel fram í febrúar tekið á móti mjög verulegum fjárhæðum, sem þeir svo í reikningsskilum sínum telja vera innkomnar 31. desember, þegar þeir senda grg. sínar, sem þeir eiga

að senda í janúar eða í síðasta lagi í byrjun febrúar og gengið er mjög hart eftir, að sé gert, en því miður, og það skal ég taka undir, hafa ekki allir sýslumenn sent skil það snemma. Til þess að þetta valdi nú ekki misskilningi, að hér séu 200 millj., sem sýslumenn fái að hafa í vasa sínum fram eftir öllu ári, þá vil ég geta þess varðandi þetta ár, sem hér er sérstaklega nefnt, að í janúarmánuði 1968 voru innborgaðar af þessu fé 45 millj., í febrúarmánuði 65 millj. og í marzmánuði 48 millj., en þá voru komnar inn skilagreinar yfirleitt frá öllum embættunum, þannig að eftir það eru aðeins smávægilegar upphæðir, sem borgast inn. Það er því þessa þrjá fyrstu mánuði ársins, sem í rauninni allar þessar eftirstöðvar greiðast inn, og endanlega er gert upp það, sem sýslumennirnir sjálfir eiga að greiða af þeim kostnaði, sem ég gat um áðan, að félli í þeirra hlut að leggja út fé fyrir, og þeir sjá því ekki ástæðu að senda fyrst peningana suður til Reykjavíkur og innheimta þá aftur til þess að borga hluta af löggæzlukostnaði og annað, sem þeir eiga að greiða.

Þetta eru skýringarnar, þannig að hér mundi ég ekki vilja segja, að væri um óreiðu að ræða eða eitthvert óskaplegt mál, en ég vildi, að satt væri, að sýslumennirnir hefðu þessar 200 millj. í kassa og gætu látið okkur hafa þetta. En því miður er þetta ekki svona. Það er þarna freistazt til þessa, því að ef þeir ekki notuðu janúarmánuð líka, mundi þetta færast inn sem vangreiddir skattar í þeirra umdæmum, og það er kannske mannlegt, að þeir reyni í byrjun ársins að innheimta sem mest til þess að koma því inn á liðið ár, og það koma þá fram sem skil frá þeirra hendi. Þetta er skýringin á því, sem hér er að gerast. Ég er ekki með þessu að afsaka þetta á nokkurn hátt, heldur aðeins að skýra staðreyndir, og ég legg á það áherzlu, að við reynum með öllu móti að sjá til þess, að fyrir 31. desember sé greitt allt það inn, sem mögulega er auðið að fá inn af ríkissjóðstekjum. Það er af ósköp eðlilegum ástæðum og hlýtur að vera metnaðarmál rn. og ekki hvað sízt fjmrh., að það sé ekki óeðlilega hár yfirdráttur í Seðlabankanum á þessu tímabili. Það er lögð á það núna alveg sérstök áherzla og hefur verið frá síðustu áramótum að reyna að breyta þessu. Því miður hefur það ekki tekizt enn sem skyldi að fá sýslumenn til þess að gera þetta upp og senda skilagreinir nógu snemma. Það skal tekið fram, að þeir senda mánaðarlega skilagreinir, það er annað mál. En þessi lokaskilagrein ársins hefur viljað teygjast nokkuð á langinn vegna þess, að þeir hafi verið að hreinsa til með þessum hætti, sem ég gat um. En hin nýju l. um ríkisbókhald gera ráð fyrir því, að það sé lokað um áramót og sýslumenn eiga einnig að gera það. Því miður, eins og ég segi, er því ennþá þannig farið með nokkur embætti, sem ég sé ekki ástæðu til þess að vera að tilgreina hér. Hér er þó mjög misjafnlega pottur brotinn, sum embætti gera mjög snemma skil, önnur seint. En það verður lögð áherzla á það í samráði við dómsmrn., sem ég hef rætt um þetta mál við, að reka á eftir því með fullri hörku, að sýslumenn geri sem skjótust skil, m.a. til þess að útkoma ársins geti legið fyrir sem allra fyrst. Ég hefði viljað vera búinn að gera hv. Alþ. nú þegar grein fyrir afkomu ársins 1968, en það hefur ekki verið hægt vegna þess, að enn eru nokkrir sýslumenn, sem betur fer mjög fáir, sem eiga eftir að gera endanleg skil, þannig að hægt sé að fá lokatölu. Þetta, herra forseti, vildi ég að kæmi fram við þessar umr. til þess að útskýra hvernig efnislega stendur á því, að þessar tölur eru hér svo háar sem raun ber vitni um, og ég vonast til að mér hafi tekizt að útskýra fyrir hv. þm., hvað hér er um að vera.

Þórarinn Þórarinsson: Herra forseti. Eins og menn muna þá urðu hér nokkrar umr. við 1. umr. um embætti húsameistara ríkisins, og var rætt um það bæði af hv. 3. þm. Vesturl. og hv. fjmrh., að uppvíst hefði orðið um ýmsa óreiðu í sambandi við það embætti. Það hefði meðal annars komið í ljós, að yfir- og aukavinna væri óeðlilega mikil, að bifreiðastyrkir væru óeðlilega háir, óeðlilega mikil risna hefði átt sér stað, ferðakostnaður o. s. frv. Ég hefði ekki haft tilefni til þess að rifja umr. upp að þessu sinni, ef ekki hefðu síðan orðið nokkur blaðaskrif um þetta, m. a. hefur forstjórinn átt viðtal við eitt af blöðum bæjarins og sagt, að þessu máli væri lokið. Í dag skrifar hv. fjmrh. í blöðin, og lýsir því m. a. yfir, að í sambandi við óreiðuna hjá húsameistaraembættinu muni dómsrh. hafa ákveðið að víkja frá störfum þeim, er meginábyrgð hefur haft á fjárstjórn stofnunarinnar. Ég vildi gjarnan fá það upplýst í þessu sambandi, hvernig þetta mál hefur verið til lykta leitt, þar sem húsameistari lýsir því yfir í blaðaviðtali, að því sé með öllu lokið. Ennfremur vildi ég vita, hver eða hverjir það séu hjá húsameistaraembættinu, sem samkv. þessari yfirlýsingu ráðh. í dag hafa verið látnir víkja frá störfum og bera meginábyrgð á því, hvernig fjárstjórn stofnunarinnar hefur verið að hans dómi. Ég álít, að slík mál eins og þessi eigi ekki að liggja neitt í þagnargildi og það eigi að vera fullkomlega upplýst, ef einhverjum er refsað, sem sekur kann að reynast, og að það sé þá sannanlega sá seki og sá, sem meginábyrgðina hefur borið. Ég vil sem sagt æskja þess, að hv. ráðh., ef hann treystir sér til þess, upplýsi þingheim um það, hvernig þessar málalyktir hjá húsameistaraembættinu eru og hver eða hverjir það eru, sem hafi verið látnir hætta *störfum vegna fjármálaóreiðu.*

Frsm. minni hl. (Skúli Guðmundsson): Herra forseti. Hæstv. fjmrh. segir, að það sé ekkert nýtt, að endurskoðun ríkisreikningsins sé ekki lokið, þegar hann er lagður fyrir Alþ. til samþykktar. Þetta er alveg rétt hjá hæstv. ráðh. Það er alveg rétt. Ég hef gert athugasemdir um þetta á hverju þ., þegar ríkisreikningur hefur legið fyrir og flutt till. um það, eins og nú, að meðferð málsins yrði frestað, þar til endurskoðuninni yrði lokið. Hv. ráðh. segir, að það séu ekki nógu margir menn við endurskoðun hjá ríkisendurskoðuninni. Ég vil benda honum á það, og ég held að hann hljóti að vera mér sammála um það, að það sparar ekkert mannahald, að draga endurskoðunina á langinn, ef meiningin er, eins og ég hygg að sé, að allir reikningar séu þó endurskoðaðir um síðir. Hann segir, að það sé ekki sérstök ástæða nú til að gera athugasemdir um þetta, því að þessu hafi þokað til réttrar áttar að undanförnu, en það eru samt margir reikningar óendurskoðaðir, og þess vegna er full ástæða til að gera þessa athugasemd, nú eins og áður.

Þá eru það 200 milljónirnar, sem voru hjá inn-

heimtumönnum í lok ársins. Ljótt er ef satt væri, segir hæstv. ráðh. Hann bar þó ekki brigður á, að athugasemdin hjá yfirskoðunarmönnunum væri rétt, en hann var með ýmsar skýringar og það er nú ýmislegt við þær að athuga. Hann nefnir í fyrsta lagi það, að innheimtumennirnir, þ. e. a. s. sýslumennirnir, hafi ýmsar útgreiðslur fyrir ríkið og þetta hafi verið áætlað um 35 millj. um áramótin í fyrra. Ef það er svo, sem mun vera, að sýslumenn annist útborganir fyrir ríkissjóð, þá eiga þeir vitanlega ekki að borga annað en það, sem þeim er falið af þeirra yfirboðurum að borga út af ríkisfé. Þeir hljóta að fá kvittanir fyrir öllu, sem þeir greiða, og þá geta þeir sent þær jafnharðan til fjmrn. eða ríkisféhirðis ásamt peningunum, og þá er þetta bara hluti af því, sem þeir hafa innheimt. Þá á líka að taka það sem fullgilda greiðslu frá þeim, ef þarna koma kvittanir fyrir greiðslum, sem þeim hefur verið falið að inna af höndum. Svo þetta er engin afsökun.

Þá er það síðasti dagur ársins, þá á nú mikið að gerast og sjálfsagt gerist mikið á gamlársdag. Ráðh. segir, að það sé ómögulegt að koma til ríkissjóðs öllu þessu fé. Ég benti á það, að ríkissjóður ætti að hafa reikninga í bönkum og sparisjóðum alls staðar, hvar sem innheimtumenn eru búsettir. Þeir ættu að leggja innheimtuféð inn á þessa reikninga ríkissjóðs jafnóðum og þeir fá það í hendur, og þetta geta þeir gert líka á síðasta degi ársins eins og aðra daga, og þá getur ríkissjóður ávísað til Seðlabankans á þessar innistæður sínar í bönkum og sjóðum úti um allt land, hann getur gert það, og þannig getur þetta komið honum strax að fullum notum.

Ráðh. sagði, að það hefði verið ómögulegt t. d. að koma til ríkissjóðsins 6–7 millj. á gamlársdag hér í Reykjavík. Ég veit ekki hver lokar fyrstur þennan dag, tollstjórinn, ríkisféhirðir eða bankarnir. Það getur skeð, að það yrði eitthvað lítið eitt eftir hjá tollstjóra, ef hann er lengur að þennan dag en hinar stofnanirnar, en það getur aldrei munað miklu, og hann hefur víst sendimenn, sem hægt er að trúa fyrir því að fara með peninga í banka eða til ríkisféhirðis.

Ráðh. segir, að reikningar í bönkum og sjóðum úti um land séu á vegum embættanna, en ekki ríkissjóðs, og þetta skipti ekki máli. Ég er nú ekki sammála hæstv. ráðh. um þetta. Ég held að það geti skipt máli, hvort fé sem ríkið á er á reikningi einhvers sýslumanns eða þá á reikningi ríkissjóðsins sjálfs, og vitanlega á ríkissjóður sjálfur að hafa viðskiptareikninga í þessum bönkum og sjóðum, og það á að leggja þetta inn á reikning ríkissjóðs. Hitt er ekki rétt, og þetta getur skipt máli, það verða allir að viðurkenna. Þá segir hann, að ríkisféhirðir loki sínum reikningi 31. desember. Það er gott, það er góður siður. En margir sýslumenn gera þetta ekki, en þá á að láta þá gera það, og þá helzt þetta, sem þeir innheimta eftir nýárið. Þá telst það vitanlega á þeirra spjöldum í ríkisreikningnum með óinnheimtum tekjum í árslokin. Þetta er það eina rétta, þetta er rétt bókhald, en hitt er það ekki. Þess vegna eiga þeir ekki að telja janúarinnborganir með desembergreiðslum, það er rangt, og það á að koma þeim í skilning um það, að þeir eigi að hætta þessu. Hæstv. ráðh. taldi þarna upp að það hefðu komið stórar fjárhæðir til ríkisins í janúar, febrúar og marz. Ég tók niður tölurnar, og ég held að það hafi komið út úr þessu samtals 158 millj., en þá eru þó eftir fullar 40 millj. af því, sem þeir voru búnir að innheimta af fyrra árs tekjum, þegar marz er liðinn, og þetta er hvergi nærri gott. Ég þykist nú alveg vita, að hæstv. ráðh. sé mér í raun og veru sammála um það, að þessu þurfi að koma í betra lag; og ég vænti þess, að hann taki þessar ábendingar mínar til greina að láta ríkissjóð opna reikninga út um landið, þar sem innheimtumenn eru búsettir, og láti þá borga jafnóðum inn á þessa reikninga á nafn ríkisins allt, sem þeir innheimta, og ef þeir eru beðnir að inna einhverjar greiðslur af höndum fyrir það opinbera þá sendi þeir kvittanir fyrir þeim greiðslum jafnharðan í staðinn fyrir peninga til ríkissjóðs. Ég þykist alveg vita, að hæstv. ráðh. vilji hafa þetta í lagi, og þá er það þetta, sem hann á að gera.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Ég sé nú ekki ástæðu til þess að við séum í neinu karpi ég og hv. 1. þm. Norðurl. v. Okkur greinir ekki, held ég, ákaflega mikið á efnislega um þetta atriði. Ég er hins vegar ekki orðinn sannfærður um það enn, að málið sé eins einfalt og hann virðist vera láta, en nóg um það. Það er kannske vegna þess, að við erum of slappir í fjmrn., ég skal ekki segja um það, en málið er nú töluvert flóknara. Ég held hins vegar, að það liggi alveg í augum uppi, að auðvitað hlýtur það að vera okkar kappsmál, ekki síður en þeirra, sem á þetta hafa bent hér, að sem allra mest af þessu innheimta fé komi í ríkissjóðinn í tæka tíð. Það gefur auga leið, að það hefur hver fjmrh. áhuga á því, að staða ríkissjóðs í árslok sé sem bezt, þannig að ég held, að það þurfi ekki að óttast neinn slappleika í því, vegna þess að það er ekki nema þá hrein eigingirni, sem hlýtur að ráða því, þó við sleppum öðru, að það sé reynt að ná inn þessum peningum, sem mest má verða. Það getur vel verið að það sé mjög hæpið bókhald hjá sýslumönnum að færa inn á liðið ár það, sem þeir innheimta eftir áramótin, en því miður hefur þetta verið gert í allstórum stíl, og það er ekki hægt að segja, að þetta sé nein óreiða út af fyrir sig, þetta kemur fram annað hvort árið, en ég er sammála hv. þm. um það, að rétt skal vera rétt og eðlilega koma þá fram auknar eftirstöðvar um árslok, það er hárrétt.

Hv. 4. þm. Reykv. beindi til mín nokkrum fsp. varðandi embætti húsameistara ríkisins og þær athugasemdir, sem við það hafa verið gerðar vegna skrifa, sem um það hafa orðið og vegna grg., sem ég hef birt um það efni. Ástæðan fyrir grg. minni var ekki sú að vefengja neitt af því, sem yfirskoðunarmenn ríkisreikninga hefðu um það sagt, heldur aðeins að láta það koma skýrt fram, sem ekki hafði komið fram í skrifum eða tali manna um þetta mál, að ríkisendurskoðunin hafði haft fullkomlega augun opin fyrir þessu máli. Það komu fyrir viss atvik, sem ollu því snemma á s. l. ári, að það þótti sjálfsagt að taka ýmis atriði í þessu embætti til heildarrannsóknar og leiddi það hvað af öðru. Þetta stafaði ekki af því, að það væru ekki fylgiskjöl fyrir greiðslum, heldur vegna þess, að það sýndi sig, að þessi fylgiskjöl voru ekki með eðlilegum hætti, þannig að það höfðu átt sér stað greiðslur, sem ekki hefðu átt að eiga sér stað.

Hv. 3. þm. Vesturl. skýrði frá nokkrum þessara atriða

hér í ræðu sinni, er hann ræddi ríkisreikninginn við 1. umr., og ég hef ekkert við hans athugasemdir þar að athuga. Hann skýrði frá því, að ríkisendurskoðunin hefði haft þetta mál lengi til meðferðar og gert ýmsum skoðunarmönnum ljóst, hvað hefði gerzt í því. Það var í fullu samráði við mig að það var gert. Ég tel það sjálfsagt að ríkisendurskoðunin veki athygli yfirskoðunarmanna á því, þegar misfellur eru við embætti. Eins og við vitum þá er starf yfirskoðunarmanna unnið í hjáverkum og þess engin von, að þeir geti krufið til mergjar rekstur einstakra ríkisstofnana, þannig að það ber brýna nauðsyn til þess, að þarna sé góð samvinna á milli. Yfirskoðunarmenn hafa í athugasemdum sínum við ríkisreikninginn tilgreint í tölulegum atriðum fsp., sem þeir hafa beint til rn., sem húsameistaraembættið heyrir undir til þess að fá úr því skorið, hver sé skoðun þessa rn. á þeim atriðum, sem þar eiga sér stað bæði um umframgreiðslur, bifreiðastyrki og annað. Dómsmrn. hefur eftir ósk fjmrn. svarað þessum athugasemdum. Rn. hafði áður fengið til meðferðar ítarlegar skýrslur ríkisendurskoðunar, sem ríkisendurskoðunin lét í té til þess að rannsaka til hlítar öll einstök atriði í þessu máli.

Hv. þm. sagði, að húsameistari ríkisins hefði í grein í blaði *í gær gefið í skyn að þessu máli væri lokið.* Ég vil ekki gera neitt að umtalsefni þessa grein og hvorki lýsa hana rétta né ranga, en ég verð hins vegar að segja það, að málinu er ekki lokið, enda er það tekið fram í svörum dómsmrn., að það sé verið að framkvæma nauðsynlegar ráðstafanir í þessu embætti með hliðsjón af úrskurðum ríkisendurskoðunarinnar. Ég hef enga ástæðu til að halda annað en að dómsmrn. muni fullkomlega taka til greina allar athugasemdir ríkisendurskoðunarinnar varðandi þetta embætti. Það tel ég rétt og skylt, og tel það engum efa bundið. Ég gerði grein fyrir því í grg. minni, sem ég hef sent blöðunum, að það sé ekki á valdi fjmrh. að ákveða um það, þegar misferli verður í embættum, hvort viðkomandi embættismenn eru látnir víkja úr starfi eða ekki. Þetta gerist með þeim hætti, að ríkisendurskoðunin kemur sínum athugasemdum á framfæri við viðkomandi embætti og síðan er til þess ætlazt, að viðkomandi rn. taki ákvörðun um það eftir efni málsins, hvað beri að gera til þess að uppræta það, sem miður hefur farið.

Það er hlutverk fjmrn., og því mun verða fylgt eftir, að greiddar verði að fullu allar þær fjárhæðir, sem aðilar við embætti húsameistara hafa tekið sér með óeðlilegum hætti, hvort sem það er húsameistari ríkisins sjálfur eða aðrir, sem hafa fengið slíkar fjárhæðir, og eftir því mun verða gengið af fjmrn. Hvort ráðh. sá, sem þetta mál heyrir undir, telur málið það alvarlegt, að það beri að gera frekari ráðstafanir, t.d. að láta tiltekna embættismenn víkja og þá hverja, er mál þessa ráðh. Það er föst venja í öllum rn. og fjmrh. getur ekki ákveðið um það og hefur ekki til þess stjórnskipulegan rétt.

Ég sagði í grein minni, að ráðh. mundi hafa ákveðið að víkja frá starfi þeim manni, sem talinn væri hafa borið mesta ábyrgð á þeim misferlum, sem þarna hafa orðið, og ég veit, að ríkisendurskoðunin hefur vakið athygli á því, að hún teldi, að það væri ekki hægt, miðað við þá óreiðu, sem þarna hefði orðið, að treysta þessu embætti fyrir fjárreiðum, nema því aðeins, að sá maður, sem ætti að sjá um fjárhagslega stjórn þessa fyrirtækis, sem hefur mikið fé undir höndum, væri látinn víkja. Þetta hygg ég, að dómsmrh. hafi gert. Að öðru leyti sé ég ekki ástæðu til og tel ekki viðeigandi að greina frá því, hvaða tiltekinn starfsmaður á að víkja þarna eða ekki. Ég tel rétt, að sá ráðh., sem þetta heyrir undir, upplýsi það, eftir því sem hann telur efni standa til. Hvað mig varðar lýsi ég því yfir, að varðandi það fjárhagslega misferli, sem þarna hefur átt sér stað, þá mun ekki verða við annað unað en að því verði fullkomlega kippt í lag, hver svo sem þar á sökina.

Þórarinn Þórarinsson: Herra forseti. Ég þarf raunar ekki mikið að segja í tilefni að ræðu hæstv. fjmrh. Mér fannst ráðh. svara skýrt og skilmerkilega og greina frá því fullkomlega, sem varðar embætti hans. Ég tók eftir *því, að hann sagði að þessu máli væri ekki lokið,* og það tel ég eðlilegt. Það virðist vera svo margt, sem hefur orðið uppvíst í sambandi við þetta embætti, að eðlilegt er að ítarlegri og fullkomnari rannsókn fari fram, en þegar hefur orðið. Mér skilst, að hæstv. ráðh. sé mér alveg sammála um þetta, og verð ég að lýsa því yfir, að ég er alveg ánægður með þau svör hans. Það er rétt hjá hæstv. ráðh., *að mér ber frekar að beina fsp. um það til* hæstv. dómsmrh., hvað frekar kunni svo að vera gert í málinu t. d. í sambandi við það, hvort einstakir starfsmenn þarna verði látnir fara eða ekki, og er sjálfsagt, ef ástæða þykir til síðar meir, að koma fsp. á framfæri við hæstv. dómsmrh. um það atriði, en ég spurði um þetta atriði sérstaklega vegna þess, að fjmrh. hafði upplýst það í grein, sem hann birti í blöðunum, að dómsmrh. mundi þegar vera búinn að ákveða að víkja vissum starfsmanni eða starfsmönnum frá starfi. Hæstv. ráðh. taldi, að hér væri um þann mann að ræða, sem bæri mesta ábyrgð á því misferli, sem hér hefur átt sér stað. Ég skal játa það, að ég þekki ekki til hvernig störfum hefur verið háttað hjá embætti húsameistara ríkisins og hvort þar er einhver sérstakur fjármálastjórnandi, sem ræður mestu um framkvæmd þeirra mála. Það verður að upplýsast betur, og er sjálfsagt að leita eftir því við hæstv. dómsmrh., hvort heldur það verður gert utan þings eða innan.

Það, sem ber að leggja meginherzlu á, er að sjálfsögðu það, að hér fari fram ítarleg rannsókn á málinu, ekki nein málamyndarannsókn og refsing, ef refsingu verður beitt, nái til þeirra, sem raunverulega bera ábyrgð á því, sem hefur gerzt. Ég skal ekki fella neinn dóm um það á þessu stigi, hver eða hverjir það eru, en þess verður að krefjast, að hér verði fullkomins réttlætis gætt og málið ekki leyst með neinni sýndarmennsku og kannske refsing látin koma fram þar, sem ekki er mest ástæða til, en ég er ekki að fullyrða neitt í þessu sambandi. Ég ætla ekki að bera sakir á neinn einstakan mann, þar sem mér er ekki kunnugt um það, hvernig starfsháttum er háttað hjá þessari stofnun, en legg áherzlu á það, eins og ég áðan sagði, að refsingin verði látin koma raunverulega niður, þar sem hún á heima.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 20:1 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 23:1 atkv.

Á 87. fundi í Nd., 2. maí, var frv. tekið til 3. umr.

Frsm. minni hl. (Skúli Guðmundsson): Herra forseti. Ég verð að biðja hæstv. forseta að reyna að ná í hæstv. fjmrh. hingað á fundinn, því að ég þarf að bera fram fsp. til hans út af þessu máli. **(Forseti:** Hæstv. fjmrh. er því miður ekki staddur í húsinu. Ég vil biðja hv. þm. að halda áfram ræðu sinni. Fsp. hans skal komið á framfæri.) Ég þarf að fá svar við henni, og ég vil helzt hafa það millilíðalaust, er þá ekki hægt að fresta málinu til næsta fundar og ráðh. yrði þá við, það verður nú sennilega fljótlega afgr. þetta mál, héðan af og ætti ekki að gera til? Ég þarf endilega að fá svar við þessu, sem ég ætla að spyrja um, og vil nú þess vegna fara fram á það við hæstv. forseta, að hann taki málið út af dagskrá núna ef ekki er hægt að ná í ráðh. áður en fundi verður slitið, annars mætti bara fresta því um sinn, ef von er um að hann verði hér á ferð innan skamms eða áður en dagur þessi er liðinn. **(Forseti:** Ég vil vekja athygli hv. þm. á því, að það eru fleiri hv. þm. á mælendaskrá um málið, sem kynnu að geta talað að hæstv. fjmrh. fjarstöddum. Á meðan hugleiðir forseti, hvort unnt muni vera að fresta málinu, ef hv. þm. vildi þá rýma ræðustólinn.) Ég vil halda mínum ræðumannsrétti að sjálfsögðu, en ég hef ekkert á móti því, að aðrir tali á meðan, ef hæstv. ráðh. kynni að koma.

Benedikt Gröndal: Herra forseti. Við 1. umr. um þetta mál í þessari hæstv. d. komu nokkuð til tals athugasemdir, sem endurskoðendur hafa gert við reikningsfærslur Ríkisútvarpsins, þar er raunverulega um að ræða deilur um bókhaldsfyrirkomulag, en af þessu voru dregnar ýmsar ályktanir, sem ég fyrtist við og vildi ekki láta standa ómótmælt. Í tilefni að þessu máli hefur Ríkisútvarpið gert stutta grg., sem mér finnst nauðsynlegt að komi hér fram, og vil ég leyfa mér að lesa þessa grg. með leyfi hæstv. forseta:

„Í tilefni af athugasemdum yfirskoðunarmanna ríkisreiknings við ársreikninga Ríkisútvarpsins fyrir árið 1967 leyfir stofnunin sér hér með að gefa hinu háa Alþ. eftirfarandi skýringar.

1. Með skattskýrslueyðublöðum fyrir árið 1966 voru send sérstök eyðublöð frá Ríkisútvarpinu til könnunar á útvarps- og sjónvarpsviðtækjaeign landsmanna. Úr svörum var unnið á árinu 1967. Kom í ljós, að allmargar þús. manna höfðu haft hljóðvarps- og sjónvarpsafnot, án þess að stofnunin hefði um það vitað. Reikningar til þessara nýju viðskiptamanna Ríkisútvarpsins voru svo sendir út síðari hluta árs 1967. Við ákvörðun á þeim tíma, sem krafa var gerð fyrir vangreiddum afnotagjöldum, var viðhöfð sú regla að gera mönnum að greiða 3 ár aftur í tímann, ef ekki var önnur vitneskja fyrir hendi. Var fyrir fram vitað, að frá þessari kröfu yrði að falla í mörgum tilfellum að einhverju leyti, enda hefur sú raunin orðið. Í árslok 1967 námu ógreidd afnotagjöld hljóðvarpsins fyrir það ár 5 518 435 kr. Með hliðsjón af því, hversu vafasamar hinar áður umtöluðu kröfur voru samkvæmt framansögðu, var ekki talið fært að telja þær nærri allar til tekna ársins. Var sú aðferð viðhöfð að færa ¾ af þessari upphæð, eða 4 138 826 kr., í fyrningarsjóð afnotagjalda. Í árslok 1968 er enn óinnheimt af brúttótekjum ársins 1967 4 448 054 kr. eða hærri upphæð en færð var í fyrningarsjóð. Má af því sjá að enn hefur umrædd og umdeild ráðstöfun Ríkisútvarpsins ekki reynzt á röngum forsendum byggð. Þess má að lokum geta í þessu sambandi, að að sjálfsögðu kemur það fram síðar sem tekjur, ef og þegar að því kemur, að eftirstöðvar útistandandi afnotagjalda frá árinu 1967 fara niður fyrir þá upphæð, sem færð var í fyrningarsjóð, þ. e. hinar margumtöluðu kr. 4 millj. 138 þús. 826.

2. Sömu meginforsendur og hér voru raktar lágu til grundvallar áætlun Ríkisútvarpsins á tekjum af afnotagjöldum fyrir sjónvarpsdeild. Var þar bæði ágreiningur um tíma á sama hátt og hjá hljóðvarpi, en til viðbótar hafa útsendar kröfur oft á tíðum reynzt meira og minna vafasamar vegna skorts á fullnægjandi sjónvarpsskilyrðum á ýmsum svæðum, þar sem dreifikerfið var í uppbyggingu, og var þetta fyrir fram vitað. Verður þetta eigi rakið hér tölulega, en niðurstöður eru í meginatriðum hinar sömu og í hljóðvarpsdeild.

3. Í 2. málsgr. 16. gr. l. nr. 52 13. maí 1966, um ríkisbókhald, gerð ríkisreiknings og fjárlaga, segir svo: „Beinir skattar skulu færðir á álagningarárinu með frádrætti fyrir vanhöldum framkomnum eða áætluðum við reikningslokun." Ákvæði þetta var haft í huga, þegar reikningi ársins 1967 var lokað á þann hátt, sem gert var.

F.h. Ríkisútvarpsins
Gunnar Vagnsson."

Herra forseti. Ég tel rétt, að þessar skýringar komi hér fram. Eins og ég sagði við 1. umr., þá vil ég ekki blanda mér inn í deilur um bókfærsluatriði, og vænti þess, að það náist samkomulag um það, hvernig þau eiga að vera, en ég get ekki látið ómótmælt ýmsum ályktunum, sem dregnar voru af því, hvers vegna Ríkisútvarpið hefði hagað reikningum sínum á þennan hátt, og tel ég því rétt, að þessi skýrsla komi hér fram.

Halldór E. Sigurðsson: Herra forseti. Út af skýringu þeirri, sem hv. 5. þm. Vesturl. gaf fyrir hönd Ríkisútvarpsins, vil ég leyfa mér að vekja athygli á þeim vinnubrögðum, sem fjármálastjóri Ríkisútvarpsins hefur í sambandi við afgreiðslu þessa máls.

Eins og hjá öðrum þeim, þar sem aths. voru gerðar, fékk hann í hendur aths. þær, sem yfirskoðunarmenn gerðu við reikningsfærsluna, og ég leyfi mér að þakka hv. fjhn. þessarar d. fyrir það, að hún hefur fallizt á þær og tekið undir þá afgreiðslu, sem óskað var eftir. En Ríkisútvarpið sá ekki ástæðu til að gefa skýringu þá, sem hv. 5. þm. Vesturl. er láunn gefa nú. Það var eðlilegt, eins og beðið var um, að Ríkisútvarpið léti í té útskýringu, ef einhver sérstök ástæða var fyrir þessari reikningsfærslu Ríkisútvarpsins, og eftir því var óskað í þeim fsp., sem sendar voru til Ríkisútvarpsins. Það sá hins vegar ekki ástæðu til þess að gera það, heldur sneri út úr aths. og svaraði á þá leið, að hér væri um hrapallegan misskilning að ræða, og það væri þess vegna ekki hægt að gefa svör við fsp. Ég vil taka undir það, að eftir því var leitað, hvort nokkur sérstök ástæða væri til þess, að svo var með farið. Það var hins vegar ekki skýrt, þó að það sé að koma fram nú. Hins vegar vil ég enn á ný undirstrika það, að það er gróft í farið og brot á öllum

venjulegum reglum að taka þannig á máli að afskrifa 75—80% af því, sem útistandandi var, eins og Ríkisútvarpið gerði í þessi tilfelli.

Ef lesinn er reikningur Ríkisútvarpsins sjálfs, þá er þar sett upp afskrifað, en ekki fært til fyrningarsjóðs, enda er fyrningarsjóðurinn ekki talinn til eigna á reikningum Ríkisútvarpsins. Þess vegna er ég að undirstrika það, að meðferð málsins af hendi Ríkisútvarpsins er mjög skrýtin og hlýtur að vera í einhverjum ákveðnum tilgangi gerð. Það hefði verið eðlilegra að gefa þær skýringar, sem á vissan hátt gátu skýrt málið, eins og þá, að svo og svo mikið hefði verið útistandandi vegna þess, að aukaútsending hefði verið á innheimtunni. Það var enginn hlutur eðlilegri en að skilja það, og hefði verið tillit til þess tekið. Til þess sá Ríkisútvarpið ekki ástæðu, heldur svaraði fsp. að verulegu leyti út af, og þess vegna verður það að gefa núna út aukaskýringar á máli sínu. Ég vona, að Ríkisútvarpið eða fjármálastjóri þess sjái ástæðu til að breyta þessum vinnubrögðum, og endurtek það, sem áður hefur komið fram og hv. d. hefur tekið undir með afgreiðslu ríkisreikningsins við 2. umr., að þessi vinnubrögð eru óeðlileg og óvenjuleg og þeim verður að breyta.

Benedikt Gröndal: Herra forseti. Það er misskilningur hjá hv. þm., að ég hafi verið látinn flytja einhverjar skýringar, því að eftir 1. umr. málsins óskaði ég eftir grg. sem formaður útvarpsráðs, enda þótt fjárhagsmálin heyri nú ekki beint undir útvarpsráð. En mér er annt um stofnunina og ég vil sem þm. reyna að gæta orðstírs hennar hér. Ég harma það mjög, ef afgreiðsla á þessu máli hefur ekki verið á viðunandi hátt af útvarpsins hendi til yfirskoðunarmanna ríkisreiknings, og ég er sannfærður um, að það hlýtur að stafa af einhverjum misskilningi. Þó vil ég benda á það, að einmitt á þessu tímabili, undanförnum missirum, hafa verið mannaskipti á æðstu stöðum, og kann það að eiga einhvern þátt í því. Ég vil vona, að það komi ekki fyrir aftur, að yfirskoðunarmenn fái ekki umyrðalaust allar þær skýringar, sem um er beðið.

Hins vegar gerðu yfirskoðunarmenn eina aths., sem ekki er umdeild hér á þessu stigi núna, sem var á þá lund, að þeir virtust hafa skilið reikninga svo, að það væri verið að gefa útvarpsnotendum eftir skuldir sínar í stórum stíl. Þetta leiðrétti útvarpið. Þarna var um veigamikinn misskilning að ræða, svo ég hygg, að ef útvarpið hefur notað orðið misskilning, þá hafi það fyrst og fremst átt við um það atriði. Það er ekki verið að velja úr einhverja skulduga útvarpsnotendur og gefa þeim eftir, heldur er verið að reyna að haga þessu reikningshaldi þannig, að það gefi sem sannasta og réttasta mynd af raunverulegum hag stofnunarinnar. Það, sem hér er deilt um, er, hvort það hefði átt að hafa í bókum stofnunarinnar sem eign yfir 4 millj. kr. í óinnheimtum afnotagjöldum frá 1967. Í árslok 1968 hefur það komið í ljós, að þessi tala stendur enn óinnheimt. M. ö. o.: á bókhaldið að vera þannig, að bókhaldið sé að burðast með tölur, sem það veit af reynslu og eflaust allir vita að eru háðar þessum annmörkum? Að þessu leyti er útvarpsgjaldið mjög sérstætt, því þegar einhver borgari hér kaupir hljóðvarps- eða sjónvarpstæki af einhverri verzlun, þá er hann þegar skráður og þá fær hann reikning. Það geta verið ýmsar ástæður, eins og t. d. að menn eru fljótir að kaupa sér sjónvarpstæki, en endurvarpsstöðvarnar, sem ná til þeirra, koma kannske ekki fyrr en löngu seinna. Við eigum við að stríða mörg hundruð notendur, ef ekki þúsundir, sem þannig er ástatt um núna, en þeir fara óhjákvæmilega inn í bókhald Ríkisútvarpsins sem nýir notendur, þó að skýringarnar á því, hvers vegna þeir geta ekki orðið greiðendur strax, komi ekki fyrr en löngu seinna.

Ég vil vona, að það takist í framtíðinni það gott samstarf á milli yfirskoðunarmanna og Ríkisútvarpsins að það verði hægt að leiðrétta allan misskilning og það verði unnið að því að koma þessu reikningshaldi þannig fyrir, að það geri stofnuninni og ríkinu sem mest gagn með þessu og gefi sem sannasta og réttasta mynd af því, hvernig fjárhag stofnunarinnar raunverulega er hagað.

Halldór E. Sigurðsson: Herra forseti. Ég skal ekki fara að þreyta hér umr. um þetta, en vil þakka hv. 5. þm. Vesturl. fyrir að hafa gengizt í það að fá þessar upplýsingar, sem ég hélt nú, að Ríkisútvarpið hefði átt frumkvæðið að, því að frá mínum bæjardyrum séð þá skýrir það málið verulega, að þarna var um sérstaka innheimtu að ræða. Hins vegar útskýrir það ekki, hvers vegna þurfti að ganga eins langt og raunverulega var gert, sem ég álít að hafi verið allt of mikið, að afskrifa 12% af ársinnheimtunni er allt of mikið frá mínum bæjardyrum séð. Ég vil svo taka undir það, að ég tel æskilegast að þarna sé eðlilegt og gott samstarf á milli og það komi fram í skýringu, sem misskilningi geti valdið og ég lít svo á, að miðað við eðlilega álagningu, sem ég hélt að væri nú yfirleitt með útvarpsgjaldið, séu þessar eftirstöðvar innheimtu of miklar. Við erum að deila á ríkissjóð, sem innheimtir þó yfir 90% af sinni ársálagningu, og það er þess vegna of mikið, þegar útvarpið innheimtir ekki nema kannske rúmlega 80%. Það verður að koma eðlileg skýring á því, hvers vegna svo mikið skortir á.

Frsm. minni hl. (Skúli Guðmundsson): Herra forseti. Ein af athugasemdum yfirskoðunarmanna við ríkisreikninginn var um 200 millj., sem innheimtumenn víðs vegar um land voru búnir að innheimta fyrir ríkissjóðinn, en áttu eftir að skila af sér til eigenda fjárins í árslok 1967. Um þetta var nokkuð rætt við 2. umr. frv. Ég hélt því þá fram, að ríkissjóður ætti að opna viðskiptareikninga fyrir sig í bönkum og sparisjóðum, þar sem innheimtumennirnir eiga heima, og það ætti að láta þá leggja inn á þessa reikninga ríkissjóðs jafnóðum það, sem þeir innheimta fyrir hann. Hæstv. fjmrh. sagði, að reikningarnir í bönkum og sparisjóðum væru á vegum embættanna, en ekki ríkissjóðs, og taldi það ekki skipta máli. Ég hélt því hins vegar fram, að þetta gæti skipt máli. Nú er það vitað mál, að af þessu fé, sem geymt er í bönkum og sparisjóðum, eru greiddir vextir, og ég vil spyrja hæstv. fjmrh. um það, hvort sýslumennirnir hafi skilað til ríkissjóðs vöxtum, sem þeir hafa fengið greidda frá bönkum og sparisjóðum af því fé, sem þeir hafa geymt þar, sem er eign ríkissjóðs? Ég vil spyrja hann um það, hvort þeir hafi skilað til ríkissjóðs vöxtum af þessu fé hans?

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Þessari spurningu er mjög einfalt að svara. Að sjálfsögðu hafa embættismennirnir skilað vöxtum, vegna þess að þeir hafa enga heimild til þess að eigna sér vexti af þessu fé, það er ekki þeirra fé, það er fé embættanna, og þess vegna skiptir það ekki öllu máli, hvort það er á nafni ríkissjóðs eða viðkomandi embættis. Ég tel, að það væri óeðlilegt með öllu, að ríkissjóður væri með reikninga, sem tilteknir embættismenn hefðu svo öll ráð yfir, heldur eigi það að vera á ábyrgð viðkomandi embættismanns. Það eru ákveðin fyrirmæli um það, að allir slíkir reikningar skuli vera á nafni embættanna, en ekki einkareikningum viðkomandi innheimtumanna, og vitanlega ganga allir slíkir vextir til ríkissjóðs.

Frsm. minni hl. (Skúli Guðmundsson): Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðh. fyrir þetta svar. En ég sný ekki til baka með það, að ég tel að ríkissjóður ætti að hafa þessa reikninga, og hann ætti að hafa ráð yfir þessum reikningum, en ekki embættismennirnir. Fjmrh. ætti að hafa ráð á þessum reikningum, því að þá gæti hann gefið út ávísanir á þá jafnóðum og þar myndast innistæður og notað þá peninga til þarfa ríkissjóðs strax, þegar þeir eru komnir inn í þessa banka og sparisjóði. Hitt tel ég mjög óeðlilegt, að þetta sé á vegum embættanna, sem hann nefnir svo, en það er þá sama sem á vegum sýslumannanna. Ég tel, að þetta sé óeðlilegt og það eigi að breyta þessu.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Ég veit, að hv. þm. er mjög vel kunnugur bankamálum, og ég las eftir hann grein á sínum tíma. Að vísu var hann nú ekki mjög hrifinn af þeirri starfsemi, sem upp er tekin í bönkum og hversu flókið það er og vélrænt allt saman, en ég veit þó, að hann veit nægilega mikið um bankamál til þess að vita, að það er auðvitað ekki hægt að ávísa á reikninga, sem aðrir eiga. Sýslumennirnir verða auðvitað að hafa sinn eigin viðskiptareikning, það verður ekki fram hjá því komizt. Það yrði þá um tvo reikninga að ræða í viðkomandi banka, reikning, sem sýslumaðurinn hefði og ávísaði þá á sjálfur, og síðan reikning ríkissjóðs, sem hann legði inn á. Mér finnst sannast sagna, að úr þessu yrði næsta skringilegt fyrirbrigði og mundi á engan hátt verða til þess að lagfæra þann vanda, sem hér er um að ræða, síður en svo. Ég held því, að það hafi enga þýðingu að vera að deila um þetta atriði. Þetta leysir ekki vandann. Við erum sammála hv. þm. og ég um það, að það þurfi að sjá til þess, að þessir peningar komi til ríkisins sem skjótast, en þetta er ekki úrræði í þá átt. Það þarf allt aðrar ráðstafanir til þess.

Frsm. minni hl. (Skúli Guðmundsson): Herra forseti. Ég vil vekja athygli á því, að embætti sýslumanna hafa með fleira að gera en mál ríkissjóðs og innheimtu á fé til ríkissjóðs. Sýslumenn hafa líka yfirstjórn sýslusjóða, og þeir geyma fé, sem er eign sýslusjóðanna, og er það nú rétt að grauta þessu öllu saman og setja þetta allt á bankareikninga, sem kallað er að séu á vegum embættanna? Hvernig fara þeir þá að því að greina í sundur vexti af því fé, sem ríkissjóður á og sýslusjóðirnir eiga?

Það er miklu einfaldara að vera ekkert að blanda þessu saman. Ríkissjóður á að hafa reikninga á þessum stöðum, í þessum bönkum og sjóðum, og þangað eiga sýslumenn að leggja inn, í reikninga ríkissjóðs, jafnóðum allt, sem þeir innheimta fyrir ríkið, og það er fjmrh., sem á að geta ávísað á það fé, en ekki sýslumennirnir. Þeir eru búnir að skila því af sér um leið og þeir eru búnir að borga inn á þessa ríkisreikninga, svo það kemur bara ekki þessu máli við, þó að þeir hafi aðra reikninga í bönkum, þar sem fé sýslusjóða er eða annað, sem þeir hafa með höndum, sem ekki kemur ríkinu við. Þetta er hið eina rétta í þessu máli, hitt getur leitt til ófarnaðar að grauta þessu öllu saman, og það á ekki við. Þess vegna vil ég skora enn á hæstv. ráðh. að breyta þessu og stofna svona reikninga fyrir ríkissjóð í bönkum og sparisjóðum, þar sem sýslumennirnir eiga heima og fyrirskipa þeim að greiða þar inn jafnóðum allt, sem þeir innheimta fyrir ríkið.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 88. fundi í Nd., 5. maí, var fram haldið 3. umr. um frv.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 22 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 85. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 86. fundi í Ed., 6. maí, var frv. tekið til 1. umr.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Frv. þetta til samþykktar á ríkisreikningnum fyrir árið 1967 er samið með hliðsjón af ríkisreikningnum sjálfum, sem fylgir frv. sem fskj., og hafa yfirskoðunarmenn Alþ. gert aths. við reikninginn í ýmsum liðum, sem þar eru prentaðar með, sömuleiðis svör rn. við þeim aths. og að lokum úrskurðir yfirskoðunarmanna.

Ég sé ekki ástæðu til þess að fara í einstökum atriðum, eftir því, sem tilefni gefst til, að rekja aths. yfirskoðunarmanna. Ég sé heldur ekki ástæðu til þess að fara að ræða sérstaklega afkomu ríkissjóðs 1967 vegna þess, að við fjárlagaumr. gerði ég mjög rækilega grein fyrir afkomu ríkissjóðs það ár, og skýrði ástæður hinna ýmsu liða eftir því, sem tilefni gafst til, bæði umframgreiðslur og umframtekjur. Eins og hv. þm. sjá af úrskurðum yfirskoðunarmanna, eru allmargar úrskurðartill. þeirra viðurkenning á því, að svör, sem gefin hafa verið af rn., séu fullnægjandi til útskýringar á aths. Aðrar aths. eru þess eðlis, að þær eru til athugunar framvegis, og gefur það ekki heldur sérstakt tilefni til umr., en hins vegar er rétt að víkja að tveimur aths., sem vísað er til aðgerða Alþ. Að vísu er það mjög erfitt að gera sér grein fyrir því, hvernig Alþ. á með að fara, þegar slíkum till. er vísað til aðgerða Alþ. Það hefur stöku sinnum komið fyrir í sambandi við meðferð ríkisreiknings, að þetta hefur verið gert, og sannast sagna lítið út úr því komið, nema hvað það hefur gefið tilefni til umr., og það getur haft sitt gildi, að það gefist tækifæri til þess að ræða þessar sérstöku aths. Í raun og veru er hvorug þessara aths. veigamikil. En þó er rétt að fara um þær örfáum orðum.

Fyrri aths., sem vísað er til aðgerða Alþ., snertir Ríkisútvarpið og er í rauninni eingöngu bókhaldslegs eðlis. Yfirskoðunarmenn finna að því, að það séu færðar til afskrifta óinnheimtar tekjur af afnotagjöldum, en síðan komi þær að vísu til tekna að svo miklu leyti, sem þær innheimtast síðar. Þetta telja yfirskoðunarmenn, að leiði til þess, að það sýni lakari hag útvarpsins en efni standi til og geti orðið þess valdandi að kröfugerð útvarpsins um afnotagjöld byggist á röngum forsendum. Ég held ekki, að það sé nein ástæða til að halda, að svo sé vegna þess, að ákvarðanir um afnotagjöld útvarpsins eru miðaðar við áætlanir, sem hverju sinni eru gerðar um tekjur þess og gjöld á yfirstandandi rekstrarári, og er þá að sjálfsögðu áætlað, að inn komi meginhluti þeirra afnotagjalda, sem á eru lögð. Hitt er annað mál, að ég tel sjálfsagt og ég lýsti því yfir í hv. Nd., að þetta mál verði tekið til athugunar, og þeim tilmælum mun verða beint til Ríkisútvarpsins, að farið verði eftir ábendingum yfirskoðunarmanna varðandi uppsetningu reiknings útvarpsins að þessu leyti. Hér er hins vegar tvímælalaust ekki um að ræða neinar misfellur, heldur, eins og ég segi, ágreining um bókhaldslega uppsetningu á reikningi útvarpsins.

Hin aðfinnslan, sem má segja, að sé kannske meira efnislegs eðlis, er um það, að á árinu 1966 fór fram ítarleg athugun á afkomu Skipaútgerðar ríkisins. Rekstrarhalli hennar hafði vaxið geysilega, þannig að fjmrn. og samgmrn. þótti einsýnt, að það yrði að grípa til sérstakra ráðstafana til þess að reyna að rétta við hag þessa fyrirtækis. Nú ætla ég hér ekki að fara að rekja það mál út af fyrir sig né deila á neinn hátt á þann mann, sem er forstjóri þess fyrirtækis, en það þótti hins vegar augljóst, að það yrði að gera sérstakar ráðstafanir til þess að fá þarna fram lagfæringar og skipulagsbreytingar. Niðurstaðan varð því sú, að til álita kom að setja þar annan forstjóra í bili a. m. k., en í stað þess voru settir tveir fulltrúar, annar tilnefndur af fjmrn. og hinn af samgmrn. til þess að vera við hlið forstjórans, þar til endanleg skipan yrði gerð á þessu máli. Vegna þeirra geysimiklu starfa, sem þessir menn hlutu að verða að gegna, þar sem þeir voru í rauninni nokkurs konar aðstoðarforstjórar, þá var svo ákveðið af samgmrh., að skoðuðu því máli og með samþykki fjmrh. þá, að hvor þessara manna skyldi taka hálf forstjóralaun, á meðan jafnmikil vinna og hér var um að ræða í þessu starfi stóð fyrir dyrum. Þetta var hins vegar aldrei hugsað nema til bráðabirgða og varð heldur ekki svo.

Hins vegar var þetta gert á árinu 1967 og yfirskoðunarmenn finna að því og telja, að ekki hafi verið haldnir nema tiltölulega fáir fundir í þessari stjórnarnefnd, og því sé þessi greiðsla óhæfileg. Fundirnir eru ekkert raunhæft mat á því, hvað þessir menn störfuðu. Það má telja álitamál, hvort það á að greiða svona háa upphæð eða ekki, það skal ég ekkert um segja. Það er alveg rétt hjá yfirskoðunarmönnum, að miðað við, að hér sé um nm. að ræða, þá er þetta óeðlilega há greiðsla. Ég tel hins vegar ekki, miðað við þann afrakstur, sem hefur orðið af þessari endurskipulagningu, að hér hafi verið um óhæfilegar fjárráðstafanir að ræða. Þessu máli hafði verið kippt í lag og úrskurðuð venjuleg þóknun til handa þessum stjórnarnm., þegar aths. yfirskoðunarmanna voru til meðferðar, en hafði láðst í svari til yfirskoðunarmanna að gera grein fyrir því, þannig að það er eðlilegt, að yfirskoðunarmenn gagnrýni það í sinni aths. og vísi því til aðgerða Alþ. En þessum mönnum hefur nú, eftir að breyting hefur aftur orðið á þeirra starfi, verið úrskurðuð almenn og venjuleg þóknun í samræmi við þær reglur, sem fjmrn. fylgir í því efni.

Ég vil jafnframt taka það fram, að það er misskilningur, sem fram kemur, að það hafi verið reynt að fela á nokkurn hátt þessar greiðslur, sem hér er um að ræða. Það hefur með einhverjum hætti farið á milli mála, og síður en svo verið reynt að fela það, enda kemur þetta greinilega fram í reikningum Skipaútgerðarinnar. Ég er ekki að þakka þessum mönnum endilega það allt, sem gerzt hefur þarna til góðs. Ég efast ekkert um, að forstjóri útgerðarinnar hefur þar lagt sig fram líka, en ég vil aðeins til fróðleiks benda á það, sem má gjarnan koma fram, að eftir að þessi skipulagsbreyting er gerð, hefur orðið um að ræða mjög verulega lagfæringu á rekstri fyrirtækisins, og halli þess hefur minnkað mjög verulega, þó að um aukinn tilkostnað hafi verið að ræða.

Að öðru leyti skal ég ekki ræða um Skipaútgerð ríkisins. Það gefst alltaf tækifæri til að gera það. En eina ástæðan til þess, að ég ræði þetta hér er af því, að þessu máli er vísað til aðgerða Alþ., en hvað sem menn kunna að hafa haft um það að segja á sínum tíma, hvort þóknun þessara manna hafi verið of há eða ekki, þá er það sem sagt staðreynd málsins, sem ég vil láta koma hér fram, að stjórnarnm. fá nú mjög hófsamlega þóknun fyrir sín störf í stjórnarnefndinni, enda eru þau störf miklum mun minni en upphaflega var á árinu 1967.

Í þriðja lagi vil ég aðeins að því víkja, vegna þess að það var mikið um það rætt í hv. Nd., að skil innheimtumanna um áramót væru ekki sem skyldi, og það tekið fram, að útistandandi hafi verið af innheimtufé 200 millj. kr. í árslok 1967 og talið mjög vítavert, að þetta skuli hafa átt sér stað. Ég tel einnig rétt, að fram komi á þessu skýring.

Það er ekki svo, að 200 millj. hafi legið í kassa hjá innheimtumönnum. Það er lögð á það rík áherzla í fjmrn. allan desembermánuð að innheimta hverja þá kr., sem hægt er að innheimta frá innheimtumönnum og öðrum, enda gefur auga leið, að fyrir fjmrh., sem slíkan, er það að sjálfsögðu mikið áhugamál að fá inn sem mest af ríkistekjum. En ástæðan til þess, að þessi upphæð er tilgreind svo há sem þessi tala ber vitni um, er af þrennum ástæðum.

Í fyrsta lagi er það, að sýslumenn eiga að borga út ýmsar greiðslur, sem ekki er komin endanlega skilagrein um frá viðkomandi rn. um áramót, og er talið, að í þetta sinn hafi það numið milli 30—40 millj. kr., sem var ekki eðlilegt af þessum ástæðum, að væri skilað, þar sem í flestum tilfellum hafa sýslumennirnir lagt þetta út, en ekki fengið því ávísað aftur til endurgreiðslu frá viðkomandi rn.

Í annan stað er alltaf töluvert síðasta dag ársins, sem innheimtist. Ég vil nefna það t. d. hér í Reykjavík, að 31. des. s. l. innheimtist eftir hádegi, eftir að lokað var bönkum, milli 7—8 millj. kr., sem gersamlega var útilokað að bókfæra inn sem tekjur hjá ríkissjóði þann dag og kom því ekki inn fyrr en 1. janúar, en var hins vegar

bókað innheimt hjá Gjaldheimtunni. Þannig geta verið allmargar millj. kr. samtals hjá hinum ýmsu embættum. En það, sem þó veldur mestu um þessar upphæðir, er, að innheimtumennirnir hafa, — ja, ég vil segja því miður, miðað við þær reglur, sem um þær eiga að gilda og ekki sízt, sem gilda eftir að nú eru komin ný lög um ríkisbókhald og ríkisreikning, — haft þann hátt á að hafa opið nokkra daga fram yfir áramót til þess að reyna að innheimta sem allra mest og fært það síðan sem innheimt fé 31. des. í stað þess að færa það í eftirstöðvum. Þetta nemur mjög verulegum fjárhæðum. Meginhlutinn af þessum upphæðum kom hins vegar inn snemma á árinu og ég tel rétt, að það komi hér fram, að í janúarmánuði 1968 voru strax greiddar inn af þessu fé 45 millj., í febrúar 1968 65 millj., í marz 1968 48 millj. eða meginhlutinn af öllu því fé, sem hér var um að ræða, og var endanlega frá þessu gengið, þegar áramótaskilagreinir embættanna bárust.

Ég er hins vegar sammála þeim mönnum, sem þetta hafa gagnrýnt. Ég er sammála yfirskoðunarmönnum ríkisreiknings, að það þurfi að leggja á það áherzlu, að innheimtan fari ekki fram fyrstu daga í janúar eða febrúar, heldur fari hún fram fyrir áramót og þessum fjármunum sé skilað í ríkissjóð. Á það mun verða lögð ríkasta áherzla. Bæði hefur verið sent til embættismannanna og þeim margsinnis skrifað og fundir haldnir með þeim til þess að leggja áherzlu á þetta atriði, og það mun tvímælalaust verða lögð öll áherzla á að kippa þessu í lag. Ég taldi hins vegar miðað við þær umr., sem fram hafa farið um þetta mál, að þá væri rétt, að þær upplýsingar kæmu fram, að hér er ekki um neina fjármálaóreiðu að ræða, heldur hinar tilteknu málsástæður, sem ég gat hér um.

Ég leyfi mér svo, herra forseti, að leggja til, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. fjhn.

Ólafur Jóhannesson: Herra forseti. Ég skal á þessu stigi ekki hafa mörg orð um þetta mál, sem hér er til umr., ríkisreikninginn 1967. Eins og hæstv. fjmrh. gat um, hafa yfirskoðunarmenn reikningsins gert við hann nokkrar aths., og að fengnum svörum ráðh. gert till. til Alþ. um það, hvernig málið skuli afgreitt. Ég held, að það sé misskilningur hjá hæstv. fjmrh., og reyndar veit ég, að það er ekki misskilningur, heldur nánast ónákvæmt orðalag, þegar hann talaði í því sambandi um úrskurð yfirskoðunarmanna. En hér er auðvitað ekki um það að ræða, að þeir úrskurði eitt eða neitt í þessu sambandi, heldur gera þeir aðeins till. um það, hvernig með málin skuli farið á Alþ., en Alþ. er á allan hátt óbundið af þeim till., sem yfirskoðunarmenn ríkisins gera í þessu efni.

Sú n., sem fær málið til meðferðar hér, athugar það að sjálfsögðu sjálfstætt, hvort hún telur þau svör, sem ráðh. kann að hafa gefið við hverri aths. fullnægjandi eða ekki, alveg án tillits til þess, hvað yfirskoðunarmenn reikninganna hafa um það talið. Þetta mál er þannig vaxið, að það er náttúrlega eðlilegt, að það sé um það fjallað fyrst og fremst í n., sem fær það til meðferðar og þar séu fengnar þær upplýsingar, sem þurfa þykir og síðan fari svo fram þær umr. um málið hér á þinginu í heyranda hljóði, sem ástæða þykir til.

En ég vil þó á þessu stigi fyrst og fremst gera eina aths., og það er sú aths., sem mér finnst langalvarlegust af aths. yfirskoðunarmanna, þó að þeir reyndar, að því er virðist, sætti sig við svar rn., en hún er um ríkisendurskoðunina og hvernig henni er háttað.

Eins og fram kemur í 20. aths. yfirskoðunarmanna og upplýst er samkv. svari ríkisendurskoðunarinnar sjálfrar, þá á eftir að endurskoða mjög mikið af þeim reikningum, sem liggja til grundvallar þessum ríkisreikningi, sem hér er upp gerður og lagður fram. Það er mjög skilmerkilega gerð grein fyrir því einmitt í svari frá ríkisendurskoðuninni, að þannig sé þessu háttað. Þar er birt yfirlit um reikninga ríkisstofnana, embætta o. fl., sem ekki hafi verið endurskoðaðir fyrir árið 1967 og sumir einnig frá eldri árum, og þetta eru hvorki meira né minna en 25 stofnanir eða embætti, sem mér telst til, að séu þarna óendurskoðaðar af ríkisendurskoðunarinnar hálfu fyrir árið 1967 og jafnvel sum frá eldri árum. Þessi fyrirtæki, sem þarna er um að tefla, eru auðvitað misjafnlega mikilvæg, en sum hver þó óneitanlega mjög þýðingarmikil. Jafnframt kemur það fram, að í þeim innheimtuembættum, sem um er að tefla, þ. e. a. s. í embættum sýslumanna, bæjarfógeta og lögreglustjóra utan Reykjavíkur sé endurskoðunin ekki komin lengra en svo, að það hafi verið lokið endurskoðun fyrir árið 1967 í aðeins 5 embættum. En að vísu sagt, að lokið sé endurskoðun í öllum embættum til ársloka 1966.

Ég held, að það liggi í augum uppi, að það er ákaflega óheppilegt, að endurskoðun ríkisendurskoðunarinnar sé svo löngu á eftir. Eitt af þeim boðorðum, sem yfirskoðunarmönnum ríkisreikninganna er gefið í 43. gr. stjórnarskrárinnar er það, að þeir eigi sérstaklega að gæta að því, að allar tekjur ríkisins séu innheimtar, en það liggur í augum uppi, að það er ekki á valdi sjálfra yfirskoðunarmannanna að framkvæma þá athugun persónulega. Þess vegna verður í framkvæmdinni að byggja á því, alveg eins og um hina tölulegu endurskoðun yfirleitt, að hún sé framkvæmd af ríkisendurskoðuninni. En það er hins vegar auðsætt, að þegar ríkisendurskoðunin hefur ekki endurskoðað þetta, þá hafa yfirskoðunarmennirnir í raun og veru ekkert að byggja á, og þá hefur þeirra verk að sjálfsögðu takmarkað gildi. Ég held, að það verk, sem svona er unnið, sé ekki líklegt til þess að bera mikinn árangur. Ég held einnig, að í sambandi við þessi reikningsskil og þær aths., sem hér er um að ræða, sé það langsamlega alvarlegasta aths., að það fer ekki fram endurskoðun hjá hinum einstöku fyrirtækjum og embættum af hálfu ríkisendurskoðunarinnar fyrr en löngu eftir á og ekki fyrr en búið er að loka ríkisreikningum og leggja þá fram og samþykkja á Alþ. Þetta er auðvitað mjög óviðkunnanlegt og alveg óviðunandi. Þetta er auðvitað engum ljósara en ríkisendurskoðuninni sjálfri, og þess vegna kemur einmitt fram í hennar aths. eða svari við aths. það, að hún er mjög óánægð yfir því, að ekki skuli hafa tekizt að gera hér betur, og hún bendir á ástæður sínar fyrir því. Ég vil leyfa mér, með leyfi hæstv. forseta, að benda á það alveg sérstaklega, sem ríkisendurskoðunin segir um þetta atriði, en hún segir m. a.

„Hér verður að geta þess, að forstöðumönnum ríkisendurskoðunarinnar er vel ljóst, hve óheppilegt er, að

ekki skuli vera hægt að ljúka meiru af endurskoðuninni á viðunandi hátt en raun ber vitni, en ástæðan til þessa er að langmestu leyti skortur á starfskröftum. Þá hefur ekki tekizt að fá fyrir þau kjör, sem ríkisendurskoðunin getur boðið. Þetta hefur launasamninganefndinni verið gert ljóst fyrir töluverðu á annað ár síðan, og raunar hefur henni verið bent á það fyrr." Síðan segir: „Meðan svona stendur er ekki hægt að ljúka þeim störfum, sem ríkisendurskoðuninni er ætlað að ljúka, á sæmilegan hátt, hvað þá á þann hátt, sem æskilegt væri."

Ég verð að segja það, að þetta er harður dómur. Það er ástæða til að staldra við í tilefni af þessum upplýsingum, sem koma frá ríkisendurskoðuninni, og velta fyrir sér, hvort það sé ekki kostandi til eitthvað meiru til þess að fá þessum málum kippt í lag. Því ef þau eiga að vera með þessum hætti, sem verið hefur, þá sýnist mér, að takmarkað gagn muni vera að, og það er alveg augljóst, að þá getur ríkisendurskoðunin ekki veitt stofnunum og embættum það aðhald, sem hún á að gera og nauðsynlegt er, að hún geri. Ég held, að þetta sé atriði, sem hv. n., sem fær ríkisreikninginn til meðferðar, eigi alveg sérstaklega að taka til athugunar. Þessi athugasemd og það, sem ábótavant er að því leyti, þykir mér í sjálfu sér enn varhugaverðara en ýmsar þær einstöku athugasemdir, sem hér koma fram varðandi einstök embætti og stofnanir.

Ég vil þó aðeins, út af því sem hæstv. ráðh. vék hér að, geta um þær eftirstöðvar, sem standa inni hjá sýslumönnum og innheimtumönnum öðrum um áramót, þ. e. sem taldar eru greiddar inn til þeirra, en ekki innkomnar í ríkissjóð. Mér virtust þær skýringar, sem hæstv. ráðh. gaf þar á, ekki vera fullnægjandi. Þær skýrðu að vísu nokkuð og eru eðlileg skýring, svo langt sem þær ná, en hins vegar eru þær ekki skýring á því hversu óeðlilega það dregst hjá tilteknum embættum að skila þessu að því er virðist og að því er sagt er í þessum aths. Satt að segja finnst mér það svo ótrúlegt, sem þar stendur um það efni, að ég á eiginlega bágt með að trúa því. (**Fjmrh.:** Vildirðu gjöra svo vel og endurtaka þetta.) Já, ég sagði, að það hefðu komið fram skýringar af hálfu fjmrh. á því, hvernig stendur á þessum eftirstöðvum, og þær skýra að vísu nokkuð, en eru þó ekki fullnægjandi að mínum dómi, og sérstaklega ekki að því leyti til, að það er talið, að það hafi dregizt svo óeðlilega lengi hjá einstökum embættum að skila innheimtufénu. Það hefur dregizt svo óeðlilega lengi, að ég sagði, að ég ætti eiginlega bágt með að trúa því, að þetta væri rétt.

Það vill nú svo til, að það hefur einn sýslumaður við mig talað í þessu sambandi. Hann vildi nú telja, að hann hefði skilað mun fyrr en sagt er þarna í þessum aths. Ég veit ekki, hvort þetta getur farið eitthvað milli mála í bókhaldi eða einhverjum millifærslum, en ef þetta er rétt, að þessu sé ekki skilað fyrr en þarna stendur, þá vantar náttúrlega skýringu á því, hvernig á því stendur, að þeir halda þessu svona lengi hjá sér. Hitt getur auðvitað verið, og það þekkir maður, að það sé tekið á móti einhverjum greiðslum frá þessum embættismönnum í janúar eða a. m. k. næstu daga frá áramótum, sem þeir færa greiddar fyrir áramót. Það er kannske ekki rétt, en afsakanlegt, en hins vegar finnst manni þá, að það fé ætti að koma til skila tiltölulega fljótt.

Það er hér gerð sérstök aths. við eitt embætti, embætti húsameistara ríkisins, og það sem þar er gerð athugasemd við m. a. eru bifreiðastyrkir, þeir taldir óhæfilega miklir, leigubifreiðar jafnframt meiri en góðu hófi gegnir og bifreiðastyrkir þessir jafnvel veittir, að mér skilst, án þess að samráð hafi verið haft um það við fjmrn. eða viðkomandi rn. Ég skal nú ekkert segja um það, hvernig þessu er háttað hjá þessu embætti, ég hef ekki aðstöðu til þess að dæma þar um, en þó hvarflar að mér, að hv. yfirskoðunarmenn hafi ekki ráðizt í þessu efni á garðinn, þar sem hann var hæstur.

Ég held, að bifreiðakostnaðurinn hjá hinu opinbera sé mjög varhugaverður og óeðlilegur, og ég og ýmsir fleiri hafa gagnrýnt það, að ýmsum embættismönnum er fengin til afnota ókeypis bifreið og aðrir starfsmenn margir hverjir fá bifreiðastyrki. Þetta allt virðist gert af fullkomnu handahófi. Það má segja, að þetta, sem þarna er bent á í sambandi við þetta eina embætti, sé ekki nema spegilmynd af því, sem títt er í þessum efnum, að því er mér virðist. Satt að segja hafði ég haldið í minni fáfræði, að bifreiðakostnaðurinn hjá hinu opinbera væri einna varhugaverðastur hjá stjórnarráðinu sjálfu, og það hefði verið kannske allra mesta ástæðan fyrir yfirskoðunarmenn að gera aths. við það, því það er alkunnugt, að ráðh. hafa bíl og sumir ráðh. hafa bílstjóra að auki. Ég hygg, að ýmsir starfsmenn rn., æðri og kannske lægri, hafi ýmist bifreiðar eða bifreiðastyrki. Ég vil einmitt í tilefni af þessari aths. sem hefur verið gerð þarna varðandi þessa bifreiðastyrki hjá þessu eina embætti spyrja hæstv. ráðh., hvort honum hafi nokkuð miðað við það að setja almennar reglur um þetta efni. En hæstv. ráðh. hefur látið þau orð falla í öðru sambandi, þegar mál þessi hafa verið rædd, að hann hafi skipað n. til þess að fjalla um þetta mál, og mér hefur skilizt, að frá þeirri n. eða ráðh. væri að vænta setningar almennra reglna um þetta efni, um bifreiðar í opinberri eigu og notkun þeirra og um það, hvaða opinberir starfsmenn eigi að fá bifreiðastyrk. Ég held, að það sé alveg óviðunandi, að um þetta efni séu ekki fastar reglur. Ef það eru ekki fastar reglur um það, þá verður handahóf á þessu og mismunandi hættir tíðkast þá í þessum efnum hjá hinum ýmsu embættum, og jafnvel gert upp á milli manna með þessum hætti. Þessu þarf að kippa í lag og sú aths., sem hér hefur verið gerð varðandi þetta eina embætti, minnir á þá nauðsyn, sem á því er að setja fastar og almennar reglur um þetta. Ég verð að segja það, að það væri nú ólíkt verðugra viðfangsefni fyrir hæstv. fjmrh. — og reyndar þykist ég vita, að honum mundi finnast það skemmtilegra viðfangsefni — en vera í stríði við hina lægra launuðu ríkisstarfsmenn út af nokkrum vísitölustigum. Ég held nefnilega, að í sambandi við þessi bifreiðamál hins opinbera eigi sér stað mikil óþrif, svo að ekki sé sterkara að orði kveðið, og þetta, sem þarna er flett upp á, sé aðeins dæmi af því, sem víðast muni vera hægt að finna, kannske sérstaklega athyglisvert dæmi, um það skal ég ekki fullyrða, en áreiðanlega er víðar pottur brotinn í þessu efni.

Ég vildi aðeins láta þessi orð falla um þessa aths. til

þess að gefa fjmrh. tækifæri til þess að upplýsa, hvernig þessi bifreiðamál almennt eru á vegi stödd. Að öðru leyti mun ég ekki ræða um þessar aths., sem gerðar eru þarna við ríkisreikninginn, en legg áherzlu á það, eins og ég áðan sagði, að þarna er að lokum aðeins um till. yfirskoðunarmanna til Alþ. að ræða, en sú n., sem málið fær til meðferðar, framkvæmir auðvitað á því sjálfstæða athugun alveg án tillits til þessara till. yfirskoðunarmanna og getur gert sínar till. um það, ef hún telur ástæðu til. Ég tel málið þannig vaxið, eins og ég sagði í upphafi, að það sé eðlilegast, að sú gaumgæfilega athugun, sem á þessu fer fram, fari fram í fjhn., sem fær málið til meðferðar. Að allra síðustu undirstrika ég það, sem var tilefnið til þess að ég stóð upp, en það er að vekja athygli á, hversu ríkisendurskoðuninni er ábótavant að þessu leyti. Henni er ekki ábótavant að því leyti, að hún er góð, það sem hún nær, en henni er ábótavant að því leyti, að hún hefur ekki framkvæmt nema að nokkru leyti það verk, sem hún átti að framkvæma og hefði átt að vera búin að framkvæma, þegar þetta mál er lagt fyrir Alþ. til meðferðar, og hún á að vera búin að framkvæma, þegar yfirskoðunarmenn vinna sitt verk, því þeir verða að byggja á þeirri athugun, sem framkvæmd er af ríkisendurskoðuninni. Ef þeir hafa ekki þann grundvöll fyrir sínu starfi, þá verður engan veginn það gagn af þessari athugun þeirra, sem skyldi og þá geta þeir naumast veitt það aðhald, sem ætlazt er til.

Þetta er ekkert hégómamál, því það er einmitt lögð sérstök áherzla á þetta í sjálfri stjórnarskránni, og það má segja, að það sé heldur þýðingarlítið að vera að eyða hér ákaflega löngum tíma í það að samþykkja og afgreiða fjárl., gera áætlun þannig fyrir fram með ítarlegum hætti og kostnaðarsömum vinnubrögðum, ef það er ekki svo hægt að fylgjast með því á eftir með æskilegum og skilmerkilegum hætti, að þeirri áætlun, sem gerð var fyrir fram, hafi verið fylgt. Það er auðvitað það, sem er hlutverk yfirskoðunarmanna fyrst og fremst. Það er að gæta þess, að innheimtar hafi verið allar ríkistekjur, að farið hafi verið eftir lögum og lagaheimildum um útgjöld öll og gætt hafi verið ítrasta sparnaðar í meðferð fjár. En þetta geta þeir aldrei fyllilega gert, nema þeir hafi við að styðjast þá endurskoðun, sem hlýtur að vera framkvæmd af þeirri föstu endurskoðunarskrifstofu, sem þannig á að starfa að þessu, en starf yfirskoðunarmannanna hefur alltaf verið aukastarf. Það er ekki hægt að segja, að það þyrfti endilega að vera það, það mætti gera breytingu á því, en það hefur alltaf til þessa verið algjört aukastarf.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Ég skal nú ekki lengja þessar umr. mikið. Ég bið hv. 3. þm. Norðurl. v. afsökunar á því, ef ég hef notað ónákvæmt orðalag um till. yfirskoðunarmanna ríkisreiknings og talað um úrskurði þeirra. Ég held, að við höfum báðir rétt fyrir okkur í því efni. Það hefur alltaf verið litið svo á, að aths. yfirskoðunarmanna við svörum rn. væru úrskurðir af þeirra hálfu. Með því er að sjálfsögðu ekki sagt, að þeir séu að úrskurða fyrir Alþ., heldur eru þeir að úrskurða samkvæmt sínum eigin skoðunum um það, hvað viðhlítandi sé, og þess vegna eru þeir með ákveðnar ábendingar, annaðhvort tala þeir um, að þetta sé fullnægjandi svar eða þá að það sé ekki fullnægjandi og því beri að haga þessu með þessum eða öðrum tilteknum hætti, en hins vegar hefur mér auðvitað aldrei hugkvæmzt að halda því fram, að aths. þeirra væru þess eðlis, að Alþ. væri ekki yfir þær sett og kvæði að lokum upp sinn endanlega hæstaréttardóm, ef svo má segja, um þessa úrskurði.

Það sem hv. 3. þm. Norðurl. v. gerði aðalathugasemdir sínar við var, hvað hægt miðaði hinni umboðslegu endurskoðun ríkisreiknings, og þess vegna væri í rauninni ekki hægt að fá það öryggi, sem yfirskoðunarmenn þyrftu að hafa aðstöðu til að geta veitt með endurskoðun sinni. Ég held nú ekki, að það út af fyrir sig hafi nein áhrif á yfirendurskoðunina, þó að allir reikningar séu ekki tilbúnir, af þeirri einföldu ástæðu, að þeir auðvitað fá þá reikninga til meðferðar strax og þeir hafa verið endurskoðaðir, og það er hægt að koma við aths. við þá reikninga í næsta reikningi, ef yfirskoðunarmönnum sýnist svo, þannig að það skapast ekkert öryggisleysi af þeirri ástæðu. Hitt er annað mál, að ég er hv. þm. algjörlega sammála um það, að æskilegast væri, að reikningsskil öll væru endurskoðuð í lok næsta árs, áður en ríkisreikningur er lagður fram, þ. e. a. s. endurskoðun væri lokið að fullu, þegar reikningurinn er til meðferðar hér á Alþ. Hitt veit ég, að allir hv. þdm. vita, að þetta hefur aldrei gerzt, og þetta hefur verið með miklu lakari hætti, og var hér áður fyrr, en það er nú og hefur verið um margra ára bil. Ríkisreikningur er þó lagður fyrir Alþ. ári eftir að honum er lokið nú, en áður beið þetta stundum ein tvö til þrjú ár, og var þó ekki alltaf lokið endurskoðun hinna einstöku reikninga. Ég er ekki með þessu að deila á einn eða neinn, heldur aðeins að segja frá staðreynd um málið. Á undanförnum árum hefur starfsemi ríkisendurskoðunar verið efld mjög verulega. Hitt er allt annað mál, og það er rétt, að ríkisendurskoðunin hefur ekki fengið nægilegt starfslið til þess að sinna þessu verkefni, og það má segja að hér, sem í mörgum greinum ríkiskerfisins, sé sýnd íhaldssemi, og kannske á þessu sviði og fleirum of mikil íhaldssemi, með því að reyna að þvinga þetta takmarkaða starfslið til að leysa verkefni af hendi, sem það í rauninni kemst ekki yfir að leysa af hendi. Hv. þm. las hér upp úr svörum ríkisendurskoðunarinnar. Hann las hins vegar ekki eina klausu úr því svari, sem þannig hljóðar, með leyfi hæstv. forseta:

„Fjmrh. er kunnugt um þessa klemmu, sem ríkisendurskoðunin er í," þ. e. a. s. varðandi það að ráða hæfa starfsmenn, „og hann mun vera að reyna að leysa málið í sambandi við starfsmat það, sem staðið hefur yfir, en rótgróinn misskilningur á því, hvaða hæfni endurskoðendur og eftirlitsmenn í ríkisendurskoðuninni þurfi að hafa til þess að störf þeirra komi að nokkrum notum, mun lengi hafa villt þeim sýn, sem endanlega ákvörðun hafa haft um flokkun ríkisstarfsmanna í launaflokka."

Það, sem ríkisendurskoðandi hefur sem sagt lagt áherzlu á, er ekki það að fá heilan hóp af starfsmönnum, það telur hann ekki að leysi endilega þá erfiðleika, sem við er að glíma, hann hefur lagt áherzlu á að fá meira af lærðum endurskoðendum. Það er ekki hægt að fá þessa menn miðað við þau launakjör, sem úrskurðuð eru starfsmönnum stjórnardeildanna, og þetta er mikið vandamál og á ekki eingöngu við hér, heldur í fleiri

greinum í ríkiskerfinu. Ég get tekið sem dæmi t. d. aðra stofnun, sem er embætti ríkisskattstjóra og þá fyrst og fremst skattarannsóknirnar, þar sem óumflýjanlegt er að hafa lærða endurskoðendur. Það hefur orðið að ráða menn með ýmsum hætti, en það er hið sama við að glíma og ríkisendurskoðandi bendir á, vanur endurskoðandi getur afkastað helmingi meira verki en óvant fólk, sem ekki kann sín verk, og því er þetta ekki eins einfalt og menn vilja vera láta. Það er hins vegar rétt, sem ríkisendurskoðandi segir, að við höfum sameiginlega verið að athuga það að undanförnu í samráði við launamálanefnd ríkisins, hvaða hugsanlegar leiðir er hægt að finna til að launa betur endurskoðendur, án þess að það skapi stór vandræði í stjórnarráðinu yfir höfuð, þannig að hér er ekki um neinn illvilja eða slóðahátt að ræða, heldur erfiðleika á að leysa visst vandamál.

Hvað sem öllu þessu líður, sem ég er hv. þm. algjörlega sammála um að þarf að leggja kapp á að koma í lag, þá vil ég vekja athygli á því, sem er í niðurlagi á svörum ríkisendurskoðunar, en þar segir svo, að endurskoðun á tekjum hjá innheimtumönnum ríkissjóðs sé mun betur á veg komin nú en undanfarin ár. Enn fremur er sagt um tollendurskoðunina, að með sameiginlegu átaki ríkisendurskoðunarinnar og fjmrn. hafi innheimta aðflutningsgjalda færzt í fastari skorður og eftirstöðvar minnkað mjög, þannig að sem betur fer sé nú svo komið, að tollvanskil mega heita algjör undantekning.

Um vanskil einstakra sýslumanna, sem hv. þm. vék að, þá er það ósköp eðlilegt að það skapi tortryggni, og kannske ómaklega tortryggni. Hann minntist á einn sýslumann t. d., mér er að vísu ekki nákvæmlega ljóst hvaða sýslumann hann á við, en ég vék samt að einum sýslumanni, sem er sýslumaðurinn í Húnavatnssýslu, sem er talað um, að hafi ekki skilað fyrr en komið var langt fram á ár. En þetta er ekki hans sök, heldur alveg eins sök rn., vegna þess að ástæðan til þess að hann hafði ekki skilað, – þetta var tiltölulega lítið fé, um 2–3 millj. kr., sem stafaði af greiðslum, sem hann hafði innt af hendi fyrir ýmis rn. vegna endurgreiðslu, sem menn í hans umdæmi áttu rétt á samkv. l. að fá í sambandi við ýmsa hluti, – þessum endurgreiðslum frá rn. eða uppgjöri þeirra hafði seinkað, svo að það var í rauninni frekar þess sök, og fyrst og fremst þess sök, en ekki embættismannsins, að hann hafði ekki getað gert þetta upp. Þetta tel ég sjálfsagt, að komi hér fram. En eins og ég gat um áðan, þá endurgreiddist þrjá fyrstu mánuði ársins meginhlutinn af öllu því fé, sem útistandandi var hjá sýslumönnunum í árslok og stafaði af þeim ástæðum, sem ég vék að áðan, að þeir höfðu lagt áherzlu á sem sagt að halda opnu, syndgað upp á náðina, ef svo má segja, dálítið fram yfir áramót til þess að geta komið inn meiri skilum og geta sýnt minni eftirstöðvar, sem að sjálfsögðu er ekki í samræmi við þær ströngu bókhaldsreglur, sem við viljum láta fylgja.

Varðandi embætti húsameistara skal ég ekki ræða neitt hér. Það er vikið að því í aths. og svörum rn. í því efni, og það verður lögð áherzla á að kippa í lag því, sem þar hefur farið aflaga. Ég er alls ekki að fullyrða að þar hafi ýmislegt verið verra en kannske er einhvers staðar annars staðar, en mér er þó ekki kunnugt um, að það hafi komið upp á þessu tímabili viðtækari fjármálaóreiða hjá einu embætti, og er þar að sjálfsögðu um meira en bílastyrki að ræða. Hverjum það er að kenna skal ég heldur ekkert um segja. Það er efni, sem verður tekið til fullkominnar rannsóknar og því framfylgt, að því verði öllu kippt í lag, eins og að sjálfsögðu ber að gera, og þó eitthvað annað kunni að fara aflaga, þá breytir það nú ekki því, að það sé kannske einnig rétt að vekja athygli á þessu, enda hafa yfirskoðunarmenn ríkisreiknings gert það.

Mér er hins vegar mjög ljúft að svara því, sem hv. þm. minntist á um bílastyrkina, og ég get svarað honum því, að ég er ekki ánægður með, að því hefur ekki þokað meira áleiðis en raun ber vitni um. Ég skýrði hér frá því síðast, þegar við áttum orðræður um þetta, en það eru allmargir mánuðir síðan, að mig minnir, að það hefði verið gert uppkast að ákveðnum till. um þetta sem hefðu verið afhentar fjvn. til nánari athugunar. Fjvn. hefur tilnefnt sérstaka undirnefnd til þess að rannsaka þetta mál og vera hagsýslustjóra og fjmrh. til ráðuneytis um ýmis sparnaðar- og endurskipulagningarmál, en niðurstaða hefur ekki enn þá fengizt í þessu bifreiðastyrkjamáli. Ég get þó sagt, að það er mjög langt komið að meta bifreiðastyrki allra þeirra, sem bifreiðastyrki eiga að hafa, þannig að það má segja, að það sé búið að fullnægja reglum varðandi flest eða öll rn. Það hefur þótt hagkvæmt og verður ekki hjá því komizt að greiða svo og svo mikla bifreiðastyrki, það má auðvitað alltaf um það deila, eins og annað, en það hefur þó verið reynt að meta það raunhæft og setja um það fastar reglur. Þá hef ég einnig gefið fyrirmæli um það að hefja undirbúning að merkingu allra ríkisbifreiða, og það mál er nú í athugun. Þar á ég við þær bifreiðar, sem ríkið á, og ætlazt er til, að séu eingöngu notaðar sem vinnubifreiðar, og alls ekki heimilt að starfsmenn ríkisins noti til eigin þarfa. Þá er eftir þriðji liðurinn, sem eru hinar svokölluðu forstjórabifreiðar, sem eru 50—60 talsins og er að minni hyggju, og ég veit, að það er einnig skoðun hv. þm., mesta vandamálið í þessu efni, hvernig með eigi að fara. Og það er þetta atriði, sem ég tel að sé brýn nauðsyn að setja um fastar reglur. Mér er það fullkomlega ljóst, að það eru ýmsir, sem hafa bifreiðar, sem ættu síður að hafa þær en aðrir, sem ekki hafa slík hlunnindi. Hins vegar veit ég, að öllum er ljóst, að hér er um stór hlunnindi að ræða, sem hafa tíðkazt í mörgum embættum um langan tíma, og ýmsir embættismenn hafa jafnvel tekið embætti, svo að vitað sé, vegna þess að slík hlunnindi hafa fylgt þeim. Hér er því ekki um einfalt mál að ræða. Það er núna í athugun, hvaða embættismenn aðrir ættu þá eðlilega rétt á að fá slíka styrki, ef þessu yrði öllu breytt í bifreiðastyrki, því að það verður þá einnig að skoðast þannig, að málið liggi fyrir í heild.

Það má vafalaust saka mig um slappleika í því, þá ekki síður en mína fyrirrennara um áratugabil, að hafa ekki komið þessu í lag. Ég er ekki að koma neinni sök yfir á hendur minna góðu vina í fjvn. og undirnefndum hennar, þó að ég segi, að það hafi ekki komið endanleg till. frá þeim um þetta mál, en ég held, að allt þetta og þeir mörgu aðilar, sem hér hafa komið nærri og það menn úr öllum flokkum, sýni það ljóslega, að hér er um

töluvert erfitt vandamál að ræða, ekki vandamál, sem á að gefast upp fyrir, það er ég hv. þm. sammála um, en er þess eðlis, að það er ekki einfalt til úrlausnar. Á þessu stigi get ég ekki sagt annað en það, að það mun verða lögð áherzla á að láta þetta mál ekki gufa upp, heldur reyna að fá um það endanlega niðurstöðu, hvað sem mönnum kann svo að lokum að þykja um þá niðurstöðu, hvort hún sé sanngjörn og réttmæt eða ekki.

Jón Árm. Héðinsson: Herra forseti. Ég vil leggja hér nokkur orð í belg, einkum vegna orða hæstv. ráðh. nú í lokin, þar sem hann ræddi um bílastyrkina og merkingu á bifreiðum ríkisins. Í vetur var ég með fsp. í Sþ. um þessi mál, og þá lýsti hæstv. ráðh. yfir, að hann mundi halda áfram að vinna að þessum málum, og ég vil þakka honum fyrir það, sem hann var að segja hér áðan, því að hér mun áreiðanlega hafa verið stigið mikið skref fram á við varðandi það að koma fastri skipan á þessi mál með því að merkja bílana. Stærsta vandamálið til úrlausnar, eins og hann drap á, er kannske þessi hópur, sem flokkast undir forstjórabifreiðar, að meta það rétt og ganga frá því máli. Það er ekkert óeðlilegt, að það gangi nokkuð seinna með það, en þetta er sannarlega mikið skref fram á við miðað við það, sem var. Það kom fram í svari ráðh. bæði í vetur og mig minnir í fyrra, að um þetta hefur verið mikil ringulreið og menn hafi leikið nokkuð lausum hala með þessa bíla og enginn veit, hver á þessar bifreiðar, því að þær eru yfirleitt ekki merktar, nema hjá Pósti og síma man ég eftir og kannske einhverjum fleiri stofnunum. Sem heild hafa merkingar verið á mjög lágu stigi. Það er því ástæða til að fagna því, að það heldur áfram í áttina að leysa þetta viðkvæma mál. Ég vil líka taka undir orð 3. þm. Norðurl. v. um það, að hér þarf að halda áfram, og ég veit það og vona, að það verði gert.

Það mætti spyrja um ýmislegt fleira varðandi afgreiðslu á ríkisreikningnum. Það mætti spyrja um yfirvinnu í ríkisstofnunum, vegna þess að við sjáum á nokkrum stöðum, að yfirvinna er veruleg, og það fylgir þessu ekki nein sérstök skýring. Það má spyrja: Var eitthvert sérstakt álag, voru veikindaforföll, eða hvað orsakar yfirvinnu sumra ríkisstofnana upp á hundruð þúsunda eða jafnvel hærri tölur?

Það mætti líka spyrja um utanfarir manna og ýmislegt fleira, það er hérna listi um óviss útgjöld í sambandi við n. og þess háttar. Allt þetta þyrfti raunverulega að liggja fyrir, a. m. k. að einhverju leyti, samandregið, þannig að menn gætu séð, hvað þessar tölur næmu miklu hjá viðkomandi stofnunum og gert á þessu samanburð frá ári til árs.

Maður heyrir sagt að sumar stofnanir hafi mikla yfirvinnu og aðrar minni yfirvinnu. Nú þegar mikill hluti manna, sem koma frá skólakerfinu fá ekki atvinnu, kemur sú spurning fram, hvort nauðsyn sé, að svo mikil yfirvinna eigi sér stað í stofnunum, eða hvort það væri hægt að skipuleggja þetta þannig betur, að einhverjir fengju atvinnu og yfirvinna minnkaði. Hér er um mikið vandamál að ræða, sem við fáum litlar upplýsingar um. En ég vildi vekja athygli á því, að yfirvinna er mjög misjöfn hjá ríkisstofnunum, og um þetta þyrfti að koma nokkur greinargerð. Eins er utanfararkostnaður allverulegur hjá sumum stofnunum og væri ekki óeðlilegt að fá um það yfirlit fyrir árið 1967 til samanburðar, svo að kæmi fram síðar meir, hvernig þessi kostnaður væri. Ég vil nú ekki lengja umr. um það, vildi vekja athygli á þessum þáttum.

Að lokum fyrir forvitni sakir: Það kemur hér fram, að greiðsluábyrgð ríkissjóðs 1967, greitt vegna ríkisábyrgðar, varð alls 112 milljónir nettó. Liggur fyrir varðandi árið 1968 einhver breyting til batnaðar eða er þetta alltaf hálfgert vandræðabarn, eins og verið hefur? Maður sér nú, að sumir hafa greitt nokkuð vel, en aðrir ekki, hvernig er þessi hreyfing? Hér eiga nú hlut að máli fjöldamörg útgerðarfyrirtæki, og væri ekki úr vegi að fá að vita um, hvort von er í einhverju til baka eða hvort þetta afskrifast með tímanum?

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Hv. 5. landsk. þm. hefur hér vikið að nokkrum atriðum. Það eru þrjú atriði, held ég, sem hann gerði að umtalsefni: 1) yfirvinnugreiðslur, 2) utanfarir, 3) vanskil Ríkisábyrgðasjóðs.

Ég verð því miður að hryggja hann varðandi Ríkisábyrgðasjóð, að útgjöld hans hafa orðið miklum mun hærri á árinu 1968 en á árinu 1967. Þau eru sannast sagna óhugnanleg. Ég hef nú vonazt til og getur verið, að það verði auðið að koma því við að útbýta til hv. þm., áður en þinginu lýkur, reikningsyfirliti Ríkisábyrgðasjóðs fyrir árið 1968. Það er tilbúið. Það hafa fallið á ríkið greiðslur, sem sannast sagna eru með þeim hætti, að við það verður ekki unað. Það hefur ekkert gerzt umfram það, að sjálfsögðu, sem lagaheimildir hafa verið fyrir, ríkisábyrgðir, sem Alþ. hefur samþ. og ekkert um það að segja, ekkert athugavert við það, en þetta á kannske ekki hvað sízt rætur sínar að rekja til mjög slæmrar afkomu atvinnuveganna á árinu 1968, sem hefur valdið hér ýmsu. Þeir, sem jafnvel hafa alltaf staðið í skilum, hafa þar orðið vanskilamenn.

Ég hef gert grein fyrir því undanfarin ár, að vanskil á ríkisábyrgð minnkuðu mjög verulega á árunum 1965 og 1966. Var þá hagur atvinnuveganna góður, og útgjöld ríkissjóðs vegna ríkisábyrgðar minnkuðu mjög. Þau hafa aftur vaxið 1967, eins og hv. þm. sagði, og 1968 vaxið enn þá að miklum mun. Þar eru vissar stórar fjárhæðir, sem ég skal ekki fara út í hér, en eru mikið áhyggjuefni. Ég er hv. þm. sammála um, að hér er um mikið alvörumál að ræða, þegar kannske falla á ríkið 70, 80 og upp í 100 millj. kr. umfram allar áætlanir fjárlaga í sambandi við þetta. Það gefur okkur þess vegna mynd af því, sem ég hef oft tekið fram, en menn ekki alltaf kannske hugsað sem skyldi út í, að það er ekki einfalt mál að veita ríkisábyrgð. Það getur haft í för með sér stórfellda hættu. Hins vegar hefur það þó oft verið gert til að greiða fyrir ýmsum framfaramálum, og er ekkert við því að segja. En vonir okkar eru nú þær, að með batnandi hag útgerðarfyrirtækja t. d. takist að ná meiru inn af vanskilum á ríkisábyrgðum en ella væri. Mér er það ljóst, að þarna er um mjög mismunandi greiðslur að ræða, sem ég ætla ekki að fara út í hér, en sem sagt, ég verð því miður að segja, að hagurinn hefur að þessu leyti versnað mjög á árinu 1968.

Varðandi utanfarir, þá er það auðvitað alltaf mikið álitamál, hvað á að leyfa af utanförum. Ég hef sagt frá

því í fjárlagaræðu ár eftir ár, síðan ég tók við störfum, að ég hafi lagt á það áherzlu, og ég hef gert það hverju sinni og skrifað rn. um það, að setja allan þann hemil sem auðið væri á utanferðir. Það er mikil pressa á utanferðir, það er ekki eingöngu íslenzkt vandamál, heldur hjá öllum þjóðum, að embættismenn og ýmsir, sem eru í alls konar alþjóðlegu samstarfi, vilja gjarnan fá að fara til útlanda. Auðvitað er það miklu tilfinnanlegra hjá okkur, sem erum lítil þjóð. Í mörgum tilfellum verðum við auðvitað að senda fulltrúa á alls konar fundi og til þátttöku í stofnunum, þar sem við höfum mikilla hagsmuna að gæta, en það mætti kannske þó hafa þetta með nokkru meiri hófsemd. Ég álít þó, að það hafi verið reynt nú allra síðustu 2 árin að halda þessu í algjöru lágmarki. Það hafa verið gerðar ýmsar ráðstafanir og beinlínis breytingar í útgjöldum ríkisins við utanfarir, sem hafa leitt til þess, að þarna hefur orðið um töluverðan samdrátt að ræða.

Varðandi yfirvinnuna, þá hefur verið reynt að fylgjast með því, og hagsýslustofnunin hefur gert margvíslegar athuganir á yfirvinnu í einstökum stofnunum. Það er um mjög mismunandi yfirvinnu að ræða, og í sumum stofnunum verður ekki hjá þessu komizt, það er margsannað og sýnt mál, að það verða ekki settir inn þar óvanir menn til þess að taka við í stað þeirra, sem þurfa að vinna yfirvinnuna. Ég get hins vegar fullvissað hv. þm. um það, að rn. hefur fullkomlega opin augu fyrir þessu vandamáli og hefur sannarlega ekki löngun til þess að greiða meiri yfirvinnu en þörf er á. En fram hjá yfirvinnu verður, eins og ég sagði, ekki komizt í fjöldamörgum tilfellum, og þær stofnanir, sem mesta yfirvinnu hafa haft, hafa verið teknar til sérstakrar meðferðar og athugunar í þessu sambandi. Í langflestum tilfellum hefur það reynzt svo, að þetta hefur verið mjög erfitt. Þarna þarf tvímælalaust að hafa aðhald vegna þess, að hættan er alltaf sú, að þegar yfirvinna tiðkast á annað borð, freistast menn til þess að vinna þá nokkrum klukkutímum lengur en ella og fá fyrir það kaup, þannig að mér er fullkomlega ljós nauðsyn þess að halda í hemilinn á þessum útgjöldum.

Þessar aths. hv. þm. eru því allar þess virði, að þeim sé fullkomlega gaumur gefinn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til fjhn. með 16 shlj. atkv.

Á 91. fundi í Ed., 12. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 496, n. 694 og 722).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. – Afbrigði leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Ólafur Björnsson): Herra forseti. Það er rétt, að ég árétti það aðeins, að ég er ekki frsm. fjhn., heldur meiri hl. fjhn. Það er þó ekki vegna þess, að ágreiningur hafi í sjálfu sér verið um það í n., eða meðal þeirra nm., sem viðstaddir voru, þegar málið var afgr., að samþ. beri frv., um það voru allir sammála, en tveir hv. nm. óskuðu þó að skila séráliti, að mér skilst til þess að koma þannig á framfæri vissum aths., sem þeir telja sig þurfa að gera við reikninginn. Í sjálfu sér væri það líka óeðlilegt, ef ágreiningur væri um það í hv. þd., að ekki bæri að samþ. ríkisreikninginn, því á hann ber að mínu áliti a. m. k. að líta sem skýrslu um niðurstöður ríkisreikninganna, svo að með samþykktinni er auðvitað í sjálfu sér ekki verið að taka afstöðu til réttmætis einstakra greiðslna, sem átt hafa sér stað úr ríkissjóði. Hins vegar, eins og fram kom í framsöguræðu hæstv. fjmrh. við 1. umr. málsins, voru það 2 atriði í ríkisreikningnum, sem endurskoðendur höfðu skotið til aðgerða Alþ., eins og það var orðað, en að mínu áliti gerði hæstv. fjmrh. fullnægjandi grein fyrir báðum þessum atriðum í framsögu sinni við 1. umr. Í samræmi við það leggur meiri hl. til, hæstv. forseti, að frv. verði samþ., eins og það liggur fyrir.

Frsm. minni hl. (Einar Ágústsson): Herra forseti. Eins og fram kom hjá hv. frsm. meiri hl., sem hér talaði áðan, höfum við tveir nm. úr fjhn. þessarar hv. d. samið sérstakt nál. um það mál, sem hér liggur fyrir, ríkisreikninginn fyrir árið 1967. Þessu nál. hefur enn ekki verið útbýtt, það barst ekki fyrr en í morgun til skrifstofunnar, og hefur ekki unnizt tími til að prenta álitið. Ég mun þess vegna leyfa mér að gera munnlega grein fyrir því í örfáum orðum.

Það er eins ástatt með mig og hv. 12. þm. Reykv., að ég tel, að l. samkvæmt eigi að leggja ríkisreikning fyrir til samþ. á Alþ., en að vísu sé hér mestmegnis um formsatriði að ræða og enginn hafi fyrirgert neinum rétti til þess að gera athugasemdir við reikninginn á síðara stigi. Sérstaklega lýtur þetta nú að því, sem ég mun koma aðeins að síðar, að ríkisendurskoðunin hefur ekki nærri því lokið endurskoðun á öllum reikningum stofnana. Þess vegna er það, eins og hér hefur verið frá skýrt, að enda þótt ég og hv. 3. þm. Vestf. höfum skilað sérstöku nál., þá leggjum við þó til, að reikningurinn verði samþ.

En það eru nokkur atriði, sem okkur langaði til að vekja athygli á, áður en reikningurinn fer héðan, og ég mun reyna að gera grein fyrir þeim atriðum í stuttu máli.

Í fyrsta lagi höfum við það almennt við þetta mál að athuga, að samkvæmt upplýsingum yfirskoðunarmanna ríkisreikningsins fyrir árið 1967 hefur þeim borizt skrá frá yfirendurskoðanda ríkisins yfir þá reikninga, sem enn hefur ekki unnizt tími til að endurskoða frá 1967 og sumir einnig frá eldri árum. Er hér um að ræða 24 ríkisstofnanir, sem þannig er ástatt um, og sumar þeirra áreiðanlega með mjög mikla veltu, og stórar fjárhæðir, sem þar er um fjallað. Í þessum hópi stofnana eru t. d. borgarfógeta- og borgardómaraskrifstofurnar, embættiskostnaður tollstjórans og tollgæzlan í Reykjavík. Allt hygg ég þetta vera nokkuð stóra liði. Kostnaður lögreglustjóraembættisins á Keflavíkurflugvelli er einnig óendurskoðaður 1967, sendiráðin 1967, Ríkisútvarpið 1967 og síðast en ekki síst í þessari upptalningu Vegagerð ríkisins 1966 og 1967, en eins og allir hv. þdm. vita, þá er fjármagnsvelta Vegagerðar ríkisins mjög mikil, og því áreiðanlega rík ástæða til þess, alveg án þess að neinar aðdróttanir séu hafðar í frammi, að ríkisendurskoðunin yfirfari þá reikninga.

Ég veit það að vísu, bæði af þeirri reynslu, sem ég hef

haft af því að fjalla um ríkisreikning í n. síðan ég kom á Alþ., sem ekki er nú langur tími, og auk þess af fyrri störfum, að hér er svo sem ekkert nýtt á ferðinni, og það er meira að segja gott, ef þetta yfirlit hefur ekki stundum verið lengra. Það mætti alveg segja mér, að svo hefði verið. Engu að síður álítum við, að hér ætti að breyta til og endurskoðun reikninganna ætti að fara fram jafnóðum og áður en ríkisreikningurinn er lagður fyrir Alþ. Ég veit, að hæstv. fjmrh. hefur áður svarað svipaðri aths., sem aðrir hafa gert við ríkisreikninginn að þessu sinni og fyrr og ber því við, sem vafalaust er rétt, að sérhæft starfslið endurskoðunardeildarinnar hafi ekki undan, það komist ekki yfir verkefnin. En mér þykir þó rétt að segja það sem mína skoðun, að ég teldi mjög æskilegt, að þessu yrði komið á réttan kjöl, og það er auðvitað ekkert minna verk að endurskoða þessa reikninga langt á eftir. Það væri í alla staði miklu heppilegra, ef hægt væri að koma því þannig fyrir, að hægt væri að gera það jafnóðum, en það kostar sjálfsagt nokkurt átak einu sinni, það skal ég viðurkenna. Mér þótti rétt og okkur, sem að nál. stöndum, að koma aths. um þetta á framfæri.

Þá hefur verið að því fundið hér við umr. í þessari d. og annars staðar, að samkvæmt upplýsingum ríkisendurskoðendanna eða yfirskoðunarmanna Alþ. við ríkisreikninginn, eru við áramótin 1967—1968 miklar fjárhæðir enn í vörzlu innheimtumanna, eða rúmar 200 millj. kr. Samkv. nýjum bókhaldslögum, sem samþ. voru hér á Alþ., að mig minnir í fyrra, þá er nú algjörlega óheimilt að hafa þessi vinnubrögð á. Við, sem stöndum að nál. minni hl., sáum ástæðu til þess að undirstrika það, að við væntum þess fastlega, að ekki verði framhald á svo slælegum skilum innheimtumanna. Það er, eins og ég sagði, samkv. bókhaldsl. bannað að halda reikningunum opnum fram yfir áramótin, en samkvæmt upplýsingum hæstv. fjmrh. er skýring þess, að svo miklar ríkistekjur væru óinnheimtar, sú, að innheimtumennirnir freistuðust til þess að laga til hjá sér með því að geyma að færa innborganir eða færa þær á fyrra ár, sem þýddi það, að þeir gátu að sjálfsögðu ekki verið búnir að skila þeim um áramótin, og það kemur þannig út í reikningnum, eins og þessi aths. nr. 2 hjá yfirskoðunarmönnum lítur út. Ég vænti þess og veit raunar, að nýjar reglur hljóta að verða teknar upp í þessu, annað væri brot á nýju bókhaldslögunum.

Þá vil ég aðeins minna á það, að yfirskoðunarmenn hafa að þessu sinni sett fram 20 aths. við ríkisreikninginn og þar af tvær, sem þeir vísa nú til aðgerða Alþ. En slík málsmeðferð er ekki algeng. Ég fullyrði ekki, að hér sé um einsdæmi að ræða á síðari árum, það fullyrði ég ekki, en þetta er fremur óalgeng málsmeðferð. Þessar tvær aths., sem svo þungt vega hjá yfirskoðunarmönnum, að þeir sjá ástæðu til þess að vísa þeim frá sér og afgreiða þær ekki sjálfir, heldur láta Alþ. fjalla um þær, eru í fyrsta lagi um bókhaldsfyrirkomulag hjá Ríkisútvarpinu, en um það atriði segja yfirskoðunarmenn, að þeir telji, að það bókhald, sem þar er viðhaft, skýri rangt frá eignum Ríkisútvarpsins og brjóti í bága við almennar reglur og höfuðstefnu ríkisreikningsins sjálfs. Hér eru allþungar ásakanir á ferðinni og ástæða til þess að vekja athygli á þeim. Nú hefur því verið yfirlýst, að þarna muni verða breytt til, og við, sem stöndum að minnihlutaálitinu, verðum að treysta því, að svo verði gert, og tökum undir það, sem fjhn. hv. Nd. setti fram um þetta atriði og hv. 12. þm. Reykv. vitnaði til áðan.

Hin athugasemdin, sem vísað er til meðferðar Alþ., lýtur að greiðslum til stjórnarnm. Skipaútgerðar ríkisins, en yfirskoðunarmenn telja þessar greiðslur þannig vaxnar, að engar hliðstæður eigi sér stað um launagreiðslur fyrir slík störf hjá ríkinu. Það er ástæða til að taka eftir þessu. Hér hefur verið greitt meira í laun fyrir störf en áður hefur átt sér stað; svo notað sé orðalag yfirskoðunarmanna. Hæstv. fjmrh. hefur við meðferð þessa máls hér á Alþ. upplýst það, sem menn raunar hafa nú séð annars staðar, að þessu fyrirkomulagi með tvo fjármálasérfræðinga við hlið forstjórans hefur verið breytt og eftir því, sem ég bezt veit, einn maður settur yfir fjármálin. Ég man nú ekki, hvað hann er kallaður, það skiptir heldur ekki máli, en þá má gera ráð fyrir því, að engar slíkar greiðslur eigi sér framvegis stað til stjórnarnm., þaðan af síður þá þannig greiðslur, að þær eigi sér enga stoð í launagreiðslum fyrir slík störf hjá ríkinu. Ég ætla ekkert að fara að fjölyrða um þetta hér, það er búið að ræða þetta talsvert og er augljóst, að þarna hefur verið ofborgað fyrir störf. Það er ástæða til þess að allir, sem þar eiga hlut að máli, gæti þess, að slíkar greiðslur komi ekki fyrir í framtíðinni.

Eins og ég segi hefur meiri hl. fjhn. Nd., og þar með Nd., sem samþ. reikninginn, afgreitt þessar aths. annars vegar með því að undirstrika, að reikningsgerð Ríkisútvarpsins verði breytt og að ríkisendurskoðunin sjái til þess, að eftir öðrum reglum verði farið, og hins vegar, að felld hafi verið niður þau störf, sem svo mjög voru ofborguð hjá Skipaútgerð. Ég sé því ekki ástæðu til þess að hafa um þetta fleiri orð.

Í fjórða lagi viljum við svo taka undir þær ábendingar, sem komið hafa fram hér í umr., m. a. hér í hv. d., um það, að það væri æskilegt, að ýmsir liðir ríkisreikningsins væru meira sundurliðaðir en nú er gert, til glöggvunar fyrir alla þá, sem reikninginn skoða. Ein aths. yfirskoðunarmanna lýtur einmitt að svipuðu atriði. Það er 6. aths., en þar segja yfirskoðunarmenn, að á árinu 1967 hafi kostnaður við störf nefnda samkv. ríkisreikningi orðið 5 millj. 31 þús. kr. á móti 3 millj. og 72 þús. kr. á fyrra ári. Þarna er um talsverða aukningu að ræða, það er, sýnist mér, svona fljótt á litið um 60—65% hækkun á þessum gjaldalið að ræða milli ára. Um þetta segja yfirskoðunarmenn, að venjulega sé tilgreint á fylgiskjali, hvaða menn hafi tekið þátt í störfum viðkomandi n. og þá tilgreind greiðsla til hvers fyrir sig. Hins vegar séu nokkur brögð að því, að greitt sé einum manni eða stofnun vegna n. án þess að gera frekari grein fyrir því, og um þetta eru nefnd nokkur dæmi.

Það er t. d. sagt, að skuttogaranefnd hafi verið greiddar 545 þús. fyrir störf sín á umræddu ári 1967. Í ríkisreikningnum eru ekki neinar upplýsingar um það, hverjir þessar greiðslur hafi fengið. Þetta er allt á nafni Davíðs Ólafssonar form. n., en ekki dettur mér í hug að ætla það, að honum einum hafi verið greidd þessi fjárhæð. En ríkisreikningurinn veitir ekki upplýsingar um annað.

Það segir enn fremur í yfirlitinu, að launamálanefnd hafi á þessu ári verið greiddar 453 þús. kr. Það er ekki

heldur hægt að sjá á ríkisreikningnum, hvaða menn hafi tekið þessi laun eða hvernig þau hafi skipzt. Þetta er allt á nafni Baldurs Möllers ráðuneytisstjóra, form. n.

Ég skal nefna þriðja dæmið. Það er byggingarkostnaðarnefnd. Hún hefur samtals fengið greiddar 324 þús. kr. á umræddu ári. Það er ekki hægt að sjá, hverjir hafa veitt þessum greiðslum viðtöku. Það er allt á nafni form. n., Haralds Ásgeirssonar. Það eru fleiri dæmi, sem yfirskoðunarmenn nefna um þessi mál, en ég skal láta þetta nægja, þetta eru stærstu dæmin.

Nú segir hér í ríkisreikningnum, að framvegis muni þetta verða meira sundurliðað, þar sem fjmrn. hafi beitt sér fyrir gerð sérstakra launamiða og að það muni sjá um samræmingu á þessum málum. Það er vel. Ég vona þá, að í næsta ríkisreikningi, sem lagður verður fyrir hv. Alþ. til staðfestingar, verði minna um slíka hulduliði, ef svo mætti segja, heldur en er í þessum reikningi.

Það kemur t. d. líka fram af ríkisreikningnum, þessum sem hér er til umr., að það hefur verið nokkuð algengt, a. m. k. hér áður fyrr, fyrir nokkrum árum, að starfsmenn ríkisstofnana hafi verið skuldugir þeim sömu stofnunum, það hafi farið fram lánsviðskipti milli stofnana og starfsmanna. Nokkrar aths. yfirskoðunarmanna lúta einmitt að þessu. Það segir t. d. í 15. aths. um Innkaupastofnun ríkisins: „Enn fremur viljum við undirstrika, að við teljum það fjarri öllu lagi, að lánsfjárviðskipti eigi sér stað við starfsmenn stofnunarinnar. Yfirskoðunarmenn ríkisreikningsins leggja áherzlu á það, að festa og reglusemi eigi sér stað í starfsemi stofnunarinnar." Þetta er viðar, þetta er í fleiri aths. Það er t. d. í 11. aths. um innheimtu hjá Vita- og hafnamálaskrifstofunni. Yfirskoðunarmenn ríkisreikningsins vilja sem fyrr vara við þeim viðskiptamáta og leggja áherzlu á það, að frá því verði horfið með öllu hjá þessari og öðrum ríkisstofnunum, að starfsfólk skuldi stofnuninni. Sams konar aths. er nr. 12 um Orkustofnun og nr. 13 um Flugmálastofnunina. Í svörum við þessum aths. er sagt, að þetta fyrirkomulag hafi verið afnumið, og ég vonast þá til þess, eins og ég sagði áðan, að í næsta ríkisreikningi verði ekki slíkar aths. að finna. Það væri vel, ef verið er að laga þarna til. En það sýnir bara, að svo seint sem 1967 a. m. k. hafa svona viðskipti átt sér stað.

Ég tek t. d. eftir því líka, að í 15. aths. varpa yfirskoðunarmenn fram þeirri spurningu, hvort fyrir liggi samþykki rn. fyrir bifreiðastyrkjum starfsmanna þessarar stofnunar. Þessu er svarað á þá lund, að á árinu 1967 hafi ekki legið fyrir sérstakt samþykki rn. fyrir bifreiðastyrkjum starfsmanna, en þeir hafi þá verið ákveðnir af forstjóra, en samþykkt rn. liggur fyrir í dag í grundvallaratriðum samhljóða því, sem forstjóri ákvarðaði 1967. Hér tel ég alveg farið aftan að siðunum. Það er ekki forstjóri Innkaupastofnunarinnar, sem á að ákveða það, hvaða bifreiðastyrki starfsmenn þar hafa, hann og aðrir, rn. að samþykkja. Það á að fara hina leiðina. Rn. á að ákveða það eða sú n., sem fjallar um þessa bifreiðastyrki, hvernig sem ákvarðanir um það koma út úr kerfinu. Innkaupastofnunin og aðrar ríkisstofnanir eiga að framkvæma það, sem fyrir þær er lagt í þessu.

Þó að ég hafi nefnt hér nokkur atriði, sem tekin eru upp úr ríkisreikningnum í sambandi við n. og bifreiðastyrki, þá eru vissulega miklu fleiri svipuð atriði, sem yfirskoðunarmenn hafa ekki gert aths. við, en ástæða væri til, að gerð væri nánari grein fyrir í ríkisreikningi. Ég tek alveg undir það, sem hér var sagt við 1. umr. — mig minnir að það væri hv. 5. landsk. þm., sem benti á það, — að æskilegt væri, að í þessum reikningi væru miklu nákvæmari upplýsingar en þar er að finna um slíkar greiðslur, greiðslur fyrir nefndarstörf, bifreiðastyrki, greiðslur fyrir aukavinnu og yfirvinnu og hvað það nú er, sem mönnum kann að detta í hug að óska upplýsinga um. Ég skal ekki, herra forseti, hafa þessi orð fleiri, ég vildi aðeins koma á framfæri nokkrum aths. um leið og við leggjum til, ég og hv. 3. þm. Vestf., að frv. um samþykkt ríkisreikningsins verði samþ.

Jón Árm. Héðinsson: Herra forseti. Það var raunverulega ekki aths., sem ég vildi gera við þessa afgreiðslu núna, heldur aðeins að beina þeim orðum til hæstv. fjmrh., að mér finnst eðlilegt, að Alþ. fengi miklu nánari skýrslur frá hinum einstöku ríkisfyrirtækjum. Okkur hafa verið sendar skýrslur frá vissum fyrirtækjum reglulega, en svo eru önnur fyrirtæki, sem skila engum skýrslum frá sér. Ég gæti talið hér upp nokkur fyrirtæki, en ég vil ekki fara út í þá sálma, svo að það valdi ekki sárindum. E. t. v. eru þessar skýrslur til, en þar er gerð miklu nánari grein fyrir ýmsum fjárhreyfingum innan fyrirtækjanna, sem væri eðlilegt a. m. k. að menn í fjhn. d. fengju. Ríkisfyrirtækin eru það mörg, að það er óhjákvæmilegt, að þau geri ársyfirlit og fjhn. sé sent slíkt yfirlit. Það er ekkert óeðlilegt að taka það upp og veita þeim meira aðhald í því efni. Þar eiga að koma fram vissir þættir í rekstri yfir árið. Við getum nefnt sem dæmi, að Áfengis- og tóbaksverzlun ríkisins ætti að senda okkur mjög greinargott yfirlit, og svo mætti telja upp ýmis fyrirtæki. Ég vildi beina þessari beiðni til hæstv. ráðh., að hann hlutaðist til um, að þm., eða a. m. k. nm. í fjhn. d. fengju slík yfirlit frá ríkisfyrirtækjum reglulega og að það slyppi ekkert fyrirtæki við það.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Út af fsp. hv. 5. landsk. þm., eða réttara sagt aths. um það, að ríkisfyrirtæki ættu almennt að senda Alþ. skýrslu um starfsemi sína, þá hef ég persónulega ekkert við það að athuga. En ósköp hræddur er ég um, að það kynni að verða æðimikið mað, sem yfir Alþ. kæmi, ef slíkt ætti að gerast. Nú veit ég að vísu ekki, hvort hann á við það, að allar stofnanir ættu að senda sína ársreikninga. Það eru náttúrlega fyrst og fremst þær skýrslur, sem gerðar eru, aðrar skýrslur eru yfirleitt ekki gerðar, nema þá skýrslur, sem stofnanir gera um einhver alveg viss verksvið, sem þær hafa. Það eru að vísu til stofnanir líka, sem gefa grg. til sinna rn., ekki endilega árlega, heldur ef það eru sérstök viðfangsefni, sem þau hafa með höndum, en þó að ég hafi ekkert á móti því, að þetta gerist með þessum hætti, held ég sannast sagna að menn geri sér ekki grein fyrir því, hvað þeir eru að kalla yfir sig, ef þeir ættu að fá ársreikninga allra ríkisstofnana í landinu hér á borðið hjá sér.

Hitt er allt annað mál, að það er auðvitað hægt að láta fjhn. d. í té allar þær upplýsingar, sem þær óska

eftir. En sannleikurinn er nú sá, að einmitt til þess að þurfa ekki að fá yfir sig slíkt allsherjarskýrsluflóð sem það hlyti að verða, hefur Alþ. sett yfirskoðunarmenn, sem einmitt eiga að fara í gegnum alla þessa ársreikninga og gera um þá sínar aths. Ég er ósköp hræddur um það, að ef fjhn. d. ætluðu sér að fara að fá slík plögg upp í hendurnar, þá ynnist þeim ekki mikill tími til annars yfir þingtímann en að fara í gegn um slíka pappíra. Það hygg ég, að hv. þm. mundi komast að raun um, ef hann færi upp í ríkisbókhald og fengi að sjá, hvers konar safn þar er af reikningum og grg., sem að sjálfsögðu berast frá stofnununum, þær stærstu eiga að senda það oftar en einu sinni á ári, og ég er hræddur um það, að með þeim takmarkaða tíma, sem hv. þm. og d. hafa til ráðstöfunar, yrði það ekki mikið, sem út úr þeirri könnun kæmi. Með þessu móti er ég ekkert að hafa á móti orðum hv. þm., það er síður en svo, ég er aðeins að benda á staðreynd, sem ég er hræddur um, að menn hafi ekki ihugað alveg til hlítar.

Ég hef sannast sagna ekkert að athuga við aths. hv. 11. þm. Reykv., sem talaði hér af mikilli sanngirni og hófsemd um ríkisreikninginn og þau vandamál, sem við hann eru tengd. Við gætum auðvitað haft langar umr. um ríkisreikninginn á hverju einasta ári. Þar er að fá yfirsýn yfir ríkisbúskapinn í heild og þó að það sé rétt, sem hv. frsm. meiri hl. fjhn. sagði, að það er ekki í rauninni um annað að ræða, og reyndar eins og n. öll hefur komizt að niðurstöðu um, en samþykkt ríkisreiknings hverju sinni, þá auðvitað hlýtur hann að vekja margvíslegar hugleiðingar, að því marki sem menn hafa yfirleitt áhuga á að setja sig inn í það flókna fyrirtæki, sem okkar ríkiskerfi er orðið, og það mætti undrum sæta, ef ekki kæmu fram svo og svo margar aths. Ég lít ekki á það sem neitt vantraust á fjmrh., þó að slíkt komi fram, heldur í rauninni aðeins jákvæðar ábendingar, þegar þær eru fram settar á þann hátt, sem hv. þm. gerði, sem sjálfsagt er að taka til athugunar og leiðrétta síðar meir, ef eitthvað af slíkum ábendingum er með þeim hætti, að þær gefi tilefni til breytinga á ríkjandi starfsháttum.

Sannleikurinn er auðvitað sá, að það er alltaf ótalmargt, sem þarf að lagfæra í ríkisrekstrinum. Það veit ég að þessi hv. þm. veit mætavel, hann er gamall starfsmaður í fjmrn., eins og ég á sínum tíma, og hefur kynnzt gerla þessum vandamálum. Það er fjarri mér að halda því fram, að þó að það hafi verið reynt að þoka mörgu áleiðis bæði í minni tíð, kannske ekkert frekar þá en áður, og af þeim mönnum, sem setið hafa í embætti fjmrh., þá er þróunin í þessum efnum svo ör, að það er alltaf ótalmargt, sem þarf að hafa auga með og gæti farið úrskeiðis, auk þess sem það er alltaf meira og minna, sem er nauðsynlegt að lagfæra og breyta.

Ég er hv. þm. algjörlega sammála um það, að endurskoðunin þyrfti að vera skjótvirkari, og ég vék að því hér við 1. umr. málsins. Það er auðvitað hægt að bæta við nokkrum endurskoðendum, en eins og ég sagði, þá er vandamálið ekki hvað sízt það, að við eigum í okkar launakerfi við ákaflega mikla erfiðleika að stríða, þar sem er að fá hæft fólk til þess að sinna þessari endurskoðun. Það mætti auðvitað vel hugsa sér það, til þess að kippa þessu í lag í eitt skipti, að við legðum í það nokkurt fé að semja við endurskoðunarskrifstofur um að aðstoða við þessa endurskoðun, og það er enda svo í ýmsum greinum, að það eru endurskoðunarskrifstofur úti í bæ, sem annast endurskoðun ýmissa fyrirtækja. Ríkisendurskoðandi hefur bent á, að hann þurfi að fá meira af þjálfuðu starfsliði, en hann geti ekki fengið það með núverandi launakerfi, þannig að hér er við nokkra erfiðleika að stríða. Ég held, að það sé þó engum efa bundið, að þetta hefur smáþokazt í rétta átt, og ég er alveg sammála hv. þm. um það, að eina viðhlítandi lausnin á málinu er ekki, að það þokist í áttina, heldur að það komist í það horf, að það sé búið að endurskoða reikningana, þegar þeir eru lagðir hér fyrir þingið. Hitt er annað mál, sem hv. þm. kom einnig inn á, að auðvitað útilokar það ekki neitt eftirlit yfirskoðunarmanna, því að þeir geta auðvitað tekið þá reikninga til meðferðar á næsta ári, sem ekki kann að hafa verið búið að endurskoða áður, þannig að það á ekki að þurfa að slaka neitt á eftirliti Alþ. að þessu leyti.

Það er hárrétt hjá hv. þm., að 200 millj. kr. talan, sem hér er sagt, að hafi verið í vörzlu innheimtumanna um áramót, er auðvitað óviðunandi tala, ef hún hefði verið í vörzlu innheimtumanna. En hann sagði það mjög réttilega, að vitanlega er það ekki nema tiltölulega lítill hluti af þessari upphæð, sem er í vörzlu innheimtumanna. Þeir hafa freistazt til þess að halda opnum reikningnum til þess að sýna fallegra bókhald hjá sér, ef svo má segja, um áramótin. Það er gengið í það fram til síðustu klukkustundar þann 31. des. að innheimta hvern eyri, sem hægt er, frá innheimtumönnum til þess að sýna betri afkomu, líka fyrir ríkissjóðinn sjálfan, ef hann hefur áhuga á því og hver fjmrh. að sýna sem bezta afkomu gagnvart Seðlabankanum. En hér hefur þetta gerzt, að menn hafa haldið opnum reikningum alveg fram í janúar og febrúar til þess að sýna ekki of miklar eftirstöðvar. Þetta verður að breytast og hlýtur að breytast nú eftir að ný l. eru komin, það er rétt hjá hv. þm.

Ég skal ekki ræða neitt sérstaklega þær tvær aths., sem vísað var til aðgerða Alþ. Ég hef áður lýst því yfir, að að sjálfsögðu verður breytt bókhaldi Ríkisútvarpsins í samræmi við þær kröfur, sem yfirskoðunarmenn telja að þurfi að vera. Hér er ekki um nein misferli að ræða heldur aðferð við uppsetningu á reikningi, sem yfirskoðunarmenn telja óeðlilega, og ég hygg að ríkisendurskoðunin sé þeim sammála um það, þannig að því verður að sjálfsögðu breytt. Um stjórnarnefnd Skipaútgerðarinnar er ég ekki alveg sammála hv. yfirskoðunarmönnum vegna þess, að hér var ekki um venjulega stjórnarnefnd að ræða. Ég gat um það við 1. umr., að það hefði verið ákveðið af ríkisstj. að setja þarna a. m. k. til bráðabirgða annan forstjóra til þess að gera heildarendurskoðun á þessu fyrirtæki með það í huga að reyna að draga úr hinum stórkostlega vaxandi útgjöldum þess. Í stað þess að ráða sérstakan mann var þessu starfi skipt milli tveggja manna, og voru þeir hvor úr sínu rn. Það er ekki rétt hjá hv. yfirskoðunarmönnum, að það sé einsdæmi, vegna þess að það kemur oft fyrir, þegar um er að ræða slíkt starf, sem má teljast heilt starf, að það sé borgað þannig að hluta til, og menn fái jafnvel hálf laun fyrir að gegna því að hálfu leyti. Það má benda á ýmis dæmi. Það skiptir ekki miklu máli í því sambandi.

Menn geta um þetta deilt. Þetta er úr sögunni. Stjórnarnefndin er að vísu enn þá til, vegna þess að henni hefur ekki verið breytt, en hún fær þóknun sem venjuleg stjórnarnefnd, sem er, að ég hygg, hverfandi lítil þóknun. Hún hefur verið úrskurðuð af fjmrn. í samræmi við þóknun til annarra n., en sérstöku samræmi hefur nú verið á það komið, eins og hefur áður verið skýrt frá. Það eru sérstakir trúnaðarmenn í fjmrn., sem úrskurða þóknanir til allra n. ríkisins til þess að sjá um, að samræmi sé í þeim greiðslum. Hins vegar er það svo með fjármálaforstjórann, að hann er til kominn ekki eingöngu til að taka við verkum þessara manna, heldur vegna þess, að starf Skipaútgerðarinnar hefur verið stórkostlega aukið. Það hefur, eins og hv. þdm. er kunnugt, verið ákveðið, að öll skip í eigu ríkisins verði undir fjármálalegri og rekstrarlegri yfirstjórn Skipaútgerðarinnar. Forstjóri Skipaútgerðarinnar mun áfram sjá um yfirstjórn strandferðanna og strandsiglinganna, eins og áður hefur verið, en þessi fjármálalegi forstjóri mun taka við yfirstjórn á rekstri allra þeirra skipa, sem ríkið á. Það hefur verið gerð á þessu sérstök athugun, og þykir ekkert efamál, að það megi spara allverulegar fjárhæðir með því að hafa þessa útgerðarstjórn á einni hendi.

Þá taldi hv. þm., að það væri nauðsynlegt að sundurliða meira ríkisreikninginn en gert hefur verið. Ég hygg nú, að í ríkisreikningnum, eins og hann liggur fyrir hér, þetta er síðasti reikningurinn, sem verður í þessu formi, sé sundurliðunin með mjög svipuðum hætti og áður hefur verið. Það var að vísu nefnt þarna, að greiðslur hefðu átt sér stað til eins manns í nafni tiltekinnar n. og þetta væri óeðlilegt. Það má vera, að þetta sé óeðlilegt. En ég vil vekja athygli hv. þm. á því, að ef þeir fletta upp á eldri ríkisreikningum, þá er það svo, að ég hygg í hverjum einasta þeirra, að það er ekki tilnefndur einn einasti maður, heldur er tilgreindur í einu lagi kostnaður við hverja einstaka n. Og það er ekki tekið fram um það, hverjir hafi fengið þessar greiðslur. Þannig hefur þetta verið alltaf í ríkisreikningi. Ég tel það hins vegar öryggi, að það sé ekki ósamræmi í þessum efnum, eins og ég áðan sagði, og það verði séð til þess með því samræmi, sem á hefur verið komið um laun nm., að það sé einn aðili, sem úrskurðar laun n. og þegar þær eru skipaðar, þá séu þær skipaðar með þeim fyrirvara, að trúnaðarmenn fjmrn. ákveði þeim síðar laun. Hitt er annað mál, sem hv. þm. sagði og auðvitað þarf að gæta mjög vel að, og það er, að öruggt sé, að þessar launagreiðslur komi fram með réttum hætti til skattlagningar og framtals, og þar er ég honum alveg sammála. Það hefur leitt til þess, að fjmrn. hefur látið útbúa sérstök eyðublöð í því sambandi til þess að tryggja það, að þessar greiðslur skili sér allar á rétta aðila til skattlagningar.

Um skuldir starfsmanna við stofnanir tek ég alveg undir með hv. þm., og ég hef gert það í hverri fjárlagaræðu síðan ég tók við þessu embætti. Slíkar skuldir eru óhæfa, og það hafa af ríkisendurskoðuninni verið æ ofan í æ gefin fyrirmæli um það, að þessar skuldir mættu ekki eiga sér stað. Rn. hefur verið skrifað um það, að þau sæju til þess hvert fyrir sína stofnun, að þetta ætti sér ekki stað. Það hefur því miður tíðkazt í töluvert ríkum mæli í sumum stofnunum, að menn hafi fengið að skulda þar. Ég þori ekkert að fullyrða um það, hvort tekst að koma þessu út úr heiminum, við skulum segja í næsta ríkisreikningi. Ég vona það. En ríkisendurskoðunin hefur fengið fyrirmæli um að fylgja því mjög fast eftir, að einstakir starfsmenn skulduðu ekki í sínum stofnunum, því að það er að sjálfsögðu alger óhæfa.

Þá vil ég einnig taka það fram, að svokölluð embættislán, sem höfðu verið veitt töluvert mikið og byggjast að vísu á gildandi lögum, voru afnumin fyrir nokkrum árum, og engar slíkar skuldir hafa safnazt, þannig að þessi lán eru að hverfa út úr heiminum. Ég álít, að einstaklingar eigi ekki að vera skuldugir ríki eða ríkisstofnun með þessum hætti, og er hv. þm. algerlega sammála um þessar aths.

Formið á bifreiðastyrkjunum er nú þannig, að það er sérstök bifreiða- og vélanefnd, sem ákveður þessa styrki. Það er rétt, eins og oft hefur verið að vikið, að þetta hefur dregizt, og þetta hefur verið lengi í athugun, margt í þessum efnum. Hins vegar eru bifreiðastyrkjamálin sem slík komin, að ég held, í nokkuð fast form. Það hafa verið settar um það fastar og ákveðnar reglur, og það, sem hv. þm. vitnaði hér til, er meðal undantekningaratriða, sem enda var fundið að af ríkisendurskoðuninni. Þessi n. á að samræma þessa bílastyrki. Rn. að vísu semja við starfsmennina um styrkina, en þeir verða að fá staðfestingu bíla- og vélanefndar til þess að þeir taki gildi, þannig að ég vonast til, að svo miklu leyti, sem hægt er að hafa nokkurn hlut algerlega í lagi, að það ætti að geta orðið með þessum hætti. Höfuðverkurinn, sem eftir er í þessu efni og ég skal játa, að ekki er enn þá fengin lausn á, en ég vonast þó til, að verði innan tíðar, er í sambandi við svokallaðar forstjórabifreiðar, sem ekki hefur enn þá verið afgert, hvaða tökum verður tekið. En bílastyrkirnir sem slíkir eiga að vera komnir í fast form, að ég hygg.

Ég þakka svo hv. 11. þm. Reykv. fyrir ábendingar hans. Þær voru allar jákvæðar og fullkomlega á þann veg, sem er skylt að hlusta á, og ég hef ekkert að athuga á nokkurn hátt við það, sem hann mælti. Ég hef heldur ekkert við það að athuga, sem hv. 5. landsk. þm. sagði hér, en bendi aðeins á það, að áður en slíkt yrði framkvæmt, held ég, að væri nauðsynlegt, að fjhn. gerði sér grein fyrir því, hvað hún mundi kalla yfir sig eða hvað hún vildi kalla yfir sig af slíkum plöggum.

Jón Árm. Héðinsson: Herra forseti. Ég held nú, að hæstv. fjmrh. hafi tekið mig of bókstaflega þannig, að ég væri að heimta prófessorsritgerðir frá þessum fyrirtækjum. **(Fjmrh.:** Voru það ekki reikningar?) Jú, það voru reikningar með smáaths., aðeins meira en kemur fram þarna. Ég get tekið sem dæmi t.d. Tunnuverksmiðjur ríkisins. Þarna er bara efnahagsreikningur. Það væri ekkert á móti því, þegar maður er að fjalla um þessi mál, að við sæjum, hvað var framleitt mikið, hvað kostaði tunnan o. s. frv.? Við getum farið í annað. Við getum farið í Laxeldisstöð ríkisins hér í Kollafirði, sem ég sé nú ekki einu sinni á blaði þarna. Við getum tekið fjárræktarbúið á Hesti, eitthvað slíkt. Því má ekki hafa nokkur orð kringum þessar niðurstöður frá ári til árs? Eða skila þessar stofnanir ekki yfirliti á annan veg en

hreinni niðurstöðu, til fjmrn. eða ráðh.? **(Fjmrh.:** Þær skila öllum fskj.) Þær skila öllum fskj. já. Ég reikna ekki með því, að það séu vanhöld á fskj., en þegar við erum látnir samþykkja svona hluti vildi ég fá aðeins meira í veganesti með þeim. Mig langaði rétt til þess að fá að vita ýmislegt um Tunnuverksmiðjur ríkisins t.d. eða jafnvel fjárræktarbúið á Hesti og Laxeldisstöðina í Kollafirði. Þetta eru fyrirtæki, sem fá margar millj. úr ríkissjóði, en ég hef ekki enn séð skýrslu frá þessum fyrirtækjum. En ég hef séð ágætar skýrslur frá öðrum ríkisfyrirtækjum, og þær eru ekki viðamiklar. Þær koma frá síldarútvegsn. og frá Síldarverksmiðjum ríkisins, og margar fleiri ágætar skýrslur koma. Það var einmitt í svipuðu formi, sem ég var að tala um, að væri æskilegt að fá með. En það er auðvitað allt of viðamikið að ætlast til þess, að hver einasta ríkisstofnun skili slíkri skýrslu. Við höfum enga þörf fyrir það. En við höfum þörf fyrir vissa þætti frá þessum fyrirtækjum.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 15 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

Á 92. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. – Afbrigði leyfð og samþ. með 15 shlj. atkv.

Ásgeir Bjarnason: Herra forseti. Það kom fram í dag hjá hæstv. fjmrh. í umr. um ríkisreikninginn, að það væri í töluvert ríkum mæli, sem myndazt hefðu skuldir starfsmanna hjá ríkisstofnunum, sem þeir vinna hjá. Mér finnst, að hér sé anzi mikið sagt og miklu dróttað að mörgum starfsmönnum þess opinbera, þar sem það virðist sem svo, að þeir liggi flestallir undir grun um að hafa brotið trúnað og reglur í starfi samkv. þessum ummælum. Þess vegna leyfi ég mér að spyrja hæstv. fjmrh. í fyrsta lagi, hvaða stofnanir eiga hér hlut að máli, og í öðru lagi, hvaða starfsmenn eiga hér hlut að máli?

Ég trúi ekki, að hér eigi allir jafnan hlut að máli, og því tel ég nauðsynlegt, að það sé þegar upplýst, hverjir það séu, því að ég geri ráð fyrir því, að þegar ráðh. hefur slík ummæli um hönd sem þessi, sé honum fyllilega ljóst, hvað hann er að segja.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Mér er satt að segja lítt skiljanleg þessi háreysti hjá hv. 1. þm. Vesturl. út af þeim orðum, sem féllu hér í dag um skuldir starfsmanna ríkisstofnana. Ég veit ekki betur en að því sé vikið í aths. yfirskoðunarmanna við ríkisreikning, að það sé allvíða, sem það komi fyrir, að starfsmenn skuldi stofnunum. Ég veit ekki betur en að ástæðan til, að ég gerði þetta að umtalsefni, væri ábending hv. 11. þm. Reykv., þar sem hann tók það fram, að hann teldi, að það væri mjög varhugavert og bæri að koma í veg fyrir það, að til slíkra skulda væri stofnað. Ég tók undir þetta, en man nú ekki nákvæmlega, hvaða orðalag ég hafði um það. Ég hef ekki fyrir mér neitt handrit að ræðu, þannig að það er alltaf vafasamt að fullyrða nákvæmlega um það, en það kann vel að vera, að ég hafi sagt, að það hafi átt sér allvíða stað, að þessar skuldir hafi myndazt. Ég tók jafnframt fram, að þessar skuldir hefðu farið mjög minnkandi og ríkisendurskoðunin hefði gengið í það, að þetta yrði lagfært. Hvernig hv. þm. getur fundið það út úr þessum orðum mínum, og ég vil segja hv. 11. þm. Reykv. og yfirskoðunarmanna ríkisreiknings, að hér sé verið að drótta að opinberum stofnunum og forstöðumönnum þeirra, að þeir yfirleitt vanræki skyldur sínar, er mér algerlega hulið. Ég er alls ekki reiðubúinn til þess að tilnefna þessar stofnanir hér. Ég bið hv. þm. að afsaka það.

Mér er kunnugt að vísu um stofnanir, þar sem þetta hefur gerzt. Ég er heldur ekki reiðubúinn til að tilgreina það, hvaða starfsmenn hér eiga hlut að máli og ég býst ekki við, að neinn undrist það, þó að ég hafi ekki hér í huga mínum nafnalista yfir þá, sem skulda sínum stofnunum. En úr því að hv. þm. hefur skilið orð mín þannig, að ég ætti við, að þetta væri nokkurn veginn almenn regla í ríkisrekstrinum, þá fer því víðs fjarri. Þetta eru, sem betur fer, tiltölulega fá tilfelli, en þó of mörg og hefur of oft komið fyrir, eins og hv. 11. þm. Reykv. sagði. Ég endurtek aðeins það og eina svarið, sem ég get við þessu gefið, er það, að þetta hefur komið fyrir. Það er alllangt síðan var reynt að uppræta það, og það hefur áreiðanlega alltaf verið reynt að koma í veg fyrir það, að slíkar skuldir hafi stofnazt.

Ég er hv. 11. þm. Reykv., sem á þetta benti sérstaklega í dag, sammála um það, að það beri að koma í veg fyrir það, að til skulda sé stofnað hjá starfsmönnum opinberra stofnana og það mun verða gert. Hv. þm. verður að afsaka það, þó að ég sé hvorki reiðubúinn til þess hér að tilgreina stofnanir, þar sem þetta hefur komið fyrir né heldur, og þá miklu síður, einstaka starfsmenn, sem kunna að skulda sínum stofnunum. Það eitt hefur gerzt í þessu, sem ég endurtek einnig og sagði í dag, að ríkisendurskoðunin fylgist mjög vandlega með þessu og sér til þess, að þetta sé lagfært.

Ásgeir Bjarnason: Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðh. fyrir svörin, svo langt sem þau ná. Ráðh. viðurkenndi, að hér væri í raun og veru um miklu víðtækara skuldamál að ræða en kom beint fram af ríkisreikningnum, enda þótt það hefði farið minnkandi undanfarin ár, eins og hann sagði. Hann tók líka aftur mikið af þeim ummælum, sem ég held, að séu rétt eftir honum höfð í dag, er hann sagði, að það væri í töluvert ríkum mæli, sem myndazt hefðu skuldir starfsmanna hjá ríkisstofnunum, sem þeir vinna hjá. Ég vil benda hæstv. ráðh. á það, því að ég reikna með því, að allur þorrinn af opinberum starfsmönnum séu saklausir í þessum efnum, að það er illt fyrir þá að liggja undir orðalagi eins og fólst í ummælum hæstv. ráðh. í dag. En hann hefur nú tekið aftur að hluta til þessi ummæli, og ég þakka fyrir það, en vil benda honum á, að það er nauðsyn vegna þeirra, sem ekki eru sekir í málinu, að bæði stofnanir og starfsmenn séu tilgreindir, og mér skilst, að það komi ekki allt fram í þeim efnum af ríkisreikningnum.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 16 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 737).

53. Mat á sláturafurðum.

Á 81. fundi í Nd., 25. apríl, var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 30 28. apríl 1966, um meðferð, skoðun og mat á sláturafurðum [234. mál] (stjfrv., A. 553).

Á 82. fundi í Nd., 28. apríl, var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 83. fundi í Nd., 29. apríl, var frv. aftur tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 26 shlj. atkv. og til landbn. með 27 shlj. atkv.

Á 89. fundi í Nd., 6. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 553, n. 636).

Frsm. (Pálmi Jónsson): Herra forseti. Landbn. þessarar hv. d. hefur athugað frv. þetta og leggur til, að það verði samþ. óbreytt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 24 shlj. atkv.

Á 90. fundi í Nd., 8. maí, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 23 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 88. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 89. fundi í Ed., 9. maí, var frv. tekið til 1. umr.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Frv. þetta er komið frá Nd., og eins og í 1. gr. frv. segir, þá er gert ráð fyrir, að í staðinn fyrir 3 ár, bráðabirgðaákvæði í l. um meðferð sláturafurða, skuli koma 5 ár. Þetta bráðabirgðaákvæði var sett í l. vegna þess, að mörg af sláturhúsunum uppfylltu ekki til fulls þau skilyrði, sem sett eru fyrir löggildingu sláturhúsa. En þar er m. a. kveðið svo á, að þar skuli vera möguleiki til að frysta og kæla kjötið og annað það, sem tilheyrir útbúnaði sláturhúsa, til þess að þau uppfylli allar kröfur, sem gerðar eru. Enda þótt sum sláturhúsin uppfylli ekki allar þær kröfur, sem gerðar eru til löggildingar, geta þau eigi að síður verið góð að því leyti, að þar geti farið fram slátrun með fullkomnu hreinlæti. Og að því er stefnt, að svo megi verða, enda verður dýralæknir á hverju hausti að skoða sláturhúsin og gefa meðmæli til þess, að heimilt sé að veita undanþágu í hvert sinn. Síðan l. voru sett fyrir þremur árum, sem gerðu auknar kröfur á hendur sláturhúsunum, hefur verið mikið unnið að því að endurbæta þau. Það skal viðurkennt, að það er margt ógert enn, og er ekki hugsanlegt, að því takmarki verði náð, sem stefnt er að, fyrr en í fyrsta lagi eftir tvö ár. Þess vegna er þetta frv. flutt af nauðsyn, þannig að ekki þurfi slátrun að falla niður í einstökum héruðum, sem ekki hafa sláturhús, er uppfylla fyllstu kröfur.
Ég legg til, herra forseti, að að lokinni þessari umr. verði málinu vísað til 2. umr. og hv. landbn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv. og til landbn. með 16 shlj. atkv.

Á 93. fundi í Ed., 13. maí, var frv. tekið til 2. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 94. fundi í Ed., s.d., var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 553, n. 721).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. – Afbrigði leyfð og samþ. með 17 shlj. atkv.

Frsm. (Steinþór Gestsson): Herra forseti. Landbn. hefur orðið sammála um að leggja til, að frv. það, sem hér er til umr., verði samþ. óbreytt, en efni þess er það eitt að framlengja um 2 ár þann frest, sem sláturhúsum er gefinn til þess að endurbæta aðstöðu við slátrun og meðferð sláturafurða, svo að þau fullnægi fyllstu kröfum til löggildingar. Á undanförnum árum hefur verið unnið mikið starf á þessu sviði, en það hefur komið í ljós, að hér var meira verk að vinna en ætlað var, og er einsætt, að þörf er á, að til þessara verka fáist rýmri tími en ætlaður var til þess í upphafi. Því er þetta frv. flutt, og landbn. mælir einróma með, að það verði samþ. óbreytt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

Á 95. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 15 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 17 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 760).

---

54. Vegalög.

Á 47. fundi í Sþ., 7. maí, var útbýtt frá Nd.:
Frv. til l. um breyt. á vegalögum, nr. 71 30. des. 1963 [250. mál] (stjfrv., A. 667).

Á 90. fundi í Nd., 8. maí, var frv. tekið til 1. umr.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Frv. það, sem hér er um að ræða, er flutt samkv. till. fjvn. Fjvn., sem nú fjallar um vegáætlunina, var sammála um að leggja það til, að tekjur Vegasjóðs væru auknar og þá helzt með því að hækka benzíngjaldið um 1 kr., þannig að það verði nú 5.67 kr. á lítra í staðinn fyrir 4.67 kr.,

eins og það hefur áður verið. Breytingar á vegal. samkv. þessu frv. eru í 5 liðum:

Samkv. 1. gr. frv. er upptalning á undanþáguákvæðum um landsbrautir í 5. mgr. 12. gr. vegal. felld niður, þ.e. kirkjustaður, félagsheimili, opinber skóli, heilsuhæli, fullgerð raforkuver, kauptún með færri en 300 íbúa eða tengivegur milli aðalleiða, en í staðinn kemur: veg að kauptúni.

Samkv. 2. gr. frv. kemur ný gr. á eftir 1. mgr. 19. gr. um sýsluvegi, sbr. niðurfellinguna í 1. gr.

Samkv. 3. gr. er gerð sú breyting á síðasta málsl. 2. mgr. 28. gr., að hinir mörgu smávegir, 393 talsins, sem nú færast úr flokki þjóðvega í flokk sýsluvega, hafa ekki bein áhrif á skiptingu ríkisframlags til sýsluvega að svo miklu leyti sem sú skipting miðast við lengd sýsluvegakerfis hverrar sýslu, en í 2. mgr. 28. gr. vegal. segir, að mótframlag ríkisins til hverrar sýslu skuli aldrei vera lægra en helmingur þess, sem viðkomandi sýsla lagði sjálf í sýslusjóð sinn það ár, sem ríkisframlagið miðast við. Á þessu verður engin breyting, en ekki heldur ætlazt til, að viðbót sú við sýsluvegakerfið, sem hér um ræðir, hafi áhrif á skiptingu mótframlagsins, en heildarupphæð mótframlagsins nemur tvöfaldri heildarupphæð innheimtra sýsluvegagjalda næsta ár á undan. Með því að færa þannig til á milli vegaflokka og auka þannig sýsluvegakerfið um rúmlega 200 km má segja, að það væri gert erfiðara fyrir að halda við sýsluvegunum, nema þá að um leið væri aukið framlag til þeirra. Þess vegna er það í ráði að auka nokkuð framlag til sýsluveganna á árunum 1970, 1971 og 1972, t. d. um 1 millj. kr. á veg. Og miðað við það, að þessir vegir, sem hér er um að ræða, eru flestir uppbyggðir og þurfa ekki mikið fjármagn næstu árin, má ætla, að með þessu fyrirkomulagi verði hlutur sýsluveganna ekki verri en áður hefur verið.

Samkv. 4. gr. frv. er lagt til, að benzíngjald hækki um 1 kr. fyrir hvern lítra. Gjaldið er nú, eins og áður var sagt, 4.67 kr. lítrinn, en í aths. er greint frá, hver tekjuaukning Vegasjóðs mundi verða af þessari hækkun á áætlunartímabilinu, og eins og kemur fram í aths. er gert ráð fyrir, að á árinu 1969, frá 1. júní, verði tekjuaukning af hækkun benzíngjaldsins 29.1 millj. kr., 1970 72.1 millj. kr., 1971 76.8 millj. kr., 1972 82.6 millj. kr. eða á áætlunartímabilinu 260.6 millj. kr. Þessum tekjum verður að sjálfsögðu ráðstafað af Alþ. í sambandi við afgreiðslu vegáætlunarinnar fyrir árið 1969 og 1972, sem nú er til meðferðar hér í hv. Alþ.

5. gr. frv. Samkv. a-lið 88. gr. vegalaga eru skólabifreiðar nú undanþegnar þungaskatti dieselbifreiða. Þetta ákvæði hefur valdið ýmsum erfiðleikum í framkvæmd, og þar sem hér er raunverulega um hluta skólakostnaðar að ræða, er lagt til, að undanþáguákvæðið verði fellt niður. Það, sem hér hefur verið sagt, er það, sem um er að ræða í þessu frv., breytingar frá gildandi vegal. Meginefnið er að færa til sýsluvega nokkra stutta vegi, sem áður tilheyrðu landsbrautum, og að hækka benzíngjaldið. Nú má vera, að sumum finnist, að benzínið sé nógu dýrt hér á landi, þótt ekki væri horfið að því ráði að hækka það. En sannleikurinn er sá, að benzín á Íslandi er ekki dýrt miðað við það, sem það er selt í okkar nágrannalöndum. Og vil ég til fróðleiks nefna hér, hvaða benzínverð er í helztu nágrannalöndum okkar.

Eins og allir vita, er benzínverðið á Íslandi 11 kr., en verður eftir hækkunina ekki undir 12.10 kr. En benzíngjaldið hækkar um 1 kr., og það verður þá ekki minna en 10 aurar, sem bætast við, þ. e. söluskattur og álagning á benzínið. 12.10 kr. á Íslandi, ef þetta frv. verður lögfest. Í Noregi er benzínverðið 14.90 — 15.40 kr., það er ekki sama verð í Noregi á benzíni um land allt eins og hér. Í Danmörku 14.65 kr., í Svíþjóð 15.15 – 15.50 kr., í Þýzkalandi 13.45 kr., í Hollandi 12.45 — 12.90 kr., í Skotlandi 12.90 — 13.25 kr., í Englandi 12.60 — 12.80 kr. Ég held, að það sé ekki eðlilegt, að benzínverð á Íslandi sé miklu lægra heldur en í nágrannalöndunum, þéttbýlu löndunum, þar sem vegirnir eru góðir, og ég held, að þegar Íslendingar athuga benzínverðið út af fyrir sig, verði það ekki það, sem menn átelja, heldur er það miklu frekar, að menn kvarta undan, að bifreiðarnar sjálfar eru dýrar og varahlutir til þeirra. En út í það skal ekki farið. Við eigum eftir að gera mikið í okkar vegamálum, og því er það, að um leið og við heimtum, að stórátök séu gerð til þess að bæta vegina, verðum við að leggja fram fé. Það dugar ekki að segja, að það eigi að taka lán og gera þessar framkvæmdir að miklu leyti fyrir lánsfé. Við verðum auðvitað að taka lán til þess að gera hraðbrautir, ef það á að flýta því, en það eru takmörk fyrir því, hversu langt má ganga í því efni. Verði þetta frv. lögfest, er þetta allmikil tekjuaukning, sem hér kemur til greina. Eins og ég áðan sagði, gerir þessi 1 kr. á áætlunartímabilinu um 260 millj. kr. En auk þess er gert ráð fyrir, að á árunum 1970—1972 taki ríkissjóður að sér að greiða vexti og afborganir af lánum, sem hvíla á þjóðbrautum og landsbrautum, á árinu 1970 21.5 millj. kr., 1971 22 millj. kr., 1972 23.3 millj. kr., eða á áætlunartímabilinu 66.8 millj. kr. Að vísu hafði verið gert ráð fyrir því áður heldur en þetta frv. var flutt, að ríkissjóður tæki að sér að greiða vexti og afborganir af Siglufjarðarvegi, sem nemur samtals á áætlunartímabilinu 27 millj. kr., en viðbót við það eru þá 39.8 millj. kr., og þegar við bætum því við tekjuaukningu vegna hækkunar á benzíni, hækka tekjur Vegasjóðs með þessum ráðstöfunum á öllu tímabilinu um 300.4 millj. kr. Auk þess tekur ríkissjóður að sér, eða ríkið, að greiða vegna hraðbrauta á árinu 1969 39 millj. kr. Á árinu 1970 er gert ráð fyrir að greiða á sama hátt til hraðbrauta 32 millj. kr., og verður þá greiðsla ríkissjóðs 1970 vegna hraðbrauta og þjóðbrauta og landsbrauta 53.5 millj. kr., þannig að vaxta- og afborganagreiðslur af lánum, sem hafa að miklu leyti hvílt á Vegasjóði, færast nú yfir af Vegasjóði, og léttir það vitanlega mikið fyrir. Á áætlunartímabilinu má því gera ráð fyrir, að greiðslur annars staðar frá heldur en úr Vegasjóði verði vegna hraðbrauta 189 millj. og vegna þjóðbrauta og landsbrauta 66.8 millj. eða samtals 255.8 millj. Heildartekjur samkv. vegáætlun 1965—1968 voru 1487.4 millj. kr., en verða samkv. þessari áætlun, ef þetta frv. verður samþ., sem við erum nú að ræða um, 2480.6 millj. kr. Hækkunin er því 67%, og þegar tekið er tillit til þess, hvað vegagerðarvísitala hefur hækkað síðan síðast var fjallað um vegáætlun, má sjá, að það er veruleg aukning á vegafé.

sem gert er ráð fyrir samkv. þeirri áætlun, sem nú liggur fyrir Alþ., og er það vel, því að alls staðar er kallað eftir auknum framkvæmdum, eftir meiri nýbyggingu vega, eftir meira vegaviðhaldi og eftir byggingu hraðbrauta út frá Reykjavík og þar sem umferðin er mest. Þetta kallar allt saman að. Þetta er allt saman nauðsynlegt að gera, en þetta krefst mikils fjármagns, og því er það, sem ætlað er að hækka benzínið að þessu sinni, og þegar benzínverð hér er borið saman við það, sem annars staðar gildir, þá er út af fyrir sig ekki nema eðlilegt, að það sé gert.

Það er oft að því fundið, að vegirnir séu slæmir hér á landi, og stundum taka menn stórt til orða og segja, að vegirnir fari alltaf versnandi, þetta er vitanlega alls ekki satt. Vegirnir fara ekki versnandi. Vegirnir hafa í seinni tíð farið batnandi. Það var lengi svo, að á vorin, þegar klakinn var að fara úr, urðu aðalvegirnir ófærir, þeir duttu niður eins og það var kallað, þeir voru ófærir í viku, hálfan mánuð og jafnvel 3 vikur vor hvert. En sem betur fer er þetta liðin saga, og vegirnir eru hættir að detta niður einfaldlega vegna þess, að það hefur verið borið meira ofan í þá í seinni tíð heldur en áður og þeir eru orðnir sterkari heldur en þeir áður voru. En þótt þetta megi fullyrða, geta allir verið sammála um, að það þarf að gera meira, það þarf að bæta vegina meira, það þarf að auka fjármagn til þeirra, því að mikið er ógert í vegamálum hér á landi. Og hvernig ætti annað að vera? Við erum aðeins 200 þús. í þessu stóra landi, sem er yfir 100 þús. km², það eru aðeins 2 íbúar á hvern km² á Íslandi, þar sem eru 100 íbúar í mörgum nágrannalandanna, þéttbýlu landanna. Það hlýtur þess vegna að verða dálítið þyngra á hverjum einstaklingi hér það, sem þarf að leggja til vegamála, heldur en þar sem þéttbýlið er og þar sem vegalengdir eru miklu minni.

Ég geri ráð fyrir því, að það verði engar deilur um þetta frv. út af fyrir sig. Það standa að því allir flokkar hér á Alþ., það eru allir sammála um að afla Vegasjóði aukinna tekna, og þá með þessum hætti. Hitt má svo vera, að þegar farið verður að ræða vegáætlunina hér eftir fáa daga, lyfti menn sér upp og finni einhverja tilbreytingu í því að jagast um hana og segi, að framkvæmdin í vegamálunum í seinni tíð hefði nú mátt fara betur úr hendi. Og þótt svo kunni að verða, þá kann það að teljast eðlilegt miðað við málsmeðferð eins og oft er hér á Alþ.

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. Enn vill ríkisstj. hækka benzínskatt. Benzín kostar nú 11 kr. lítrinn. Fyrir síðustu gengisfellingu var hann 9.40 kr., nú á hann að verða eitthvað yfir 12.00 kr. Benzínið er mikil nauðsynjavara.

Mér kom þetta ekki á óvart, þótt stjórnin legði fram slíkt frv. Það er stefna hennar að auka álögur á nauðsynjar. Dæmi um það er t. d., að hún vill troða okkur inn í EFTA, fríverzlunarsamtök Evrópu. Ef það tekst, eigum við að afnema tolla á innfluttum iðnvarningi, óþörfum sem þörfum. Í staðinn talar stjórnin um að hækka tolla á kornvörum, kaffi og sykri og hækka söluskattinn. En fái stjórnin ekki nægar tekjur með þessum tollahækkunum á nauðsynjum almennings, eru bara tekin lán á lán ofan, aðallega erlendis. Mér reiknast svo til, að á þessu þingi sé stjórnin búin að leggja fyrir þingið frv. um lántökur upp á samtals eitthvað yfir 1.300 millj. króna, og mest af þessu á að taka að láni erlendis. Það er talið, að vextir og afborganir af erlendum lánum muni á þessu ári verða yfir 30% af heildarverðmæti útfluttrar vöru frá landinu, eins og það var árið sem leið. En á meðan slíku vindur fram ganga eyðslan og sukkið taumlaust hjá ríkinu og stofnunum þess. Það má sjá í ríkisreikningnum, sem hér liggur fyrir. Ég ætla ekki að fara að lesa tölur úr honum hér, því að hann liggur ekki fyrir. En ég vil nefna það sem eitt dæmi af fjölmörgum, að sendiráð okkar erlendis eru helmingi fleiri en þörf er á. En þrátt fyrir það, að allir þessir sendimenn og umboðsmenn Íslands séu búsettir erlendis, eru ráðh. á þeytingi út um önnur lönd, sjálfsagt til að gæta hagsmuna Íslendinga og til að taka þátt í stjórn veraldarinnar með öðrum þjóðum. Séu haldnar ráðstefnur úti í löndum, telja íslenzkir ráðh. sig þurfa að reka við þar, og gera það. M. a. mæta þeir á ráðstefnum um efnahagsmál til að láta hlæja að sér, því að annarra þjóða menn vita töluvert um framferði ríkisstj. í efnahagsmálum. Og það er reyndar ekkert undarlegt, þó að útlendingar brosi að þessum herrum, því að þeirra öflugustu stuðningsmenn hér heima geta ekki lengur neitað sér um að hæðast að þeim. Þannig var í ritstjórnargrein eins af blöðum stjórnarflokkanna í gær skrifað um það, að stjórnin og einkum stærri stjórnarflokkurinn væri blanda framtaks og velferðar. Og þetta átti nú einkum við um þann stærri, manni skildist þó, að sá minni væri með í þessu auðvitað, en þó var eitthvað talað um það, að hjá honum væru vissar tilhneigingar í aðrar áttir.

Utanfarir ráðh. og annarra embættismanna kosta mikið fé. Það var haldin mikil afmælisveizla vestur í Ameríku í vetur. Og hæstv. forsrh. fór þangað. Þar var hann ljósmyndaður bæði aftan og framan með öðru stórmenni. Það var auðvitað eðlilegt, að hæstv. ráðh. langaði í veizluna. En hann fór ekki einn, hann hafði fylgdarmenn, til þess að þeir gætu séð og heyrt það, sem fram fór, og sagt þjóðinni heimkomnir frá dásemdunum. Og þjóðin hefur þegar fengið nokkuð upp í kostnaðinn við að borga undir þá til og frá Ameríku. Það var núna síðasta vetrardag, að kvöldi dagsins, að þá flutti einn eða annar, ég veit ekki hvort réttara er að segja, af förunautum ráðh. fréttaþátt í útvarpinu. Þar sagði hann okkur að vísu lítið frá ráðh. sjálfum, en meira af sinni eigin framgöngu. Og manni skildist, að hann hefði farið mikla frægðarför þangað vestur. Hann sagðist hafa rætt við menn í viðskiptamálaráðuneytinu þar í Ameríku, hjá Bandaríkjamönnum. Og hann fékk hjá þeim upplýsingar um viðskipti Íslendinga og Bandaríkjamanna undanfarin ár og þuldi tölur um þetta yfir útvarpshlustendum. Náttúrlega þurfti maðurinn ekki þangað vestur til þess að sjá þetta, kynnast þessu, því að hann gat fengið þetta allt hjá Hagstofunni hér í Arnarhvoli í Rvk. Og hann þurfti m. a. s. ekki að gera sér ferð ofan í Arnarhvol, því að hann gat lesið þetta í Hagtíðindum, því að Hagstofan gefur út mánaðarlega rit, sem nefnist Hagtíðindi, og þar eru skýrslur um utanríkisviðskipti okkar, alveg eins við Bandaríkin eins og aðrar þjóðir. En auðvitað var það fínna og í betra samræmi við stefnu stjórnarinnar að senda mann vestur í Ameríku á

reikning og áhættu ríkissjóðs til að sækja upplýsingar um viðskiptin, heldur en fá þetta í skýrslum Hagstofu Íslands.

Það er rétt, að það vantar peninga í Vegasjóð, og stjórnin segist ætla að fá í hann 29 millj. á þessu ári með því að hækka benzínskattinn. Þeir þurfa ekki að hækka benzínskattinn til þess að ná í þessa peninga. Þeir þurfa ekki annað en að láta sækja dálítinn hluta af þeim fjármunum, sem ríkið á í vörzlu innheimtumanna út um allt land. Það er fé, sem þeir eru búnir að innheimta fyrir ríkissjóð, en hafa ekki skilað af sér til hans. Og sýslumennirnir geyma þetta í reikningum þar, bönkum og sparisjóðum á sínum nöfnum eða á vegum embættanna eins og hæstv. fjmrh. orðar það. Þeir þurfa ekki annað en að taka dálítinn part af þessu til þess að geta borgað þessar 29 millj. Og það er auðvelt að ná í meiri peninga, það er auðvelt að ná í meiri peninga með því að spara dálítið af útgjöldum ríkissjóðs, og þetta mætti gera við næstu fjárlagaafgreiðslu á komandi hausti. Þetta er hægt að gera, ef vilji er fyrir hendi. En dugi það ekki til og vanti peninga í ríkissjóð til vegamála eða annarra þarfa, þá á að byrja á því að skattleggja eyðsluna og óþarfann, óþarfa innflutning, en ekki á því að auka tolla á nauðsynjavarningi. Það er auðvelt að leysa þetta mál Vegasjóðs án þess að hækka benzínskattinn, og því eigum við að fella þetta frv. hér í þd.

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. Ég mun ekki ræða hér ástand í vegamálum, þó að það væri full ástæða til þess, m. a. vegna þess að í ræðu sem hæstv. ráðh. flutti, kom ýmislegt fram, sem virðist benda til þess, að hann, æðsti yfirmaður þessara mála, sé haldinn hættulegum misskilningi um ástand veganna. T. d. eins og það, sem kom fram hjá honum, að vegirnir væru hættir að detta niður á vorin, það vandamál væri leyst. Mér þótti leiðinlegt að heyra þetta hjá hæstv. ráðh., því að þetta á sér enga stoð í veruleikanum. Stórir landshlutar eiga einmitt við það að búa, að vegirnir detta niður á vorin og verða nálega ófærir, þegar mest á ríður, og þannig mætti lengi telja, hversu hörmulega ástatt er í vegamálum. Ég mun samt ekki þreyta kappræður við hæstv. ráðh. um þetta, en ég hlýt að taka þetta fram út af því, sem hann sagði. Ég mun ekki ræða mjög um framkvæmd vegamála á undanförnum árum, en minna þó á, að ástandið í þeim málum eins og það er nú stafar að okkar dómi í Framsfl. fyrst og fremst af því, að tekjurnar af umferðinni hafa ekki verið látnar renna til veganna eins og tíðkaðist áður. Ef það hefði verið gert, þá hefði mátt gera stór átök í vegamálum á undanförnum árum. En því hefur ekki verið að heilsa. M. a. s. verður að segja þá sorgarsögu eins og hún gekk, að þegar vegalöggjöfin var samþ., var samið um, að ríkið skyldi leggja til veganna 47½ millj. á ári hverju af fjárlagafé, en við það loforð hefur ekki verið staðið af hæstv. vegamálarh., og mundi það þó hafa munað nokkru, ef staðið hefði verið við þá samninga, sem þá voru gerðir.

Það er skoðun okkar í Framsfl., að það væri hægt að gera mikið meiri átök en gert er ráð fyrir í vegáætluninni án þess að hækka benzínskattinn og þá með því, að ríkissjóður leggi til veganna verulegan hluta af því, sem hann nú hirðir af umferðinni. Ef þetta væri gert í samræmi við þá stefnu, sem Framsfl. hefur fylgt og fylgir, væri hægt að leysa þetta mál sómasamlega án þess að leggja á nýjan benzínskatt, og þó einkum ef þessu fylgdi, að ríkissjóður tæki að sér að greiða af vegalánum, sem tekin hafa verið á undanförnum árum, eins og réttmætt er, að hann geri, svo sem búið hefur verið að þessum málaflokki. Það hefur að vísu áunnizt nú, að hæstv. ríkisstj. hefur lýst yfir þeirri stefnu, að ríkissjóður skuli taka á sig að greiða af þeim lánum, sem tekin hafa verið til hraðbrauta, að mestu, og má segja, að það sé ávinningur og árangur af baráttu framsóknarmanna, að þetta skref hefur verið stigið. En það þarf að ganga lengra, það þarf að ganga það langt, að ríkissjóður taki að sér greiðslurnar af öllum vegalánum. Ef sú stefna kæmist í framkvæmd, sem við höfum barizt fyrir, sem sé sú, að Vegasjóður fengi tekjurnar af umferðinni og að lánin væru tekin yfir á ríkissjóð, væri hægt að gera miklu meiri átök í vegamálum en hugsanlegt er með þeirri stefnu, sem fylgt hefur verið.

Nú stöndum við frammi fyrir því, að vegáætlunin, sem fram hefur verið lögð af hæstv. ríkisstj., gerir ráð fyrir að fella niður nálega allar nýlagningar vega, annarra en hraðbrauta, í næstu 4 ár. Frammi fyrir þessari geigvænlegu staðreynd standa hv. alþm. og hafa staðið undanfarnar vikur. Við í Framsfl. höfum gert miklar árangurslausar tilraunir til þess að fá hæstv. ríkisstj. og stjórnarflokka til þess að fallast á að leysa þennan vanda með því að láta meira af tekjum af umferðinni renna inn í Vegasjóðinn og komast þannig hjá því að leggja á nýjar álögur, en fá sæmilegar vegaframkvæmdir. En auðvitað er það geigvænlegast og voðalegast af öllu, ef það ætti að verða hlutskipti þessa Alþ. að afgreiða vegáætlunina eins og hæstv. ríkisstj. lagði hana fram, sem í reyndinni er í raun og veru ráðagerðir um að stöðva allar nýjar vegaframkvæmdir nema hraðbrautir. Nú þegar menn hafa staðið frammi fyrir þessu og ekki hefur verið hægt að fá meiri peninga til vegagerðarinnar og því um það tvennt að ræða að leggja einnar krónu nýjan skatt á benzínið eða að leggja niður nálega allar vegagerðir nema þjóðbrautir og landsbrautir í næstu fjögur ár, þá hef ég fyrir mitt leyti og mjög margir af mínum flokksbræðrum valið þann kost að lýsa því yfir og semja um að styðja þá hækkun á benzínskattinum, sem hér er ráðgerð í frv. Þess vegna lýsi ég hér með yfir, að ég styð hana ásamt æðimörgum öðrum framsóknarmönnum. Og það er gert með þeim rökstuðningi, sem ég nú þegar hef flutt. Við viljum frekar styðja þetta álag á benzínið og fá það, sem inn kemur, til nýlagningar landsbrauta og þjóðbrauta en horfa upp á það, að vegáætlunin verði afgreidd á eitthvað svipaðan hátt og hún hefur komið frá hæstv. ríkisstj.

Þess vegna munum við styðja þessar álögur, þó með því skilyrði, að það náist samkomulag um réttmæta og skynsamlega skiptingu á þessu vegafé og að ríkissjóður taki á sig þær lánagreiðslur, sem nú eru í vegáætluninni. Fáist þetta fram, sem við teljum, að muni verða, eins og nú er komið samningum, þá munum við, ég og þeir, sem hugsa svipað og ég í þessu máli, eindregið styðja þessa skattaálagningu, þó að okkur þyki það sárt

að þurfa að hækka benzínið á þann hátt, sem hér er ráðgert. En þann kostinn viljum við þó heldur en hinn.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð. Hv. 1. þm. Norðurl. v. talaði um það, að ríkisstj. vildi hækka tolla og skatta á nauðsynjavörum og helzt á því nauðsynlega og talaði um EFTA og annað slíkt. En það er nú ekki ástæða til þess að fara út í það í sambandi við þetta mál. Ég held, að það sé rétt að halda sig við efni þessa frv. og þá um það, hvort það er réttmætt og eðlilegt að hækka benzínið um eina krónu. Og ég hygg það, að þegar menn gera sér grein fyrir því, hvað benzínverð verður á Íslandi eftir hækkunina samanborið við það benzínverð, sem gildir í okkar nágrannalöndum, þá þyki þessi hækkun eðlileg og sjálfsögð. Og það getur náttúrlega ekki farið saman eins og kom óneitanlega fram hjá hv. 1. þm. Norðurl. v., bæði af því, sem hann sagði nú, og hefur sagt áður, þ. e. að heimta auknar vegaframkvæmdir og standa gegn því, að Vegasjóði sé aflað aukinna tekna og fordæma, að það verði tekið fé að láni til framkvæmdanna. Það sjá auðvitað allir, að þetta samrýmist ekki. Maður, sem stendur gegn því að auka fé Vegasjóðs og fordæmir lántökur, hlýtur að sætta sig við það, að framkvæmdir stöðvist. En meiri hl. Alþ. vill auknar framkvæmdir, og meiri hl. Alþ. talar og hugsar í samræmi við það, sbr. það, sem hv. 1. þm. Austf. sagði hér áðan, að af því að hann vill auknar framkvæmdir í vegamálum, þá styður hann hækkun benzínsins, af því að það á að verja benzíngjaldinu til aukinna vegaframkvæmda.

Hv. 1. þm. Norðurl. v. hugsaði heldur ekki alveg rökrétt, er hann var að tala um það, að það mætti ná þessum 29 millj. með því að ná í það fjármagn, sem væri útistandandi hjá ýmsum innheimtumönnum ríkissjóðs. Ég held, að það sé nú allt annar kassi eða allt annað hólf, sem þeir peningar hljóta að fara í. Hv. 1. þm. Norðurl. v. er búinn að vera með í því að afgreiða fjárl., og hann veit, að það fé, sem er útistandandi hjá innheimtumönnum ríkissjóðs, á að fara í ríkissjóð. Og það er búið að ráðstafa þessu fé, þó það sé ekki komið í ríkiskassann. En það, sem hér er um að ræða, þessi króna, sem við ætlum að hækka benzínið um, á að fara í Vegasjóð. Það er allt annar kassi, allt önnur fjárhirzla, sem það á að fara í, og verður ekki fært þar á milli, og það hélt ég, að hv. 1. þm. Norðurl. v. gerði sér alveg ljóst. Hv. 1. þm. Austf. var að tala um það, að það yrði að gera þessar ráðstafanir, vegna þess að ríkissjóður hefði ekki látið af hendi meira af umferðinni til vegamála. Það er þetta, sem oft hefur verið talað um hér í Alþ., að ríkissjóður fái of stóran hlut af umferðinni til sín og þess vegna fái Vegasjóður ekki nægilegt fjármagn. En hefur þetta ekki alltaf verið þannig, að ríkissjóður hafi tekið drjúgan hluta af umferðinni til sín? Skyldi það ekki einnig hafa verið, er hv. 1. þm. Austf. var fjmrh.? Víst var það, að þá fór mestur hluti af benzínskattinum í ríkissjóð. En ríkissjóður greiddi að vísu aftur til vegaframkvæmdanna, og 1958 var varið til vegaframkvæmda, þ. e. síðasta árið, sem hv. 1. þm. Austf. réð yfir ríkiskassanum, 84 millj. kr. Samkv. þeirri vegáætlun, sem hér er um að ræða, verði þetta frv. samþ., þá fara til vegaframkvæmda á sjötta hundrað millj. kr. á einu ári, eða nær átta sinnum meira heldur en 1958. Og þegar það er borið saman við vegagerðarvísitöluna, hvað hún hefur hækkað, sjáum við það, að fjármagn til vegamála hefur stórum aukizt, það hefur margfaldazt, og vitanlega varð það að aukast vegna aukinnar umferðar og vegna aukinnar kröfugerðar alls almennings um bætta vegi, og þetta þurfum við ekki að metast um. En ríkissjóður þarf á sínu að halda nú eins og hann þurfti fyrir 10—12 árum. Þannig hefur þetta alltaf verið, að ríkissjóður hefur þurft á sínu að halda, og það liggur alveg ljóst fyrir, að ef taka ætti 1—2 hundruð millj., sumir segja, að það eigi að taka miklu meira frá ríkissjóði af þeim tekjum, sem hann nú fær, af því sem kallað er af umferðinni, þá yrði að afla fjár til handa ríkissjóði með öðrum hætti. Það yrði að leggja á nýja skatta eða auka tolltekjur ríkissjóðs til þess að brúa það bil, sem kæmi, ef af ríkissjóði væri tekið það, sem hann nú hefur, það, sem hv. þm. Austf. kallar tekjur af umferðinni. Um þetta hefur nú svo oft verið talað hér, að það er ekki ástæða til þess að fara fleiri orðum um það, enda skilja allir þm., hvað hér er um að ræða. Það var minnzt hér áðan á 47 millj. kr., sem voru í fjárl., en voru teknar þaðan út, að það hafi ekki verið staðið við samkomulag, sem gert var, er vegalögin voru sett, en ég held, að það sé búið að bæta fyrir það. Það hefur verið létt af ríkissjóði miklu meiru heldur en því, sem því nemur, og hv. 1. þm. Austf. sér ástæðu til þess að hafa orð á því og þakka fyrir það, að ríkisstj. hefði nú eiginlega borgað þá skuld, sem hann hefur oft verið að kalla eftir undanfarið, og það er ekki nema rétt hjá hv. þm., að nú tekur ríkissjóður á sig að greiða árlega hærri upphæð heldur en nemur þessum 47 millj. kr., og þá held ég sé ekki lengur ástæða til þess að tala um þær.

Hv. 1. þm. Austf. vill gera stórátök í vegamálum, og þar er ég honum algjörlega sammála, en ég veit, að sá ágæti og reyndi maður gerir sér alveg fyllilega grein fyrir því, að það eru takmörk fyrir því nú, hvað hægt er að verja miklu fé árlega til vegaframkvæmda, eins og var, þegar hann var fjmrh., og ríkissjóður greiddi þá allt, sem til veganna fór. Á síðasta ári, sem hann fór með völd, þá treysti hann sér ekki að láta nema 84 millj. kr. til vegaframkvæmda, sem vitanlega var allt of lítið þá, og ég veit, að hv. þm. viðurkennir það, að það er tiltölulega miklu meira, sem nú er látið til vegaframkvæmdanna heldur en þá var, enda þótt við séum sammála um, að það væri æskilegt, að það væri meira. Og þess vegna er það, að flestir hv. alþm. í öllum flokkum eru sammála um það að hækka benzíngjaldið til þess að geta aukið framkvæmdirnar. Það er náttúrlega ekki rétt, sem hv. þm. sagði, að eins og vegáætlunin hefði verið lögð fram, þá hafi verið gert ráð fyrir því, að það yrði hætt við alla nýbyggingu vega nema hraðbrauta, það er náttúrlega ekki rétt. En fjvn. og aðrir hv. alþm. voru sammála um það, að það væri æskilegt að auka við þetta, það væri of lítið, sem væri hægt að framkvæma, án þess að tekjurnar væru auknar.

Jónas Pétursson: Herra forseti. Mig langar að koma á framfæri einni ábendingu til hv. n., sem fær þetta frv. til athugunar. Ég ætla ekki að blanda mér að öðru leyti í þær umr., sem hér hafa farið fram. En það er 1. gr. frv., þar stendur, að vegurinn nái til þriggja býla, þannig að

hann nái að 3. býli frá vegarenda. Þannig er þetta í núgildandi vegal., þar sem talað er um landsbrautirnar. Þannig er þetta í núgildandi vegalögum, en þar eru allt sýsluvegir, sem eru frá 3. bæ og til enda. En ég ætla að minna á, að í nál. vegalaganefndar, sem undirbjó þau vegalög, sem við höfum búið við síðustu árin, var einmitt gert ráð fyrir því, að í staðinn fyrir 3. býli væri það 4. býli. Ég ætla sérstaklega að beina því til hv. n. að athuga, hvort það sé ekki rétt að taka upp þessa reglu. Ég er þeirrar skoðunar, að við ættum að auka sýsluvegina, sýsluvegakerfið, að verulegu leyti. Til þess þarf einnig aukið fé, en þarna mun ekki vera um mjög mikla lengingu að ræða, þó nokkra, en við höfum yfirleitt komizt að þeirri niðurstöðu — sem höfum velt þessum málum fyrir okkur á þeim tíma, sem liðinn er síðan vegal. voru sett — að það hafi í raun og veru verið rétt sjónarmið, sem vegalaganefndin hafði í upphafi að því er sýsluvegina snertir. Ég skal játa það, að ég var ekki sammála því á sínum tíma, en ég tel mig ekki minni mann fyrir það, þó að ég hafi síðar komizt að raun um annað, og ég er þeirrar skoðunar, að þetta hafi verið rétt. Ég ætla ekki að bera fram neina sérstaka till., en ég ætla að beina þessu eindregið til hv. n. að athuga, hvort það væri ekki rétt að gera þessa breytingu nú á 1. gr. að því er sýsluvegina snertir, að þar sé miðað við 4. býli í stað 3.

Stefán Valgeirsson: Herra forseti. Hæstv. samgmrh. sagði hér áðan, að það væri nú eiginlega ekki rétt, að það væri sama og ekkert fé til nýbyggingar vega. Ég held, að við höfum athugað það, og ég man ekki betur heldur en það kæmi í ljós, að framkvæmdamáttur vegafjárins mundi hafa lækkað yfir 40% frá því, sem áður var. Það kann að vera, að hæstv. ráðh. telji þetta aðeins smámuni, en í okkar augum eru þetta engir smámunir. Það náttúrlega kemur til af skiptingunni, hvernig hún er. Meginféð, eins og þessi vegáætlun var lögð fram, átti að fara í hraðbrautir og svo ekkert lítill hluti til þess að greiða rentur og afborganir af lánum, sem hvíldu á þessum vegum, eins og þetta var lagt fram. Hæstv. samgmrh. las upp hér tölur um, hvernig benzínverðið yrði hér og í öðrum löndum eftir að þessi hækkun, sem hér er rætt um, yrði á benzíninu. En ég skil nú ekki í, að þetta segi í raun og veru mikið. Vill ekki hæstv. ráðh. upplýsa það, hvernig almenningur í þessum löndum stendur að vígi til þess að kaupa benzínið? Hvað þurfa þeir margar mínútur í þessum löndum öllum til þess að vinna fyrir hverjum lítra? Er það ekki raunhæfari samanburður heldur en tala um krónuupphæðina? Það væri mjög fróðlegt, að það kæmi fram hjá ráðh., og ég skil ekki þessi rök. Hins vegar vitum við allir, að það er full þörf á því að gera meira og langtum meira heldur en hægt verður, jafnvel þó að þetta frv. verði samþ.

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. Hæstv. samgmrh. minntist á nokkur atriði, sem ég tók fram áðan. Ég vil segja aðeins örfá orð út af því. Hann sagði, að ríkissjóður hefði alltaf hirt meiri tekjur af umferðinni en lagt hefði verið til veganna og því væri það ekkert nýtt, sem gerzt hefði í þessum efnum á undanförnum árum, og þannig mundi þetta hafa verið, þegar ég fór með fjármál ríkissjóðs. Ég vil benda hæstv. ráðh. á það, sem ég held, að hann hljóti nú að minnast, að það hefur verið sýnt fram á, að þessu var alveg öfugt farið á þessum árum, því þá var meira lagt til veganna en beinar tekjur ríkissjóðs voru af umferðinni. En þetta hefur einmitt snúizt við á síðustu árum. Ef hæstv. ráðh. og hans félagar hefðu haft sömu stefnu áfram, hefði verið öðru vísi ástatt hér í vegamálum nú en raun ber vitni um. Framhjá þessu er ekki hægt að komast, og það er sú sorglega staðreynd, að í þessu efni var breytt um stefnu í óheillaátt.

Hæstv. ráðh. sagði, að 1958 hefði verið varið til vega 80 millj., en nú væri meiningin að verja nálega 500 millj. og allir sæju, að meiru ætti að verja til veganna nú en þá, jafnvel þó að ekkert væri gert umfram það, sem vegáætlunin gerði ráð fyrir. Eitthvað á þessa lund mun það hafa verið, sem hæstv. ráðh. hélt fram. En ég vil vara hæstv. ráðh. við þessu sífellda tali um það, sem gerðist fyrir 10 árum. Ég vil benda hæstv. ráðh. á, að þeir, sem snúa andlitinu aftur, komast aldrei neitt áfram, og þess vegna er skynsamlegra fyrir þá, sem eiga að ráða málum landsins, að horfa fram, horfa á þau verkefni, sem fyrir liggur að leysa í dag. Samanburður af þessu tagi hefur sem sé ekkert gildi vegna þess, að það er gerólíkt ástatt nú og var fyrir 10 árum. Flutningaþörfin er allt önnur, bílafjöldinn í landinu er allur annar, jafnvel byggðin í landinu hefur sætt byltingu á þessum 10 árum. Segja má t. d., að þörfin fyrir varanlega vegi hér í þéttbýlinu sé orðin margfalt meiri en hún var þá. Þetta allt saman gerir það að verkum, að þessi samanburður hefur ekkert gildi og er bókstaflega hættulegur fyrir landið, á meðan ráðh. hefur eitthvað að segja í þessum málum. Og þetta, sem hæstv. ráðh. sagði, er því miður ekki eina dæmið um það, hvernig hæstv. ríkisstj. hættir við að horfa alltaf um öxl og hnýtur því nálega í hverju spori, eins og allir gera, sem venja sig á slíkt. Það er bókstaflega enga lærdóma hægt að draga af þessari mynd, sem hæstv. ráðh. dró upp.

Hæstv. ráðh. sagði, að það væri ekki ástæða til þess að vera alltaf að klifa á þessum 47 milljónum, sem átti að leggja af ríkisfé í Vegasjóðinn. En þetta voru þó samningar, sem gerðir voru, þegar vegal. voru sett, en í þeim voru lagðir skattar á benzínið og stjórnarandstaðan var með því að leggja á þessa skatta með því skilyrði, að ekki yrði minna lagt af ríkisfé fram til veganna en þá var gert, sem sé 47½ millj. Það er sorglegt að þurfa að segja það, að hæstv. ráðh. sveik þetta samkomulag, því hann lét eftir eitt ár taka þessa fjárhæð út af fjárl. Hæstv. ráðh. þarf ekkert að vera hissa, þó að mönnum sé þetta minnisstætt og þó ástæða þyki til að halda þessu á lofti, vegna þess að sem betur fer er þetta nálega einsdæmi. Og ég held, að ég megi segja, að öll þau ár, sem ég hef starfað í þessum málum, þá hef ég sjaldan tekið þátt í samningum, sem ekki hefur verið staðið við, þótt þetta sé því miður ekki í eina skiptið. En við þetta var ekki staðið, og þess vegna þarf hæstv. ráðh. ekki að halda, að þessu verði gleymt. Þetta er dæmi, sem verður sagt frá af og til, til viðvörunar. Hæstv. ráðh. verður að hljóta þá refsingu fyrir framkomu sína í þessu máli, auk þess sem slíkt er nauðsynlegt til þess að veita mönnum aðhald við efndir slíkra samninga, en það er ekkert hégómamál, þegar gerðir

eru pólitískir samningar, hvort við þá er staðið eða ekki. Hvar stöndum við, ef ekki er hægt að treysta slíkum samningum? Þess vegna verður þessi atburður aldrei máður úr sögunni, jafnvel þó hæstv. ráðh. gangi fram í því að fá einhverjar skuldir færðar yfir á ríkissjóð, sem hvíla nú á Vegasjóðnum.

Hæstv. ráðh. sagði, að ég hefði ofmælt, þar sem ég hefði haldið fram, að eins og vegáætlunin kæmi frá ríkisstj. ætti nálega að fella niður allar nýlagningar þjóðvega í 4 ár, nema hraðbrautir. Þetta sagði ég, og við þetta stend ég, og þetta er hægt að sýna með því að fara gegnum vegáætlunina og sundurliðunina, sem nú liggur fyrir um uppástungur um fjárveitingu til einstakra vega. Þetta eru engar ýkjur, og þetta er ekki mín persónulega skoðun, heldur vitneskja allra þeirra, sem þetta hafa séð og lesið. Ef farið er í gegnum þessi mál, sjáum við, að það eru nálega engar fjárveitingar í nýja vegabúta af þjóðbrautum og landsbrautum, nema til þess að greiða lán, sem áður er búið að taka og vinna fyrir, afborganir og vexti, það eru ekki nýlagningar, og svo til þess að leggja vegabúta í sambandi við endurbyggingu brúa. Þegar þetta er tekið frá, er nálega ekkert eftir. Og um þetta getum við auðvitað talað seinna eins og hæstv. ráðh. sagði, þegar vegáætlunin kemur úr nefnd. Þó að við séum nú sammála um að bæta úr þessu, þá er þetta samt sem áður þýðingarmikið atriði af þeirri einföldu ástæðu, að það sýnir, hvernig hæstv. vegamálaráðh. datt í hug að afgreiða þessi mál. Það er nú það. Þess vegna hefur þetta verulegt gildi. Við höfum staðið frammi fyrir þeirri staðreynd, og við stöndum frammi fyrir henni, eins og ég sagði áðan, að það fæst ekki meira af ríkisins fé í vegagerðirnar. Þá eigum við um það tvennt að velja að sætta okkur við það eða semja um að bera þann bagga, að leggja 1 kr. á benzínið. Og þá er ég og þeir, sem hugsa svipað og ég í okkar flokki, ráðnir í að bera þann bagga. En það er með það ástand fyrir augum, sem ég hef verið að lýsa. Það er við þær kringumstæður, sem við tökum þennan bagga á okkur. Aðrir hugsa öðruvísi, eins og t. d. kom hér fram hjá hv. 1. þm. Norðurl. v., og það sjónarmið á vitanlega fullkomlega rétt á sér að segja sem svo: Ég beygi mig alls ekki fyrir þessu og tek ekki neinn þátt í að leggja meiri álögur á benzínið og krefst þess, að þessi mál séu færð í heppilegra horf í heild sinni. Ég held, að hæstv. ráðh. ætti ekki að liggja hv. 1. þm. Norðurl. v. eða öðrum, sem hugsa líkt og hann, mikið á hálsi fyrir að hugsa eins og þeir gera um þetta. Ég tel, að það sé vel hægt að skilja þeirra sjónarmið. En við, sem höfum tekið í þessu tilliti hina leiðina, að fá hvað sem það kostar, svo að segja, meira fé í vegina, við hugsum eitthvað svipað og ég hef verið að lýsa hér. Við gerum það ekki með neinum þakkarávörpum til hæstv. ráðh. Það er langt frá því. Við gerum það af þeirri illu nauðsyn, sem hæstv. ráðh. hefur framkallað.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð. Það er svo eftirtektarvert, að þegar minnzt er á liðna tíð, þegar minnzt er á fortíðina, þá kemst hv. 1. þm. Austf. alltaf í slæman ham og liggur við, að hann verði reiður. Og til marks um það var það áðan, að þegar hann var að tala um 47 millj. og það, sem ríkissjóður tekur að sér nú að greiða með vöxtum og afborgunum af lánum, sem hvíla á hraðbrautum, þjóðbrautum og landsbrautum, þá fór hv. þm. viðurkenningarorðum um það. Og þá raunverulega kvittaði hann fyrir þessar 47 millj., sem hann hefur svo oft talað um.

En þegar hann kemur nú upp í ræðustólinn, er eins og hann hafi séð eftir því að hafa gefið þessa kvittun, séð eftir því að hafa verið sanngjarn og telur, að það fari nú bezt á því að fullyrða það, sem hann áður hefur haft í frammi og halda ósanngirninni uppi, úr því að ég gerðist svo djarfur að minnast á fortíðina, að minnast á liðna tíð, því að það er það, sem hv. þm. vill ekki, að menn geri. En vissulega er það nauðsynlegt, bæði hér í Alþ. og eins utan þings, að þjóðin öll geri sér grein fyrir því, hvernig ástandið var í þjóðmálunum, m. a. á þeim tíma, sem hv. 1. þm. Austf. var fjmrh., geri sér grein fyrir því, að þá skorti fé til framkvæmda ekki aðeins í vegamálum, heldur í flestum framkvæmdum á landinu. Og þá dugði ekki að gera kröfur, vegna þess að þá var sagt, að það væru ekki til peningar. Og það er fjarri mér að halda því fram, að það hafi verið af nokkurri illgirni hjá hv. 1. þm. Austf., þegar hann neitaði um fjármagn til framkvæmda og vegamála. Sumpart var það vegna þess, hvernig stjórnarfarið var á þessum tímum, að fjár var ekki hægt að afla, og sumpart var það vegna þess, að árferðið var þannig, að fjármagn var eðlilega ekki til. En svo reyndur þm. sem hv. 1. þm. Austf. er, ætti hann að hafa hreinskilni og dug til þess að viðurkenna, að nú á síðari árum hefur verið varið til framkvæmda, vegamála og annarra uppbygginga í landinu tiltölulega miklu meira fjármagni heldur en áður hefur verið gert. Og það er leiðinlegt, að hv. þm. skuli gera það aðeins óviljandi að fara viðurkenningarorðum um það, sem vel hefur verið gert og tala aðeins óviljandi af sanngirni eins og hann virðist hafa gert hér áðan, að hv. þm. skuli endilega hafa fundið hvöt hjá sér til þess að koma hér upp til þess að taka það aftur, sem hann sagði af sanngirni hér áðan í sambandi við 47 millj. og fara svo að tala um það, að það hafi verið svikið samkomulag, sem gert var við hann og fleiri hér í sambandi við vegal., sem nú er unnið eftir. En það hefur alltaf verið talið Íslendingum til hróss, að þeir séu sögufróðir, bókaþjóð og sögufróð þjóð, og það væri sannarlega illa farið, ef Íslendingar kynntu sér ekki stjórnmálasöguna 30—40 ár aftur í tímann. Og það er vissulega nauðsynlegt, að unga fólkið í þessu landi fletti upp spjöldum sögunnar, stjórnmálasögunni, og líti til baka, en líti einnig fram. Og þegar litið er til baka yfir stjórnmálaferil síðustu áratuga, kemur það vitanlega í ljós, að hv. 1. þm. Austf. hefur ekki alltaf mikið til þess að hrósa sér af. Og það er kannske þess vegna, sem hann kemst í vont skap, þegar á fortíðina er minnzt og hann ráðleggur stöðugt, þegar einhverjum vill það til að minnast á liðinn tíma, að gera það ekki. En sjálfsagt er að horfa fram, en af reynslunni er einnig nauðsynlegt að læra og gera sér grein fyrir því, sem áður hefur gerzt í þessu landi, og þá munu menn vera færari um að gera sér grein fyrir staðreyndum í landi Tímans.

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. Ég varaði hæstv.

ráðh. við því að líta til baka. Það var vegna þess, að ég taldi það hættulegt, því hann mundi hrasa, ef hann sneri andlitinu aftur, eins og ég tók fram. Þetta var nú sumpart af umhyggju fyrir honum og þeim störfum, sem honum er trúað fyrir. En það er líka að öðru leyti hættulegt fyrir hæstv. ráðh. að horfa til baka, eins og nú kemur fram af því, sem ég mun segja, þó að mér væri það nú ekki í huga áðan, þegar ég varaði hann við þessu. En þá kemur sú aðvörun í viðbót núna. Ég held nefnilega, að það sé hættulegt fyrir núv. ríkisstj. að horfa til baka af fleiri ástæðum en ég taldi. Við skulum taka, hvernig ástatt var í landinu 1958, þegar ég lét af stjórn fjármála og ég og mínir félagar fórum úr ríkisstj., og hvernig ástatt er núna. Þá var varið miklu meira af ríkistekjum til verklegra framkvæmda en nú er gert. Þá gekk verulegur hluti fjárlagaútgjaldanna til verklegra framkvæmda. En hvernig er það núna? Það er nálega búið að þurrka verklegar framkvæmdir út af fjárl. ríkisins, þó að þau séu komin á 7. milljarð. Þá var atvinnuleysi óþekkt í landinu. En nú búum við við mikið atvinnuleysi um hábjargræðistímann. Ég hygg, að við, sem þá stjórnuðum, megum líka vera algerlega óhræddir við að bera saman afkomu íslenzkra atvinnuvega þá og nú. Þá var kaupmáttur tímakaupsins meiri en hann er nú eftir þau 10 góðu ár, sem þessir hæstv. ráðh. hafa lafað í ráðherrastólunum. Þeir hafa gengið aftur á bak í flestum þessum höfuðefnum og það svo, að öllum góðum mönnum blöskrar nú, þegar síldaruppgripin leyna ekki lengur því, hvernig þeir hafa leikið íslenzkan þjóðarbúskap og íslenzkt atvinnulíf. Nú koma þessar nöktu staðreyndir í ljós, sem engir ættu að hafa ríkari ástæðu til að rifja upp en ég og mínir félagar. Ég ráðlagði hæstv. ráðh. að hann skyldi ekki snúa andlitinu aftur, en það var ekki af því, að við óttumst það, sem ráðh. kann þá að sjá, því fer alls fjarri.

Skuldabyrðin við útlönd er nú orðin stórkostlega miklu hærri en hún var þá og það eftir þessi mestu góðæri, sem þjóðin hafði lifað, en þá höfðum við haft hvert síldarleysisárið eftir annað. Samt sem áður stóðu íslenzkir atvinnuvegir og hagur íslenzkrar alþýðu að því er varðaði atvinnu og kaupgjald á þá lund, sem ég gerði grein fyrir. Þannig mætti halda lengi áfram, ef ég hefði annað hér til umráða en stutta aths., og má víst áreiðanlega heita hæstv. ráðh. því, að hann mun heyra nánar af þessu á næstunni, en ætti ekki að vera að panta slíkt. Hann mun áreiðanlega heyra nóg af þessum samanburði á næstunni. Sannast að segja undrast öll þjóðin sameiginlega, líka fyrrv. stuðningsmenn þessarar hæstv. ríkisstj., hvernig henni hefur búnazt við þau skilyrði, sem hún hefur haft. Enda er það fullkomið undrunarefni, og það er sjálfsagt margra skýringa að leita, m. a. þeirrar, að sumir eru þannig gerðir, að þeir geta engu stjórnað.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Já, það var góðæri 1958. Það var þá, sem togararnir sigldu á Nýfundnalandsmið og fylltu sig á tveimur til þremur sólarhringum. Og sjaldan eða aldrei hafa aflabrögðin verið meiri heldur en þá. Þetta er alveg rétt. En hvers vegna fór vinstri stjórnin frá? Var það vegna góðæris? Eða var það vegna þess, að þeir vildu ekki lengur vera í ráðherrastólunum? Það er nú svona, 1958, það eru ekki nema 11 ár síðan, og áreiðanlega hafa ýmsir gleymt því, hvernig ástand þjóðmálanna var þá og ekki gert sér grein fyrir því, hvers vegna vinstri stjórnin fór frá. En það vita flestir, sem um þetta hugsa, að það var nú ekki vegna þess, að ástand þjóðmálanna væri í blóma, en vegna þess að það eru nú ekki eldhúsdagsumr. núna, við erum að ræða um vegamál, og ég vil nú ekki tefja þetta mál, sem á eftir að fara fimm umr. gegnum þingið, þegar þessari er lokið, þá vil ég aðeins segja það, að í árslok 1958 var útgerðin stöðvuð, þá var atvinnulífið fellt í dróma, þá voru skuldirnar við útlönd orðnar það miklar, að við fengum ekki gjaldeyri fyrir brýnustu nauðsynjum.

Vilhjálmur Hjálmarsson: Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð og eingöngu um vegi. Það eru einkum tvö atriði, sem ég vil vekja athygli á og láta koma skýrar í ljós heldur en þegar er orðið.

Hæstv. ráðh. sagði, þegar hann mælti fyrir frv., að nú væri það ástand úr sögunni, að vegirnir dyttu niður á vorin. Þessu vil ég mótmæla alveg eindregið, þessum ummælum. Því miður er þetta ekki svona. Og ég skal nefna dæmi. Í fyrra skarst fjölfarnasti vegur á Austfjörðum, vegurinn yfir Hólmaháls, algerlega í sundur og varð ófær nema smeygja sér hann á jeppum. Stóð svo það tímabil, sem Austfirðingar kalla drullutímabilið. Slíkt hið sama var um hluta Fagradalsbrautar. Núna eru mjög strangar þungatakmarkanir á Oddsskarðsvegi. Og ég man ekki, hvort það var í fyrra eða hitteðfyrra — það breytir engu, því vegurinn hefur síður en svo lagazt — sem ég sat með vegagerðarstarfsmanni fastur á leið undan brekkunni í háhjóluðum bíl með drifi á öllum hjólum. Og svona er hægt að halda áfram endalaust. Það er ómögulegt að hlusta á það hér, að sjálfur hæstv. ráðh. segi, að það sé liðin tíð, að aðalvegirnir detti niður á vorin, án þess að láta hið sanna koma fram.

Þá vil ég láta það koma alveg skýrt fram í þessum umr. og staðfesta þar með ákveðnum dæmum, hvers konar endemisplagg það er, sem lagt hefur verið fyrir alþm., þar sem er skiptingin á vegafénu í þjóðbrautir og landsbrautir. Og þau dæmi skulu verða tekin úr framlögum til þjóðbrauta í Austurlandskjördæmi. Árið 1969 eru tillögurnar þessar:

Í veginn um Hróarstungu 890 þús. og bundið við það, að þar sé byggð ný brú, og í Suðurfjarðaveg 900 þús. hjá Vattarnesi til þess að ljúka því, sem verið var að gera í fyrra. En á árinu 1968 voru á þessu svæði: Þjóðbrautir, 800 þús. í Möðrudal, 420 þús. í Breiðdalsheiði, 630 þús. í Breiðdal, 1.450 þús. í Lónsheiði, 500 þús. í Geithellnahrepp, 300 þús. á Hellisheiði, 500 þús. á Suðurfjarðaveg og 400 þús. á veginn í Stöðvarfirði. En núna aðeins þessar tvær tölur, sem ég nefndi áðan. Þetta vil ég leyfa mér að taka sem dæmi um það, hvers konar endemisplagg það er, sem afhent hefur verið þm. á vegum ríkisstj. og starfsmanna hennar, þessi skipting fjárins í þjóðbrautir og landsbrautir. Þetta er því miður ekkert einsdæmi, heldur er þetta svona víðar, eða öllu heldur víðast hvar. Og það má þá einnig, úr því að ég kvaddi mér hljóðs, koma hér fram, að ég styð það eindregið, að tekið verði einnar krónu gjald af benzínlítra og varið til þjóðbrauta og landsbrauta. Og það er

fyrst og fremst af þeirri ástæðu, að mér er það ekki mögulegt að koma heim með það plagg í vasa um skiptingu vegafjármuna, sem hér hefur verið afhent fyrir hönd hæstv. ráðh. Þess vegna tel ég mér skylt að styðja hækkun benzínskatts til vega, enda verði hækkuninni varið á þann hátt, sem um hefur verið samið.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 23:1 atkv. og til samgmn. með 24 shlj. atkv.

Á 91. fundi í Nd., 9. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 667, n. 686, 687).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. – Afbrigði leyfð og samþ. með 25 shlj. atkv.

Frsm. (Sigurður Bjarnason): Herra forseti. Samgmn. hv. þd. varð sammála um að mæla með samþykkt frv. þess til breytinga á vegal., sem hér liggur fyrir til 2. umr. Byggjast meðmæli n. á grundvelli þess samkomulags, sem upplýst er, að náðst hefur milli fulltrúa allra þingflokka í fjvn. í fyrsta lagi um hækkun innflutningsgjalds af benzíni og í öðru lagi um, að ríkissjóður taki að sér greiðslur vaxta og afborgana af skuldum þjóðbrauta og landsbrauta á árunum 1970—1972.

N. flytur þá brtt. við frv., að 5. gr. þess verði felld niður. En í þeirri gr. er gert ráð fyrir, að afnumið verði undanþáguákvæði vegal. um greiðslu þungaskatts af skólabifreiðum. Telur samgmn. hins vegar sanngjarnt, að skólabifreiðar njóti þessarar undanþágu áfram, enda þótt segja megi, að óeðlilegt sé, að tekjur Vegasjóðs séu rýrðar með slíku undanþáguákvæði.

Aðalbreytingin, sem felst í þessu frv., er sú, að lagt er til, að innflutningsgjald af benzíni hækki um 1 kr. á lítra og verði kr. 4.67 á hvern benzínlítra. Er þá gert ráð fyrir, að tekjuaukning Vegasjóðs frá 1. júní 1969 til ársloka 1972 verði 260.6 millj. kr. Er hér um að ræða bráðnauðsynlega tekjuöflun til Vegasjóðs. Ef að þessu ráði hefði ekki verið horfið, hefði óhjákvæmilega dregið stórlega úr vegaframkvæmdum víðs vegar um land, en slík ráðstöfun væri í engu samræmi við hina brýnu þörf, sem að kallar í vegamálum í öllum landshlutum. Samkomulagið, sem tekizt hefur um, að ríkissjóður taki að sér greiðslu vaxta og afborgana af skuldum þjóðbrauta og landsbrauta á árunum 1970—1972, felur einnig í sér verulega bót frá því, sem gert var ráð fyrir í till. þeirri til vegáætlunar, sem Alþ. mun afgreiða einhvern næstu daga. Bætt vegasamband milli landshluta og innan þeirra er sameiginlegt hagsmunamál strjálbýlis og þéttbýlis. Vegirnir eru fyrir þjóðina alla, hvar sem þeir eru lagðir. Þá felst sú breyting í 1. gr. þessa frv., að felldir eru úr tölu landsbrauta rúmlega 223 km. Af þeirri km-tölu er skylt að taka upp í sýsluvegi 209.8 km. Er því hér um að ræða verulega lengingu sýsluvega.

Í 2. gr. frv. felst sú breyting, að sýslunefndir eru skyldaðar til að taka upp í samþykkt um sýsluvegasjóði vegi að öllum býlum, sem ekki hafa beint samband við þjóðvegi, en auk þess, að öllum kirkjustöðum, félagsheimilum, opinberum skólum og heilsuhælum. Einnig er sýslunefnd heimilt að taka í tölu sýsluvega vegi að fullgerðum orkuverum, eyðibýlum, fjallskilaréttum og bryggjum. Loks er heimilað í sýsluvegaáætlun að veita fé til fjallvega, sem nauðsynlegir teljast vegna nýtingar afrétta og beitilanda.

Áformað mun að veita sýsluvegasjóðum nokkurn aukinn stuðning í vegáætlun til þess að sinna auknum verkefnum. Í þessu sambandi er rétt, að það komi fram, að til þessa munu litlar eða nær engar fjárveitingar hafa verið veittar á vegáætlun til hinna svokölluðu hliðarvega að samkomustöðum og öðrum þeim stöðum, sem nú tilheyra þessum flokki vega. Má jafnvel gera ráð fyrir, að aðstaða þeirra batni, er þeir hafa verið teknir upp í sýsluvegatölu.

Í 3. gr. frv. felst sú breyting, að við skiptingu á ríkisframlagi til sýsluvega skuli aðeins taka tillit til lengdar þeirra sýsluvega, sem sýslunefndir eru skyldar að veita fé til.

Að svo mæltu leyfi ég mér, herra forseti, að ítreka, að samgmn. mælir með samþykkt þessa frv. með fyrrgreindri breytingu.

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. Þegar hæstv. ráðh. lagði þetta frv. hér fyrir d. í gær, leit hann til baka. Var að rifja upp, hvað hefur verið varið miklu af ríkisfé til vegamála árið 1958. Samkv. ríkisreikningi voru það á því ári 83.3 millj. kr. En það hefur margt breytzt síðan, og m. a. hefur allur kostnaður við vega- og brúagerðir hækkað stórkostlega. Þannig er kostnaður við nýbyggingu vega nú samkv. vísitölu Vegamálaskrifstofunnar 179% hærri heldur en hann var 1958. Kostnaður við vegaviðhaldið er 193% hærri, og kostnaður við brúabyggingar er 264% hærri nú heldur en hann var 1958. Samkv. þessum tölum reiknast mér svo til, að ef ríkið ætlaði að leggja fram fé til þessara samgöngumála, sem væri jafnmikið að notagildi eins og það, sem lagt var fram 1958, þyrfti það nú að vera 249 millj. kr. En hvað er það mikið, sem ríkissjóður leggur nú fram til þessara mála?

1963 var gerð breyting á vegal. Þá var stofnaður svonefndur Vegasjóður, og ríkissjóður afhenti honum nokkra tekjustofna, sem hann hafði áður haft. Hann afhenti honum benzínskattinn. En áður hafði ríkið tekið í sinn sjóð 1.14 kr. af hverjum benzínlítra. Ríkissjóður afhenti Vegasjóði einnig gúmmígjald svonefnt og þungaskatt af öllum bifreiðum. Það er mjög auðvelt að reikna út, hvað þetta framlag ríkisins, þ. e. a. s. benzínskatturinn, sem ríkið afsalaði sér til Vegasjóðs og gúmmígjaldið, er stór hluti af tekjum Vegasjóðs samkv. þeirri vegáætlun, sem nú liggur fyrir, t. d. fyrir árið 1969. Það er dálítið erfiðara að reikna út þungaskattinn, því að breytingarnar á honum voru þannig, en þó er hægt að komast nokkuð nálægt þessu, og sú áætlun, sem ég hef gert um þetta í heild, sýnir það, að af þeim 482.9 millj. nettó, sem áætlað er, að Vegasjóður hafi í tekjur af þessum tekjustofnum, sem ég nefndi, munu 144 millj. vera af þeim tekjustofnum, sem ríkissjóður afhenti Vegasjóði árið 1963, um 144 millj., en samkv. því, sem ég sagði áður, hefði ríkissjóður þurft nú að leggja fram til þessara mála eða þyrfti á þessu ári að leggja

fram 249 millj., til þess að notagildi þess framlags væri jafnmikið og ríkisframlagsins til vega- og brúagerða 1958. Þarna vantar því röskar 100 millj. frá ríkissjóði, til þess að hann leggi fram jafnmikið fé til vegamála nú eins og hann gerði fyrir 11 árum. Það eru rúmar 100 millj. En í staðinn fyrir það, að hæstv. samgmrh. krefjist þess, að ríkið leggi nú fram til þessara mála ekki minna heldur en gert var fyrir 11 árum, þá leggur hann hérna fram frv. um það, að það skuli enn hækka benzínskattinn, sem þeir þurfa að borga, sem nota þá nauðsynjavöru, og hækka hann mikið. Nú er á það að líta, að á þessum 11 árum, sem ég hef hér nefnt, síðan 1958, hafa tekjur ríkissjóðs margfaldazt, og tekjur ríkissjóðs af innfluttum ökutækjum og varahlutum til þeirra hafa líka margfaldazt, þannig að ríkissjóður stæði vel við það áreiðanlega að leggja fram ekki minna fé til þessara mála heldur en hann gerði fyrir 11 árum, og vitanlega ætti hann að leggja fram miklu meira, þegar litið er til þess, hvað ríkistekjurnar hafa vaxið stórkostlega á þessu tímabili. Hann ætti að gera það. En í staðinn fyrir að heimta, að það sé gert, leggur hæstv. samgmrh. fram þetta frv. um að bæta enn einum skatti á nauðsynjavörur almennings. Þetta kalla ég lélega frammistöðu.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
4. gr. samþ. með 21:4 atkv.
Brtt. 687 (5. gr. falli niður) samþ. með 22 shlj. atkv.
6. gr. (verður 5. gr.) samþ. með 21 shlj. atkv.
7. gr. (verður 6. gr.) samþ. með 21 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 22:1 atkv.

Á 92. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr. (A. 706).

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 26 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 27:2 atkv. og afgr. til Ed.

Á 91. fundi í Ed., 12. maí, skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 92. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 1. umr.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Frv. um breyt. á vegal. nr. 71 30. des. 1963 hefur verið afgr. frá Nd. með þeirri breyt., að burt var felld 5. gr. frv., sem kvað svo á að fella niður undanþágur af skólabifreiðum. Hæstv. samgmn. Nd. gat ekki fallizt á þetta, féllst ekki á þá breyt. frv. En það, sem felst í þessu frv., er það að hækka benzíngjald, eins og fram kemur í 4. gr. frv., og að heimila að taka í sýsluvegatölu ýmsa aðra vegi, sem höfðu heyrt til landsbrauta.

Eins og sjá má í 1. gr. frv. er upptalning á undanþáguákvæðum um landsbrautir í 5. málsgr. 12. gr. vegalaga felld niður, þ. e. kirkjustaðir, félagsheimili, opinber skóli eða heilsuhæli, fullgerð raforkuver, kauptún með færri en 300 íbúa eða tenging milli aðalleiða en í staðinn koma orðin „veg að kauptúni."

Samkv. annarri gr. frv. kemur ný grein eftir 1. málsgr. 19. gr. um sýsluvegi, sbr. niðurfellinguna í 1. málsgr.

Samkvæmt 3. gr. er gerð sú breyt. á síðasta málsl. 2. málsgr. 28. gr., að hinir mörgu smávegir, þ. e. 393 talsins, sem nú færast úr flokki þjóðvega í flokk sýsluvega, hafa ekki bein áhrif á skiptingu ríkisframlags til sýsluvega, að svo miklu leyti sem sú skipting miðast við lengd sýsluvegakerfis hverrar sýslu, en í 2. málsgr. 38. gr. vegal. segir, að mótframlag ríkisins til hverrar sýslu skuli aldrei vera lægra heldur en helmingur þess, sem viðkomandi sýsla lagði sjálf í sýsluvegasjóð sinn það ár, sem ríkisframlagið miðast við. Á þessu verður engin breyt. en ekki heldur ætlazt til, að viðbót sú við sýsluvegakerfið, sem hér um ræðir, hafi áhrif á skiptingu mótframlagsins, en heildarupphæð mótframlagsins nemur tvöfaldri heildarupphæð innheimtra sýsluvegagjalda næsta ár á undan. Hins vegar er gert ráð fyrir því að auka framlag nokkuð til sýsluvegasjóða á árunum 1970–71 og 1972, til þess að sýsluvegirnir standi ekki verr að vígi heldur en áður var.

Samkv. 4. gr. frv. er lagt til, að benzíngjald hækki um 1 kr. fyrir hvern lítra. Gjaldið er nú 4.67 kr. fyrir hvern lítra, og í aths. er greint frá, hver tekjuaukning Vegasjóðs mundi verða af þessari hækkun á áætlunartímabilinu, en hún er, eins og sjá má, að árið 1969, frá 1. júní, er gert ráð fyrir, að tekjurnar verði 29.1 millj., en það er vegna þess, að það eru 5 mán. liðnir af árinu og síðustu mánuðir ársins koma ekki inn á þessu ári sem tekjur, heldur teljast sem tekjur á árinu 1970, og 1970 er gert ráð fyrir, að tekjuaukningin nemi 72.1 millj., 1971 76.8 millj. og 1972 82.6 millj. Þessar tekjur til vegakerfisins bætast við þær till., sem fylgdu þeirri till. til vegáætlana, sem hefur verið til meðferðar nú að undanförnu á árunum 1969–1972.

Nú heyrast þær raddir, að benzínverð hér á landi sé orðið það hátt, að á það sé ekki bætandi og þess vegna sé vafasamt um réttlæti þessa frv., en þess ber að geta, að benzínverð hér á landi er ekki hátt miðað við það, sem gerist í nágrannalöndunum. Ef við athugum okkar nágrannalönd, þá kemur í ljós, að á Íslandi er benzínverð nú 11 kr. og verður eitthvað rúmlega 12 kr. eftir hækkunina, ef frv. verður samþ., það er benzín af beztu tegund, 93 oktan, en í Noregi er benzínverð 14.90 til 15.40, það er misjafnt verð eftir landshlutum, en þetta er lakara benzín, það er 90, og í Danmörku 90 á 14.65, í Svíþjóð aðeins betra benzín, 94 oktan, 15–15.50, í V-Þýzkalandi 13,45, það er ekki getið um tegund benzíns, í Hollandi er það 87 oktan, 12.45–12.90, Skotlandi 91 oktan, 12.90–13.95, Í Englandi 91 oktan, 12.60–12.80.

Af þessu má sjá, að benzínverð hér er talsvert lægra þrátt fyrir þessa hækkun, heldur en gerist í nágrannalöndunum, og munu margir telja, að það sé ekki eðlilegt, þar sem við búum í strjálbýlu landi með löngu vegakerfi, þar sem mikið er ógert, enda býst ég við því, að allur almenningur, þegar hann áttar sig á þessu, telji ekki benzínið dýrast, heldur miklu frekar kaupverð bílanna sjálfra og ýmsa varahluti til þeirra.

Það liggur í augum uppi, að um leið og við gerum

kröfur um bætta vegi, sem allir gera núna í auknum mæli, þá verður að tryggja tekjur til Vegasjóðs. Tekjur Vegasjóðs verða nú, sérstaklega ef þetta frv. verður samþ., allmiklu hærri heldur en á síðasta áætlunartímabili. Á síðasta áætlunartímabili eftir endurskoðunina, sem fram fór 1967, voru tekjur Vegasjóðs á árunum 1965—1968 1487.4 millj. kr., en á tímabilinu 1969—1972 yrðu þær 2480.6 millj. Þetta er 67% hækkun, en á þessu tímabili hefur vegagerðarvísitalan hækkað um ca. 35%. Með því að vélakosturinn hefur batnað talsvert nú í seinni tíð og vegagerð að því leyti ætti að nýtast betur og vegagerðarvísitalan hefur ekki hækkað þó meira heldur en þetta er ljóst, að það er meira fjármagn til vegagerðarinnar nú, heldur en áður hefur verið, enda er ætlað að ráðast í ýmsar framkvæmdir nú umfram það, sem áður hefur þótt fært að gera. Til viðbótar þeirri tekjuaukningu, sem leiðir af benzínhækkuninni, hefur ríkissjóður fallizt á að taka að sér að greiða vexti og afborganir af þeim lánum, sem hvíla á landsbrautum. Um leið og till. til vegáætlunar var lögð fram þá lýsti ég því yfir, að ríkissjóður hefði fallizt á að taka að sér að greiða á árunum 1970—72 vexti og afborganir af láni, sem hvílir á Siglufjarðarvegi, en það eru tæpar 9 millj. kr. á ári. En til viðbótar þessu tekur ríkissjóður að sér að greiða öll önnur lán landsbrauta og þjóðbrauta, og nemur þetta 53.5 millj. kr. á áætlunartímabilinu. Þá hefur verið fyrir því séð að létta greiðslum af Vegasjóði af þeim lánum, sem hvíla á hraðbrautum, að öðru leyti en því, að Vegasjóður mundi áfram greiða 6.8 millj. á ári í vexti og afborganir af Reykjanesbraut. En á þessu ári greiðir ríkissjóður vexti og afborganir af lánum, sem hvíla á hraðbrautum, 39 millj. kr., og verður það aðeins minna ár hvert en 1970, 1971 og 1972. En greiðslur vaxta og afborgana á þessum árum, sem ríkissjóður tekur að sér, nema 255.8 millj. kr.

Það er ekki margt meira um þetta frv. að segja út af fyrir sig. Ljóst er, hver tekjuaukningin verður, sem af þessu leiðir. Það kom í ljós, þegar fjvn. ætlaði að fara að afgreiða till., að fjárveitingarmönnum fannst landsbrautir og þjóðbrautir fá of lítið fé með því að samþykkja till. óbreytta. Þess vegna var það, að fjvn. öll samþykkti áskorun um það að hækka benzínverðið eins og hér greinir til þess að hækka það fjármagn.

Herra forseti. Mér er tjáð, að það vanti atkv. í Nd., og af því það hefur aldrei áður skeð, að ég væri truflaður í miðri ræðu til þess að fara í aðra deild í atkvgr., þá vildi ég leyfa mér að spyrja hæstv. forseta, hvað hæfir í þessu efni. Á ég að gera hlé á ræðu minni og fara til atkvgr., eða vill hæstv. forseti bara gera svo vel að bíða í eina mínútu á meðan ég geng yfir? **(Forseti:** Það er sjálfsagt að verða við þeim tilmælum að fresta umr. örstutta stund, ef óskað er eftir.) – [Fundarhlé.]

Sumir hv. þm. hafa nú sagt, að ef till. hefði verið samþ. óbreytt, þá hefðu engar framfarir orðið við landsbrautir eða þjóðbrautir. Þetta er náttúrlega ekki rétt, en hitt get ég viðurkennt, að vitanlega er æskilegt að auka fjármagn til þjóðbrauta og landsbrauta, því þörfin er brýn um allt landið. Það dylst engum, það eru auknar kröfur, sem koma fram hjá þjóðinni. Það þykir ekki nóg nú, sem áður þótti gott, og þrátt fyrir það, þótt vegakerfið hafi farið stórum batnandi undanfarin ár, þá vitanlega er ákaflega margt ógert enn þá í okkar vegamálum. Og við gerum ráð fyrir því að auka fjármagn til veganna nú um 67% frá því, sem ákveðið var, þegar vegáætlunin var endurskoðuð 1967, og leiðir það vitanlega af sér, að vegaframkvæmdir verða allmiklu meiri. Það er gert ráð fyrir því að hefjast handa við gerð hraðbrauta með varanlegu slitlagi og þá fyrst og fremst á þeim leiðum, sem fjölfarnastar eru. Það er leiðin hér frá Reykjavík og upp að Þingvallavegi og helzt alla leið upp í Kollafjörð. Það eru 2800 bifreiðar á dag, sem fara þennan veg. Þegar komið er upp í Kollafjörð, minnkar umferðin verulega, en á austurleiðinni eru það 1770 bifreiðar, samkv. umferðartalningu í Svínahrauni, og er það fjölfarnasti þjóðvegurinn, þegar Vesturlandsveginum er sleppt. Það sem umferðin er orðin svona mikil, þá er tæplega gerandi að halda þessum vegum við sem malarvegum, þótt miklu fjármagni sé til þess varið, og það er nú enginn vafi á því, að ef það tækist að koma varanlegu slitlagi á þá vegi, sem fjölfarnastir eru og sem dýrastir eru í viðhaldi, þá mundu aðrir njóta þess og fá meira í sinn hlut af því fé, sem notað yrði til vegaviðhalds. Við getum t. d. minnzt þess, hversu mikið vegaviðhaldsfé fór í Keflavíkurveginn gamla á meðan hann var malarvegur. Það var alltaf verið að hefla þann veg, jafnvel kvölds og morgna. Það var verið að reyna að setja ofaníburð í holurnar og halda honum akfærum, en þetta var gersamlega ómögulegt. Það fóru miklar fjárhæðir af viðhaldsfénu í þennan veg á meðan hann var malarvegur, en síðan varanlegt slitlag var sett á hann hefur þetta vitanlega sparazt og meira af viðhaldsfé þess vegna orðið til skipta annars staðar á landinu. Þannig mundi það verða, þegar varanlegt slitlag er komið á veginn hér upp í Kollafjörð og austur yfir fjall. Þá sparast geysilegar upphæðir í viðhaldsfé, sem nýtast annars staðar á landinu. Þess vegna kemur það öllum landsmönnum til góða, ef það mætti takast að koma varanlegu slitlagi á fjölförnustu vegina. En það er bezt að játa það og gera sér alveg grein fyrir því, að það verður ekki hægt að gera stórátök eða að gera varanlega vegi á stuttum tíma nema til þess fáist lánsfé og lánsfé til vegaframkvæmda má ekki taka nema hagstæð lán fáist. Það þarf að vera til langs tíma, og það þarf að vera með vægum vöxtum. Samkv. þeirri till., sem nú liggur fyrir um vegaframkvæmdir hraðbrauta, er gert ráð fyrir lántökuheimild allt að 800 millj. kr. í þessu skyni. Á það reynir, hvort slíkt lán fæst, sem þykir fært að taka til vegaframkvæmda, sem verður að vera hagstætt lán.

Herra forseti, ég sé ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um þetta mál að svo stöddu, en legg til, að að lokinni þessari umr. verði málinu vísað til 2. umr. og hv. samgmn.

Páll Þorsteinsson: Herra forseti. Frv. þetta um breyt. á vegal. stendur í nánu sambandi við vegáætlun þá, sem nú er unnið að að setja, því að veigamesta ákvæði þessa frv. er það að hækka skuli benzínskatt um 1 kr. á lítrann og fá á þann hátt auknar tekjur til Vegasjóðs. Þetta frv. minnir okkur á það, enn á ný, hvað verðbólgan er viðsjál og hefur margháttaðar afleiðingar í þjóðfélaginu. Nú er svo komið, að enginn atvinnurekstur er lengur óhultur fyrir hinni miklu verðbólgu, og framkvæmdakostnaður vex sí og æ, eftir því sem

verðlagið verður hærra, en framkvæmdaþörfin helzt eigi að síður. Þetta frv. minnir okkur enn fremur á það, að í þjóðfélagi, þar sem efnahagsmál eru á þennan veg, þá hefur það mjög takmarkað gildi að gera áætlanir til margra ára, þó að sú skipan, sem vegal. mæla fyrir um, sé í sjálfu sér eðlileg og heilbrigð. En þm. hafa nú með höndum þetta verkefni, að setja vegáætlun til 4 ára, og þá verður það mjög augljóst, að verkefnin í vegagerð eru enn sem fyrr mjög mikil. Það er eftir að leggja að fullu veg umhverfis landið, og landsbrautir víða út um héruðin eru í því horfi, að ekki verður við annað unað en halda áfram með framkvæmdir í þeim efnum. Skattahækkanir eru að sjálfsögðu ekki ákjósanlegar, og það má segja, að þær ýmist miði að því að hækka verðlagið eða koma fram sem afleiðing af hinu háa verðlagi og hinu óstöðuga gengi, þar sem óhjákvæmilegt er að halda áfram framkvæmdum í allverulegum mæli. Nú virðist því svo, þegar þessi mál eru skoðuð í samhengi – þetta frv. og vegáætlunin – og með tilliti til þeirra stóru verkefna, sem óleyst eru í vegaframkvæmdum, að það sé naumast annað fyrir hendi, heldur en val milli tveggja kosta. Annars vegar það að auka tekjur Vegasjóðs verulega, eins og að er stefnt í þessu frv., eða hitt, að framkvæmdir, sérstaklega í landsbrautum og þjóðbrautum, dragist saman, frá því sem verið hefur, og verði engan veginn í því horfi, sem brýn nauðsyn krefur. Ég vil segja, að þegar litið er á málið frá þessum sjónarhól, þá tel ég þann kost skárri að auka tekjur Vegasjóðs, heldur en að fella niður að miklu leyti framkvæmdir í landsbrautum og þjóðbrautum í næstu 4 ár. Ég tel því, að gildar ástæður séu fyrir því, að frv. þetta er fram komið.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv. og til samgmn. með 18 shlj. atkv.

Á 94. fundi í Ed., 13. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 706, n. 741).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 17 shlj. atkv.

Frsm. (Jón Árm. Héðinsson): Herra forseti. Samgmn. kom saman til fundar í morgun og athugaði frv., og eins og fram kemur í nál. 741, eru menn sammála um að mæla með stuðningi við frv., en einn nm., 1. þm. Vesturl., ritar þó undir með fyrirvara.

Ég þarf raunverulega ekki að hafa mörg orð um þetta frv. Hæstv. samgmrh. gerði grein fyrir frv. hér í d. í gær. Þar kemur fram, að aðalefni þess er hækkun á benzínlítra um 1 kr. til að mæta auknum tekjum, vegna þess að þörf er á auknum tekjum í vegakerfið um allt land, og það munu allir landsmenn njóta þess. Tekjuaukning á tímabilinu frá 1969 til 1972 er áætluð um 260 millj., og samkv. yfirliti, sem ég fékk rétt áðan frá fjhn., mun það skiptast þannig, að alls munu fara í þjóðbrautir 96.6 millj., en 193 á landsbrautir. Mér skilst, að það hafi verið búið að ræða þessa tekjuaukningu í þingflokkunum áður og hún hafi verið samþ. þar vegna nauðsynjar á því að gera átak í vegamálunum og raunverulega sé því samstaða um þetta mál í heild, þó að í svona stóru máli geti komið fram lítils háttar mismunandi sjónarmið varðandi einstaka vegi eða vegarspotta, en því miður fær Ed. í þessu máli, eins og fleirum, nauman tíma, og við áttum þess ekki kost að kryfja þetta mál til mergjar og leggjum það því til stuðnings, eins og fram kemur á þskj. 706 eftir umr. í Nd. Ég vildi biðja hv. dm. að líta á það og bera saman við frv. sjálft. Að svo mæltu mæli ég með stuðningi við frv. og hef þessi orð ekki fleiri.

Ásgeir Bjarnason: Herra forseti. Í grg. varðandi 2. gr. þess frv., er hér um ræðir, stendur: Í b-lið er hins vegar tekið fram, að vegir að kirkjustöðum, félagsheimilum, opinberum skólum og heilsuhælum skuli vera í tölu sýsluvega, þ. e. þeir vegir, sem áður voru landsbrautir, samkv. undanþáguákvæðum 12. gr. vegal.

Hér er að vísu ekki um stórt mál að ræða, og er breyt. þessi til sparnaðar fyrir Vegasjóð ekki stórvægileg, en aftur á móti eru tekjur sýsluvegasjóða ekki miklar miðað við þau verkefni, sem fyrir liggja. Þau sýslufélög, sem engin kauptún hafa, eru mörg með í kringum hálfa millj. kr. í árstekjur, og nægir það vart fyrir svo mikið sem hálfum km í nýbyggðum vegi samkv. þeim upplýsingum, sem Vegagerð ríkisins telur meðalkostnað við km í vegi, frá 800 þús. upp í 1.2 millj. kr.

Í till. til þál. um vegáætlun fyrir árið 1969 til 1972 er á bls. 53 gerð grein fyrir sýsluvegum. Þar kemur það fram, að sýsluvegir lengjast á þessu ári um 430 km og verða því alls 2572 km. Eins og hv. þm. rekur minni til, féll úr gildi við s. l. áramót hið svokallaða 5 ára ákvæði vegalaganna, en það var um það, að vissir vegir, sem voru komnir áður í þjóðvegatölu, en voru teknir inn samkv. nýju vegal. aðeins til 5 ára, féllu allir út við s. l. áramót og lengja því talsvert sýsluvegakerfi landsins. En engar auknar tekjur fá þó sýsluvegasjóðirnir samkv. því frv., sem hér um ræðir, utan 1 millj. kr. á ári, sem er fylgifé með b-lið 2. gr., þ. e. þeirra staða, sem ég taldi upp í byrjun míns máls. Hér er gert tvennt í einu, annars vegar eru lagðar nýjar álögur á þegna þjóðfélagsins með hækkun á benzínskatti um 1 kr., og á hinn bóginn veltir Vegasjóður af sér verkefnum, sem honum voru ætluð samkv. vegal. í upphafi. Nú veit ég það vel, að Vegasjóður hefur ekki úr miklu fé að moða miðað við verkefni, og ég vil taka það fram, að ég styð þá tekjuöflun, sem frv. þetta felur í sér, og það geri ég af illri nauðsyn, því af tvennu illu vil ég heldur borga benzínskattinn en horfa fram á það, að vegir verði illfærir áfram, og það kostar líka sína peninga að eyða benzíni á slæmum vegum og eyðileggja einnig bíla á vegleysum, þannig að ég hygg, að þegar þessi mál eru tekin til athugunar hvort tveggja í senn, þá verði benzínskatturinn hagfelldari, heldur en aka áfram á vondum vegum og eygja enga bót á vegakerfinu framvegis. Og með tilliti til þess styð ég þessa tekjuöflun. Ég þekki það af eigin raun, að sýsluvegasjóðir geta ekki svo vel sé bætt við sig auknum verkefnum og leyst þau nema til komi auknar tekjur hjá þeim. Ég er á móti b-lið 2. gr. og óska eftir, að þegar kemur að atkvgr. um þetta mál, þá verði hann sérstaklega borinn undir atkv. Ég sé ekki ástæðu til að bera fram till. að þessu sinni um auknar tekjur fyrir sýsluvegasjóði, en hjá því verður ekki komizt til lengdar, þar sem þeir eru nálægt því fjórði hluti af

vegakerfi landsins, en hafa þó ekki nema u. þ. b. 20 millj. kr. í árstekjur, bæði til viðhalds og nýbyggingar. En aftur á móti hafa þjóðvegirnir um 200 millj. kr. til nýbyggingar og viðhalds. Sýsluvegasjóðir hafa samkv. vegáætlun 1968 1 kr. á móti hverjum 10 kr., sem þjóðvegakerfið hefur í árstekjur, en sýslurnar þurfa hins vegar að sjá um hvern einn km á móti hverjum þremur, sem tilheyrir þjóðvegakerfinu. Hér er því augljóst mál, að það hallar verulega á sýslufélögin og ekki hvað sízt, þegar haft er í huga, að oftast eru það þau sýslufélögin eða þær sýslurnar, sem fámennastar eru, sem hafa jafnframt lengstu sýsluvegina. Hér þarf því aukinn jöfnuð frá því sem nú er á milli sýslufélaganna innbyrðis samhliða því, sem sýsluvegasjóði vantar aukið fjármagn til þess að valda verkefnum sínum. Ég vildi láta þetta sjónarmið koma fram nú, enda þótt ljóst sé, að þeir er völdin hafa hlusti frekar eftir öðru um þessar mundir en á þær raddir, sem tilheyra útkjálkabyggðum.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
2. gr. a-liður samþ. með 16 shlj. atkv.
2. gr. b-liður samþ. með 11:6 atkv.
2. gr. c-, d- og e-liðir og síðasta málsgr. samþ. með 15 shlj. atkv.
3.—6. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 17 shlj. atkv.

Á 95. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 15 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 17 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 761).

---

55. Stjórnarráð Íslands.

Á 1. fundi í Sþ., 14. okt., var útbýtt frá Nd.:
Frv. til l. um Stjórnarráð Íslands [2. mál] (stjfrv., A. 2).

Á 3. fundi í Nd., 17. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Forsrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Löggjöf, sem gildir um Stjórnarráð Íslands, er mjög í molum. Segja má, að stofn hennar sé lög um aðra skipun á æðstu umboðsstjórn Íslands nr. 17 frá 1903. Síðan var gerð breyting á þeirri löggjöf með l. nr. 1 frá 1917 um aðra skipun á æðstu umboðsstjórn Íslands. Lög frá 1903 voru um stofnun Stjórnarráðs Íslands eftir að innlendur ráðh. hafði verið skipaður, og lög frá 1917 eru sett vegna fjölgunar ráðh. úr 1 í 3. Síðan er gerð breyting á þessum l. 1938 og þá fjölgað rn. eða ráðuneytisstjórum, skrifstofustjórum eins og þá var kallað, úr 3 í 4, og var það vegna stofnunar sérstaks utanrrn. Síðan hefur ekki verið gerð breyting á þessum l., en þó hefur rn. verið fjölgað, þannig að talið er, að fyrir utan þau 4 rn., sem þarna eru lögboðin, hafi þeim til viðbótar verið sett 7, en eitt þeirra lagt niður aftur, og er þó nokkurt áhorfsmál um þá tölu, vegna þess að í þeim rn., sem nú eru fyrir hendi, er talað um fleiri en eitt rn. Þannig er iðulega talað um sjútvmrn., landbrn., iðnmrn., og öll hafa þessi rn. að því er ég hygg a. m. k. sérstakan bréfhaus, og ráðh. kenna sig öðru hverju eða ásamt öðru við þessi rn. En bæði sjútvmrn. og landbrn. eru hluti af atvmrn., sem nú er orðið sjaldgæfara að tala um, og iðnmrn. a. m. k. öðrum þræði hluti af samgmrn. nú á seinni árum, svo að allt er þetta mjög óljóst og óvíst, hvernig raunveruleg skipan þessara mála er.

Það má að vísu segja, að það sé ekki mikill skaði, þó að ekki sé jafnóðum eða fyrirfram sett löggjöf um allar breytingar, sem eigi að verða, réttarvenja sé oft hollari þróun heldur en bein lagasetning, en þá því aðeins, að réttarþróunin beinist í holla átt. En ég hygg, að ekki verði komizt hjá því að játa, að þær breytingar, sem orðið hafa á Stjórnarráðinu og starfsháttum þar, eru mjög handahófskenndar og hafa í ýmsum efnum leitt til glundroða, þannig að það er þörf fastmótaðri fyrirmæla og að verulegu leyti annarrar skipunar heldur en nú er. Þetta varð til þess, að á sínum tíma flutti ég þál. um, að þessi löggjöf yrði tekin til endurskoðunar, og var sú till. samþ., með nokkrum breytingum þó, á þinginu 1958. Í framhaldi af þeirri þál. skipaði svo þáv. hæstv. ríkisstj. eða hæstv. forsrh., Hermann Jónasson, sérstaka n. til þess að annast þessa endurskoðun, og skilaði hún á sínum tíma, fyrir nokkrum árum, allmiklum lagabálki, sem hét Frv. til l. um Stjórnarráð Íslands. Það var þó skoðun ríkisstj., þegar hún fékk þetta frv., að það leysti í raun og veru ekki úr þeim vanda, sem hér krafðist úrlausnar. Það má segja, að frv., sem n. samdi, hafi í raun og veru haft eina meginbreytingu, breytingu, sem að vissu leyti stefndi í rétta átt. Hún var sú, að ekki mætti setja ný rn. eða afnema gömul nema með beinni lagaheimild. Þetta er þörf breyting, en þetta er líka meginbreytingin, sem setja átti með þessum mikla lagabálki eða frv., sem n. frá 1958 samdi. Að öðru leyti er aðalefni þess frv. um það, að kveða á með l. og fastbinda í l., hvaða málefni skuli heyra undir hvert rn. Þá er ýtarleg upptalning, nytsamlegt starf er út af fyrir sig að gera um þetta heildaryfirlit. Að vísu er þar að langsamlega mestu leyti stuðzt við þá forsetaúrskurði, sem fyrir hendi voru, en það er engu að síður góðra gjalda vert, að þetta yfirlit var samið. Frv. með þessu yfirliti getur hv. n., sem nú fær málið væntanlega hér til meðferðar, fengið til athugunar. En ríkisstj. taldi, að frv. sjálft væri þrátt fyrir allmikla lengd ekki svo viðamikið, að það tæki því að lögfesta það út af fyrir sig í því formi, sem þar var. Það hefur síðan dregizt úr hömlu, kannske lengur en vert hefði verið, að sinna málinu aftur. En svo var gert á því sumri, sem nú er að líða, og það frv. samið, sem hér er nú lagt fram. Í því eru nokkur nýmæli, sem ég skal stuttlega gera grein fyrir.

Það fyrsta er, að nú er berum orðum kveðið á um, að ekki má leggja erindi til staðfestingar fyrir forseta Íslands, nema það hafi áður verið borið upp á ráðherrafundi. Um þetta hefur gilt sú venja hér alla þá tíð, sem ég er þessum málum kunnugur, að allmörg mál hafa verið borin upp fyrir forseta án þess að vera tekin fyrir á

ráðherrafundi og jafnvel án þess að ráðh. vissu um, að þeirra væri von. Að vísu má segja, að flest þeirra mála, sbr. náðanir, skipun ræðismanna og skipun í sum embætti, séu þess efnis, að aðrir ráðh. en sá, er málið heyrir undir, hafi enga löngun til þess að skipta sér af þeim efnum. En vegna fyrirmælanna um ráðherraábyrgð, þar sem ráðh. getur hlotið stjórnskipulega ábyrgð af athöfn embættisbróður síns, ef hann lætur hana afskiptalausa, er eðlilegt, að ráðh. eigi þess kost að fylgjast með öllum meiri háttar aðgerðum í þessum efnum og þá auðvitað ekki sízt undirbúningi þeirra mála, sem eru samkv. stjórnarskránni eða lögum og venju talin svo mikilsverð, að þau eigi að koma undir staðfestingu eða endanlega ákvörðun forseta. Nú mætti auðvitað segja, að það nægði, að ráðh. hefðu aðgang til þess á ríkisráðsfundi að gera aths. við till. sinna starfsfélaga, en það er þó hæpið að gera það eftir að mál er komið í tillögugerð á ríkisráðsfundi og leggja þá til, að forseti synji tillögugerð annars ráðh. Hitt er miklu eðlilegra að lögfesta, að ekkert megi leggja til við forseta í þessum efnum, nema það sé fyrst borið upp á ráðherrafundi. Þetta er ekki ýkja mikilsverð breyting, en ég tel þó, að frá stjórnskipulegri hugsun sé hún eðlileg og raunar nauðsynleg, eins og ég sagði, með tilliti til þeirra reglna, sem gilda um ráðherraábyrgð, auk góðra samstarfshátta milli samstarfsmanna. Þetta er ekki lagt til nú vegna neins sérstaks áreksturs, sem orðið hafi af þessu tilefni, heldur einungis til þess að taka upp í því lögformlegri stjórnarhætti heldur en verið hefur.

Þá er næst lagt til, að það sé lögfest, að fundargerðir á ráðherrafundum séu haldnar, það sé bókað, sem þar gerist, og sérstakur maður annar en ráðh. mæti á fundinum til þess að annast þær bókanir. Ég hef talið rétt, að þetta væri lögfest, þó að nú allra síðustu ár sé þetta orðin föst venja. Það er rétt, að þessi háttur hefur öðru hvoru verið hafður á áður, en einungis öðru hvoru og þá ýmist þannig, að einhver ráðh. hefur bókað það, sem gerzt hefur, eða annar sérstakur fulltrúi verið fenginn til þess. Ég geri ráð fyrir, að menn hafi talið óheppilegt að fá utanaðkomandi mann til þess að vera á þessum ráðherrafundum og þess vegna hafi það fallið niður öðru hvoru að hafa bókanir með þessum hætti. Nú hefur þetta verið tíðkað um nokkurra ára tímabil og ekki komið að sök, heldur hygg ég, að allir séu sammála um, að hér sé um verulega umbót að ræða. Eins er það, og það þekkja allir, sem þessum málum eru kunnugir, að áður fyrri var það iðulega, að menn greindi á um það eftir á, hvað ákveðið hefði verið, um hvað hefði orðið samkomulag. Slíkt getur ætíð orðið, þegar meiri háttar ákvarðanir eru teknar, jafnvel þó að allir séu sammála og allir séu úr sama flokki, hvað þá þegar ákvarðanir eru oft teknar að undangengnum samningum í vandasömum málum. Þá er auðvitað alveg nauðsynlegt, að það liggi fyrir beinlínis bókað, hver ákvörðunin hefur verið. Þess vegna er hér sjálfsagt ákvæði, þó að eins og ég segi það sé ekki hægt að segja, að það sé algert nýmæli vegna þeirrar venju, sem á hefur komizt, og ég mundi vilja treysta því, að sú venja héldist, þó að þessi löggjöf væri ekki sett, en víst er réttara, að um þetta séu bein fyrirmæli.

Þá er ákvæðið um það, hversu mörg rn. skulu vera í Stjórnarráðinu. Eins og ég sagði áðan, í upphafi máls míns, hefur þróunin orðið sú, að nú eru lögfest fjögur rn., en talið, að 7 hafi bætzt þar við og þó í framkvæmd óákveðinn fjöldi, ef svo má segja, til viðbótar, án þess að um glögga greiningu sé að ræða. Þetta er ákaflega óheppileg skipan, og það er eðlilegt, að Alþ. ætli sér einu, eins og í upphafi og fram til 1938 var líka gert, ákvörðunarvaldið um það, hversu mörg rn. skulu vera, enda er bæði skýrt tekið fram í 4. gr. um fjölda þeirra og síðan tekið fram, að nýjum rn. megi ekki bæta við né afleggja þau, sem fyrir eru, nema eftir beinni lagaheimild. Hitt fer auðvitað nokkuð eftir álitum og má endalaust um deila, hversu mörg þessi rn. skuli vera. Og ég vil skýrt taka fram, að sú upptalning, sem er í 4. gr., er auðvitað hvorki endanleg ákvörðun af hálfu ríkisstj. né fyrirmæli til Alþ., sem ríkisstj. hefur auðvitað ekki heimild til að gefa, um, að þessi eini háttur komi til greina. Hér er um margs konar áhorfsmál að ræða, og ég get vel hugsað mér aðra skipan í einstökum efnum heldur en hér er lögð til. Og eins vil ég skýrt taka fram, að þessi breyting segir auðvitað ekkert fyrir um starfsskiptingu milli núv. ráðh. Það er ekki ætlunin að hagga henni neitt með þessari breytingu. Ef núv. stjórn situr, þegar l. taka gildi, þarf að taka upp nýja samninga um það, hvernig rn. verði skipt. Það er ljóst mál, að þetta liggur þá undir mati. Hér er reynt að finna heppilega lausn þess, hvernig þessum rn. verði skipt og hvernig málum verði skipt þeirra í milli.

Það má segja, að aðalbreytingin frá því, sem nú er, sé sú, að ætlazt er til og berum orðum ákveðið, að höfuðatvinnuvegir landsins fái hver sitt rn., sjávarútvegur, landbúnaður, iðnaður og svo verzlun, sem heyrir þá eðli málsins samkv. undir hið gamla viðskmrn., sem á að haldast. Upphaflega var þetta allt sameinað í atvmrn., en hefur verið að smásplundrast, þó þannig, að landbúnaður og sjávarútvegur eru enn undir hinu upphaflega atvmrn., þó að það hafi lengi tíðkazt, að menn kalli sig ýmist sjútvmrh. og landbrh. og þó að til séu bréfhausar með ráðuneytisnafni hverrar tegundar um sig. Þetta hefur ekki komið að verulegri sök, vegna þess að það er afbragðsmaður, sem er ráðuneytisstjóri í atvmrn., en þessi skipan er auðvitað ekki heppileg eða viðhlítandi til lengdar.

Eins er svo þarna lagt til, að heilbrigðis- og tryggingamál séu tekin undan þeim rn., sem þau nú hafa verið í, heilbrigðismálin undan dóms- og kirkjumálarn. og tryggingamálin undan félmrn. Mér er ljóst, að þetta kann að vera nokkurt áhorfsmál eins og fleira. Ég hygg þó, að sé miðað við nútímalöggjöf, sé svo mikið samband þarna á milli, að það sé eðlilegt, að um einmitt þessa tvo málaflokka sé fjallað af sömu mönnum og í sama rn. Eftirtektarvert er t. d., að einmitt í gær var sagt frá því, að í Bretlandi væri búið að koma á eða væri þessa dagana verið að koma á þessari skipan, að heilbrigðis- og tryggingamálarn. yrði eitt og hið sama. Þar er auðvitað um að ræða miklu flóknari mál heldur en hjá okkur, en þetta er sem sagt einnig þar til íhugunar.

Nú er það auðvitað svo, að þrátt fyrir þessa meginskiptingu er verulegur vandi á höndum að kveða á um, hvernig eigi að deila einstökum málum á hvert rn. Og eins og ég sagði, var það aðalefni nefndarfrv. gamla, að þar var tekið upp og talið rækilega, hvað undir hvert rn. heyrði. Ég hafði það til athugunar eins í sumar, hvort

þessi háttur væri æskilegur, en að athuguðu máli sýndist mér, að það væri eðlilegra, að forsrh. skipti málum niður á milli rn., en þó með þeim fyrirvara, sem er berum orðum fram tekinn, til þess að örugglega sé frá öllu gengið, að mál verður að heyra undir það rn., sem eðli málsins samkv. á með það að fara. Við skulum segja, svo að við tökum einfalt dæmi, að þá er það svo, að samgöngumál greinast í nokkra þætti, en úr því að sérstakt samgmrn. á að vera til, er eðlilegt, að bæði samgöngur á sjó, landi og í lofti og þá einnig Póstur og sími heyri undir það rn., þannig að það væri óheimilt eftir þessari löggjöf með stjórnarúrskurði að ákveða, að samgöngur á landi heyrðu t. d. undir landbrh., á sjó undir sjútvmrh. og Póstur og sími undir iðnmrh. Að greina þannig á milli mundi ekki standast eftir þeirri leiðbeiningu, sem hér er gefin, og eru þannig veruleg takmörk á valdi forsrh. til þess að skipta þessu. Ef þm. hins vegar að athuguðu máli telja það æskilegra að skipta þessu upp, þá hafa þeir það auðvitað í hendi sér, og frv. frá n. getur þar orðið til mikillar leiðbeiningar. Eins gæti verið, að menn vildu fækka rn. frá því, sem þarna er lagt til, eða fjölga þeim enn. Slíkt kemur auðvitað allt til skoðunar undir meðferð málsins.

Það er sérstaklega rétt að vekja athygli á því, að fjmrn. er nokkurs annars eðlis samkv. þessu frv. heldur en hin rn., þannig að fjmrn. samkv. frv. skiptist í þrjár *jafnsettar deildir.* Það er hægt að skipta *hinum rn. í* deildir, þar sem allir deildarstjórar og eftir atvikum skrifstofustjórar eru undir einum ráðuneytisstjóra, en í fjmrn. er ráðuneytisstjóri fjmrn., og síðan er honum jafnsettur hagsýslustjóri yfir hagsýslu- og fjárlagadeild og svo ríkisendurskoðunin undir forstjórn ríkisendurskoðanda. En þó er ætlazt til þess, að öll þessi rn. tilheyri fjmrn. Það hefði verið hægt að greina þarna á milli og láta þetta vera allt sérstök rn. Það þótti okkur ekki eðlilegt, vegna þess að þetta er allt eðli málsins samkv. hluti af fjmrn., en venjan hefur orðið sú, að þessar deildir hafa orðið sjálfstæðar með jafnsettum embættismönnum. Það má segja, að eðlilegt hefði verið að leggja Hagstofuna samhliða undir fjmrn. sem 4. sjálfstæðu deildina þar, en slíkt kemur bæði í bága við upphaflegu l. um Hagstofu, þar sem segir, að hagstofustjóri eigi að heyra beint undir ráðh. og svo við ákvörðun, sem tekin var hygg ég í tíð vinstri stjórnarinnar einhvern tíma á árunum 1956—1958, þar sem hagstofustjóri var af páv. forsrh. gerður ráðuneytisstjóri. Þótti ekki fært eða ástæða til að hagga þeirri ákvörðun nú. En hér er um að ræða álitamál.

Samkv. frv. er svo ætlazt til þess, að fyrirmælin í stjórnarskránni, þar sem segir, að forseti skipti störfum á milli ráðh., verði skilin með þeim fyrirvara eða takmörkum, sem að mínu viti tvímælalaust fær staðizt, að það megi ekki skipta einstökum rn. upp á milli ráðh. eins og nú er gert. Það hefur lengi tíðkazt og í vaxandi mæli má segja, en er þó gamall háttur, að við stjórnarmyndanir og ekki sízt, þegar um samsteypustjórn er að ræða eins og langoftast hefur verið, er einstökum rn. skipt upp á milli ólíkra ráðh., þannig að tínd eru til tiltekin málefni úr einstökum rn. og þau látin í hendur ólíkra ráðh., bæði eftir því, sem hugur þeirra stendur til, og eftir því, sem þykir nauðsynlegt til að skapa jafnræði eða jafnvægi á milli þeirra ólíku flokka, sem taka þátt í stjórnarmyndun. Þetta er að mínu viti ákaflega óheppilegt. Það er mjög varhugavert, að hvert rn. eða eitt einstakt rn. hafi marga húsbændur. Það er eðlilegt, að einn ráðh. sé yfir hverju rn. Ráðuneytisstjóri og starfsmenn þar eigi undir hann að sækja, en ekki undir marga ráðh., marga húsbændur, eins og mjög hefur tíðkazt. Slíkt er lagað til þess að skapa glundroða. Almenningur áttar sig síður á, undir hvern mál heyra. Það getur orðið marghátt aður ágreiningur milli ráðh. bæði um starfsmannaval og eins það, hvernig varið skuli starfskröftum þeirra starfsmanna, sem í rn. eru. Það kemst á þetta meiri lausungarbragur, minni yfirsýn heldur en ef einn maður, einn ráðh., er hverju sinni gerður ábyrgur fyrir sérstöku rn. Hins vegar er sá fjöldi rn., sem nú er ráðgerður, ekki sízt við það miðaður, að hægt sé að koma við svipaðri en þó annarrar tegundar skiptingu og verið hefur, þannig að ætlazt er til, að auðveldara sé að ná jafnvægi með því að hver einstakur ráðh. hafi fleiri rn. undir sér heldur en eitt, eftir því sem atvik standa til, þannig að frv. gefur engan veginn til kynna og í því felst alls ekki, að fjölga eigi ráðh.

Og ég vil taka það fram, að í fyrstu lotu er ekki heldur ætlazt til þess, að ráðuneytisstjórum sé fjölgað, starfsmönnum, eða komið upp sérstökum skrifstofum, heldur taki ákvæðin gildi smám saman eftir því, sem atvik standa til, eftir því sem ráðuneytisstjóraembætti losnar, eftir því sem fé er veitt til á fjárl., og önnur atvik gera það eðlilegt, að þessi skipan komizt á. Hér er sem sagt ekki um að ræða bráðabirgðaráðstafanir, heldur verið að finna grundvöll fyrir heppilegri framtíðarþróun heldur en hefur ætlazt hin allra síðustu ár.

Þá er gert ráð fyrir því, og það er einnig nýmæli, að ráðh. sé heimilt að taka sér til aðstoðar mann, sem hafi sams konar stöðu og deildarstjóri, en starfi einungis jafnlengi og ráðh. sá, sem hann hefur valið. Svipaður háttur er víða annars staðar hafður. Það er mismunandi heiti á þessum trúnaðarmönnum, en þetta er upprunnið í Bretlandi og hefur færzt út þaðan. Hér hafa ráðh. lengi orðið varir þessarar þarfar. Það hefur stundum verið bætt úr því með því, að menn hafa ráðið eins konar bráðabirgðamenn sér til aðstoðar. Í öðrum tilfellum og kannske oftar hefur lausnin verið sú, að ráðh. hafa tekið inn nýja fasta starfsmenn, sem þeir hafa talið sig sérstaklega hafa aðgang að. En hitt verða menn að skilja, að það er eðlilegt, að þegar menn koma að nýjum *störfum í rn., þar sem þeir eru öllum mönnum ókunnugir* og e. t. v. flestir eða allir starfsmenn skipaðir af andstæðingum þeirra, óski þeir eftir að hafa einhverja sérstaka trúnaðarmenn. Starfskraftar ráðh. og rn. í heild notast mun betur, ef þessi háttur er hafður á.

Ég hef orðið þess var, að sumir telja, að bæði þetta ákvæði og ákvæði um fjölgun rn. muni hafa í för með sér aukinn kostnað. Ég tel, að því fari fjarri, að þetta fái staðizt. Í fyrsta lagi má segja, að miðað við núverandi skipan er auðvitað ekki líklegt, að núverandi ráðh., sem hafa verið alllengi, hafi sérstaka þörf til þess að kveðja sér aðstoðarmenn. Það er frekar, að ef breyting verður, þá komi þetta til, og slík breyting getur auðvitað orðið hvenær sem er. En varðandi þetta sérstaka atriði er það svo, eins og ég sagði, að þessi þörf hefur verið lengi fyrir hendi, og hún hefur verið leyst og þá oft með því að ráða menn, sem rn. síðan sitja uppi með sem fasta

starfsmenn. Nú er ætlunin, að ráðh. geti ráðið menn um stundarsakir á þennan veg og þeir fari jafnhliða ráðh. úr starfi, svo að ég hygg, að fyrir utan þann sparnað, sem fæst af hagkvæmara starfsfyrirkomulagi, muni sú raunin einnig verða, að beinlínis varðandi starfsmannahaldið muni það ekki aukast, heldur þvert á móti fyrir þetta nýmæli, alveg eins og betri skipan og starfshættir rn. eiga ekki að leiða til aukins kostnaðar.

Fyrirmælin eiga að taka gildi eins og ég segi smám saman, en þar að auki á að vinnast upp margfaldlega með betri starfsskilyrðum sá kostnaður, sem kynni að leiða af þeirri verkaskiptingu, sem hér er ráðgerð.

Það er ekki hægt að segja um þetta frv., að það hafi grundvallarbreytingar í för með sér frá því, sem verið hefur, en það á að geta leitt til þess, að starfshættir Stjórnarráðsins verði öruggari og betri, hagkvæmari, heldur en verið hefur, og þess vegna er ég sannfærður um, að það stefnir í rétta átt. Ég vonast til þess, að málið fái framgang. Ég legg til, að því verði vísað til hv. allshn. Ég tek það fram, að hér er ekki um neitt flokkspólitískt mál að ræða, og ég óska eftir sem beztri samvinnu við hv. stjórnarandstæðinga um athugun á málinu, vegna þess að hér er um að gera að skapa þá skipan, sem allir geti sæmilega vel við unað.

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. Eins og fram kom hjá hæstv. forsrh., er æðilangt síðan þessu máli var fyrst hreyft hér á hv. Alþ. og það því verið alllengi í athugun, bæði hjá fyrri ríkisstj. og þeirri, sem nú situr. Og niðurstaðan er það frv., sem hér liggur nú fyrir. Það kom fram af því, sem hæstv. ráðh. sagði, að menn hafa yfirleitt verið sammála um, að það væri skynsamlegt að setja löggjöf um Stjórnarráðið, fyrirkomulag þess, og færa þannig fastari skipan á starfsrækslu þess. Ég vil lýsa því yfir, að ég tel það til bóta að setja löggjöf um það efni.

Um þetta frv. vil ég fara örfáum orðum. Mér finnst vera í því þrjú nýmæli, sem ástæða er til að minnast á. Þau eru að vísu fleiri, en þau eru smá og staðfesting á þeim venjum, sem myndazt hafa.

Mér finnst nýmælin vera þessi: Í fyrsta lagi að lögfesta rn., hversu mörg þau skulu vera og ekki megi setja á fót ný rn. nema með l. Þetta finnst mér vera til bóta. Ég vil ekki á þessu stigi málsins fullyrða, að það sé nákvæmlega hitt á rétta punktinn um fyrirkomulag rn. í þessu frv. Ég hef ekki haft aðstöðu til þess að ihuga það svo, að ég sjái ástæðu til að lýsa yfir einhverju um það, en mér sýnist, að í þessu sé nokkur varnagli líka um það, að framkvæmt verði smátt og smátt það, sem gert er ráð fyrir, að endanlega verði um skipan rn., því að heimilt er að hafa sama ráðuneytisstjóra fyrir fleiru en einu rn. fyrst um sinn eftir því, sem ástæða þykir til. Mér sýnist þetta ákvæði skynsamlegt. Þá þarf ekki að rjúka til undir eins og setja upp sérstakar skrifstofur og ráðuneytisstjóra fyrir öll þessi rn., sem hér eru ráðgerð, heldur má gera það eftir því, sem hagkvæmt þykir smátt og smátt. Þar að auki er það náttúrlega engin bylting, sem gert er ráð fyrir í frv. varðandi rn. eins og forsrh. réttilega gerði grein fyrir. En sem sagt, þetta fyrsta nýmæli finnst mér vera til bóta.

Annað atriði, sem ég mundi vilja kalla nýmæli, er að setja í lög, að skipta rn. ekki upp á milli ráðh., þegar samsteypustjórnir eru, og þær eru nú yfirleitt ætíð hjá okkur. Fljótt á litið sýnist mér þetta muni líka vera til bóta, því að það hefur valdið verulegum vandkvæðum, að niðurstaðan hefur orðið sú í þessum samningum um samsteypustjórnir að tæta rn. nokkuð í sundur. Ég held, að menn hefðu bara gott af því aðhaldi, sem lagaákvæði um þetta veittu, og ætti að vera hægt að koma fyrir skynsamlegri verkaskiptingu, þótt margir flokkar eigi hlut að máli eða fleiri en einn, þó ekki væru skorin í stykki rn. Ég mundi því telja, að þetta atriði væri líka til bóta.

Þriðja breytingin, sem mér sýnist í þessu vera, er sú, að ráðh. fái heimild til þess að kveðja sér til aðstoðar trúnaðarmenn, sem sitji með þeim í Stjórnarráðinu á meðan þeir eru. Það er meginstefnan í þessu ákvæði. Þetta ákvæði tel ég líka vera til bóta og hefði átt að vera komið í lög eða a. m. k. hefði átt að vera orðin föst venja fyrir löngu. Á þessu hljóta allir þeir menn að hafa skilning, sem einhvern tíma hafa setzt í ráðherrastól. Eins og forsrh. réttilega tók fram, hefur þessu verið hnikað til með ýmsu móti, en stundum orðið að grípa til annarra en hinna æskilegustu aðferða til þess að koma þessu þannig fyrir. Sumir hafa kannske heldur alls ekki getað komið þessu fyrir eins og þyrfti að vera.

Ég álít, að ráðh., hverjir sem þeir eru, veiti sízt af því að hafa með sér einn handgenginn trúnaðarmann, sem þeir geta valið algerlega sjálfir, og þá pólitískan samherja sinn. Hafa mann með sér í því starfi, að notfæra sér embættis- og sérfræðingakerfið, ekki sízt eins og það er orðið. Ég held, að það veiti sízt af því, að nýr ráðh. t. d. eigi kost á því að koma með slíkan mann með sér þegar í stað. Ég tel, að á þessu sé hin ríkasta nauðsyn, að haga þessu svo. Margar þarfir kalla að hjá ráðh., og þetta fyrirkomulag ætti að taka upp hreinlega undanbragðalaust. Ráðh. eiga þá t. d. betra með að glíma við það eilífðarinnar vandamál allra ráðh. á öllum tímum, að hafa samband við þjóðlífið í öllum þess margbreytilegu myndum og ég vil segja samband við sitt eigið þinglið og sitt eigið stuðningslið. Þetta er sífellt vandamál, sem allir ráðh. eiga við að glíma, að þeir ekki slitni beinlínis úr sambandi við það, sem þeir þurfa að hafa tengsl við. Það er ekki aðeins, að þeirra vandi liggi í því að notfæra sér embættismannakerfið og sérfræðingakerfið og láta það ekki buga sig o. s. frv., heldur kemur einnig til þetta stórkostlega vandamál, að sinna þeim geysilega margbreytilegu málum, sem að kalla, anna þó samt, að slitna ekki úr sambandi við þjóðlífið og við sitt eigið þinglið og sitt eigið stuðningslið. Kröftugur trúnaðarmaður af sama sauðahúsi og ráðh. mundi geta gert mikið gagn í öllum þessum efnum.

Það gæti verið freistandi í þessu sambandi að ræða um önnur efni hliðstæð, en ég ætla ekki að blanda þeim inn í þetta, því það verður sjálfsagt rætt um þau sérstaklega. Það eru hliðstæð vandamál annars staðar í okkar stjórnkerfi, sem þarf endilega að leysa og m. a. sum í þessari stofnun, þ. e. a. s. í Alþ. Það er ekki nokkur vafi á því, að það verður að vinda bráðan bug að því að bæta starfsskilyrði þm. og þingflokka, ég vil segja eitthvað í svipaða stefnu og hæstv. ríkisstj. leggur til með þessu frv., að bætt sé starfsaðstaða í Stjórnarráðinu, þeirra pólitísku manna, sem þar eiga að vera og þar eiga að stjórna. En ég skal ekki blanda því neitt inn í þetta,

því að ég mun styðja þetta frv. og þetta ákvæði og þau önnur, sem ganga í hliðstæða átt einmitt varðandi það, að ráðh. fái að njóta sín. Og ég vil ekki tengja þann stuðning við neitt annað, aðeins í þessu sambandi minna á, að það eru óleyst vandamál varðandi aðstöðu Alþ. og þm. og þingflokka til starfa, sem þarf að ganga í að leysa. Ég hef flutt þáltill., sem ég ætla, að geti orðið til þess, að það mál yrði rætt, áður en langt um líður.

Ég er stuðningsmaður þessa frv. í höfuðdráttum eins og greinilega hefur komið fram af því, sem ég hef þegar sagt.

Gísli Guðmundsson: Herra forseti. Í grg. þessa frv. segir svo, og þess var líka getið af hæstv. forsrh. í framsögu, að Alþ. hefði hinn 30. maí 1958, eða fyrir 10 árum, samþ. þál. um að skora á ríkisstj. að láta fara fram endurskoðun á löggjöf um Stjórnarráð Íslands og leggja fyrir Alþ. lagafrv. um þetta efni „svo fljótt sem verða má.“ Nú eru sem sé liðin 10 ár síðan þessi þál. var samþ., og kunna menn nú að efast um, að afgreiðsla málsins hafi verið látin fara fram „svo fljótt sem verða má.“ En hæstv. forsrh. gat þess nú, að á sínum tíma hefði verið samið frv. um þetta efni, allmikill lagabálkur sagði hann, sem að vísu hefði haft þann ókost að hans dómi, að í því frv. hefði verið lítið annað en staðfesting þeirra venja, sem stofnað hefði verið til með forsetaúrskurðum og á annan hátt. Honum virtist, að vegna þess að lítið annað væri í frv., hefði ekki tekið því að leggja það fyrir Alþ. Framhaldsafgreiðsla þess máls hefur svo orðið sú, að ríkisstj. hefur látið semja frv. það, sem hér liggur fyrir og fjallar um nokkur nýmæli á þessu sviði.

Ég get tekið undir það, sem þm. munu nú yfirleitt hafa verið sammála um fyrir 10 árum, að ástæða sé til þess að setja lög um Stjórnarráð Íslands, og það er ekki nema gott um það að segja, að það skuli hafa verið lögð vinna í það að fá hugmyndir manna um það, hvað í slíku frv. ætti að felast af nýmælum og hvað upp ætti að taka af því, sem í gildi hefur verið um þetta. Og ýmislegt af þessu, sem til er lagt, sýnist mér vera athyglisvert og mjög til umhugsunar. Hins vegar er það nú svo, að við erum víst flest sammála um það, að nú séu erfiðir tímar í landi og eitt af því, sem alþm. þurfi að taka sér fyrir hendur á nýbyrjuðu þingi, sé að athuga leiðir til sparnaðar á ríkisfé. Þess vegna sýnist mér, að enda þótt mörg af þeim atriðum, sem í þessu frv. felast, séu fullrar athugunar verð, orki það mjög tvímælis, að það sé tímabært nú eins og á stendur að ákveða ýmislegt af því, sem í frv. er gert ráð fyrir, eins og það að bæta inn í Stjórnarráðið að mér virðist 11 nýjum embættum ríkislaunuðum, miðað við þá ráðherratölu, sem nú er. Það er að vísu rétt, sem hæstv. forsrh. segir, að í frv. er gert ráð fyrir því, að þó að rn. séu svo mörg, sem þar segir, þurfi ekki að vera svo margir ráðuneytisstjórar. Hann nefndi ráðuneytisstjórana sérstaklega af eðlilegum ástæðum. En það er nú alltaf svo og hefur reynzt svo í okkar löggjöf, að þegar komnar eru inn í löggjöfina heimildir um að stofna til embætta, eru þær heimildir venjulega fljótlega notaðar. Og þegar ráðh. væru búnir að fá heimildir til þess að bæta við 4 ráðuneytisstjórum, er nú hætt við því, að ýmsir reyndu að hafa áhrif á þá í þá átt, er tímar liðu, að þessar heimildir væru notaðar og teldu sig geta fært fyrir því glögg rök um vinnuhagræðingu og annað þvílíkt. Það er gert ráð fyrir því í 15. gr., að sérhver ráðh. hafi heimild til að kveðja sér til aðstoðar sérstakan mann, svona eins konar aðstoðarmann eða aðstoðarráðh., sem gegni störfum meðan sá ráðh. situr á sínum stól, en hætti síðan og víki fyrir öðrum, þegar önnur stjórn verði mynduð, sem út af fyrir sig er eðlilegt samkv. þeirri hugsun, sem í þessu felst. Nú eru ráðh. 7, og þá gæti hér verið um að ræða 7 nýja starfsmenn, að mér skilst, ef þessar heimildir væru notaðar. En auk þess, sem fjallað er hér um fjölgun rn. og um nýja aðstoðarmenn ráðh., þá ætla ég, að í 12. gr. frv. sé heimild til að skipa deildarstjóra rn. skrifstofustjóra þess rn. — þetta orð, deildarstjóra rn. skil ég svo, að þar sé átt við einhvern deildarstjóra í rn. En það er gert ráð fyrir, að þessir deildarstjórar verði áfram eins og nú, þótt ekki sé sérstaklega kveðið á um sérdeildir nema í fjmrn. Þá er í raun og veru það, sem gerzt hefur, ef þetta yrði lögfest, það, að fyrst hafa skrifstofustjórarnir, sem áður voru nefndir, verið gerðir að ráðuneytisstjórum, sem álitið var, að væri nú eiginlega bara breyting á nafni embættis, og svo eru þá komnir skrifstofustjórar að auki, sem að vísu má gera ráð fyrir, að væru jafnframt deildarstjórar, þótt það sé nú ekki beinlínis sagt, en það er orðað svona, að heimilt sé að skipa deildarstjóra rn. skrifstofustjóra þess rn. o.s.frv. A.m.k. skilst mér, að um muni þá verða að ræða einhverja breytingu á launakjörum, ef deildarstjóri er gerður að skrifstofustjóra.

Ég er að benda á þetta, að þarna er hætt við, að hlyti nú að verða um töluverða hækkun á útgjöldum til Stjórnarráðsins að ræða, og þess vegna segi ég það, að þó að það sé ágætt, að nú skuli hafa verið framkvæmd ályktun Alþ. fyrir 10 árum um að leggja fram frv. um þetta efni, þá muni það mega teljast vafasamt, að það sé eðlilegt að afgreiða slíkt frv. nú eins og ástandið er í fjármálunum.

Eigi að síður getur það verið fróðlegt að velta fyrir sér þessu máli og full ástæða til þess, á ýmsan hátt, og kemur mér í hug í því sambandi t.d. 1. gr. frv. En í 1. gr. segir svo, að „forseti lýðveldisins skipar ráðh., ákveður tölu þeirra og skiptir störfum með þeim.“ Það er þetta, um að forseti ákveði tölu ráðh. hverju sinni, sem ég vildi minnast á.

Í þessu frv. er ekki gert ráð fyrir því, að tala rn. verði ákveðin. Mér kemur þá til hugar að skjóta fram þeirri spurningu, að ef svo færi, að samþ. yrði einhvern tíma fyrr eða síðar það nýmæli, sem felst í 15. gr., um að ráðh. sé heimilt að kveðja sér menn til aðstoðar, hvort það gæti þá ekki orðið til þess, ef einhvern tíma yrði framkvæmt, að mönnum þætti fært að fækka ráðh. eitthvað frá því, sem nú er. Ég man þá tíð, að hér var í landi 1 ráðh. Þá var Ísland að vísu ekki fullvalda ríki, en lengi eftir að Ísland varð fullvalda ríki voru ráðh. aðeins 3, og síðar, í kringum 1940, urðu þeir 5. Nokkru síðar voru skipaðir 6 ráðh., og nú undanfarin ár hafa ráðh. verið fleiri en nokkru sinni fyrr eða 7, og hefur ýmsum þótt nóg um. En þetta hefur m.a. farið svo af pólitískum ástæðum skilst mér, vegna þess að flokkar hafa unnið saman og sú stefna hefur nú verið nokkuð mikið uppi að miða alltaf fleira og fleira við flokkana eins og að þeir séu það, sem höfuðmáli skipti hér í Alþ. og í stjórn

landsins. En látum það svo vera. Ég ætla ekki að fara að ræða hér um flokka, þótt margt mætti um þá ræða og margt sé um þá rætt með misjafnlega sterkum rökum, eins og gengur. En þetta nýmæli, sem hér er í 15. gr. l., er um það, að ráðh. geti tekið með sér inn í Stjórnarráðið hverju sinni eins konar aðstoðarráðh. Aðstoðarráðh. eru svo sem ekkert nýtt í veröldinni. Þeir eru víða um lönd, þótt þeir hafi ekki verið hér. En ef ráðh. getur tekið með sér inn í Stjórnarráðið aðstoðarmann eða eins konar aðstoðarráðh., þá finnst mér, að það ætti einnig að vera til athugunar hér á þingi, hvort ekki mætti samhliða, þegar til kæmi, ákveða fasta tölu ráðh. og fækka ráðh. frá því, sem nú hefur verið um sinn.

Um þetta mál skal ég svo ekki hafa fleiri orð að þessu sinni. Eins og ég sagði, virðist mér hér vera um mjög athyglisvert mál að ræða og vil alls ekki andmæla því, að sumt, sem í frv. felst, geti átt rétt á sér, enda væri það undarlegt, ef svo væri ekki, því að eflaust hafa margir hæfir og vitrir menn um þetta fjallað, en ég geri ráð fyrir því, að þegar til kemur, muni mönnum finnast, að máli af þessu tagi, sem búið er nú að fresta í 10 ár, hljóti að verða frestað 11. árið til nánari athugunar.

Benedikt Gröndal: Herra forseti. Ég ætla ekki að ræða frv. þetta, en í tilefni af því langar mig til að beina fsp. til hæstv. forsrh., ef hann vill afsaka, að ég geri það munnlega og fyrirvaralaust. Fsp. er, hvort hann geti sagt okkur nokkuð um, hvað líði undirbúningi undir byggingu nýs stjórnarráðshúss. Það er kunnugt, að mjög mikið hefur verið unnið að þessu máli undanfarin ár, en mér hefur skilizt, að málið hafi verið látið ganga hægar en það hefði getað gengið, m. a. vegna þeirrar þenslu, sem verið hefur á vinnumarkaði undanfarin ár. Ég spyr ekki aðeins af umhyggju fyrir vinnuaðstöðu Stjórnarráðsins, heldur til viðbótar af því, að útlit er þannig á vinnumarkaði í byggingariðnaði, að það mundi vafalaust geta komið sér vel á næstunni, ef slík verkefni sem þetta væru sett í framkvæmd. Ýmsir hafa hugsað sér einn lið af afskiptum ríkisvaldsins þann, að það gæti aukið ýmis verkefni sín, þegar vinnumarkaðurinn þarf á því að halda, alveg eins og ríkið hefur ávallt reynt að taka tillit til þenslu, þegar um hana hefur verið að ræða.

Forsrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Þessari fsp. er fljótsvarað á þann veg, að um þetta mál er í raun og veru ekki mikið meira að segja nú heldur en sagt var á síðasta þingi. Ég hygg, að þá hafi verið borin fram fsp. um það, og aðalefni þess, sem þá kom fram, er, að nú eru fyrir hendi uppdrættir að byggingu, sem virðist nokkurn veginn fullnægja þeim hugmyndum, sem framkvæmanlegar eru í þessum efnum. Fyrri till. voru miklu stærra hús, að undir það átti að taka meira af lóðum, sem sumpart voru ekki í ríkisins eigu, hafa húsið bæði stærra að flatarmáli og hærra heldur en samrýmist síðasta skipulagi, skipulagsuppdráttum Reykjavíkurbæjar, og þar sem viðleitnin var sú að sameina allar stjórnarskrifstofur í einni byggingu. Frá þessu eru menn nú endanlega horfnir. Og ég hygg, að snemma á síðasta ári hafi þessir uppdrættir verið lagðir fram. Af ýmsum ástæðum, kosningum, sem voru fyrirhugaðar á árinu 1967, og síðan — við getum sagt — miklum önnum við að afgreiða aðsteðjandi vandamál, hefur það dregizt lengur en góðu hófi gegnir að taka um þetta endanlega ákvörðun, og við erum ekki mikið lengra komnir í því heldur en við vorum á s.l. vetri. En til viðbótar er hægt að segja, að leitað hefur verið eftir skoðunum fróðra manna, ef svo má segja, á hagnýtingu þess skrifstofurýmis, sem þarna er ætlað, hvort það sé eins æskilegt eða hagnýtt eins og nútímakröfur standa til. Að vísu má segja, að eðlilegt væri, að arkitektarnir hefðu haft þetta í huga við sína tillögugerð, og það hafa þeir vafalaust haft að verulegu leyti, en það þótti þó að athuguðu máli eðlilegt, að þetta yrði sérstaklega skoðað af embættismönnum Stjórnarráðsins. Það vill þannig til, að í morgun fékk ég frumathugun frá einum embættismanni um þetta. Mér hefur ekki einu sinni gefizt tími til þess að lesa það, en minn hugur hefur staðið til þess, að mjög bráðlega yrði hægt að taka ákvörðun um þetta efni. Auðvitað má endalaust deila um útlit bygginga og stærð og slíkt, en mér sýnist þetta í skaplegu horfi, og ef nú verður ekki kveðin upp fordæming af þessum hagsýsluráðunautum um þær till., sem fyrir hendi eru, vonast ég til þess, að hægt sé að leggja uppdrættina til grundvallar og þá snúa sér í alvöru að framkvæmd byggingar, sem ég tel bæði af þeim ástæðum, sem hv. þm. gat um, og öðrum ástæðum, að sé orðið fyllilega tímabært að hrinda áleiðis og megi raunar segja, að hafi dregizt óhæfilega að ganga frá.

Það er alltaf hægt að finna afsakanir, en menn hafa látið þetta oft mjög sitja á hakanum fyrir öðru, og ég játa það með hv. 1. þm. Norðurl. e., að það hefur orðið meiri dráttur á samningu þessa frv. heldur en æskilegt hefði verið. Skýringin á því, — hann var ekki með neinar ásakanir á hendur stjórninni af þeim sökum, en það er rétt, að það komi fram, að það er mest mér að kenna, að þetta hefur dregizt. Það voru þrír ágætir menn settir í n. til þess að gera um þetta till. Mér líkuðu ekki þeirra till., ekki vegna þess að þær væru ekki góðar svo langt, sem þær náðu, en að vísu náðu þær of langt í sumum efnum að mínu viti, með því að fara að skipta með l. upp störfum á milli einstakra stjórnardeilda. Ég tel samt, að það hafi verið gott verk unnið með þeirri skiptingu. En þegar ég sá frv., varð mér ljóst, að það var ekki lausn á þeim vanda, sem fyrir okkur hafði vakað hér í þinginu, að leysa þyrfti, og vafðist nokkuð fyrir mér að gera mér sjálfum alveg ljóst, hvað það var, sem ég teldi, að gera þyrfti. Ég tek undir það með hv. þm., að heimurinn ferst ekki, úr því að það er búið að dragast í 10 ár að samþykkja þál., þó að það dragist eitthvað enn að samþykkja hana, og skal ég sízt leggja nokkuð ofurkapp á, að frv. verði afgreitt nú. Og ég legg áherzlu á það, að ef menn að athuguðu máli telja, að frv. eða l. horfi til aukins kostnaðar fyrir ríkið, þá tel ég ekki tímabært að lögleiða það á þessu stigi. En ég er sannfærður um, að það er engin kostnaðaraukning, sem leiðir af þessari löggjöf út af fyrir sig.

Ég legg áherzlu á það, að venjan er orðin sú, að ef ný ríkisstj. kemur og jafnvel ríkisstj., sem er búin að sitja alllengi, þá er fjölgað rn. og ráðuneytisstjórum nú orðið eftir því, sem þeim þykir henta. Það er jafnvel gert án þess, að því er ég hygg að það sé ætlið borið a.m.k. undir ríkisstj. í heild, þótt það sé kannske samráð milli forsrh. og hlutaðeigandi ráðh. Stundum hygg ég, að hlutað-

eigandi ráðh. hafi einn tekið ákvörðun um þetta, að skipta sínum rn., án þess að hafa um það formlegt samráð við aðra. Þannig er þetta orðið í framkvæmd, og þess vegna er í frv. beinlínis um hömlur á sjálfræði ríkisstj. að ræða frá því, sem verið hefur. Það má segja, að þar sé ráðgerð fjölgun um 2—3 rn. frá því, sem nú er. Það fer eftir því, hvernig þetta er talið. En það er líka fyrirvari um það, að ekki er ætlazt til, að þetta komi í gildi fyrr en smám saman og alls ekki á þann veg, að af því verði aukinn kostnaður í bili fyrir ríkissjóðinn.

Varðandi hitt atriðið, um þessa aðstoðarmenn, fer því fjarri, að það megi kalla þá aðstoðarráðh. Þeirra staða á ekki að verða slík. Og ég fullyrði einnig, alveg eins og kom fram hjá hv. 1. þm. Austf., sem er þessum málum auðvitað allra manna kunnugastur sökum síns langa ráðherradóms, að þá hefur verið leyst úr þessu efni á einn eða annan veg af öllum ráðh. Hann sagði, að sumir hefðu kannske ekki gert það. Ég hygg, að það hafi verið gert af öllum ráðh. Eg gæti hér alveg athugunarlaust nefnt dæmi þess, að það hefur verið farið mjög svipað að eins og hér er gerð till. um, að ráðh. hefur tekið með sér inn í rn. mann, sem hefur horfið aftur. Það er svo hægt að nefna mörg dæmi þess, að menn hafi verið teknir inn í rn. og hafi ílenzt þar sem fastir starfsmenn, án þess að það væri kannske brýn þörf á þeim. Hitt verðum við að hafa í huga, að stöðugar kröfur um aukna afskiptasemi og fjölgun landsfólksins gera það að verkum, að einhver fjölgun á starfsmönnum í Stjórnarráðinu er óhjákvæmileg. Nú getum við ekki sagt, að ráðherrafjöldi eigi að fara eftir mannfjölda. En þegar ráðh. var einn, voru Íslendingar eitthvað, við skulum segja til að byrja með 80—90 þús. Þegar þeir urðu þrír, voru þeir töluvert innan við 100 þús. Þegar ráðh. voru ákveðnir 5, voru Íslendingar eitthvað liðlega 100 þús. Nú eru Íslendingar þó orðnir 200 þús. og þjóðfélagið orðið miklu margþættara og þarfirnar, sem Stjórnarráðið verður að sinna, miklu fleiri og ólíkari heldur en áður var.

Og ég verð að segja, að okkar stjórnarkerfi er veikara en ella vegna þess, hve rn. sannast að segja eru fáliðuð. Hjá okkur geta rn. alls ekki unnið neitt svipað starf eins og mér er kunnugt, að þau gera í okkar nágrannalöndum, sem auðvitað eru stórveldi miðað við okkur og við getum aldrei líkt okkur við. En það er síður en svo, að hér sé bruðlað með starfsmannafjölda. Í forsrn., það kallast hér sérstakt rn., er nú sá háttur á, að sameiginlegur ráðuneytisstjóri er í því og menntmrn. og hefur verið í rúm 20 ár. Ég hygg, að sá maður, sem er þar nú ráðuneytisstjóri, hafi í fyrstu komið inn í Stjórnarráðið sem einhvers konar einkaritari þáv. forsrh. Ég játa það, að þegar ég varð forsrh., fékk ég mann úr dómsmrn., eftir að ég hafði verið um tíma forsrh., og gerði hann deildarstjóra hjá mér, einfaldlega vegna þess að ég var algerlega einangraður í byggingunni. Ég varð að geta haft samband við einhvern mann til þess að taka á móti mönnum og til þess að annast daglegar afgreiðslur. Nú er menntmrn. farið burtu, ráðuneytisstjóri er í öðru húsi. Ég hef eðlilega við hann samstarf, en í forsrn., sem er eftir uppi í því gamla stjórnarráði, situr þessi deildarstjóri og ein skrifstofustúlka. Það er allur mannfjöldinn, sem raunverulega er í þessu rn. Þegar meira liggur við, hef ég auðvitað aðgang að mínum ráðuneytisstjóra og hans undirmönnum í menntmrn. Það má tala um fjölda starfsmanna ríkisins, en sá starfsmannafjöldi er yfirleitt ekki í rn., það þori ég alveg hiklaust að fullyrða og að ráðh. hafi kannske vegna þeirrar ásökunar, sem þeir liggja undir um þenslu ríkiskerfisins, verið einstaklega hógværir í því að hafa mannfjölda í kringum sig. Við skulum líta á stærri viðskiptafyrirtæki hér, bæði einkafyrirtæki og t. d. Samband ísl. samvinnufélaga, þann mikla mannfjölda, sem þar er orðinn, þá margháttuðu greiningu í starfsdeildir og annað slíkt. Sjálft Stjórnarráðið þolir fyllilega samanburð við hvern þessara aðila sem er, og ég segi: Það má miklu frekar ásaka ríkisstj. nú og fyrr fyrir að byggja æðsta stjórnarkerfið of veikt upp heldur en þar hafi verið um heimtufrekju að ræða, sbr. bæði að menn hafa unað við þessa frumstæðu löggjöf frá 1903, 1917 og 1938 og við þetta gamla hús og Arnarhvol, sem auðvitað er hvort tveggja orðið algerlega ófullnægjandi sem starfshýsi, ef við segjum eins og er og lítum á það, hvað einkafyrirtæki hér og aðrir aðilar telja sér nauðsynlegt. Óneitanlegt er, að engin, ekki sérstaklega núv. ríkisstj., heldur engin íslenzk ríkisstj., verður sökuð um, að um leið og þær hafa verið að reyna að berjast fyrir sem almennustum framförum í landinu í heild, að hafa verið ákaflega kröfumiklar fyrir sjálfar sig. Þó má segja, að öðru hverju liggja þær undir ásökunum fyrir það aðgerðarleysi að hafa ekki komið upp stjórnarráði, að geta ekki veitt öruggari forystu í atvinnuvegum og ýmsu þess háttar, sem kemur af þessu.

Eins og ég segi: Þetta frv. breytir ekki öllu í þessum efnum. Það hefur engar stórkostlegar grundvallarbreytingar í för með sér. Ég mundi segja, að það sé ákaflega hógvært í sinni kröfugerð, og ég óska ekki eftir því, að það nái fram að ganga, ef menn telja, að það hafi fyrirsjáanlega aukinn kostnað í för með sér á þessum erfiðleikatímum. En ég held, að ef það mál er skoðað, sannfærist menn um, að svo er ekki, og ég þakka sérstaklega hv. 1. þm. Austf. fyrir hans undirtektir við frv., sem byggjast á því, að hann gjörþekkir meðferð þessara mála og veit, að hér er ekki um neina ofrausn að ræða.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Ég er þeirrar skoðunar, eins og þeir, sem tekið hafa til máls um þetta frv., að það hafi verið full þörf á því að skipa málefnum Stjórnarráðsins með lögum, og þess vegna fagna ég því, að þetta frv. er fram komið. Ég get einnig lýst því yfir, að ég er við fljótan yfirlestur persónulega samþykkur mörgum meginatriðum þessa frv. og tel allmörg atriði þar vera mjög til bóta frá því, sem verið hefur, því að sannast að segja hefur starfsskipting í Stjórnarráðinu, og þar af leiðandi vinnubrögð, verið mjög losaraleg og verið að mörgu leyti á óeðlilegan hátt bundin því gamla skipulagi, sem mótað var, þegar stjórnarráðsskrifstofurnar voru aðeins þrjár. Málefnaskiptingin undir rn. hefur verið mjög losaraleg og á reiki, og ég fullyrði á margan hátt óeðlileg. Vafalaust yrði með ráðuneytaskiptingu eins og hér er lagt til starfsskiptingin færð í form, sem miklu meira væri í samræmi við nútímaaðstæður. Ég tel því, að í meginatriðum mundi ég vera fylgismaður þessa frv. um Stjórnarráð Íslands.

En það, sem ég vildi aðallega segja nú við þessa 1.

umr., er það, að ég óttast, eins og hv. þm. Norðurl. e., sem hér talaði áðan, að þetta frv. kynni að ýta undir eyðslu og meiri kostnað við Stjórnarráð Íslands. Hér er í 4. gr. frv. gert ráð fyrir 13 rn. Ég fullyrði ekkert um það, en mér finnst, eftir reynslu manna hér í útþenslutilhneigingum skriffinnskubáknsins, bæði hjá því opinbera og hjá einkarekstrinum í þjóðfélaginu, að þá mundi þarna frekar með ákvæðum frv. ýtt undir útþenslu, embættafjölgun og aukinn kostnað. Að vísu skal ég játa það, að það skiptir ekki öllu máli, hversu margir ráðh. eru. Það getur verið, að það sé ekki út af fyrir sig kostnaðarauki og gæti í ýmsum tilfellum borgað sig betur, ef málum væri þá betur til lykta ráðið, svo að það er ekki sáluhjálparatriði út af fyrir sig, hvort ráðh. eru 6, 7 eða 8, eða jafnvel þótt þeir væru 13, sem gæti eftir 4. gr. fljótlega stefnt að. Ég óttast þó sérstaklega, að ráðuneytisstjórar yrðu fljótlega 13, þegar rn. væru orðin 13. Ef það yrði hins vegar ekki, hlýtur að vera í framkvæmdinni ætlazt til þess, að einn og sami ráðh. fari með stjórn fleiri en eins rn. Ég vildi, áður en málið fer til 2. umr., aðeins gera grein fyrir lauslegum hugmyndum, sem ég gæti svona talið eðlilegar varðandi skiptingu Stjórnarráðsins í rn. Ég teldi, að forsrn. og utanrrn. ættu gjarnan að fara saman og sá maður, sem velst til þess að vera forsrh., ætti svona í flestum tilfellum að vera til þess hæfur að fara jafnframt með og móta utanríkismálastefnu íslenzku þjóðarinnar og teldi því, að forsætis- og utanrrn. ættu að vera sameiginleg. Dóms- og kirkjumálarn. er gamalgróið, og ekki mundi ég leggja til, að neitt væri hróflað við því, þó að það sé upphaflega vafasamt, hversu vel þau hafa fallið saman, dómsmálin og kirkjumálin út af fyrir sig. Ég fæ ekki svona í fljótu bragði séð, hvaða ástæða hafi verið til að lima í sundur núv. félmrn., eins og hér er gert, í félmrn. annars vegar og svo heilbr.- og tryggingamálarn. hins vegar. Ég tel alveg sjálfsagt, að tryggingamálin heyri undir félmrn. og gæti þannig vel hugsað mér, að þarna væri lögfest heilbr.- og félmrn. og þar með væru auðvitað tryggingamálin öll undir því rn. Fjmrn. er auðvitað sjálfsagt, að sé út af fyrir sig. Hins vegar sé ég ekki ástæðu til þess, að ein stofnun eins og Hagstofa Íslands teljist rn. út af fyrir sig, þó að svo sé búið að vera nú um alllangt skeið.

Þá teldi ég, að eitt valdamesta rn. ætti að vera sameiginlegt atvmrn. og að atvmrn. hefði síðan undirdeildir allra höfuðatvinnuvega þjóðarinnar, sjávarútvegs, landbúnaðar, iðnaðar og verzlunar, og að yfirráðandi eða sá ráðh., sem færi með atvinnumálin, mætti gjarnan hafa í sinni þjónustu aðstoðarráðh., sem væru sérfræðingar hver á sínu sviði, landbrh., sjútvmrh., iðnmrh. og viðskmrh., en einn maður færi með öll atvinnumál þjóðarinnar og væri þannig í raun og veru sá maður, sem væri valdamestur í sérhverri ríkisstj., enda þar grundvöllinn að finna, sem er atvinnulíf þjóðarinnar. Með þessari skiptingu, sem ég nú lauslega hef gert grein fyrir eða hugmyndum um það, væru rn. 7, að ég hygg, eins og nú er, og teldi ég, að á þeim tímum, sem við nú lifum á, sem áreiðanlega heimta af okkur samdrátt í ríkisbákninu, ríkiskerfinu, fremur en útþenslu, ef gott fordæmi á að skapast ofan frá, væri nær lagi að lögfesta þá skipan eins og nú standa sakir heldur en lögfesta nú 13 rn.

Það var ekki mikið meira en þetta, sem ég ætlaði mér að segja við 1. umr., en tel, að allar hugmyndir, sem að einhverju leyti færu í aðra átt heldur en í þessu frv. er mótað, mættu gjarnan koma fram áður en málið fer til meðferðar í þn. En eins og ég í upphafi sagði, tel ég þess hafi verið full þörf, að fram kæmi frv. til l. um Stjórnarráð Íslands og játa það fúslega, að margt af því, sem í þessu frv. er ákveðið, finnst mér vera skynsamlegt og á þann veg, að ég gæti mjög vel fellt mig við það.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Ég skal nú ekki lengja þessar umr. og ætla ekki að fara að bæta neinu við það, sem hér hefur komið fram frá hæstv. forsrh. Ég er alveg sammála í meginefnum þessu frv., en vildi aðeins segja þó örfá orð frá dálítið öðrum sjónarhóli heldur en hér hefur komið fram, þó að mönnum kannske í fljótu bragði kunni að þykja það einkennilegt.

Það hefur verið vakin athygli á því af hæstv. forsrh., að þó að hér sé gert ráð fyrir að leggja línur um framtíðarstefnu varðandi Stjórnarráðið um fjölgun rn., sem í fljótu bragði virðist gefa til kynna, að um stórfellda útþenslu sé þar að ræða, og auðvitað mundi verða þar, ef ætti að framkvæma þetta í einstökum atriðum, þá liggur það ljóst fyrir, að það er ekki hugmyndin að gera það nú, og það er ákveðin stefna ríkisstj., að ekki verði ráðizt í neina útþenslu á þessu sviði eins og nú standa sakir. Og vitanlega þarf það ekki að leiða til neins í þeim efnum, þó að þarna sé mörkuð ákveðin stefna, vegna þess að það er á valdi ríkisstj. nú að stofna nýjar stjórnardeildir. Það er auðvitað eðlilegt, að af hálfu fjmrh. sé lögð áherzla á þetta atriði, en mönnum kann, eins og ég sagði, að þykja það kannske einkennilegt, en ég vil þó taka það fram, að ég álít það ekkert höfuðatriði til þess að stuðla að sparnaði í ríkiskerfinu, að endilega verði séð um það, að Stjórnarráðið ekki stækki. Það er alger misskilningur. Við skulum alveg gera okkur grein fyrir því, að of veikt stjórnarráð getur gert að engu alla viðleitni til þess að koma við endurskipulagningu í ríkiskerfinu, því að ef stjórnardeildirnar ekki hafa aðstöðu til þess að beita sér fyrir slíkum skipulagsbreytingum, hafa mannafla til þess að framkvæma þær rannsóknir, sem til þess þarf að gera, missum við þetta allt úr höndum okkar. Þannig að sannleikurinn er sá, að á erfiðleikatímum er það síður en svo, að það megi teljast sem nr. 1 að sjá um, að það eigi sér ekki stað nokkur fjölgun starfsmanna í stjórnardeildum. Ég skal játa það sjálfur, að ég hef átt hlut að því sem fjmrh. að stofna nýja stjórnardeild, og ég álít, að það hafi verið mjög gott verk og það hafi skilað þjóðfélaginu verulegum sparnaði, og á ég þar við fjárlaga- og hagsýslustofnunina. En tilkoma þeirrar deildar hefur gert mögulegt að taka skipulagsmál ríkiskerfisins allt öðrum tökum. Við höfum núna starfskrafta, þó að mjög takmarkaðir séu, til þess að taka til rannsóknar viðfangsefni, sem engin leið var að sinna áður. Og það hefur komið í ljós, að margir þættir ríkiskerfisins hafa þróazt með óeðlilegum hætti fyrst og fremst vegna þess, að það hafa ekki verið tök á því að hafa eftirlit með þessari þróun. Og það hefur jafnframt komið í ljós við þessa eflingu fjmrn., að í rauninni eru ýmis önnur rn. of veik, þannig að þau geta ekki sinnt

því aðhaldi, sem þarf að vera með hinum einstöku stofnunum. Þær verða í mörgum greinum allt of sjálfráðar og fara sínar eigin götur, og þetta er það, sem hefur komið fram sem megingallinn í þróun ríkiskerfisins. Vissulega er það orðið stórt, og það verður aldrei nógsamlega á það lögð áherzla, að í litlu þjóðfélagi verður að gæta hins ýtrasta sparnaðar og hagsýni varðandi rekstur ríkisstarfseminnar, sem verður auðvitað alltaf hlutfallslega mjög dýr hjá lítilli þjóð. En þetta sjónarmið vildi ég láta koma hér fram, að þótt það sé auðvitað tvímælalaust, að á erfiðleikatímum verður að sporna fótum gegn allri útþenslu — og það væri ekki hagkvæmt, að Stjórnarráðið gengi á undan í því efni — þá vil ég samt leggja áherzlu á það sem æðikunnugur þeirri hlið málsins, að leiðina til sparnaðar mega menn ekki umfram allt telja þá, að það eigi alltaf að byrja á höfðinu eins og menn segja, þ. e. a. s. sjá til þess, að sem allra fæstir menn starfi í stjórnardeildum, þeim deildum, sem eru einu tækin, sem við höfum til þess að hafa aðhald að stjórnsýslukerfinu í landinu. Þetta verður auðvitað að meta hverju sinni og reyna að komast af með það allra minnsta, sem hægt er að komast af með á þessu sviði. En við sjáum það bara stöðugt, eftir því sem þessi mál eru krufin betur til mergjar, að það þarf í ýmsum greinum að efla Stjórnarráðið til þess að ná þessum árangri. Þetta sjónarmið vildi ég aðeins láta koma hér fram við þessa umr., af því að tekið er að ræða málið, sem eðlilegt er, frá því viðhorfi, að við þurfum nú, sem vissulega er rétt, að gæta ýtrasta sparnaðar og talið, að það megi með engu móti þess vegna verða svo, að stjórnardeildirnar megi á neinn hátt eflast. Ég tel, að það megi ekki vera meginsjónarmið og geti ekki verið sú leið, sem liggi til farsældar, og ég vara við því, að menn mega ekki, þótt allir hafi áhuga á sparnaði, telja, að upphafið að þeim sparnaði eigi að vera það að halda Stjórnarráðinu sem mannfæstu.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 28 shlj. atkv. og til allshn. með 28 shlj. atkv.

Á 68. fundi í Nd., 24. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 2, n. 374).

Frsm. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Allshn. hefur haft þetta frv. til meðferðar og gaf starfsmannafélagi Stjórnarráðsins kost á því að gera aths. við það og fékk frá félaginu nokkrar ábendingar um breytingu á því. Þær ábendingar, sem fram komu, sá allshn. ekki ástæðu til að nota að öðru leyti en því, sem felst í brtt. n., sem prentuð er hér á þskj. 374 við 4. gr. frv. En þar leggur n. til að breyta heiti á 5 rn. þannig, að niður falli „mála", „iðnaðarmálarn. verði iðnaðarrn." og sama breyting er er lagt til, að gerð verði á menntamálarn. í menntarn., samgöngurn., sjávarútvegsrn. og viðskiptam. Nm. þykir fara betur á því að hafa þetta heiti á þessum rn., enda fullt samræmi í því hvað snertir atvinnuráðuneytin, því að landbúnaðarrn. ber það nafn, og teljum við í allshn. rétt, að það sama gildi um sjávarútvegsrn. og sömuleiðis um iðnaðarrn.

Þá leggjum við einnig til, að 1. málsl. 11. gr. orðist þannig:

„Ráðuneytisstjórar og hagstofustjóri stýra ráðuneytum undir yfirstjórn ráðherra," en sú breyting er gerð hér á, að við er bætt „og hagstofustjóri" vegna þess, að Hagstofa Íslands er sjálfstætt rn., en hagstofustjórinn heldur þeim titli, en kallast ekki ráðuneytisstjóri, og þá hlýtur það að leiða af sjálfu sér, að slík breyting er eðlileg. Með þessu frv. eru lögfest rn., hversu mörg þau skuli vera og ekki megi setja á stofn ný rn. nema með lögum. Atvmrn. er lagt niður, en í stað þess koma þrjú rn. fyrir hvern hinna þriggja höfuðatvinnuvega þjóðarinnar, sjávarútveg, iðnað og landbúnað. Heilbrigðismál, sem nú tilheyra dóms- og kirkjumálarn., og tryggingamál, sem nú eru undir félmrn., verði sameinuð í eitt rn., sem ber heitið heilbrigðis- og tryggingamálarn. Skv. 11. gr. frv. er forsrh. heimilt að kveða á um, að ráðuneytisstjóri skuli veita fleiri en einu rn. forstöðu og fleiri en eitt rn. hafi eftir því, sem við verður komið, sameiginlegt starfslið og sameiginlegt húsnæði.

Annað atriði í þessu frv., sem er nýmæli, er, að með þessu frv. á ekki að skipta rn. upp á milli ráðh. eins og svo oft hefur tíðkazt við myndun ríkisstj., þegar tveir eða fleiri flokkar semja um myndun ríkisstj. Þá hefur það sýnt sig, að rn. hefur verið skipt upp á milli ráðh. þannig í nokkrum tilfellum, að sami ráðuneytisstjóri heyrir undir allt að þrjá ráðh.

Þriðja atriðið er, að ráðh. hefur heimild til að velja sér til aðstoðar mann utan rn. meðan hann gegnir ráðherraembætti. Í 15. gr. segir: „Ráðh. er heimilt að kveðja sér til aðstoðar meðan hann gegnir embætti mann utan rn., sem starfi þar sem deildarstjóri, enda hverfi hann úr starfi jafnskjótt sem ráðh., en njóti þá hálfra launa 3 mánuði."

Við teljum í allshn., að öll þessi atriði séu mjög til bóta. Það er mjög eðlilegt, að ráðh. geti valið sér starfsmann, sem starfi þar í rn. meðan viðkomandi ráðh. er, og það má segja, að þessum atriðum öllum hafi verið mjög vel tekið af öllum þeim þm., sem ræddu þetta frv. við 1. umr. þess hér á s.l. hausti. Þá segir, að samkv. 2. mgr. 2. gr. skuli öll málefni, sem bera á upp fyrir forseta Íslands til staðfestingar, tekin til meðferðar á ráðherrafundi. En það hefur tíðkazt, að ráðh. leggi fyrir forseta ýmis mál án þess að ráðherrafundur hafi áður um þau fjallað. Það atriði teljum við einnig vera mjög til bóta, að öll málefni séu fyrst rædd á ráðherrafundum. Það kom greinilega fram við 1. umr. um þetta frv., bæði hjá hæstv. forsrh. og hæstv. fjmrh., að með samþykkt þessa frv. sé verið að leggja framtíðarstefnu varðandi Stjórnarráð Íslands um fjölgun rn., en hitt liggur ljóst fyrir, að það er ekki ætlunin að gera stórfellda útþenslu á Stjórnarráðinu, eins og nú standa sakir. Við í allshn. teljum, að það hafi verið full þörf á því að setja lög um Stjórnarráð Íslands og mælum með samþykkt frv. með þeim breytingum, sem ég hef áður rakið.

Forsrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Ég þakka allshn. fyrir vinsamlegar undirtektir við þetta frv. Ég hef ekkert að athuga við þær brtt., sem fluttar eru. Þvert á móti tel ég þær til bóta.

Ástæðan til þess, að ég stend upp nú, er sú, að s. l. föstudag — hygg ég það hafi verið — barst mér bréf frá ráðuneytisstjórum í Stjórnarráðinu, þar sem þeir senda

mér eins konar álitsgerð eða aths. við frv. Mér er ekki kunnugt um, hvort hv. n. hafi fengið þá álitsgerð einnig, en vafalaust er hún ekki mér einum ætluð, og þó að ég hafi hana ekki við hendina, þá er rétt, að ég skýri frá því, að ráðuneytisstjórarnir virðast vera í meginatriðum andvígir frv., telja höfuðbreytinguna, þá fyrirhuguðu fjölgun rn., sem hér er lögboðin, vera til ills og þá geri ég ráð fyrir einnig það bann við skiptingu rn., sem tíðkazt hefur, því að annan hvorn háttinn verður að hafa á, til þess að svipaðir stjórnhættir á afgreiðslu mála haldist og reynslan hefur skorið úr, að væru nauðsynlegir, þ. e. a. s. að hafa töluverðan sveigjanleik í skiptingu starfa á milli ráðh. Ráðuneytisstjórarnir telja, að með því að gera rn. svo mörg sem hér er ráðgert, muni af því leiða, að þau verði of smá, að þeim geti ekki vaxið svo fiskur um hrygg, sem þeir telja nauðsyn vera á, að það fáist ekki mannafli, er ekki einungis sinni afgreiðslu daglegra starfa, heldur geti einnig unnið að ýmsum frambúðarverkefnum. Ég tek vissulega undir það, að þetta er ágalli á okkar stjórnháttum. En hann kemur fyrst og fremst af okkar mannfæð og af okkar fjárskorti, miklu frekar heldur en menn hafi ekki gert sér ljósa nauðsyn á því, að æskilegt væri að hafa allt stjórnkerfið miklu öflugra heldur en það er. En þrátt fyrir tal margra um hið gagnstæða, hefur mjög verið reynt að halda í fjáreyðslu til handa rn., og af því kemur þessi galli. Ég held, að hann bætist ekki við það, þó að staðið sé á móti þeirri fjölgun rn., sem þetta frv. ráðgerir, og haldið sé hinum hættinum, sem ég hygg þó, að rétt sé að taka fram, að ekki segir berum orðum í álitsgerðinni, að halda beri, en óhjákvæmilega yrði að halda, ef þetta meginatriði yrði ekki samþykkt, þ. e. að sundra ráðuneytisstörfunum svo á milli ráðh. sem verið hefur, sem að mínu viti er einn mesti galli á starfsháttum okkar í Stjórnarráðinu og gerir ákaflega erfiða yfirsýn hjá ráðh. og hans starfsmönnum um málaflokka og einmitt torveldar mjög þá frambúðarráðagerð, sem ætið verður að vera fyrir hendi. Menn verða að gera sér ljóst, að ef úr þeim galla á að bæta, þá mundi hann að nokkru leyti, að minni sannfæringu, lagast við samþykkt frv., en að öðru leyti verður ekki úr honum bætt nema með því að efla stórlega starfslið í Stjórnarráðinu, og hvað sem öðru líður, þá erum við væntanlega sammála um, að einmitt nú sé ekki tíminn til þess. Ég er því á allt annarri skoðun heldur en hinir ágætu ráðuneytisstjórar, þó að ég teldi sjálfsagt, að frá þeirra skoðun væri skýrt, því að þeir hafa mikla reynslu fram að færa og virðast vera sammála um þessa skoðun sína.

Þá telja þeir einnig, að það mundi leiða til árekstra og samkeppni á milli atvinnuvega frekar en orðið er, ef höfuðatvinnugreinarnar fengju hver sitt rn. eins og samkv. þessu frv. er ætlað. Mér kemur þessi skoðun gersamlega spánskt fyrir og held, að hún standist ekki með nokkru móti. Niðurstaðan hefur orðið sú, eins og við vitum, að hið gamla atvmrn. er nú þegar orðið margsplundrað. Þróunin hefur óhjákvæmilega leitt til þess og hlýtur að leiða til þess, að það fáist sérfræðingar í hverri af þessum höfuðatvinnugreinum til þess að starfa að málefnum hennar og leggja sig þar fram um afgreiðslu, en reyni ekki að spanna yfir málin á sama hátt eins og áður fyrri var gert. Það þarf miklu dýpri orsakir til þess að koma af stað skaðsamlegri samkeppni á milli höfuðatvinnugreina heldur en slíkar ráðstafanir sem hér er um að ræða, og fæ ég því ekki séð, að sú aths. skipti hér miklu máli.

Þetta eru höfuðaðfinningarnar við frv. frá ráðuneytisstjórunum, en ég tel sjálfsagt, að n. fái þeirra grg. og málið verði ekki afgreitt út úr d. fyrr heldur en hún skoði þau rök, sem þar koma fram. Ef menn óska, er hægt að prenta það í framhaldsnál. eða grg. einnig til athugunar fyrir þingheim.

Margt af aths. er um smekksatriði og annað slíkt, sem endalaust má deila um. Það er þegar búið að taka tillit til þess að breyta heitum á þeim rn., þar sem það á við. Annað er það, að bæði ráðuneytisstjórar og starfsmenn Stjórnarráðsins benda á, að forseti Íslands gefi aldrei út reglugerðir. Þetta er að mínu viti orðaleikur. Það þekkist a.m.k. og er boðið í lögum, að forseti Íslands staðfesti reglugerðir, sbr. háskólareglugerðina, sem hann staðfestir. Hvort það sé fallegra að kalla slíka viðbótarreglugjöf, eins og á sér stað með reglugerðum, úrskurð eða tilskipun, eins og er frá fornu fari af dönskum uppruna gert, eða reglugerð, það getur ekki skipt miklu máli. Það er frekar smekksatriði heldur en það skipti miklu máli. Þetta voru höfuðatriðin, sem fram komu, og það er vissulega sjálfsagt, að menn geri sér grein fyrir þeim málefnalega ágreiningi, sem hér virðist vera a. m. k. á milli mín og ég hygg ríkisstj. í heild og annarra þeirra, sem lengi hafa að þessum málum starfað, sbr. ummæli hv. 1. þm. Austf. við 1. umr. á annan bóginn og hins vegar þeirra manna, sem hafa unnið í Stjórnarráðinu sem ráðuneytisstjórar og vissulega ber að hlusta á, hvað um þessi efni segja.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 28 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 28 shlj. atkv.
Brtt. 374,1 (ný 4. gr.) samþ. með 30 shlj. atkv.
5.—10. gr. samþ. með 30 shlj. atkv.
Brtt. 374,2 samþ. með 28 shlj. atkv.
11. gr., svo breytt, samþ. með 31 shlj. atkv.
12.—17. gr. samþ. með 30 shlj. atkv.
Ákvæði til bráðabirgða samþ. með 30 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 30 shlj. atkv.

Á 73. fundi í Nd., 28. marz, var frv. tekið til 3. umr. (A. 391).

Frsm. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Hæstv. forsrh. beindi þeim tilmælum til n. við 2. umr. um þetta frv. að taka til athugunar bréf, sem honum hafði borizt frá ráðuneytisstjórum í Stjórnarráðinu, sem voru tilteknar athugasemdir við þetta frv., en það hafði ekki verið sent n., þegar hún afgreiddi frv. frá sér og skilaði sínu nál., en n. taldi sjálfsagt að verða við þessum tilmælum og fór yfir þetta álit og athugasemdir, og var n. sammála um það að flytja ekki brtt. við frv. umfram það, sem hún hafði áður gert, sem fer að verulegu leyti saman við álit ráðuneytisstjóranna, þó að það séu nokkrar aðrar tilteknar athugasemdir, sem þeir gera við frv., en n. sér ekki ástæðu til þess að gera frekari brtt. á frv. og leggur því til, að það verði samþ. eins og það liggur nú fyrir við 3. umr.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 22 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 69. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 74. fundi í Ed., 15. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Forsrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Löggjöf um Stjórnarráð Íslands er mjög í molum. Að nokkru leyti eru enn í gildi ákvæði frá því heimastjórn var tekin upp hér í landi, þ. e. a. s. lög um skipun á æðstu umboðsstjórn Íslands frá 3. okt. 1903, svo og ýmsar viðbótarákvarðanir, ýmist í formi l. eða annarra reglna, og að nokkru leyti venjur, sem skapazt hafa. Þegar af þeirri ástæðu er æskilegt, að heildarlöggjöf sé sett um þetta efni. Til viðbótar kemur, að þær reglur, sem nú eru í gildi, eru að ýmsu leyti ósamkvæmar sjálfum sér, ófullnægjandi, og um margt hefur verið farið formlaust að, samanber að það hefur verið undir hendingu komið, hvort haldin hafi verið regluleg gerðabók um það, sem gerzt hefur á ráðherrafundum. Það hefur verið tilviljun háð, hvort ný rn. hafa verið sett með sérstöku lagaboði eða með einfaldri ákvörðun ráðh. Þá hefur sá háttur verið tekinn upp, að störfum í einstökum rn. hefur verið skipt á milli ráðh. mjög af handahófi og eftir því sem atvik hafa staðið til hverju sinni, þannig að sama rn. hefur í mörgum tilfellum heyrt undir fleiri en einn, stundum fleiri en tvo, og fleiri en þrjá ráðh., og gerir slíkt allt eftirlit með störfum í Stjórnarráðinu ákaflega erfitt. Fyrir nokkrum árum var samkv. þál. skipuð sérstök n. til þess að semja frv. um stjórnarráð, en að athuguðu máli þótti ekki veruleg breyt. til bóta í því frv. Það var að mestu leyti staðfesting á því ástandi, sem skapazt hafði, að viðbættum ítarlegum reglum um skiptingu málefna milli einstakra rn. Málið lagðist því til hliðar, en á s. l. ári var það tekið upp aftur, og er ávöxtur þeirrar nýju athugunar þetta frv., sem nú hefur verið samþ. í hv. Nd., að efni til óbreytt að mestu frá því, sem það var þar lagt fram.

Meginbreyting frv. er sú, að ákveða skal með l., hversu mörg rn. eigi að vera, og þeim er verulega fjölgað frá því, sem verið hefur, og á þó sú fjölgun í framkvæmd að koma til smám saman, þannig að ekki þarf að óttast aukinn kostnað af þessari lagasetningu svo að nokkru nemi fyrst um sinn. Ástæða þótti til þess að fjölga rn., bæði vegna þess að hollara þykir að greina í sundur helztu málaflokka og eins vegna þess að með allmörgum rn. er hægt að sveigja nokkuð til og þá ætlazt til þess, að hver ráðh. hafi undir sér fleiri en eitt rn., ef svo vill verkast, og þannig er unnt að koma að þeirri sveigju, sem smám saman hefur skapazt við það, að málefnum einstakra rn. er skipt upp á milli ráðh. Framkvæmd, sem ég af minni reynslu tel ákaflega óheppilega. Það er að vísu rétt, að þessi rn. verða í upphafi ekki mannmörg, en svo er með allt okkar stjórnarkerfi, að æskilegt væri að hafa þar fleiri menn til starfa, en það eiga að verða jafnmargir menn eins og áður til þess að sinna þeim verkefnum, sem hverju sinni eru fyrir hendi. Hins vegar er ætlazt til þess, að forsetinn samkvæmt till. forsrh. mæli fyrir um það, hvaða málefni heyri undir hvert einstakt rn., og þar er einnig hægt að gera á nokkra breytingu, en þó má ekki flytja mál á milli rn., ef ljóst er eðli málsins samkvæmt, að málefnið heyrir undir það rn., sem ætlunin var að taka það frá, en ekki undir hitt, sem leggja á það undir. Við skulum segja, að það væri óheimilt að taka Háskóla Íslands undan menntarn., sem ætlazt er til, að svo heiti, og leggja undir heilbr.- og tryggingamálarn. og taka samgöngur á sjó og leggja undir sjútvrn. Það er einungis í takmarkatilfellum, sem ætlazt er til, að heimilt sé að breyta þessari skiptingu með reglugerð. Aftur á móti þótti ekki heppilegt að kveða á í einstökum atriðum, hvaða málefni heyrði undir hvert rn. fyrir sig, vegna þess að slíkt hlýtur ætíð að vera töluvert áhorfsmál um einstök atriði og þá of umsvifamikið að hafa lagabreytingu til þess.

Aðalbreytingin, sem felst í frv. frá því, sem verið hefur, er, að nú er ætlazt til, að hvert rn. fyrir sig heyri undir stjórn eins ráðh. og hann beri því ábyrgð á öllum rekstri þess rn. og þeirra málaflokka, sem undir það heyra. Menn geta haft um það skiptar skoðanir og hafa, hvort þetta sé æskilegt fyrirkomulag eða ekki, hvort hinn sé betri hátturinn, sem nú sé á. Ég efast ekki um, að það auðveldar mjög alla stjórn að taka upp þann hátt, sem í frv. greinir. Minni háttar breyting er e.t.v. helzt sú, að heimilað er ráðh. að taka sérstakan mann, er hafi stöðu deildarstjóra, með sér í rn. og hann dvelji þar svo lengi sem ráðh. er. Það hefur oft komið í ljós, og án tillits til þess, hvaða stjórnmálaflokkur hefur átt í hlut, að ráðh. hefur talið nauðsynlegt að kveðja sér til aðstoðar sérstaka trúnaðarmenn, gert þá þá að föstum embættismönnum. Hitt er betra, að það sé viðurkennt, að eðlilegt sé, að ráðh. hafi slíkan trúnaðarmann og hann sé þá ekki í starfi lengur heldur en sá ráðh., er hann velur. Svipað er tíðkað annars staðar í miklu meira mæli en yrði hjá okkur. Varðandi dagleg störf efast ég ekki um, að þetta komi að verulegu gagni. Minna atriði, sem einnig hefur þó verið gagnrýnt, er það, að nú er boðið bæði, að öll mál, sem á að bera upp í ríkisráði, séu fyrst lögð fram á ráðherrafundi, og enn fremur, að haldin skuli gerðabók um helztu ákvarðanir eða um ákvarðanir, sem teknar eru á ráðherrafundum. Um það síðara eru raunar allir sammála, hitt hefur verið bent á, að ástæðulaust væri, að öll mál, sem tekin væru upp í ríkisráði, væru fyrst rædd á ráðherrafundi. Sú aðfinning hvílir á gersamlegum misskilningi vegna þess, að það hefur reynzt illa, að ráðh. beri upp fyrir forseta málefni, sem félagar hans hafa ekki hugmynd um. Þeir verða að koma sér saman um málefni utan ríkisráðsfunda. Það tilheyrir ekki að taka upp deilur á ríkisráðsfundi að forseta viðstöddum, nema því aðeins um raunveruleg deilumál sé að ræða þess efnis, að ráðherrar geti ekki komið sér saman. Þetta á jafnt við um minni háttar málefni og stór málefni og er því sjálfsagt fyrirkomulagsatriði. Í frv. eru svo nokkur önnur nýmæli, sem enn þá minni þýðingu hafa, þetta eru aðalatriði, og skal ég ekki fjölyrða um málið frekar. Ráðuneytisstjórar hafa látið uppi ýmsar aðfinningar gegn frv. Hv. allshn. Nd. athugaði þær aðfinningar, svo og nokkrar ábendingar frá starfsmönnum Stjórnarráðsins, en þær leiddu ekki til þess, að menn teldu ástæðu til þess að breyta frv. að nokkru í efnisatriðum, og ég

mundi leggja til, að sú hv. n., sem fær málið til meðferðar, líti á þessar athugasemdir, og athugi að hve miklu leyti talið kynni að vera, að rétt væri að taka frekara tillit til þeirra, sem ég raunar sjálfur tel misráðið, en eðlilegt er, að athugað sé til hlítar.

Að svo mæltu legg ég til, að málinu verði vísað til 2. umr. og hv. allshn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv. og til allshn. með 16 shlj. atkv.

Á 91. fundi í Ed., 12. maí, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 92. fundi í Ed., s. d., var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 391, n. 707, 690, 718).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 15 shlj. atkv.

Frsm. (Jón Þorsteinsson): Herra forseti. Með frv. þessu til l. um Stjórnarráð Íslands er að því stefnt að skipa málefnum Stjórnarráðsins með skýrum og samfelldum lagareglum í samræmi við þarfir nútímans, en um þetta efni gilda nú gömul og ófullnægjandi ákvæði laga og konungsúrskurða. Meginatriði þessa frv. eru:

1. Rn. er fjölgað úr 10 í 13 með þeim hætti, að atvinnumálarn. er skipt niður í þrjú rn., þ. e. a. s. landbrn., sjútvrn. og iðnrn., og er í sjálfu sér óþarft að undirstrika nauðsyn á því, að höfuðatvinnuvegir þjóðarinnar eigi hver sitt rn.

Þá er enn fremur stofnað til nýs rn. undir nafninu heilbr.- og tryggingamálarn.

2. Rn. má eigi setja á stofn samkv. frv. né af leggja nema með lögum. Er í alla staði eðlilegt að taka upp þá reglu, að röskun á skipan rn. verði ekki gerð án atbeina Alþ.

3. Forseti Íslands skal ákveða eftir till. forsrh. hvaða stjórnarmálefni ber undir hvert rn. Með hliðsjón af siauknum verkefnum og breytingum á sviði opinberrar stjórnsýslu þykir of þungt í vöfum að skipa þessum þætti mála með lagaákvæðum.

4. Hvert rn. skal lagt óskipt til eins og sama ráðh. Þetta er eitt af veigamestu nýmælum frv., en í reynd hefur gefizt heldur illa að hafa marga húsbændur yfir einu og sama rn.

5. Ráðh. er heimilað að kveðja sér til aðstoðar meðan hann gegnir embætti mann utan rn., eins konar pólitíska aðstoðarmann, er starfi sem deildarstjóri í rn., enda hverfi hann úr starfi jafnskjótt sem ráðh. Ráðh. er mikil nauðsyn á slíkum aðstoðarmönnum til að létta af þeim ýmiss konar pólitískum snúningum og draga þar með úr því óhæfilega vinnuálagi, sem jafnan hvílir á ráðh.

Í þessu frv. eru mörg önnur ákvæði, sem ég skal ekki gera hér sérstaklega að umræðuefni. En um frv. í heild leyfi ég mér að vísa til framsöguræðu hæstv. forsrh. við 1. umr. málsins, svo og til grg., sem frv. fylgir. Frv. þessu var vísað til allshn., og ræddi hún það á nokkrum fundum. Á einum þessara funda mætti hæstv. forsrh. til viðræðu um málið. N. athugaði og umsagnir og aths. við frv., sem borizt höfðu til allshn. Nd., er frv. var þar til meðferðar. Þessar umsagnir voru frá Sambandi ísl. sveitarfélaga, Félagi starfsmanna Stjórnarráðsins og frá ráðuneytisstjórum. En síðast töldu umsögninni fylgdu sérstakar aths., sem ráðuneytisstjóri utanrrn., Agnar Kl. Jónsson, hafði tekið saman.

Samband ísl. sveitarfélaga gerði þá eina aths. við frv., að vandlega skuli athugað, hvort ekki sé rétt að sameina í eitt rn. sem flest málefni, er til félagsmála teljast. Aths. Félags starfsmanna Stjórnarráðsins voru fremur smávægilegar, en frá ráðuneytisstjórum var veigamesta aths. sú að andmæla fjölgun rn., og fékk sú aths. lítinn byr innan n. Aths. Agnars Kl. Jónssonar snertu ekki grundvallaratriði frv., en hann benti á ýmis atriði, sem nauðsyn bæri til að lagfæra. Nm. voru á einu máli um það, að þörf væri á að setja sérstök lög um Stjórnarráð Íslands og í þessu frv. fælust ýmis gagnleg nýmæli. Flestir nm. vildu þó gera meiri og minni breytingar á frv., en ekki náðist samstaða um, hverjar þessar breytingar skyldu vera. Niðurstaðan varð sú, að n. mælir með samþykkt frv., en einstakir nm. áskilja sér þó rétt til að styðja brtt. eða standa að þeim, svo sem fram kemur í nál.

Sjálfur flyt ég 10 brtt. við frv. á þskj. 690. Engin þessara till. getur talizt róttæk, og skal ég nú reyna að skýra þessar till. nokkuð, en að sjálfsögðu tala ég þá ekki lengur fyrir hönd n., heldur á eigin vegum.

1. brtt. mín er við 3. gr. frv., og er lagt til, að gr. hljóði svo:

„Á ráðherrafundum skal skrá fundargerð. Forsrh. skipar ritara ráðherrafunda úr hópi starfsmanna forsrn."

Þetta er lítilvæg breyting, en í frv. segir, í 3. gr., að ritari skrái fundargerð ráðherrafundar í gerðabók, er ráðh. hafa staðfest fundargerðina. Ég tel fullnægjandi þarna að setja þá grundvallarreglu, að skrá skuli fundargerð, en hvernig því skuli að öðru leyti háttað, hvort það skuli vera í gerðabók og hvaða aðferðir eigi að hafa við staðfestingu hennar, tel ég óþarft að setja í lög.

2. brtt. mín er við 9. gr., 1. mgr. Þar segir í frv.: „Stjórnarmálefni beri undir rn. eftir ákvæðum reglugerðar, er forseti Íslands setur samkv. till. forsrh." o. s. frv. Breyting mín felst einvörðungu í því, að í staðinn fyrir, að forsetinn setji reglugerð, þá eigi forsetinn að úrskurða þetta. Hann á að kveða upp úrskurð um þetta. Mig minnir, að þarna sé farið eftir ábendingu frá Agnari Kl. Jónssyni, en það er ekki siðvenja, að forsetinn gefi út reglugerðir, heldur eru ákvarðanir hans öllu frekar í formi úrskurða.

3. brtt. mín er svo við 11. gr. frv., og skiptist hún í 4 stafliði. Stafl. a er á þá lund, að 2. mgr. 11. gr. falli niður, en í 2. mgr. 11. gr. segir: „Ríkisendurskoðandi stýri ríkisendurskoðun og hagsýslustjóri fjárlaga- og hagsýslustofnun undir yfirumsjón fjmrh., sbr. 6. gr." Ég tel alveg nægjanlegt það, sem um þetta er sagt í 6. gr., og hún segir reyndar allt um þetta atriði, sem þarf að segja, og þessi mgr. 11. gr. sé því í raun réttri óþörf.

Þá er b-liður brtt. nr. 3, sem er á þá leið, að 3. mgr. 11. gr. falli niður, en í þessari 3. mgr. segir svo: „Ríkisendurskoðandi og hagsýslustjóri hafa lögkjör ráðuneytisstjóra, og taka ákvæði laga þessara um ráðuneytisstjóra jöfnum höndum til þeirra, eftir því sem við á." Með þessu orði, lögkjör, mun fyrst og fremst átt við það, að þeir skuli hafa sömu launakjör og ráðuneytisstjórar. Ég

er andvígur því að hafa þetta ákvæði í frv., ekki vegna þess, að ég telji endilega ósanngjarnt, að þessir menn búi við sömu launakjör og ráðuneytisstjórar. Það má ekki misskilja, heldur eru launakjör starfsmanna ríkisins ákveðin samkv. sérstöku kjarakerfi og samkv. l. um kjarasamninga opinberra starfsmanna, þar sem samningar eru gerðir milli fjmrh. og Bandalags starfsmanna ríkis og bæja og kjaradómur sker þá úr, ef ekki næst samkomulag. Ég tel ekki rétt, að í einstökum lagaákvæðum og óskyldum lögum um kjarasamninga sé verið að festa nokkra tiltekna ríkisstarfsmenn saman í launaflokk og það sé raunverulega verið að trufla kjarakerfið og þess vegna eigi þetta ekki heima hér, þó að ég hins vegar líti svo á, að niðurfall þessarar mgr. mundi ekki í reynd hafa í för með sér neina kjararýrnun fyrir þessa viðkomandi menn.

Þá er c-liður brtt. nr. 3, sem er á þá leið, að 4. mgr. 11. gr. falli niður, en í þessari 4. mgr. segir: „Ráðuneytisstjóri forsrn. skal jafnframt því embætti sínu gegna störfum ritara ríkisráðs Íslands.“ Þetta tel ég, að ekki eigi heima í l. og sé eðlilegt, að þessu sé skipað án beinnar lagasetningar.

D-liður brtt. leiðir af hinum brtt.

Þá er 4. brtt. við 12. gr. frv. Hún er þar orðuð alveg á ný í minni brtt., en það, sem þessi brtt. þýðir efnislega, er eingöngu það, að fellt er niður skrifstofustjóraembættið, en í þessu frv., 12. gr., er það nýmæli, að þar er gert ráð fyrir, að í rn. verði auk ráðuneytisstjóra, sem er auðvitað einn í hverju rn. og svo venjulega margir deildarstjórar, þá verði þar einn skrifstofustjóri eða geti orðið í hverju rn. Þetta eigi að vera eins konar millistig á milli ráðuneytisstjóra og deildarstjóranna. Þessi skrifstofustjóri eigi að vera vararáðuneytisstjóri, en þetta tel ég algerlega óþarft embætti og það sé vel hægt að hafa þá skipan á, að ef ráðuneytisstjóri forfallast, þá sé sá deildarstjóri, sem bezt er treyst, látinn gegna ráðuneytisstjórastörfum á meðan og hann þurfi ekki sérstakan embættistitil nýjan til þess. Það er það eina, sem í þessari brtt. felst, þ. e. að fella niður þetta skrifstofustjóraembætti.

Þá er 5. brtt. mín, sem er við 13. gr. frv. Í 13. gr. segir: „Auk ráðuneytisstjóra, skrifstofustjóra og deildarstjóra eru starfsmenn rn. fulltrúar, bókarar og ritarar eftir ákvörðun ráðh.“ Í minni útgáfu hljóðar gr. hins vegar þannig: „Auk ráðuneytisstjóra og deildarstjóra eru starfsmenn rn. fulltrúar, bókarar og ritarar eftir ákvörðun ráðh. Heimilt er þó ráðh. að ráða starfsmenn í rn. undir öðrum starfsheitum.“

Þarna er í fyrsta lagi fellt niður skrifstofustjóraheitið eins og áður, en í öðru lagi er því bætt við, að heimilt sé að ráða starfsmenn undir fleiri starfsheitum heldur en í 13. gr. eru talin upp, því að það er að mínu viti of þröngt. Þar vantar t. d. menn eins og dyraverði og ráðherrabílstjóra, og auk þess geta verið ráðnir sem starfsmenn ráðuneytanna ýmiss konar sérfræðingar, sálfræðingar og aðrir slíkir undir alls konar starfsheitum, og þess vegna er þessi upptalning þarna í 13. gr. ekki fullnægjandi.

6. brtt. mín er svo við 14. gr. frv., en í henni segir: „Forseti Íslands veitir embætti ráðuneytisstjóra, skrifstofustjóra og deildarstjóra. Ráðh. skipar aðra starfsmenn rn.“ En hjá mér hljóðar gr. þannig: „Forseti Íslands veitir embætti ráðuneytisstjóra, ríkisendurskoðanda og hagsýslustjóra. Ráðh. skipar deildarstjóra og aðra starfsmenn ráðuneytisins.“ Ég felli niður skrifstofustjóra og deildarstjóra. Þetta er auðvitað matsatriði, það skal ég viðurkenna, hvaða embætti forsetinn á að veita og hver ekki, og hvar á þar að draga mörkin, og e. t. v. væri æskilegast að hafa þetta allt á einum stað í sérstökum lögum upptalið, hvaða embætti forseti Íslands skuli veita, svo að það verði samræmi á milli einstakra embætta.

Við 15. gr. geri ég svo brtt., þ. e. 7. brtt. Það er um þessa menn, sem ráðh. á að kveðja sér til aðstoðar og eiga að hverfa úr starfi með þeim. Þar er sagt, að ef þessir menn hafa ekki starfað hjá ríkinu og verða að fara úr starfi og geta ekki tekið upp sitt fyrra starf hjá ríkinu, þá eigi þeir að njóta hálfra launa í þrjá mánuði. Þetta tel ég nú heldur rýr kjör. Maður, sem hefur farið í deildarstjórastarf með ráðh., starfar svo kannske þar nokkur ár, en svo verður ráðh. að segja af sér eða hætta, og þá verður þessi viðkomandi starfsmaður að hverfa úr þessu starfi, þá er það heldur slakur réttur að eiga einungis rétt á hálfum launum í þrjá mánuði, og þess vegna hef ég lagt til, að þetta orð „hálfra“ falli niður, sem þýðir þá að sjálfsögðu, að hann á að njóta fullra launa í 3 mánuði.

Við 16. gr. geri ég brtt. Það er 8. brtt. á þskj. 690, en í þessari 16. gr. frv. segir svo: „Með reglugerð forseta Íslands má samkv. till. forsrh. setja nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara, þar á meðal um starfsmenn rn., starfsháttu og meðferð mála í rn. og svo um skipulag og stjórn einstakra ríkisstofnana og starfsgreina, sem lög fjalla eigi um sérstaklega.“ Hjá mér er þessi gr. miklu styttri og hljóðar þannig: „Með úrskurði forseta Íslands má samkv. till. forsrh. setja nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.“

Kemur hér til í fyrsta lagi sú breyting í samræmi við það, sem áður var komið, að setja úrskurð forseta í staðinn fyrir reglugerð, og niðurlagi 16. gr. er alveg sleppt í minni brtt., en þar sagði: „þ. á m. um starfsmenn rn., starfsháttu og meðferð mála í rn. og svo um skipulag og stjórn einstakra ríkisstofnana og starfsgreina, sem lög fjalla eigi um sérstaklega.“ Þarna væri forseta og forsrh. fengið mjög mikið vald, og í raun og veru er með niðurlagi þessarar gr. að mínum dómi verið að fara út fyrir efni þessa frv. og sérstaklega, ef í framkvæmd yrði lagður víðtækur skilningur í þetta, og ég tel þess vegna rétt, að þetta sé fellt niður. Mig minnir nú, að einhver nm. hafi, þegar þetta var til umr., komizt svo að orði um niðurlag þessarar gr., að út á þessa setningu mætti raunverulega stjórna öllu landinu, ef þetta væri lögfest. Það gæti kannske út af fyrir sig verið æskilegt.

Við 17. gr. frv. geri ég brtt. við 1. mgr., en í henni segir, að lög þessi öðlist gildi 1. janúar 1970. Ég legg til, að þetta verði 1. júlí 1969. Ég tel, að það sé þörf á því að hraða gildistöku þessa nytsamlega frv., og ég viðurkenni það að vísu, að það tekur ærinn tíma að úrskurða og komast að niðurstöðu um það, hvaða stjórnarmálefni beri undir hvert rn., en ég tel það alveg óhæfilega langan tíma að bíða með þetta til næstu áramóta og legg því til, að það verði 1. júlí 1969.

Þá er síðasta brtt. mín. Hún er 10. brtt. á þskj. 690. Hún er við bráðabirgðaákvæðið, en í frv. hljóðar þetta

bráðabirgðaákvæði á þá leið, að þegar lög þessi komi til framkvæmda, skuli ráðuneytisstjórar, deildarstjórar og skrifstofustjórar, sem þá voru fastir starfsmenn án skipunar í embætti, í samræmi við ákvæði 1. mgr. 14. gr. sjálfkrafa hljóta veitingu embætta sinna samkv. nefndu lagaboði. Þarna geri ég nokkra orðalagsbreytingu og segi í brtt., að þegar lög þessi komi til framkvæmda, skuli þeir embættismenn, sbr. 14. gr., þ. e. ráðuneytisstjórar og hagsýslustjóri og ríkisendurskoðandi, sem eigi hafa hlotið veitingu forseta fyrir embætti sínu, hljóta slíka veitingu. Þessi breyting leiðir að sjálfsögðu af því, að skrifstofustjórarnir voru teknir út í mínum till. og ég féllst ekki á, að deildarstjórarnir væri forsetaskipaðir.

Ég hef þá gert grein fyrir þessum brtt. mínum. Ég endurtek svo að lokum, að hv. allshn. mælir með því, að þetta frv. verði samþ., en einstakir dm. hafa áskilið sér að hafa frjálsar hendur um það að flytja brtt. við frv. eða styðja brtt., sem fram kynnu að koma frá öðrum.

Pétur Benediktsson: Herra forseti. Hv. frsm. allshn. hefur tekið af mér ómakið um flest af því, sem ég þurfti að segja um frv. almennt. Það kom fram í plöggum málsins, sem okkur bárust eftir meðferð þess í Nd., að verulegur skoðanamunur er milli 11 ráðuneytisstjóra annars vegar og hæstv. ríkisstj. og að því er virðist allrar Nd. hins vegar um afstöðuna til almenns fyrirkomulags rn. í Stjórnarráðinu. Ráðuneytisstjórarnir óska að hafa rn. sem stærst og fæst, en hæstv. ríkisstj. og hv. Nd. hafa tekið hina afstöðuna, að hentast sé að hafa rn. allmörg. Ég vil taka það fram, að þessari meginstefnu er ég gersamlega fylgjandi og þar með merkasta atriði frv., sem felst í 5. gr., að þegar skipt er störfum með ráðh., skuli hvert rn. óskipt lagt til eins og sama ráðh. Væri það óframkvæmanlegt með mjög stórum rn. og sérstaklega þó, ef sá háttur væri upp tekinn, sem ráðuneytisstjórarnir virðast hallast að, að t. d. gamla atvmrn. héldist í svipaðri mynd eins og áður, þ. e. a. s. það annaðist landbúnaðarmál, sjávarútvegsmál (þar með siglingar) og iðnaðarmál — og jafnvel hugsanlega einnig samgöngumál, ef farið væri í gamla farið. Slík stór rn. gerðu það að sjálfsögðu ómögulegt að skipta verkum milli flokka við stjórnarmyndanir og mundu því halda við því óþurftarástandi, sem verið hefur núna um allmörg undanfarin ár, að rn. hafa verið klofin oft í mjög marga hluta og sami ráðuneytisstjóri þurft að þjóna ekki aðeins tveimur herrum, sem þykir nógu erfitt, heldur þremur og jafnvel fjórum í sömu ríkisstj. Þarna er sem sagt ekki um neinn ágreining að ræða, en hins vegar hefði ég kosið, að betur hefði verið athugað, hvort ekki mætti stokka fleira upp í ráðuneytalistanum í 4. gr. heldur en það eitt að stofna heilbrigðis- og tryggingamálarn. Út af fyrir sig er ég sammála stofnun þess, en hefði talið æskilegt, að nánar hefði verið farið yfir ráðuneytislistann almennt og athugað af kunnugustu mönnum og gefin grg. um það, hvað bezt mætti henta í því efni. Ég lagði fram að gamni mínu í n. nokkrar till. til athugunar, en þær hlutu nú ekki blessun meðnm. minna og vöktu ekki sérstakan áhuga hjá þeim af stjórnarvöldunum, sem fengu að sjá þær, svo að ég nenni nú ekki að vera að ergja menn með því að flytja þær nema að mjög litlu leyti. Sú breyting, sem ég þar legg til, er í 1. brtt. minni, stafl. a og b, sem ættu að fylgjast að við atkvgr., að kirkjumálarn. verði flutt til menntmrn., því að mér fyndist, að þessi upplýsingastarfsemi fyrir þjóðina hlyti að eiga heima á einum stað.

Ég geri aðra till. til breytinga við þessa skrá yfir rn. og það er þar sem Hagstofa Íslands er nefnd meðal rn. Ég hef ekki heyrt aðrar röksemdir fyrir því, ef svo ætti að vera, heldur en þá, að hagstofustjóri leggi mjög mikið upp úr þessu atriði. Ég vil taka það skýrt fram, að ég álít hagstofustjóra vera einn af mætustu embættismönnum þessa lands og stórmerkan mann í öllu sínu starfi, og ég álít, að hann eigi að fá í öllum sínum kjörum sízt lakari meðferð heldur en ráðuneytisstjórar, en hvernig í ósköpunum hægt er að gera Hagstofuna að rn., það skil ég ekki. Ég hef reynt í huga mínum að skilgreina hugtakið „ráðuneyti," og lágmarkið hlýtur þó að vera, að maður geti hugsað sér ráðherra þessa rn. En hver gæti talað um hagstofuráðherra? Ég held, að á flesta menn mundi það verka mjög undarlega, mjög einkennilega, ef (Gripið fram í.) Fjmrh. er allt annað. Enda segir svo í l. um Hagstofu Íslands nr. 24 frá 1913, að hún standi beint undir ráðh., en samkv. aths. við frv. var á árinu 1956 ákveðið, að Hagstofa Íslands skyldi vera sérstakt rn. Hvernig sem þetta síðara atriði er til komið, þá breytir það ekki því, að Hagstofan er ekki rn. samkv. l. um hana sjálfa né samkv. íslenzkri málvenju og eðli málsins. Það er vægast sagt undarlegt að velja henni það tegundarheiti. Óski hún að vera deild í fjmrn. með beinan aðgang að ráðh., eins og fjárlaga- og hagsýslustofnunin, frekar en vera sjálfstæð stofnun utan ráðuneytisins, þá mætti náttúrlega láta það eftir henni, þó að það væri heldur slæmt fordæmi. Það er vitað, að önnur stofnun hefur mjög sterka löngun til að nota þetta ráðuneytisheiti, og það er Póstur og sími. Hvort tveggja er þetta ættað frá Danmörku á sínum tíma, þar sem þetta hét Statistisk department og Direktoratet for post- og telegrafvæsenet, minnir mig, og þessi háttur var hafður á, til þess að hinir virðulegu embættismenn, sem yfir þessar deildir voru settir, skyldu ganga jafnhliða ráðuneytisstjórunum, þegar þeir fóru á fund konungsins eða sátu veizlur hjá honum, vera á sama stað í „rangordenen" eins og danskurinn kallar það, en úr þessu metnaðaratriði er fyllilega hægt að bæta með brtt. hv. 3. landsk. við 14. gr. frv.

Þá flyt ég enn eina brtt. við þessa gr. Hún er nú flutt eftir ábendingu Agnars Kl. Jónssonar ráðuneytisstjóra. Það er eðlilegra lagamál, finnst mér eins og honum, að ákvæði 8. gr. komi sem niðurlag 4. gr.

Þá er fyrri brtt. við 6. gr., það er dálítil efnisbreyting, sem ég fyrir mitt leyti legg nokkra áherzlu á. Ríkisendurskoðunin er þegar samkv. frv. sjálfstæð stjórnardeild, en innan fjmrn. Ég álít, að nú, þegar þessi lög eru sett, eigi þetta almenna eftirlit að vera tengt forsrn., en í raun og veru undir stjórn — náttúrlega ekki undir daglegri stjórn, en undir yfirstjórn — endurskoðunarmanna ríkisreikninganna, sem kjörnir eru af Alþ. Þetta mundi eftir mínu viti gefa þessari stofnun meiri virðuleika og meira sjálfstæði heldur en hún hefur í dag og ætti ekki að auka störf forsrh. svo að neinu næmi, því að hann er hvort sem er sá maður, sem hefur umsjón með starfsemi allra rn. og þar á meðal eyðslu þeirra. Þessi breyting

hefur í för með sér vissar aðrar breytingar á gr., sem eru ekki efnisbreytingar.

Þá kemur 3. brtt. mín, sem er bein afleiðing af síðustu brtt. minni við 4. gr. og ég hef þegar gert grein fyrir.

4. brtt. er við 11. gr., 1. mgr., eins og hún er á þskj. 374. Þar segir í gr.: „Ráðuneytisstjórar og hagstofustjóri stýra ráðuneytum." Það er með tilliti til þess, að ég álít ekki, að Hagstofan eigi að vera í þessari upptalningu, að ég flyt þessa brtt. Verði fyrri brtt. felld, verður þessi að sjálfsögðu tekin aftur, því að þær styðjast hvor við aðra.

5. brtt. er við ákvæði til bráðabirgða. Þar hef ég orðað sömu hugsunina og hv. 3. landsk., en að því er sjálfan mig snertir þá finnst mér ég hafa gert það svolítið betur, annars hefði ég ekki flutt till. Ég þarf ekki að taka fram, að þarna stendur „samkvæmt 14. gr.," en það leiðir af sjálfu sér, að það verður skv. 13. gr., ef till. um að fella 8. gr. niður verður samþ.

Ég vil þá að lokum taka fram, að ég get fallizt á allar brtt. hv. 3. landsk. þm. nema þá 10., sem svarar til 5. till. minnar, hana vil ég aðeins lagfæra, og 9. till. hans get ég ekki fallizt á. Ég hef sjálfur starfað í rn. og undir rn. í 26 ár af ævi minni, og ég veit það, að þau þyrftu að hafa breytzt mikið frá þeim árum, ef þau ættu að geta sett þær reglur, sem þarna er farið fram á, á eins skömmum tíma og brtt. gerir ráð fyrir.

Ólafur Jóhannesson: Herra forseti. Mér skilst, að nú hljóti að vera mjög liðið á fundartíma, en ég þarf að vísu ekki að vera mjög langorður um þetta mál. Ég vildi aðeins láta í ljós skoðun mína á þessu frv. Hún er í stuttu máli sú, að ég tel frv. þetta til bóta. Ég tel, að það sé mikil nauðsyn á því að setja heildarlög um Stjórnarráð Íslands. Eins og rakið er í grg. með þessu frv. hefur lagasetning um Stjórnarráðið til þessa verið í molum og þarf ekki að rekja það nánar, en ég held, að það sé æskilegt, að sett séu heildarl. um þetta og þessum málum komið í fastara horf en verið hefur. Ég álít, að þær meginbreyt., sem í þessu frv. felast, séu spor í rétta átt. Ég álít, að það sé sjálfsagt að lögfesta rn. þannig, að það sé ekki, eins og reyndar hefur átt sér stað, hægt að setja upp rn., án þess að l. séu sett um það. Ég tel einnig æskilegt, að það sé komið á fastari skipun á starfsskiptingu á milli rn. heldur en stundum hefur tíðkazt. Ég tel einnig þá breyt. til bóta, að rn. skuli heyra óskipt undir ráðuneytisstjóra. Ég er enn fremur meðmæltur þeirri breyt., sem felst í þessu frv. að því leyti til, að ráðh. er sérstaklega heimilað að ráða deildarstjóra sér til aðstoðar í rn. Við stjórnarandstæðingar gerum miklar kröfur til ráðh. og stundum sjálfsagt ósanngjarnar kröfur, en það er okkur ljóst, að ráðh. eru störfum hlaðnir, og ég tel, að það muni horfa til bóta og sé í rauninni sjálfsagt, að þeir hafi með sér í rn. og sér við hlið sérstaka trúnaðarmenn, sem þeir geta fyllilega treyst og geta notað til aðstoðar við hina pólitísku hlið í sínu starfi.

Þannig er það, að ég er að meginstefnu til fylgjandi þessu frv. og hefði raunar getað samþ. það eins og það hefur borizt hingað frá hv. Nd., en nú hafa tveir hv. þm. flutt við það allmargar brtt. Það má segja um þær brtt., að þær eru sumar hverjar ekki veigamiklar, heldur er þar um að ræða breyt., sem sumar hverjar geta verið álitamál, sumar geta verið til bóta, aðrar eru aftur vafasamar, og um sumar er það að segja, að mér virðast þær nú nokkuð vera nánast smekksatriði um orðalag og því um líkt.

Viðvíkjandi því, hve rn. eigi að vera mörg, þá er það auðvitað álitamál. Ég fellst á það, að atvmrn. sé skipt upp með þeim hætti, sem hér er gert ráð fyrir. Ég tel það eðlilegt og í samræmi við þróun þá, sem hér hefur átt sér stað. Þeir starfsþættir, sem hér er um að tefla, eru auðvitað ekkert sambærilegir nú því sem áður var, og þess vegna tel ég þá breyt. eðlilega, þó að það leiði til fjölgunar rn., og ég get alveg tekið undir það, sem kom fram hjá hv. 4. þm. Reykn., að ég fellst ekki á þá skoðun, sem hann sagði, að komið hefði fram af hálfu ráðuneytisstjóra, að rn. ættu að vera sem fæst og stærst. Það held ég, að sé óheppilegt, m. a. af þeirri ástæðu, sem hann benti réttilega á, og ég sé í sjálfu sér ekki kosti þess að hafa rn. svo sérstaklega stór hvert fyrir sig nema að því leyti til, að þá verður embætti hvers ráðuneytisstjóra nokkuð umsvifameira en ella. Ég held, að það sé eðlilegt, að þessu sé skipt eftir eðli málefnanna niður í ráðuneytisskrifstofur. En eins og ég sagði, þá getur þessi skipting auðvitað verið álitamál, í einstökum tilfellum. Auðvitað mætti fara að krukka í þetta eitthvað meira heldur en brtt. hv. 4. þm. Reykn. fjallar um. Frá mínu sjónarmiði er það algert álitamál, hvort það á að vera dóms- og kirkjumálarn. eða menntmrn. og kirkjumálarn. Þetta eru greinar, sem raunar hafa sömu rótina, hið gamla dóms-, og kirkju- og kennslumálarn. Ég sé satt að segja ekki, að þetta skipti miklu máli, en efast nú nokkuð um, að það sé til bóta að fara að breyta þessu frá þeirri skipan, sem nú er. En auðvitað gæti ég vel hugsað mér aðrar breyt. Ég er t. d. þeirrar skoðunar, að utanrrn. og viðskmrn. eigi að vera eitt rn. Ég álít, að uppistaðan í utanrrn. eigi að vera viðskiptamálin og það eigi að vera sú eðlilega skipan, sem kemst á í framtíðinni.

Ég vil aðeins, þó að tíminn sé naumur, koma svolítið nánar að því að tjá afstöðu mína til einstakra þeirra brtt., sem hér liggja fyrir, og ætla þá fyrst að víkja að brtt. frá hv. 4. þm. Reykn. um a- og b-lið. Fyrstu brtt. hef ég þegar rætt, en þá kem ég aðeins að c-liðnum, þar sem hann leggur til, að Hagstofa Íslands falli niður sem sérstakt rn. Ég get nú ekki alveg fallizt á hans rök í því efni. Hann nefndi það nú einmitt í sinni ræðu, að þarna er við fordæmi að styðjast frá Dönum. Ég hygg, að þó að sitthvað megi finna að hinni gömlu ráðuneytaskipan á danska tímanum, þá megi nú sitthvað af þeim læra, m. a. um festu í störfum og nákvæmni. Mér finnst þau rök vera fyrir því að hafa Hagstofuna sérstakt rn., að þarna er um þýðingarmikla starfsemi að ræða, sem á að afla upplýsinga, allir eiga að geta treyst og enginn á að geta tortryggt, og þess vegna er það æskilegast, að sá starfsmaður, sem henni veitir forstöðu, sé sem sjálfstæðastur og óháðastur. Og ég held, að honum sé sköpuð slík aðstaða frekar með því að gera hann að ráðuneytisstjóra heldur en að veita honum kjör sem eins konar deildarstjóra í fjmrn., og þess vegna mun ég greiða atkv. á móti þessari brtt. Ég skal nú ekki vera að tefja tímann með því að ræða um aðrar brtt. hv. 4. þm. Reykn., heldur mun ég láta mér nægja að taka afstöðu til þeirra með atkv. mínu. Ég sé ekki, að þær skipti miklu máli. Þó vil ég aðeins ræða aðra brtt., þar sem

það er lagt til, að ríkisendurskoðun skuli vera sjálfstæð stjórnardeild innan forsrn. Ég er ekki reiðubúinn til þess að fallast á þessa breyt. Ég álít, að málefnalega séð sé eðlilegast, að ríkisendurskoðunin sé í sem nánustum tengslum við fjmrn., því það er fjmrn., sem á að bera ábyrgð á þessari hlið mála, á fjármálunum. Hitt finnst mér koma mjög til álita og er samþykkur þeirri stefnu, sem kemur fram í brtt., að ríkisendurskoðunin sé að einhverju leyti tengd meira yfirskoðunarmönnum Alþ. heldur en nú er, þannig að það gæti komið til álita, að veita yfirskoðunarmönnum Alþ. einhvers konar yfirboðarastöðu, ef orða má það svo, gagnvart ríkisendurskoðuninni. En ef breyta á til um stöðu ríkisendurskoðunarinnar og færa hana meira frá fjmrn. og skilja þar meira á milli en nú er gert, þá álít ég, að það væri eðlilegast, að hún væri sett undir Alþ. með beinum eða óbeinum hætti. Um brtt. hv. þm. Reykn. skal ég svo ekki ræða frekar.

Viðvíkjandi brtt. frá hv. 3. landsk. á þskj. 690, þá gildir nú það, sem ég áðan sagði, að mér finnst þær ekki stórvægilegar sumar hverjar, aðeins orðalagsbreytingar, og hafa ekki mikla þýðingu. Það er t. d. önnur brtt. um það, að forseti Íslands ákveði það, sem þar er sagt, með úrskurði í stað þess að ákveða það með reglugerð. Ég held, að heiti á þessum fyrirmælum sé mjög á reiki og forseti Íslands gefur út reglugerð. Nærtækt dæmi, sem ég man eftir, er reglugerð um Háskóla Íslands. Þannig að það þarf út af fyrir sig ekki að stangast á. Hitt er sjálfsagt samkvæmt danskri málvenju, að frekar var notað annað heiti en það, sem svarar til reglugerðar, um fyrirmæli, sem komu frá konungi, en ekki erum við nú bundnir við það. Í mínum huga er það svo, að þegar orðið úrskurður er notað, þá er frekar um eitthvert einstakt tilvik að tefla heldur en setningu almennra reglna, en þetta er auðvitað algert aukaatriði.

Ein meginbreyt. skilst mér vera sú í þessum brtt. hv. 3. landsk. að fella niður heimildina til þess að skipa skrifstofustjóra og af henni leiðir svo nokkrar aðrar brtt. Ég er því meðmæltur, að þessi heimild til þess að ráða sérstakan skrifstofustjóra sé í frv. Ég álít það til bóta, að það sé fastur staðgengill þannig, sem fyrir fram er ákveðið, að komi í staðinn fyrir ráðuneytisstjóra, heldur en að það sé á valdi þess ráðh., sem í það og það skiptið fer nú þarna með völdin, að velja úr hópi deildarstjóra þann, sem hann vill helzt setja í starfið. Og ég álít, að það geti verið heppilegt í vissum tilfellum að hafa flokkana í þessu sambandi eilítið fleiri. Það getur staðið þannig á t. d. í sambandi við utanrrn., að þegar sendiherrar eru kallaðir heim, ambassadorar og þvíumlíkt, og ekki eru ráðuneytisstjórastörf handa þeim öllum, þá geti verið heppilegt að hafa svona störf, eins og skrifstofustjórastörf, og ég held, að það sé ekki til bóta að fella þessa heimild niður. Þá er lögð til hér sú breyt. að breyta 14. gr. og taka deildarstjóra undan forsetaskipun. Það er að vísu svo, að það er mjög á reiki, hvaða embættismenn fá forsetaveitingu fyrir sínu embætti. Það má segja, að það séu aðallega hinir eldri embættismenn og tilhneigingin hafi verið í þá átt, þegar stofnuð hafa verið ný embætti, að ákveða frekar um þá með ráðherraveitingu. Ég er andvígur þessu. Ég tel, að það eigi og megi halda í það, og úr því að við erum að hafa sérstakan forseta, þá megi hann skipa embættismenn. Ég vil þess vegna halda í ákvæði frv. um þetta og láta forseta skipa deildarstjóra eins og ráðuneytisstjóra.

Ég skal nú ekki gera neinn ágreining um það, hvort þessir væntanlegu aðstoðarmenn ráðh. fá hálf laun eða full laun þessa 3 mánuði, þennan biðlaunatíma, það finnst mér nú ekki mikið atriði, en það má náttúrlega segja, að þegar þeir fara í þetta starf, þá vita þeir frá öndverðu, að þarna er um bráðabirgðastarf að tefla. Það mundu kannske einhverjir fást til þess, þó að þeir ættu ekki von á nema hálfum launum þessa 3 mánuði. Ég get t. d. ímyndað mér, að í þessum störfum megi í framtíðinni sjá unga menn, sem seinna verða stjórnmálamenn, og ég álít, að það geti verið mjög æskilegur skóli fyrir slíka menn að starfa í rn. með þessum hætti.

Viðvíkjandi 16. gr. og þeirri brtt., sem þar er um að ræða, þá finnst mér nú, að sá skilningur, sem hv. 3. landsk. vildi leggja í hana, sé allt of viðtækur, að það mætti þá fara að stjórna landinu með reglugerð forseta Íslands. Það held ég, að sé alls ekki meiningin með þessu og ekki heldur hægt að lesa það út úr þessu. Það, sem ég finn út úr þessari grein, er það, að það á að taka ákvörðun um þessi atriði og setja þau undir forseta Íslands í stað þess, eins og nú er, að ráðh. skipi þessu með reglugerð eða öðrum hætti, því að það gera þeir auðvitað um þau málefni, sem lög ná ekki til, en þarna er um það að tefla.

Ég tel þetta merkilegt mál, og ég hefði í sjálfu sér viljað gera því betri skil og ræða um það nánar, en ég skal ekki hafa þessi orð fleiri. En ég sé sem sagt ekki, að þessar brtt. svona yfirleitt séu til stórra bóta, en sumar eru kannske til nokkurrar lagfæringar, og þess vegna finnst mér nú slæmt, að n. skuli ekki sem heild hafa getað samræmt þær og komið sér saman um orðalagsbreyt. á frv., þar sem hún taldi það við eiga.

Forsrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Þar sem ég skil svo sem menn kjósi heldur að sleppa við kvöldfund og málið er nú komið nokkuð í eindaga, ef það á að ná fram að ganga á þessu þingi og hér verður samþ. eitthvað af brtt., þá skal ég mjög stytta mál mitt. Enda þótt brtt. séu allmargar, þá eru menn sammála um meginatriði málsins, og er ég þakklátur fyrir þær undirtektir.

Ég get nú að mestu vitnað til þess, sem hv. 3. þm. Norðurl. v. sagði um frv. Ég vil þó taka fram, að ég er honum ósammála í því efni, er hann taldi, að utanrrn. og viðskmrn. ætti að vera eitt og hið sama. Ég tel, að slíkt sé ekki framkvæmanlegt. Hvort sem menn vilji hafa rn. mörg eða fá, þá hljóti viðskmrn. ætíð að fjalla um ýmis mál, sem ekki með nokkru móti verða talin eðli sínu samkvæmt heyra undir utanrrn. Hitt tek ég undir, að það hljóti að koma mjög til athugunar að skipta störfum milli þessara rn. með nokkuð öðrum hætti heldur en verið hefur. En það er annað mál, og ég játa það, að utanrrn. hefur auðvitað takmarkaða þýðingu, — það er nauðsynlegt undir öllum kringumstæðum, — en það hefur takmarkaða þýðingu, nema það láti verulega að sér kveða í viðskiptamálum, sem það hefur raunar gert í miklu ríkara mæli heldur en menn sýnast nú almennt gera sér grein fyrir. Í þeim efnum ríkir töluverður misskilningur. Varðandi brtt. þá get ég sagt, eins og hv.

síðasti ræðumaður, að flestar eru þær um smekksatriði, sem skipta í sjálfu sér ákaflega litlu máli.

Af brtt. hv. frsm., 3. landsk. þm., þá vildi ég einungis mæla gegn 9. till., um að breyta gildistíma l. Ég tel ekki, að það verði framkvæmanlegt eða gerlegt á svo stuttum tíma að skipta störfum, sem hér er um að ræða, enda ljóst, að eins og nú horfir, og ef núverandi ríkisstj. situr áfram, þá mundi þurfa nýja samninga um starfsskiptingu á milli þeirra flokka, sem sæti eiga í ríkisstj., svo að það yrði ekki einungis vandi að skipta störfum á milli rn., heldur koma þarna upp pólitískir samningar, sem nokkurn tíma þarf til, hvað sem öðru líður. Ég tel þetta ekki framkvæmanlegt. Hinar brtt. læt ég mig litlu skipta. Ég mundi halda, að það væri til bóta að láta þessa deildarstjóra, sem nú er gerð till. um, fá laun í 3 mánuði, full laun, ef þm. treysta sér til þess. Segja má, að þessir menn verði hart leiknir, ef þeir fá einungis hálf laun í 3 mánuði, en ég vildi fara varlega í minni tillögugerð um þetta og sýna, að það var ekki ætlunin að leggja verulegan nýjan kostnað á ríkissjóð. Ég mundi mælast til þess, að 3. brtt. hv. þm. yrði tekin aftur til 3. umr. og rædd nokkru nánar, það má vel vera, að efnislega sé hægt á hana að fallast, en ég vildi þó skoða það örlítið betur. Hitt er þess eðlis, að það eru hrein smekksatriði, eins og röðun á setningum, hvað eigi að taka fram ítarlegar, hvað um er getið, hvort eigi að kalla það reglugerð eða úrskurð, sem sett er með reglum og gert er með reglum. Þetta má sem sagt deila um. Aðrir eru, eins og ég mundi segja, kannske minnugri hins gamla danska lagamáls, en þeir um það, og ég tel, að það taki ekki að deila um þetta, úr því menn sýnast hafa áhuga á þeirri breyt.

Varðandi brtt. hv. 4. þm. Reykn., þá má segja slíkt hið sama um sumar hans till. Ég tel, að það sé ekki til bóta að færa kirkjumálarn. eða skilja það frá dómsmrn. Þessi rn. hafa ætíð verið saman, en þetta er þó helst smekks- og fyrirkomulagsatriði, sem endalaust má togast á um. Um Hagstofuna gilda sérstakar sögulegar ástæður. Með hagstofulögunum var Hagstofan gerð að sjálfstæðari stofnun strax í upphafi heldur en tíðkanlegt er um aðrar sambærilegar stofnanir. Á árunum 1956—57 var svo kveðið formlega á um það, að hagstofustjóri skyldi verða ráðuneytisstjóri. Ég sé enga ástæðu til þess að breyta því út af fyrir sig. Það mundi náttúrlega engum detta í hug, að ráðh. yrði eingöngu ráðh. Hagstofunnar, nema því aðeins ef menn vildu skapa embætti eins og tíðkast raunar í Englandi, að menn fá störf meira til þess að vera almennir ráðgjafar og ráðunautar heldur en að vinna mikið dagleg embættisverk. Að því gæti kannske komið, en eins og sakir standa þarf ekki að búast við því. Varðandi ríkisendurskoðunina, þá má færa nokkur rök á báða vegu fyrir því, sem hv. 4. þm. Reykn. sagði og 3. þm. Norðurl. v., ýmist að þetta ætti að leggjast undir yfirskoðendur landsreikninga eða forsrh. Ég hygg þó, að það mál þurfi að skoða mikið betur, vegna þess að margt af þeim störfum, sem undir ríkisendurskoðunina heyra, eru í raun og veru skyldustörf fjmrh. og fjmrn. Það er skylda þeirra að sjá um, að ríkistekjur séu innheimtar með þeim hætti, sem vera ber, og það er ekki hægt að kanna það til hlítar eða fylgjast með því, að því er mér skilst, nema í mjög nánu samstarfi við sjálft fjmrn. Við skulum játa, að störf sýslumanna eru ákaflega margþætt. Þeir heyra embættislega undir dómsmrn. og dómsmrh. En mikið af þeirra störfum er nú orðið aftur á móti ýmiss konar fjársýsla, sem enginn getur fylgzt með eða á að fylgjast með, svo að í lagi sé, nema fjmrh., og hann verður að hafa tæki til þess undir sinni stjórn að gera það. Það er ráðstöfun mikilla fjármuna, sem hann verður að hafa fullt færi á að segja til um. Í þessu felst ekki, að ég sé því andstæður, að það sé athugað betur, hvort þarna megi skilja í sundur. Það verður þá að gera það á seinna stigi málsins, og að betur athuguðu máli. Fyrr er þetta að mínu viti ekki tímabært.

Varðandi aftur á móti eflingu rn. í heild og afstöðu ráðuneytisstjóranna til málsins, þá held ég, að þeir hafi nokkuð misskilið það. Það getur verið, að hvert rn. verði ekki ákaflega umfangsmikið eftir þá breyt., sem hér er gerð, og er það þó lítill munur frá því, sem á hefur komizt í framkvæmd. Ég er því sammála, að það þurfi að efla rn. mjög verulega frá því, sem er, en þá er það skilyrði, að þessari breyt. sé fyrst komið á, síðan verður með starfsbreyt., eftir atvikum með breyt. á löggjöf, að kveða á um yfirstjórn hvers málaflokks fyrir sig, hvort sé betra að hafa hann í sérstakri stofnun, sem rn. fylgist náið með, eða taka stofnunina beint inn í rn. Ég er sannfærður um það af minni reynslu, hafandi verið kennslumálarh., menntmrh., í nokkur ár, að það verður sparaður mikill tvíverknaður, þegar fræðsluskrifstofan verður sameinuð menntmrn., eins og nú er þegar raunar ákveðið, að gert skuli. Ég er sannfærður um, að slíkt hið sama er hægt að gera að verulegu leyti varðandi t. d. Fiskifélag og sjútvmrn. og a. m. k. um sum störf búnaðarfélagsskrifstofu hér í bænum og landbrn. Ég mundi gera ráð fyrir hinu sama varðandi Iðnaðarmálastofnun og iðnmrn. En þetta eru ákvæði, sem taka verður ákvörðun um hvort út af fyrir sig að skoðuðu hverju máli um sig. Alveg eins og það var réttarbót, sem flestir viðurkenna nú orðið, þegar dómsmrn. var skorið í sundur og settur upp sérstakur saksóknari ríkisins. Þá var tekið frá rn. það, sem það áður hafði haft. Ég hygg, að það sé tvímælalaust til bóta. Það hefði mátt spyrja, þegar Efnahagsstofnunin var lögð undir forsrn.: Er þá ekki betra að taka það beint inn í forsrn. sjálft, heldur en að setja upp sérstaka stofnun? Ég held, að það sé heillaríkara að hafa Efnahagsstofnunina sérstaka, einmitt vegna þess að forsrh., þótt hann hafi yfirstjórn slíkrar upplýsingastofnunar, sem þarna er um að ræða, hefur svo mörgu öðru að sinna, svo að hann getur ekki tekið að sér daglega stjórn þess, sem þar gerist.

Ég sé svo ekki ástæðu til þess að fjölyrða meira um málið. Ég hef getið um þær brtt., sem ég tel máli skipta, ýmist til góðs eða ills, og læt mig ekki varða, hvað um hinar verður.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 93. fundi í Ed., 13. maí, var fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.

2. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.

Brtt. 690,1 felld með 11:8 atkv.

3. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
Brtt. 718,1. a-b felld með 11:5 atkv.
— 718,1. c felld með 16:1 atkv.
— 718,1. d samþ. með 11:5 atkv.
4. gr., svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv.
5. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
Brtt. 718,2 felld með 11:5 atkv.
6. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
7. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Brtt. 718,3 (8. gr. falli niður) samþ. án atkvgr.
— 690,2 felld með 10:7 atkv.
9. gr. (verður 8. gr.) samþ. með 16 shlj. atkv.
10. gr. (verður 9. gr.) samþ. með 19 shlj. atkv.
Brtt. 718,4 tekin aftur.
— 690,3 tekin aftur til 3. umr.
11. gr. (verður 10. gr.) samþ. með 15 shlj. atkv.
Brtt. 690,4 felld með 9:7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JÞ, KGuðj, PB, HjH, EÁ, GilsG, JÁH.

nei: MJ, ÓB, ÓlJ, StG, SvG, AuA, ÁB, JónÁ, JR, PÞ, BGuðbj, BFB, EggÞ greiddu ekki atkv.

12. gr. (verður 11. gr.) samþ. með 15 shlj. atkv.
Brtt. 690,5 felld með 7:6 atkv.
13. gr. (verður 12. gr.) samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 690,6 felld með 10:6 atkv.
14. gr. (verður 13. gr.) samþ. með 14 shlj. atkv.
Brtt. 690,7 samþ. með 8:4 atkv.
15. gr. (verður 14. gr.), svo breytt, samþ. með 16 shlj. atkv.
Brtt. 690,8 samþ. með 8:7 atkv.
16. gr. (verður 15. gr.) samþ. með 16 shlj. atkv.
Brtt. 690,9 felld með 13:3 atkv.
17. gr. (verður 16. gr.) samþ. með 17 shlj. atkv.
Brtt. 718,5 tekin aftur til 3. umr.
— 690,10 tekin aftur til 3. umr.
Ákvæði til bráðabirgða samþ. með 18 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 19 shlj. atkv.

Á 94. fundi í Ed., s.d., var frv. tekið til 3. umr. (A. 748, 690,3, 690,10, 718,5, 749).

Of skammt var liðið frá 2. umr. – Afbrigði leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

Pétur Benediktsson: Herra forseti. Ég er hv. þd. mjög þakklátur fyrir hinar jákvæðu undirtektir undir brtt. mínar við 2. umr. þessa frv., þar sem samþ. var að flytja eina stutta málsgr. úr 8. gr. í 4. gr. Það sýnir þó, að orð mín eru enn nokkurs metin í þessari hv. deild. Í trausti þess, að svo sé enn við þessa umr., þá kem ég með fáeinar brtt. til viðbótar, sem ég leyfi mér að afhenda skriflega, þar sem ekki hefur unnizt tími til að prenta þær enn. Þær eru í sama anda og þessi, sem samþ. var, álíka byltingarkenndar, en falla náttúrlega undir það, sem heldur var hallmælt við 2. umr., að vera smekksatriði. Bæði hæstv. forsrh. og hv. formaður Framsóknarflokksins höfðu í sínum ágætu og mjög svo samdóma ræðum í málinu við 2. umr. sérstakan imugust á öllum smekksatriðum við afgreiðslu þessa máls, og skal þó hætt á það að fara ofurlítið lengra í því efni. Ég vil þó ekki fara svo langt að flytja brtt. um að bæta við „hafnarmálaráðuneytinu", enda þótt það hafi skapazt síðan síðasta umr. fór fram. Það má sjá hér svart á rauðu og hvítt á svörtu á þessum tveimur merku skjölum, sem útbýtt hefur verið í deildinni í dag, þar sem eru plögg, sem send eru herra hafnamálaráðh., annað af vita- og hafnamálastjóranum og hitt af Hafnamálastofnun ríkisins, þykir mér mikil furða, að þessar 2 virðulegu stofnanir skuli ekki heimta að vera rn. og ráðuneytisstjórar. Ég mun nú láta þetta liggja á milli hluta að sinni, en í stað þess flyt ég brtt. við 4. gr. í anda þeirra brtt., sem voru framlag hv. Nd. til málsins, þegar það var þar á ferð. Þá var orðlíðurinn „mála" strikaður út úr heitum ýmissa rn. Nú ætla ég ekki að fara í fullt kapp við deildina, hvorki þannig að halda áfram á þeirri braut né snúa við til fulls. Ég ætla t.d. ekki að leggja til, að fjmrn. verði kallað „fjárráðuneyti", enda er ég hræddur um, að viss ráðh. mundi þá heimta stjórnina yfir því (það yrði deild undir landbrn.) — heldur mun ég láta mér nægja þá millileið að setja „mála" aftur inn í menntamálin, og því flyt ég þá till., að í stað „menntaráðuneyti" komi menntamálaráðuneyti. Þá flyt ég aðra brtt. við þá gömlu 10. gr., sem nú er 9. gr., að orðin „og eignum á vegum þeirra" falli niður. Þetta er gert til þess að gera hæstv. forsrh. hægara fyrir með verkaskiptinguna og sem þm. alkunnur af áhuga mínum á kirkjumálum, eins og brtt. við 2. umr. sýndu, þá stefni ég þarna að því sérstaklega, að jarðeignadeild ríkisins fái einnig að fjalla um prestssetur og hjáleigur þeirra, sem í dag heyra undir dómsmrn. Ég álít, að það sé algerlega ófullnægjandi að hafa þá skilgreiningu, að þessar jarðir séu undir annari stjórn en jarðeignir almennt. Þetta ætti ekki að geta orðið neitt ágreiningsatriði. Loks var frestunin miðaður (**Gripið fram í:** Hver á að setja reglur um þetta?) Það á forseti að gera með reglugerð eða úrskurði. Ef farið er eftir 7. gr. við afgreiðslu málsins, þá má forseti gera það með reglugerð, en ef farið er eftir 15. gr. þá gerist það með úrskurði. En í báðum tilfellum að sjálfsögðu eftir till. forsrh.

Loks kemur 3. brtt., sem er við ákvæði til bráðabirgða. Þar sem breyt. um forsetaskipun vissra embættismanna, sem fluttar voru af hv. 3. landsk. þm. og mér, náðu ekki fram að ganga, þá fellur grundvöllurinn undan brtt. við 2. umr., bæði hans og minni, við bráðabirgðaákvæðið, en þar fyrir þarf aðeins að breyta því, því að þar er gert ráð fyrir, að vissir embættismenn hljóti „sjálfkrafa" forsetaskipun. Þetta er ekki til í dæminu, það verður enginn maður „sjálfkrafa" embættismaður. Gera má ráð fyrir, að átt sé við það, að ekki þurfi að auglýsa embættin, og þess vegna vil ég gera þetta ofurlítið skiljanlegra með því að fella niður orðið „sjálfkrafa." Ég vil geta þess, að við erum báðir flm. að þessum till., ég og hv. 3. landsk., og ef ég má tala fyrir mitt leyti, vil ég óska þess, að deildin láti till. ekki gjalda þess, að þetta sé ofurlítið smekklegra orðalag heldur en hitt, sem fyrir er.

Fyrst komið er að svo mörgum smekksatriðum, þá langar mig til þess að nefna enn eitt ósamræmi í stafsetningu. Nú er ekki því að neita, að í skrifuðu máli er mikið og vaxandi ósamræmi í notkun upphafsstafs um ýmis embættis- og stofnanaheiti, en um það hef ég ekki aðeins notað minn eigin málsmekk, heldur spurt marga góða menn að því, hvort þeir

mundu skrifa ráðuneytaheiti með stórum staf, og hafa þeir allir verið sammála um, að svo bæri ekki að gera. Hagstofa Íslands hygg ég þó, að allir mundu skrifa með stórum staf, en hagstofan með litlum, nákvæmlega á sama hátt eins og gert er um háskólann: Háskóli Íslands og háskólinn. Þetta er umdeilanlegt smekksatriði, sem hér er erfitt að greiða atkv. um, en ég bið hæstv. forseta um að beina því til skrifstofustjórans að leiðrétta frv. að þessu leyti í samræmi við það, sem telst rétt og góð ritvenja í dag. Vonast ég til, að ekki verði heldur ágreiningur um þetta.

Svo þakka ég enn fyrir góðar undirtektir undir till. mínar og læt máli mínu lokið.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 749) leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

Brtt. 690,3.a tekin aftur.
— 690,3.d tekin aftur.
— 690,10 tekin aftur.
— 718,5 tekin aftur.
— 690,3.b felld með 8:7 atkv.
— 690,3.c felld með 8:7 atkv.
— 749,1 samþ. með 15 shlj.
— 749,2 felld með 7:4 atkv.
— 749,3 samþ. með 16 shlj. atkv

Frv., svo breytt, samþ. með 17 shlj. atkv. og endursent Nd.

Á 94. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að frv. væri endursent frá Ed., eftir 3. umr. þar.

Á 95. fundi í Nd., 16. maí, var frv. tekið til einnar umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 24 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 775).

---

56. Þjóðminjalög.

Á 23. fundi í Nd., 5. des., var útbýtt:
Frv. til þjóðminjalaga [100. mál] (stjfrv., A. 126).

Á 24. fundi í Nd., 9. des., var frv. tekið til 1. umr.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Þetta frv. er síðasta frv. í flokki frv. um endurskoðun á gildandi löggjöf *um íslenzk söfn, sem lögð hafa verið fyrir* hið háa Alþ. Þetta frv. er raunar langveigamesta frv. og í því flest nýmæli, og það var raunar nauðsyn á nýrri löggjöf um íslenzkar þjóðminjar og íslenzka þjóðminjavörzlu, sem var ástæða þess, að efnt var til þeirrar endurskoðunar á löggjöfinni um söfnin, sem Alþ. hefur nú fengið til meðferðar.

En sannleikurinn er sá, að þó að Þjóðminjasafn Íslands sé ein af elztu stofnunum landsins og hafi starfað í 106 ár, hafa aldrei verið til um þá stofnun sérstök lög. Segja má, að það hafi ekki komið að verulegri sök, vegna þess að smám saman hafa myndazt fastar starfsvenjur varðandi Þjóðminjasafnið, en engu að síður verður það þó talið með öllu óeðlilegt, að ein elzta og mikilvægasta menningarstofnun landsins skuli ekki starfa á föstum lagagrundvelli. Hins vegar eru um þessi efni til tvenn lög, þ. e. a. s. lög frá 1907 um verndun fornmenja og lög frá 1947 um viðhald fornra mannvirkja og byggðasöfn. En í þessu frv., sem nú er hér lagt fyrir hv. Nd., eru sett lagaákvæði um Þjóðminjasafnið, um fornminjar, sem greinast í fornleifar og forngripi, nýmæli um kirkjugripi og minningamörk, enn fremur mikilvæg nýmæli um friðun húsa og annarra mannvirkja, *síðan ákvæði um byggðasöfn* og enn fremur nokkur almenn ákvæði. Ekki er ástæða til þess að fara sérstökum orðum um lagaákvæðin um sjálft Þjóðminjasafnið. Þau eru hliðstæð þeim lagaákvæðum, sem nú eru sumpart í gildi eða gerð hefur verið till. um í hinum frv. um hin önnur söfn. Um kaflann um fornminjar er það að segja, að um flest efnisatriði er þar um að ræða svipuð ákvæði og gilda nú í l. frá 1907, nema hvað þau eru að orðfæri til miðuð við nútímaaðstæður og hliðstæð ákvæði í öðrum safnal. Í gildandi l., þ. e. a. s. l. frá 1907, eru hins vegar ýmis ákvæði, sem nú eru orðin algerlega úrelt og hafa í raun og veru aldrei komið til framkvæmda, og er ekki gert ráð fyrir því, að þau verði í væntanlegum l., ef þetta frv. nær fram að ganga. Þessi ákvæði eru t. d. um skýrslugerðir, um auglýsingu í Lögbirtingarblaði og fleira í sambandi við fund forngripa. Í gildandi l. eru einnig margþætt fyrirmæli um sameign ríkissjóðs eða landssjóðs, landeiganda og finnanda að forngripum. Frá upphafi hafa þessi lagaákvæði aldrei skipt neinu máli, en hins vegar er í þetta frv. tekin upp sú regla, sem nú mun vera í l. flestra menningarþjóða, að fundnir forngripir, sem liggja eða legið hafa í jörðu, séu eign ríkisins. Hins vegar er látin haldast sú regla, sem er í gildandi l., að þegar forngripir úr gulli eða silfri finnast, skuli landeiganda og finnanda greitt til jafnra skipta sín á milli *málmverð hlutanna eftir mati að viðbættum 10%*. Í gildandi l. eru einnig nokkur ákvæði um skráningu forngripa, sem séu í eigu einstakra manna, en þau ákvæði hafa aldrei komið til framkvæmda, og er því ekki gert ráð fyrir því, að þau verði látin haldast í l.

Í III. kafla frv. er rætt um kirkjugripi og minningarmörk, og eru ákvæði þessa kafla öll nýmæli. Hér er um að ræða friðun kirkjugripa, sem varðveittar eru í kirkjum landsins, og legsteina og annarra minningarmarka í kirkjugörðum, en skilyrði fyrir friðun er hér talið, að munir hafi sögulegt eða listrænt gildi að mati þjóðminjavarðar. Í gildandi l. frá 1907 eru að vísu ákvæði um skráningu fornra kirkjugripa, sem gert var ráð fyrir, að færi fram jafnframt skráningu forngripa í eigu einstakra manna. Þessi ákvæði hafa ekki heldur komið til framkvæmda frekar en skráning forngripa í eign einstakra manna, eins og ég gat um áðan. Vegna þess að þeir munir, sem hér er um að ræða og friðaðir eru samkv. þessum kafla, eru ekki í beinni vörzlu Þjóðminjasafns, er vernd þeirra falin forráðamönnum kirkna og kirkjugarðsstjórum, og hlýtur það að teljast eðlilegt, en yfirumsjón með friðuninni er þjóðminjaverði þó ætlað að hafa.

Í IV. kafla frv. eru ákvæði um friðun húsa og annarra mannvirkja, og er hér e. t. v. um að ræða merkilegasta

nýmæli eða merkilegustu nýmæli þessa frv. Í öðrum löndum eru nú til fullkomin friðunarlög, sem hafa það að markmiði, að varðveitt séu hús og mannvirki, sem talin eru hafa sérstakt gildi, menningarsögulegt, listrænt eða sögulegt. Löggjöf um þessi efni í nálægum löndum er með nokkuð ólíkum hætti, en takmark þeirra allra er þó hið sama. Í þessu efni höfum við orðið á eftir öðrum þjóðum vegna skorts á lagaákvæðum um þetta efni. Þessu frv. er ætlað að bæta úr því.

Nú er það að vísu svo, að undir verndarvæng Þjóðminjasafns standa nú allmörg gömul og merkileg hús, einkum kirkjur og torfbæir, og eru þau, að ég held, öll í opinberri eign. Hingað til hefur hins vegar ekki verið farið inn á þá braut að friðlýsa hús í einkaeign, eins og þó er gert alls staðar í nálægum menningarlöndum. Er í þessum kafla þessa frv. gert ráð fyrir nauðsynlegum heimildum til þess, að slíkt geti orðið hér einnig. Því er ekki að leyna, að friðun húsa í einkaeign er vandasamt og viðkvæmt mál og getur hæglega valdið ýmiss konar árekstrum milli eigenda húsanna og friðunarvaldsins, og þess vegna er það mjög mikilvægt, að lagaákvæði um þetta efni séu skýr og ákveðin, en þó sett af hófsemd.

Í þessu frv. er höfð hliðsjón af erlendum lögum, sem raunar hafa tekið mjög miklum og örum breytingum í ýmsum löndum, vegna þess að reynsla hefur sýnt, að slík lagaákvæði hafa þarfnazt endurskoðunar hvað eftir annað, þannig að tekið sé tillit til þeirra reynslu, sem fengizt hefur. En yfirleitt er hér um að ræða nýjustu lagaákvæði í nálægum löndum, sem stuðzt hefur verið við í samningu þessa frv. Hér er farinn meðalvegur, ef ég mætti segja. Megintilgangur þessa kafla er sá að koma fram þeirri friðun, sem nauðsynleg er, án þess þó að ganga með óeðlilegum hætti á hagsmuni eigenda og ekki heldur að stofna til óhæfilegra útgjalda af hálfu hins opinbera nema að svo miklu leyti, sem algerlega óhjákvæmilegt verður að telja.

V. kaflinn fjallar um byggðasöfn, en um þau efni fjalla einmitt fyrst og fremst l., sem ég gat um áðan, að í gildi eru frá 1947. Þá var tiltölulega lítil reynsla komin á starfsemi byggðasafna. Nú er hins vegar fengin um þetta efni u. þ. b. tveggja áratuga reynsla og því fullkomlega tímabært að efna til endurskoðunar á lagaákvæðum um þetta efni. Sú grundvallarstefna er mörkuð í þessu frv., að byggðasöfn á Íslandi ættu fremur að vera færri og stærri en fleiri og smærri. Ekki hefur þó þótt skynsamlegt að lögbinda beinlínis, hversu stórt landssvæði byggðasafn skuli hafa að baki sér minnst til þess að vera styrkhæft samkv. þessum l. En í frv. er það lagt á vald menntmrh. að fengnum till. þjóðminjavarðar, hvort byggðasafn skuli teljast styrkhæft. Er með því vonandi tryggt, að ríkisstyrkt byggðasöfn verði ekki óhæfilega mörg, því að gera verður ráð fyrir því, að þjóðminjavörður geri það að skilyrði fyrir meðmælum með byggðasafni, að það sé sæmilega stórt. Sett eru síðan ýmis skilyrði fyrir því, hvað telja skuli styrkhæft byggðasafn.

Í 38. gr. frv. er ráð fyrir því gert, að geyma megi muni, sem byggðasafni heyra, í friðuðu húsi, ef til er, í eign ríkis eða sveitarfélags á byggðarsafnssvæðinu, og þarf þó þjóðminjavörður að samþykkja vörzlu gripanna þar. Þetta á við nú um tvo staði, Glaumbæ í Skagafirði og Grenjaðarstað í Þingeyjarsýslu. Gera má þó ráð fyrir, að skipunin sé ekki til frambúðar á hvorugum staðnum og stefnt verði að því, að sérstök hús rísi yfir byggðasöfnin, en rétt þykir þó að halda þessum ákvæðum í gildandi l., enda ekki vitað hvenær sérstakt húsnæði fyrir byggðasöfnin yrði komið upp á þessum stöðum.

Þá er nokkuð breytt í þessu frv. gildandi ákvæðum um þátttöku hins opinbera, þ. e. a. s. styrk hins opinbera, við byggingu safnahúsa fyrir byggðasöfn og rekstur byggðasafnanna. Núgildandi lagaákvæði gera ráð fyrir því, að ríkið skuli greiða allt að ¼ byggingarkostnaðar húss yfir byggðasafn, eftir því sem fé er veitt í fjárl. En í gildandi l. ber ríkinu að greiða ⅓ hluta rekstrarkostnaðarins yfirleitt. Í þessu frv. er sú stefnubreyting mörkuð, að ríkið á í framtíðinni að greiða aukinn hluta stofnkostnaðarins, þ. e. ⅓ í stað ¼, en nú er hins vegar ekki gert ráð fyrir því, að ríkið taki annan þátt í rekstri byggðasafna en þann, að það greiði gæzlumannslaun að hálfu. Reynsla þykir hafa sýnt, að stofnkostnaður við byggingu safnahúss er erfiður þröskuldur fyrir héruðin, og þess vegna er mörkuð sú stefna, að ríkishlutdeild í stofnkostnaðinum skuli aukin. Þegar hins vegar byggðasafn er komið upp, má gera ráð fyrir því, að áhugi heima fyrir á rekstri safnsins sé svo mikill, að héruðunum muni ekki vaxa það í augum, þótt þau þurfi að greiða annan kostnað en þann, sem svarar til hálfra launa gæzlumannsins. Segja má, að laun gæzlumanns séu skyld stofnkostnaðinum, þar sem byggðasafnið geti ekki starfað án þess að hafa ákveðinn gæzlumann, og þá rétt, að laun hans séu tryggð af hálfu ríkisins. Gera má ráð fyrir því, að byggðasöfn, sem stofnuð yrðu og rekin samkv. ákvæðum þessa frv., gætu varla orðið fleiri en svo sem 15—20, enda má hiklaust segja, að tæplega sé æskilegt, að byggðasöfn yrðu fleiri hér á landi, ef þau eiga í reynd að verða meira en nafnið tómt. Um það bil 10 byggðasöfnum hefur nú verið komið á fót, og þau hafa verið opin almenningi að meira eða minna leyti nú um nokkurt árabil. Sum þeirra eru þegar í góðum, viðeigandi húsakynnum, en önnur eru mun verr á vegi stödd.

Í fjárl. á undanförnum árum hefur verið nokkur fjárhæð til þess að styrkja byggingar safnahúsa, og hefur þjóðminjavörður skipt fénu milli þeirra safna, sem komin hafa verið á nokkurn veginn traustan grundvöll með starfsemi sína. Ef þessi lög ná fram að ganga, er þess að vænta — og það væri heilbrigt og mjög æskilegt, að hægt væri að auka nokkuð fjárveitingar til þess að koma varanlegum húsum yfir þau byggðasöfn, sem nú starfa og eiga að hafa verðmæta muni að geyma, og stefna síðan að því, að byggðasöfn á Íslandi verði um 15—20. Þá mun mega telja, að sæmilega sé fyrir þörfum í þessu efni séð.

Eins og ég hef getið, hefur þetta frv. að geyma ýmis nýmæli, og ég endurtek að lokum, að í raun og veru var það nauðsyn þessa frv. eða lagasetningar um þessi efni, sem varð tilefni þess, að rétt þótti að endurskoða alla safnalöggjöfina, til þess að um nokkur grundvallaratriði yrði um samræmi í henni að ræða. Hin frv. öll, sem ég hef þegar lagt fram, hafa verið samin af embættismanni í menntmrn. og forstjóra hlutaðeigandi safns. Hér var hins vegar um svo vandasamt og viðamikið verk að ræða, hér þurfti að setja ákvæði um svo mörg

nýmæli, að nauðsynlegt var talið að fela sérstakri n. að semja þetta frv., og skipaði menntmrn. hana fyrir 2 árum, ef ég man rétt. Í n. voru skipaðir dr. Kristján Eldjárn þáverandi þjóðminjavörður, Hörður Ágústsson listmálari, sem hefur sérþekkingu á verndun og friðun gamalla húsa og þvílíkra mannvirkja, og dr. Þórður Eyjólfsson, sem segja má, að sé sérfræðingur í eignarrétti, en ýmis ákvæði þessa frv. eru viðkvæm frá því sjónarmiði séð. Ég tel þessum þremenningum hafa tekizt verk sitt mjög vel, og er ríkisstj. sammála um, að þau ákvæði, sem í þessu frv. felast og lúta nýmælum, séu bæði hófsamleg og skynsamleg. En hitt gerði ég mér ljóst, að þetta frv. mun þurfa á að halda mun rækilegri athugun af hálfu Alþ. heldur en hin frv., sem ég hef þegar lagt fram og öll hafa hlotið mjög greiðan gang í gegnum þessa hv. d. og sumpart í gegnum hv. Ed. Er ég mjög þakklátur fyrir það. En þótt hér sé um mjög margvísleg nýmæli að ræða, vildi ég samt mjög mega óska þess, að hið háa Alþ. treysti sér til þess að afgreiða þetta frv. nú á þessu þingi, því að í sannleika sagt er hvorugt vandalaust, að ekki séu til lagaákvæði um stofnun eins og Þjóðminjasafn Íslands, og hitt, að engin ákvæði skuli nú vera í gildandi l. t. d. um friðun húsa og annarra mannvirkja í einkaeign, svo að ég nefni eitt mikilvægasta atriðið, sem þetta frv. inniheldur nýmæli um.

Að svo mæltu leyfi ég mér, herra forseti, að leggja til, að þessu frv. verði að lokinni 1. umr. vísað til 2. umr. og hv. menntmn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til menntmn. með 23 shlj. atkv.

Á 63. fundi í Nd., 11. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 126, n. 332, 333).

Frsm. (Sigurvin Einarsson): Herra forseti. Við 1. umr. þessa máls gerði hæstv. menntmrh. ítarlega grein fyrir efni þessa frv. og undirbúningi þess og þeirri nauðsyn, sem á því er að setja heildarlög um þau efni, sem þetta frv. fjallar um.

I. kafli frv. er um Þjóðminjasafn Íslands, en um það safn hafa engin lög verið fram að þessu, II. kafli um fornminjar, III. kafli um kirkjugripi og minningarmörk, IV. kafli um friðun húsa og annarra mannvirkja, V. kafli um byggðasöfn og VI. kaflinn um almenn ákvæði.

Menntmn. hefur athugað mjög ítarlega þetta frv. og rætt það á mörgum fundum. Hún hefur sent það til umsagnar ýmsum aðilum og fengið svör frá þeim sumum hverjum. Hún hefur rætt það við þjóðminjavörð, Þór Magnússon, og Hörð Ágústsson listmálara, og eftir að umsagnir höfðu borizt um þetta frv. bar hún enn ráð sín saman við þessa tvo menn, þjóðminjavörð og Hörð Ágústsson, og var sérstaklega rætt um þær breytingar, sem nefndin hafði í hyggju að flytja eða gera á frv. Þeir féllust á þessar breytingar, sem nefndin ræddi við þá og eru nú fluttar hér á sérstöku þskj. Niðurstaða menntmn. er sú, að hún mælir einróma með því, að frv. verði samþ. og telur þessa löggjöf mikilsverða og nauðsynlega, en eins og ég áður sagði, flytur hún nokkrar brtt. við frv. á þskj. 333.

1. brtt. er um það, að á eftir 5. gr. komi ný gr., þar sem svo er mælt fyrir, að ekki megi nota myndir af gripum safnsins sem vörumerki eða í auglýsingaskyni og heldur ekki gera af þeim myndir eða eftirlíkingar nema með leyfi þjóðminjavarðar. Það eru dæmi til þess, að menn hafi notfært sér gripi og muni úr safninu í þessu skyni, en n. telur, að slíkt sé ekki við hæfi og komi ekki til greina nema þjóðminjavörður leyfi slíkt.

2. brtt. á þskj. er við 9. gr., og bætist þar við ný mgr., sem segir, að hafi fornleifar verið friðlýstar samkv. eldri l. skuli þær njóta þeirrar friðunar áfram, og er þetta gert í því skyni, að ekki þurfi að vera að endurtaka friðlýsingar.

3. brtt. er við síðustu mgr. 16. gr. Hún er um það, að *forngripir, sem kunna að finnast, skuli varðveittir í* Þjóðminjasafni, en þjóðminjaverði sé þó heimilt að fela byggðasafni þessa varðveizlu. Í frv. er hins vegar aðeins rætt um það, að slíkir forngripir, sem finnast, skuli vera eign ríkisins, en ekkert ákveðið um varðveizlu þeirra.

4. brtt. er við 18. gr. Í frv. segir svo í þessari gr., að ekki megi flytja gripi úr landi, sem eru eldri en 150 ára, nema með samþykki menntmrh. Þessu vill n. breyta og flytur um það ákvæði í þessari brtt. á þá leið, að ekki megi flytja gripi úr landi, sem eru eldri en 100 ára, og þó því aðeins, að þjóðminjavörður leyfi. N. taldi, að ýmsir gripir og munir, sem eru yngri en 150 ára, t. d. frá síðari hluta 19. aldar, gætu haft mikilsvert gildi sem forngripir og væri því mikil eftirsjá í því, að þeir væru fluttir úrlandi. Auk þess álítur n., að eðlilegra sé, að þjóðminjavörður veiti slík útflutningsleyfi, ef til þeirra þarf að koma, en að sækja þurfi um slíkt til ráðh., enda mundi ráðh. fara í þessu efni væntanlega eftir till. þjóðminjavarðar. Þá bætir n. því ákvæði inn í þessa gr., að leiki vafi á um aldur slíkra forngripa, skuli þjóðminjavörður úrskurða um aldurinn. Og einnig er sagt svo í þessari brtt., að þjóðminjavörður geti með samþykki menntmrh. hindrað útflutning yngri gripa en 100 ára, ef þeir hafi sérstaklega merkilega þýðingu.

5. brtt. er um tvær nýjar gr., sem bætast við III. kafla þessa frv. En þessi kafli frv. er um kirkjugripi og minningarmörk. Fyrri gr., sem n. leggur til, að bætt sé inn í þennan kafla, er um það, að Þjóðminjasafnið skuli varðveita aflagða kirkjugripi eða þá gripi, sem ekki þykir ástæða til að hafa lengur í kirkju, en þjóðminjaverði sé þó heimilt að fela viðkomandi byggðasafni varðveizluna. Þetta skal þó háð samþykki forráðamanna viðkomandi kirkju. Síðari gr. er um það, að ef kirkja er lögð niður, skuli gripir hennar renna til safns, eins og segir í þessari fyrri gr., sem ég nefndi. Þeir skuli renna til safns eða til annarra kirkna, en þetta skuli ákveðið með samráði þjóðminjavarðar annars vegar og biskups eða prófasts hins vegar. Loks segir í þessari nýju gr., sem lagt er til, að bætist þarna við, að Þjóðminjasafnið eigi forkaupsrétt að kirkjugripum í einkaeign, ef þeir verða seldir. Í frv. er það aðeins ákveðið um þessa gripi, að það skuli fara fram á þeim skráning og friðhelgun. En það er ekki rætt um þá að öðru leyti. Það er ekki rætt um verndun þeirra eða ráðstöfun á þeim frekar. N. er þeirrar skoðunar, að það þurfi að gilda það sama um þessa gripi sem aðra forngripi, að

það þurfi að vernda þá og varðveita, koma í veg fyrir, að þeir glatist eða grotni niður en þó á þann hátt, að það sé gert með fullkomnu samkomulagi við forráðamenn eða eigendur slíkra gripa.

Eins og ég sagði, er IV. kafli þessa frv. um friðun húsa og annarra mannvirkja, og er 6. brtt. n. um breytingar á 23. gr. frv. En með þessari brtt. er lagt til, að sveitarstjórnir, þ. e. a. s. hreppsnefndir, bæjarstjórnir og borgarstjórn Reykjavíkur, geti ákveðið friðun húsa og mannvirkja upp á sitt eindæmi, en þó að fenginni umsögn eða áliti húsafriðunarnefndar, sem ákveðin er í þessari gr. frv. Í frv. aftur á móti er ekki gert ráð fyrir, að friðun eigi sér stað nema af hálfu ráðh. Hann taki einn ákvarðanir um friðun húsa og mannvirkja. N. fékk einmitt óskir og till. um það í umsögn frá borgarstjórn Reykjavíkur og Sambandi ísl. sveitarfélaga, sem var reyndar eitt og sama plaggið, að sveitarstjórnir hefðu þarna nokkurn meiri rétt og forgöngu en gert var ráð fyrir í frv. N. taldi rétt að ganga mjög til móts við þessar óskir og því leggur hún þetta til, að sveitarstjórnir geti ákveðið friðun húsa og mannvirkja og auðvitað jafnframt fellt niður friðun, sem sveitarstjórn kann að hafa ákveðið áður.

Í þessari brtt. er einnig það ákvæði að fella niður það ákvæði úr 23. gr. frv., að einn af þeim mönnum, sem skipa húsafriðunarnefnd og ráðh. skipar án tilnefningar, skuli vera lögfræðingur. N. var þeirrar skoðunar, að það væri ekki nauðsynlegt, að hann væri lögfræðingur, því að þó að augljóst mætti vera, að n. þyrfti á lögfræðilegri aðstoð að halda, þá væru nægar leiðir til þess, að hún fengi þá lögfræðilegu aðstoð, sem hún óskaði, og þess vegna leggur n. til, að þetta atriði verði fellt niður.

7. brtt. er við 1. málsgr. 27. gr., og er það aðeins skýrara og ótvíræðara orðalag um viðhald og breytingar á friðuðum húseignum.

8. brtt. er við 31. gr., síðari málsgrein, en þar er svo fyrir mælt, að húsafriðunarnefnd sé heimilt að veita eigendum friðaðra húsa styrki til viðhalds húsanna vegna friðunarinnar. Með brtt. eru slíkir styrkir bundnir því, að veitt hafi verið fé til þess á fjárl. En einnig er það ákvæði í þessari brtt., að hafi sveitarstjórn ákveðið friðun húsa eða mannvirkja, þá ákveði hún einnig um styrkveitingar og greiði líka úr sveitarsjóði þá styrki.

9. brtt. er við 32. gr. og er í fjórum liðum, og þeir fjalla allir efnislega um það sama, ef sveitarstjórn hefur ákveðið friðun húsa eða mannvirkja, þá kemur hún í stað ráðh. í samskiptum við húsafriðunarnefnd og þá einnig til þess að greiða kostnað, sem af friðun kann að leiða, ef sveitarstjórn hefur ákveðið friðun. Þessa brtt. leiðir beint af þeirri 6., þar sem tekið er upp það ákvæði í frv., að sveitarstjórnir geti ákveðið friðun húsa og mannvirkja.

10. brtt. er við 36. gr. A-liðurinn er nánast leiðrétting á prentvillu, skulum við segja. Í frv. stendur sveitarstjórnarfélög, en með brtt. er lagt til, að standi sveitarfélög, og þarf ekki að ræða frekar um það. En b-liður þessarar brtt. er hins vegar um það, að byggðasöfn, sem hlotið hafa viðurkenningu þjóðminjavarðar samkv. eldri l., skuli halda þeirri viðurkenningu, þótt þau séu ekki eign sveitarfélaga, en nokkur byggðasöfn munu vera til í landinu, sem eru eign annarra en sveitarfélaga, og sér n. enga ástæðu til, að þau ekki njóti þeirrar viðurkenningar áfram.

11. og síðasta brtt. er við 40. gr. Í frv. segir, að ráðh. geti svipt safn styrk, sem því ber eða stendur til að veita því, ef um vanhirðu á safninu er að ræða, eða eins og nánar segir í frv., „telur þjóðminjavörður, að byggðasafni sé hætta búin vegna vanhirðu eða af öðrum orsökum og ekki hefur fengizt úr þessu bætt þrátt fyrir endurteknar áskoranir, og getur þá menntmrh. að fengnum tillögum þjóðminjavarðar svipt safnið ríkisstyrk.“ N. var að sjálfsögðu samþykk þessu, en hún vildi bæta við þetta, og það er innihaldið í 11. brtt., að komist safn í óhirðu, þá geti ráðh. að tillögu þjóðminjavarðar ákveðið, að gripir þess renni til Þjóðminjasafns sem eign þess. Auðvitað vænta menn þess, að til þessa þurfi ekki að koma, en þó fannst n. rétt að slá varnagla við, að það gæti komið fyrir, að safn lenti í svo algjörri óhirðu, að það væri yfirvofandi, að það eyðilegðist. Eins og ég hef áður sagt, þá mælir n. einróma með því, að frv. verði samþ. með þessum breyt., sem ég hef nú gert grein fyrir og eru í brtt. á þskj. 333.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.

2.—5. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.

Brtt. 333,1 (ný gr., verður 6. gr.) samþ. með 23 shlj. atkv.

6.—8. gr. (verða 7.—9. gr.) samþ. með 25 shlj. atkv.

Brtt. 333,2 samþ. með 25 shlj. atkv.

9. gr. (verður 10. gr.), svo breytt, samþ. með 23 shlj. atkv.

10.—15. gr. (verða 11.—16. gr.) samþ. með 24 shlj. atkv.

Brtt. 333,3 samþ. með 24 shlj. atkv.

16. gr. (verður 17. gr.), svo breytt, samþ. með 24 shlj. atkv.

17. gr. (verður 18. gr.) samþ. með 25 shlj. atkv.

Brtt. 333,6 (ný 23. gr., verður 26. gr.) samþ. með 26 shlj. atkv.

19.—21. gr. (verða 20.—22. gr.) samþ. með 27 shlj. atkv.

Brtt. 333,5 (tvær nýjar gr., verða 23.—24. gr.) samþ. með 25 shlj. atkv.

22. gr. (verður 25. gr.) samþ. með 27 shlj. atkv.

Brtt. 333,6 ný 23. gr. (verður 26. gr.) samþ. með 26 shlj. atkv.

24.–26. gr. (verða 27.–29. gr.) samþ. með 26 shlj. atkv. atkv.

Brtt. 333,7 samþ. með 27 shlj. atkv.

27. gr. (verður 30. gr.), svo breytt, samþ. með 27 shlj. atkv.

28.—30. gr. (verða 31.—33. gr.) samþ. með 25 shlj. atkv.

Brtt. 333,8 samþ. með 26 shlj. atkv.

31. gr. (verður 34. gr.), svo breytt, samþ. með 26 shlj. atkv.

Brtt. 333,9 samþ. með 25 shlj. atkv.

32. gr. (verður 35. gr.), svo breytt, samþ. með 22 shlj. atkv.

33.—35. gr. (verða 36.—38. gr.) samþ. með 26 shlj. atkv.

Brtt. 333,10 samþ. með 25 shlj. atkv.

36. gr. (verður 39. gr.), svo breytt, samþ. með 25 shlj. atkv.
37.—39. gr. (verða 40.—42. gr.) samþ. með 26 shlj. atkv.
Brtt. 333,11 (ný 40. gr., verður 43. gr.) samþ. með 27 shlj. atkv.
41.—46. gr. (verða 44.—49. gr.) samþ. með 24 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 26 shlj. atkv.

Á 64. fundi í Nd., 13. marz, var frv. tekið til 3. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 65. fundi í Nd., 17. marz, var frv. aftur tekið til 3. umr. (A. 345).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 25 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 59. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 61. fundi í Ed., 20. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Hér er enn um að ræða eitt þeirra frv., sem ríkisstj. hefur lagt fyrir hið háa Alþ. til endurskoðunar á safnalöggjöf landsins. Þetta frv. er komið frá hv. Ed., þar sem það var afgr. shlj. samkvæmt einróma meðmælum menntmn. eftir að hún hafði shlj. lagt til, að samþ. yrðu við frv. nokkrar minni háttar brtt., sem allar voru afgreiddar shlj. Mér er mikil ánægja, að það skuli hafa orðið svo, að öll þessi frv. um endurskoðun á safnalöggjöfinni skuli hafa hlotið fram til þessa einróma afgreiðslu í báðum d. þingsins. Nauðsyn flutnings þessa frv. var ein höfuðástæðan til þess, að menntmrn. efndi til allsherjar endurskoðunar á safnalöggjöf landsins. Þau l., sem í gildi eru um þetta efni, sem þetta frv. fjallar um, eru sumpart mjög gömul, þ. e. l. frá 1907 um verndun fornminja, en önnur eru frá 1947, um viðhald fornra mannvirkja og um byggðasöfn. Þetta frv. var samið af n., sem menntmrn. skipaði á sínum tíma og í voru dr. Kristján Eldjárn þáv. fornminjavörður formaður, Hörður Ágústsson listmálari og dr. Þórður Eyjólfsson fyrrv. hæstarréttardómari. Í þessu frv. eru ýmis nýmæli eins og l. gera ráð fyrir, þar sem þau l., sem það á að koma í staðinn fyrir, eru sumpart orðin mjög gömul eða frá árinu 1907, og auk þess er í þessu frv. samið um öll núgildandi lagafyrirmæli, að svo miklu leyti sem þau eru ekki afnumin vegna þess að þau eru orðin úrelt, um þjóðminjar og vörzlu þjóðminja. L. frá 1907 eru að ýmsu leyti úrelt, og eru því aðalefnisbreytingarnar, sem í frv. felast, fólgnar í breytingu á þeim l., en ekki l. frá 1947. Í l. frá 1907 eru ýmis ákvæði um skýrslugerðir og auglýsingu í Lögbirtingablaði í sambandi við fund forngripa. Þessi ákvæði hafa í framkvæmd reynzt algjörlega óþörf og eru því ekki tekin upp í þetta frv. Í l. frá 1907 eru margs konar fyrirmæli um sameign ríkissjóðs, landeigenda og finnanda að fundnum forngripum. Þessar reglur hafa aldrei skipt neinu máli í sambandi við fund og varðveizlu forngripa, og þess vegna er í þessu frv. tekin upp sú regla, sem nú mun vera í l. langflestra þjóða, að fundnir forngripir, sem liggja eða legið hafa í jörðu, séu eign ríkisins. Hins vegar er látin haldast sú regla, að þegar forngripir úr gulli eða silfri finnast, skuli landeiganda og finnanda greitt til jafnra skipta sín á milli málmverð hlutanna eftir mati að viðbættum 10 af hundraði. Þá eru í gildandi l. nákvæm fyrirmæli um skráningu forngripa, sem eru í eign einstakra manna. Þessi ákvæði hafa aldrei verið framkvæmd og þykir ekki ástæða til þess að halda þeim í löggjöf.

Í kaflanum um friðun kirkjugripa eru nýmæli. Þar er gert ráð fyrir því, að þau fyrirmæli gömlu l. haldist, að skráning fornra kirkjugripa geti farið fram jafnframt skráningu forngripa í eign einstakra manna, eins og ég gat um áðan, en slík skráning hefur hins vegar ekki farið fram. Vegna þess að munir, sem friðaðir eru samkv. þessum kafla, þ. e. III. kafla, eru ekki í beinni vörzlu Þjóðminjasafnsins, þá er vernd þeirra falin forráðamönnum kirkna og kirkjugarðsstjórum, en yfirumsjón með friðun er í höndum þjóðminjavarðar. Í gildandi l., þ. e. l. frá 1907 og 1947, er vikið að friðun húsa og mannvirkja, en mjög lauslega og á algjörlega ófullnægjandi hátt, en það er nú orðinn einn meginþáttur í þjóðminjalöggjöf erlendis að setja ítarleg ákvæði um friðun húsa og mannvirkja. Þessi kafli frv., IV. kaflinn, má því heita algjör nýsmíð og algjört nýmæli í íslenzkri löggjöf. Stefnt er að því annars staðar, að varðveitt séu til framtíðar hús og mannvirki, sem talið er, að hafi sérstakt gildi, menningarsögulegt, listrænt eða sögulegt. Lagaákvæði um þetta í öðrum löndum eru nokkuð með mismunandi hætti, en miða þó öll að sama marki. Hér höfum við fram til þessa mjög verið á eftir öðrum þjóðum, þ. e. a. s. að því er tekur til verndunar slíkra þjóðminja. Að vísu eru verndað og í umsjón Þjóðminjasafns nokkur gömul og merkileg hús, einkum kirkjur og torfbæir, og þau eru öll í opinberri eign. Hingað til hefur ekki verið farið á þá braut að friðlýsa hús í eign einhvers, og það er þó gert alls staðar annars staðar í nágrannalöndum okkar. Þess vegna er hér í þessum kafla, þessum ég vildi segja aðalkafla frv. að því er nýmæli snertir, lagt til, að hér sé einnig eins og annars staðar farið inn á þá braut, að heimilt sé að friðlýsa hús í einkaeign. Það hefur orðið reynsla annars staðar, að slík friðun húsa í einkaeign sé vandasamt mál, sem hæglega geti valdið árekstrum af margs konar tagi milli eigenda húsanna og friðunarvaldsins, og þess vegna er mjög mikils um það vert, að l. um þessi efni séu skýr og ákveðin, en þó um leið hófsamleg. Meginhugsun þessa frv. er sú að ná fram þeirri friðun, sem nauðsynleg er, en þó sé farið fram með þeirri tillitsemi við eigendur, sem hægt er, og í annan stað ekki stofnað til fjárútláta af opinberri hálfu nema eftir því, sem teljast verður algjörlega óhjákvæmilegt. Þá vil ég fara örfáum orðum um V. kafla frv., sem er um byggðasöfn. Fyrstu ákvæði um byggðasöfn voru sett í l. frá 1947, en þá var lítil reynsla komin á starfsemi byggðasafna. Nú á rúmum 20 árum er hins vegar nokkur reynsla fengin, og hefur verið stuðzt við hana við samningu þessa kafla, V. kafla frv. Stefna hins opinbera í þessum málum ætti augljóslega að vera sú að stuðla að því með afskiptum sínum, að byggðasöfn verði frekar færri og stærri en fleiri og

smærri. Hins vegar er ekki skynsamlegt að lögbinda hversu stórt landssvæði byggðasafn skuli hafa að baki sér minnst til þess að vera styrkhæft samkvæmt l. þessum, en hér er áfram gert ráð fyrir því, að ríkið skuli styrkja byggðasöfn. En í frv. er það lagt á vald menntmrh. að fengnum tillögum þjóðminjavarðar, hvort byggðasafn skuli teljast styrkhæft. Með því ætti að vera tryggt, að ríkisstyrkt byggðasöfn verði ekki óeðlilega mörg, því að þjóðminjavörður mun vafalaust gera það að skilyrði fyrir meðmælum, að safn sé nokkuð stórt.

Í frv. er kveðið á um þátttöku hins opinbera í kostnaði við byggingar safnahúsa og rekstur byggðasafna. Í þessu efni er hér í þessu frv. gerð breyting á núverandi skipan. Í núgildandi l., í l. frá 1947, segir, að ríkið styrki byggingu húss handa viðurkenndu safni að ¼ hluta, en hér er gert ráð fyrir því, að styrkurinn verði ⅓ hluti. Hins vegar er ekki gert ráð fyrir því í frv., að ríkið taki annan þátt í rekstri byggðasafna en þann, að það greiði gæzlumannslaun að hálfu, en í gildandi l. ber því að greiða ⅔ hluta rekstrarkostnaðar yfirleitt. Reynslan hefur sýnt, að stofnkostnaður við byggingu safnahúss er erfiðasti þröskuldurinn fyrir héruðin, og þess vegna er það stefna þessa frv. að auka hlutdeild ríkisvaldsins í stofnkostnaði byggðasafna. Þá hefur það komið í ljós, að aðstandendur byggðasafna hafa átt erfitt með það að tryggja daglega eða stöðuga umsjón, og þess vegna er sú stefna tekin hér upp, að ríkið beinlínis greiði gæzlumannslaun að hálfu, og ætti þar með að vera tryggt, að jafnan sé við hvert safn maður, en að öðru leyti sé rekstrarkostnaður safnsins í höndum þeirra héraða, sem að byggðasafninu standa. N. sú, sem frv. samdi, taldi ekki líklegt, að byggðasöfn, sem yrðu stofnuð og rekin samkvæmt l., gætu orðið fleiri en 15—20 og taldi ekki æskilegt, að þau yrðu fleiri en það hér á landi, ef þau eiga að vera annað og meira en nafnið tómt. Um 10 byggðasöfn eru það langt á veg komin, að þau hafa verið sýnd að meira eða minna leyti um nokkurt árabil, og eru sum þeirra í góðum, viðurkenndum húsakynnum, en önnur miður á vegi stödd. Er þess að vænta, að þau ákvæði, sem frv. gerir ráð fyrir um aukna hlutdeild ríkisins í byggingarkostnaði safnanna, verði til þess að bæta aðbúnað þeirra í framtíðinni frá því, sem verið hefur. Ég gat þess áðan, að menntmn. Nd. hefði einróma gert nokkrar breyt. á frv., flestar þeirra fjalla um aukaatriðin, en eru þó allar til bóta. Helzta efnisbreytingin, sem n. gerði og samþ. var shlj. í hv. Nd., var sú, að „sveitarfélögum" er bætt inn í IV. kafla frv., þ. e. þann meginkafla frv., sem fjallar um verndun húsa, friðun húsa og mannvirkja, þeim er bætt inn sem sérstökum aðila að húsafriðun, og virðist vera mjög eðlilegt, að sveitarfélög fái opinbera aðild að jafn vandasömu og viðkvæmu máli og friðun húsa og mannvirkja hlýtur að vera. Með þessu vona ég, herra forseti, að ég hafi gert grein fyrir meginefni þessa frv. Ég vona, að það hljóti hliðstæða meðferð hér og í hv. Nd., að um það náist samstaða, og í trausti þess legg ég til, herra forseti, að málinu verði að lokinni þessari 1. umr. vísað til 2. umr. og hv. menntmn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til menntmn. með 12 shlj. atkv.

Á 91. fundi í Ed., 12. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 345, n. 700).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 17 shlj. atkv.

Frsm. (Auður Auðuns): Herra forseti. Menntmn. hefur rætt þetta frv. á nokkrum fundum. Þetta er allmikill lagabálkur og skiptist í 6 kafla. I. kafli frv. fjallar um Þjóðminjasafnið. Það er talið, að Þjóðminjasafnið hafi verið formlega stofnað í febrúar 1863. Þótt það sé komið svo til ára sinna, hafa ekki verið sett um það sérstök l., en hins vegar sérstök hefð komin á starfsemi þess. Um verndun fornminja eru hins vegar lög frá 1907. Í þeim l. segir, að fornminjavörður, sem þá var nefndur sem þjóðminjavörður, skuli vera forstöðumaður safnsins, en embætti hans mun fyrst og fremst hafa verið stofnað þá til að samþykkja friðun og umsjón fornminja samkv. þessum l. frá 1907. Kaflinn um Þjóðminjasafnið er ekki mikill að vöxtum eins og hv. þm. sjá. Hann er ekki nema 8 blaðgreinar í þeirri mynd, sem frv. nú liggur fyrir í hv. þd. Í Nd. var gerð sú breyting á, að bætt var inn í nýrri grein, sem nú er 6. gr., þar sem lagt er bann við að nota myndir af gripum safnsins sem vörumerki eða í auglýsingaskyni og áskilið leyfi þjóðminjavarðar til slíks sem og þess að gera af því myndir og eftirlíkingar.

II. kafli frv. fjallar hins vegar um fornminjar, og þar er greint á milli annars vegar fornleifa, en til þeirra teljast hvers konar leifar fornra mannvirkja og annarra staðbundinna minja, sem mannaverk eru á, og svo hins vegar forngripa. Fornleifar, sem þjóðminjavörður telur ástæðu til að friða, skulu skráðar á fornleifaskrá, og er því þinglýst sem kvöð á þá landareign, sem í hlut á, og kostnaður af viðhaldi þeirra skal greiðast úr ríkissjóði. Forngripir aftur, þ. e. a. s. fornir gripir, sem finnast og legið hafa í jörðu og eru ekki svo vitað sé í einkaeign, skulu verða eign ríkisins, og kemur ekki greiðsla fyrir önnur en bein útgjöld finnandans vegna fundarins, og ef gripurinn er úr gulli eða silfri, skal meta málmverð hans og greiða matsverð, að viðbættum 10%, og skiptist það þá jafnt á milli finnanda og landeiganda.

Þá er í kaflanum lagt bann við flutningi muna eða gripa úr landi, sem eldri eru en 100 ára, nema leyfi komi til. Í frv., eins og það var lagt fyrir þingið, var miðað við 150 ára aldur gripa, en sú breyting var á gerð í Nd., að markið var fært niður í 100 ár og jafnframt bætt inn í heimild til að hindra brottflutning yngri muna en 100 ára, ef sérstaklega merkilegir þykja.

Í aths. við frv. er það rakið, hvaða efnisbreytingar kaflinn hefur að geyma frá núgildandi l., og sé ég ekki ástæðu til þess að fjölyrða um það.

III. kafli fjallar um kirkjugripi og minningarmörk. Þar er um að ræða friðun kirkjugripa, sem varðveittir eru í kirkjum landsins, svo og friðun legsteina og annarra minningarmarka í kirkjugörðum. Í aths. um frv. segir að kafli þessi sé að heita má alveg nýmæli. Reyndar hefur verið gert ráð fyrir því í l. 1907, um verndun fornminja, að fornir kirkjugripir kunni að verða skráðir, en það ákvæði hefur aldrei komið til framkvæmda.

Í Nd. var sú breyting gerð á frv., að þar var bætt inn í frv. 2 nýjum gr., sem eru 23. og 24 gr. frv., eins og það nú liggur fyrir. Í 23. gr. ræðir um varðveizlu aflagðra

kirkjugripa, þ. e. a. s. gripa, sem hætt er að nota í kirkjum, og þeirra gripa, sem þjóðminjaverði og forráðamönnum kirkna kemur saman um, að ekki sé ástæða að hafa lengur í kirkju, en í gr. segir, hvernig með þá skuli fara.

Í 24. gr. er ákvæði um, hvernig fara skuli með kirkjugripi, ef kirkja sé lögð niður, og í niðurlagi þeirrar greinar, síðustu málsgr., segir, að Þjóðminjasafnið skuli eiga forkaupsrétt á kirkjugripum í einkaeign, sem seldir verða, og er þetta í samræmi við ákvæði l. frá 1907, þar sem gert var ráð fyrir skráningu slíkra gripa, þó að reyndar hafi aldrei úr orðið.

IV. kafli fjallar um friðun húsa og annarra mannvirkja, sem eru í einkaeign. Í aths. við þann kafla segir, að hér sé um svo til algjöra nýsmíð að ræða. Hingað til hefur hér á landi ekki verið farið inn á þá braut að friðlýsa hús í einkaeign, eins og er þó gert og þykir sjálfsagt í okkar nágrannalöndum. Hinu er ekki að leyna, að reynslan hefur víða orðið sú, að þetta reynist allvandasamt í framkvæmd og líklegt til þess að valda árekstrum vegna þess, að slík friðun leggur auðvitað verulegar hömlur á umráðarétt manna yfir eignum sínum. Ég býst við, að það sé erfitt eða nær ógjörlegt að setja í þessum efnum l., sem girði til fulls fyrir slíkan vanda, en hins vegar mjög æskilegt að fá lagasetningu um slíka friðun.

Samkv. þessum kafla frv. skal skipa húsafriðunarnefnd, sem á að fjalla um allar friðunarákvarðanir sem og brottfall þeirra, einnig um viðhald og breytingar á friðuðum húsum eða húshlutum, en friðun getur ýmist tekið til húsa í heild, og teljast þau þá í A-flokki, eða aðeins til ytra borðs húss eða hluta af ytra eða innra borði, og þá telst húsið í B-flokki. Skiptir þessi flokkagreining máli um ýmis ákvæði í kaflanum. Friðun skal síðan þinglýsa sem kvöð á þá eign, sem í hlut á. Þá eru í þessum kafla ýmis ákvæði um viðhald og breytingar á friðuðum fasteignum sem og um það, ef skemmdir verða á þeim af eldi eða öðrum ástæðum, að þá er rætt þar um styrk til handa eigendum til viðhalds friðaðra húsa, og má segja, að flest ákvæðin lúti að samskiptum friðunaraðila og eigenda friðaðra húsa eða fasteigna. Í frv., eins og það var lagt fyrir þingið upphaflega, segir, að menntmrh. ákveði friðun eða brottfall friðunar að fengnum till. húsafriðunarnefndar. Í Nd. var hins vegar bætt inn í frv. sams konar heimild til handa sveitarstjórnum. Það var gert að beiðni Sambands íslenzkra sveitarfélaga og Reykjavíkurborgar. Ég held að það orki ekki tvímælis, að þetta hafi verið æskileg breyting og að hún muni auka líkur fyrir friðun merkilegra húsa víðs vegar um landið.

Menntmn. óskaði umsagnar lagadeildar Háskólans um frv., þ. e. a. s. um IV. kafla þess, en honum er að sjálfsögðu nátengt bótaákvæðið í almennum ákvæðum í VI. kafla frv.

N. barst umsögn lagadeildar Háskólans, sem er dagsett 5. maí, og skal ég nú rekja stuttlega nokkur atriði úr þeirri umsögn. Í upphafi bréfsins kemur fram sú skoðun deildarinnar, að frv. muni, ef að l. verður, bæta úr brýnni þörf á fyllri og skýrri löggjöf um friðun húsa og annarra mannvirkja. En síðan er vikið að nokkrum tilteknum atriðum, og má þá fyrst nefna það, að deildin bendir á, að friðun samkv. þessum kafla frv. sé takmörkuð við mannvirki eða hluta af mannvirkjum, en hins vegar geti verið ástæða til að láta friðun ná til næsta umhverfis mannvirkja. Það geti orðið að því veruleg lýti, ef reist eru mannvirki við friðlýst hús eða í næsta nágrenni þeirra. Þess vegna telur deildin, að til greina komi að friðlýsa mannvirki ásamt umhverfi þeirra eða jafnvel tiltekin svæði með þeim mannvirkjum, sem á þeim eru. Og hún bendir á náin tengsl friðunarlöggjafar af því tagi, sem hér er um að ræða, við skipulags- og byggingarlöggjöf. Minnir deildin á það, að á Alþ. 1967–68 var lagt fram frv. til byggingarlaga fyrir skipulagsskylda staði, en þar voru í sérstökum kafla ákvæði um friðun húsa, og var gert ráð fyrir, að sú friðlýsing gæti náð til húsaþyrpinga. Bendir deildin á, að það sé vert að taka það til athugunar, hver friðunarákvæði eigi heima í skipulags- og byggingarlöggjöf og hver í sérstökum friðunarlögum, og á sama hátt sé nauðsynlegt að afmarka valdsvið skipulags- og byggingaryfirvalda annars vegar og friðunaryfirvalda hins vegar, en fullnægjandi ætti að vera að láta slíka afmörkun koma fram í byggingarlöggjöf.

Þá er vikið að hinum viðtæku friðunarheimildum frv., og af því að tvímælalaust sé erfitt að setja slíkri heimild hæfilegar skorður í l., þótt þetta sé gert í löggjöf ýmissa þjóða, bendir deildin á, að það sé vandasamt úrlausnarefni bæði frá lagalegu og pólitísku sjónarmiði, hvernig haga eigi fyrirmælum um bætur vegna friðunaraðgerða. Segir síðan orðrétt: „Sú leið er farin í frv., að því er telja verður, að fella viðtæka bótaskyldu á ríkissjóð. Er það í samræmi við bótaákvæði l. nr. 40 frá 1907, en kemur tæplega heim við þau sjónarmið, sem önnur friðunarlög eru reist á. Þess er þó að gæta, að leið sú, sem í frv. greinir, hefur vissa sérstöðu."

Þá er vakin athygli á því, að bætur geti numið verulegum fjárhæðum og við ákvörðun bóta verði beðið að taka tillit til þess, að friðunarkvöðin felli viðhaldsskyldu á eiganda mannvirkis. En slík ákvörðun sé vandkvæðum bundin, þar sem erfiðleikar geti verið á að sjá fyrir, hve kostnaðarsamt viðhald kann að vera í framtíðinni.

Þá eru í umsögninni nokkrar ábendingar, sem ég sé ekki ástæðu til að fara að lesa frá orði til orðs, en þær hníga að þessu sama, hvernig unnt sé að leysa þann vanda, sem upp kemur, þegar ákvarða skal bætur til eiganda. Þá segir í umsögninni, að þau mál, sem koma til meðferðar hjá húsafriðunarnefnd, geti verið vandasöm frá lagalegu sjónarmiði og því sýnist það skynsamlegt, að haldið sé því ákvæði, sem í upphafi var í frv., að einn nm. skuli vera lögfræðingur. En í Nd. var sú breyting á gerð, að fellt var niður það skilyrði, að einn nm. í húsafriðunarn. skuli vera lögfræðingur. Þá bendir deildin á, að það væri heppilegt að kveða nánar á en gert er í frv. um valdskiptingu milli ráðh. og sveitarstjórnar og um, hver greiða skuli bætur í þessu tilviki. Loksins telur deildin, að það geti vel komið til greina að setja í frv. ákvæði um það, að ríki eða sveitarfélagi sé skylt að taka við húsi eða mannvirki, sem þessir aðilar hafa lagt friðunarkvöð á, ef eigandi vill afhenda það endurgjaldslaust.

Ég hef þá rakið nokkuð efni umsagnar lagadeildarinnar um þetta frv., og ég ætla, að það hafi öllum mátt vera ljóst reyndar áður, að ákvæði þessa kafla frv., IV.

kaflans, geta verið til þess fallin að skapa ýmsan vanda og þá sérstaklega í sambandi við ákvörðun bóta til eigenda friðaðra húsa eða mannvirkja.

Menntmn. hefur að sjálfsögðu kynnt sér og rætt umsögn lagadeildarinnar, og ég ætla, að nm. hafi litið svo á, að ábendingar og aths., sem þar komu fram, séu hinar athyglisverðustu, en hins vegar ljóst, að það mundi taka töluverðan tíma og kosta mikla vinnu að athuga, á hvern hátt væri hægt eða hvort unnt væri að taka allar þessar ábendingar til greina við meðferð frv. hér í hv. þd. Þó að n. hafi verið ljós sá vandi, sem þarna getur skapazt, þá var það þó álit nm., að það væri æskilegt að fá löggjöf um þetta efni, IV. kaflann, og taldi því rétt að mæla með frv., eins ég síðast mun að víkja. Hins vegar er fyllsta ástæða að sjálfsögðu fyrir friðunaraðila til að fara með gát að ákvörðunum sínum, og vænti ég þess, að það muni þeir og gera. Það mun sýna sig sjálfsagt, er frá líður, að einhverju þarf að breyta í þessu frv., ef að l. verður, og reynslan þá látin skera úr um það, hvað það þá helzt verði eða á hvern hátt bezt verði hægt að skipa þessu.

Ég kem þá að V. kafla frv., sem fjallar um byggðasöfn. Árið 1947 voru sett l. um viðhald fornra mannvirkja og um byggðasöfn. Eins og í aths. segir um þennan kafla, var, þegar þau l. voru sett, lítil reynsla komin á starfsemi byggðasafna, sem þó voru til orðin í landinu. Hins vegar hefur reynsla fengizt síðan af starfsemi þeirra, og hún hefur að sjálfsögðu verið höfð til hliðsjónar við samningu þessa frv. Í aths. kemur fram sú skoðun, að stefna hins opinbera ætti að vera sú að stuðla að því með afskiptum sínum af málefnum byggðasafnanna, að þau verði frekar færri og stærri en fleiri og smærri. Og það er nánast gert ráð fyrir því, að þau yrðu svona segjum 15 til 20 og enda nauðsynlegt, ef þessi söfn eiga að verða annað og meira heldur en nafnið tómt. Það er lagt á vald menntmrh. samkv. 39. gr. frv., að fengnum till. þjóðminjavarðar, hvort byggðasafn skuli teljast styrkhæft. Með þessu ákvæði er m. a. reynt að tryggja það, að ríkisstyrkt byggðasöfn verði ekki óhæfilega mörg, því að þjóðminjavörður mun að öllum líkindum gera það að skilyrði fyrir meðmælum sínum um styrkhæfni, að safnið sé nokkuð stórt. Í 42. gr. frv. er kveðið á um þátttöku hins opinbera í kostnaði við byggingar safnahúsa og rekstur byggðasafna. Hér er gerð sú breyting frá núgildandi l., að nú er lagt til með frv., að ríkið styrki byggingu safnhúsa eða kaup á húsi handa viðurkenndu safni með einum þriðja kostnaðar í stað þess, að samkvæmt núgildandi l. frá 1947 er gert ráð fyrir, að ríkið greiði ¼ kostnaðar. Hins vegar er samkvæmt frv. gert ráð fyrir, að ríkið taki ekki annan þátt í rekstrarkostnaði en þann að greiða að hálfu laun gæzlumanns, en í núgildandi l. segir, að ríkið skuli greiða ⅓ hluta rekstrarkostnaðar, hvort heldur er um að ræða laun eða annan kostnað og útgjöld. Það er rétt, að ég minnist á það hér, að í Nd. var gerð breyting á þessum kafla. M. a. var gerð sú breyting, að aftan við þá grein, sem nú er 43. gr. í frv., í þeirri mynd, sem það nú liggur fyrir, var bætt síðustu setningunni, sem er svo hljóðandi: „Lendi safnið í óreiðu, getur menntmrh. að till. þjóðminjavarðar ákveðið, að gripir þess skuli renna til Þjóðminjasafnsins og verða eign þess upp frá því.“

Það er sérstök ástæða til þess að athuga nánar þetta ákvæði. Satt að segja hafði því ekki verið veitt nægileg athygli fyrr en eftir að n. hafði afgr. frv., og ég mun hafa samráð við meðnm. mína um hugsanlega brtt. við þessa gr. milli umr., þ. e. a. s. áður en frv. verður tekið fyrir til 3. umr.

Í VI. kafla frv. eru svo almenn ákvæði, sem varða l. í heild.

Ég hef þá í stórum dráttum rakið efni einstakra kafla frv., og eins og fram kemur í nál. á þskj. 700, leggur menntmn. til, að frv. verði samþ. með þeirri breytingu, sem greinir á þskj.

Þegar bætt var í Nd. inn heimild til handa sveitarstjórnum til að ákveða friðun, friðlýsa hús og önnur mannvirki í einkaeign, þá hafði láðst að samræma bótaákvæði 44. gr. frv. slíkri heimild, ef notuð yrði. Það er auðsætt, að bætur vegna friðunaraðgerða sveitarfélaga eigi að greiðast úr hlutaðeigandi sveitarsjóði, og er brtt. n. við það miðuð og ekki ástæða til að fara um hana fleiri orðum.

Herra forseti. Ég hef þá gert grein fyrir áliti menntmn. og þeim brtt., sem n. flytur, og sé þá ekki ástæðu til að hafa fleiri orð um þetta frv. nema tilefni gefist til.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
2.—8. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
9.—16. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
17.—19. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
20.—24. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
25.—38. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
39.—43. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
Brtt. 700 (ný 44. gr.) samþ. með 20 shlj. atkv.
45.—49. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 20 shlj. atkv.

Á 92. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr. (A. 727).

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 15 shlj. atkv.

Frsm. (Auður Auðuns): Herra forseti. Við 2. umr. um þetta frv. lét ég þess getið, að í athugun væri eitt ákvæði frv. og að ég mundi nota tímann milli umr. til þess að ráðgast við meðnm. mína í menntmn. um brtt. við þetta tiltekna ákvæði frv., sem er 43. gr. Í Nd. tók frv., eins og vakin var reyndar athygli á við 2. umr., m. a. þeirri breytingu, að aftan við 43. gr. var bætt svo hljóðandi ákvæði: „Lendi safnið í óhirðu, getur menntmrh. að till. þjóðminjavarðar ákveðið, að gripir þess skuli renna til Þjóðminjasafnsins og verða eign þess upp frá því.“

Þetta er í framhaldi af því ákvæði gr., sem á undan er komið, að ef byggðasafn lendi í vanhirðu, sé hægt að svipta það ríkisstyrk. Þetta ákvæði, sem sett var þarna inn í Nd., er sannast að segja mjög vafasamt og líklegt, að það yrði jafnvel talið brjóta í bága við ákvæði stjórnarskrárinnar, þar sem þarna er gert ráð fyrir, að teknar séu eignir, gripir, sem eru í eigu ákveðinnar stofnunar, byggðasafns, og þeir lagðir til Þjóðminjasafnsins sem þess eign og án þess að það virðist þarna

vera ætlunin, að nokkrar bætur komi fyrir. — Okkur hefur komið saman um það, nm. í menntmn., milli umr., að flytja brtt. við þennan málsl., niðurlag 43. gr., um að síðasti málsl. orðist svo:

„Lendi safnið í óhirðu, getur þjóðminjavörður að fengnu samþykki menntmrh. tekið gripi safnsins til varðveizlu í Þjóðminjasafni."

Ég skal láta þess getið, að þessi brtt. er nánast samhljóða ákvæði, sem er í niðurlagi 6. gr. l. frá 1947, um byggðasöfn.

Það er eins og ég áður sagði mjög vafasamt, að slíkt ákvæði fengi yfirleitt staðizt. Þá er einnig á það að líta um slíkan grip úr safni, sem hefur lent í óhirðu og sem í bili yrði þá varðveittur í Þjóðminjasafni, að það getur hæglega komið til þess og verið algerlega eðlilegt og sanngjarnt, að honum verði skilað aftur, t. d. í byggðasafn þess sama byggðarlags eftir að tryggt væri, að hann fái þar ásamt öðrum safngripum þá umhirðu, að viðunandi sé. Ég vil því leyfa mér, þar sem þessi brtt. er skrifleg og of seint fram komin, að æskja þess við hæstv. forseta, að hann leiti afbrigða, svo að hún geti komið hér til umr. og afgreiðslu.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 738) leyfð og samþ. með 17 shlj. atkv.

Brtt. 738 samþ. með 19 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 19 shlj. atkv. og endursent Nd.

Á 94. fundi í Nd., 13. maí, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 739).

Á 95. fundi í Nd., 16. maí, var frv. tekið til einnar umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 24 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 776).

---

57. Tollheimta og tolleftirlit.

Á 24. fundi í Nd., 9. des., var útbýtt:

Frv. til l. um tollheimtu og tolleftirlit [104. mál] (stjfrv., A. 133).

Á 26. fundi í Nd., 10. des., var frv. tekið til 1. umr.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Frv. það, sem hér liggur fyrir um tollheimtu og tolleftirlit, felur í sér till. um heildarlöggjöf á þessu sviði. Frv. var að meginefni til í þessum búningi lagt fyrir síðasta þing og var þá ekki útrætt. Þar komu fram ýmsar aths. í sambandi við athugun hv. fjhn. á málinu, og nú í sumar hefur frv. verið tekið til athugunar aftur í fjmrn. með hliðsjón af þeim aths., sem fram höfðu komið, og hefur verið haft samráð við ýmsa þá aðila, sem hagsmuna hafa að gæta í sambandi við þessa löggjöf á ýmsum sviðum. Í upphafi grg. frv. er vikið að þeim breytingum, sem gerðar eru á frv. nú frá þeim búningi, sem það var í á s. l. þingi, og vænti ég, að hv. þdm. verði ljóst, hvað þar er um að ræða, því að það er í einstökum atriðum talið rækilega upp, hverjar breytingar þessar séu. Engin þeirra er veigamikil, og ég sé ekki ástæðu til þess að gera þær sérstaklega að umtalsefni, en vænti þess, að þær geti orðið til þess að greiða fyrir gangi málsins nú í gegnum þingið og auðvelda meðferð þess í hv. fjhn. nú.

Ég gerði grein fyrir frv., þegar ég lagði það fram í fyrra og sé því ekki ástæðu til að hafa langa framsöguræðu um það nú, enda er grg. þess ítarleg og því ekki þörf á að rekja hana í einstökum atriðum. Efni eða tilorðning málsins er í stuttu máli sú, að fyrir allmörgum árum, eða árið 1962, skipaði þáv. fjmrh. n. til að endurskoða gildandi lög og reglur um tollheimtu og tolleftirlit og gera jafnframt till. um ráðstafanir til þess að koma með sem beztum hætti og tryggustum í veg fyrir það, að vörur væru fluttar inn án tollafgreiðslu, og jafnhliða var ætlazt til þess, að athugað væri, hvernig mætti samræma betur tollgæzlu og löggæzlu í samræmi við ályktun, sem Alþ. gerði um það efni. Á s. l. ári fól ég n. manna að athuga þetta frv., sem hafði ekki verið flutt, og á grundvelli athugunar þessara manna, sem gerðu nokkrar breyt. á upphaflegu frv., var það lagt fyrir Alþ. á s. l. ári.

Núgildandi lög um tollheimtu og tolleftirlit eru frá 1956, og í aths. við það frv., þegar það var lagt fyrir Alþ. á árinu 1955, var m. a. vikið að því, að ýmis nýmæli væru í þessu frv. Þar væri að finna nýjan kafla um skipaafgreiðslu, meðferð ótollafgreidds varnings o. fl., þannig að gera mætti ráð fyrir því, að innan tíðar þyrfti að endurskoða l. aftur með hliðsjón af þeirri reynslu, sem þá lægi fyrir. Aðalbreytingarnar einmitt í þessu frv., sem hér liggur fyrir, eru um flutning, meðferð og geymslu ótollafgreiddrar vöru, sem gert var ráð fyrir einmitt, að þyrfti að endurskoða auk ýmissa annarra atriða. Þá kemur það einnig til, að síðan þessi lög voru sett hafa verið sett ýmis ný lög varðandi tollamál, bæði um tollvörugeymslur og auk þess endurskoðuð áður gildandi lög um tollskrá, þannig að einmitt þessi nýja löggjöf veldur því, að nokkur atriði þurfa sérstaklega að takast til meðferðar.

Í aths. við frv. um tollheimtu og tolleftirlit, eins og það var flutt á sínum tíma 1955, var gengið út frá því, að það yrði meginstefna, að tollgæzlan sjálf komi upp geymslum fyrir ótollafgreiddar vörur. Nú hefur stefnan í þessum efnum breytzt í samræmi við það, sem orðið hefur reyndin á Norðurlöndum, að heppilegast er talið, að farmflytjandi sjái sér sjálfum fyrir geymslustöðum fyrir ótollafgreiddar vörur, og það hafa skipafélögin gert ráðstafanir til að gera. Það virðist því ljóst, að það verði stefnan hér í náinni framtíð, að undanskildum hinum sérstöku tollvörugeymslum, og að því beinast ákvæði frv. um meðferð tollafgreiddrar vöru, að þetta verði stefnan hér. Þar má því t. d. nefna, að nauðsynlegt er að sjálfsögðu, að vörugeymslur fái viðurkenningu hjá tollyfirvöldum, að ekki megi flytja vörur að viðurkenndum geymslustað nema með samþykki tollstjóra og annað þess konar. Þá er einnig ákvæði til þess að reyna að auðvelda, hraða eða stuðla að hraðari afgreiðslu á vörum, þannig að þær safnist ekki upp í vörugeymslum og til þess að greiða fyrir því, að innflytjendur leysi fyrr út vörur sínar, er heimild í frv. til þess, að veita megi í vissum tilfellum greiðslufresti á

aðflutningsgjöldum, sem ekki er nú gert, gegn því, að þeir tollafgreiði hana innan ákveðins frests og flytji hana burtu úr geymslunum. En það er meginregla í frv., hvað kostnað af tollgæzlu og tolleftirlit snertir, að sjálf varargæzlan, þ. e. ráðstafanir til að koma í veg fyrir ólögmætan innflutning, svo og dagleg almenn afgreiðsla, sé, svo sem er hliðstætt við almenna löggæzlu, greidd úr ríkissjóði, en kostnaður af vörumeðferðinni og eftirlit greiðist að verulegum hluta eða meginstefnan er sú, að það greiðist af farmflytjanda eða vörueiganda.

Eins og ég áðan sagði, eru mörg ákvæði l. að sjálfsögðu, þar sem hér er um heildarlöggjöf að ræða, óbreytt frá því, sem er í gildandi l., en nýmæli, sem í frv. eru, byggjast fyrst og fremst á fenginni reynslu, og enn fremur hefur verið höfð mjög náin hliðsjón af sambærilegri löggjöf á Norðurlöndum, þar sem fengin er mjög rækileg reynsla á ýmsum þeim vandamálum, sem við er að fást í þessum efnum, og er vitanlega mjög svipuð hér eins og þar. Rétt er aðeins að vekja athygli á einstökum atriðum, sem ekki taka langan tíma, en sem gera það nauðsynlegt, að þetta frv. geti orðið afgreitt. Ég vék áðan að nýmælinu varðandi skjótari afgreiðslu vöru og heimildum til þess að lána tolla í því sambandi, sem er mjög veigamikið atriði og mundi stuðla að bættri tollafgreiðslu. Þá var það veigamikið atriði í sambandi við undirbúning löggjafarinnar í upphafi að stuðla að auknum sparnaði á þann hátt, að auðið væri að sameina í ríkara mæli tollgæzlu og löggæzlu fyrst og fremst utan höfuðborgarsvæðisins og raunar einnig hér í Reykjavík, að leggja grundvöll að því, að toll- og lögregluyfirvöld hefðu nánari samvinnu. Í l. um lögreglumenn eru sett ákvæði um þetta efni varðandi lögreglumenn, og á sama hátt er nauðsynlegt að setja ákvæði um aukið samstarf á þessu sviði og heimild til að samræma eða sameina þessi verk í löggjöfinni varðandi tollgæzlumennina. Þá eru einnig lögfest hér viss atriði, sem áður hefur aðeins verið praxis, eins og það, að tollstjóranum í Reykjavík eða tollgæzlustjóra í hans umboði er veitt aukið vald til þess að fara með tollgæzlu annars staðar í landinu eða yfirstjórn hennar og ákveða, að heimila megi tollgæzlustjóra eða fela megi honum yfirstjórn allrar tollgæzlu utan Reykjavíkur. Þá er jafnframt lögfest, að upp skuli komið tollskóla. Það er ekki í l. nú, en gert er hins vegar ráð fyrir því í kjaradómi varðandi laun opinberra starfsmanna, að slíkur skóli sé starfandi, sem veitir þá tollmönnum aukin launaréttindi, aukin laun eftir að þeir hafa gengið gegnum slíkan skóla. Þetta er ekki aðeins launaatriði, heldur mikilvægt í sambandi við virka framkvæmd tollgæzlu, að tollverðirnir hafi nauðsynlega þekkingu á þessum málum. Þá er hér lagt til, og tel ég rétt að víkja að því, að lögfesta tollhafnir. Nú er svo raunar, að það er hægt að koma að landi hvar sem er með vörur, en það er auðvitað óviðunandi. Takmarkanir um þetta hafa að vísu verið ákveðnar með reglugerð, sem leitazt hefur við að takmarka fjölda þessara hafna, og það er nauðsynlegt að gera það. Ég legg á það áherzlu, að þó að þetta sé meginlínan, verður vitanlega reynt að koma í veg fyrir það, að beinlínis sé hægt að segja, að útilokað sé að flytja vörur til annarra hafna heldur en hér er um að ræða. En ef það á að vera á valdi þeirra, sem að landi koma með vörur, hvar þeir skipa þeim í land, mun þetta að sjálfsögðu hafa í för með sér stórkostlega aukningu tollgæzlu og aukinn kostnað við að halda uppi virku eftirliti.

Þá er jafnframt í frv. gert ráð fyrir því að auka rétt tollgæzlumanna til þess að rannsaka vörubirgðir, bæði í verzlunum og vörugeymslum, ef rökstuddur grunur er á því, að þar séu vörur, sem skotið hafi verið undan greiðslu gjalda. Hér er ekki aðeins um að ræða toll á innfluttum vörum, heldur einnig framleiðslugjöld og annað þess konar, sem kemur til mála.

Í sambandi við sektir er það að segja, að þær hafa verið hækkaðar verulega, bæði dagsektir og auk þess almennar refsiheimildir í l., sem eðlilegt er, því að þær eru óhæfilega lágar í rauninni í mörgum greinum núgildandi laga. Þá er gerð sú breyting á, sem er veigamikil og verður að teljast sanngjörn, að gert er ráð fyrir því, að leitað verði fullnustu fyrst og fremst hjá sökunaut, sem gerist sekur um brot á tolllöggjöf. Hingað til hefur það verið svo, að fyrst og fremst hvílir ábyrgðin varðandi greiðslu sekta á farmflytjanda eða skipafélögunum, og það hefur því verið gengið að þeim um greiðslu sektanna, þó að þau séu raunar efnislega saklaus í málinu, en þetta þykir ósanngjarnt, og auk þess minnkar aðhaldið að sökunaut og því eðlilegt, að hið opinbera gangi fyrst að honum áður en gerð er aðför hjá farmflytjanda.

Þá er það nýmæli í þessu frv., að gert er ráð fyrir, að tollyfirvöld hafi svipaðan rétt og lögregluyfirvöld að því leyti að ákveða sektir á staðnum, ef um minni háttar brot er að ræða og ótvírætt þykir, að brot hafi verið fullframið. Þetta mundi auðvelda mjög og gera skjótari afgreiðslu slíkra mála. Loks er gert ráð fyrir því, að heimilt sé að semja við yfirvöld í öðrum löndum varðandi tollgæzlumál og upplýsingar í þessu sambandi. Það er orðin venja nú og hefur leitt til þess, að það hefur komizt upp um mörg smyglmál hér á Íslandi, að tollyfirvöld í ýmsum löndum hafi með sér náið samstarf, og þar vitanlega verðum við fyrst og fremst þiggjendur í sambandi við þær upplýsingar, því að lítið er um, að héðan séu fluttar vörur þannig, sem þurfi með sama hætti að hafa eftirlit með, og þær vörur, sem héðan eru fluttar, einfaldari í sniðum, og þess vegna er það að sjálfsögðu ákaflega veigamikið fyrir Íslendinga, að þeir geti notið aðstoðar erlendis frá í þessu efni.

Ég sé ekki ástæðu til, herra forseti, að hafa um þetta fleiri orð. Ég vonast til þess, að grg. skýri í einstökum atriðum, hvaða breytingar um er að ræða í frv. frá núgildandi l., en ég vildi leyfa mér að vænta þess og beina því til hv. n., að hún reyndi að afgreiða málið nú endanlega, þannig að við getum fengið þessa löggjöf samþykkta á þessu þingi. Það kann að vera, að einhverjar hugleiðingar komi fram um frekari breytingar heldur en ég hef hér greint frá, að rn. við nánari athugun teldi rétt að taka þær inn í frv., og þá er að sjálfsögðu að athuga það, en ég mundi telja mjög æskilegt, að frv. gæti orðið að lögum á þessu þingi.

Ég legg til, herra forseti, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. fjhn.

Gísli Guðmundsson: Herra forseti. Í 7. gr. þessa frv. eru ákvæði þau um tollhafnir, aðaltollhafnir og aðrar tollhafnir, sem hæstv. ráðh. vék að áðan í framsögu

sinni. Í þessari gr. segir, að aðaltollhöfn sé höfn, þar sem för í utanlandsferðum eiga að fá fyrstu og síðustu afgreiðslu hér á landi og þar sem hvers konar tollmeðferð vöru má fara fram. Síðan eru taldar í gr. þær hafnir, sem vera skulu aðaltollhafnir, og eru þær tólf talsins. Því næst segir, að tollhafnir séu hafnir, þar sem ferma má og afferma ótollafgreiddar vörur og geyma má og tollafgreiða slíkar vörur án sérstakrar heimildar. Þar fer á eftir upptalning þeirra hafna, sem teljast tollhafnir, þar sem ferma má og afferma ótollafgreiddar vörur, en eru ekki aðaltollhafnir. Og þessar tollhafnir, sem ekki eru aðaltollhafnir, eru 21, þannig að aðaltollhafnir eru samtals 33 á öllu landinu. Af þessu geta menn séð það, að það eru mjög margar hafnir og þar með verzlunarstaðir, sem ekki eru tollhafnir samkv. þessu frv., hvorki aðaltollhafnir né almennar tollhafnir. En um þá staði, sem ekki eru tollhafnir samkv. þessari gr., segir svo í gr.:

„Þegar sérstaklega stendur á, geta viðkomandi tollstjórar í samráði við tollgæzlustjóra veitt til þess leyfi hverju sinni, að ferma megi og afferma vörur úr fari utan tollhafna." þ. e. a. s. á öðrum höfnum en tollhöfnum samkv. frv. „Þeim, sem slíkt leyfi fær, er skylt að hlíta þeim skilyrðum, sem tollstjórar setja fyrir undanþágunni, og greiða allan kostnað, sem af henni leiðir." Ég vil leyfa mér að beina því til þeirrar hv. n., sem væntanlega fær þetta mál til meðferðar, að hún athugi gaumgæfilega þessa gr. Ég veiti því athygli, að hér vantar í tollhafnaskrána verzlunarstaði, þar sem búið er að reka verzlun mjög lengi og sem eru verzlunarstaðir margra sveitarfélaga. Enda liggur það í augum uppi, þegar maður ber saman tollhafnaskrána hér í frv. og þær tölur, sem kunnar eru um helztu verzlunarstaði við sjó hér á landi, að þessar hafnir, sem ekki eru taldar tollhafnir, eru nokkuð margar. Og mér sýnist við fljóta athugun, að sumar af þeim höfnum, sem samkv. frv. eru ekki tollhafnir og eiga því undir högg að sækja um að fá skip frá útlöndum, séu mjög sambærilegar að því er vörumagn og verzlunarsvæði varðar, við hafnir, sem tilgreindar eru hér sem tollhafnir. Mér sýnist þarna vera um málefni að ræða, sem þurfi gaumgæfilegrar athugunar við, og vil sem sé beina því til hv. n., að hún athugi sérstaklega þessa gr. Að öðru leyti ætla ég ekki að ræða þetta langa frv., sem hér liggur fyrir, hef heldur ekki kynnt mér það svo, að ég hafi aðstöðu til þess að svo stöddu.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Það voru aðeins örfá orð út af aths. hv. 1. þm. Norðurl. e. varðandi tollhafnirnar. Ég vék einmitt sérstaklega að þessu atriði í ræðu minni áðan, vegna þess að ég gerði mér grein fyrir, að það mundu væntanlega koma einhverjar slíkar aths., og það er út af fyrir sig rétt, að þarna er takmörkun á tollafgreiðslu á einstökum stöðum á landinu, og eins og ég vék að áðan, er hér aðeins að gera það upp við sig, hvað menn vilja ganga langt í þessu efni og hvort menn vilja leggja í aukinn kostnað eða ekki. Þetta er vitanlega það atriði, sem alltaf kemur upp, að það er erfitt um vik að gera ráðstafanir til þess að draga úr kostnaði, vegna þess að menn heimta fullkomna þjónustu hvar sem er á landinu, jafnvel þó að sé um að ræða ákaflega lítinn grundvöll til þess að halda þar uppi slíkri starfsemi sem þessari, t. d. á stöðum, þar sem koma kannske vörusendingar einu sinni eða tvisvar á ári, að hafa þar skipulagða tollgæzlu, er auðvitað ákaflega dýrt og erfitt. Þetta kemur allt til álita, og ég vil á engan hátt vera að gagnrýna þá skoðun, sem kom fram hjá hv. þm. Hún er efnislega rétt, að þetta getur leitt til erfiðleika á vissum verzlunarstöðum. Ég tel hins vegar með öllu útilokað að fara að taka hvern einasta verzlunarstað á landinu inn í þetta og gera að tollhöfn. Það mundi leiða af sér svo mikinn kostnað við þetta, að það er ófært. Ástæðan til þess, að ekki eru taldir upp staðir, sem hv. þm. segir, að séu sambærilegir þeim, sem upp eru taldir, er sú, að það hefur verið lögð til grundvallar við ákvörðun tollhafnanna reynslan af innflutningi á þessa staði, og þegar valið var, hvaða hafnir yrðu tollhafnir, hafa þeir staðir verið valdir, þar sem mestur innflutningur var samkv. fenginni reynslu, og þeir staðir, sem ekki eru taldir upp sem tollhafnir, eru staðir, þar sem innflutningur hefur verið svo sáralítill, að ekki hefur verið talið mögulegt að halda þar uppi tollgæzlu að staðaldri. Þetta er ástæðan til þess, að ekki er að finna verzlunarstaði, þar sem mönnum annars í fljótu bragði mundi sýnast, að væri hliðstætt ástatt eins og er í þeim höfnum í frv., sem er gert ráð fyrir, að verði tollhafnir. Þetta kemur að sjálfsögðu til athugunar, þegar hv. n. fær þetta til meðferðar, og má þá vitanlega skoða það og eðlilegt, að það sé skoðað, hvort það sé ástæða til þess að bæta við einhverjum fleiri höfnum, en ég legg aðeins áherzlu á það, að þetta gerist að sjálfsögðu á þann hátt, að það leiðir til aukins kostnaðar, a. m. k. ef menn vilja hverfa frá því ákvæði, sem er í 7. gr., að gert sé ráð fyrir, þegar svona sérstaklega stendur á, að þeir, sem hlut eiga að máli, greiði kostnaðinn við þessa aukafyrirhöfn, sem hér er um að ræða.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 26 shlj. atkv. og til fjhn. með 29 shlj. atkv.

Á 79. fundi í Nd., 21. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 133, n. 474, 489).

Frsm. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Frv. það, sem hér um ræðir um tollheimtu og tolleftirlit, var flutt á síðasta þingi og endurflutt nú á yfirstandandi þingi. Fjhn. þessarar hv. d. fékk frv. til afgreiðslu á síðasta þingi og sendi það þá til umsagnar fjölmargra aðila, sem gerðu síðan sínar aths., og bárust n. þær. Við endurflutning frv. nú hafa ýmsar af þeim aths. verið teknar til greina, eins og fram kemur í grg. frv., en að sjálfsögðu ýmsar aths. ekki hlotið náð, hvorki fyrir flutningsaðila né heldur hv. fjhn. þessarar d. Þegar n. hefur fjallað um málið, hafa tveir, þeir Bjarni Pálsson skrifstofustjóri og Ólafur Jónsson tollgæzlustjóri, mætt á fundum n. og verið n. til aðstoðar við athugun frv. Eins og fram kemur á þskj. 474, mælir n. með samþykkt frv. með þeim breytingum, sem n. flytur sameiginlega á þskj. 489, en einstaka nm. áskilja sér rétt til þess að flytja eða fylgja brtt., sem fram kunna að koma. Ég vil í stuttu máli aðeins gera grein fyrir efni frv. og þeim meginbreyt., sem lagt er til, að gerðar séu á tollheimtu og tolleftirliti, svo og þeim brtt., sem n. gerir á þskj. 489 samhliða því, að ég geri grein fyrir frv.

Í I. kafla frv. er rætt um tollstjórn og tollasvæði og breytingar að verulegu leyti ekki miklar. Hins vegar er í 7. gr. frv. gert ráð fyrir að löggilda tollhafnir og þeim þar skipt í tvo flokka, aðaltollhafnir og tollhafnir. N. er með brtt. við 7. gr., sem er þess efnis, að Akranes, sem gert er ráð fyrir í frv., að verði aðeins tollhöfn, verði færð til og verði aðaltollhöfn. Á Akranesi er starfandi yfirtollvörður, og hér er um að ræða mikla útflutningshöfn, og taldi n. því rétt að leggja til, að þessi breyting yrði gerð á frv.

Í II. kafla frv. er rætt um almennt tolleftirlit, og þar er um að ræða veigamiklar breytingar. Í 10. gr. frv., seinasta málsl. 1. mgr., stendur: „Enn fremur er tollgæzlumönnum heimill aðgangur að verzlunum og vörugeymslum þeirra, ef ætla má, að þar séu geymdar vörur, sem skotið hefur verið undan greiðslu lögboðinna gjalda." Hér er um að ræða nýmæli, og í frv., sem lagt var fyrir Alþingi 1955, var lagt til, að þetta yrði tekið inn í frv. þá, en fékk ekki náð fyrir augum hv. alþm. þá. Hins vegar er talið, að nauðsynlegt sé, að þessi heimild sé fyrir tollgæzlumenn og þeir hafi möguleika til þess að skoða vörugeymslur og verzlanir, ef ætla má, eins og þarna er sagt, að þar séu geymdar vörur, sem skotið hafi verið undan greiðslu lögboðinna gjalda. Hér er um að ræða m. a. framleiðslugjald, sem tollstjóra er ætlað að hafa innheimtu á.

Þá er enn fremur í seinni mgr. þessarar gr. um að ræða nýmæli, þar sem tollgæzlumönnum er veitt heimild til þess að veita mönnum eftirför, sem, eins og segir í frv., „skjóta sér undan eða þeir telja, að hafi skotið sér undan tolleftirliti með innfluttar vörur, og mega af sjálfsdáðum framkvæma leit í húsum, þegar um beina eftirför er að ræða og bið eftir úrskurði veldur hættu á sakarspjöllum". Þetta ákvæði, sem hér er um að ræða, er sams konar ákvæði og er í opinberu l. varðandi löggæzlumenn, og er ekki talið óeðlilegt, að tollgæzlumönnum sé veitt sama heimild og löggæzlumenn hafa. Hins vegar leggur n. til, að gerð verði sú breyting á þessari mgr., að í staðinn fyrir, þar sem stendur: „. . . eða þeir telja, að hafi skotið sér undan tolleftirliti," þ. e. 2. brtt. á þskj. 489, komi „grunaðir eru um að hafa skotið sér undan tolleftirliti." Ef mismun eða ef greinarmun er hægt að gera á þessu tvenns konar orðalagi, þá liggur hann í því, að eins og stendur í frv., er það lagt á mat eins aðila, hvort viðkomandi hafi skotið sér undan tolleftirliti, en með þeirri breytingu, sem hér er lögð til, er þar um almenn sjónarmið að ræða, sem verða þess valdandi að heimilt er að veita mönnum eftirför. Mun á „súbjektívum" sjónarmiðum og „objektívum" er hér um að ræða, og a. m. k. sumir nm. telja eðlilegt, að þegar slíkt vald er falið tollgæzlumönnum, verði um að ræða almenn sjónarmið, sem valdi því, að mönnum sé veitt eftirför eða leit gerð á heimilum þeirra.

3. brtt. er við 15. gr. frv. og er um það, að á eftir orðunum „Óheimilt er" í 2. mgr. bætist „tollheimtumönnum", þannig að gr. orðist svo: „Óheimilt er tollheimtumönnum að nota önnur innsigli við innsiglun í fari, nema sérstakt leyfi tollstjóra komi til hverju sinni." Það er ekki talin ástæða til þess að banna öðrum aðilum heldur en tollgæzlumönnum að nota önnur innsigli heldur en þau, sem tollgæzlustjóri viðurkennir.

Við 17. gr. frv. flytjum við enn fremur brtt., en í gr. er rætt um það, þegar farþegar koma og tollskoðun fer fram, en þá teljum við rétt, að við sé bætt 4. brtt., sem flutt er á þskj. 489, þar sem segir: „Nú tekur tollgæzlan farangur manns eða föggur skipverja í vörzlu sína til skoðunar síðar, og getur viðkomandi þá krafizt þess, að þær séu innsiglaðar þar til skoðun fer fram og hlutaðeigandi þá gefinn kostur á að vera viðstaddur skoðunina." Þetta mun vera svo í framkvæmd, en n. taldi rétt, að skýr ákvæði væru í l. um, að þegar slíkt ætti sér stað, hefði viðkomandi aðili heimild til þess að krefjast þess, að farangur hans væri innsiglaður og hann svo síðan viðstaddur, þegar skoðun færi fram.

Við 18. gr. frv. er enn fremur flutt brtt., 5. brtt. á þskj. 489. Þar stendur: „Gjaldeyrisstofnanir eru skyldar að láta tollyfirvöldum í té allar nauðsynlegar upplýsingar og skýrslur, er þau beiðast og unnt er að láta þeim í té um kaupverð vöru, greiðsluskilmála, yfirfærslur í sambandi við kaup vöru eða sölu og annað þvíumlíkt." Gr. þessi, 18. gr., fjallar um það, hvernig tollyfirvöld geta krafið hvern þann, sem flytur eða ætla má, að flytji inn gjaldskyldar vörur, um skilríki, og er talið rétt, eða það er ósk tollstjórans, að þessi brtt. sé flutt, þannig að tollstjóranum sé heimilt að afla sér eða gjaldeyrisstofnunum sé skylt að láta tollstjóranum í té þær skýrslur, sem gjaldeyrisstofnanirnar hafa yfir að ráða varðandi vörukaup.

III. kafli frv. fjallar um för í utanlandsferðum. Hann er að meginefni breyttur að því leyti, að í núgildandi löggjöf er aðallega fjallað um skip, en hér er gerð breyting með tilliti til flugvéla, eins og fram kemur. Í 19. gr. frumvarpsins stendur: „Far, sem statt er í neyð, er undanþegið ákvæðum 1. málsgr. þessarar gr." Til þess að taka af allan vafa, þá leggjum við til, að á eftir orðunum „statt er í neyð" bætist „eða þarf að leita hafnar vegna veikinda eða slysa áhafnar eða farþega." Það má e. t. v. segja, að það sé ástæðulaust, því að far, sem þarf að leita hafnar vegna veikinda eða slysa áhafnar eða farþega, er að sjálfsögðu statt í neyð. Við 1. málsgr. er brtt. nánast leiðrétting, þ. e. a. s. í staðinn fyrir „síðustu málsgr. 7. gr." komi: 5. málsgr. 7. gr.

Þá er brtt. við 32. gr. frv., sem fjallar um skip, sem fara til útlanda beint af veiðum. Í frv. segir í 32. gr. „skip, sem er á leið til útlanda, skal hafa seinustu viðkomu hérlendis í aðaltollhöfn, sbr. þó 7. gr.", þ. e. undanþáguákvæðin. „Ákvæði þetta á ekki við um fiskiskip, sem fer til veiða eða siglir til útlanda beint af veiðum og eingöngu með eigin afla." Að sjálfsögðu getur það átt sér stað, að skip sigli með afla, eigin afla, svo og afla, sem keyptur hefur verið í landi, áður en farið var til veiða eða hafi keypt afla af öðru skipi á veiðum, þannig að lagt er til, að orðið „eigin" falli niður og greinin endi því: „og eingöngu með afla."

Í 34. gr., sem er nýmæli, er stjórnanda fars eða afgreiðslumanni útgerðar, sem ekki fullnægir skyldum sínum, sbr. ákvæði þessa kafla, gert skylt að greiða tollgæzlunni allan kostnað, sem leiðir af þeim ráðstöfunum, sem hún telur nauðsynlegt að gera vegna vanrækslu. Í frumvarpsgreininni segir, að kostnaði þessum fylgi lögveð. N. telur hins vegar ekki ástæðu til þess að láta lögveð fylgja með og leggur því til í 8. brtt., að síðasta málsgr. orðist svo: Kostnað þennan má innheimta með lögtaki.

Í IV. kafla er fjallað um vörzlu og tollmeðferð að-

fluttra vara. Segja má, að meginnýmælið í þeim kafla sé í síðustu málsgr. 37. gr., en þar stendur: „Geymsluhafi hefur haldsrétt í vörunni fyrir kröfu sinni um geymslugjald. Haldsrétturinn útilokar þó ekki, að tollstjóri geti selt vöruna á opinberu uppboði og að tollur og önnur opinber gjöld séu greidd af uppboðsandvirðinu á undan geymslugjaldinu." Framkvæmdin á þessu hefur verið allt til næstliðins árs með þeim hætti, að geymslugjald hefur gengið fyrir. Hins vegar var það eftir uppkveðinn hæstaréttardóm, þar sem í forsendum dómsins var getið um þessa hluti, að viðurkennt var af yfirborgarfógeta, að tollur og opinber gjöld gengju á undan geymslugjaldinu af uppboðsverðinu. Það þykir rétt að taka af öll tvímæli og setja þetta í l., og mun hér um að ræða sambærilegt ákvæði og í tollalöggjöf annarra Norðurlanda.

V. kafli frv. er að mestu óbreyttur frá þeirri löggjöf, sem nú gildir, þ. e. um flutning á ótollafgreiddum vörum innanlands, en í VI. kafla felast nýmæli, þ. e. um gjalddaga og fullnustu aðflutningsgjalda. Í 52. gr. er gert ráð fyrir, að fjmrh. geti með reglugerð ákveðið um greiðslu aðflutningsgjalda, hvenær greiðsla aðflutningsgjalda á vörum skuli fara fram, og ákveðið í reglugerð innan hvaða tíma, eða að hún sé sett í tollvörugeymslu, sbr. l. 47 frá 1960. Framkvæmd þessara mála mun vera þannig í dag, að ef ekki hafa verið greidd aðflutningsgjöld af vöru innan eins árs frá því að hún kom til landsins, sé hún seld til fullnustu aðflutningsgjalda. Við þessa gr. flytur n. þá brtt., að inn í gr. sé bætt á eftir fyrri málsgr.: og skal þessi frestur vera minnst 6 mánuðir. Nm. voru mjög á einu máli um það, að það bæri að fara mjög varlega í að stytta þann frest, sem nú er. Hann er að vísu ekki samkv. lögum, heldur ákvörðun rn., en til þess að taka af allan vafa, þá væri ekki farið með þennan frest niður í skemmri tíma en 6 mánuði, en eins og ég gat um áðan, þá var n. á þeirri skoðun, að vegna þeirrar sérstöðu, sem við höfum vegna legu lands okkar, þá bæri að fara mjög varlega í að stytta frestinn frá því sem hann nú er.

Í 53. gr. er enn fremur nýmæli, þar sem gert er ráð fyrir því, að fjmrh. geti með reglugerð heimilað tollstjóra að veita innflytjendum tiltekinn greiðslufrest á aðflutningsgjöldum. Það er jafnframt tekið fram í gr., að þessi frestur skuli aðeins veittur gegn fullgildri bankatryggingu eða annarri hliðstæðri tryggingu, sem rn. tekur gilda, og bundin því skilyrði, að varan sé tollafgreidd og flutt úr vörugeymslum innan þess frests, sem ákveðinn verður í reglugerð, og má sá frestur ekki vera lengri en 20 dagar frá komudegi fars þess, er vöruna flutti til landsins. 20 daga frestinn taldi n. vera í það stytzta og leggur því til í 10. brtt. sinni, að í stað orðanna „20 dagar" komi „1 mánuður". Eins og ég gat um áðan, þá er hér um nýmæli að ræða, en það mun vera hugsunin á bak við þá heimild, sem hér er lögð til, að fjmrh. fái að reyna að flýta fyrir tollafgreiðslu og gera hana í alla staði liðlegri með því að veita þennan frest, og það er talið, að þetta muni ekki seinka innkomu tolla í ríkissjóð, heldur muni það geta flýtt fyrir.

Í VII. kafla frv. er rætt um vantanir og skemmdir og endursendingu á vörum. Sá kafli er að verulegu leyti svipaður þeim ákvæðum, sem eru í gildandi l. N. gerir þó till. um breyt. á 56. gr., þar sem stendur: „Hafi vara orðið fyrir verulegum skemmdum," að orðið „verulegum" falli niður. Enn fremur leggur n. til, að á 57. gr. verði gerð breyt. Er það í samráði við rn. Ég sé það á þskj., að það hefur fallið niður sú brtt., sem n. þarna leggur til, og mun hún þá að sjálfsögðu flytja hana við 3. umr. En þar var gert ráð fyrir því, að í 57. gr., 1. tölul., féllu niður síðustu orðin, þ. e. „og ekki sé meira en eitt ár liðið frá því, að hún kom til landsins."

VIII. kaflinn fjallar um útflutning og er nánast svipaður þeim kafla, sem um þessi mál fjallar í dag.

Í IX. kafla frv. er rætt um refsingar og önnur viðurlög. Þessi kafli hefur sérstaklega verið yfirfarinn af saksóknara ríkisins svo og starfsmönnum rn. og yfirmönnum tollgæzlunnar. Helstu breyt., sem á þessum kafla er lagt til, að gerðar verði, eru, að það sé sett hámarksfangelsisrefsing fyrir ólöglegan innflutning, sem ekki er í núgildandi l., og er fangelsisrefsingin ákveðin allt að 2 árum. Þá er enn fremur sett almenn refsiheimild fyrir brot á l. í stað þess að vitna í hverja gr. fyrir sig, og jafnframt er hámarkssektarrefsing hækkuð úr 200 þús. kr. í 500 þús. kr. Þá er í 72. gr. frv. veitt heimild til eignarupptöku á vörum og andvirði þeirra, og þau ákvæði gerð mun ýtarlegri heldur en er í gildandi l. Þá er enn fremur veitt heimild til þess að gera farartæki upptækt, sem notað er til að fremja tollaafbrot, en það skilyrði sett, að brotið sé stórfellt og sakir að öðru leyti miklar. Eins og stendur í 3. málsgr., 2. málsl. 72. gr. „upptaka er heimil, þótt sökunautur sé annar en eigandi farartækis, ef ástæða er til að ætla, að eigandinn hafi vitað eða mátt vita í hvaða tilgangi nota átti farartækið." Hér er um að ræða nýtt ákvæði í l. Fyrir örfáum dögum höfum við samþykkt breyt. á áfengisl., þar sem eignarupptökuákvæðið var, þrátt fyrir það að eigandi farartækis væri saklaus — þessi hv. deild breytti því ákvæði áfengislaganna, er kvað svo á, að farartækið skyldi gert upptækt, í heimildarákvæði. Það er að sjálfsögðu forsenda þessarar heimildar, sem hér er veitt, að eigandi farartækisins sé með í vitorði eða málin þannig úr garði gerð, að hann hafi mátt vita um, til hvers átti að nota hans eigin farartæki. Við minnumst hæstaréttarmáls á s. l. ári, þar sem reyndi á þetta ákvæði, sem ég gat um hér áðan, áfengislagaákvæðið. Menn minnast líka þeirrar málsmeðferðar, sem var viðhöfð eftir að Hæstiréttur hafði kveðið upp þann dóm, og sú breyt., sem gerð var á áfengisl., er að sjálfsögðu gerð einmitt út frá þeim forsendum, að eigandi farartækisins sé ekki dæmdur til þess að þola eignarupptöku, ef hann er saklaus með öllu og hann hafi með öllu hætti getað gert sér grein fyrir eða mátt vita um það til hvers nota átti hans eigin farartæki. Enn fremur er veitt heimild til þess að beita eignarupptöku, þótt refsiábyrgð verði ekki við komið, þegar sérstakar ástæður eru fyrir hendi. Þá er gert ráð fyrir því í 73. gr., að það farartæki, sem hefur verið notað eða reynt hefur verið að nota til þess að flytja vörur ólöglega til landsins, verði að veði til tryggingar gjöldum, sektum og kostnaði, sem stjórnanda farartækisins, áhöfn eða öðrum starfsmönnum þess verður gert að greiða, og eins og segir í gr. má kyrrsetja það og selja á opinberu uppboði til lúkningar framangreindum gjöldum og kostnaði án undangenginnar aðfarargerðar og með þeim hætti, sem segir í 54. gr. Síðan kemur atriði, sem er nýmæli: „Sé sökunautur búsettur hér á landi eða eigi eignir hér,

skal þó jafnan reynd aðför hjá honum áður en gengið er að veðinu, en eigi raskar það rétti til kyrrsetningar samkv. 1. málsgr.“ Það, sem hér er um að ræða, er, að þeir aðilar, sem verða dæmdir fyrir ólöglegan innflutning og þar sem farartæki eru til tryggingar sektum og kostnaði – þá verði fyrst leitað fullnustu hjá viðkomandi aðilum í stað þess, sem er í dag í áfengislöggjöfinni, að eigendur farartækjanna bera beina ábyrgð á þeim sektum og kostnaði, sem starfsmenn þeirra hljóta. Er hér um að ræða ákvæði, sem mjög verður til bóta fyrir þá aðila, sem reka fyrirtæki sín og verða fyrir því, að starfsmenn þeirra brjóta reglur um áfengisinnflutning, svo og tollheimtu og tolleftirlit.

Þá er 76. gr. nýmæli, þar sem gert er ráð fyrir, að tollyfirvöldum sé heimilað að ákveða sektir allt að 10.000 kr. eftir nánari ákvæðum og reglum og fyrirmælum saksóknara. Ákvæðið er ætlað til að stuðla að einfaldari og hraðari málsmeðferð, þegar ekki er um að ræða stórvægilegt brot og atvik liggja að öðru leyti ljós fyrir. En þetta mundi að sjálfsögðu einnig oft verða til hagræðis fyrir sökunaut. Að sjálfsögðu getur sökunautur ætíð skotið máli sínu til dóms. Undir sama skilorði er tollyfirvaldi heimilað að ákveða eignarupptöku á smyglvarningi, ef verðmæti fer ekki fram úr 50.000 kr. Hliðstæð ákvæði eru nú í l. um meðferð opinberra mála frá 1961, sbr. l. nr. 29 frá 1966, að því er varðar afgreiðslu lögreglustjóra og lögreglumanna á brotum gegn umferðarl., áfengisl. og lögreglusamþykktum og fleira. Í 76. gr. er enn fremur veitt heimild til þess að afgreiða mál þeirra aðila, sem koma með í fórum sínum meiri varning heldur en heimilað er, varning, sem ríkið eða stofnanir þess hafa til einkasölu, og þeir framvísa því við tollgæzluna áður en tollskoðun hefst, og þá er gert ráð fyrir því, að aðilinn megi halda því, sem hann kom með, gegn því að greiða það einkasölugjald til hlutaðeigandi einkasölu, sem gert er ráð fyrir, að fjmrh. setji með sérstakri gjaldskrá. N. fannst þó, að það mætti kveða örlítið fastara að í sambandi við þessa málsgr. frv. og leggur því til, að orðin „sem fram yfir er“ falli niður og við síðustu málsgr. bætist „enda sé um takmarkað magn að ræða, sem nánar má ákveða í reglugerð.“ Síðasta málsgr. mundi þá hljóða svo: „Nú hefur einhver af áhöfn fars eða farþegi við komu sína til landsins meira í fórum sínum en heimilt er af varningi, sem ríkið eða stofnanir þess hafa einkasölu á, og framvísar því við tollgæzluna áður en tollskoðun hefst á farangri hans, og skal honum þá heimilt að halda því gegn því að greiða einkasölugjald til hlutaðeigandi einkasölu, samkv. gjaldskrá, sem fjmrh. setur, án þess að sæta kæru fyrir brotið, enda sé um takmarkað magn að ræða, sem nánar má ákveða í reglugerð.“

Ég hef yfirfarið í stuttu máli helztu breyt., sem lagt er til í frv. þessu, að gerðar séu á l. um tollheimtu og tolleftirlit, svo og þær brtt., sem n. flytur á þskj. 489. Eins og ég gat um hefur fallið niður ein brtt., sem n. samþykkti að gera, og n. mun að sjálfsögðu flytja þá brtt. við 3. umr. Eins og ég gat um áðan og fram kemur á þskj. 474, þá mælir n. með því, að frv. verði samþ. með þeim breyt., sem fluttar eru á þskj. 489, en einstakir nm. áskilja sér rétt til þess að flytja eða fylgja brtt., sem fram kunna að koma.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Ég vil nota þetta tækifæri til þess að þakka hv. fjhn. fyrir athugun hennar á tollheimtufrv., og enda þótt mér hafi kannske stundum fundizt starfið ganga nokkuð hægt og vikið að því við form. n., þá er það engu að síður fullkomlega ljóst, að hér er um stórt og mikið mál að ræða og n. hefur lagt í þetta mikla vinnu, og ber að lofa það og þakka. Ég álít þess vegna, að vinna n. ætti að geta auðveldað mjög frekari meðferð málsins í þingi, þannig að það ætti að vera unnt að fá málið afgr. nú á þessu þingi, sem ég legg á mikla áherzlu. Málið hefur áður verið hér til meðferðar á síðasta þingi og varð þá ekki útrætt hér í þessari hv. deild, en þá komu fram allmargar athugasemdir, sem teknar voru til meðferðar milli þinga, þannig að það hefði átt að auðvelda meðferð málsins hér.

Ég vil aðeins taka það fram, að eftir atvikum sé ég ekki ástæðu til þess að fetta fingur út í neinar þær brtt., sem hv. n. hefur gert. Hún hefur haft um það samráð við þá menn, sem sérfróðastir eru í tollamálum og tollheimtu. Þetta er flókið og margþætt kerfi. Það, sem fyrir mér hefur vakað, er það, að í hinni endurskoðuðu löggjöf er að finna mörg nýmæli, sem stuðla að því að gera tollheimtukerfið traustara og áhrifaríkara og jafnframt greiða fyrir tollmeðferð vara með ýmsum hætti eins og hv. frsm. t. d. vék hér að, sem mönnum kann að þykja orka nokkuð tvímælis, að leyfa að lána tolla um skeið. Það er ekki gert til þess að draga úr innkomnum tolltekjum, heldur fyrst og fremst til þess að hraða tollafgreiðslu vara, og þess vegna er sett annað ákvæði í frv., sem hv. frsm. einnig vék að, að það er gert ráð fyrir að stytta þá fresti, sem heimilað er að láta ótollafgreiddar vörur liggja í vöruafgreiðslu. Það hefur því miður mjög oft á því borið og oft valdið vandræðum, að vörur hafa hrúgazt upp í vörugeymsluhúsum vegna þess tiltölulega langa frests, sem nú er í gildi varðandi skyldur manna um að tollafgreiða vörur, en með því að opna leiðina til að lána tollana um skeið, sem aldrei mundi verða langur tími, þá teljum við mögulegt á móti að gera þá kröfu til innflytjenda, að þeir afgreiði vöruna fyrr en ella. Varðandi lánveitingar á tollum vil ég láta það koma skýrt fram, að um það munu verða látnar gilda mjög strangar reglur og væntanlega alls ekki lánaðir tollar nema því aðeins, að fyrir því liggi bankaábyrgð, þannig að það sé öruggt, að ekkert vandamál skapist varðandi innheimtu tollteknanna síðar meir. Hér er því aðeins um það að ræða að hraða meðferð varanna. Í vissum tilfellum getur þetta að vísu komið innflytjendum til góða, ef um vörur er að ræða, sem seljast fljótt. Þá geta þeir selt þær áður en kemur til tollgreiðslu, og er ekkert nema gott um það að segja, ef báðir aðilar geta haft af því gagn.

Ég sé ekki ástæðu til, herra forseti, að fara fleiri orðum um þessar einstöku brtt., sem hv. frsm. gerði mjög glögga grein fyrir, en vil leyfa mér að treysta því, að hv. þd. geti fallizt á að afgreiða málið með þeim hætti, sem hv. n. hefur lagt til.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.

2.—6. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.

Brtt. 489,1 samþ. með 22 shlj. atkv.

7. gr., svo breytt, samþ. með 22 shlj. atkv.
8. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
9. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Brtt. 489,2 samþ. með 23 shlj. atkv.
10. gr., svo breytt, samþ. með 23 shlj. atkv.
11.—14. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Brtt. 489,3 samþ. með 22 shlj. atkv.
15. gr., svo breytt, samþ. með 22 shlj. atkv.
16. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Brtt. 489,4 samþ. með 23 shlj. atkv.
17. gr., svo breytt, samþ. með 23 shlj. atkv.
Brtt. 489,5 samþ. með 23 shlj. atkv.
18. gr., svo breytt, samþ. með 23 shlj. atkv.
Brtt. 489,6 samþ. með 23 shlj. atkv.
19. gr., svo breytt, samþ. með 23 shlj. atkv.
20.—31. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Brtt. 489,7 samþ. með 24 shlj. atkv.
32. gr., svo breytt, samþ. með 22 shlj. atkv.
33. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Brtt. 489,8 samþ. með 23 shlj. atkv.
34. gr., svo breytt, samþ. með 23 shlj. atkv.
35. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
36.—43. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
44.—49. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
50.—51. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Brtt. 489,9 samþ. með 23 shlj. atkv.
52. gr., svo breytt, samþ. með 23 shlj. atkv.
Brtt. 489,10 samþ. með 25 shlj. atkv.
53. gr., svo breytt, samþ. með 24 shlj. atkv.
54. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
55. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Brtt. 489,11 samþ. með 23 shlj. atkv.
56. gr., svo breytt, samþ. með 24 shlj. atkv.
57. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
58.—59. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
60.—75. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Brtt. 489,12 samþ. með 22 shlj. atkv.
76. gr., svo breytt, samþ. með 24 shlj. atkv.
77.—80. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 23 shlj. atkv.

Á 80. fundi í Nd., 22. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 509, 511).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Brtt. 511 samþ. með 21 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 24 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 77. fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 533).

Á 78. fundi í Ed., 25. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Frv. það um tollheimtu og tolleftirlit, sem er heildarendurskoðun á gildandi löggjöf um það efni, á sér alllanga forsögu. Það eru allmörg ár síðan, eða nánast árið 1962, sem þáverandi fjmrh. skipaði n. til þess að endurskoða gildandi l. og reglur um tollheimtu og tolleftirlit með það í huga að styrkja tollgæzluna og athuga, hvort ekki væri hægt að setja ákveðnari og traustari reglur til þess að forðast það, að hætta væri á, að vörur væru fluttar til landsins, án þess að aðflutningsgjöld væru af þeim greidd. N., sem þá var skipuð, skilaði nokkru seinna, eða árið 1963, frv. um þetta efni. Frv. var þá ekki flutt, en eftir að ég tók við embætti fjmrh. fól ég nokkrum mönnum að endurskoða þetta frv. og sem þá var gert, og niðurstaðan af því var sú, að frv. var lagt fyrir síðasta Alþ. Það var þá ekki útrætt, en aflað hafði verið um það ýmissa upplýsinga hjá hv. n., sem fékk það til meðferðar, fjhn. Nd., og nú á milli þinga á s. l. sumri var frv. enn tekið til athugunar, og þær brtt., sem fram höfðu komið frá ýmsum aðilum, voru teknar sérstaklega til meðferðar og frv. síðan aftur lagt fram fyrir alllöngu síðan.

Því miður hefur frv. verið til meðferðar lengi í hv. Nd., þannig að það er orðinn naumur tími, að segja má, eftir því sem horfur eru um þinghald, að ljúka því. Ég mundi hins vegar telja það mjög æskilegt, ef þess væri nokkur kostur, að frv. gæti orðið að l. nú á þessu þingi, vegna ýmiss konar atriða, sem í því eru og sem tvímælalaust eru til umbóta á gildandi l. um þetta efni. Það voru gerðar á því nokkrar breytingar hjá hv. Nd., sem byggðust á umsögnum, sem fram komu, og athugunum, sem þar voru gerðar á frv. Ég sé ekki ástæðu til þess að rekja sérstaklega þær breyt. Þær eru í eðli sínu ekki veigamiklar, en þær ættu að auðvelda hv. n. í þessari deild að hafa e. t. v. skjótari handtök á málinu, þó að ég sé ekki að segja, að hún sé endilega bundin við það að fara eftir því, sem Nd. segir í því efni. Ed. hefur nú sínar sérskoðanir, en engu að síður hygg ég, að það ætti þó að geta auðveldað málin. Núgildandi l. um tollheimtu og tolleftirlit eru frá 1956, og síðan hafa komið fram ýmis atriði, sem hafa leitt í ljós, að það væru ýmsir annmarkar á þeirri lagasetningu, enda eru ýmis nýmæli í þessum l., sem sum hver hafa m. a. s. nú þegar tekið gildi enda þótt þau hafi ekki fengið neins staðar lögfestingu, svo sem t. d. það, að tollgæzlustjóri hér í Reykjavík hafi með höndum yfirstjórn tollgæzlunnar úti um land, það er gert ráð fyrir, að það verði nú lögfest, að heimilt sé að hafa þá skipan mála á. Aðalbreyt. á l. eru hins vegar í ákvæðum um flutning vöru, meðferð hennar og geymslu ótollafgreiddrar vöru, sem hafa víða verið miklir annmarkar á, hvernig frá hefur verið gengið, og hefur leitt til þess í mörgum tilfellum, að vörur hafa verið afhentar ótollafgreiddar, og hefur rn. að undanförnu staðið í allmiklu stríði víða að koma þessum málum í viðhlítandi horf, koma í veg fyrir, að líkt geti átt sér stað. Það var líka gert ráð fyrir því, þegar l. frá 1956 voru sett, að það mundi þurfa að endurskoða þessar reglur. Síðan þau gildandi tollal. hafa verið sett þá hefur líka margt breytzt í tollamálum. Þar á meðal má minna á, að vöruflutningar með flugvélum hafa farið stórkostlega vaxandi, og eru ýmis ákvæði í nýja frv. samin með tilliti til þessa, og er þar yfirleitt gengið út frá því, að sömu ákvæði gildi um skip og flugvélar, hvað snertir tollgæzlu og tolleftirlit, og eru því þessi farartæki einu nafni nefnd för í frv. Auk þess má þess geta, að ýmis l., sem varða tollamál, hafa verið sett eftir að núgildandi l. um tollheimtu og tolleftirlit voru sett,

svo sem nýju tollskrárl. og lög um tollvörugeymslu, og er í þessu frv. höfð hliðsjón af þessum nýju l.

Í aths. við frv., þegar það var flutt 1955, kom það fram, að stefnt væri að því, að tollgæzlan kæmi sjálf upp geymslum fyrir ótollafgreiddar vörur, enda var sá háttur hafður yfirleitt á í nágrannalöndum. Nú hefur þetta breytzt þannig í nálægum löndum, að frá þessu er horfið og talið rétt, að innflytjandi sjálfur eða farmflytjandi sjái fyrir geymslustöðum fyrir ótollafgreiddar vörur, og það virðist einnig vera þróunin hér, að þetta muni verða þannig í náinni framtíð. Það eru því í frv. ýmis ný ákvæði, er snerta vörugeymslur, meðferð og flutning ótollafgreiddrar vöru, afgreiðslu hennar o. fl. M. a. er gengið út frá því, að vörugeymslur þurfi að fá viðurkenningu hjá tollyfirvöldum á því, að ekki megi flytja vöru úr viðurkenndum eða leyfðum geymslustað nema með samþykki tollstjóra, svo og að ákveða megi með reglugerð, að varan skuli tollafgreidd innan ákveðins frests, en þetta síðasta ákvæði er sett til að leysa þann vanda, sem stafar af miklum þrengslum í vörugeymslum farmflytjenda, og reyna að koma í veg fyrir það, sem því miður hefur verið of mikið af, að vörur hafa verið fluttar í stórum stíl til landsins, án þess að menn hafi haft nokkur skilyrði til þess að leysa inn eða greiða þessa vöru fyrr en eftir dúk og disk.

Til þess svo að ýta ennþá betur á eftir innflytjendum vara að tollafgreiða þær er heimilað í þessu frv., sem er nýmæli, að veita megi gjaldfrest á greiðslu aðflutningsgjalda á vissum vörutegundum gegn því, að þær verði tollafgreiddar innan ákveðins frests, og ég skal taka það fram, þar sem hér er um nýmæli að ræða, að slík tollalán mundu ekki eiga sér stað, nema hægt væri að setja bankaábyrgðir eða öruggar greiðslutryggingar, þannig að ekki þyrfti að koma til venjulegrar skuldainnheimtu af hálfu tollyfirvalda síðar.

Það er gert ráð fyrir því, að það sé heimilt að sameina tollgæzlu og löggæzlu. Um það hefur oft verið talað, og í lögum um löggæzlumenn, sem sett voru fyrir nokkru, var heimilað, að þetta mætti gerast og varðaði löggæzluna, en sams konar ákvæði hefur vantað í tollgæzlul., og þurfa þau ákvæði að sjálfsögðu að koma og eru sett hér inn.

Þá hefur það um nokkurt skeið verið svo, að það hefur verið rekinn sérstakur tollskóli, og er gert ráð fyrir því í ákvörðun um kjaramál opinberra starfsmanna og ákvörðun Kjaradóms, að slíkur skóli sé rekinn, og hefur þetta verið gert, þó að ekki hafi verið bein lagaheimild til fyrir því, enda er hér um að ræða mjög mikilvægan skóla, því að til þess að tollgæzla geti verið virk, þurfa tollgæzlumenn að hafa ýmiss konar sérþekkingu til að bera. Hér er gert ráð fyrir því að lögfesta ákveðnar tollhafnir, en þau ákvæði hafa verið í reglugerð hingað til, og er gert ráð fyrir, að tollhöfnum verði skipt í tvennt, aðaltollhafnir, þar sem sé leyfð fyrsta og síðasta tollmeðferð vöru, en það eru fyrst og fremst kaupstaðirnir, sem þar er um að ræða, og síðan aðrar tollhafnir, þar sem heimil er tollafgreiðsla vara. Engin höfn er útilokuð, en gert ráð fyrir því, að ef einstakar vörusendingar þurfa að fara til annarra hafna, sé hægt að gera það með sérstökum undanþágum.

Eins og ég áðan sagði, er gert ráð fyrir því, að þyngdar séu allverulega refsingar við tolllagabrotum, og er það mikil nauðsyn. Þá er einnig sett inn nýtt ákvæði, sem er allveruleg breyt. frá því, sem nú gildir, en ég hygg, að sé sanngjörn breyt., og hún er sú, að þeir, sem verði sekir um brot á tollal., séu sóttir til saka fyrst og fremst, og skipafélögin og aðrir aðilar séu aðeins ábyrgðaraðilar og ábyrgð þeirra komi til, ef hinn seki ekki greiðir tilskildar sektir. Hingað til hefur það verið þannig, að það hefur yfirleitt verið haldið sér beint að skipafélögunum og skipafélögin haft mjög erfitt um vik að ganga síðan að þessum starfsmönnum sínum og ná inn þessum sektum. Þetta ætti ekki að skerða á neinn hátt aðstöðu ríkisins, munurinn er aðeins sá, að nú verður gengið að sökudólg sjálfum, og skipafélagið kemur fyrst til í annarri röð. Þetta held ég, að sé sanngjarnt og eðlilegt nýmæli. Auk þess er gert ráð fyrir því, að sektir og ýmsar refsingar séu hækkaðar allverulega frá því sem er í gildandi l., og sýnist það einnig vera sjálfsagt.

Ég sé ekki ástæðu til, herra forseti, þar sem með frv. fylgir tiltölulega glögg grg. um það, hvað eru nýmæli í frv. í einstökum atriðum og hvað eru breyt. og í hverju það er fólgið, að vera að rekja það í langri framsöguræðu og þreyta hv. þdm. á því nema sérstakt tilefni gefist til, og hef ég ekki lengri framsögu um málið, en itreka það, sem ég sagði í upphafi, að mér væri mjög mikil þökk í því, ef hv. fjhn. sæi sér fært að afgreiða málið, þannig að það gæti orðið að l. á þessu þingi, enda þótt tími sé orðinn tiltölulega naumur til þess.

Ég legg svo til, að frv. verði vísað að lokinni þessari umr. til 2. umr. og hv. fjhn.

Jón Árm. Héðinsson: Herra forseti. Mig langaði til að gera hér smá fsp. til hæstv. fjmrh. Eins og hann drap á í framsöguræðu sinni, er þetta mikilvægt spor í meðferð á vörum varðandi tollafgreiðslu o.s.frv. Hann minntist hérna á 53. gr., sem hann sagði réttilega nýmæli, en hún kveður svo á um, að fjmrh. getur með reglugerð heimilað tollstjórum að veita innflytjendum tiltekinn greiðslufrest á aðflutningsgjöldum. Ég var reyndar svolítið hissa, þegar ég las þetta, vegna þess að ég hélt persónulega, að greiðsluaðstaða ríkissjóðs væri ekki slík, að hann hefði tök á því að veita fyrirtækjum um einhvern tíma greiðslufrest, þótt takmarkaður sé, og vildi þess vegna inna ráðh. nánar eftir því, hvort hann óttist ekki, að hér sé farið út á braut, sem gæti verið til þyngsla fyrir ríkissjóð, og hvort hér verði vaxtareiknað fyrir þessa fyrirgreiðslu o.s.frv., og eins er það, hvort fyrirtækjum sé mismunað með svona aðstöðu? Nú má segja, að ef fyrirtæki er vel rekið og það getur fengið bankatryggingu og allt þar fram eftir götunum, þá eigi það að njóta þess, en ég veit ekki, hvort það er æskileg þróun að gera slíkan aðstöðumun varðandi aðflutningsgjöld. Ég vildi varpa þessari spurningu fram.

Í öðru lagi vil ég svo aðeins drepa á eitt, sem ég persónulega varð að standa í fyrir nokkru. Þannig háttar til, eins og hv. þd. er kunnugt um, að ég á hluta að útgerðarfyrirtæki og þurfti að afgreiða snurpuvír með snarheitum fyrir nokkru. Hann vantaði og var ekki til á skipið, sem kostar 40 millj. Ég varð að bíða í 3 daga, þótt öll skjöl og annað væri klárt. Ég talaði þarna við mann á skrifstofunni, og hann sagði, að þetta kerfi, sem væri komið í dag, væri orðið herra yfir okkur og þú yrðir

bara að bíða í rólegheitum, hvort þú værir með svona mikilvæga tollafgreiðslu eða naglalakk, skipti ekki máli. Áður var mín reynsla sú, að hér í Rvk. gekk allt ljómandi vel á vissum vöruflokkum. Um snurpuvír liggur ljóst fyrir, að hann kemur beint og er ekkert hægt við hann að gera, menn afgreiða hann strax. Skoðun liggur strax fyrir, og er ekkert vandamál. En ef kerfið býður ekki upp á lausn í viðurlögum, þá vildi ég mælast til þess við hæstv. ráðh., að hann athugaði um það, að þegar slík undantekningartilfelli eru, að þau gætu fengið sérstaka fyrirgreiðslu og að kerfið væri ekki orðið þræll vélanna, jafnvel þótt vélakerfið sé gott og nauðsynlegt, og að þetta sé tekið til athugunar. Ef þetta frv. gerir ráð fyrir því, að skyndiafgreiðsla, sem alltaf getur komið fyrir vegna bilana í stórum skipum og jafnvel í flugvélum, sé áfram, þá er það vel. Slík fyrirgreiðsla var fyrir hendi, og tollþjónar sýndu lipurð í því efni, og sú fyrirgreiðsla má ekki stöðvast.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Varðandi síðari fsp. hv. 5. landsk. þm. um snurpuvír, er hann minntist á, þá kemur mér það mjög á óvart, ef það er kerfið sjálft, sem hindrar það, ég held það hljóti nú eitthvað annað að hafa verið, einhver stirðleiki í því, kvartanir berast yfirleitt ekki um slíka hluti. Stöðuglega koma upp svona vandamál, og það eru kannski varahlutir í vél, sem þarf auðvitað eins og hann sagði að afgreiða í mikilli skyndingu og tollvörðum hefur verið heimiluð tiltölulega mjög frjálsleg meðferð á í bili, þannig að hægt sé að deponera eða gefa út tékk, eitthvað slíkt, þannig að örugglega sé vitað, að það sé nægileg upphæð, sem sé greidd, þegar svona er um að ræða.

Ég held, að það sé misskilningur líka, að það sé vélakerfið, sem hindrar það, vegna þess að á þessu stigi málsins kemur það ekki inn í vélarnar, það fara ekki öll tollskjöl inn í vélar, áður en þau eru afgreidd, það kemur til seinna, þannig að ég held, að það hljóti nú að vera, að það hafi verið einhver stirðleiki í þessu, því eins og ég segi, ég er viss um, að ef það ekki hefur verið, þá væru búnar að koma margfaldar kvartanir yfir ráðuneytið yfir slíkum hlutum, því að það er áreiðanlegt, að þetta er stöðugt að koma fyrir hjá útgerðarmönnum, og það er hjá flugfélögum, og það er hjá ótalmörgum aðilum í sambandi við vélar, sem alls ekki mega stöðvast, sem vantar eitt og eitt stykki í. Sé hins vegar um eitthvað slíkt að ræða, þá er auðvitað sjálfsagt að athuga það, því það er rétt hjá þm., að slíkt má ekki koma fyrir og á ekki að skipta neinu máli. Mér fannst ósköp eðlilegt, að sú athugasemd kæmi fram, sem hann gat hér um áðan varðandi lán á tollum, ég hef sjálfur fullkomna varfærni í huga í því efni, vegna þess að ríkissjóður hefur ekkert efni á því að fara að stunda almennar lánveitingar á tollum, og það er alls ekki ætlunin í þessu heldur. Það er önnur gr., sem er næsta gr. þarna í frv., um það, að gert er ráð fyrir, að heimilað sé að stytta allverulega þann tíma, sem vörur megi liggja ótollafgreiddar, og þetta var mjög erfitt að gera án þess að veita eitthvert svigrúm á móti til þess að auðvelda að framfylgja þessari kröfu til hlítar. Og skoðun tollyfirvalda og tollstjórans hér a.m.k., sem fyrst og fremst hefur nú haft með þetta mál að gera, og ég hef einmitt rætt þetta atriði við hann, er sú, að þetta ætti síður en svo að leiða til þess, að tollar kæmu seinna inn, heldur mundi það beinlínis leiða til þess, að vörur yrðu teknar úr tolli mun fyrr, og af því leiddi, að tollurinn raunverulega kæmi alls ekki síðar inn en ella. Hinu er ekki að leyna, að auðvitað getur þetta verið viss fyrirgreiðsla við innflytjendur, ef þeir geta losað út sínar vörur og kannski selt þær áður en til tollgreiðslu kemur. Hvort það er svo slæmt skal ég ekki um segja, þar sem erfiðleikar eru taldir vera miklir hjá innflytjendum, þannig að það er kannski ekki það versta, ef það hefur ekki þau áhrif, að það seinki beinlínis tollafgreiðslu. Ég held nú sannast sagna, að þetta geti aldrei orðið í mjög stórum stíl. Ég efast um það, að fyrirtækin fái þá fyrirgreiðslu í sínum viðskiptabönkum, að þeir hiklaust ábyrgist fyrir þá skilyrðislaust að borga fyrir þá tollana, þegar á þurfi að halda, ég er ekki alveg viss um það a.m.k. Að slík aðstoð sem þessi komi misjafnlega niður er auðvitað alveg rétt, en ég veit ekki, hvort það er nokkuð óeðlilegt, og það verður auðvitað á öllum sviðum, sem það kemur misjafnt niður, eftir því hvort fyrirtæki hefur traust eða ekki traust. Og það er auðvitað engin leið að lána slíka tollavöru aðilum, sem ekki hafa það traust, að þeir geti sett öruggar tryggingar, því það er alveg ljóst, að það kemur ekki til mála, að þetta sé veitt sem almenn lán, þannig að tollurinn þurfi að standa í innheimtuaðgerð. Hann er þá búinn að missa sinn haldsrétt á vörunum, og það er alveg útilokað að taka á sig neina slíka áhættu, enda hefur þetta ekki verið kannað til hlítar, vegna þess að það verður ekki gert fyrr en vitað er, hvort þessi lög verða sett og með hvaða hætti reglur verða látnar um þetta gilda, en mín hugsun er sú, að þetta verði yfirleitt ekki gert nema þegar um stór vörupartí er að ræða, sem er mjög mikilvægt að geta losað úr tollafgreiðslu sem fyrst, og þá aðila, sem geta þá sett skilyrðislausa bankatryggingu fyrir greiðslu tollanna á alveg tilteknum tíma, þannig að að því verði gengið. Það er heldur ekki ætlunin, að þetta verði langtímalán, síður en svo, það er vel hægt að hugsa sér, að það gæti líka orðið skilyrðum bundið, þannig að t.d. yfir áramót verði lán ekki látin standa. Allt þetta þarf að kanna mun nánar, enda eru mjög frjálsar hendur, sem fjmrh. eru settar í þessu heimildarákvæði til þess að binda þetta öllum þeim skilyrðum, sem honum sýnist.

Jón Árm. Héðinsson: Herra forseti. Ég vil aðeins upplýsa það, vegna þess að hæstv. ráðh. áleit, að það væri um misskilning að ræða varðandi þetta kerfi, sem er í sambandi við IBM-vélarnar. Ég gæti nefnt nafn mannsins, sem tók við mínum skjölum og síðan vísaði mér á næsta mann eins og verið hafði, en hann tjáði mér hreinlega: „Við erum búin að fá IBM-kerfi, þú verður að komast inn í númeraröðina og ferð hvergi undan né eftir.“ Ég spurði, hve langan tíma það tæki, og hann sagði þrjá daga. Ég sagði honum atvik, sem voru þau, að skip þurfti að bíða í þrjá daga. Það var samt ekki nokkur leið að komast fram hjá. Þetta var í fyrsta skipti, sem ég hef reynt þetta kerfi, í önnur skipti hefur allt gengið þegjandi og hljóðalaust.

Ég vildi aðeins vekja athygli á því, að það eru oft, eins og hæstv. ráðh. tók fram, þau atvik fyrir hendi, að við

verðum að hleypa tollafgreiðslu í gegn strax. Og ég vildi gjarnan, að hæstv. fjhn. kynnti sér þetta kerfi, þannig að hún viti um, hvort það er til hindrunar í slíkum tilfellum eða ekki.

Fyrst hæstv. ráðh. drap á 52. gr., vildi ég líka benda á atriði, sem ég hef orðið var við, að sumum finnst erfitt, en kann nú kannski að vera til bóta, sbr. 53. gr., að innflytjendur á veiðarfærum eru ekki of fjáðir fremur en aðrir heildsalar. Nú vill það stundum til, að sendingar koma ekki alltaf á réttum tíma. Hins vegar eru veiðarfæri bundin við notkun á ákveðnu tímabili. Það hefur a.m.k. tvisvar alvarlega skeð, að netasendingar komu of seint fyrir vetrarvertíð, en það var búið með hörku að innheimta tolla af þeim, sem menn kveinuðu undan, og það er kannski erfitt að hafa undanteknigar, en ég veit um atvik í Vestmannaeyjum, þar sem það kom mjög illa við, að það var búið að innheimta tollana af netunum mörgum, mörgum mánuðum áður en hægt var að nota þau, vegna þess að sendingin hafði tafizt. Það er kannski erfitt að hafa í l. nokkurn sveigjanleika, þegar aukið aðhald á að vera, en þetta yrði líka fyrirgreiðsla við erfiða útflutningsframleiðslu, ef annaðhvort heimildarákvæði væri í l. eða undanþágumöguleiki, að veiðarfæri þyrftu ekki að tollast nema þegar notkun færi fram. Þessi net voru tekin í notkun á komandi vertíð, en þau komu of seint af óviðráðanlegum orsökum. Ég vil aðeins benda á það, að svona atvik geta verið til þæginda fyrir erfiða útflutningsframleiðslu, og persónulega mundi ég hafa áhuga á því, ef hægt væri að koma því fyrir, að svona atvik gætu verið til bóta.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Ég tel sjálfsagt að kanna til hlítar það atriði, sem hv. þm. minntist á, um þessa vélaþrælkun, sem við erum nú orðnir undirorpnir. Því miður vill nú verða svo með þessa blessaða tækni, að það er oft á mörgum sviðum, að mennirnir verða þrælar vélanna, en ekki húsbændur þeirra. Það er sjálfsagt að kanna það, og eins og ég sagði áðan, ég held ekki, að það geti verið, að þetta sé sú almenna regla. Það er áreiðanlegt, að það hefði komið fljótt hljóð úr horni, ef svo hefði verið t.d. í sambandi við flugfragtina, sem er afgreidd með miklum hraða yfirleitt, að þá er auðvitað mikið af svona vörum, sem koma einmitt sem skyndisendingar, og um þetta hafa ekki borizt kvartanir, en þetta skal ég láta kanna. Varðandi hitt atriðið, sem hv. þm. minntist á, að það gætu verið vissar vörusendingar, sem kannski kæmu hingað á óeðlilegum tíma og leiddu til þess, að væntanlegir notendur þeirra eða eigendur þyrftu að borga tolla af þeim löngu áður en þær kæmu til nota, þá skil ég nú ekki, að almennt séð þurfi þetta að vera vandamál, vegna þess að auðvitað þarf ekki að borga toll af vörunni, ef hún er ekki leyst út. Það er þá bara hjá einstökum útgerðarmönnum, ef þeir leysa til sín vöruna og liggja svo með hana og geta ekki komið í notkun, þá er auðvitað ekkert hægt við því að gera og engin leið að veita ívilnanir með það, en væri um það að ræða, að vara væri flutt inn í stórum stíl löngu áður — af einhverjum sérstökum ástæðum — heldur en kæmi til nota á henni, þá eru tveir möguleikar til, annars vegar sá að setja vöruna í tollvörugeymslu — það þarf þá ekki að greiða af henni toll — eða þá hitt, sem ég tel ekkert útilokað, að hægt væri að fá gjaldfrest gegn því, að varan væri sett í geymslu og alls ekki tekin til notkunar fyrr en eðlilegur tími er kominn. Það eru til um þetta ákveðin dæmi, þar sem hefur verið veitt undanþága, og nefni ég þar t.d. timburflutninga frá Sovétríkjunum, sem hafa verið háðir því vandamáli, að vegna íss í rússneskum höfnum hefur orðið að flytja þessar vörur til landsins óeðlilega snemma, löngu áður en varan hefur verið notuð, og það hefur verið veittur sérstakur frestur á tollgreiðslu á þessari vöru, ef hún hefur verið flutt þannig inn miklum mun fyrr en eðlilegt væri. Þetta tel ég ekkert útilokað, að væri hægt að gera, og er sjálfsagt að verði tekið til athugunar. Hitt held ég, að liggi í augum uppi, að það er auðvitað gersamlega útilokað að taka tillit til þess, þó að einhver aðili leysi út vöru og svo komi til, að hann þurfi ekki á henni að halda fyrr en löngu seinna. Það er auðvitað ekki hægt, nema hér sé um meiriháttar vörupartí að ræða, sem sé þá hægt að koma fyrir í ákveðnum vörugeymslum, sem ekki aðrir eigi aðgang að en tollgæzlumenn sjálfir. Þetta yrði að vera skilyrði, þegar um svona vöruafgreiðslu er að ræða.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til fjhn. með 15 shlj. atkv.

Á 91. fundi í Ed., 12. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 533, n. 701, 702).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.

Frsm. (Ólafur Björnsson): Herra forseti. Hér er um mjög viðamikið og tæknilegt frv. að ræða, og því miður hefur sá tími, sem n. hefur verið ætlaður til þess að athuga þetta frv., svo vel sem æskilegt hefði verið, verið of naumur, til þess að henni hafi verið það mögulegt. Málið hefur hins vegar fengið rækilegan undirbúning, og m.a. þegar málið var til meðferðar í hv. Nd., var það sent til umsagnar öllum þeim aðilum, sem talið var, að sérstakra hagsmuna hefðu að gæta í sambandi við málið. Þessar umsagnir voru svo aftur sendar þeim embættismönnum fjmrn., sem málið höfðu undirbúið, og hefur fjhn. Nd. tekið tillit til allra þessara athugasemda, eftir því sem æskilegt var talið, og í Nd. hefur frv. í þeirri mynd, sem það er nú, hlotið í meginatriðum samhlj. afgreiðslu. Með tilliti til þessa, svo og þess, að æskilegt er, að nýjar reglur verði um þetta settar, ákvað fjhn. því að afgreiða málið frá sér, og eins og nál. á þskj. 701 ber með sér, þá mæla allir þeir nm., sem viðstaddir voru á þeim fundi, sem málið var afgreitt á, en við vorum 6, með því, að þetta frv. verði afgr. með einni smávægilegri brtt., sem n. flytur á þskj. 702, en hún hljóðar svo með leyfi hv. forseta, að aftan við 37. gr. l. bætist: „heimilt er þó ráðh. að greiða uppboðsandvirði vöruleigu fyrir geymslu hennar í einn mánuð frá komu hennar til landsins".

Er þessi brtt. flutt til þess að koma á móts við óskir skipafélaganna um það, að heimilt sé a.m.k. innan áðurgreindra takmarka að víkja frá þeirri reglu, að tollar hafi forgangsrétt fyrir geymslugjaldi. Ég býst að

vísu við, að skipafélögin telji þetta ekki fullnægjandi lausn á þessu máli, en n. taldi sér ekki fært að svo stöddu að ganga lengra til móts við þetta.

Herra forseti. Samkv. því, sem ég hef sagt, leggur fjhn. til, að frv. verði samþ. með áðurgreindri breytingu.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Eins og hv. frsm. fjhn. vék að í sinni framsöguræðu, þá er hér um umfangsmikinn lagabálk að ræða, og þegar ég gerði grein fyrir því hér við 1. umr. og óskaði eftir því, að n. leitaðist við að skila hér áliti, þannig að það gæti orðið afgr. hér., þá var mér það ljóst, að það var kannske farið fram á nokkuð mikið, en ég sé þess vegna sérstaka ástæðu til þess hér að þakka hv. n. fyrir þá tillitssemi, sem hún hefur sýnt með því að taka málið til meðferðar og afgreiðslu nú þegar, þó að auðvitað full rök hefðu verið fyrir því, að hún hefði óskað eftir lengri tíma til meðferðar þess. Ég sem sagt þakka n. fyrir mjög skjóta og góða afgreiðslu.

Frsm. (Ólafur Björnsson): Herra forseti. Það er aðeins út af prentvillu, sem er hér í nál., sem mér láðist að vekja athygli á í framsöguræðu minni. Hún er nú í rauninni auðsæ. Það stendur, að nál. sé frá fjárveitinganefnd, en á auðvitað að vera frá fjárhagsnefnd.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
2.—6. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
7. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
8. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
9. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
10. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
11.—14. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
15. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
16. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
17.—18. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
19. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
20.—31. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
32. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
33. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
34. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
35. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
36. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
Brtt. 702 samþ. með 18 shlj. atkv.
37. gr., svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv.
38.—43. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
44.—49. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
50.—51. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
52.—53. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
54. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
55. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
56.—57. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
58.—59. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
60.—75. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
76. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
77.—80. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 19 shlj. atkv.

Á 92. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr. (A. 728).

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 15 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 16 shlj. atkv. og endursent Nd.

Á 94. fundi í Nd., 13. maí, skýrði forseti frá, að frv. væri endursent frá Ed., eftir 3. umr. þar.

Á 95. fundi í Nd., 16. maí, var frv. tekið til einnar umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 22 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 777).

---

58. Verðjöfnunarsjóður fiskiðnaðarins.

Á 15. fundi í Ed., 18. nóv., var útbýtt:
Frv. til l. um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins [63. mál] (stjfrv., A. 82).

Á 17. fundi í Ed., 25. nóv., var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.

Á 18. fundi í Ed., 26. nóv., var frv. aftur tekið til 1. umr.

Félmrh. (Eggert G. Þorsteinsson): Herra forseti. Á s.l. ári var það boðað, bréflega lofað fiskvinnslustöðvunum, að flutt mundi verða á næsta Alþ. þ.e.a.s. því, sem er nýlega hafið, frv. til l. um Verðjöfnunarsjóð fyrir fiskiðnaðinn. Ljóst var þá þegar, að hér var um að ræða allmikið vandamál, sér í lagi tæknilega séð, og verið var að fara inn á brautir, sem lítt höfðu verið kannaðar áður. En það var þó von manna þá, að takast mætti að finna form fyrir þetta málefni, sem hæfilegt væri talið. Þetta reyndist hins vegar erfiðara en búizt hafði verið við, og var því ákveðið að bíða þessa þings, eins og ég áðan sagði, og ætla þannig nokkru lengri tíma til undirbúnings málinu.

Frv. liggur nú hér fyrir, og má segja, að það sé í formi nokkurs konar tilrauna, þar sem reynt er að skapa grundvöll, sem unnt væri að starfa á, án þess að sett séu of ströng fyrirmæli um einstök atriði, en ætlazt til, að reynslan geti vísað veginn.

Sú hugmynd, sem liggur til grundvallar þessu frv., er þó ekki með öllu framandi í íslenzkum sjávarútvegi, þó að á öðru sviði hafi verið. Okkar sjávarútvegur hefur tvö sérkenni, sem hafa afgerandi áhrif á afkomu hans. Bæði þessi sérkenni eru háð utanaðkomandi áhrifum, sem ekki er unnt að hafa áhrif á en verður þó að laga sig eftir. Annars vegar er um að ræða aflabrögð, er háð eru margs konar atvikum, svo sem styrkleika fiskstofna, veðurfari og veiðitíma og hvers konar tækni við sjálfar veiðarnar. Fyrstu tvö atriðin eru hér algerlega óháð mannlegum áhrifum, en hverja þýðingu hið þriðja getur haft, höfum við á síldveiðunum undanfarin ár séð, en því miður höfum við orðið að horfast í augu við

hversu skammt tæknin nær, þegar náttúruskilyrðin við veiðarnar bregðast, eins og augljóslega hefur orðið á þessu ári. Hins vegar er svo verðlag á erlendum mörkuðum. Á þetta atriði getum við sem seljendur að vísu ekki haft nein bein áhrif, en mikið veltur á mörkuðunum. En jafnvel þetta er ekki einhlítt.

Ef við lítum á fyrra atriðið, aflabrögðin, er langt síðan menn fóru að velta því fyrir sér, hvort ekki væri mögulegt að finna leið til að taka sárasta broddinn af aflabrestinum, sem ávallt hefur verið ógn fiskimannsins, með því að koma á fót tryggingarkerfi, sem gæti bætt upp að nokkru leyti aflabrestinn. Niðurstöðurnar af þessum athugunum komu fram í l. um Hlutatryggingasjóð bátaútvegsins, sem sett voru árið 1949. Sú lagasetning hefur vafalaust orðið til ómetanlegs gagns fyrir bátaútveginn og síðan með breytingu l. fyrir allar greinar fiskveiðanna. Með þessu hefur verið dregið úr áhrifum aflasveiflna og mestu erfiðleikarnir af völdum aflabrestsins hafa verið mildaðir. Það hefur löngum verið mönnum ljóst, að æskilegt væri að geta beitt svipuðum aðferðum til að milda verðsveiflur afurða á erlendum mörkuðum. Slíkt er hins vegar margvíslegum erfiðleikum háð, og því hefur liðið langur tími, þar til til slíks gæti komið.

Það hefur raunar komið fyrir oftar en einu sinni, að ríkisvaldið hefur tekið á sig skuldbindingar til að tryggja ákveðið lágmarksverð við útflutning. Þetta var t.d. gert á árunum 1946—1950, þegar hin svokallaða fiskábyrgð var í gildi. Verðtrygging var einnig tekin upp á árinu 1967 og var enn fremur í gildi á yfirstandandi ári. Var það gert með stofnun Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins árið 1967, sem var ætlað það hlutverk að taka áfalli af miklu verðfalli á frystum fiskafurðum, sem hófst seint á árinu 1966, og skyldi verðtryggingin ná til framleiðslu ársins 1967. Lagði ríkissjóður fram fé í þessu skyni, en sú hugmynd kom þá fram, að komið yrði því formi á þessi lán, að stofnaður yrði verðjöfnunarsjóður, sem gæti náð til fleiri útflutningsgreina sjávarútvegsins, og farið yrði inn á þá eiginlegu verðjöfnun, sem ekki aðeins var ætlað það hlutverk að taka skellinn af verðlækkunum á afurðum, heldur einnig að taka hluta af verðhækkun, sem kynni að verða, og yrði hún lögð í sjóðinn. Var hugsunin sú, að með þessu móti mundi stuðlað að því að jafna óheppileg áhrif verðsveiflna á þær afurðir, sem slíkur sjóður næði til, og þá einnig á hagkerfið allt, en um slík áhrif eru kunn dæmi frá undanförnum árum.

Þetta frv. byggir á þessum meginsjónarmiðum, og gefur heiti sjóðsins til kynna, að honum er ætlað þetta tvíþætta hlutverk, sem kemur fram í 1. gr. frv.

Vil ég nú fara nokkrum orðum um þær greinar, sem ég tel vera veigamestar í frv., og ég vík þá fyrst að 5. gr. frv.

Enda þótt hér sé gert ráð fyrir tekjum af útflutningsgjaldi, svo sem upphaflega var ætlað, hefur við endurskoðun útflutningsgjaldalaganna, sem nú fer fram, ekki þótt fært að fara út í það að sinni að taka hluta af þeim nú til Verðjöfnunarsjóðs vegna annarra brýnna þarfa, en tekjunum af flutningsgjaldi er samkv. þessu frv. ætlað að renna í hina almennu deild sjóðsins. Rétt þótti þó að hafa þetta ákvæði í l., þegar að því kæmi, að fært þætti að breyta í þessa átt.

Varðandi 6., 7. og 8. gr. frv. vildi ég segja þetta: Engin reynsla er fengin af slíkri lagasetningu sem þessari, og verður því nokkuð að þreifa sig áfram með ýmiss konar framkvæmdaákvæði og hafa ákvæði laganna eftir því sveigjanleg. Hér eru þó nefnd viss meginatriði, sem hafa skal hliðsjón af. T.d. er það meginregla, að verðbætur skuli ekki nema meira en helmingi af verðhækkun, þannig að útflytjandi beri ávallt helming sjálfur. Þá skal taka mið af vissum atriðum, þegar verðgrundvöllur sá er ákveðinn, sem miða skal við, er metin er verðhækkun eða verðlækkun. Skal t. d. hafa hliðsjón af verðlagi undanfarinna ára, þó að slíkt sé að sjálfsögðu ekki einhlítt. Enn fremur skal taka tillit til svo gagngerðra breytinga, sem verða við gengisbreytingar eða óvenjulegar breytingar á erlendum mörkuðum. Allt er þetta frekar til leiðbeiningar en sem fastar reglur í sambandi við ákvörðun afgjalda samkv. 5. gr. eða verðbóta samkv. 6. gr., og hafa verður svigrúm til að ákveða, hvort þau hlutföll skuli vera föst eða stigbreytileg miðað við hlutfallslega breytingu verðlags.

Öll þessi ákvæði, sem hér voru nefnd, eru sett á vald sjóðsstjórnar í samráði við ráðh. til þess að skapa nægjanlega sveigju í framkvæmd, svo að unnt sé að laga sig að síbreytilegum aðstæðum markaðanna og aðstæðum við framleiðsluna. Þetta er, eins og ég áðan sagði, alger nýjung í löggjöf hér á landi, og er því verið að fara inn á nýjar og lítt kannaðar leiðir, því að ekki er kunnugt um slíka lagasetningu annars staðar. Margt er í óvissu um, hvernig slík lagasetning getur orðið í framkvæmd og hver áhrif hennar kynnu að verða. Reynsla undanfarinna ára og áratuga bendir þó í þá átt, að sé rétt á málum haldið og framkvæmd l. takist vel, geti orðið að þeim mikill ávinningur, bæði fyrir þær greinar sjávarútvegsins, sem frv. nær til, og þá einnig fyrir efnahagskerfið í heild, og er það að sjálfsögðu höfuðtilgangur frv.

Ég mundi vilja að þessum orðum sögðum beina því til þeirrar hv. n., sem málið fær til meðferðar, að hún hafi undir meðferð málsins í n. samráð við þau samtök, sem hér eiga hlut að máli, því að eins og ég sagði í upphafi minna orða, er frv. þetta flutt samkv. yfirlýsingu, sem samtök þessi mátu mikils á sínum tíma, og ég tel eðlilegt, ef einhverjar brtt. koma fram, að þær séu ekki gerðar, án þess að haft sé náið samráð og samstarf við þessi samtök.

Herra forseti. Ég legg svo til, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. sjútvn.

Ólafur Jóhannesson: Herra forseti. Að baki hugmyndarinnar um Verðjöfnunarsjóð liggur heilbrigð hugsun að minum dómi. Það er skynsamleg regla að leggja til hliðar í góðum árum og geyma til hinna lakari. Um nánari uppbyggingu og fyrirkomulag Verðjöfnunarsjóðs geta að sjálfsögðu verið skiptar skoðanir. Ýmis ákvæði þessa frv. þurfa að sjálfsögðu nánari athugunar við.

Þegar hugmyndin um Verðjöfnunarsjóð kom fram í fyrra, lýstum við fylgi við þá hugmynd, enda þótt við létum þá í ljós efasemdir um, að afkoma sjávarútvegsins á því ári væri sú, að fært væri að leggja til hliðar það, sem þá var gert ráð fyrir.

Eins og hæstv. ráðh. vék að, hefur nokkuð dregizt að

leggja þetta frv. fram, eða samning þess hefur dregizt nokkuð frá því, sem gert var ráð fyrir í fyrra. Ég vil undirstrika það, að ég álít það skynsamlega reglu að jafna á milli ára, og ég býst við því, að við getum flestir verið sammála um það nú, að það hefði verið skynsamlegt að grípa til þess ráðs fyrr. Reyndar má segja, að það hafi verið að nokkru leyti gripið til þess, að því er varðar Hlutatryggingasjóð og Aflatryggingasjóð, en þeir hafa þó náð skammt til þess að jafna þær sveiflur, sem orðið hafa í þessum atvinnuvegi. En það er augljóst mál, að í sjávarútvegi og fiskiðnaði hljóta alltaf að verða miklar sveiflur, bæði vegna aflabreytinga og eins vegna verðbreytinga. Og það er einmitt hlutverk ríkisvaldsins að hamla nokkuð gegn þeim áhrifum, sem slíkar sveiflur geta haft í för með sér. Ég er ekki í nokkrum vafa um það, að ef þessi hugmynd hefði fyrr verið tekin til rækilegrar athugunar og henni hefði verið hrint í framkvæmd t.d. á árunum 1965 og 1966 og þá hefði nokkuð verið lagt til hliðar til þess að mæta þeim áföllum, sem síðan hafa orðið, hefðum við verið betur á vegi staddir í dag. En þess hefur ekki verið gætt sem skyldi, og einmitt til þess má kannske rekja æðimikið af þeim vandræðum, sem við er að glíma. Við höfum sem sagt ekki reiknað nægilega með þeim mögru árum, sem jafnan fylgja á eftir góðum árum, og við höfum ekki hagað okkur á góðu árunum með tilliti til þeirrar staðreyndar, að það má jafnan búast við lakari árum á eftir. Hvorki höfum við þá lagt nægilega til hliðar til hinna lakari ára né heldur höfum við að öðru leyti haft þá stjórn á, sem æskilegt væri, t.d. hefur hið opinbera á hinum góðu árum lagt í fjárfestingar í stað þess að geyma sér nokkuð af því til þeirra ára, þegar meiri þörf yrði fyrir framkvæmdir.

Eins og ég áðan sagði, tel ég þessa hugmynd góðra gjalda verða, en hins vegar er það svo, að einstök ákvæði þessa frv. eru að mínum dómi nokkuð óljós og þurfa nokkurra breytinga við. Þar til vil ég fyrst nefna ákvæðin um skipun stjórnar Verðjöfnunarsjóðs, en þau ákvæði er að finna í 2. gr. frv., og eru þau harla óákveðin. Þar segir, að í stjórninni skuli vera 7 menn og skuli tveir skipaðir eftir tilnefningu aðila fiskiðnaðarins og tveir eftir tilnefningu þeirra aðila, er selja afla til fiskiðnaðarins, en þrír eiga að vera skipaðir án tilnefningar. Nú er það svo, að þetta er nokkuð óákveðið, hvaða aðilar eiga að tilnefna þessa fjóra, sem þarna er um að tefla, enda er einmitt gert ráð fyrir því í 10. gr., að það þurfi að kveða nánar á um það í reglugerð, hvaða aðilar það séu, sem eiga að tilnefna þessa fjóra stjórnarmenn.

Þó að hér sé um tilraun að tefla, eins og hæstv. ráðh. réttilega vék að, virðist mér, að það muni vera auðvelt og fyrir allra hluta sakir eðlilegast, að löggjafinn gangi sjálfur frá því, hverjum hann ætlar tilnefningarrétt í þessa stjórn. Sömuleiðis fyndist mér eðlilegra, að þessir þrír, sem skipaðir eru í sjóðsstjórnina án tilnefningar, væru kjörnir af Alþ. Ég tel það mjög eðlilegt, að Alþ. fái aðild að þvílíkum sjóði með þeim hætti. Þetta er atriði, sem auðvitað má athuga í nefnd og verður athugað nánar þar.

Í öðru lagi vil ég nefna 5. gr., sem raunar verður ekki skilin ein út af fyrir sig, heldur í sambandi við 7. gr. Þær reglur, sem þar eru settar, eru, að því er mér virðist, harla óákveðnar. Þar segir fyrst, að ganga skuli til sjóðsins hluti af útflutningsgjaldi. Nú skildist mér á hæstv. ráðh. áðan, að það væri í raun og veru ekki gert ráð fyrir því, að til slíks kæmi um sinn, svo að þá má segja, að það sé nokkuð vafasamt að vera að gera ráð fyrir slíkum tekjustofni, þegar það er sem sagt gert ráð fyrir því, að hann verði ákveðinn með sérstökum l. Þá hefur ákvæði sem þetta auðvitað í þessum l. svo sem ekkert gildi.

Þetta, hvernig á að ákveða verðbætur og afgjöld, sem kölluð eru, er eiginlega alveg óákveðið, og það er lagt á vald sjóðsstjórnar og sjútvmrh. að ákveða þessi atriði algerlega í raun og veru, því að eins og hæstv. ráðh. tók fram, eru þessar reglur, sem þarna eru settar, eða þessar ábendingar, sem þarna eru nefndar, nánast aðeins leiðbeiningarreglur, en binda ekki sjóðsstjórnina né sjútvmrh. Ég verð að segja það, að mér þykir vera þarna um fullmikið valdframsal að tefla af löggjafans hálfu, og mér kemur það svo fyrir sjónir a. m. k., að það sé ekki gott að átta sig á þessu, að það sé ekki gott að gera sér grein fyrir því, hvað maður er að samþykkja, þegar þetta er afgr. Það er náttúrlega aldrei góð regla að samþykkja það, sem maður veit ekki, hvað í raun og veru er. En eins og þetta er þarna fram sett, virðist mér það vera opið í alla enda. Nú er það efalaust rétt, sem hæstv. ráðh. sagði, að það getur verið erfitt að setja mjög fastskorðaðar reglur um þetta fyrir fram, og það getur verið nauðsynlegt að þreifa sig áfram og breyta reglunum um þetta að fenginni reynslu og eftir þörfum á hverjum tíma, en ég hygg þó, að það ætti að vera hægt að forma þetta eitthvað ákveðnar í l. og auðvitað er hægurinn hjá að breyta þeim l. eftir því sem reynslan segir til um og breyttar þarfir kalla á. Lagasetningaraðferðin hjá okkur er það greið, að á því ættu ekki að vera vandkvæði. Hitt felli ég mig ekki alls kostar við, að löggjafinn afsali sér svo víðtæku valdi sem hér er um að tefla í hendur framkvæmdavaldshafa, sjóðsstjórnar og sjútvmrh., vegna þess að það er auðvitað öllum ljóst, að þarna getur verið um að ræða stórkostlega þýðingarmiklar reglur, sem snerta hagsmuni einstakra manna. Það eru teknar eignir af mönnum, eða skattur skulum við segja, í Verðjöfnunarsjóðinn, og það er æðimikið hagsmunaatriði fyrir þá menn, sem þar eiga hlut að máli, hvernig það er gert. Og það getur orkað tvímælis, að löggjafinn eigi að sleppa því úr hendi sér að hafa hönd í bagga þar með. Og það er auðvitað ekki sagt, að þeir sömu aðilar, sem greiða í þennan sjóð, komi alltaf til með að njóta þeirra verðuppbóta, sem úr honum eru greiddar. Þó að það sé gert ráð fyrir, að hver grein hafi sinn fjárhag út af fyrir sig og sé aðskilin, þá getur ýmis atvik að höndum borið á þessum tíma, sem gera það að verkum, að það séu ekki sömu aðilar, sem taka bætur og gjaldið greiða. Annars er það kannske ekki alls kostar ljóst.

Ég vildi aðeins vekja athygli á þessu, að mér sýnist, að þessi lagasmíð þurfi frekari athugunar við. Að sjálfsögðu er rétt að hlusta á það, hvað þeir aðilar hafa um þetta að segja, sem þetta mál snertir mest, en þetta er náttúrlega mál, sem snertir mjög marga, og til þeirra allra verður auðvitað ekki hægt að ná, heldur verður aðeins hægt að heyra, hvað fáir fyrirsvarsmenn í þessum málum segja. En hér er um mál að tefla, sem snertir

hagsmuni allra þeirra, sem fást við þennan atvinnuveg, og þeir eru margir. — Að þessu vildi ég sem sagt víkja, en þetta verður auðvitað að athuga nánar í þeirri n., sem frv. fær til meðferðar, og ég skal ekki fjölyrða frekar um það, það má koma því á framfæri þar.

Ráðh. vék að því, að greiðslur færu fram úr ríkissjóði í þessu skyni nú og ábyrgð hefði verið tekin á verðmæti. Ég sé ekki, að það komi glöggt fram í þessu frv., að það sé gerð grein fyrir því, hvernig hlutfallið er milli þessara greiðslna, sem nú fara fram samkv. þessum ábyrgðum, og þess, sem hugsað er, að verði samkv. þessu frv. Ég veit ekki, hvort það er hægt að átta sig á því, en æskilegt væri að fá einhverja hugmynd um það. Eins og ég hef þegar sagt, sýnist mér margt í frv. heldur óljóst og ekki auðvelt nema með nánari skýringum að átta sig á því, hvað hér er í raun og veru verið að samþykkja.

Félmrh. (Eggert G. Þorsteinsson): Herra forseti. Ég hef nú litlu við það að bæta, sem hv. 3. þm. Norðurl. v. tók fram. Sumt af því hafði ég þegar minnzt á í minni framsöguræðu, en um málið almennt vil ég aðeins endurtaka það, sem ég sagði áðan, og tek þá alveg undir meginþráðinn í ræðu hv. þm., að málið er mikið hagsmunamál og þess vegna mjög viðkvæmt. Það er meginorsökin til þess, hve langur tími hefur farið í samningu frv., og þá jafnframt er það afleiðing þessara löngu viðræðna við hlutaðeigandi hagsmunasamtök, hve mörg ákvæði frv. eru óljós. Ég vil taka það alveg skýrt fram, að það mikla vald, sem lagt er í hendur sjútvmrh. í þessu frv., er ekki eftir minni sérstöku ósk þangað komið, heldur fyrst og fremst til úrlausnar á þeim deilum eða mismunandi skoðunum, sem fram komu við samningu frv. Það, sem ég átti við áðan, þegar ég talaði um, að nauðsynlegt væri, að n. hefði samráð við hlutaðeigandi aðila undir meðferð málsins í n., var ekki það, að ég teldi mögulegt, að viðræður verði hafnar við hvern einn og einstakan, sem þarna á hlut að máli. Til þess er sá hópur allt of stór. Það er mér ljóst. En við fulltrúa frá forustu þessara meginsamtaka, sem þarna koma við sögu og eiga stóran hlut að, teldi ég nauðsynlegt, að væri rætt, því að við þá hefur verið haft samráð við samningu frv., og enn fremur þá aðila, sem mesta vinnu hafa lagt í að semja þetta frv., að þeir væru kvaddir þar til líka. Málið er, eins og ég sagði í minni framsögu, samkomulagsmál aðila frá s.l. vertíð, og var þá lofað, að frv. skyldi flutt, og frv. þetta er niðurstaða þeirrar viðræðu, sem við samtökin hefur verið átt síðan. Og ég teldi því mjög nauðsynlegt, að þeir aðilar, sem komu að samningu frv., fengju aðstöðu til þess að láta n. í té skoðanir sínar á þeim liðum, sem óljósastir þættu. Sjálfum væri mér mjög kærkomið, að hægt væri að kveða nánar á um þessa hluti og hafa þá skýrari, en það þótti ekki fært af þeim aðilum, sem stóðu að samningu frv. Vonandi tekst það þó í þessari hv. þd., sem ekki tókst þar, en ég tel, að nm. væri nauðsyn á því að fá frá fyrstu hendi allar þær upplýsingar, sem fram hafa komið í þessum viðræðum við undirbúning málsins.

ATKVGR.

Frv. visað til 2. umr. með 16 shlj. atkv. og til sjútvn. með 16 shlj. atkv.

Á 80. fundi í Ed., 29. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 82, n. 572, 573).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. – Afbrigði leyfð og samþ. með 17 shlj. atkv.

Frsm. (Jón Árnason): Herra forseti. Frv. til l. um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins hefur verið til athugunar hjá sjútvn. um nokkurn tíma. N. leitaði umsagnar um málið hjá eftirtöldum aðilum: Landssambandi ísl. útvegsmanna, Sambandi ísl. samvinnufélaga, Sölusambandi ísl. fiskframleiðenda, Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna og Síldarverksmiðjum ríkisins. Eins og fram kemur í nál. sjútvn. um málið á þskj. 572, eru það tveir aðilar, Samband ísl. samvinnufélaga og Sölusamband ísl. fiskframleiðenda, sem gera engar aths. við frv. og mæla með samþykkt þess óbreytts. Landssamband ísl. útvegsmanna mælir einnig með því, að frv. verði samþ., en leggur jafnframt til, að gerðar verði á því nokkrar breytingar. Hefur n. að nokkru leyti haft till. frá Landssambandinu til hliðsjónar við afgreiðslu málsins og tillögugerð. Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna tekur ekki afstöðu til frv. í heild né sérstakra gr. þess, en telur hins vegar, að málið þurfi miklu meiri athugunar við, áður en það sé samþ. Leggur Sölumiðstöðin til, að skipuð sé sérstök n. með aðild fulltrúa fiskiðnaðarins, þeirra sem fengu send frumdrög að reglugerð um starfshætti hugsanlegs verðjöfnunarsjóðs. Stjórn Síldarverksmiðja ríkisins telur einnig, að málið þurfi meiri athugunar við, áður en það sé lögfest. Hún leggur til, að skipuð verði mþn. í málið, sem skili áliti fyrir næsta þing.

Það er hins vegar einróma skoðun sjútvn., að hér sé um mikið nauðsynjamál að ræða, sem ekki megi fresta og hefði reyndar þurft að vera búið að lögfesta slík ákvæði sem hér um ræðir löngu fyrr. Hinar miklu sveiflur annars vegar í sjávaraflanum og hins vegar í verðlagi afurðanna tala sínu máli um nauðsyn þess, að komið verði á meira jafnvægi í rekstrinum. Með l. um Aflatryggingasjóð sjávarútvegsins voru af hálfu þess opinbera gerðar veigamiklar ráðstafanir til að draga úr þeim erfiðleikum, sem skapast, þegar aflabrest ber að höndum. Með því frv., sem hér er til umr., er hins vegar ætlað að skapa meira jafnvægi milli ára um verðlag sjávarútvegsins. Hvort þeim tilgangi verður náð með þessu frv., verður ekkert fullyrt um, en þar verður reynslan að skera úr. Mér finnst þó, að reynsla undanfarinna ára gefi fullkomið tilefni til þess að ætla, að slík sjóðsstofnun sem þessi geti, ef rétt er á haldið, minnkað óheillavænleg áhrif mikilla verðsveiflna og þannig komið á meira jafnvægi í atvinnurekstrinum.

Á þskj. 573 hefur sjútvn. leyft sér að bera fram brtt. við frv., og mun ég nú gera nokkra grein fyrir þeim till. nefndarinnar.

Í fyrsta lagi er till. um orðalagsbreytingu á 2. gr. frv., sem er um skipun sjóðsstjórnarinnar. Er þar kveðið skýrar á um það, á hvern hátt fulltrúar viðkomandi greina fiskiðnaðarins taka sæti í sjóðsstjórninni, þannig að jafnan skuli vera tveir fulltrúar frá þeirri grein, sem rætt er um hverju sinni. Hér er höfð hliðsjón af skipan verðlagsráðs sjávarútvegsins, sem hefur gefizt vel.

Í öðru lagi er till. um breyt. á 3. gr. frv. Er hún um deildaskiptingu sjóðsins. Lagt er til, að frestað verði

stofnun hinnar almennu deildar sjóðins, en tekna í hana var ætlað að afla með hluta af útflutningsgjaldi. Þá er ákveðið samkv. þessari gr., að þegar skuli stofna deild frystra fiskafurða, en heimilt sé síðar að fjölga deildum, og eru nánari ákvæði þar um í 10. gr. frv. Hins vegar leggur n. til, að deild fyrir síldariðnaðinn verði ekki ákveðin strax.

Í till. n., sem tekur til breytingar á 4. gr. frv., hafa orðið nokkur mistök, þannig að a-liðurinn hefur fallið niður, og þar átti að koma, að b-liðurinn orðist eins og segir þarna í 3. liðnum, að slepptu „stofnfé verðjöfnunarsjóðs skal vera", þar átti að koma: „Fé samkv. d-lið 2. gr." o.s.frv. Ég mun því fyrir hönd n. við þessa umr. málsins taka aftur þessa brtt. til 3. umr., því að það er nauðsynlegt að umorða hana á ný. Það er við 4. gr., 3. liður brtt.

Næst kemur svo till. við 5. gr. frv., en hún tekur til um tekjur sjóðsins. Þar er lagt til, að a-liður falli niður, og þá ekki gert ráð fyrir, að tekna verði aflað með útflutningsgjaldi.

Við 7. gr. er brtt., sem er nokkru víðtækari en tillgr. í frv. M.a. er lagt til, að hliðsjón sé höfð af niðurstöðu verðlagsráðs sjávarútvegsins um afkomu framleiðslunnar, þegar verðgrundvöllurinn er fundinn.

Við 8. gr. er brtt. Þar kemur fram, að talið er rétt, að auk þess að gert er ráð fyrir að hafa verðlag afurðanna til viðmiðunar, þegar bætur eru ákveðnar eða gjöld til sjóðsins, beri einnig að hafa hliðsjón af heildaraflamagni. Við töldum, að það væri nauðsynlegt að bæta þessu við, því að vitanlega skiptir það miklu máli um afkomu fyrirtækjanna, ekki aðeins að verðið haldist hátt, ef hitt vantar, að nægilegt magn fáist til vinnslunnar.

Brtt. við 10. gr. frv. þarfnast ekki skýringar við.

Herra forseti. Ég hef þá lokið við að gera grein fyrir till. sjútvn. við frv. til l. um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og vænti, að þannig breytt verði frv. samþ. og því að lokinni þessari umr. vísað til 3. umr.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Brtt. 573,1 (ný 2. gr.) samþ. með 14 shlj. atkv.
Brtt. 573,2 (ný 3. gr.) samþ. með 14 shlj. atkv.
Brtt. 573,3 tekin aftur til 3. umr.
4. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Brtt. 573,4 (ný 5. gr.) samþ. með 15 shlj. atkv.
6. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Brtt. 573,5 (ný 7. gr.) samþ. með 15 shlj. atkv.
Brtt. 573,6 (ný 8. gr.) samþ. með 15 shlj. atkv.
9. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Brtt. 573,7 (ný 10. gr.) samþ. með 14 shlj. atkv.
11. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Ákvæði til bráðabirgða samþ. með 14 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Á 84. fundi í Ed., 2. maí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 595, 573,3, 602).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Brtt. 573,3 tekin aftur.

Brtt. 602 samþ. með 16 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 16 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 88. fundi í Nd., 5. maí, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 629).

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 89. fundi í Nd., 6. maí, var frv. aftur tekið til 1. umr.

Félmrh. (Eggert G. Þorsteinsson): Herra forseti. Frv. þetta hefur hlotið afgreiðslu hv. Ed., en með allmörgum breytingum, sem ég tel nauðsynlegt, að þessi hv. þd. athugi nánar undir meðferð málsins í n. Þetta frv., sem hér er til umr., er alger nýjung í löggjöf hér á landi, og er því verið að fara inn á nýjar og ókannaðar leiðir, því að ekki er kunnugt um slíka lagasetningu annars staðar. Margt er í óvissu, hvernig slík lagasetning getur orðið í framkvæmd og hver áhrif hennar kynnu að verða. Reynsla undanfarandi ára og áratuga bendir þó í þá átt, að sé rétt á málum haldið og ef framkvæmd l. takist vel, geti orðið að þeim mikill ávinningur, bæði fyrir þær greinar sjávarútvegsins, sem frv. nær til, og þá einnig fyrir efnahagskerfi þjóðarinnar í heild, og er það að sjálfsögðu ósk okkar allra.

Á s. l. ári var það boðað, að ríkisstj. mundi flytja frv. um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins, og er reyndar staðfest í bréflegu loforði til þeirra samtaka, sölusamtaka fiskiðnaðarins, sem hér eiga hlut að máli, að að þessu máli skyldi unnið. Það var þá þegar ljóst, að hér var um allmikið vandamál tæknilega séð að ræða og að verið var að fara inn á brautir, sem lítt höfðu verið kannaðar áður, en það var þó von manna, að takast mætti að finna form fyrir þetta málefni, sem hæfilegt væri talið. En það reyndist hins vegar erfiðara en búizt hafði verið við, og var því ákveðið að bíða þessa þings og ætla þar með nokkuð lengri tíma til undirbúnings málinu. Frv. liggur nú hér fyrir, og má segja, að það sé í formi nokkurs konar tilraunar, þar sem reynt er að skapa grundvöll, sem unnt er að starfa á, án þess að sett séu of ströng fyrirmæli um einstök atriði, en ætlazt er til þess, að reynslan vísi veginn.

Sú hugmynd, sem liggur til grundvallar þessu frv., er ekki með öllu framandi í íslenzkum sjávarútvegi, þótt á öðru sviði sé. Okkar sjávarútvegur hefur tvö sérkenni, sem hafa afgerandi áhrif á afkomu hans. Bæði þessi sérkenni eru háð utanaðkomandi áhrifum, sem ekki er unnt að hafa bein áhrif á en þó verður að laga sig eftir. Annars vegar er um að ræða aflabrögð, sem eru háð margs konar atvikum, svo sem styrkleika fiskstofna, veðurfari á veiðitíma og tækni við veiðarnar. Fyrstu tvö atriðin eru algerlega óháð mannlegum áhrifum, en hverja þýðingu hið þriðja getur haft, höfum við fyrir augum frá síldveiðum undanfarandi ára, en því miður höfum við orðið að horfast í augu við, hversu skammt tæknin nær, þegar náttúruskilyrðin við veiðarnar bregðast, eins og augljóslega hefur orðið á þessum síðustu tveimur árum. Hins vegar er svo verðlag á erlendum mörkuðum. Á þetta atriði getum við sem seljendur að vísu ekki haft nein bein áhrif, en mikið veltur á hæfileikum til aðlögunar að breytilegum aðstæðum á mörkuðunum. En jafnvel þetta er ekki einhlítt.

Ef við lítum á fyrra atriðið, aflabrögðin, þá er langt síðan menn fóru að velta því fyrir sér, hvort ekki væri mögulegt að finna leið til að taka sárasta broddinn af aflabrestinum, sem ávallt hefur verið ógn fiskimannsins, með því að koma á fót tryggingakerfi, sem gæti bætt upp að nokkru leyti aflabrestinn. Niðurstöðurnar af þessum athugunum komu fram í l. um Hlutatryggingasjóð bátaútvegsins, sem sett voru 1949. Sú lagasetning hefur vafalaust orðið til ómetanlegs gagns fyrir bátaútveginn og síðari breytingar l. fyrir allar greinar fiskveiðanna. Með þessu hefur verið dregið úr áhrifum aflasveiflna og mestu erfiðleikarnir af völdum aflabrestsins mildaðir. Það hefur löngum verið flestum ljóst, að æskilegt væri að geta beitt svipuðum aðferðum til að milda verðsveiflur afurða á erlendum mörkuðum. Slíkt er hins vegar margvíslegum erfiðleikum háð, og því hefur liðið langur tími, þar til til sliks gæti komið.

Það hefur raunar komið fyrir oftar en einu sinni, að ríkisvaldið hefur tekið á sig skuldbindingar að tryggja ákveðið lágmarksverð við útflutning. Þetta var t. d. gert á árunum 1946—1950, þegar hin svokallaða fiskábyrgð var í gildi. Verðtrygging var einnig tekin upp á árinu 1967 og var enn fremur í gildi á yfirstandandi ári. Var það gert með stofnun Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins á árinu 1967, sem var ætlað það hlutverk að taka áfallið af miklu verðfalli á frystum fiskafurðum, sem hófst seint á árinu 1966, og skyldi verðtryggingin ná til framleiðslu ársins 1967. Lagði ríkissjóður fram fé í þessu skyni, en sú hugmynd kom þá fram, að komið yrði því formi á þessi mál, að stofnaður yrði sérstakur verðjöfnunarsjóður, er gæti náð til fleiri útflutningsgreina sjávarútvegsins, og farið yrði þá inn á eiginlega verðjöfnun, sem ekki aðeins væri ætlað það hlutverk að taka skellinn af verðlækkun á afurðum, heldur einnig taka hluta af verðhækkun, sem kynni að verða, og yrði hún lögð í sjóðinn. Var hugsunin sú, að með þessu mundi stuðlað að því að jafna óheppileg áhrif verðsveiflna á þær afurðir, sem slíkur sjóður næði til, og þá einnig á hagkerfið allt, en um slík áhrif eru kunn dæmi frá undanförnum árum.

Þetta frv. byggir á þessum meginsjónarmiðum, og gefur heiti sjóðsins til kynna, að honum er ætlað þetta tvíþætta hlutverk, sem fram kemur í 1. gr. frv.

Ég tel ekki þörf á því, herra forseti, að fara fleiri orðum um þetta frv., nema sérstakt tilefni gefist til, en legg til, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. sjútvn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til sjútvn. með 25 shlj. atkv.

Á 94. fundi í Nd., 13. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 629, n. 724, 731).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 28 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Birgir Finnsson): Herra forseti. Frv. það, sem hér liggur fyrir um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins, hefur legið fyrir hv. Ed. um alllangan tíma og er nýlega komið til þessarar hv. d. Hér er tvímælalaust um merkt mál að ræða, sem ástæða hefði verið til að athuga gaumgæfilegar en tími hefur verið til í sjútvn. þessarar hv. d. Er ég sammála minni hl. n. um það, að vissulega hefði verið æskilegt, að n. hefði gefizt tækifæri til að kynna sér málið betur en raun ber vitni og fara rækilegar yfir það. Hins vegar er þetta mál þannig vaxið, og þegar er til nokkur vísir að Verðjöfnunarsjóði, og ber nauðsyn til þess að ákvarða, með hvaða hætti honum verði stjórnað, og setja eins konar ramma um meðferð þess fjár, sem þegar er fyrir hendi. Enn fremur þarf að ákveða, með hvaða hætti stofnað verði til deilda í slíkum sjóði fyrir hinar ýmsu greinar fiskiðnaðarins. — Af þessari ástæðu hefur meiri hl. sjútvn. fallizt á að mæla með því, að frv. verði afgr. eins og það liggur fyrir, eftir að hv. Ed. hefur athugað það og gert á því ýmsar breyt. frá því, sem var í upphafi.

Ég skal leitast við í sem stytztu máli að gera hv. þd. grein fyrir helztu breyt., sem frv. hefur tekið í meðferð Ed.

1. gr. frv. er óbreytt.

Samkv. 2. gr. er nánar kveðið á um stjórn Verðjöfnunarsjóðs en gert var í upphaflega frv., og gerir sú breyt. á gr. reglugerðarákvæði um skipun stjórnarinnar samkv. 10. gr. frv. óþörf.

Samkv. 3. gr. frv., eins og það var fyrst, var gert ráð fyrir, að Verðjöfnunarsjóði skyldi skipt, annars vegar í almenna deild, en hins vegar í deildir eftir tegundum afurða, og skyldu deildirnar hafa aðskilinn fjárhag. Átti hlutverk hinnar almennu deildar að vera það að veita lán til hinna deilda sjóðsins, ef þörf krefði. Í meðförum hv. Ed. var það fellt úr þessari grein, að stofnuð skyldi almenn deild við sjóðin, og þar af leiðandi fellur niður sú setning úr gr., sem kveður á um hlutverk hinnar almennu deildar. Einnig var fellt niður úr þessari gr., að stofnaðar skyldu tvær deildir, þ. e. a. s. annars vegar fyrir frystar fiskafurðir, en hins vegar deild fyrir afurðir síldarverksmiðjuiðnaðar, og stendur þá aðeins eftir, að stofnuð verður í upphafi deild fyrir frystar fiskafurðir. Samkv. þessu breytist þá ákvæði b-liðs 4. gr. um ráðstöfun þess fjár, sem fyrir hendi er af gengishagnaði samkv. b-lið 2. gr. l. nr. 79 29. des. 1967. Einnig verða ýmsar aðrar breyt. á frv., sem leiðir af breyt. á 3. gr.

Í 7. gr. frv. hefur í meðförum hv. Ed. verið bætt inn því ákvæði, að við ákvörðun verðgrundvallar skuli miða við útreikninga verðlagsráðs sjávarútvegsins.

Að öðru leyti sé ég ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um þær breyt., sem hv. Ed. gerði á frv. Ég lít þannig á þetta mál, að með frv. sé fyrst og fremst settur allrúmur rammi til þess að gera mögulega stofnun deilda fyrir hinar ýmsu greinar fiskiðnaðarins í framhaldi af stofnun deildarinnar fyrir frystar fiskafurðir. Samkv. grg. með 4. gr. frv. var talið, að stofnfé sjóðsins gæti í byrjun numið allt að 40—45 millj. kr., en ástæðan til þess, að ekki var stofnuð deild fyrir síldarverksmiðjuiðnaðinn, var sú, að þegar frv. var samið, var ekki búið að flytja úr landi allmikið magn af lýsisbirgðum. Var því ekki hægt að gera sér grein fyrir, hvaða áhrif það mundi hafa á þann sjóð, sem tilheyrir þeirri grein fiskiðnaðarins.

Ég sé svo ekki ástæðu til, herra forseti, að fara fleiri orðum um þetta frv. Ég vil benda hv. þdm. á, að með starfsemi Aflatryggingasjóðs á undanförnum árum hefur verið dregið verulega úr áhrifum minnkandi afla, þegar svo hefur borið undir. Með stofnun Verð-

jöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins er ætlunin að leitast við að draga á hliðstæðan hátt úr áhrifum verðsveiflna, þ. e. a. s. annars vegar þeim áhrifum, sem stórlækkað verð hefur, hins vegar er gert ráð fyrir því samkv. frv., að í Verðjöfnunarsjóð geti runnið hluti verðhækkunar á útflutningsafurðunum, þegar um það er að ræða, að veruleg verðhækkun verði. Samkv. því á að vera hægt að geyma frá feitu árunum til mögru áranna. Ég tel, að í þessu felist talsverð búhyggindi, og mæli fyrir mitt leyti og fyrir meiri hl. sjútvn. með samþykkt frv.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Þegar mál þetta kom fyrir sjútvn., kom það fljótlega í ljós í umr. í n., að allir nm. voru á því, að æskilegt væri að láta þetta mál fá frekari athugun, en sýnilegt væri, að n. gæfist kostur á. Málið er tiltölulega nýkomið til sjútvn. þessarar d., og hún hefur svo að segja ekkert getað unnið að athugun á málinu. Hins vegar er það ljóst, að málið hefur legið mjög lengi í Ed., eða hjá hv. sjútvn. Ed., og hún hefur tekið málið þannig, að það má segja, að hún hafi umsteypt svo að segja öllum gr. frv. Þannig flutti hún brtt., sem umorðar alveg upp á nýtt 2. gr. frv., 3. gr. frv., 4. gr. frv., 5. gr. frv., 7. gr. frv., 8. gr. frv. og 10. gr. frv. Það eru ein eða tvær gr., sem þóttu geta staðizt við nánari athugun. Ég efast ekkert um það, að ef sjútvn. þessarar d. hefði gefizt tími til að skoða málið, hefði hún gert á því allverulegar breyt. Ég hygg líka, að það hafi komið greinilega fram í Ed., í þeirri n., sem fjallaði um málið þar, að þar var sterkur vilji fyrir því, að málið mætti liggja og fá frekari athugun. Þrátt fyrir það, þó að skýr vilji kæmi fram hjá öllum nm. í sjútvn. þessarar d. um það að láta þetta mál liggja, þar sem menn sáu ekki, að það væri nein brýn þörf á því að setja lög um þetta efni nú í þinglokin að þessu sinni, hefur farið svo, að hæstv. ríkisstj. hefur knúið á með það að fá málið fram. Og meiri hl. sjútvn. hefur látið undan í þessum efnum og fallizt á það, að frv. yrði samþ. Ég tel fyrir mitt leyti, að vinnubrögðin, sem fram hafa komið í sambandi við þetta mál, séu alveg lýsandi dæmi um það, hvernig ekki eigi að standa að því að setja löggjöf um ný og vandasöm málefni. Það er alveg ábyggilegt, að það er ekkert, sem rekur raunverulega eftir því að setja l. nú á þessu þingi um þennan Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins. En ég hygg hins vegar, að menn eigi eftir að reka sig á það, að hér er um viðkvæmnismál að ræða, sem getur haft sínar alvarlegu afleiðingar síðar meir í hörðum átökum í landinu, ef ekki getur tekizt sæmilegt samkomulag.

Út af fyrir sig get ég fallizt á það meginsjónarmið, sem stendur að baki þessari lagasetningu, að settur verði svona Verðjöfnunarsjóður, þ. e. a. s. sjóður, sem byggður er upp þannig, að nokkur hluti er lagður til hliðar af því verði, sem fæst fyrir útfluttar sjávarafurðir, þegar um er að ræða hækkun á verðinu á mörkuðunum, og síðan sé aftur þessi sjóður notaður til nokkurra aukagreiðslna á verðlagið, þegar verð á erlendum mörkuðum hefur fallið eða þegar meiri þörf er á. Að vissu marki getur verið rétt að byggja upp kerfi af þessu tagi. En það er auðvitað enginn vafi á því, að eins og verðlagningu er háttað hjá okkur á sjávarafurðum, er hér um beint og viðkvæmt kjaramál að ræða. Fiskverðið er ákveðið af ákveðinni samninganefnd á milli fiskseljenda og fiskkaupenda á hverju ári, og það er ákveðið, miðað við verðlagsaðstæður og verðlagsþróun, bæði innanlands og utan. Og sé þannig staðið að verðlagningunni, að ákveðinn hluti sé tekinn af því, sem raunverulega gat farið út í fiskverð og orðið kaupgjald hverju sinni, þá hljóta vitanlega þeir, sem þarna áttu samningsaðild að, þ. e. a. s. bæði útvegsmenn og sjómenn, að gera kröfu um það, að þeir fái að fylgjast fyllilega með því, hvað um þetta fé verður, sem haldið var raunverulega eftir af því afurðaverði, sem þeim tilheyrði. Nú er gert ráð fyrir því í þessu frv., eins og það liggur hér fyrir, að stjórn þessa Verðjöfnunarsjóðs, sem á að byggja upp, verði þannig skipuð, að t.d. á A. S. Í. engan fulltrúa að eiga í þessari sjóðsstjórn. Það er að vísu tekið fram, að þar skuli vera einn fulltrúi, sem kosinn sé sameiginlega af Sjómannasambandi Íslands og Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, en hins vegar er ekki minnzt á aðild A. S. Í., en þó eru heilir landshlutar þannig settir, að þeir eru eingöngu innan A. S. Í. með sín sjómannasamtök, og sumar allra stærstu verstöðvar í landinu eru eingöngu í A. S. Í., en hvorki í Sjómannasambandinu né Farmannasambandinu, nema þá að mjög litlu leyti. Ég vara við þessu fyrir mitt leyti. Ég hef ekki trú á því, að þetta fái staðizt í reynd, að menn uni þessu, eða þá afleiðingin verður sú, að menn una þá ekki heldur því fiskverði, sem ákveðið verður, þegar svona er staðið að málum. Þetta er ábyggilega ekki hyggilegt.

En það er ekki aðeins á þessu sviði, heldur er hér í rauninni komið að kjarna þessa vandamáls. Ef byggður er upp sjóður á þennan hátt, að lagt er til hliðar hlutur af útflutningsverði sjávarafurða, þá skiptir auðvitað mjög miklu máli fyrir viðkomandi framleiðendur, ásamt svo með sjómönnunum þar á móti, að þeir hafi lokavald yfir því, hvernig á að fara með þetta fé. Það er t. d. enginn vafi á því, að frystihúsamenn verða ekki ánægðir með það, þegar á þennan hátt verður tekinn verulegur hluti af útflutningsverðinu á seldum frystum fiski og lagður til hliðar, að þá geti sjóðsstjórn, sem er að miklum meiri hluta skipuð öðrum fulltrúum en frá samtökum frystiiðnaðarins, ráðstafað þessu fé. Það er mín skoðun, að ráðstöfunin á því hefði átt að vera í höndum fulltrúa, varðandi t. d. frysta fiskinn, frá annars vegar samtökum frystihúsamanna og hins vegar samtökum útgerðarmanna og sjómanna, sem eiga raunverulega þessi verðmæti, sem hér er um að ræða. En nú er lagt til í þessu frv., að hér verði um sjö manna stjórn að ræða, og ráðh. á að skipa þrjá menn í stjórnina án tilnefningar, og síðan koma fulltrúar fiskseljenda, útgerðarmanna og sjómanna, með sinn mannin hver, en sjómennirnir eiga í þessu tilfelli að hafa fulltrúa frá Sjómannasambandinu og Farmannasambandinu, og svo eiga að koma tveir fulltrúar frá fiskiðnaðinum og þó gert ráð fyrir því, að fulltrúar fiskiðnaðarins geti verið hreyfanlegir eftir því, hvaða grein framleiðslunnar á þar hlut að máli. Það er auðvitað alveg ljóst mál, eins og stjórnin yrði uppsett samkv. þessum reglum, að þá hefðu fiskiðnaðarmenn tiltölulega lítið vald yfir þessu fé, sem þeir eiga þó í raun og veru. Ég óttast, að það fáist ekki hagstætt samkomulag um þetta í framkvæmd, þegar þannig er hlaupið til og lög sett um þetta lítið undirbúið, eins og hér er gert.

Ég vil líka benda á það, að ýmis þýðingarmestu

samtök fiskiðnaðarmanna, sem hér eiga hlut að máli, eru andvíg því, að lög séu sett nú. Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna tók ekki afstöðu til málsins og taldi, að málið þyrfti að undirbúast miklu betur og að nauðsynlegt væri m. a. að semja reglugerð um það, hvernig skyldi standa að framkvæmd málsins, áður en lengra yrði haldið. Stjórn Síldarverksmiðja ríkisins taldi líka, að málið væri á engan hátt nægilega vel undirbúið og það ætti því að bíða og athugast betur. Landssamband ísl. útvegsmanna vildi gera ýmsar breyt. á frv., en mér er ljóst, að afstaða þess hlaut þó að vera nokkuð önnur en þeirra, sem fyrst og fremst eru fulltrúar fiskiðnaðarins, sem hér eiga á margan hátt mest undir. Það er því mín skoðun, að rétt hefði verið að fresta þessu máli, láta það fara í frekari athugun, betri undirbúning og leggja það þá aftur fyrir t. d. á næsta hausti. Eftir breytingar þær, sem Ed. hefur gert á frv., er líka frv. orðið þannig, að það er augljóst mál, að það er ekkert, sem kallar beinlínis á þessa lagasetningu nú, því að þessi Verðjöfnunarsjóður fiskiðnaðarins á nú samkv. þessu frv. aðeins að ná til frystra fiskafurða. Menn sjá það, að hvað viðkemur öðrum greinum er þetta algerlega óunnið mál. En hins vegar er þó að finna í frv. almenna heimild handa ráðh. til þess að setja á stofn fleiri deildir. Ég hef því leyft mér að flytja brtt. við frv., sem er um það, að málið verði afgreitt með rökstuddri dagskrá. Dagskrártill. mín er á þskj. 731 og er svo hljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Þar sem ljóst er, að nauðsynlegur undirbúningur að setningu laga um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins hefur ekki átt sér stað og ýmis stærstu félagssamtök fiskiðnaðarins telja rétt að undirbúa málið betur, og í trausti þess, að ríkisstj. beiti sér fyrir því, að málið verði undirbúið að nýju í samráði við samtök fiskiðnaðarmanna, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá."

Þetta hefði ég talið eðlilegasta afgreiðslu á þessu máli, eins og það liggur hér fyrir. En fáist það ekki fram, hefði þó þurft að mínum dómi að gera ýmsar breytingar við frv. eins og það liggur fyrir, m. a. að tryggja Alþýðusambandi Íslands aðild að sjóðsstjórn, og ég tel enga þörf á því að hafa það ákvæði um stjórnina, að ráðh. geti skipað þrjá menn í stjórnina án tilnefningar. Ég sé enga ástæðu til þess. Og ég tel einnig, að þær reglur, sem á að setja um ráðstöfun á þessu fé, eigi ráðh. að setja samkv. ákvörðun sjóðsstjórnarinnar, en ekki að ráðh. setji þetta aðeins að fengnum till. sjóðsstjórnarinnar, því að á því er vitanlega grundvallarmunur.

Ég hef gert hér grein fyrir afstöðu minni til málsins, að ég legg sem sagt til, að málið verði afgreitt með rökstuddri dagskrá og í rauninni frestað, og þá gert ráð fyrir því, að það verði lagt fyrir næsta þing.

Jón Skaftason: Herra forseti. Mér þykir rétt, þar sem ekki liggur fyrir í hv. d. nál. okkar, hv. 5. þm. Norðurl. v. um afstöðu okkar til þessa frv., að skýra frá því, hver hún var í hv. sjútvn., en þar lýstum við þeirri afstöðu þannig og létum bóka, að við legðum til, að frv. þessu yrði frestað nú á þessu þingi og það yrði athugað frekar og tekið til meðferðar í þingbyrjun næsta haust. Ég skal ekki lengja umr. með því að telja upp þau rök, sem mæla með þeirri afstöðu. Þau hafa að nokkru verið rakin hér af hv. síðasta ræðumanni, en í framhaldi af þessu vil ég aðeins lýsa því yfir sem minni skoðun, að ég er í meginatriðum mjög hlynntur því, að komið verði á fót verðjöfnunarsjóði fyrir sjávarútveginn, og tel raunar, að mjög æskilegt hefði verið, að slík sjóðsstofnun hefði verið ákveðin fyrir mörgum árum. Slíkt hefði vafalaust leitt af sér ýmislegt gott. Um afstöðuna til frv. nú og þeirrar rökst. dagskrár, sem hér hefur verið lýst, vil ég aðeins segja það, að ég mun fylgja rökstuddu dagskránni, þegar hún kemur til atkv. hér í deildinni.

ATKVGR.
Rökst. dagskrá á þskj. 731 felld með 19:15 atkv.
1. gr. samþ. með 19:7 atkv.
2.—11. gr. samþ. með 19:8 atkv.
Ákvæði til bráðabirgða samþ. með 19:8 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 19:9 atkv.

Á 95. fundi í Nd., 16. maí, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 20:4 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 780).

---

59. Áburðarverksmiðja ríkisins.

Á 65. fundi í Ed., 28. marz, var útbýtt:
Frv. til l. um áburðarverksmiðju ríkisins [203. mál] (stjfrv., A. 426).

Á 71. fundi í Ed., 10. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. 2. maí s. l. voru samþ. lög um heimild fyrir ríkisstj. til þess að kaupa upp hlutabréf í Áburðarverksmiðju ríkisins, sem eru í einkaeign, á allt að fimmföldu verði. Ríkisstj. hefur ákveðið að nota þessa heimild, og í tilefni af því var hluthöfum skrifað á s. l. sumri og spurzt fyrir um það, hvort þeir vildu selja með þessum kjörum, á fimmföldu verði og að hlutabréfin yrðu greidd með jöfnun afborgunum á fimm árum. Flestir hluthafarnir hafa svarað játandi, en örfáir hafa ekki svarað. Þeir sem ekki hafa svarað, eiga hlutafé að upphæð kr. 30 þúsund, þeir sem hafa neitað, eru með hlutafé 5 þúsund, en þeir, sem hafa svarað játandi með fyrirvara, eru með hlutafjáreign 6 þúsund kr., en hlutabréfaeign einkaaðila í Áburðarverksmiðjunni er eins og flestir alþm. vita 4 millj. kr., en ríkið á aftur á móti 6 millj. kr., og þannig hefur það verið frá byrjun, að ríkið hefur átt 3/5 hlutafjárins, en einkaaðilar 2/5. Það má því segja, að flestir, sem hlutabréf eiga í verksmiðjunni, séu samþykkir því að selja með þessum kjörum, á fimmföldu verði, og með þeim greiðsluskilmálum, sem ákveðnir hafa verið. Gert er ráð fyrir með því frv., sem hér er flutt, að sá hluti, sem ekki fæst með samkomulagi, verði tekinn með eignarnámi.

Ástæðan til þess, að þetta frv. er flutt og rétt þykir að breyta hlutafélaginu Áburðarverksmiðjan h.f. í Áburðarverksmiðju ríkisins, er sú, að nú stendur fyrir

dyrum stækkun Áburðarverksmiðjunnar, sem kostar mjög mikið, og er gert ráð fyrir, að sá áfangi, sem stefnt er að að byrja á á þessu ári, kosti nokkuð á 3. hundrað millj. kr. Hlutaféð er hins vegar ekki nema 10 millj., og það er ekki reiknað með því, að hluthafar hafi áhuga á því að auka hlutafjáreign sína í verksmiðjunni og reyndar alveg víst, að einkaaðilar kæra sig ekki um það. Þeir hafa ekki fengið vexti af hlutafjáreigninni nema annað hvert ár að meðaltali síðan verksmiðjan tók til starfa og aldrei meira heldur en 6%, eins og lögin ákveða. Þetta út af fyrir sig er vitanlega ekki hvetjandi fyrir aðila að festa fjármagn í þannig fyrirtæki, og geta flestir farið í eigin barm með það, því að þegar menn leggja fram fé, hvort sem það er í hlutafélag eða annað, þá mun það nú oftast vera, að samfara því, að menn trúa því, að þeir séu að gera gagn með því að mynda gott fyrirtæki, að leggja fé í það, þá ræður hagnaðarvonin alltaf talsverðu. Þess vegna er það, þegar ráðast á í þessar miklu framkvæmdir við stækkun verksmiðjunnar, að það þykir rétt að leysa þetta hlutafélag upp og að Áburðarverksmiðjan verði eftirleiðis algerlega í eigu ríkisins, og því er það, að með þessu frv. er gert ráð fyrir, að ef það verður að lögum, þá verði Áburðarverksmiðja ríkisins ríkisstofnun, sem hefur það markmið að framleiða og selja áburðarefni og önnur þau efni, sem tengd eru áburðarvinnslunni.

Verksmiðjan lýtur sérstakri stjórn samkvæmt lögum þessum undir yfirstjórn landbrh. Rekstri verksmiðjunnar skal jafnan hagað þannig, að hún sé þess tæknilega og fjárhagslega umkomin að gefa áburðarnotendum kost á eins góðum og ódýrum áburðarefnum sem frekast er völ á.

Gerðar hafa verið ráðstafanir til þess, um leið og stækkun verksmiðjunnar er undirbúin, að tryggja það, að með stækkuninni verði gert mögulegt að framleiða þann áburð, sem íslenzkum landbúnaði bezt hentar. Þess vegna var það, að Stéttarsamband bænda, Búnaðarfélag Íslands og Rannsóknastofnun landbúnaðarins rannsökuðu í sameiningu, hvaða áburð hentugast væri að framleiða og kæmi sér bezt fyrir íslenzkan landbúnað. Verksmiðjustjórnin hefur fengið álit þessara aðila, sem var sameiginlegt, og er undirbúningi stækkunarinnar hagað þannig, að það megi fullnægja þessum óskum. Þá er gert ráð fyrir að Áburðarverksmiðja ríkisins taki við öllum eignum og skuldum, réttindum og skyldum Áburðarverksmiðjunnar h.f. 1. maí 1969, og kemur þá að öllu leyti í hennar stað. Það má vera, að það þurfi að breyta þessum mánaðardegi í meðferð Alþ., það verður að ráðast, hversu hratt það getur gengið í gegnum þingið, eða hvort Alþ. fellst á að hafa þetta takmark. Hlutafélagið Áburðarverksmiðjan h.f. verður jafnframt leyst upp miðað við sama tíma, og hlutabréf, sem þá verða í annarra eign en ríkisins, verða tekin eignarnámi samkvæmt ákvæðum 13. og 14. gr. þessara laga. Ríkissjóður leggi Áburðarverksmiðju ríkisins til sem stofnfé hlutafé Áburðarverksmiðjunnar h.f., sem er 6 millj. kr. Ríkissjóður leggi Áburðarverksmiðjunni enn fremur til stofnfjárframlög, eins og ákveðið kann að verða í fjárlögum. Að því leyti sem stofnfé ríkissjóðs hrekkur ekki til greiðslu stofnkostnaðar, er verksmiðjunni heimilt að taka fé að láni innan lands og utan, enda samþykki ríkisstj. lántökuna sam-

kvæmt sérstakri heimild í fjárlögum hverju sinni. Heimilt er Áburðarverksmiðju ríkisins að taka lán og ábyrgð á greiðslum og öðrum skuldbindingum til þarfa fyrirtækisins annarra en stofnkostnaðar. Stjórn Áburðarverksmiðju ríkisins verði skipuð 5 mönnum, sem kosnir skulu hlutfallskosningum í sameinuðu alþingi til 4 ára í senn. Landbrh. skipar einn þeirra formann verksmiðjunnar. Ráðh. setur stjórninni erindisbréf og ákveður henni laun. Til að skuldbinda Áburðarverksmiðjuna þarf undirskrift 3 stjórnarmanna. Stjórn Áburðarverksmiðjunnar ræður framkvæmdastjóra, sem veitir fyrirtækinu forstöðu og annast alla daglega stjórn og rekstur fyrirtækisins og hefur prókúruumboð fyrir það. Stjórnin ræður einnig verksmiðjustjóra með verkfræðilega menntun, er annist tæknilega stjórnun á framkvæmdum og sjálfum verksmiðjurekstrinum. Stjórn Áburðarverksmiðjunnar setur framkvæmdastjóra og verksmiðjustjóra erindisbréf, sem kveði frekar á um starfsskyldur þeirra. Endurskoðendur Áburðarverksmiðjunnar skulu vera 2, skipaðir af landbrh. Stjórn Áburðarverksmiðjunnar ákveður að höfðu samráði við landbrh. heildsöluverð á framleiddum áburði. Skal verðið við það miðað, að eðlilegur afrakstur fáist af því fjármagni, sem á hverjum tíma er bundið í rekstri fyrirtækisins, og skulu eignir þá metnar til endurkaupsverðs, að frádregnum hæfilegum afskriftum. Aldrei skal áburðarverð vera hærra en á sambærilegum innfluttum áburði, nema það sé nauðsynlegt, til þess að verksmiðjan geti staðið við skuldbindingar sínar. Áburðarverksmiðjan verði undanþegin öllum sköttum og opinberum gjöldum nema fasteignasköttum og tekjuútsvari samkvæmt 2. og 4. kafla laga um tekjustofna sveitarfélaga. Reikningsár Áburðarverksmiðjunnar er almanaksárið og skal stjórn hennar gera reikningsskil fyrir hvert starfsár svo fljótt, sem auðið er, og svo snemma, að endurskoðun geti farið fram fyrir lok aprílmánaðar ár hvert. Reikningarnir skulu sendir landbrh. þegar að lokinni endurskoðun, undirritaðir af stjórn og framkvæmdastjóra og áritaðir af endurskoðendum. Nánari ákvæði um rekstur og tilhögun Áburðarverksmiðjunnar setur landbrh. með reglugerð að fengnum tillögum verksmiðjustjórnar. Ríkisstj. skal vera heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að kaupa hlutabréf, sem eru í einkaeign, í Áburðarverksmiðjunni h. f. á allt að fimmföldu verði hlutabréfanna. Heimilt er ríkisstj. að taka lán í þessu skyni. Ríkisstj. tekur eignarnámi þau hlutabréf í Áburðarverksmiðjunni h.f., sem verða í einkaeign að kvöldi hins 30. apríl 1969. Kemur eignarnámið til framkvæmda hinn 1. maí 1969, og við það ber að gera þá athugasemd, sem ég minntist hér á áðan.

Nú hafa þær raddir heyrzt, að það geti verið, að þessi bréf, sem verði tekin eignarnámi, verði metin miklu hærra verði heldur en þau bréf, sem eru seld af fúsum og frjálsum vilja, en heldur finnst mér það nú ólíklegt, bæði vegna þess, að flest og meiri hlutinn af hlutabréfunum hefur verið boðinn fyrir þetta verð, og annars vegar hlýtur að verða á það litið, þegar á að fara að meta bréfin til verðs, að þau geta aldrei gefið meira en 6% arð og hafa ekki á undanförnum 15 árum gefið neinn arð nema annað hvert ár. Þetta held ég, að hljóti að verða til hliðsjónar, þegar að því kemur að meta

þessi bréf til verðs, og hins vegar það, að þeir, sem hafa átt þarna stórar fjárhæðir, hafa af fúsum og frjálsum vilja selt bréfin á fimmföldu verði, og getur ekki verið, að þeir hafi gert það af öðrum ástæðum en þeirri, að þeir hafa ekki talið borga sig að eiga bréfin eftir að þetta tilboð var gefið.

Hinn fyrsta maí 1969 falla hlutabréf Áburðarverksmiðjunnar h.f. úr gildi sem hlutabréf. Eigendur bréfanna geta þá þegar í stað framvísað bréfum og krafizt bóta úr ríkissjóði samkvæmt mati. Skal verð bréfanna metið af 3 manna nefnd, er Hæstiréttur tilnefnir. Skipar Hæstiréttur einn þeirra formann, er skal vera lögfræðingur. Nefndin skal miða mat sitt við sannvirði hlutabréfanna við gildistöku laganna og veita eigendum bréfanna kost á að gæta hagsmuna sinna við matið. Mat nefndarinnar er endanlegt. Úrskurður matsnefndar er fullnaðarúrskurður um bætur til handa hluthöfum vegna eignarnáms hlutabréfanna, og er hluthöfunum skylt að afhenda bréf sín gegn greiðslu matsnefndar, auk 9% ársvaxta af matsverðinu frá 1. maí 1969 til greiðsludags.

Þá eru ákvæði um það að matsnefnd hafi heimild til þess að stefna eigendum hlutabréfa fyrir sig með opinberri innköllun í lögbirtingarblaði, ef þurfa þykir. Áburðarverksmiðja ríkisins tekur við öllum réttindum og skyldum gagnvart starfsfólki og framkvæmdastjóra Áburðarverksmiðjunnar h.f., er hlutafélagið hættir störfum. Allar bækur og skjöl Áburðarverksmiðjunnar h.f. skulu renna til Áburðarverksmiðjunnar. Umboð stjórnar Áburðarverksmiðjunnar h.f. fellur niður um leið og hlutafélagið hættir störfum.

Þetta eru aðalatriðin í þessu frv., og skýra þau sig að mestu leyti sjálf. Ég geri ráð fyrir því, að flestir hv. þdm. séu þeirrar skoðunar, að eins og Áburðarverksmiðjan h.f., hlutafélagið, hefur verið og yrði eftir stækkun Áburðarverksmiðjunnar án þess að hlutaféð væri aukið, þá væri það ekki annað heldur en gervihlutafélag. Frá upphafi hefur hlutafé þessa mikla fyrirtækis verið allt of lítið miðað við stofnkostnað og það fjármagn, sem bundið hefur verið í fyrirtækinu, aðeins 10 millj. kr., en upphaflega kostaði Áburðarverksmiðjan um 130 millj. kr. Nú er gert ráð fyrir, að næsti áfangi stækkunar, sem má segja, að sé ákveðinn, kosti á 3 hundrað millj. kr. og væri þá óhugsanlegt, að halda hluthafaforminu án þess að auka hlutaféð, en það er upplýst, eins og ég áðan minntist á, að a. m. k. þeir einkaaðilar, sem hlutaféð eiga, hafa ekki áhuga fyrir því að auka hlutafjáreign sína. Alla vega yrði Áburðarverksmiðjan h.f. í framkvæmd ríkisfyrirtæki, þótt það héti hlutafélag áfram. M. a. þess vegna þykir sjálfsagt og rétt að breyta lögunum og gera verksmiðjuna að hreinu ríkisfyrirtæki.

Herra forseti, ég legg til, að málinu verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. landbn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til landbn. með 14 shlj. atkv.

Á 75. fundi í Ed., 17. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 426, n. 461, 462).

Frsm. (Steinþór Gestsson): Herra forseti. Landbn. fékk þetta frv. til athugunar og ræddi það og athugaði á fundi sínum og varð sammála um að mæla með því, að það yrði samþ. Hins vegar hafa 2 nm. borið fram brtt. við það á sérstöku þskj., þskj. 462, sem meiri hl. gat ekki fallizt á.

Ég sé ekki ástæðu til að fara ýkjamörgum orðum um það frv., sem hér liggur fyrir. Eins og fram kom í ræðu hæstv. landbrh. við fyrstu umr. þessa máls hér í hv. deild, þá er ástæðan fyrir þeirri breyt., sem þetta frv. gerir ráð fyrir, sú, að áformuð er stækkun á verksmiðjunni, svo að hún geti betur sinnt því hlutverki, sem henni er ætlað, að framleiða og hafa á markaði þau áburðarefni, sem þörf er fyrir og not er fyrir í landbúnaðinum. Sá áfangi, sem nú er stefnt að að koma fram, mun eftir áætlun kosta nokkuð á 3. hundrað millj. kr., og eins og nú er háttað málum, þar sem Áburðarverksmiðjan er hlutafélag og það er vitað, að hlutafjárhafarnir munu ekki hafa áhuga á að leggja þetta fjármagn fram, sem til þarf til þess að koma stækkuninni áfram, þá er það einsýnt, að til þess að verksmiðjan geti komizt í það horf, sem henni er ætlað, þá þyrfti ríkið að koma þar til skjalanna, og því er þetta frv. flutt, að svo megi verða. Stéttarsamband bænda, Búnaðarfélag Íslands og Rannsóknastofnun landbúnaðarins hafa látið verksmiðjustjórninni í té sameiginlegt álit um þær áburðartegundir, sem þeir telja, að hér þurfi að framleiða, og er sú stækkun, sem fyrirhuguð er, áætluð og undirbúin, til þess að hægt verði að verða við þeim óskum.

Eins og ég gat um, þá hefur landbn. farið yfir þessi lög allvendilega, og það kemur berlega í ljós, að þau eru í öllum aðalatriðum samhljóða þeim lögum, sem núna eru í gildi um Áburðarverksmiðjuna, að því leyti sem það getur átt við. Hins vegar eru í þessu frv. ákvæði, sem þar þurfa að vera með til þess að koma á þeirri breyt., sem hér er ætlað að koma fram. Þetta mál er ekki nýtt fyrir Alþ. Á síðasta þingi var samþ. frv. til l. um heimild fyrir ríkisstj. til þess að kaupa hlutabréf Áburðarverksmiðjunnar h.f., til þess að þessi breyt. gæti komizt á. Eftir því hefur nú verið leitað, og ég minni aðeins á ummæli hæstv. landbrh., þegar hann mælti fyrir frv. hér við fyrstu umr. hér í þessari hv. deild, skírskota til þeirra um þau viðbrögð, sem hlutahafarnir hafa haft um þau efni, og þetta frv. og ákvörðun, sem bak við það felst, er beint framhald af fyrri lagasetningu, sem sett var á síðasta þingi.

Ég sé ekki ástæðu til, herra forseti, að svo komnu máli að hafa fleiri orð um þetta frv., en legg til, að frv. verði samþ. óbreytt.

Páll Þorsteinsson: Herra forseti. Landbn. er sammála um meginefni þessa frv., en einstakir nm. hafa áskilið sér í nál. rétt til þess að bera fram brtt. eða fylgja brtt., sem fram kynnu að koma. Ég hef leyft mér ásamt hv. 1. þm. Vesturl. að bera fram á þskj. 462 2 brtt. við þetta mál. Fyrri brtt. er við 6. gr., og er efni hennar það, að í stað fimm manna stjórnar Áburðarverksmiðjunnar verði stjórnin skipuð 7 mönnum, þannig að 5 þeirra verði kosnir hlutfallskosningu í Sþ. til 4 ára í senn og landbrh. skipi einn þeirra formann verksmiðjustjórnar, en 4. stjórnarnefndarmaðurinn skuli kosinn á Bún-

aðarþingi og hinn 5. kosinn á aðalfundi Stéttarsambands bænda, báðir til 4 ára í senn.

Áburðarverksmiðjan er stórt fyrirtæki, og er þó stefnt að því að stækka hana að miklum mun, svo að hún verði fær um að framleiða að mestu eða öllu leyti þau áburðarefni, sem þarf að nota í landinu, en þessi framleiðsla er svo einhæf, að viðskiptaaðili þessa fyrirtækis er ein þjóðfélagsstétt, bændastéttin. Og það skiptir þessa stétt því afar miklu, hvernig á málum fyrirtækisins er haldið, bæði fjárhagslega séð og eins tæknilega. Það er meginstefna þessa frv., að verðið á áburðinum, sem verksmiðjan framleiðir, sé miðað við, að eðlilegur afrakstur fáist af því fjármagni, sem á hverjum tíma er bundið í rekstri fyrirtækisins, og skuli eignir þá metnar til endurkaupsverðs að frádregnum hæfilegum afskriftum. Þetta sýnir svo ljóst sem verða má, að kaupendur áburðarins munu í framtíðinni standa undir rekstri og skuldbindingum þessa fyrirtækis með áburðarverðinu, eða í gegnum viðskiptin. Það hlýtur því að skipta bændastéttina mjög miklu máli fjárhagslega séð, að reksturinn sé svo hagkvæmur sem nokkur kostur sé og verði áburðarins verði í hóf stillt. Ef sú skipan yrði tekin upp, sem í brtt. okkar segir, þá mundi það óumdeilanlega auka tengsl bændasamtakanna við þetta þýðingarmikla þjónustufyrirtæki og veita þeim betri aðstöðu heldur en ella til þess að fylgjast með og hafa áhrif á rekstur verksmiðjunnar.

En í þessu efni er ekki aðeins um fjárhagsatriði að ræða. Það er kunnara en frá þurfi að segja, hvað bændastéttin hefur orðið fyrir tilfinnanlegum skakkaföllum á undanförnum árum af völdum kals í túnum, og það er álit ýmissa manna, að áburðarefnin eigi talsverðan þátt í því, að svo hefur farið. Það er ef til vill eitt allra stærsta mál landbúnaðarins, hvernig áburðarframleiðslunni og áburðardreifingunni er hagað, og að áburðarnotkunin sé í sem beztu samræmi við það, sem jarðvegsrannsóknir sýna, að vera þarf á hverjum stað. Það er að vonum hið mesta áhugamál bændastéttarinnar í heild og félagsstofnana hennar, að vísindunum verði beitt svo sem kostur er í því efni að komast að raun um, af hverju kalið stafar, og að ráða bót á því, og miklar umræður hafa verið um það á síðustu árum, að koma þurfi á sem víðtækustum jarðvegsrannsóknum, svo hægt verði að gefa bændum öruggar leiðbeiningar um það, hvaða áburðarefni þeir eigi að nota hver á sinni jörð, og hversu stóra skammta jarðvegurinn eigi að fá af hverri tegund.

Það liggur í augum uppi, að framleiðsla áburðarefnanna stendur í nánu sambandi við þessa starfsemi, sem óumdeilanlega er mjög þýðingarmikil fyrir íslenzkan landbúnað, og í beinum tengslum við þetta sjónarmið er það, sem vakir fyrir okkur með brtt., að Búnaðarfélag Íslands og Stéttarsamband bænda fái aðild að stjórn Áburðarverksmiðjunnar, þannig að þessi landssamtök bændanna geti fylgzt sem allra bezt með því, hvernig áburðarframleiðslan þróast, og jafnhliða því beitt sér að því að auka þekkingu bændanna á áburðarþörfum jarðvegsins, eins og kann að reynast við jarðvegsefnagreiningu.

Ég vil enn fremur benda á það, að þessi brtt. er í fullkomnu samræmi við þær óskir, sem fram hafa komið á Búnaðarþingi að undanförnu. Búnaðarþing hefur á undanförnum árum gert ýmsar samþykktir um Áburðarverksmiðjuna. Í samþykktum Búnaðarþings 1967 segir, að Búnaðarþing leggi áherzlu á — m. a. sem talið er í samþykktinni – að Áburðarverksmiðjan h.f. verði þjóðnýtt og í stað fulltrúa hluthafa, sem nú eru, komi í stjórn hennar 2 menn, annar tilnefndur af Búnaðarfélagi Íslands og hinn af Stéttarsambandi bænda. Á Búnaðarþingi 1968 er aftur gerð ályktun um Áburðarverksmiðjuna. Sú ályktun er þannig, með leyfi hæstv. forseta:

„Í framhaldi af fyrri samþykktum sínum um Áburðarverksmiðjuna h.f. leggur Búnaðarþing fyllstu áherzlu á eftirtalin atriði:

1. Að Alþ. hraði lagasetningu um þjóðnýtingu Áburðarverksmiðjunnar h.f., svo að sú löggjöf taki gildi áður en hafizt er handa um stækkun hennar og breytingar.

2. Að framkvæmdir við endurbyggingu verksmiðjunnar verði við það miðaðar, að hún geti tekið til starfa með fullum afköstum og sinnt þörfum landbúnaðarins um tegundaval, þegar hún á kost á aukinni raforku frá Búrfellsvirkjun."

Á Búnaðarþingi, sem háð var nú á þessum vetri, var enn gerð ályktun um þetta efni, og þar segir svo með leyfi hæstv. forseta:

„Búnaðarþing fagnar yfirlýsingu landbrh. við setningu þingsins, um að hafizt verði handa á komandi vori um stækkun Áburðarverksmiðjunnar í Gufunesi. Í því sambandi leggur þingið sérstaka áherzlu á fjölþættari áburðarframleiðslu, svo sem alhliða blandaðan áburð og kalkblandaðan köfnunarefnisáburð, enda er gengið út frá því sem sjálfsögðu, að verksmiðjan verði samkeppnisfær við innfluttan áburð um verð og gæði. Jafnframt minnir þingið á fyrri kröfur sínar um, að Búnaðarfélag Íslands og Stéttarsamband bænda fái að tilnefna sinn manninn hvort í stjórn verksmiðjunnar."

Um þessar samþykktir, sem ég hef nú minnzt á, hefur verið einhugur á Búnaðarþingi. Atkvæðatölur, sem tilgreindar eru, sýna, að þær hafa verið samþ. með 24 eða 25 shlj. atkv.

Til viðbótar því, sem ég hef sagt um rök fyrir þessari brtt. okkar, bæði fjárhagslegs eðlis og að því er snertir áburðarefnin, fagleg rök, þá erum við með flutningi þessarar brtt. að flytja fram það sjónarmið, sem bændafulltrúarnir á Búnaðarþingi hafa sett fram og ítrekað í ályktunarformi og óska eindregið, að nái fram að ganga.

Önnur brtt. okkar er við 8. gr. Í frv. segir, að endurskoðendur Áburðarverksmiðju ríkisins skuli vera 2, skipaðir af landbrh. En í brtt. okkar er tekið fram, að gr. skuli orða svo:

„Endurskoðendur Áburðarverksmiðju ríkisins eru 3, skal einn skipaður af landbrh. og sé hann löggiltur endurskoðandi, annar af fjmrh., en hinn þriðji af stjórn Búnaðarfélags Íslands, allir til 4 ára í senn."

Um þessa brtt. er það að segja, að hún er byggð á sama sjónarmiði og hin fyrri um tengsl bændasamtakanna við þetta þjónustufyrirtæki landbúnaðarins með því að veita Búnaðarfélagi Íslands aðild að endurskoðun reikninga fyrirtækisins.

Ég sé svo ekki ástæðu til að skýra þessa brtt. með fleiri orðum.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
2.–5. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Brtt. 462,1 felld með 11:6 atkv.
6. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
7. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Brtt. 462,2 (ný 8. gr.) samþ. með 10:8 atkv.
9.—20. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 18 shlj. atkv.

Á 76. fundi í Ed., 21. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 482).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 14 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 79. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á 80. fundi í Nd., 22. apríl, var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 81. fundi í Nd., 25. apríl, var frv. aftur tekið til 1. umr.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Frv. það, sem hér um ræðir, er komið frá Ed. og var samþ. með einni breyt., er snertir endurskoðendur í fyrirtækinu. Gert var ráð fyrir í frv. upphaflega, að 2 endurskoðendur væru skipaðir af landbrh., en Ed. breytti því ákvæði þannig, að einn skyldi skipaður af landbrh., annar af fjmrh. og sá þriðji af Búnaðarfélagi Íslands, eða tilnefndur af þessum aðila. Að öðru leyti var frv. ekki breytt í hv. Ed.

Frv. þetta gengur út á það að gera Áburðarverksmiðjuna h.f. að hreinu ríkisfyrirtæki. Hlutafé Áburðarverksmiðjunnar er 10 millj. kr. Upphaflega kostaði verksmiðjan um 130 millj. Ríkissjóður á meiri hluta hlutafjárins, eða 6 millj. kr., en einstakir hluthafar 4 millj. Alþ. hefur kosið 3 menn í stjórn, en hluthafar aðrir 2 menn. Segja má, að verksmiðjan hafi verið rekin eins og ríkisfyrirtæki að undanförnu, þótt það heiti hlutafélag.

Samkv. lögum um Áburðarverksmiðjuna h.f. er ekki heimilt að borga meiri arð en 6% af hlutafénu. Í þau 15 ár, sem Áburðarverksmiðjan hefur starfað, mun hafa verið greiddur arður sem svarar annað hvert ár. Það hefur þess vegna ekki verið mjög arðvænlegt fyrir hluthafa að eiga hlutafé í verksmiðjunni. Nú stendur fyrir dyrum stækkun verksmiðjunnar, sem mun kosta á 3. hundrað millj. kr. Ef verksmiðjan ætti að halda áfram að starfa í hlutafélagsformi, yrði að auka hlutafé og það verulega. Að öðrum kosti gæti það ekki heitið hlutafélag áfram og að öðrum kosti væri tæpast hægt fyrir hlutafélag að ráðast í svo mikla fjárfestingu, sem fyrir liggur. Það er og vitað mál, að einkahluthafar mundu ekki vilja bæta við hlutafé í verksmiðjuna eins og sakir standa með þeim skilyrðum, sem sett eru í lög um arðgreiðslur. Þess vegna hefur það orðið að ráði og varð að ráði á síðasta þingi, að samþ. voru lög um það að heimila ríkisstj. að kaupa hlutabréf í einkaeign á allt að fimmföldu verði. Í samræmi við þá heimild var hluthöfum skrifað á s. l. sumri og þeim boðið að selja hlutabréfin á fimmföldu verði með þeim skilyrðum, að hlutafé yrði greitt með jöfnum afborgunum á 5 árum og venjulegum fasteignavöxtum. Flestir hluthafanna hafa svarað játandi. Af þessum 4 millj. hlutafjár, sem eru í einkaeign, eru hluthafar, sem eiga hlutafé að upphæð kr. 40 þúsund, sem ýmist hafa ekki svarað eða neitað. Með þessu frv. er gert ráð fyrir að taka eignarnámi þann hluta hlutafjárins, sem ekki fæst keyptur með frjálsu samkomulagi.

Hlutverk Áburðarverksmiðjunnar verður áfram það sama og það hefur verið, eins og frv. ber með sér. Það er gert ráð fyrir, að Áburðarverksmiðjan selji áburðarefni og önnur efni, sem tengd eru áburðarvinnslu, að verksmiðjan hlíti sérstakri stjórn samkvæmt þessum lögum undir yfirstjórn landbrh. Þá er gert ráð fyrir því, að rekstri verksmiðjunnar verði jafnan hagað þannig, að hún sé þess tæknilega og fjárhagslega umkomin að gefa áburðarnotendum kost á eins góðum og ódýrum áburðarefnum og frekast er völ á. Þá er gert ráð fyrir því, að Áburðarverksmiðjan taki við öllum eignum og skuldum, réttindum og skyldum Áburðarverksmiðjunnar h. f. 1. maí n. k. og kemur þá að öllu leyti í hennar stað. Það má vera, að það þurfi að breyta þessari dagsetningu með tilliti til þess, hversu stutt er til 1. maí. Þá er gert ráð fyrir því, að hlutafélagið Áburðarverksmiðjan verði jafnframt leyst upp, miðað við sama tíma, og hlutabréf, sem þá verða í eign annarra aðila en ríkisins, tekin eignarnámi samkv. ákvæðum 13. og 14. gr. þessara laga. Gert er ráð fyrir, að ríkissjóður leggi Áburðarverksmiðju ríkisins til sem stofnfé hlutafé Áburðarverksmiðjunnar h. f. og ríkissjóður leggi ennfremur til stofnfjárframlag, eins og ákveðið kann að verða í fjárl.

Þá er gert ráð fyrir því, að að því leyti, sem stofnfé hrekkur ekki til greiðslu stofnkostnaðar, verði verksmiðjunni heimilað að taka fé að láni innanlands og utan, enda samþykki ríkisstj. lántökuna samkv. sérstakri heimild í fjárl. hverju sinni.

Þá verði verksmiðjunni heimilað að taka lán og taka ábyrgð á greiðslum og öðrum skuldbindingum til þarfa fyrirtækisins, annarra en stofnkostnaðar. Gert er ráð fyrir, að stjórn verksmiðjunnar verði skipuð 5 mönnum, en í hv. Ed. kom fram tillaga um það, að stjórnarnefndarmenn yrðu 7, þar af 2 tilnefndir, annar af Búnaðarfélagi Íslands og hinn af Stéttarsambandi bænda. Þessi till. var felld í hv. Ed., og sýnist það vera eðlilegt í ríkisfyrirtæki, að ef til þess kæmi að fjölga stjórnarnefndarmönnum, þá yrðu þeir allir kosnir í Alþ., og væri þá vitanlega sjálfsagt og eðlilegt, að þar væru fulltrúar frá landbúnaðinum sérstaklega valdir af þeim flokkum, sem þess óska. Þá er að sjálfsögðu gert ráð fyrir því, að verksmiðjan ráði framkvæmdastjóra fyrir verksmiðjuna, sem hafi prókúruumboð fyrir hana. Að öðru leyti er þetta frv. að mestu leyti eins og lögin um Áburðarverksmiðjuna eru nú, þegar frá er talin sú breyting, að hlutafélagi er breytt í ríkisfyrirtæki, og tel ég út af fyrir sig ekki ástæðu til þess að rekja frv. nánar.

En við stækkun verksmiðjunnar er gert ráð fyrir því, að verksmiðjan framleiði fjölbreyttari áburð en hún nú gerir og fullnægi áburðarþörf landsmanna, bæði að gæðum og magni. Þess vegna er það, að stjórn

Áburðarverksmiðjunnar sneri sér til Rannsóknastofnunar landbúnaðarins, Stéttarsambands bænda og Búnaðarfélags Íslands og óskaði eftir till. frá þessum aðilum um það, hvers konar áburð skyldi framleiða í hinni nýju Áburðarverksmiðju. Rannsóknastofnun landbúnaðarins, Stéttarsamband bænda og Búnaðarfélagið hafa skilað sameiginlegu áliti um það, hvaða áburðartegundir mundu henta íslenzkum landbúnaði bezt, og verður stækkunin gerð með tilliti til þess, að unnt verði að framleiða þann áburð, sem talinn er æskilegastur og beztur fyrir íslenzkan landbúnað. Stefnt er að því að byrja á stækkuninni á þessu ári, og má þá vænta þess, að henni verði lokið snemma á árinu 1971.

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til að svo komnu að hafa fleiri orð um þetta frv., svo kunnugt sem það er hv. alþm., en legg til, að að lokinni þessari umr. verði málinu vísað til 2. umr. og hv. landbn.

Jónas Jónsson: Herra forseti. Ég tel ástæðu til, áður en þetta frv. fer til nefndar, að fara nokkrum orðum um eitt atriði, sem hæstv. landbrh. drap reyndar á í ræðu sinni, en það er varðandi ákvæði um stjórn Áburðarverksmiðjunnar, eftir að hún er orðin að hreinu ríkisfyrirtæki. Það hafa um fleiri ár verið kröfur bændasamtakanna, Stéttarsambands bænda og Búnaðarfélags Íslands, sem þá hafa komið fram á Búnaðarþingi, að bændasamtökin sem slík ættu aðild að stjórn Áburðarverksmiðjunnar. Fyrir þessu er að sjálfsögðu hægt að færa mörg rök. Það er augljóst mál, að þessi verksmiðja og framleiðsla hennar og verðlag á hennar framleiðsluvöru skipta bændur ákaflega miklu máli. Þetta er annar stærsti liður í þeirra rekstrarútgjöldum, áburðurinn, og hefur þess vegna mjög mikil áhrif á verðlag landbúnaðarvara og það aftur á allt verðlag í landinu, og þannig séð hefur áburðarverð mikið að segja í landinu. En auk þess koma þarna mörg tæknileg atriði til greina svo sem gerð áburðar. Og þó að því hafi nú verið lýst yfir, og ég veit, að það er rétt, að við þessa stækkun Áburðarverksmiðjunnar, sem nú er fyrirhuguð, hefur verið haft fullt samráð við bændasamtökin og þeirra fagmenn, — seinna geta ýmis mál komið upp, sem orka tvímælis, önnur heldur en þau, sem beint varða rekstur verksmiðjunnar og verðlag á áburði, — má benda á, að það er einnig af fenginni reynslu undanfarinna ára og áratuga, sem bændur gera þessar kröfur, og ég vil segja mjög eðlilegu kröfur, um að þeir eigi beina aðild að stjórn verksmiðjunnar. Þessar kröfur bænda og endurteknu kröfur á Búnaðarþingi og aðalfundum Stéttarsambands bænda álít ég, að svari raunar því, sem hæstv. landbrh. vildi meina, að það ætti að vera tryggt, að bændur eða þeirra fulltrúar fengju aðild í gegnum hina þingkjörnu stjórn. Þetta svarar því, að þeir líta ekki svo á. Þessi samtök líta ekki svo á eða hafa ekki litið svo á, að þeirra hlutur sé tryggður í gegnum þingkjörna stjórn. Eins og mönnum er kunnugt, er meiri hl. stjórnar Áburðarverksmiðjunnar kosinn af Alþingi, en samt sem áður hafa þessar kröfur verið uppi ár eftir ár. Ég get aðeins vitnað hér í ályktun frá síðasta Búnaðarþingi og mun lesa hana með leyfi hæstv. forseta:

„Búnaðarþing fagnar yfirlýsingu landbrh. við setningu þingsins um, að hafizt verði handa á komandi vori um stækkun Áburðarverksmiðjunnar í Gufunesi. Í því sambandi leggur þingið sérstaka áherzlu á fjölþættari áburðarframleiðslu, svo sem alhliða blandaðan áburð og kalkblandaðan köfnunarefnisáburð, enda er gengið út frá því sem sjálfsögðu, að verksmiðjan verði samkeppnisfær við innfluttan áburð um verð og gæði. Jafnframt minnir þingið á fyrri kröfur sínar um, að Búnaðarfélag Íslands og Stéttarsamband bænda fái að tilnefna sinn manninn hvort í stjórn verksmiðjunnar."

Ég hef ekki undir höndum samþykktir frá aðalfundi Stéttarsambands bænda, en þær munu vera til um svipað efni. Þetta vildi ég láta koma fram, svo að nm. þeir, sem fjalla um málið, geti skoðað hug sinn um það, hvort það sé ekki rétt og sjálfsagt að verða við þessum eðlilegu kröfum bænda. Það má benda á, að það er gagnkvæmt, að bændurnir eru háðir verksmiðjunni og verksmiðjan er háð þeim, og þess vegna hlýtur það að vera eðlilegt, að þeir hafi þarna beina aðild að stjórninni, eða þeirra samtök.

Þá vil ég mega benda á það, að þetta mun ekki vera einsdæmi, að stéttarsamtök eða aðilar hafi þannig aðild að stjórn ríkisfyrirtækis, þar sem er stjórn Síldarverksmiðja ríkisins, en þar mun vera nýlega gerð sú lagabreyting, að þar eiga viðkomandi aðilar, útvegsmenn og síldarsjómenn, fulltrúa. Ég tek það fram, að mér er ekki nákvæmlega kunnugt um það, en þarna mun vera fordæmi fyrir nákvæmlega því sama eins og bændasamtökin fara fram á, að nú verði gert.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til landbn. með 24 shlj. atkv.

Á 94. fundi í Nd., 13. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 482, n. 710, 723).

Frsm. (Bjartmar Guðmundsson): Herra forseti. Landbn. þessarar hv. d. gerir nokkrar brtt. við þetta frv. Í fyrsta lagi er þess að geta, að nefndin er sammála um að styðja að því, að frv. nái fram að ganga. En við 6. gr. gerir nefndin þá breytingu, þ.e. varðandi stjórn verksmiðjunnar, að í staðinn fyrir 5 komi 7. Og í öðru lagi, að 4 stjórnarmenn þurfi til þess að skuldbinda verksmiðjuna í staðinn fyrir 3, eins og er í frv. Að athuguðu máli taldi nefndin rétt að gera þessa brtt., en varð ekki sammála um, á hvern hátt stjórnin yrði kosin. Meiri hl. n. leggur til, að stjórnin verði öll kosin hlutbundinni kosningu í sameinuðu Alþingi, en minni hl. hefur lagt til, að stéttarsamtök bænda tilnefni tvo menn í stjórnina.

Ég lít svo á, að öllu réttlæti sé fullnægt, ef fram fer hlutbundin kosning um stjórnina, og tel það öllu eðlilegra heldur en að stéttarsamtökin hafi þar þau forréttindi fram yfir aðrar stéttir að kjósa eða tilnefna 2 menn í stjórnina, þar sem þetta mál varðar alla þjóðina og ekki neitt endilega sérstaklega bændastéttina. Ég ætla, að það séu nógir möguleikar til þess að koma fulltrúum bænda inn í stjórnina með þessum hætti, þar sem þingflokkarnir vilja að sjálfsögðu, a. m. k. sumir og sennilega allir, stuðla að því, að hlutur bænda verði ekki fyrir borð borinn í þessu né öðru.

Þá er annars að geta, að við nánari athugun á frv. eftir að við skiluðum nál. kom í ljós að breyta þurfti nokkrum gr. frv. til samræmis við það, að það er öllu seinna á ferðinni heldur en gert var ráð fyrir í upphafi og tímatakmörk því umliðin, sem frv. gerir ráð fyrir, þ. e. a. s. 1. maí. Og ég vil leyfa mér að leggja hér fram skriflega brtt. til þess að leiðrétta þetta. Landbn. ræddi þetta atriði í morgun á fundi sínum og leggur til:

Í fyrsta lagi við 3. gr., fyrir orðin „til 1. maí 1969" komi „hinn 1. júlí 1969". Og við 13. gr. fyrir „30. apríl 1969" komi „30. júní 1969". Og fyrir „hinn 1. maí 1969" komi „hinn 1. júlí 1969". Við 14. gr., upphaf gr. orðist svo: „Til 1. júlí 1969 falla hlutabréf verksmiðjunnar" o. s. frv. Og við 15. gr. enn fremur, að fyrir orðin „frá 1. maí 1969 til greiðsludags" komi „frá 1. júlí 1969 til greiðsludags".

Ég vil leyfa mér að afhenda hæstv. forseta þessa skriflegu brtt. og óska, að hann taki hana fyrir og leiti afbrigða fyrir henni.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 753) leyfð og samþ. með 25 shlj. atkv.

Vilhjálmur Hjálmarsson: Herra forseti. Ég vil með örfáum orðum gera grein fyrir brtt., sem ég flyt ásamt hv. 5. þm. Norðurl. e. Það hafa lengi verið uppi óskir frá bændasamtökunum um það að fá aðild að stjórn Áburðarverksmiðjunnar. Nú, þegar Áburðarverksmiðjunni er breytt í ríkisfyrirtæki, liggja þessar óskir enn fyrir. Hv. Ed. féllst að nokkrum hluta á þessar óskir með því að veita Búnaðarfél. Íslands aðild að endurskoðun fyrirtækisins, en hins vegar felldi deildin fram komna till. um, að tveir af stjórnarnefndarmönnum skyldu tilnefndir af bændasamtökunum. Við viljum hins vegar freista þess að flytja till. í sömu stefnu hér í þessari hv. deild. Okkur virðist það mjög eðlileg ósk frá bændasamtökunum, að þau fái aðild að stjórn þessa fyrirtækis. Fyrir slíku eru einnig fordæmi í íslenzkri löggjöf. Í stjórn Síldarverksmiðja ríkisins, sem er hreint ríkisfyrirtæki eins og Áburðarverksmiðjan verður að samþykktu þessu frv., eiga sæti tilnefndir fulltrúar af hagsmunaaðilum, einn frá félagssamtökum síldarsjómanna og annar frá Landssambandi ísl. útvegsmanna. Okkur virðist mjög eðlilegt, að sami háttur verði hafður á hér. Það kemur einnig að okkar áliti ágætlega heim og saman að forma þátttöku bændasamtakanna á þann hátt, sem í till. okkar felst, að Búnaðarfélagið eða Búnaðarþing tilnefni annan aðila, en Búnaðarfélagið er eins og kunnugt er fagsamtök bændanna, og Stéttarsambandið, sem er kjarabaráttufélagsskapur þeirra, tilnefni annan fulltrúa. Við væntum þess, að litið verði með skilningi á þetta mál, og brtt. okkar verði samþykkt.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 29:3 atkv.
2. gr. samþ. með 29 shlj. atkv.
Brtt. 753,1 samþ. með 27 shlj. atkv.
3. gr., svo breytt, samþ. með 29 shlj. atkv.
4. gr. samþ. með 29 shlj. atkv.
5. gr. samþ. með 28 shlj. atkv.
Brtt. 723 felld með 23:11 atkv.
Brtt. 710 (ný 6. gr.) samþ. með 29 shlj. atkv.
7.—12. gr. samþ. með 29 shlj. atkv.
Brtt. 753,2 samþ. með 29 shlj. atkv.
13. gr., svo breytt, samþ. með 27 shlj. atkv.
Brtt. 753,3 samþ. með 30 shlj. atkv.
14. gr., svo breytt, samþ. með 27 shlj. atkv.
Brtt. 753,4 samþ. með 29 shlj. atkv.
15. gr., svo breytt, samþ. með 29 shlj. atkv.
16.—20. gr. samþ. með 30 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 30:5 atkv.

Á 95. fundi í Nd., 16. maí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 754).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 23:4 atkv. og endursent Ed.

Á 96. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að frv. væri endursent frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 97. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til einnar umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði leyfð og samþ. með 17 shlj. atkv.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 15 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 789).

---

60. Lán vegna framkvæmdaáætlunar 1969.

Á 40. fundi í Sþ., 16. apríl, var útbýtt:

Frv. til l. um heimild fyrir ríkisstj. til að taka lán vegna framkvæmdaáætlunar fyrir árið 1969 [216. mál] (stjfrv., A. 463).

Á 78. fundi í Nd., 17. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Það hefur verið venja frá því að hafin var gerð framkvæmdaáætlana 1963, að fjmrh. hafi gefið Alþingi yfirlitsskýrslur um ástand í efnahagsmálum og þróun þeirra mála s. l. ár. Ég mun ekki gera það í þetta sinn af tveimur ástæðum bæði vegna þess, að mjög mikil gagnasöfnun fór fram í sambandi við þróun efnahagsmála í sambandi við viðræður stjórnmálaflokkanna á s. l. hausti, þannig að yfirlitsskýrslur lágu þá fyrir um þau efni, sem rædd munu hafa verið þá í stjórnmálaflokkunum, og einnig er þess að gæta, að aðstæður allar í efnahagsmálum nú eru það óljósar, að það er mjög erfitt um vik á þessu stigi að gera spá um þróunina á þessu ári. Ég mun því í þetta skipti láta mér nægja að gera grein fyrir áætluninni sjálfri og þeim framkvæmdum, sem beinlínis er fyrirhugað að ráðast í á þessu ári til viðbótar þeim framkvæmdum, sem ráðizt verður í samkv. þegar gerðum ákvörðunum Alþ. í fjárl.

Undanfarin ár hefur nokkuð verið að því fundið, að

þessi framkvæmdaáætlun kæmi fram seint á þingi og mönnum gæfist því ekki tóm til þess að íhuga sem skyldi allar hliðar þessa máls. Á þessu varð breyting á þessu ári svo sem ég skýrði frá á Alþ. í fyrra, að ég mundi stefna að, en sú breyting var í því fólgin, að með fjárlagafrv. í haust var látin fylgja grg. um framkvæmdaáætlunina, þ. e. a. s. þau viðfangsefni, sem ríkisstj. teldi óumflýjanlegt að sinna til viðbótar þeim framkvæmdamálum, sem sérstaklega voru tekin til meðferðar í fjárl. Í þeirri grg. var tekið fram, að óumflýjanlegt væri að gera sérstakar ráðstafanir til fjáröflunar umfram það, sem þá var sýnilegt, að hægt væri að ná með hinni venjulegu lánsfjáröflun og yrði því naumast um annað að ræða en að taka inn í fjárl. ýmsar framkvæmdir, ef á annað borð ætti að þeim að vinna. Þetta var gert í ýmsum tilfellum, og sumar framkvæmdir, sem þar var gerð grein fyrir, teknar inn í meðferð Alþ. á fjárlagafrv. Út af stöðu hins vegar margar framkvæmdir, sem gert var ráð fyrir í þessum drögum að framkvæmdaáætlun, að auðið mundi verða að fjármagna með lánsfé, og það eru þær framkvæmdir, sem nú liggur fyrir í því frv., sem hér er til umr., að taka afstöðu til á hinu háa Alþ., því að í sambandi við fjárlagameðferðina var engin ákvörðun tekin um framkvæmdaáætlunina, enda var hún birt þar sem fskj. til upplýsinga fyrir þm. og þá til aths., ef ástæða þætti til, en hins vegar ljóst, að síðar á Alþ. yrði að leita sérstakra heimilda, þegar að því kæmi að ákvarða nánar um einstakar framkvæmdir og fjáröflun til þeirra.

Með þessu frv. er leitað heimilda Alþ. til ákveðinnar fjáröflunar í sambandi við þær framkvæmdir, sem ríkisstj. telur óumflýjanlegt að afla fjár til. Annað hvort er þar um beinar framkvæmdir að ræða eða lánagreiðslur, sem þarf að standa undir og ekki er gert ráð fyrir í fjárl. af ýmsum ástæðum. Samtals nemur þessi heildarfjárhæð 225 millj. kr., sem er verulega lægri upphæð en var á s. l. ári, en þá var náð saman endum á þann veg, að allverulegur hluti af framkvæmdaláni ensku, sem þá var tekið, rann til framkvæmdaáætlunarinnar, en nú er ekki gert ráð fyrir að það gefist. Það lán, sem nú hefur verið tekið af ríkissjóði, verður notað til framkvæmda að vísu á þessu ári eða næsta ári, en það verður ákveðið síðar af stjórn framkvæmdasjóðsins í samráði við ríkisstj. hvernig því lánsfé verður varið og er það ekki innan ramma þessa frv. Það er gert ráð fyrir, að þessara 225 millj. kr. verði aflað með tvennum hætti, annars vegar útgáfu spariskírteina, sem er gert ráð fyrir, að verði jafnhá fjárhæð og var á s. l. ári eða 75 millj. kr. í nýjum skírteinum, en aftur á móti er gert ráð fyrir, að til viðbótar komi 80 millj. kr. í endurseldum spariskírteinum í stað þeirra skírteina, sem innleyst hafa verið. Það hafa jafnan á undanförnum árum verið gefin út ný skírteini og fjöldinn af þeim, sem hefur átt hin eldri skírteini, hefur óskað eftir því að halda þeirri skírteinaeign sinni áfram, þannig að hér er ekki um nýtt álag á bankakerfið að ræða, heldur aðeins endurnýjun á þessum lánum.

Það er gert ráð fyrir því, að þessi spariskírteini verði gefin út með sama hætti og með sömu kjörum og spariskírteini á undanförnum árum. Mér er það vel ljóst, að það hefur komið hér fram í umr. á Alþ., að það eru nokkuð skiptar skoðanir um spariskírteini þessi og réttindi þau, sem þeim fylgja, bæði varðandi undanþágu þeirra frá framtalsskyldu og skattfrelsi þeirra. Ég tel ekki mögulegt að breyta þessu meðan í gildi eru þau ákvæði um sparifé, sem nú eru í gildi. Hins vegar getur verið full ástæða til að taka þetta mál til heildarathugunar og geri ég ráð fyrir, að það verði gert í sambandi við þá endurskoðun skattalaga, sem verður óumflýjanleg í sambandi við staðgreiðslukerfið, og þá komi bæði þetta og ýmis önnur atriði til sérstakrar athugunar.

Þá er í öðru lagi gert ráð fyrir því, sem er sams konar fjáröflun og á undanförnum árum, að heimild verði veitt til þess að taka vörukaupalán hjá Bandaríkjastjórn, svokölluð PL-480 lán, sem gert er ráð fyrir, að nemi í ár allt að 1.6 millj. dollara. Þessar fjáröflunarleiðir eru þær sömu og verið hafa undanfarin ár til framkvæmdaáætlana ríkisins sjálfs, en eins og hv. þm. er kunnugt hefur framkvæmdaáætlunin verið í tvennu lagi, annars vegar ríkisframkvæmdirnar og hins vegar fjármögnun stofnsjóða atvinnuveganna, en eftir að Framkvæmdasjóður Íslands var settur á laggirnar kemur það í hans hlut að afla fjár til stofnsjóða atvinnuveganna, sem væntanlega verður gert með samvinnu við bankakerfið og eftir atvikum með einhverri fjáröflun eftir öðrum leiðum. En af þeirri ástæðu kemur það ekki í minn hlut að gera grein fyrir þeim kafla áætlunarinnar hér, enda hefur ekki verið endanlega frá því máli gengið, en verður væntanlega til upplýsingar innan tíðar eftir að stjórn Framkvæmdasjóðsins hefur gengið frá þeirri fjáröflun endanlega.

Ég skal þá víkja með örfáum orðum að þeim framkvæmdum, sem hér er um að ræða. Vitanlega getur það alltaf orkað tvímælis, hverju á að verja fé til og hvað langt á að ganga í því efni á hverju ári. Það hefur verið á það bent hér áður, sem er alveg rétt, að þær framkvæmdir, sem eru stöðugt vandamál, að segja má, er mjög vafasamt að fjármagna með lántökum, heldur á að koma til bein fjárveiting úr ríkissjóði hverju sinni, þó að þetta hafi verið gert í ýmsum tilfellum til að hraða framkvæmdum. Aftur á móti eru aðrar framkvæmdir, sem eru annað hvort alveg sérstaks eðlis og ekki að búast við hliðstæðum framkvæmdum á næstu árum eða þá framkvæmdir, sem með einhverjum hætti standa undir sér sjálfar. Til þess konar tegunda framkvæmda er ekkert óeðlilegt og raunar sjálfsagt að taka lán. Það, sem réði varðandi val þeirra framkvæmda, sem nú er gert ráð fyrir að afla fjár til á þessu ári, er fyrst og fremst mat á því, hvað væri óumflýjanlegt í þessum efnum, og hygg ég, að naumast geti það orkað tvímælis, að svo sé um alla þá liði, sem eru hér upp taldir. Það hefur ekki verið venja áður í sambandi við frv. sem þessi að lögfesta nákvæmlega til hverra hluta eða til hverra framkvæmda lánsféð skyldi ganga, en mér fyndist ekki óeðlilegt, enda eðlileg ósk frá hv. Alþ., að það sé gert, ef þess er kostur, þegar frv. er lagt fram og þar sem við þykjumst sjá endanlega fyrir nú, hverjar þarfirnar verði í hverju einstöku tilfelli, þá er beinlínis gert ráð fyrir því í 7. gr. frv. að skipta fénu nú þegar þannig, að hér verður um formlegar fjárveitingar að ræða sambærilegar við það, sem er við meðferð fjárl.

Fjárveiting sú, 24.3 millj. kr., sem gert er ráð fyrir að

verja til borana og rannsókna á Reykjanesi, er í sambandi við hugsanlega saltvinnslu og sjóefnaverksmiðju á Reykjanesi. Það getur naumast verið um það ágreiningur, eins og ástatt er í okkar atvinnulífi, að það beri brýna nauðsyn til að kanna alla möguleika til eflingar þess. Þarna hefur verið unnið að verulegum undirbúningsrannsóknum á s. l. ári, en þeir, sem fyrir þeim standa, telja óumflýjanlegt að halda þeim áfram til þess að fá endanlega úr því skorið, hvort saltvinnsla og sjóefnagerð sé hagkvæm eða ekki, og það er vitanlega mikilvægt, að sú niðurstaða fáist sem fyrst. Og lágmarksnauðsyn í þessu sambandi er talin vera 24.3 millj. kr., sem hér er ætlunin að verja lánsfé til.

Boranir í Námaskarði. Um þær er það að segja, að þar er um að ræða leit að heitu vatni og jarðgufu, raunar kannske varla leit, því að það er vitanlegt, að þar er um næga orku að ræða, en borun eftir orku til þess að fullnægja orkuþörfum gufuorkuvers, sem þar hefur verið komið á laggirnar, bæði til þess að fullnægja gufuþörf Kísiliðjunnar og einnig til þess að veita nauðsynlegri orku til gufustöðvar Laxárvirkjunarinnar, sem þar hefur nú verið byggð. Það er talið, að það þurfi að bora þarna þrjár holur enn til þess að nægileg orka fáist, ekki hvað sízt vegna fyrirhugaðrar stækkunar Kísiliðjunnar, og mundi sú framkvæmd ekki koma að gagni, og raunar ekki heldur Laxárvirkjunarstöðin að fullum notum, nema hafizt verði handa þegar í vor um þessa viðbótarborun. Það getur því naumast orkað tvímælis, að hér sé um hina mikilvægustu framkvæmd að ræða.

Þá eru í þriðja lagi 9.3 millj. kr. til rannsókna á efra Þjórsársvæðinu. Það er til áframhaldandi rannsókna vegna virkjunar í Þjórsá. Svo sem hv. þdm. er kunnugt hefur verið gert ráð fyrir því, að virkjun Þjórsár yrði hraðað allverulega með hliðsjón af því, að áformað er, að álbræðslan verði stækkuð örar en áður hafði verið ráðgert, og með hliðsjón af framhaldandi rannsóknum í þessu efni verður því ekki skotið á frest að gera þarna viðbótarathuganir og er þessi fjárhæð við það miðuð.

Á undanförnum árum hefur það ætíð verið óumflýjanlegt að afla verulegs lánsfjár vegna Rafmagnsveitna ríkisins. Fjárhagur Rafmagnsveitnanna er stórkostlegt vandamál út af fyrir sig, sem ég skal ekki ræða hér, en eftir nákvæma könnun á fjárhagsaðstöðu Rafmagnsveitnanna og óumflýjanlegri fjárþörf í sambandi við framkvæmdir á þessu ári þá er talið nauðsynlegt að verja 42 millj. kr. til Rafmagnsveitnanna. Ég skal ekki rekja þær framkvæmdir í einstökum atriðum. Þar er fyrst og fremst um að ræða Smyrlabjargaárvirkjun, sem hafizt var handa um á síðasta ári, og auk þess margvíslegar minni framkvæmdir, sem óumflýjanlegt er að vinna að til þess að halda raforkukerfinu í viðunandi lagi.

Þá er í fimmta lagi gert ráð fyrir að verja 13.4 millj. kr. til framkvæmda á Keldnaholti, þ. e. við byggingar rannsóknastöðvanna þar. Þar er fyrst og fremst haft í huga að fá fullnægjandi starfsaðstöðu fyrir Rannsóknastofnun iðnaðarins og ljúka greiðslum vegna Rannsóknastofnunar byggingariðnaðarins, sem ekki var til nægilegt fé til á s. l. ári og varð því að fá nauðsynlega bráðabirgðafjáröflun, en nú þarf að koma á fast því láni. Það er mikil nauðsyn, að Rannsóknastofnun iðnaðarins komist þarna inn eftir, ekki eingöngu vegna þarfa hennar sjálfrar heldur vegna mikils húsnæðisskorts Háskólans, svo að hægt verði að losa húsnæði það, sem Rannsóknastofnunin nú er í og það hefur því verið talið óumflýjanlegt að greiða fyrir því, að þetta geti orðið með þessum hætti.

Landshafnirnar hafa jafnan verið á framkvæmdaáætlun á undanförnum árum. Nú er gert ráð fyrir aðeins smávægilegum framkvæmdum í landshöfnum, það er fyrst og fremst í Þorlákshöfn, og skuldagreiðslum, sem nema 5.8 millj. kr.

Þá eru tvö vegavandamál, sem gleypa stóran hluta af þessu fé, sem nú er til ráðstöfunar. Annars vegar er það Hafnarfjarðarvegur í Kópavogi. Það hefur verið gerður samningur um það við Kópavogskaupstað, að fjár yrði aflað til þeirrar vegagerðar ekki á þann hátt, að ríkið leggi það fé endanlega fram, heldur verði það síðar greitt af þéttbýlisfé Kópavogskaupstaðar, en það kemur að sjálfsögðu ekki til ráðstöfunar jafn ört og framkvæmdum miðar, og er því óumflýjanlegt að afla á þessu ári 43.5 millj. kr. handa Kópavogi í þessu skyni, sem endurgreiðist síðar, eins og ég sagði, af þessu fé. Þá er hið stöðuga vandamál, sem er Reykjanesbraut. Til hennar hefur verið aflað fjár í framkvæmdaáætlun undanfarin ár, og er svo einnig nú. Þar er um að ræða fé til þess í rauninni að velta áfram þeim skuldabagga, sem á þessum vegi hvílir. Það verður ekki gert til langframa, heldur verður að taka ákvarðanir innan tíðar um það, hvernig eigi að leysa þetta vandamál. Það er ljóst, að veggjaldið, ef það er ekki hækkað frá því, sem það er nú, og sú fjárveiting, sem er fyrirhuguð í vegáætlun, nægja engan veginn til þess að greiða niður það lánsfé, sem hvílir nú á þessum vegi, þannig að það verður að taka um það ákvörðun innan tíðar með hverjum hætti þetta skuli gert. Endalaust verður þessu ekki velt áfram og tekjur þær, sem nú eru til ráðstöfunar, nægja ekki nema til að greiða vextina af þeim skuldum, sem á veginum hvíla. Vegna Reykjanesbrautar í Breiðholti er smávægileg fjárhæð til greiðslu á láni, sem tekið var til bráðabirgða vegna byggingaráætlunarinnar, sem gerði nauðsynlegt að leggja þennan veg. Þá er gert ráð fyrir, að 10 millj. kr. verði lagðar til Menntaskólans við Hamrahlíð. Fjárveitingar til menntaskóla voru hækkaðar verulega í fjárl. yfirstandandi árs, en það hefur hins vegar komið í ljós, að ekki er talinn möguleiki á að fresta þeim framkvæmdum við Hamrahlíðarskóla, sem talið var í haust, að gerlegt væri að gera, heldur verði að hefjast handa nú þegar á þessu ári til þess að ljúka þeirri framkvæmd á næsta ári. En til þess er óumflýjanlegt að fá a. m. k. 10 millj. kr. nú, og yrði þá hafizt handa um þessa stækkun skólans nú í vor. Gert er ráð fyrir, að Lögreglustöðin í Reykjavík fái sömu lánsfjárhæð og var á framkvæmdaáætlun í fyrra. Þar er um mikla byggingu að ræða, eins og hv. þdm. er kunnugt, og auðvitað óviðunandi með öllu að reyna ekki að ljúka henni. Hún er búin að vera lengi í smíðum. Við þetta bætist nokkurt fé, sem veitt er nú á fjárl. í því skyni að koma upp fangaklefum í Lögreglustöðinni og leysa Síðumúla af hólmi, þannig að hann gæti verið sem venjulegt fangelsi og þannig leyst nokkuð fangelsisvandamálin. Sú ákvörðun var tekin í sambandi við fjárl. og ræði ég það ekki frekar hér.

Þá er loks lagt til, að 3 millj. kr. gangi til rannsókna á perlusteinsvinnslu. Um það mál hefur verið bæði rætt mikið á undanförnum árum og einnig töluvert mikið að rannsóknum þessum unnið í sambandi við ýmsa erlenda aðila, sem gert hafa á þessu könnun, en þær kannanir hafa hingað til ekki verið sérlega jákvæðar, a. m. k. er talið mjög vafasamt, að þarna sé um mjög verðmæta vöru að ræða, eins og menn höfðu vonað, en engu að síður er talið nauðsynlegt að fá endanlega niðurstöðu í þessu máli og gera það nú á þessu ári, og hafa verið gerðir samningar við erlent fyrirtæki í þessu efni, en áætlað er að þær framkvæmdir muni kosta um 3 millj. kr. Þetta er í stuttu máli sagt sú ráðstöfun fjár, sem gert er ráð fyrir í þessu frv. Vitanlega getur sú hv. n., sem fær málið til meðferðar, átt þess kost að fá nánari upplýsingar um einstök atriði eftir því, sem hún óskar, og sé ég því ekki ástæðu til þess að vera að þreyta hv. þdm. á lengra máli að sinni.

Ég legg til, herra forseti, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. fjhn.

Magnús Kjartansson: Herra forseti. Ekki alls fyrir löngu greindi hæstv. fjmrh. frá því að erlendar skuldir Íslendinga væru orðnar geigvænlega háar. Gjaldabyrðin, árlegir vextir og afborganir af erlendum skuldum, væru orðnar 15.8% af gjaldeyristekjum landsmanna. Hér er um að ræða einhverja þyngstu skuldabyrði, sem á nokkurri þjóð hvílir, svo að ég viti til, og hlýtur öllum að vera mikið áhyggjuefni. Síðan hæstv. ráðh. greindi frá þessari staðreynd, hafa verið lögð fram hér á þingi a. m. k. 3 frv., sem fela í sér heimild til erlendrar lántöku. Mér hefði því þótt hlýða, að hæstv. fjmrh. hefði gert nokkra grein fyrir þessari hlið málsins, t. a. m. áætlað fyrir okkur þm., hvernig þessi greiðslubyrði mun þróast á næstu árum. Hvaða spá er hægt að setja upp með tilliti til þeirra nýju lána, sem nú hafa verið tekin, og þeirra lána, sem fyrirhuguð kunna að vera á næstunni? Ég held, að þetta mál sé orðið það alvarlegt, að við verðum að gera okkur grein fyrir því af fullu raunsæi, að við verðum að vega og meta mjög nákvæmlega, hvaða erlend lán við tökum og í hvað við verjum þeim. Sá tími er liðinn, að það sé hægt að afgreiða slíka hluti þegjandi og hljóðalaust hér á þingi út frá einhverri almennri nauðsyn, sem kann að vera auðvelt að færa rök fyrir hverju sinni. Staða okkar er slík, að við verðum að skoða þessi mál af fullri gát.

Hæstv. fjmrh. lét þess getið í ræðu sinni hér áðan, að hann hafi verið vanur í sambandi við hliðstæð frv. áður að flytja yfirlitsskýrslu um efnahagsmál. Hins vegar taldi hann ekki ástæðu til þess nú, vegna þess að aðstæður allar í efnahagsmálum væru mjög óljósar, og erfitt að gera spár. Ég held að þessar forsendur hefðu einmitt átt að gera það ákaflega nauðsynlegt, að hæstv. fjmrh. hefði tekið þessa hlið málsins til umr. Ég held, að alþm. eigi raunar heimtingu á því að fá að vita, hvernig hæstv. ríkisstj. hugsar sér að bregðast við þeim vandamálum, sem komin eru upp í þjóðfélaginu. Þeir atburðir hafa nú gerzt, sem aldrei áður hafa gerzt á Íslandi, að Vinnuveitendasamband Íslands hefur tilkynnt verkbann á verulegan hluta íslenzkrar framleiðslu. Þetta er mjög alvarlegur atburður, sem mun hafa áhrif á alla þróun efnahagsmála, ef þetta verður látið viðgangast, einnig á framkvæmdaáætlun hæstv. ríkisstj. Hæstv. ríkisstj. hefur í vetur margsinnis lagt á það þunga áherzlu, að Íslendingar hafi orðið fyrir miklum skakkaföllum í efnahagsmálum, gjaldeyristekjur okkar hafi dregizt saman og þjóðartekjurnar lækkað. Hún hefur lagt á það þunga áherzlu að af þessum sökum verði að tryggja það, að framleiðslan geti haldið áfram óhindruð. Verkalýðshreyfingin hefur tekið á þessum málum af mjög mikilli varúð. Verkalýðshreyfingin hefur látið það ganga til félagsmanna sinna, að þeir séu sviknir um kaup, sem um var samið í fyrra, án þess að grípa til nokkurra alvarlegra ráðstafana ennþá. Þær ráðstafanir, sem fyrirhugaðar eru hjá verkalýðshreyfingunni, eru auðsjáanlega þannig hugsaðar, að þær eigi að raska sem minnst útflutningsframleiðslunni á Íslandi. Af hálfu verkalýðshreyfingarinnar hefur þannig verið beitt fullkominni ábyrgðartilfinningu, en slíkt hið sama verður ekki sagt um samtök atvinnurekenda, sem stefna nú að því, að því er virðist, að stöðva alla framleiðslu á Íslandi.

Ég held, að þetta sé mál, sem við alþm. ættum að hugleiða mjög gaumgæfilega og enn fremur verkalýðshreyfingin, vegna þess að við höfum hér í vetur margsinnis verið að fjalla um ráðstafanir til þess að aðstoða einmitt þessa atvinnurekendur. Í janúarmánuði í vetur var gert samkomulag á milli hæstv. ríkisstj. og verkalýðshreyfingarinnar, sem síðan hefur verið staðfest hér á þingi. Þetta samkomulag fól það í sér, að stofnaður er sérstakur sjóður með 300 millj. kr. til þess að tryggja atvinnuöryggi á Íslandi, til þess að veita fé til atvinnufyrirtækja. Ég vænti þess, að frá því verði nú tryggilega gengið, að þeir atvinnurekendur, sem tilkynnt hafa verkbann, fái ekki einn eyri úr slíkum sjóði. Ég vænti þess einnig, að frá því verði gengið, að slíkir atvinnurekendur fái ekki eyri að láni úr Atvinnuleysistryggingasjóði, en í þann sjóð hafa þeir gengið á undanförnum árum. Ég vænti þess einnig, að frá því verði gengið, að þeir fái enga fjármuni úr Atvinnujöfnunarsjóði, og ég vænti þess, að bankastjórar ríkisbankanna gefi slíkum mönnum þau svör nú, að það sé ástæðulaust að veita lán til atvinnurekenda, sem ekki vilja starfrækja fyrirtæki sín á sama tíma og mikið veltur á því, að öll okkar framleiðslutæki séu hagnýtt. Hæstv. ríkisstj. getur auðveldlega komið vitinu fyrir þessa ofstækisfullu atvinnurekendur með slíkum ráðum sem þessum. En ef það ekki nægir til, þá virðist mér vera óhjákvæmilegt, að hér á þingi verði flutt frv. um leigunám á þessum fyrirtækjum. Aðgerð, eins og þessa, mega hvorki landsmenn né Alþ. Íslendinga þola. Ég taldi rétt að vekja máls á þessu, vegna þess að hugleiðingar okkar um almennar lántökur og almennar framkvæmdir eru háðar því, að ekki hljótist óbætanlegt tjón af þessu ofstækisfulla framferði Vinnuveitendasambandsins, og það er skylda Alþ. og ríkisstj. að grípa til sinna ráða til að koma í veg fyrir, að úr hinum boðuðu verkbannsaðgerðum verði.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Ég skal nú ekki fara að ræða hér verkfallsmálin, né hver það er sem þar sýnir ofbeldi eða ofbeldi ekki. Það getur víst verið töluvert mikið álitamál, hverjir eru fremstir í því. Ég held, að það þjóni engu góðu á þessu stigi, á meðan

þau mál eru til meðferðar, að vera að ræða um það hverjir eigi sök á því, að framleiðsla stöðvist og hverjir ekki. Hitt er allt annað mál, að það er alveg rétt og styður það sem ég áðan sagði, að vegna þeirrar miklu óvissu, sem er í sambandi við framleiðslumálin og framleiðslustöðvanir, þá er ákaflega erfitt um vik að gera nokkra viðhlítandi spá á þessu stigi um það, hvernig þróunin verður í ár. Það er margt, sem bendir til þess, eða hefur bent til þess, að þróunin í ár yrði eitthvað betri en á síðasta ári, ef friður gæti haldizt í þjóðfélaginu, þannig að ég held, að það sé ekkert efamál, að þjóðin eigi mikið undir því, og á því geti raunar framtíð hennar næstu árin oltið, að það takist friðsamlega að leysa þau deilumál, sem nú eru uppi í þjóðfélaginu. Það væri mikil þjóðarógæfa, ef það ekki tækist og raunar skylt, að allir velviljaðir menn leggi sig fram um það að leysa þann vanda alveg öfgalaust og með því að viðurkenna þær staðreyndir, sem við blasa, en falli ekki í þá freistni að láta löngun til þess að fiska á gruggugu vatni og reyna að slá pólitískar keilur í því ástandi, sem er, verða ráðandi um afstöðu sína. Hér veltur á allt of miklu fyrir þjóðina til að það megi gerast. Ég ætla því ekki hér að fara að taka þátt í neinu karpi við þennan hv. þm. um það, hver eigi sök á einu eða öðru í þessu efni, þó að það væri vissulega fróðleikur í því að gera sér grein fyrir því, og verða vafalaust tækifæri til þess síðar. En þetta allt veldur því, að það er mjög erfitt um vik, eins og ég áðan sagði, að gera hér heildarframkvæmdarspá, fjárfestingarspá, fyrir árið, eins og gert hefur verið undanfarin ár. Það er hins vegar sjálfsagt, ef þau mál skýrast, að Alþ. verði gefin, svo fljótt, sem verða má, grg. um þau efni. Það skal ekki standa á mér að gera það eða ræða þau mál, eftir því sem tilefni gefast til.

Varðandi greiðslubyrðina af erlendum lánum er ég hv. þm. algerlega sammála um það, að hún er geigvænlega þung, og hún hefur, eins og oft hefur verið tekið fram, vegna þeirra áfalla, sem þjóðin hefur orðið fyrir, næstum tvöfaldazt á 2 árum. Það er ekki vegna skuldasöfnunar, heldur vegna þess að tekjurnar, sem eiga að standa undir þeirri greiðslubyrði, hafa minnkað. Nú er ákaflega erfitt að gera um það greiðsluspá fram í tímann. Það má auðvitað hugsa sér framleiðsluna eitthvað í svipuðu horfi og hún er nú, en í sannleika sagt þá vona allir, að úr þessu rætist, þannig að tekjur okkar aukist verulega, ef útgerð og önnur framleiðslustarfsemi fær að ganga með eðlilegum hætti, þannig að það væri erfitt, og ég segi nánast hörmulegt, ef við þyrftum að gera ráð fyrir því, að framleiðsla okkar yrði ekki meiri á næstu árum og verðlag hennar ekki hærra en svo, að greiðslubyrðin héldi áfram að vera svona þung. Það sem gerzt hefur síðan þessar staðreyndir lágu fyrir er, að tekin hafa verið 3 erlend lán, eins og hv. þm. réttilega einnig sagði, og hef ég síður en svo við það að athuga, ef menn vilja ræða það mál, og ég er algerlega sammála honum um það, að það þarf að athuga hvert skref, sem stigið er í þessum efnum. Þessi lán eru fyrst og fremst vegna Norðurlands- og Vestfjarðaáætlunar frá Viðreisnarsjóði Evrópu og voru tekin nú um áramótin. Um það voru, að ég hygg, allir hv. þm. sammála eftir atvikum, að eins og málsatvik stæðu, og vegna þeirrar miklu nauðsynjar einmitt að efla atvinnulíf á Norðurlandi og ljúka samgöngukafla Vestfjarðaáætlunar, þá yrði ekki framhjá þessari lántöku komizt, eins og aðstæður væru. Þetta held ég, að hafi verið sameiginlegt mat allra hv. þm. Í annan stað er svo þýzka lánið, sem nú hefur verið tekið til tvenns konar meginþarfa, annars vegar til þess að standa straum af því lánsloforði, sem gefið var í sambandi við samkomulag ríkisstj. við vinnuveitendur og verkalýðssamtök um eflingu atvinnulífsins hér á landi nú og á næsta ári og hins vegar til þarfa Framkvæmdasjóðs ríkisins. Eru þá hafðar í huga beinlínis framkvæmdir, sem eru gjaldeyrisskapandi eða gjaldeyrissparandi, og einnig að „konvertera" stuttum erlendum lánum, þannig að hér gæti ekki orðið um verulega þyngingu á greiðslubyrði að ræða. Þriðja lántakan er sú, sem felst í þessu frv., sem þyngir ekkert greiðslubyrðina með óeðlilegum hætti, vegna þess að hér er um vörukaupalán að ræða, þannig að hér er um nauðsynjavöru að ræða, sem flutt er til landsins, en um það samið, að í stað þess að greiða þessa vöru aftur nema að nokkru leyti, þá skuli meginhluti verðsins standa hér eftir og megi endurlánast hér innanlands. Þetta er sá samningur, sem gerður var við Bandaríkjastjórn samkvæmt PL-480 láni. Hér er því ekki hægt að segja, að hér sé um þyngingu greiðslubyrðar að ræða, þó að þetta lán sé tekið, því að vitanlega þarf að flytja inn þessa vöru og nota til þess erlendan gjaldeyri.

Þetta held ég, að sé það sem ég vildi sagt hafa í tilefni af ræðu hv. þm., en ég get staðfest það, að það er rétt, og algerlega í samræmi við mína skoðun, sem hann sagði, að það er ekki hægt, eins og sakir standa nú, að horfa á það eitt, að nauðsynlegt sé fyrir okkur að leggja í einar eða aðrar framkvæmdir í landinu og við þurfum þess vegna að taka til þess erlend lán. Við verðum að takmarka lánsfjáröflun okkar við það, sem styrkir gjaldeyrisstöðu okkar. Það er ekkert hættulegt að auka greiðslubyrði okkar með þeim hætti, því það er ekki þar með sagt að hún aukist, heldur á hún þá miklu fremur að léttast þegar frá líða stundir. Það er það meginsjónarmið, sem verður að hafa nú á næstu árum við töku erlendra lána. Um þetta held ég, að þurfi ekki að verða neinn ágreiningur, og ég persónulega er nákvæmlega þessarar sömu skoðunar.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til fjhn. með 28 shlj. atkv.

Á 83. fundi í Nd., 29. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 463, n. 576 og 588, 577).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. og brtt. – Afbrigði leyfð og samþ. með 25 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Guðlaugur Gíslason): Herra forseti. Fjhn. hefur haft til athugunar frv. það, sem hér liggur fyrir, og varð n. ekki sammála um afgreiðslu þess og skilar minni hlutinn sérstöku áliti. N. höfðu borizt tilmæli frá forseta Sþ. um að flytja brtt. við frv., og féllst n. á það og stendur öll að þeirri brtt., sem fram kemur á þskj. 577. Var gert ráð fyrir því, að forseti Sþ. mundi gera grein fyrir þeirri till., og tel ég því ekki ástæðu til að ræða hana hér sérstaklega. Ég tel heldur ekki þörf á því

að ræða frv. efnislega. Það kemur fram mjög greinilega í aths. við frv., hvernig gert er ráð fyrir, að þeirri fjárhæð, sem frv. gerir ráð fyrir, að tekin verði að láni, samtals 225 millj. kr., verði varið, þannig að ég sé ekki ástæðu til þess að gera neina sérstaka grein fyrir því, því að þetta kemur mjög greinilega fram á bls. 3 í aths., sem frv. fylgja. En meiri hl. n. leggur til, að frv. verði samþ. og þá að sjálfsögðu með þeirri breytingu, sem n. öll stendur að og fram kemur á þskj. 577.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Frv. þetta er hliðstætt frv., sem hér hafa verið flutt á þingi nokkur undanfarin ár í sambandi við svonefnda framkvæmdaáætlun ríkisins. Ég tel þann galla vera á í þessum efnum nú, eins og ég hef minnzt á hér áður, að ég teldi hið eðlilega vera, að sú framkvæmdaáætlun, sem hér er rætt um og ráðgert að afla fjár til, hefði í rauninni átt að liggja fyrir sem heild. En þó að gert sé ráð fyrir því í þessu frv., að þeim fjármunum, sem þar er rætt um, verði ráðstafað eins og segir í frv. og það eitt nægi út af fyrir sig sem sæmileg skýring á því, hvað á að gera við þetta fé, sem um er að ræða, þá verður þó að taka tillit til þess, að hér er aðeins um hluta af þessari svonefndu framkvæmdaáætlun að ræða. Og ég vil finna að þessu nú, eins og ég hef gert hér áður, því að ég tel, að þetta sé verulega gallað. Þá vil ég lýsa þeirri afstöðu minni, að ég er andvígur ákvæðum, sem fram koma í bæði 2. og 3. gr. varðandi hin svonefndu spariskírteinalán, sem ríkið hefur verið að gefa út á undanförnum árum og nú er enn óskað eftir heimild fyrir. Út af fyrir sig er ég ekki á móti því, að ríkissjóður geti fengið rétt til þess að gefa út spariskírteinalán, en þau lánakjör, sem ákveðin hafa verið í þessum efnum, eru með þeim hætti, að ég tel, að þetta lánsútboð sé mjög óeðlilegt, enda er enginn vafi á því, að greiðslur ríkisins af þeim lánum, sem tekin hafa verið með þessum hætti á undanförnum árum, eru orðnar gífurlega miklar, miklu meiri en yfirleitt er greitt í vexti og afborganir af lánum. Þá er ákvæði í 3. gr., þar sem rætt er um það, að þessi spariskírteini skuli vera undanþegin framtalsskyldu, það tel ég mjög gallað ákvæði. Það er enginn vafi á því, að það opnar möguleika til skattsvika og ég ætla, að það sé viðurkennt fullkomlega af öllum yfirmönnum skattamála í landinu, að þannig er því varið. Ég tel því, að þetta ákvæði ætti að taka breytingum, og ég mun verða á móti 3. gr. frv. nú, eins og ég hef verið áður, þegar um sambærileg mál hefur verið hér að ræða.

Ég er sammála skiptingunni á þeim fjármunum, sem hér er um að ræða í þessu frv. og fram kemur í 7. gr., í ýmsum atriðum eða mörgum liðunum, en hins vegar er ég ekki sammála því að verja þessu fé að öllu leyti eins og segir í þessari gr. Ég fyrir mitt leyti tel margt annað meira aðkallandi hjá okkur nú en taka sérstakt lán til þess að halda áfram byggingu lögreglustöðvarinnar í Reykjavík til viðbótar við þá fjármuni, sem veitt hefur verið á fjárl. í því skyni. Ég er andvígur því að verja þessu lánsfé á þennan hátt. Og fleiri liðir eru þarna nefndir, sem ég fyrir mitt leyti mundi ekki leggja áherzlu á að ráðstafa lánsfé ríkissjóðs í, eins og nú er ástatt.

Þá er einnig þess að geta, að ég tel, að það væri full ástæða til þess, að ríkið tæki lán til þess að sjá um vissar framkvæmdir í landinu, sem nú hafa dregizt óeðlilega aftur úr, eða ekki hafa fengið hvorki fjárveitingu á fjárl. né fyrirgreiðslu um lánsútvegun, en séu þó mjög aðkallandi mál, og því hef ég leyft mér að flytja hér brtt. við frv., þar sem gert er ráð fyrir viðbótarheimild handa fjmrh. til lántöku í ákveðnu augnamiði. En till. mín verður að flytjast hér sem skrifleg till. og vil ég vænta þess, að hæstv. forseti leiti afbrigða fyrir henni og hún geti komið hér undir atkv. við þessa umr., en till. er á þessa leið:

„Á eftir 6. gr. komi ný gr. svohljóðandi: Fjmrh. er heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að taka lán innanlands eða utan allt að 40 millj. kr., sem varið verði a) til Byggingarsjóðs verkamanna, kr. 20 millj., b) til Félagsheimilasjóðs, kr. 20 millj."

Ég veit, að allir hv. alþm. þekkja það, að Byggingarsjóður verkamanna hefur verið í mikilli fjárþröng nú um langan tíma, hefur dregizt stórkostlega aftur úr með að geta sinnt fyrirliggjandi lánabeiðnum, og ég tel, að það sé mjög illa farið, að þeim sjóði sé ekki sinnt a. m. k. til jafns við aðra byggingalánasjóði, sem ríkið hefur með að gera. Af þessum ástæðum legg ég það til, að ráðh. fái heimild til þess að taka lán fyrir þennan sjóð, sem nemur 20 millj. kr. Þá er það ekki síður kunnugt, hvernig ástatt er hjá Félagsheimilasjóði með hans fjárskuldbindingar og í sambandi við þau verkefni, sem hann hefur með að gera. Það mál var rætt á Alþ. fyrir stuttu, og ég efast ekki um, að allir hv. alþm. viðurkenni, að það er brýn þörf á því að afla þeim sjóði nýrra tekna eða möguleika til þess að geta haldið uppi þeim fjárgreiðslum, sem hann hefur raunverulega tekið að sér að sjá um. Ég legg því til, að ráðh. fái heimild til þess að taka lán fyrir Félagsheimilasjóð, sem nemur 20 millj. kr., og ég dreg enga dul á það, að ég tel, að hér sé um miklu þýðingarmeiri mál að ræða, sem meiri ástæða sé til að afla fjár til en til ýmissa þeirra liða, sem taldir eru upp í 7. gr. frv., þar sem ríkisstj. hefur ráðstafað eftir sínum geðþótta 225 millj. kr. til ýmiss konar framkvæmda, margra mjög þarfra en annarra að mínum dómi heldur vafasamra.

Mín afstaða til þessa frv. er því þessi. Ég flyt þessa brtt. við frv. um viðbótarheimildir, og hef fyrirvara um afstöðu til 2. og 3. gr. frv. Svo vildi ég vænta þess, að hæstv. forseti leitaði afbrigða fyrir þessum skrifl. till. minum.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 605) leyfð og samþ. með 22 shlj. atkv.

Frsm. 1. minni hl. (Skúli Guðmundsson): Herra forseti. Á þskj. 588 höfum við, ég og hv. 5. þm. Austf., gefið út sérstakt nál. um þetta frv., og var verið að útbýta því nú á fundinum.

Mér telst svo til, að ríkisstj. sé búin að fá lántökuheimildir á þessu þingi, sem nema samtals 960 millj. kr., og enn er eftir að afgreiða eitt stjórnarfrv. um 150 millj. kr. lántöku auk þess frv., sem hér liggur fyrir. Fyrst og fremst er hér um erlendar lántökur að ræða, en skuldirnar við útlönd eru orðnar ískyggilega miklar. Það er talið, að vextir og afborganir af útlendum lánum

þjóðarinnar á þessu ári muni nema yfir 30% af heildarverðmæti útfluttrar vöru frá landinu, eins og það var árið, sem leið, 1968, og enn er hæstv. ríkisstj. á þeysispretti út um lönd, bæði í Evrópu og Ameríku, að leita eftir lánum. En á sama tíma er margt í sukki hjá henni hér heima og sem dæmi um það er, að hún lætur ekki innheimtumenn sína víða um land skila á réttum tíma þeim ríkistekjum, sem þeir innheimta, heldur lætur vera hjá þeim tugi og jafnvel hundruð millj.

Við í 1. minni hl. fjhn. leggjum áherzlu á það, að áður en ríkisstj. notar þær lántökuheimildir, sem hún fær samþykktar á Alþingi, láti hún innheimtumenn sína skila til ríkissjóðs öllu því innheimtufé, sem þeir geyma í sínum vörzlum og geri ráðstafanir til þess, að þeir skili framvegis öllum ríkistekjum til ríkisins jafnóðum og þeir innheimta þær. Ég gerði þetta mál að umtalsefni hér á fundinum fyrr í dag í sambandi við umr. um ríkisreikninginn, og skal ekki hafa um það fleiri orð.

Í þessu frv. fer ríkisstj. fram á heimild til að taka vörukaupalán hjá ríkisstj. Bandaríkjanna, svo nefnd PL-480 lán, allt að 1.6 millj. dollara. Slík lán hafa verið tekin áður þar í landi, og þar sem þetta lán mun fást með hagstæðari kjörum en annað lánsfé teljum við í 1. minni hl. fjhn. ekki rétt að beita okkur á móti því, að það verði tekið, enda fyrirhugað samkv. frv. að verja því til gagnlegra hluta. Þá fer stjórnin einnig fram á heimild til að afla lánsfjár innanlands með sölu ríkisskuldabréfa eða spariskírteina að upphæð 75 millj. kr. Við þetta er það að athuga, að slík lán hafa verið tekin nokkur síðustu árin, og það fé, sem menn verja til kaupa á slíkum skuldabréfum og spariskírteinum, er nær eingöngu tekið út úr bankakerfinu, tekið af inneignum í bönkum og sparisjóðum, og fyrir þá sök verða þessar lánastofnanir miður færari en ella um það að bæta úr lánaþörf atvinnufyrirtækjanna. En eins og kunnugt er, hefur lánsfjárþörf atvinnufyrirtækjanna vaxið mjög að undanförnu, m. a. vegna þrálátra gengisfellinga. Við teljum því varhugavert að gera meira að því, eins og nú er ástatt, að taka þannig fé út úr bankakerfinu, nema jafnframt séu gerðar ráðstafanir til þess, að Seðlabankinn hætti að nota þá heimild, sem hann hefur til að binda hluta af sparifjáraukningu innlánsstofnana, og við flytjum því brtt. um það. Þá flytjum við einnig brtt. um að skuldabréfin eða sparifjárskírteinin, ef þau verða gefin út, verði skráð á nöfn eigenda. Þetta getur áreiðanlega orðið til þess að auðvelda skattyfirvöldum sitt starf. Þó að bréfin eða skírteinin verði ekki framtalsskyld og séu skattfrjáls, þá er hægt að skrá þau á nöfn eigenda og það gæti í mörgum tilfellum orðið til að auðvelda skattyfirvöldum sitt eftirlitsstarf. En það er skylt, að mínum dómi, að gera allt, sem unnt er, til þess að auðvelda þeim að komast að hinu rétta um framtöl manna og geta ákveðið skattgreiðslur samkv. því.

Ég skal ekki hafa um þetta fleiri orð, en vil, með leyfi hæstv. forseta, lesa þessar brtt. okkar, sem eru tvær. Það er fyrst við 1. gr., að við hana bætist: „Enda noti Seðlabanki Íslands ekki heimild sína til að binda hluta af sparifjáraukningu banka, sparisjóða og annarra innlánsstofnana á árinu 1969.“ Þetta á aðeins að gilda fyrir þetta ár, þetta bann við því, að hann noti þessar heimildir. Og hin brtt. er við 3. gr., að við hana bætist ný mgr. þannig: „Skuldabréfin og spariskírteinin skulu skráð á nöfn eigenda.“

Birgir Finnsson: Herra forseti. Brtt. sú, sem hér liggur fyrir frá hv. fjhn. á þskj. 577 um heimild til þess að taka að láni allt að 1 millj. d. kr. vegna viðgerðar á húsi Jóns Sigurðssonar í Kaupmannahöfn, er flutt að beiðni þingforseta og í samráði við hæstv. fjmrh. Leyfi ég mér að þakka ráðh. og n. góðar undirtektir við málið. Jafnframt vil ég nota þetta tækifæri til þess að efna loforð, er ég gaf hv. 1. þm. Norðurl. v. nýlega í Sþ., um að gera þingheimi grein fyrir helztu atriðum þessa máls.

Eins og kunnugt er bjó Jón Sigurðsson í húsinu við Östervoldgade 12, sem kallað er á íslenzku Austurveggur 12, í Kaupmannahöfn frá árinu 1852 til dauðadags árið 1879, eða í 27 ár. Húsið er á ákjósanlegum stað í borginni og í fögru umhverfi. Þegar Jón Sigurðsson flutti í það var húsið alveg nýtt og á þeirrar tíðar vísu með glæsilegri íbúðarhúsum. Varð þar fljótlega mjög gestkvæmt á heimili forsetans, og kemst Páll Eggert Ólason svo að orði í ævisögu hans, að húsið við Austurvegg hafi um ævi Jóns verið höfuðból alls félagslífs með Íslendingum í Kaupmannahöfn, háum sem lágum.

Nú eru liðin um 120 ár síðan saga þessa húss hófst. Á þeim tíma hefur margt breytzt. M. a. hefur farið af húsinu sá glans, sem á því hefur verið um daga Jóns Sigurðssonar, en staðurinn, sem það stendur á í borginni, og umhverfi þess er eftir sem áður hið ákjósanlegasta. Rétt hjá því eru húsakynni tækniháskólans. Úr gluggum á 3. hæð, þar sem Jón Sigurðsson bjó, er ágætt útsýni yfir fagran trjágarð.

Húsið er fjórar hæðir, sem leigðar hafa verið út til íbúðar. Í kjallara hefur verið ýmiss konar iðnaður, m. a. reiðhjólaverkstæði, svo sem kunnugt er af gamalli mynd. Nú síðast var þar beykisverkstæði. Umgangur leigjenda hefur verið misjafn og viðhald ófullnægjandi, þannig að um langan tíma hefur húsið við Austurvegg 12 verið ósköp venjulegt gamalt hús, traustbyggt hið ytra, en hrörlegt að innan, og langt frá því að fullnægja nútímakröfum um ýmis þægindi í íbúðarhúsum. Það eina, sem minnir á veru Jóns Sigurðssonar í húsinu, er koparplata utan á því, þar sem þess er getið, að forsetinn hafi átt þar bústað. Húsgögn Jóns Sigurðssonar eru, svo sem kunnugt er, í Þjóðminjasafni okkar. Hinn merki maður Tryggvi Gunnarsson á heiðurinn af því að hafa forðað þeim munum frá glötun.

Grunnflötur lóðarinnar er 177 fermetrar, en grunnflötur hússins er 157 fermetrar. Á hverri hæð er mjór gangur meðfram bakhlið, lítið kamers, tvær stofur, tvö svefnherbergi, vatnssalerni, eldhús og búr. Auk aðaluppgangs er eldhúsuppgangur á allar hæðirnar. Rafmagn í húsinu er eingöngu til ljósa. Til eldunar er notað gas.

Skal ég nú víkja að því, hvernig húsið við Austurvegg 12 komst í eigu Carls Sæmundsens stórkaupmanns, sem síðan gaf það íslenzku þjóðinni. Carl Sæmundsen er fæddur 14. febrúar 1886. Foreldrar hans voru Pétur Júlíus Jósefsson Sæmundsen, verzlunarstjóri á Blönduósi og kona hans, Magdalena Margrét Eðvarðsdóttir Möller. Hann lauk stúdentsprófi hér í Reykjavík 1905 og hélt að því loknu til Danmerkur, þar

sem hann hugðist læra augnlækningar. Lauk hann cand. phil. prófi árið 1907, en hvarf þá frá háskólanámi og innritaðist í Brochs Handelsskole og lauk þaðan prófi í verzlunarfræði. Síðan hefur hann rekið eigin fyrirtæki og oft greitt fyrir sölu íslenzkra afurða erlendis, og jafnan haldið við vináttu og viðskiptasamböndum hér heima. Hann starfar enn við fyrirtæki sín, þrátt fyrir háan aldur, og ferðast mikið.

Þessi ágæti Íslendingur, sem nú er á níræðisaldri, stefndi að því í 50 ár að eignast hús Jóns Sigurðssonar með það fyrir augum að gefa það síðan íslenzka ríkinu. Honum tókst um síðir að festa kaup á húsinu, en markmið hans var að afhenda húsið skuldlaust. Hélt hann þess vegna áfram að leigja það, eins og fyrri eigendur höfðu gert, en jók til mikilla muna viðhald þess og forðaði því frá frekari niðurníðslu. Carli Sæmundsen hefur alla tíð verið það mikið hjartans mál, að Austurveggur 12 yrði varanlegt minnismerki um Jón Sigurðsson og störf hans. Einnig hefur hann talið, að þar væri rétti staðurinn til þess að upplýsa Dani um, hvað hefur gerzt og er að gerast á Íslandi eftir að landið fékk sjálfstæði. Álítur hann mikilvægt og í anda Jóns Sigurðssonar, að milli Íslendinga og Dana ríki gagnkvæm vinátta á jafnréttisgrundvelli og vill, að húsið sé tákn um samúð og samstarfsvilja þjóðanna.

Að því kom svo á áttræðisafmæli Carls Sæmundsens þann 14. febrúar árið 1966, að hann tilkynnti sendiráði Íslands í Kaupmannahöfn, að hann hefði ákveðið að bjóða íslenzka ríkinu húsið að gjöf. Sendiherrann, Gunnar Thoroddsen, óskaði þess þá, að svar við þessu höfðinglega boði yrði sent samdægurs. Urðu forsetar Alþingis við þeirri ósk, að höfðu samráði við formenn þingflokkanna og svohljóðandi fréttatilkynning var gefin út frá Alþingi um málið þennan sama dag:
„Tilkynning frá Alþingi.

Sendiherra Íslands í Kaupmannahöfn hefur í dag borizt svo hljóðandi bréf frá Carli Sæmundsen stórkaupmanni þar í borg: „Á 80 ára afmælisdegi mínum er mér ljúft að staðfesta, að ég hef ákveðið að gefa íslenzka ríkinu (Alþingi) húseign mína, Östervoldgade 12. Í því húsi bjó Jón Sigurðsson forseti um langt árabil. Var þar þá samkomustaður Íslendinga og athvarf fyrir íslenzka menningu. Ef íslenzka ríkið þiggur þessa gjöf, er mér ljúft að ræða sem fyrst nánar um form afhendingarinnar."

Forsetar Alþingis hafa í dag sent gefandanum eftirfarandi skeyti:

„Alþingi árnar yður heilla á áttræðisafmælinu, og þiggur með þökkum hina stórhöfðinglegu gjöf yðar, sem ætluð er til að heiðra minningu Jóns Sigurðssonar og minna á Ísland og íslenzka menningu í Kaupmannahöfn. Er þess vænzt, að bráðlega gefist tækifæri til að ráðgast við yður um það, á hvern hátt þessu markmiði verði bezt náð."

Þann 17. júní 1966 afhenti svo Carl Sæmundsen Alþingi afsal fyrir húsinu skuld- og kvaðalausu. Hálfrar aldar draumur hans hafði þar með rætzt, og húsið við Austurvegg 12 í Kaupmannahöfn var orðið eign íslenzku þjóðarinnar fyrir atbeina hans og þrotlaust starf. Ég hef kynnzt Carli Sæmundsen í sambandi við þetta mál og haft mikla ánægju af þeim kynnum. Hann er sannur Íslendingur, minnugur og margfróður og ungur í anda. Íslenzka þjóðin stendur í þakkarskuld við hann fyrir að bjarga húsi Jóns Sigurðssonar frá gleymsku og eyðileggingu.

Sú spurning vaknaði að sjálfsögðu um leið og húsið var gefið, hvernig því yrði bezt ráðstafað þannig, að tilgangi gefandans yrði náð. Hefur það mál síðan stöðugt verið til umr. milli þingforseta og sendiráðsins annars vegar, en Carls Sæmundsens hins vegar. Ýmsar till. hafa komið fram um þetta og verið athugaðar, en áður en ég vík að þeim vil ég með fáeinum orðum skýra frá, hvað gera þurfti, áður en unnt væri að taka endanlegar ákvarðanir um viðgerð á húsinu og framtíðarnotkun þess.

Eins og fyrr segir var húsið allt í leigu, þegar Carl Sæmundsen gaf það. Húsaleigulög eru ströng í Danmörku. Óheimilt er að segja upp leigjanda, nema honum sé útveguð önnur íbúð jafngóð og með hliðstæðum leigumála. Einnig er bannað í Kaupmannahöfn að taka íbúðarhúsnæði til annarra nota, nema með sérstöku leyfi borgaryfirvalda. Sé slíkt leyfi veitt, er sá, sem það fær, skyldugur til þess að sjá um, að jafnmargar nýjar íbúðir verði til og þær, sem lagðar eru niður. Af þessum ástæðum var það ljóst þegar í upphafi, að ekki mundi auðvelt að losa húsið úr leigu og að það eitt mundi taka talsverðan tíma.

Haustið 1966 ákváðu þingforsetar, að gerðar skyldu ráðstafanir til að rýma húsið. Skyldi öllum leigjendum sagt upp, og jafnframt reynt að afla nauðsynlegra leyfa hjá dönskum stjórnvöldum til þess að taka húsið til sérstakra nota í Íslands þágu. Var sendiráðinu falið að annast þessar aðgerðir, sem engan veginn var auðvelt að framkvæma vegna hinna ströngu húsaleigulaga, sem ég gat um. En sendiherra okkar í Danmörku, Gunnar Thoroddsen, hefur mikinn áhuga á þessu máli og tókst honum af alkunnri lagni að leysa vandann með aðstoð velviljaðra danskra aðila. Þegar sendiherrann hafði skýrt málin fyrir borgarstjórum Kaupmannahafnar og öðrum stjórnvöldum, sem hlut áttu að máli, fengust nauðsynleg leyfi til þess að rýma húsið, breyta því og taka það til afnota sem „Islands Kulturhus." Öllum leigjendum var síðan útvegað annað húsnæði, sem þeir töldu viðunandi, og hafði tekizt að rýma húsið að fullu í ágústmánuði s. l. Eftir að leigjendum tók að fækka í húsinu varð ljóst, að þörf væri á eftirliti með því. Var þá beykirinn, sem áður leigði í kjallaranum, ráðinn til eftirlits með húsinu frá septemberbyrjun 1967.

Þingforsetar, skrifstofustjóri Alþingis og sendiherra Íslands í Danmörku hafa margsinnis átt ítarlegar viðræður við gefanda hússins, Carl Sæmundsen stórkaupmann, um framtíðarnotkun þess. Síðast var um þetta rætt hér í Reykjavík í byrjun desembermánaðar. Hugmyndir aðila fara saman hvað snertir notkun 4., 3. og 2. hæðar, en varðandi notkun 1. hæðar og kjallarans skilja leiðir. Gert er ráð fyrir, að á 4. hæð verði íbúð húsvarðar. Á 3. hæð, þar sem Jón Sigurðsson bjó, verði hin gamla íbúð hans búin munum til minningar um hann. Á 2. hæð yrði íbúð fyrir íslenzkan vísinda- eða fræðimann. Varðandi notkun 1. hæðar leggur Carl Sæmundsen til, að þar verði ýmsar skrifstofur og bókaherbergi. Kjallarann telur hann að nota megi til sýningar á íslenzkum afurðum.

Till. þingforseta um notkun 1. hæðar og kjallara eru

aftur á móti þær, að á 1. hæð verði félagsheimili Íslendinga í Kaupmannahöfn og að kjallarinn verði hagnýttur í sambandi við það. Yrðu þá fatageymslur, snyrtiherbergi, kyndiklefi og e. t. v. tómstundaherbergi og sýningarherbergi í kjallaranum. Á 1. hæð yrði fundarsalur fyrir 80—100 manns, eldhús, setustofa, bókaherbergi og skrifstofa. Tvö íslenzk félög starfa í Kaupmannahöfn, Íslendingafélagið og Félag ísl. stúdenta í Höfn. Hugmyndin um félagsheimili Íslendinga í húsi Jóns Sigurðssonar er frá þessum félögum komin. Til þess að skýra hugmyndina nánar skal ég með leyfi hæstv. forseta lesa hér upp grg. um málið, sem fyrirsvarsmenn félaganna sendu frá sér haustið 1966. En áður en ég hef þann lestur vil ég láta þess getið, að talið er, að í Kaupmannahöfn og næsta nágrenni hennar séu að staðaldri á 3. þúsund Íslendingar búsettir og við nám. Hef ég þá lestur greinargerðarinnar.

„Um félagsheimili fyrir Íslendinga í húsi Jóns Sigurðssonar.

Inngangur.

Á s. l. vetri hófu Íslendingafélagið og Félag ísl. stúdenta í Kaupmannahöfn könnun til undirbúnings lausnar á húsnæðisþörfum íslenzkrar félagsstarfsemi í Kaupmannahöfn. Athugaðir voru t. d. möguleikar á kaupum einbýlishúss. Í áliti n., sem fjallaði um húsnæðismálin, voru dregnir fram þeir höfuðeiginleikar, sem krefjast þyrfti af slíkri húseign, ef koma skyldi að notum. Er Carl Sæmundsen stórkaupmaður gaf Alþingi Íslands hús Jóns Sigurðssonar við Austurvegg opnuðust nýir og vænni möguleikar. Forystumenn félagsmála hér hafa átt samvinnu við Gunnar Thoroddsen sendiherra, sem hefur sýnt viðhorfum félaganna mikinn áhuga og hvatt félögin til að gera ítarlega grein fyrir óskum sínum. Því er hér með ráðizt í að rita stutt álit. Till. eru gerðar áþreifanlegri með því að styðjast við uppdrátt á skipan húsakynna á 1. hæð hússins við Austurvegg. Uppdráttinn gerði Þorsteinn Gunnarsson arkitekt, og fylgir uppdrátturinn sem fskj. Stuðzt er við álit ofangreindrar nefndar. Óskir félaganna um húsrými og nýtingu þess eru raktar í nokkrum liðum, 1—8. Þá eru örfá orð til áréttingar um búnað og rekstur félagsheimilis.

Herbergi félagsheimilis og nýting þeirra.

1. Fundarsalur.

Hann þarf að vera 60—70 fermetrar.

a. Salurinn verði opinn öllum Íslendingum tvö föst kvöld í viku. Á þessum kvöldum yrði engin ákveðin dagskrá, en það lægju frammi ný íslenzk dagblöð, tímarit og bækur.

b. Önnur kvöld verði t. d. aðstaða fyrir kvöldvökur, tónlistarkynningar, bókmenntakynningar, skák og spilakvöld, sérstakar samkomur fyrir eldra fólk, umræðufundi og aðra félagsfundi.

c. Halda mætti almennar guðsþjónustur fyrir Íslendinga í Kaupmannahöfn í fundarsalnum.

Aths. Á vegum Félags ísl. stúdenta í Kaupmannahöfn hafa íslenzk blöð legið frammi eitt kvöld í viku á kaffistofu háskólans, en hvort tveggja er, að húsnæði þetta er óhentugt og varla til frambúðar og auk þess ætlað stúdentum einum til afnota. Ekki er gert ráð fyrir, að fundarsalurinn fullnægi þörfum félaganna til stærri samkomuhalda, svo sem fullveldisfagnaðar, þorrablóts, Þorláksblóts, sumarfagnaðar, lýðveldisfagnaðar og guðsþjónustu á stórhátíðum. Á hinn bóginn opnar félagsheimilið möguleika á ýmissi nýbreytni í félagsstarfsemi, sem húsnæðisskortur hamlar nú. Á síðustu árum hefur t. d. þráfaldlega hent, að ekki hefur verið unnt að nýta góða krafta, sem hér eru á skjótri ferð, þar eð oft eru vandfundnir hentugir salir með stuttum fyrirvara. Með tilkomu félagsheimilis yrði komið í veg fyrir slíkt, enda ekki gert ráð fyrir, að húsnæðið verði notað til annars en íslenzkrar félagsstarfsemi í Höfn.

2. Eldhús.

Nauðsynlegt er, að unnt sé að fá framreitt kaffi, kökur, öl, gosdrykki þau kvöld, sem félagsstarfsemin fer fram og eftir guðsþjónustur. Aths. Hentugt gæti verið að fela húsverði veitingasölu.

3. Setustofa.

Þar verði aðstaða til þess að hlusta á tónlist og horfa á sjónvarp. Þá verði þar þægilegur aðbúnaður til stjórnarfunda félaganna og annarrar félagsstarfsemi smærri hópa.

4. Skrifstofa félaganna.

Skrifstofa er nauðsynlegur samastaður fyrir eigur félaganna, spjaldskrá um félaga og aðra Íslendinga í Kaupmannahöfn og nágrenni, þar verði einnig aðstaða til fjölritunar og annarrar þjónustu félaganna. Nauðsynlegt er, að þetta herbergi sé eingöngu skrifstofa. Aths. Margir landar dvelja skamman tíma í Höfn, og eru því oft skipti á embættismönnum félaganna. Það hefur í för með sér, að eigur félaganna eru á sífelldum flækingi og hætt við, að þær glatist. Þetta á einkum við Félag ísl. stúdenta í Kaupmannahöfn. Eigin skrifstofa yrði því til mikilla hagsbóta.

5. Skrifstofa fyrir íslenzka prestinn í Kaupmannahöfn.

Æskilegt væri, að íslenzki presturinn fengi starfsaðstöðu í húsi því, sem yrði miðstöð íslenzkrar félagsstarfsemi. Skrifstofuna yrði að staðsetja á annarri hæð en félagsheimilið.

6. Bókaherbergi.

Til er vísir að bókasafni, en starfsemi þess hefur legið niðri um skeið vegna húsnæðisskorts. Þessu herbergi yrði að ætla rúm á annarri hæð en þeirri, sem tillöguuppdrátturinn sýnir.

7. Tómstundaherbergi.

Tómstundaherbergi mætti staðsetja í kjallara. Æskileg er aðstaða til borðtennis, ljósmyndavinnu o. s. frv.

8. Geymsla, fatahengi og snyrtiherbergi.

Herbergi þessi yrði að staðsetja í kjallara hússins.

Búnaður og rekstur félagsheimilis við Austurvegg.

Að fenginni aðstöðu til félagsheimilisrekstrar í húsi Jóns Sigurðssonar myndu félögin að sjálfsögðu afla nauðsynlegs húsbúnaðar vegna félagsstarfseminnar og sjá um endurnýjun hans. Einnig bera félögin allan

kostnað af daglegum rekstri félagsheimilisins og annast stjórn þess í samvinnu við húsvörð, sem vafalaust verður ráðinn.

Með þessari greinargerð viljum við undirritaðir leggja áherzlu á eftirfarandi:

Húsið við Austurvegg yrði á greindan hátt ómetanleg lyftistöng fyrir félagsstarfsemi Íslendinga í Kaupmannahöfn og stuðlaði að jákvæðri tómstundaiðju Íslendinga, sem hér dveljast við nám eða störf. Þótt Alþingi Íslands veitti íslenzku félögunum í Höfn aðbúnað í húsinu, ætti það alls ekki að auka því kostnað við daglegan rekstur húseignarinnar. Íslendingar í Kaupmannahöfn mundu heils hugar fagna húsnæðinu og vinna samhuga að því að gera það að verðugum minnisvarða um heimili Jóns Sigurðssonar.

Kaupmannahöfn, 8. nóvember 1966.

Elías Elíasson,
Stefán Karlsson,
Jónas Gíslason,
Þorvaldur Búason."

Lýkur þar með greinargerð stúdenta í Kaupmannahöfn um félagsheimili.

Sem fyrr segir er Carl Sæmundsen andvígur þessum hugmyndum um notkun hússins. Hlýt ég að harma, að ekki skuli hafa tekizt að jafna ágreining um þetta efni milli hans og þingforseta. Hann hefur haldið fram þeirri skoðun, að húsið þurfi ekki að vera íslenzka ríkinu fjárhagsleg byrði, ef till. hans yrði fylgt. Það er þegar komið fram, að félögin tvö í Höfn munu kosta rekstur félagsheimilisins. Þau eiga um 80 þús. d. kr. í sjóði, sem þau munu nota til kaupa á húsbúnaði. Að þessu leyti verður því ekki um fjárhagslega byrði að ræða fyrir ríkið. Hins vegar er það skoðun þingforseta, að óhjákvæmilegt sé, að ríkið kosti gagngera viðgerð á húsinu án tillits til þess, hver notkun þess verður. Sjálfsagt er þó að kanna allar færar leiðir til þess að rekstur hússins hvíli ekki þungt á ríkissjóði.

Þingflokkarnir hafa fallizt á till. þingforseta um notkun hússins, og hefur Carli Sæmundsen verið tilkynnt sú ákvörðun með bréfi dags. 19. þ. m. Jafnframt hafa þingforsetar lýst því yfir, að þeir séu eftir sem áður fúsir til viðræðna við hann um notkun hússins og að þeir muni taka til athugunar allar till. frá honum, er þar að lúta.

Skal ég þá víkja að viðgerðinni og viðgerðarkostnaðinum og þeirri till. um lántöku, sem hér liggur fyrir. Láni því, sem ráðgert er að taka, á að verja til viðgerðar og endurbyggingar á húsinu við Austurvegg 12. Um undirbúning verksins og sjálfa lántökuna segir svo í grg. Gunnars Thoroddsens sendiherra til forseta Alþingis, dags. 14. desember s. l., með leyfi hæstv. forseta:

„Til þess að gera athugun á húsinu og till. um breytingar og viðgerðir var fenginn samkv. ábendingu húsameistara íslenzka ríkisins danskur húsameistari, Eske Christensen að nafni, konunglegur byggingareftirlitsmaður. Hefur hann lokið öllum teikningum og tæknilegum undirbúningi. Leyfi byggingaryfirvalda, brunamálaeftirlits og skipulagsstjórnar liggja fyrir.

Augljóst var frá upphafi, að það mundi kosta mikið fé að þiggja þessa veglegu gjöf, ef ætti að búa húsið í það horf, að maklegt væri minningu Jóns Sigurðssonar og kæmi um leið að hagnýtu gagni fyrir Ísland. Húsið er rösklega aldar gamalt. Mörg nútíðarþægindi vantar, svo sem miðstöðvarlögn. Þótt Carl Sæmundsen léti endurbæta margt meðan hann var eigandi hússins, er mikil þörf umbóta og viðgerða á gluggum, þaki, rafmagns-, vatns- og skolplögnum og ýmsu öðru, hver sem notkun hússins verður. Áætlun hins danska húsameistara er sú, að kostnaður geti numið allt að einni millj. danskra kr. Samráð hafði sendiráð einnig við tvo aðra menn danska, er mikla reynslu hafa um húsasmíðar í Danmörku og telja þeir þessa áætlun óþarflega háa. Þrátt fyrir það mun varlegast að reikna með allt að 1 millj. d. kr. Þar sem ríkissjóður Íslands hefur nú sem fyrr í mörg horn að líta um fjárútlát, og efnahagsörðugleikar óvenjulegir, hef ég kannað lánsmöguleika í Danmörku. Sendiráðið hefur í mörg ár haft viðskipti við traustan og vel metinn sparisjóð, Sparekassen Sjælland, sem til skamms tíma hét Den Sjællandske Bondestands Sparekasse. Liggur nú fyrir loforð frá sparisjóðnum um byggingarlán fyrir allri upphæðinni. Vextir á byggingartíma eru 8½%. Gert er ráð fyrir, að breytingum og viðgerðum mætti ljúka á einu missiri. Að þeim loknum verður húsið metið. Verður byggingarláninu þá breytt í 30 ára skuldabréfalán með 7% vöxtum. Nokkur afföll eru við sölu slíkra skuldabréfa, en reynt mundi verða að selja þau við sem hagstæðustu gengi."

Lýkur þar tilvitnun í skýrslu sendiherra. Ég vil benda á, að það sem sendiherrann segir í grg. um samþykki skipulagsstjórnar, er mjög mikilvægt. Er það vegna þess, að samkv. aðalskipulagi Kaupmannahafnar er gert ráð fyrir, að tekin verði sneið af Austurvegg 12 undir götu. Með því að veita umrætt leyfi til gagngerðrar viðgerðar á húsinu, hafa skipulagsyfirvöld borgarinnar því viðurkennt í raun, að þessi skipulagsbreyting komi ekki til framkvæmda í fyrirsjáanlegri framtíð.

Með því, sem ég nú hef rakið, vænti ég, að hv. þm. hafi fengið upplýsingar um það, sem mestu máli skiptir varðandi hús Jóns Sigurðssonar í Kaupmannahöfn. Þingforsetar vona, að það verði í reynd Islands Kulturhus, eins og farið er að kalla það, og að þar verði minning Jóns Sigurðssonar forseta jafnan í heiðri höfð, eins og gefanda hússins hefur dreymt um í hálfa öld.

Sigurvin Einarsson: Herra forseti. Það er fátt um ráðh. hér í dag, svo að ég verð að víkja máli mínu til hv. frsm. n., hv. 3. þm. Sunnl., vegna þeirra upplýsinga, sem mig langar til að fá. Í 7. gr. þessa frv. er talið upp til hvaða framkvæmda lánin eigi að fara, sem hér er ætlað að taka. Þetta er allgreinileg sundurliðun og ekkert út á hana að setja, nema hvað ég óska eftir frekari grg. um þann lið, sem heitir Rafmagnsveitur ríkisins. Það eru 42 millj. kr. En í grg. er gerð grein fyrir því, að af þessari upphæð eigi 19.2 millj. að fara til sveitarafvæðingar. Nú er það efni míns máls að fara fram á það við hv. frsm. n., að hann afli upplýsinga hjá hæstv. ríkisstj. um það, hvernig þessum 19.2 millj. verði varið. Ég vona, að þetta eigi að fara að einhverju eða öllu leyti til nýrra framkvæmda, en ekki til greiðslu einhverra skulda eða þess háttar. Ég vona það, en ég veit reyndar ekkert um það. En sé það svo, að þetta eigi að fara til nýrra framkvæmda, þá finnst mér ekki úr vegi, að þm. fái að vita

það, þegar komið er nú að maíbyrjun, hvað eigi að framkvæma fyrir þessa upphæð á yfirstandandi sumri. Tilefni mitt til þess að óska eftir þessum upplýsingum er þó alveg sérstaklega það, að fyrir tveimur árum, að ég ætla, var það samþ. í raforkuráði að leggja rafmagnslínu um einn hrepp í mínu kjördæmi, Bæjarhrepp í Hrútafirði. Vegalengdin á milli bæja þarna fullnægir algerlega þeim skilyrðum, sem sett eru í reglum um rafveitur, þ. e. a. s. það er um 1½ km að meðaltali vegalengdin á milli bæja. Þessi sveit hefði því átt fyrir nokkru síðan að vera búin að fá sína raflögn, en hún er ekki komin enn.

Þrátt fyrir það, að gefið hafi verið í skyn og samþ. í raforkuráði, að á næstu tveimur árum, þ. e. a. s. á árunum 1968 og 1969, skyldi þessi lína lögð, er mér nú tjáð, að það sé ætlunin að gera ekkert af þessu í sumar, í hæsta lagi að koma fyrir einhverjum staurum við byrjun eða enda þessarar línu og þykir mér heldur bágborin útkoman á þessu máli, ef svo er. Ég tala nú ekki um annað byggðarlag í mínu kjördæmi, Barðastrandarhrepp, sem er allfjölmennur hreppur, þar sem líka er vegalengd að meðaltali milli bæja innan þeirra marka, sem fylgt er, þegar frá er tekin sjálf heiðin, sem auðvitað á alls ekki að reikna með, milli Patreksfjarðar og Barðastrandar. Þar bólar heldur ekki á neinum undirbúningi eða ráðagerðum um að leggja þangað nokkurn tíma rafmagn. Þannig er nú ástatt þarna. Þarna eru þó 28 bæir í röð og ekki lengra en þetta að meðaltali milli bæja. Ég endurtek þessa ósk mína til hv. frsm. n., að hann afli sér þessara upplýsinga, fyrst enginn ráðh. er nú við til þess að svara, en ég geri ekki ráð fyrir og geri enga kröfu til þess, að hann svari þessu í dag, því að það er ekki við því að búast, að hann hafi þetta í höndunum núna, heldur að hann afli þessara upplýsinga fyrir 3. umr., hvernig eigi að verja þessum 19.2 millj. kr., sem þarna er gert ráð fyrir til sveitarafmagnsveitna. Ég held, að það sé alls ekki til of mikils mælzt, þó að þm. fái nú einhverja vitneskju um þessar framkvæmdir, þegar komið er sumar.

Forseti (SB): Forseti vill koma þeim upplýsingum á framfæri til hv. þdm., að nauðsynlegt er að halda þrjá fundi í hv. þd. nú, strax og lokið er umr. um þetta mál, vegna frv. frá hv. sjútvn. þessarar d., sem þarf að verða að lögum og ganga í gegnum allar umr. í báðum d. í dag og á morgun. Þess vegna vildi ég mælast til þess, ef hægt væri, að hv. þm. styttu mál sitt um það mál, sem hér liggur fyrir.

Frsm. meiri hl. (Guðlaugur Gíslason): Herra forseti. Ég skal taka fram, enda er ekki gerð krafa um það, að ég er ekki viðbúinn að svara þeirri fsp., sem hér var beint til mín sem frsm. um það mál, sem hér liggur fyrir. En ég skal vissulega reyna að afla þeirra upplýsinga, sem þarna er beðið um, og láta þær koma fram við 3. umr. málsins.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 87. fundi í Nd., 2. maí, var fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.

Brtt. 588,1 felld með 17:13 atkv.

1. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.

2. gr. samþ. með 21:1 atkv.

Brtt. 588,2 felld með 17:12 atkv.

3. gr. samþ. með 17:12 atkv.

4.—5. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.

Brtt. 577 (ný gr., verður 6. gr.) samþ. með 22 shlj. atkv.

6. gr. (verður 7. gr.) samþ. með 23 shlj. atkv.

7.—8. gr. (verða 8.—9. gr.) samþ. með 23 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 25 shlj. atkv.

Á 88., 89. og 90. fundi í Nd., 5., 6. og 8. maí, var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 91. fundi í Nd., 9. maí, var frv. enn tekið til 3. umr. (A. 631, 632, 647).

Jón Skaftason: Herra forseti. Á þskj. 632 höfum við 4 þm. í þessari virðulegu d. leyft okkur að flytja brtt. við frv. til l. um heimild fyrir ríkisstj. til að taka lán vegna framkvæmdaáætlunar fyrir árið 1969. Brtt. þessi gengur út á, að heimild fjmrh. samkv. 1. gr. frv. til l. um heimild fyrir ríkisstj. til að taka lán vegna framkvæmdaáætlunar fyrir árið 1969 til að gefa út ríkisskuldabréf eða spariskírteini til sölu innanlands hækki úr 75 millj. í 95 millj. kr. eða um 20 millj. kr. Þessi aukna heimild verði síðan notuð væntanlega á þessu ári til þess að ráðast í stækkun Fæðingardeildar Landspítalans, og þá fyrst og fremst til þess að koma þar upp kvensjúkdómadeild.

Hér á hv. Alþ. hafa undanfarna daga orðið nokkuð miklar umr. um þessi mál. Enn fremur hefur verið skrifað um það í blöð og þættir hafa verið um það í sjónvarpinu nýverið. Af þessum ástæðum og eins vegna þess, að nú er tekið að líða á starfstíma þingsins skal ég ekki eyða tímanum í það að fara að lýsa ítarlega, hvernig ástand þessara mála er nú og þeim aðstæðum, sem fyrir hendi eru á Fæðingardeildinni. Það hefur áður verið gert, og ég skal heldur ekki fara út í það núna að ræða í ítarlegu máli ýmislegt, sem kom fram í ræðu hæstv. heilbrmrh. í gær, þótt hún að ýmsu leyti gæfi tilefni til þess. Ég vil þó í sambandi við þá ræðu aðeins benda á eitt atriði, sem mér finnst ákaflega einkennandi fyrir afstöðu heilbrigðisyfirvaldanna til þessa máls, en það er sú óvefengjanlega staðreynd, að á árinu 1966 er af samtökum í landinu boðið að gefa geislalækningadeild Landspítalans svonefnt kóbalttæki, sem brýn þörf er fyrir hér á landi. En allan þann tíma frá því, að það loforð var gefið á árinu 1966, og að því er virðist fram á síðustu stundu, virðist engin fyrirhyggja eða nokkur undirbúningur af hálfu heilbrigðisyfirvaldanna hafa verið hafður í frammi til þess að búa um þetta tæki, byggja yfir það og sú bráðabirgðalausn, sem nú er rokið til að framkvæma, virðist gerð í flýti og er enda mjög umdeild af öllum þeim, sem þekkja nokkuð til þessara mála.

Í umr. hér í gær og eins í blaðagreinum lækna hefur Fæðingardeildinni m. a. verið gefið nafnið gleymda deildin, og á það að lýsa því viðhorfi, sem heilbrigðisyfirvöldin virðast hafa haft á undanförnum árum til starfsemi þessarar deildar. Ég vil þó taka það skýrt fram, að ég tel ekki réttmætt að beina ásökunum um

sofandahátt í þessum málum eingöngu til hæstv. heilbrmrh., þó að hans sök eðli málsins samkv. hljóti að vera ærið stór, því að mér sýnist það alveg óyggjandi, að þar muni fleiri hafa sofið illilega á verðinum. Þær miklu umr., sem hafa orðið um þetta mál á hv. Alþ., og þau blaðaskrif og umr., sem orðið hafa í fjölmiðlum þjóðarinnar, hafa nú borið mjög verulegan árangur. Eins og hv. alþm. muna, sem hlustuðu á ræðu hæstv. heilbrmrh., sem hér var haldin 26. marz s. l., gaf hann vonir um, að mögulegt kynni að vera að hefja viðbótarbyggingu við Fæðingardeildina fyrst á árinu 1972. Í gær lýsti hann því hins vegar yfir, að eftir nánari athugun mundi verða hægt að hefja þessar framkvæmdir þegar vorið 1970, þannig að fyrir þann mikla þrýsting, sem hefur verið á í þessu máli bæði utan þingsins og innan veggja þess, hefur þó þetta náðst fram, að byrjunin á viðbótarbyggingu Fæðingardeildarinnar verður hafin væntanlega tveim árum fyrr en ætlað var. Einnig lýsti hæstv. ráðh. því yfir hér í gær, að hann teldi viðbótarbyggingu Fæðingardeildarinnar til forgangsverkefna ásamt byggingu nýrrar geðsjúkdómadeildar, og yrðu þetta fyrstu verkefnin, sem í yrði ráðizt, þegar hafizt yrði handa á ný um að reisa nýjar byggingar á Landspítalalóðinni. Ég vil lýsa ánægju minni yfir þessari breytingu á afstöðu yfirvalda til þessa mikla vandamáls. En ég held, að þó að þetta hafi áunnizt, sé a. m. k. ein hindrun enn, sem þarf að ryðja úr vegi, og hún er sú, að ekki verði enn þá beðið heilt ár með það að hefja þessar framkvæmdir. Ég tel, að það eitt, sem standi í vegi þess, að raunverulega verði hægt að byrja byggingarframkvæmdir núna þegar á þessu vori eða í sumar, sé spurningin um, hvort mögulegt sé að veita fjármagn til byggingarframkvæmdanna. Aðrar ástæður, sem hér hafa verið hafðar frammi, svo sem um skipulagsmál og teikningar, tel ég næsta litilvægar. Það er því af þeirri ástæðu, sem ég, ásamt þrem flokksbræðrum mínum, hef í þessari hv. d. leyft mér að flytja þá brtt., sem ég var að skýra frá hér áðan, við frv. til l. um lántökuheimildir vegna framkvæmdaáætlunar árið 1969, þar sem við leggjum til, að aflað sé heimildar til hækkunar á þeim lántökuheimildum um 20 millj. kr., sem gangi þá til þessara byrjunarframkvæmda. Í umr. hér í gær kom það fram, að talið var, að stofnkostnaður þeirrar viðbyggingar við Fæðingardeildina, sem fyrirhuguð er, mundi verða á milli 60–100 millj. kr. Þetta er talsvert fjármagn á okkar vísu, en með hliðsjón af því, að menn eru almennt hér í hv. d. sammála um, að bygging nýrrar Fæðingardeildar sé forgangsverkefni, tel ég, að miðað við það og þá brýnu þörf, sem til staðar er fyrir stækkun deildarinnar, sé það sjálfsagt mál, að hv. alþm. leggi sitt lóð nú þegar á vogarskálirnar til þess að hrinda megi þessu þjóðnytjamáli í framkvæmd. Ekki er á því nokkur vafi, að meðal kvennasamtaka í landinu er ríkjandi mikill vilji til þess að styðja þessa framkvæmd með ráðum og dáð. Og í blöðunum í dag er m. a. skýrt frá því, að eitt kvenfélag í landinu hafi samþykkt að gefa 20 þús. kr. til þessara framkvæmda og beinir um leið þeirri áskorun til samtaka kvenna í landinu, að þær geri 19. júní n. k. að almennum söfnunardegi til stuðnings þessari nauðsynlegu framkvæmd.

Eins og ég sagði áðan, er eitt atriði þessa máls, sem einhver ágreiningur er enn þá um, og það er, hvort rétt sé að bíða með að hefja framkvæmdir við þessa viðbótarbyggingu í eitt ár ennþá eða reyna að byrja strax þegar á þessu ári. Um þetta atriði hafa m. a. fjallað Gunnlaugur Snædal læknir og Guðmundur Jónsson eðlisfræðingur, en við þá er viðtal í Tímanum frá 16. apríl s. l., en þar segja þeir m. a. um þetta tiltekna atriði, með leyfi hæstv. forseta:

„Við höfum gert okkur ljóst, að ef ráðast ætti í þessar byggingarframkvæmdir, þyrfti að gera sérstakt átak í fjármálum sjúkrahússins. En við teljum, að þörfin sé svo brýn fyrir þessar úrbætur í heilbrigðismálum, að ekki sé réttlætanlegt að láta þær bíða eftir öðrum fjárveitingum til Landspítalans. Við höfum aldrei farið leynt með þá skoðun okkar, að þessi lausn væri betri en sú bráðabirgðaúrlausn, sem nú hefur verið valin. Ennfremur eygðum við þann möguleika að ráðast ekki í alla bygginguna í einu, heldur byggja fyrst yfir kóbalttækið og yrði það hús upphaf að framtíðarbyggingunni. Hafa skal í huga, að bygging yfir kóbalttækið er ekkert venjulegt hús. Veggir þess þurfa t.d. að vera allt að meters þykkir og talsverð vinnuaðstaða þarf að vera í kringum tækið. Í þeirri bráðabirgðalausn, sem nú hefur verið valin, eru engir stækkunarmöguleikar fyrir hendi á þeim stað og ýmsir aðrir áríðandi þættir geislalækninga verða enn að bíða um óákveðinn tíma."

Að lokum sögðu þeir Gunnlaugur Snædal og Guðmundur Jónsson:

„Höfuðágreiningurinn í dag er um, hvort nauðsynlegt sé að bíða eftir heildarskipulagi Landspítalalóðarinnar og læknadeildarhúsnæðis sunnan Miklubrautar, eins og nú er rætt um, eða hvort unnt sé að hefjast þegar handa um framtíðarlausn þessara deilda, vegna þessa sérstaka vanda, sem þær eiga við að stríða og gera alla bið óréttlætanlega."

Það er sem sagt niðurstaða Gunnlaugs Snædals læknis, sem gerþekkir til aðstæðna á þessum stað, og Guðmundar Jónssonar eðlisfræðings, sem er í þjónustu Landspítalans, að óréttlætanlegt sé, eins og þeir segja, að bíða ennþá eftir, að hafizt verði handa um þessar nauðsynlegu framkvæmdir. Það er af framansögðum ástæðum, sem hv. alþm. verða nú, þegar þeir greiða atkv. um þessa brtt., að gera sér þess fulla grein, hvort verjanlegt sé miðað við aðstæður að láta byggingarframkvæmdir dragast enn um eins árs skeið. Engin skipulagsmálefni sjálfrar Landspítalalóðarinnar né skortur á teikningum virðast verulega hamla því, að hafnar séu framkvæmdir, og hæstv. heilbrmrh. hefur upplýst, að áætlaður byggingartími þessarar viðbótarbyggingar sé 3—4 ár. Hv. alþm. hafa, eins og ég hef áður sagt, heyrt sannorðar lýsingar á því óviðunandi ástandi, sem nú ríkir í þessum málum. Þeir hafa vafalaust allir lesið ítarlegt bréf frá Bandalagi kvenna í Reykjavík, dags. 26. febrúar s. l., sem sent var alþm. um þetta mál. Ennfremur hafa þeir vafalaust orðið allir varir við mjög almennan stuðning við málið um land allt, og þá ekki sízt meðal kvenna á höfuðborgarsvæðinu. Um það vitna m. a. margítrekaðar heimsóknir kvennanna á þingpallana núna dag eftir dag auk skrifa þeirra og ræðna í útvarpi og sjónvarpi. Það er því von okkar flm., að hv. þdm. geti nú allir sameinazt um það að samþykkja þessa brtt. og gera á þann hátt draum

íslenzkra kvenna að veruleika, að þegar á þessu ári verði hafizt handa um að reisa viðbótarbyggingu við Fæðingardeild Landspítalans, svo að fæðandi konur og sjúkar konur eigi kost svipaðrar aðhlynningar hér á landi og til staðar er á meðal menningarþjóða austan við okkur og vestan.

Ingvar Gíslason: Herra forseti. Ég vil byrja á því að lýsa sérstökum stuðningi mínum við þá till., sem hv. 2. þm. Reykn. var að mæla hér fyrir áðan á þskj. 632. Hann minntist réttilega á það, að þetta væri sérstakt áhugamál kvenna, og það hefur sérstaklega komið fram, að þetta er áhugamál kvenna hér í Reykjavík, en mig langar þá til að segja frá því jafnframt, að þetta er áhugamál kvenna víðar um land en hér í Reykjavík og nágrenni, því að ég er hér með í höndunum bréf frá Sambandi eyfirzkra kvenna, sem er stílað til alþm. Norðurl. e. og sjálfsagt þar á meðal til hæstv. fjmrh. og vil ég leyfa mér að lesa þetta bréf með leyfi forseta; það er skrifað á Möðruvöllum 7. apríl 1969:

„Samband eyfirzkra kvenna beinir þeirri áskorun til þm. Norðurlandskjördæmis eystra, að þeir á Alþ. og utan styðji og vinni að framgangi þess, að nú þegar verði hafizt handa um fyrirhugaða stækkun Fæðingardeildar Landspítalans í Reykjavík, og við þá stækkun verði komið upp sérstakri kvensjúkdómadeild með fyllstu aðstöðu til nútíma geislalækninga. Telur sambandið knýjandi nauðsyn að kvensjúkdómadeild taki til starfa sem allra fyrst.

Virðingarfyllst
f.h. Sambands eyfirzkra kvenna.
Ásrún Þórhallsdóttir formaður."

Mig langaði til þess að segja frá þessu bréfi vegna þess, að það sýnir þann hug, sem konur bera til þessa máls hvar sem þær eru á landinu, og ég þykist einnig mega segja frá því, að Samband norðlenzkra kvenna hefur á þessu mikinn áhuga og jafnvel þó að stjórn þess hafi mér vitanlega ekki látið neitt frá sér fara um efnið, þá hef ég þó átt tal við konur úr stjórn þess sambands og þær eru þess sinnis, að þessu máli þurfi mjög að hraða.

Annars var annað, sem ég ætlaði að minnast hér á. Mig langaði að mega minna á brtt. á þskj. 647, sem flutt er af 4 alþm. við þetta frv. um það, að á eftir 6. gr. komi svo hljóðandi:

„Fjmrh. er heimilt að taka lán fyrir hönd ríkissjóðs allt að 5 millj. kr. og endurlána til byggingar stúdentaheimilis."

Það hefði náttúrlega átt að standa þarna „Félagsheimilis stúdenta". Þessi till. er sprottin af því, að nú um margra ára skeið, a. m. k. 5—6 ár, ef ekki meira, hefur verið á döfinni undirbúningur að byggingu svo kallaðrar Félagsmálastofnunar stúdenta. Þetta hefur verið sameiginlegt áhugamál allra stúdenta og ég held, að það sé ekki neinn ágreiningur um það, að þetta er það málefni, sem stúdentar vilja, að hafi forgang af því, sem þeir sérstaklega berjast fyrir. Nú hefur hins vegar ekki verið enn hægt að byrja á þessari byggingu, og m. a. er ástæðan sú, að verðbólgan hefur leikið sjóði þessarar stofnunar ákaflega hart, sem kemur fram í því, að breytingar á áætluðum kostnaði þessarar byggingar hefur sífellt verið að breytast og það svo, að það er komið yfir 100% hækkun á áætluðum byggingarkostnaði frá því, sem var 1965, að því er stjórn Félagsmálastofnunar stúdenta tjáði fjvn. nú í vor. En sem dæmi upp á það, hvernig verðbreytingarnar hafa verið, er það, að 1965 er áætlaður kostnaður þessarar byggingar 14.4 millj. 1967 er kostnaðurinn áætlaður 17 millj., 1968 25 millj. og nú 1969 í apríl er til ný áætlun, og þar er gert ráð fyrir, að kostnaðurinn verði 31.2 millj. — Hugsað hefur verið að fjármagna þessa framkvæmd þannig, að af fjárlagafé á árunum 1964—1969 er þegar búið að veita 4.8 millj., frá háskólanum af happdrættisfé sem stofnfé þessarar Félagsmálastofnunar af hálfu háskólans 5 millj. Þá mun vera loforð eða vilyrði frá ríkisstj. um 5 millj. kr. og einnig nýtt loforð eða vilyrði frá háskólaráði um 5.5 millj. kr. Einnig hefur Félagsmálastofnunin von um að geta fengið lán í bönkum, a. m. k. nokkur bráðabirgðalán um ca. 5 millj. kr. Ef þetta stenzt er hér um að ræða ca. 25 millj. kr., sem Félagsmálastofnunin hefur úr að spila til þess að koma byggingunni áfram. En þá vantar upp á til þess að hægt sé að hafa upp í byggingarkostnaðinn 5—6 millj. a. m. k. Og þess vegna er það, að við höfum nokkrir þm. leyft okkur að bera fram þessa brtt., sem ég er hér að tala fyrir, að fjmrh. verði heimilt að taka sérstakt lán fyrir hönd ríkissjóðs allt að 5 millj. til þess að endurlána í þessa byggingu. Um bygginguna er það að segja, að hana verður að reisa í einum áfanga, annað er varla talið hagkvæmt. Mötuneyti og eldhús og annað, sem því fylgir, tekur langmest rúm í þessu húsi og langmest af kostnaðinum. Það er aðaluppistaðan í húsinu, þannig að sá áfangi einn er talinn vera upp á 28—29 millj. kr. Þetta er sá áfangi, sem einna nauðsynlegast er að ljúka, og það sýnist því varla praktískt annað en ljúka öllu húsinu í einu lagi. Ég vil vænta þess, að hv. alþm. sjái sér fært að styðja þessa till. Hér er um mikið nauðsynjamál fyrir stúdenta að ræða. Þetta mál er búið að bíða í mörg ár, eins og ég hef sagt frá, og verðlagsþróunin hefur verið ákaflega óhagstæð sjóðnum og fjáröflunarmöguleikum stofnunarinnar og greinilegt, að það er nauðsyn að fara að hefjast handa um það að koma byggingunni áfram. En samkv. upplýsingum Félagsmálastofnunarinnar eða stjórnar hennar, sem hefur gengið á fund fjvn., er varla við því að búast, að þetta takist nema með alveg sérstökum stuðningi Alþ. og velvild alþm.

Frsm. meiri hl. (Guðlaugur Gíslason): Herra forseti. Við 2. umr. þessa máls hér í þessari hv. d. óskaði 1. þm. Vestf., að ég sem frsm. fjhn. útvegaði ákveðnar upplýsingar í sambandi við málið, ef þær væru fáanlegar. Var þetta varðandi framkvæmdir Rafmagnsveitna ríkisins eða þann hluta þeirra, sem fram kemur í grg., 19.2 millj. vegna sveitarafvæðinga. Ég sneri mér til Raforkumálastofnunarinnar og óskaði þessara upplýsinga og lét hún mér í té eftirfarandi skrá yfir fyrirhugaðar rafveitulagnir í sveitum á árinu 1969. Þetta er í 18 liðum og hljóðar þannig:

1. Ýmsar aukningar á eldri sveitaveitum í rekstri.
2. Hraunsáslína, Hálsasveit, Borgarfirði.
3. Króklína, Hvítársíðuhreppi, Mýrasýslu.
4. Helgafellssveitarlína, Snæfellsnesi.

5. Hólslína í Bíldudal.
6. Þingeyrarhreppslína, Vestur-Ísafjarðarsýslu.
7. Arnardalslína, Skutulsfirði.
8. Prestsbakka- og Fjarðarhornslína, Strandasýslu.
9. Hurðarbakslína, Torfalækjarhreppi, Austur-Húnavatnssýslu.
10. Flatatungulína, Akrahreppi, Skagafirði.
11. Egilsárlína, Akrahreppi, Skagafirði.
12. Fnjóskadalslína, Suður-Þingeyjarsýslu.
13. Fosshólslína, Suður-Þingeyjarsýslu.
14. Kelduhverfislína (austurhluti, 2. áfangi) Norður-Þingeyjarsýslu.
15. Ástjarnarlína, Kelduneshreppi, Norður-Þingeyjarsýslu.
16. Vopnafjarðarlína, Hofsárdal, Norður-Múlasýslu.
17. Sólheimalína, Vallahreppi, Suður-Múlasýslu.
18. Síðulína, frá Kirkjubæjarklaustri.

Ég spurðist fyrir um hlutfallsskiptingu fjárins þar á milli, en fékk þau svör, að það væri ekki endanlega búið að ganga frá því og upplýsingar um það gætu þeir ekki látið mér í té eins og á stæði.

Ég vænti þess, að ég hafi að þessu leyti, svo langt sem þessi grg. nær, orðið við óskum hv. 1. þm. Vestf. um þær upplýsingar, sem hann óskaði eftir hér við 2. umr.

Magnús Kjartansson: Herra forseti. Ég hafði satt að segja vænzt þess, að hæstv. heilbrmrh. yrði viðstaddur þessa umr. og að hann mundi kveðja sér hljóðs til þess að fagna sérstaklega þeirri brtt., sem hér er borin fram á þskj. 632 frá hv. þm. Jóni Skaftasyni o.fl. Ég minnist þess, að þegar þetta mál bar fyrst á góma hér á Alþ., hafði hæstv. ráðh. eina málsvörn, sem ástæða er til að taka til greina. Hæstv. ráðh. bar við fjárskorti, þegar hann var spurður, hvers vegna framkvæmdir hefðu gengið jafnilla og raun hefði orðið á. Hann bar því við, að hv. alþm., sem þættust hafa mikinn áhuga á málinu, hefðu ekki borið fram till. um nauðsynlegar fjárveitingar til framkvæmda. Þetta er aðfinnsla, sem sjálfsagt er að taka til greina, og ég tel, að með þessari till. hér komi fram vilji alþm. til þess að leggja fram fjármuni, sem þarf til þess að ráðast í óhjákvæmilegar framkvæmdir við kvensjúkdómadeild Fæðingardeildarinnar.

Það er að vísu rétt, sem fram kom hér áðan, að hæstv. ráðh. hefur orðið fyrir miklum áhrifum af þeim umr., sem orðið hafa um þessi mál, og meðferð þessa máls hefur raunar verið alveg óvenjulega ánægjuleg. Það eru samtök kvenna í landinu, sem höfðu forystu um það, að þetta mál yrði tekið upp hér á þ. Þær lögðu allan málatilbúnað upp í hendur þm., og þær hafa fylgzt mjög vel með því, að þessu máli væri sinnt í þingsölunum. Þessi málatilbúnaður kvenna hefur þegar haft þau áhrif, að hæstv. heilbrmrh. lýsti yfir því í gær, að framkvæmdir við stækkun væru fyrirhugaðar á næsta ári. Þegar hann svaraði fsp. frá mér um þetta efni, hafði hann hins vegar sagt, að framkvæmdir myndu ekki geta hafizt fyrr en 1972, og þá sagði hann, að framkvæmdir mundu standa, ef að vanda léti, í 4 ár, svo að stækkunin hefði ekki verið komin í gagnið fyrr en árið 1976. Ástæða er til að fagna mjög þessari nýju yfirlýsingu hæstv. ráðh., en því miður sagði hæstv. ráðh. einnig önnur atriði, sem ekki eru jafnánægjuleg. Mér fannst vera mikil tilhneiging í ræðu hans – ég hef því miður aðeins lesið úrdrátt úr henni í Morgunblaðinu, ég var ekki viðstaddur á fundinum í gær – til þess að minnka þetta vandamál aftur. Á það er lögð mikil áherzla í dag í blöðum Sjálfstfl., að þetta vandamál hafi í raun og veru verið leyst. Sagt er, bæði í Morgunbl. og Vísi, að biðlistar muni hverfa næstu vikur. En hvernig hverfa þessir biðlistar? Því er lýst í bréfi frá landlækni, sem er svohljóðandi með leyfi hæstv. forseta:

„Undanfarið hefur landlæknir ásamt framkvæmdastjóra ríkisspítalanna unnið að því að tryggja enn frekar en verið hefur sjúkrarými í Landspítalanum fyrir þá sjúklinga með kvensjúkdóma, sem ekki þola bið. Hefur samkomulag náðst um, að handlæknisdeild sjúkrahússins taki að sér að annast nokkurn hluta þessara sjúklinga fyrst um sinn, ásamt læknum kvensjúkdómadeildarinnar. Er fyrirhugað, að þetta samstarf deildanna haldist, unz upp hefur verið komið nýrri kvensjúkdómadeild. Að sjálfsögðu má gera ráð fyrir, að biðtími ýmissa annarra sjúklinga aukist hlutfallslega, unz þær sjúkradeildir, sem nú eru í smíðum, verða komnar í notkun."

Að biðtími annarra sjúklinga aukist hlutfallslega! Þetta er lausnin. Svona er farið að því að minnka biðtíma þeirra sjúklinga, sem þurft hefðu að komast fyrir á kvensjúkdómadeild. Ég vil vekja athygli hv. alþm. á því, að þessi lengdi biðtími annarra sjúklinga getur einnig verið alvarlegt mál. Hér er sannarlega ekki um neina raunverulega lausn að ræða, hér er um að ræða algera bráðabirgðalausn, og ég tel það mjög fráleitt að hæla sér af lausn eins og þessari. Þetta er neyðarúrræði og annað ekki. Mér þótti það einnig fráleitt, að hæstv. ráðh. skyldi lýsa þeirri bráðabirgðabyggingu, sem upp yrði komið fyrir kóbalttækið, sem mjög myndarlegri framkvæmd. Hann hefur áður viðurkennt, að þetta sé aðeins bráðabirgðalausn og hann hefur lýst yfir því, að hún megi ekki tefja hinar endanlegu framkvæmdir. En þegar farið er að guma af bráðabirgðaráðstöfunum, þegar farið er að lýsa þeim sem einhverju góðu, þörfu og gagnlegu, er hætta á ferðum. Háskinn við að leysa hluti til bráðabirgða er ævinlega sá, að það getur leitt til þess, að endanlegar aðgerðir tefjist.

Hæstv. ráðh. sagði í ræðu sinni hér í gær, að til þess að koma í framkvæmd þeirri stækkun kvensjúkdómadeildar, sem nauðsynleg er, þyrfti mikla fjármuni, og hæstv. ráðh. lýsti yfir því, að hann væri reiðubúinn að vinna að lánsfjáröflun til þess að hraða slíkum framkvæmdum, hún gæti verið mjög æskileg. Í þessari till., sem hér er flutt, er einmitt gert ráð fyrir slíkri lánsfjáröflun og ef hún yrði samþ. er af þingsins hálfu búið að ganga frá því, að hægt sé að hafa hámarkshraða á þessum framkvæmdum. Því tel ég, að meðferð þessarar till. sé öruggur vottur um það, hvernig ætlunin er að halda á þessu máli. Ef menn hafa í raun og veru áhuga á því að leysa það með þeim hraða, sem óhjákvæmilegur er, hlýtur þessi till. að verða samþ. Verði hún hins vegar felld, felst eitthvað annað en alvara bak við þau fögru orð, sem hér eru mælt í áheyrn kvenna.

Sigurvin Einarsson: Herra forseti. Ég vil þakka hv. 3.

þm. Sunnl. fyrir upplýsingar, sem hann hefur aflað sér mér til handa, skv. beiðni minni, þegar þetta mál var fyrr til umr. En þar var ég að óska eftir upplýsingum um það, í hvað þær 19 millj. rúmar ættu að fara, sem er greint frá, að eigi að verja til rafveitna í dreifbýli á þessu ári, en mér var ekki ljóst, hvernig þeim yrði varið. Hv. þm. hefur nú aflað þeirra upplýsinga um mitt kjördæmi, að þar sé um 4 framhaldslínur að ræða, Hólslínu í Bíldudal, Þingeyrarhreppslínu, Arnardalslínu við Skutulsfjörð og Prestsbakkalínu við Hrútafjörð. En hann gat þess jafnframt, að hann hefði ekki getað fengið upplýsingar um það, hvaða fjárhæð yrði varið í hverja línu fyrir sig. Þykir mér það verra, að þm. skuli ekki geta svarað fsp. manna heiman úr héruðum um það, þegar komið er sumar, hvort eigi að vinna þar eitthvað í sumar eða ekki. Þetta er meiri seinagangurinn! Auðvitað fá þm. sífellt fsp. um þetta úr héruðunum, þar sem vantar rafmagnið. Hvenær fáum við rafmagn? Og möguleikarnir hjá okkur til að svara þessu fólki eru ekki meiri en þetta. Ég er síður en svo að ásaka hv. þm. um, að hann hafi vanrækt neitt, þvert á móti hefur hann gert það, sem ég bað hann um. Mig langaði a. m. k. að fá vitneskju um það, ef hann getur svarað því, eða þá hæstv. fjmrh., hvort þessar upphæðir eiga að fara í skuldagreiðslu, eða hvort áætlað er að vinna fyrir þær í sumar. Ég held nefnilega, að a. m. k. sumar af þessum línum skuldi og það fari eitthvað af þessu í það. Ein þeirra, aftur á móti, mun vera ný framkvæmd, þ. e. Prestsbakkalína í Hrútafirði. Það er svo ástatt um þessa margumbeðnu línu, að fyrir meira en 2 árum var samþ. í Raforkuráði að leggja rafmagnslínu um Bæjarhrepp, og hann er það þéttbýll, að það eru, ef ég man rétt, 1,43 km að meðaltali milli bæja, svo að héraðið fullnægir algerlega þeim reglum, sem settar eru um raflagnir. En þrátt fyrir það, að 2 ár séu liðin síðan og mönnum hafi verið gefið meira en vilyrði fyrir því, að rafmagnslínan yrði lögð á árunum 1968—69, eftir því, sem mér hefur verið tjáð, munu í hæsta lagi verða keyptir einhverjir staurar til þess að byrja að leggja þessa línu í sumar. Ef hægt er að láta mér í té einhverjar meiri upplýsingar um þetta, væri ég þakklátur fyrir það, hvort sem hæstv. ráðh. gerir það, eða hv. frsm. n. í þessu máli. Ég er mjög óánægður yfir því, að fá ekki frekari vitneskju um þetta.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Varðandi fsp. hv. 1. þm. Vestf. get ég ekki svarað henni nákvæmlega, því að ég hef ekki fyrir mér þær tölur, sem hann er að ræða um og sem hv. 3. þm. Sunnl. minntist hér á, þ. e. a. s. hv. 3. þm. Sunnl. hafði ekki heldur þær tölur, sem um var að ræða, en ég get hins vegar upplýst það, að það er ætlunin að leggja þær línur, sem hann las upp, að ætti að leggja í sumar. Ástæðan til þess, að hann getur ekki nefnt allar fjárhæðir í því sambandi og hvað nákvæmlega fari í þær á þessu sumri, er, eins og hv. 1. þm. Vestf. er vafalaust kunnugt, að ekki er alltaf hægt að fullyrða, hvort línu sé lokið að fullu á yfirstandandi ári, eða eitthvað verði þar eftir til næsta árs. Það er ekki hægt að fullyrða það, að þessum línum öllum, sem hann nefndi, verði lokið á þessu ári, en að þeim mun verða unnið og ég hygg ekki, að skuldagreiðslur hafi áhrif á þessar línur út af fyrir sig, a. m. k. býst ég við, að hv. þm. viti sjálfur um þær línur, sem hann minntist á, hvort þær hafa verið lagðar eða ekki lagðar, og hafi þær ekki verið lagðar og talað um, að eigi að leggja þær á þessu ári, þá fer það varla í skuldagreiðslur. Hitt er annað mál, að það eru mörg héruð, sem hafa lagt fram lánveitingar, og það eru verulegar fjárhæðir, sem fara til skuldagreiðslna, sem í mörgum tilfellum eru endurlánaðar í aðrar línur. En þær línur, sem hv. 3. þm. Sunnl. hér nefndi, eru þær línur, sem á að vinna að í sumar, hvort sem tekst að ljúka þeim eða ekki.

Varðandi þær tvær brtt., sem hér eru fluttar, og mér dettur ekki í hug að halda fram, að séu ekki fluttar í góðri meiningu, verð ég að taka það fram, að hvorug þeirra á hér heima. Ekki vegna þess, að þessar framkvæmdir séu ekki góðra gjalda verðar, heldur vegna þess, að framkvæmdaáætlun sú, sem hér er lögð fram, eins og undanfarin ár, hefur verið lögð fram á hverju ári, og fjáröflun til hennar miðast við það, sem vinna á á því tiltekna ári og annars fjár er ekki aflað. Það væri vitanlega lítið vit í því að byrja að safna fé í framkvæmdir með því að taka lán árí áður, eða jafnvel fleiri árum áður, en á að byrja umræddar framkvæmdir og liggja síðan með það lánsfé. Hér er um allt annað að ræða, ef lagðar eru til hliðar, eins og oft er í sambandi við fjárveitingar, upphæðir af beinum fjárveitingum ríkissj. í fjárl. til þess að safna í einhverja framkvæmd. Hitt hefur verið föst venja og hlýtur að vera venja varðandi þær framkvæmdir, sem eru innan ramma framkvæmdaáætlunar, að þar verður að miða fjáröflun fyrir hvert ár við það, sem ætlunin er að þurfi á því ári, og ætlunin er að vinna fyrir á því ári.

Ég skal ekki hér fara að blanda mér inn í þær umr., sem farið hafa fram um Fæðingardeild Landspítalans, og við skulum vona, að allar hafi eingöngu stafað af áhuga á því að leysa það mál, en ekki neinu öðru. Mér er vel kunnugt um það bréf, sem samþm. minn las upp frá Kvenfélagasambandi Eyjafjarðar og áhuga þess, og áreiðanlega allra kvennasamtaka í landinu, á að leysa þann vanda, sem þar er við að glíma, og er mér það fullkomlega ljóst.

Það hefur verið upplýst af hæstv. heilbrmrh. og ekki vefengt af neinum, að síðustu árin hefur bæði innan ramma framkvæmdaáætlunar og í fjárl. verið aflað miklum mun meira fjár en áður hefur þekkzt til þess að leysa spítalavandamál hér á Íslandi. Ég hef ekki blandað mér í það, og það er ekki hlutverk fjmrh. að segja til um það, hvað sérstaklega eigi að sitja fyrir í þeim efnum eða ekki. Það hefur verið deilt á skoðun heilbrigðisyfirvalda hverju sinni. Hæstv. heilbrmrh. gerði hér í gær mjög greinargott yfirlit um það, hvernig þessu fé hefði verið ráðstafað að undanförnu, hvaða till. hefði legið fyrir frá heilbrigðisstjórninni um það efni, og hef ég engu þar við að bæta. Hann upplýsti einnig það, sem er kjarni málsins í sambandi við þá till., sem hér er um að ræða, að það væri ekki talið framkvæmanlegt með neinu móti að hefjast handa um byggingu umræddrar deildar á þessu ári. Það hefur verið aflað fjár til að byggja yfir umræætt kóbalttæki og það var gert í sambandi við fjárl. og fjárveiting þar til þess veitt, hvort það er óskynsamleg ráðstöfun eða ekki, það fer ég heldur ekki að ræða um, ég er enginn sérfræðingur í heilbrigðismálum og læt aðra, sem virðast hafa á því meira vit hér í hv. þd., fjalla um það, en

staðreynd er, að sú ákvörðun hefur verið ákveðin á þessu ári, og þeirri ákvörðun verður ekki breytt. Það liggur fyrir skv. yfirlýsingu ráðh., að húsameistari ríkisins telji ekki möguleika, tæknilega séð, að byrja á framkvæmdum á þessu ári, og af því leiðir, að það auðvitað kemur ekki til neinna mála að fara að taka lán til framkvæmda á þessu ári, sem ekki á að hefja fyrr en í fyrsta lagi á næsta ári. Það mál verður að skoðast í sambandi við framkvæmdaáætlun viðkomandi árs. Þetta held ég, að liggi alveg í augum uppi og hljóti að vera öllum hv. þm. ljóst og án þess að ég sé með því á *nokkurn hátt að segja til um, hvort rétt eða rangt hafi* verið haldið af heilbrigðisstjórninni á því undanfarin ár, hvaða deildir hafa verið látnar sitja fyrir um það mikla fjármagn, sem varið hefur verið til sjúkrahúsabygginga. Það læt ég aðra um, en þetta er ástæðan, sem veldur því, að ég tel ekki vera tilefni til þess með neinu móti og það þess vegna ekki sýna hinn minnsta fjandskap til umrædds vandamáls, þó að ég segi það, að lántaka á þessu ári til framkvæmda, sem alls ekki er ætlunin að ráðast í á þessu ári og ekki talið mögulegt að ráðast í, kemur vitanlega ekki til greina. Slíkt væri hin óskynsamlegasta fjárráðstöfun, sem hugsazt getur.

Varðandi hina till. um Félagsheimili stúdenta er nákvæmlega sömu sögu að segja. Það er ekki fjárskortur að sinni, sem veldur því, að það mál er ekki komið lengra en nú standa sakir, — það er ekki rétt hjá mér að segja, að það sé ekki fjárskortur, — það er ekki af neinum illvilja af hálfu stjórnvalda, að það hefur ekki gerzt, heldur vegna þess, að nýjar og nýjar áætlanir hafa verið gerðar um þessa framkvæmd og þær áætlanir hafa ekki eingöngu verið gerðar vegna þess, að það hafi hækkað svo verðlag, heldur vegna þess, að áætlanirnar voru algerlega rangar. Það var búið að ganga frá því á s. l. ári, miðað við það, að Félagsheimili stúdenta kostaði 17 millj., eins og þá lá fyrir, og var það til meðferðar í fjmrn. og menntmrn. þá í viðræðum við forsvarsmenn stúdenta, og þá var samþ. af ríkisstj. að verja 5 millj. kr. úr ríkissj. til viðbótar þeim 4 millj., sem þegar var búið að safna saman til þess að byggja þetta heimili, gegn því að 5 millj. kæmu af happdrættisfé Háskólans. Þá var áætlað, að byggingin kostaði 17 millj. Þetta voru samtals *milli* 14 og 15 *millj.* kr., og stúdentar töldu þá engan vanda að leysa það, sem á milli bar. Fjárveiting til Félagsstofnunar stúdenta var nokkuð hækkuð á þessu ári, m. a. með hliðsjón af þessu, en hins vegar tók ég fram þegar í haust, að það væri ekki ætlunin að verja þessum 5 millj., sem lofað væri, á þessu ári til byggingarinnar, enda var hægt að byrja á henni engu að síður með þeim 10 millj., sem voru til ráðstöfunar. Það kom hins vegar í ljós í vetur, þegar áætlanir voru endurskoðaðar, að þetta voru ekki 17 millj., heldur 25 millj. Þá var farið af stað, og lagði ég áherzlu á það við forráðamenn stúdenta, að það væri auðvitað ekki neitt vit í því að fara að byrja á þessari byggingu, nema séð yrði til enda, hvernig hún yrði fjármögnuð, og voru settir fulltrúar frá menntmrn. og fjmrn. með stúdentum að kanna þetta mál. En áður en þeirri skoðun væri lokið og áður en neinu væri slegið föstu um það, hvernig þetta yrði fjármagnað, að öðru leyti en því, — það má segja það hér og er víst ekkert launungarmál, — að háskólaráð taldi mögulegt eða vildi fyrir sitt leyti mæla með 5 millj. í viðbót, ef ríkið legði enn 5 millj. af mörkum. Þá kom það á daginn, að þessi bygging mundi ekki kosta 25 millj., heldur a. m. k. 31 millj., og þá gaf auðvitað auga leið, að það varð að skoða þetta mál allt frá rótum. Og ég vil taka það fram, að ég er ekki reiðubúinn á þessu stigi til þess að lýsa því yfir, að ríkisstj. ætli að leggja í þessa byggingu 15—16 millj. Það er ég ekki reiðubúinn til að gera, enda þótt ég viðurkenni fullkomlega, að það sé æskilegt að koma upp þessu félagsheimili. Það þarf að fá niðurstöðu í þessu máli, og það var nú fyrir mjög stuttu, í framhaldi af öllum þessum viðræðum, sett á laggirnar sérstök viðtalsnefnd milli þessara tveggja rn., sem ég vék að, og stjórnar Félagsstofnunar stúdenta um það að athuga, hvort hægt væri að reisa þetta hús í áföngum, fyrst og fremst með það í huga að koma mötuneyti stúdenta upp, en meginvandamálið í þessu er að koma mötuneytinu upp. Ef tekst að leysa þann vanda, á þetta að vera hægt án þess að afla sérstaks fjár eftir þeirri leið, sem hér er talað um, vegna þess að fyrir hendi eru nú þegar 10 millj. kr. til þessarar byggingar, ef í hana yrði ráðizt í ár, og ef háskólaráð vill auk þess leggja til viðbótar 5 millj., eru þar um 15 millj. kr. Það er alveg ljóst mál, að meira verður ekki gert á þessu ári, þannig að einnig af þessari ástæðu ber enga nauðsyn til þess að fara að taka þetta inn á framkvæmdaáætlun nú og taka til þess lán. Það er mál, sem kemur til meðferðar, þegar fjárl. koma til meðferðar í haust. Þá á þetta vandamál að liggja fyrir endanlega, hvernig það blasir við, og hv. þm. eiga þá að geta tekið afstöðu til þess, hvað þeir vilja leggja mikið fé af mörkum til þess að reisa Félagsheimili stúdenta.

Ég vona, að enginn misskilji orð mín hér þannig, að ég sé með þessu að lýsa andúð minni á þessu máli. Ég hef frá upphafi verið til viðtals við stúdenta og átt samvinnu við þá um það að kanna leiðir til að leysa þetta mál, en ég hygg, að engan undri það eða þyki það neitt fjarstæð afstaða, þó að maður hiki örlítið við, þegar um það er að ræða, hvort bygging kostar 17 millj. eða 31 millj., en sennilega þó nær 35 millj., og vilji skoða málið svolítið betur. Þess vegna vil ég segja það við flm. þessa máls, að þó að ég telji einnig, að það sé ekki neitt tilefni til þess að taka þetta mál hér upp, felst ekki í þessu andstaða gegn því, þó að sú till. verði felld, og það tel ég nauðsynlegt að komi fram, til þess að það verði ekki skilið sem andstaða gegn málinu og að það sé ekki fullur vilji fyrir því að hjálpa stúdentum til að koma upp nauðsynlegu félagsheimili með einhverjum hætti, heldur vegna þess, að það er ekki fjárskortur í bili, sem er hér þröskuldur í götu, heldur það, að finna heildarlausn á því, hvernig eigi að fjármagna þessa framkvæmd alla saman. Það gagnar engum að koma upp einhverjum áfanga, sem stendur síðan sem hálfkaraður kassi, eins og því miður oft vill verða um byggingar og á ekki að eiga sér stað, og er engin skynsemi í, það þarf að sjá fyrir því til enda, hvernig á að fjármagna þessa framkvæmd.

Af þessum ástæðum tel ég, herra forseti, að það sé ekki miðað við framkvæmdaáætlunina eins og hún er hugsuð, grundvöllur fyrir því að samþ. þessar 2 brtt. og ekki ástæða til þess og sú afstaða feli síður en svo í sér nokkurn fjandskap við þau mál, sem hér er um að ræða.

Jón Skaftason: Herra forseti. Ég verð að segja það, að sú ræða, sem hæstv. fjmrh. flutti hér áðan út af þeim brtt., sem hér eru til umr., olli mér verulega miklum vonbrigðum og skýtur að mínu viti mjög skökku við þær vonir, sem þeir hv. alþm., sem viðstaddir voru umr. hér í gær og hlustuðu á hæstv. heilbrmrh. tala, gátu gert sér um framgang þessara mála.

Hæstv. fjmrh. tók það fram, að hann teldi, að brtt. mín o. fl. þm. á þskj. 632 um lántökuheimild að fjárhæð 20 millj. kr. til þess að ráðast í framkvæmdir við Fæðingardeildina, ætti ekki heima í framkvæmdaáætlun. Ég skil hann þannig, að hann eigi ekki beint við það, að það sé formlega rangt hjá okkur flm. að flytja þessar brtt. við framkvæmdaáætlunina, heldur hitt, að hæstv. ríkisstj. hafi ekki hugsað sér, þegar hún samdi þessa framkvæmdaáætlun og hún var lögð fyrir hv. Alþ., að ráðast í þá framkvæmd, sem meiningin er að gera mögulega með þeirri brtt., sem við höfum flutt. En það gildir ekkert sérstakt um framkvæmdaáætlunina umfram önnur stjórnarfrv., Alþ. má breyta þeim, og það er einmitt það, sem við erum að leggja til með okkar brtt., að vegna þeirra brýnu þarfa, sem á því eru að eitthvað sé gert í sambandi við Fæðingardeild Landspítalans, og vegna þess mikla þrýstings, sem hefur verið í þessu máli, og þess velvilja, sem við töldum, að væri til staðar á hv. Alþ. um málið, leggjum við flm. til, að framkvæmdaáætlun sé breytt á þann veg, að lántökuheimildir ríkisstj. á árinu 1969 verði hækkaðar um 20 millj. kr. og sú fjárveiting verði notuð til framkvæmda í þágu Fæðingardeildarinnar. Nú hefur hæstv. fjmrh. algerlega neitað því að verða við þessum óskum okkar, sem að brtt. stöndum, og gengur þar um leið þvert á þann vilja, sem uppi er hjá kvenfólki í landinu í þessu efni. Hæstv. fjmrh. benti á, að það væri tilgangslaust að flytja svona brtt. eða leita heimildar fyrir ríkisstj. til þess að fá slíka lántökuheimild, vegna þess, eins og hann orðaði það, að hæstv. heilbrmrh. hefði gefið þá yfirlýsingu hér í umr. í gær, að framkvæmdir í þessum efnum gætu ekki átt sér stað á þessu ári. Og bar hann þar fyrir sig húsameistara og landlækni. Ég benti á það hins vegar í minni ræðu hér áðan, að það hefði áður gerzt, að hæstv. heilbrmrh. hefði gefið yfirlýsingar hér í hv. Alþ. einmitt um þetta málefni, sem hann síðan við nánari athugun hefur tekið aftur, og á ég þá við það, að þann 26. marz s. l. í umr. um þessi mál lýsti hæstv. heilbrmrh. því yfir, að framkvæmdir gætu ekki hafizt í sambandi við byggingu á Fæðingardeildinni, fyrr en í fyrsta lagi á árinu 1972, en þessari yfirlýsingu (**Dómsmrh.:** Þetta er rangt.) breytti hann í umr. í gær og taldi, að allar líkur væru á því, að hægt væri að hefjast handa í þessu máli vorið 1970. Hæstv. ráðh. kallar fram í, að þetta sé rangt. Það vill svo vel til, að ég er með tilvitnun úr þeirri ræðu, sem hæstv. ráðh. flutti 26. marz s. l., eins og hún er birt í Morgunblaðinu, og sé hún ekki rétt með farin, á hann við það blað að sakast. En með leyfi hæstv. forseta langar mig til að lesa upp örstutta setningu úr þeirri ræðu, en þar stendur svona í Morgunblaðinu þann 27. marz, haft eftir hæstv. ráðh.: „Verði ekki hægt að veita stórlega auknu fé til byggingarframkvæmda á Landspítalalóðinni, eru ekki miklar horfur á, að unnt verði að hefja nýjar framkvæmdir fyrr en 1972. Hæstv. Alþ. ákvarðar fjárveitingar frá ári til árs og fjárhagsgetan markast að sjálfsögðu af efnum og ástæðum þjóðarinnar eins og hinu, hvaða forgang hv. þm. vilja veita slíkum fjárframlögum umfram önnur."

Þannig hljóðar í frásögn Morgunblaðsins þessi hluti ræðu hæstv. heilbrmrh., sem hann nú virðist ekki vilja kannast við.

Hæstv. fjmrh. sagði enn fremur áðan, að það væri óskynsamlegt að afla fjárveitinga sem síðan væri beðið með. Ég og fleiri hv. þm. erum þeirrar skoðunar, og þykjumst þar styðjast við nokkuð sterk rök, sem fram hafa komið í umr. um þessi mál, að það sé fjarri því, að það sé gefið mál, að ekki sé hægt að byrja þessar framkvæmdir þegar á þessu ári. Ég las upp hér úr viðtali við dr. Gunnlaug Snædal lækni, sem birtist í Tímanum hinn 16. apríl s. l., og þar er gefið fyllilega í skyn af honum, að það sé hægt að byrja þegar strax á þessu ári. Ég las það upp áðan, hæstv. ráðh. var ekki viðlátinn, en ég er með greinina, ef hann vill, að ég lesi þetta. (Gripið fram í.) Það er svo aftur annað mál, hvort hæstv. ráðh. skipti það nokkru máli, hvaða álit sá læknir, sem sennilega þekkir bezt til þessara mála, vegna þess að hann hefur starfað þarna um mörg ár, hefur á þessu atriði. En mig skiptir það máli og ég tek mjög verulegt tillit til þess, hvað þessi læknir segir um þetta atriði. (Gripið fram í.) Já, meðal annars, hann hefur starfað með húsameistara. Hæstv. ráðh. upplýsti og það kemur fram í viðtalinu við Gunnlaug Snædal, ég man ekki hvort það var árið 1967 eða einhvern tíma um það leyti, að hann var í n. með m. a. húsameistara ríkisins til þess að athuga, hvernig væri bezt að snúa sér í þessum málum og hvenær væri hægt að hefja framkvæmdir í þeim, og ég tel, að hann hafi talsvert fyrir sér og hafi fengið upplýsingar í sambandi við þau nefndarstörf.

En sem sagt, að endingu aðeins þetta: Sú yfirlýsing hæstv. fjmrh. nú, að ekki komi til mála að samþ. brtt. okkar, hefur valdið mér og ábyggilega fleirum miklum vonbrigðum. Ég tel ekki efnisrök fyrir því að segja, að það sé ekki þörf á slíkri heimild, vegna þess að ekki sé hægt að hefja þessar framkvæmdir fyrr en í fyrsta lagi á næsta ári, og ég vísa til þess, sem ég og margir aðrir hafa sagt um þetta atriði.

Stefán Valgeirsson: Herra forseti. Ég hafði nú eiginlega ætlað mér að tala örlítið til fjmrh., en ég sé, að hann er ekki hérna inni, og þykir mér það mjög illt. Ég er einn af þessum fjórum, sem standa að brtt. á þskj. 632 um að ríkisstj. sé heimilað að taka að láni 20 millj. til Kvensjúkdóma- og fæðingardeildar Landspítalans. Það, sem kom fram í ræðu hæstv. fjmrh. var, að það væri alveg óhugsandi, að það væri hægt að hefja framkvæmdir á þessu ári, og hann skaut sér á bak við það, að það mundi ekki vera hægt að byrja vegna þess, að það stæði á teikningum af þessu húsi, og það mundi þurfa heilt ár, að mér skildist, til að ljúka þessum teikningum. En hver er það af hv. alþm., sem trúir þessu, að það taki heilt ár að ganga þannig frá teikningum, að það sé hægt að hefja framkvæmdir? Ég skil varla, að það séu margir sem hafa átt við byggingar, en það er náttúrlega enginn vandi að vinna þannig að þessu, að það sé hægt, að það þurfi að bíða eftir því í heilt ár, en ef vilji er fyrir hendi, þá fullyrði ég a. m. k., að það þurfi ekki að taka marga mánuði, þannig að þessi fyrirsláttur er algerlega hald-

laus. Ég hefði bara gaman af því, að það væru fleiri arkitektar til kvaddir en húsameistari ríkisins um þetta mál og heyra þeirra álit á því, hvort þess þurfi. Það er búið að ákveða, að þetta hús skuli vera svona stórt, 1000 fm á þrem hæðum, það er komin frumteikning. Ég segi þetta af þeirri reynslu, sem ég hafði af þessum málum. Ég hef að vísu rætt þetta við arkitekta, en ekki sem ég get nefnt hér, og þeir trúa því ekki frekar en ég, þannig að það er óhætt fyrir hv. alþm. að samþ. það þess vegna. Það trúir því enginn, að það væri ekki hægt að ryðja þessum þröskuldi úr vegi, ef vilji væri fyrir hendi á annað borð. Ef hægt er að taka að láni og forsvaranlegt 150 millj. í Kísilgúrverksmiðjuna við Mývatn og ýmislegt annað, sem hér er ráðgert, þá finnst mér það hálf svona lágkúrulegt, ef þessi till. verður felld og skotið sér á bak við þetta, sem allir hljóta að sjá að er fyrirsláttur einn og ekkert annað.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 93. fundi í Nd., 12. maí, var fram haldið 3. umr. um frv.

ATKVGR.

Brtt. 632,1 felld með 19:18 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: BP, EystJ, GeirG, JJ, HS, HV, IG, JSk, RA, LJós, MK, SE, SkG, SV, SP, VH, ÞÞ, ÁÞ.

nei: EmJ, FÞ, GuðlG, ÓL, GÞG, IngJ, JóhH, JP, MB, MÁM, ÞB, PS, SI, SKJ, BF, BK, BBen, BGuðm, SB.

3 þm. (BrS, EðS, BGr) fjarstaddir.

3 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Björn Pálsson: Herra forseti. Fæðingardeild Landspítalans er í upphafi af vanhyggju byggð, og þörf er að byggja nýja fæðingardeild, stærri og fullkomnari. Ég vil hins vegar taka fram, að ég álít, að heilbrmrh. hafi gert rétt og það eina, sem hægt var að gera, með því að hlutast til um að fá aukið sjúkrahússrúm eða aukið rúm fyrir sjúklinga á handlæknisdeild Landspítalans og láta byggja nú þegar yfir kóbalttækin, jafnvel þó að það kosti nokkrar millj., og þetta hafi verið það eina, sem hægt var að gera í bili. Hins vegar greiði ég atkv. með till. vegna þess, að ég veit, að það er þörf á meira fjármagni til þess að hrinda þessu máli í framkvæmd og brýn nauðsyn er að gera það sem fyrst, og segi ég því já.

Friðjón Þórðarson: Herra forseti. Þar sem heilbrigðisstjórnin hefur þegar gert ákveðna áætlun um lausn þessa vandamáls, sem till. þessi beinist að í raun og veru, og fyrir liggur, samkv. þeirri áætlun, að lánsheimild, þótt samþ. væri, mundi ekki nýtast til framkvæmda á þessu ári, segi ég nei.

Matthías Bjarnason: Herra forseti. Ég tel, að tvímælalaust beri að gera allt, sem unnt er, til að hefja byggingarframkvæmdir við stækkun Fæðingardeildar Landspítalans. En með skírskotun til yfirlýsingar heilbrmrh. við umr. í Sþ. um þetta mál s. l. fimmtudag, að framkvæmdir við bygginguna geti ekki hafizt fyrr en á næsta ári, tel ég ástæðulaust að taka 20 millj. kr. lán á framkvæmdaáætlun yfirstandandi árs og segi nei.

Brtt. 647 felld með 17:16 atkv.

Brtt. 632,2 kom ekki til atkv.

Frv. samþ. með 32 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 91. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 93. fundi í Nd., 13. maí, var frv. tekið til 1. umr.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Frv. þetta, sem hér liggur fyrir um framkvæmdaáætlun ríkisins fyrir 1969, hefur gengið í gegnum hv. Nd. og tók það þá einni breytingu. Tekin var inn heimild til að taka lán í Danmörku til að framkvæma endurbætur á húsi Jóns Sigurðssonar. Þetta var ekki upphaflega í frv. ríkisstj., eins og það var lagt fyrir, en er tekið inn í frv. samkv. ósk forseta Alþingis. Hús þetta er, eins og hv. þdm. er kunnugt, eign Alþingis og sá ég ekki ástæðu til, eins og atvik málsins voru, að hafa á móti því, að þessi lántökuheimild væri tekin inn, þar sem þegar var búið að tryggja þetta lán.

Það hefur árlega undanfarin ár verið lögð fram til viðbótar fjárlögum sérstök framkvæmda- og fjáröflunaráætlun, sem hefur verið í tvennu lagi, annars vegar framkvæmda- og fjáröflunaráætlun fyrir ríkisframkvæmdir til viðbótar því, sem gert er ráð fyrir í fjárl., og hins vegar fjáröflun til fjárfestingarlána atvinnuveganna. Hér er eingöngu um að ræða annan þátt þessara mála, en það er fjáröflun vegna ríkisframkvæmda, sem byggist á því, að samkv. l. um Framkvæmdasjóð Íslands er það hlutverk þess sjóðs að afla fjár til stofnsjóða atvinnuveganna, og það eru því og verða till. þeirrar sjóðsstjórnar, sem er þingkjörin, sem koma til með að verða afgerandi um það, hvernig þeirri fjáröflun verður hagað og skiptingu þess fjár, og kemur ekki til kasta Alþ. sérstaklega að leggja blessun sína yfir þá skiptingu.

Framkvæmdaáætlunin nú er töluvert umfangsminni en á s. l. ári, þannig að gert er ráð fyrir framkvæmdum, sem nema 225 millj. kr. í staðinn fyrir 330 millj. á s. l. ári, en þá rann hluti af erlendu framkvæmdaláni til framkvæmdaáætlunarinnar og gerði þannig mögulegt að hafa upphæðina þetta hærri. Ég legg á það ríka áherzlu, sérstaklega vegna brtt., sem fram komu við þetta frv. í hv. Ed., að það hefur alltaf verið meginregla með þessa áætlun, að hún er ekki óskalisti, heldur er hún ákvörðun, þ. e. a. s. það er gert ráð fyrir því, að það sé hægt að afla þess fjár, sem lagt er til að afla með áætluninni, en ekki lántökuheimildir veittar að segja má út í loftið, og jafnframt er gert ráð fyrir því, að framkvæmdir þær verði unnar, sem tekið er fram í áætluninni, að stefnt sé að að hrinda í framkvæmd.

Þetta frv. nú er með öðrum hætti en undanfarin ár að því leyti til, að nú er tekið inn í frv. sjálft, hvernig fénu skuli ráðstafað. Það hefur ekki áður verið gert, heldur birt sem fskj. með frv., en ég hygg, að það sé meira í samræmi við óskir hv. þm., að skipting fjárins sjálfs sé tekin inn í frv. Úr því að nú þegar lágu fyrir ákvarðanir um það eða till., hvernig æskilegast væri að skipta þessu fé, þá er lagt til, að það verði gert í frv. sjálfu. Það hefur stundum verið einnig fundið að því, að þetta frv. væri seint á ferðinni hér á hinu háa Alþ. Ég hygg, að það verði ekki með sama rétti borin fram kvörtun um það

nú vegna þess, að drög að framkvæmdaáætlun voru látin nú í fyrsta sinn fylgja fjárlagafrv. fyrir árið 1969. Það eru að vísu nokkrar breytingar, sem hafa orðið á áætluninni frá því fskj., en þær breytingar eru tiltölulega smávægilegar. Þar var á það bent, um leið og taldar voru upp margvíslegar framkvæmdir, sem óumflýjanlegt var að afla fjár til, að lánsfjáröflun væri mjög takmörkuð, og það yrði að fara mjög hægt í það að ganga á hinn innlenda lánamarkað og þrengja hag atvinnuveganna að þessu leyti og takmarka ráðstöfunarfé bankanna, og þess vegna væri ekki um annað að ræða en taka inn í fjárlög ýmsa útgjaldaliði, sem bent var þar á, að nauðsynlegt væri að sinna, en ekki var þá til fé til ráðstöfunar fyrir. Sumt af þessum framkvæmdaliðum var tekið inn í fjárlagafrv., og eru þeir því úr sögunni í sambandi við þetta mál, eins og það liggur fyrir hér, en hins vegar eru þeir liðir eftir, sem talið var auðið að fjármagna eftir þeim leiðum, sem þá var vikið að, að færar mundu verða til þess að fjármagna framkvæmdirnar. Þær leiðir voru tvær, annars vegar útgáfa spariskírteina á sama hátt og gert hefur verið um nokkurra ára bil og hins vegar að taka svokallað PL-480 lán, sem er vörukaupalán í Bandaríkjunum og Íslendingar hafa átt kost á um nokkurra ára bil og hagnýtt sér og líkur til þess, að það lán fáist einnig á þessu ári. Þessar tvær leiðir var talið fært að fara, en hins vegar hef ég ekki treyst mér til að leggja til, að gengið verði lengra eftir þeirri braut að afla fjár með sölu spariskírteina en hér er gert ráð fyrir, vegna hinna almennu þrenginga á peningamarkaði. Það er gert ráð fyrir hér að afla sömu fjárhæðar í nýjum spariskírteinalánum og gert var á s. l. ári, þannig að ekki verði þrengt að bönkunum hvað þetta snertir. Þá er einnig gert ráð fyrir að endurnýja, sem nemur 80 millj., innleyst spariskírteini. Þetta hefur verið þannig undanfarin ár, og það tekur að sjálfsögðu ekki ráðstöfunarfé frá bönkunum á þann hátt, því að hér er eingöngu um það að ræða að þeir, sem spariskírteini eiga þegar, endurnýi þau og kaupi ný skírteini. PL-480 lánið er áætlað að geti orðið á þessu ári um 70 millj. kr. Þetta eru sem sagt þær tvær leiðir, sem gert er ráð fyrir að fara til að fjármagna framkvæmdir þær, sem hér er um að ræða.

Þá munu menn vafalaust spyrja, hvernig þær framkvæmdir séu valdar, sem ákveðið er að leggja til að veitt verði fé til samkv. þessu frv. Það er í stuttu máli sagt þannig, að það hefur verið leitazt við að takmarka þær fjárveitingar við framkvæmdir, sem að mati Efnahagsstofnunarinnar og fjárlaga- og hagsýslustofnunarinnar hefur verið óumflýjanlegt að afla fjár til. Það er annaðhvort um það að ræða, að það þurfi beinlínis að afla fjár til skuldagreiðslna eða þá skuldbindinga, sem ríkið hefur þegar tekið á sig, eða í þriðja lagi til framkvæmda, sem óumflýjanlegt er vegna þjóðfélagshagsmuna að afla fjár til. Er þar fyrst og fremst um að ræða orkurannsóknir, bæði á jarðhita og raforku.

Ég sé ekki ástæðu til þess að fara langt út í það að útskýra einstaka liði í frv. varðandi þær fjárveitingar, sem þar er gert ráð fyrir til einstakra liða, það er mjög rækilega gert í 7. gr. frv. og þarflaust að vera að lesa það upp aftur.

Ég hygg, að allir hv. þm. séu sammála um, að það beri brýna nauðsyn til að ýta áleiðis, svo sem kostur er á, rannsóknum í sambandi við saltvinnslu hér á Reykjanesi. Jarðboranir þarf að framkvæma í Námaskarði, bæði vegna orkuversins þar, sem framleiðir í senn jarðgufu til Kísiliðjunnar, sem nú er áformað að stækka um helming, og til orkuvers þess, sem þar hefur verið sett í tilraunaskyni á vegum Laxárvirkjunar og þarf meiri orku en þegar er séð fyrir. Þá er einnig ljóst, að það er nauðsynlegt að halda áfram rannsóknum á efra Þjórsársvæðinu vegna þess að áformað er að hraða framkvæmdum við álbræðsluna.

Um Rafmagnsveitu ríkisins skal ég ekki orðlengja. Það er stórkostlegt fjárhagsvandamál, sem er nú unnið að af sérstakri n. til að sjá, hvernig á að leysa það yfir höfuð, vandinn þar er miklu meiri en þær framkvæmdir, sem hér er um að ræða. Hagur þess fyrirtækis er hinn bágbornasti, og vantar geysistórar fjárhæðir til þess, að náð verði saman endum varðandi rekstur þess fyrirtækis, og því nauðsynlegt að taka það til heildarendurskoðunar.

Um framkvæmdirnar á Keldnaholti er það að segja, að það er gert ráð fyrir að Rannsóknastofnun iðnaðarins fái þar inni, en mikið nauðsynjamál er orðið fyrir Háskólann að losa það húsnæði, sem iðnaðardeildin hefur haft þar til afnota undanfarin ár, því að mjög þrengir að Háskólanum.

Það hefur verið venja að taka nokkurt fé að láni til landshafna í framkvæmdaáætlun, og er svo gert enn, og er þar fyrst og fremst um að ræða aðgerðir við Þorlákshöfn.

Hafnarfjarðarvegur í Kópavogi er skuldbinding gagnvart Kópavogskaupstað. Það eru ekki ríkisútgjöld, heldur er ætlunin, að það greiðist af þéttbýlisfé Kópavogs, þegar þar að kemur, en loforð er um það að útvega lán til þess að þoka þeim framkvæmdum áfram.

Þá er eitt mesta vandamálið í öllu þessu fjáröflunarmáli, en það er Keflavíkurvegurinn. Það er sérstök fjárveiting í vegáætlun til hans, tæpar 7 millj. kr., og þar að auki er vegarskatturinn, sem er á þeim vegi, en engu að síður eru horfur á því, miðað við þær gengisbreytingar, sem orðið hafa, að seint verði greiddar þessar skuldir, nema einhverjar sérstakar ráðstafanir verði gerðar til þess að auka það fé, sem til ráðstöfunar verður til þessara skuldagreiðslna. Það gerir ekki betur, eins og er, en að standa undir vöxtum af þessu láni.

Það er talið nauðsynlegt að hraða framkvæmdum við Menntaskólann við Hamrahlíð. Það þarf meira menntaskólarými heldur en gert var ráð fyrir í áætlun, sem lá fyrir, þegar fjárlagafrv. var samþ., og því talið nauðsynlegt að auka húsrými menntaskólanna í Reykjavík til að fullnægja þörfinni hér miðað við sýnilega fjölgun nemenda.

Lögreglustöð í Reykjavík er með sömu fjárveitingu og var á s. l. ári og mun þó ekki nægja til að ljúka þeirri byggingu.

Nýr liður er hér, sem er rannsókn á perlusteinsvinnslu, en það er nokkuð svipað og með 1. liðinn því að þar er um að ræða að rannsaka verðmæt jarðefni með það í huga, hvort unnt sé að skapa ný útflutningsverðmæti, og hygg ég, að ekki geti orðið ágreiningur um það hjá hv. þd., að það sé rétt stefna.

Það er auðvitað margt, sem hefði verið æskilegt að vinna að, en það gefur auga leið, að það verður að fara

mjög varlega í lántökur. Bæði er það rétt, sem oft hefur verið bent á af hv. þm., að það sé mjög vafasamt að fjármagna með lántökum ríkisframkvæmdir, sem eru áframhaldandi viðfangsefni, þó að það geti verið rétt til þess að ljúka framkvæmd, sem er tiltekið átak, sem er þá úr sögunni. En ekki síður er nauðsynlegt nú að fara varlega í lántökur vegna þess hve þröngt er um fjármagn á hinum innlenda peningamarkaði, og á það hefur margoft verið lögð áherzla, bæði af mér og mörgum hv. þm., og þá ekki síður stjórnarandstæðingum, að það væri mjög varhugavert að fara að taka erlend lán til almennra framkvæmda í landinu, þannig að ég er algjörlega sammála því, að það megi ekki gera, eins og sakir standa nú. Þó að hér sé talað um PL-480 lán, sem er erlend lántaka að vissu leyti, þá er það alveg sérstaks eðlis vegna þess, að það er, eins og ég sagði, vörukaupalán, það eru kaup á vörum, sem undir öllum kringumstæðum þarf að kaupa til landsins, matvörur og fóðurvörur, og mundi ekki þurfa að greiðast með erlendum gjaldeyri, en við fáum hins vegar, í stað þess að þetta sé greitt með venjulegum hætti, þetta fé til ráðstöfunar í vissan árafjölda, eins og hv. þm. er kunnugt, og er því raunverulega ekki um ráðstöfun á erlendu lánsfé að ræða í venjulegum skilningi.

Herra forseti. Ég legg til, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. fjhn.

Einar Ágústsson: Herra forseti. Nú við 1. umr. um þetta frv. hef ég aðeins áhuga á því að koma á framfæri örfáum aths., en geyma allar verulegar umr. um málið til 2. umr.

Hér er, eins og hæstv. fjmrh. tók fram, hluti af framkvæmda- og fjáröflunaráætlun ríkissjóðs fyrir árið 1969, annar þáttur þess máls, hinn þátturinn fer fram hjá Framkvæmdasjóði. Ég mun ekkert endurtaka af því, sem ég sagði hér við umr. um lántöku vegna Framkvæmdasjóðs á sínum tíma, að ég hefði að vísu talið, að það hefði verið æskilegra, að Alþ. væri gerð grein fyrir skiptingu þess fjár, sem aflað er til Framkvæmdasjóðs, en með því að það er þingkjörin stjórn, sem fer með málefni sjóðsins, þá tel ég það ekki skipta meginmáli, og sérstaklega, þegar litið er til þess, að með því frv. fylgdi allítarleg greinargerð um fyrirhugaða ráðstöfun lánsfjárins til þarfra og merkra framkvæmda.

Þau verkefni, sem ætlað er að vinna fyrir þetta lánsfé hér, eru flestöll og öll hin þörfustu, og mun ég ekki hafa uppi neinar aðfinnslur við þau. Hæstv. fjmrh. sagði hér áðan, að hér væri ekki um óskalista að ræða, en einhvers staðar verða þm. nú að koma fram óskum sínum og hugmyndum um það í hvaða verkefni eigi að ráðast, og hvað er þá eðlilegra en að fella það inn í frv., sem einmitt gera ráð fyrir fjármögnun þarfra hluta?

Hæstv. ráðh. gat þess, að í meðförum Nd. hefði ein till. verið tekin til greina. Ég hef að vísu ekkert á móti því, að það sé gert við hús Jóns Sigurðssonar í Kaupmannahöfn, en ýmsar aðrar framkvæmdir finnst mér nú satt að segja eins þarfar, og sumar þeirra var nú flutt till. um í hv. Nd., eins og t.d. margnefnda viðbyggingu við kvensjúkdómadeild Landspítalans. Það er að vísu nokkru hærri fjárhæð, sem farið var fram á til þeirra framkvæmda, heldur en það kostar að gera við hús Jóns Sigurðssonar, en viðgerð á húsi Jóns Sigurðssonar var tekin fram yfir þetta nauðsynjamál. Ég er nú ekkert sérlega hrifinn af því, þó að ég viðurkenni það, að það er skömm að því að eiga húsið, eins og það er. Það var ekki till. hæstv. fjmrh., kannske greiðir hann henni þá ekki atkv., þegar hún kemur hér fyrir Ed., ég veit ekki um það enn þá, það kemur í ljós.

En það, sem ég vildi nú aðallega koma á framfæri um þetta frv., er hin innlenda fjáröflun. Það er auðvitað öllum ljóst, að æskilegast er að fjármagna sem mest af framkvæmdum ríkisins fyrir innlent lánsfé. Mér finnst ég eiginlega mega til að flytja hér svipaða ræðu, eins og ég hef gert undanfarin ár, þegar þessi fjáröflun með sölu skuldabréfa og spariskírteina er til meðferðar.

Ég ætla ekki að hafa um það mörg orð, hvernig útlánamöguleikum viðskiptabankanna er háttað. Hæstv. fjmrh. þekkir það eins vel og ég og veit, að þar er við erfitt verkefni að fást. Engu að síður er hér gert ráð fyrir því að afla lánsfjár að upphæð 75 millj. kr. með sölu á verðtryggðum skírteinum, sem eru nú, eins og jafnan, boðin fram með þannig kjörum, að bankarnir geta ekkert slíkt boðið, og ef að vanda lætur, þá munu þessi skírteini seljast vel, og ráðstöfunarfé viðskiptabankanna minnka að sama skapi. Ég hef hér ásamt fleiri þm. í vetur flutt þáltill. um það, að nú í bili verði hætt að binda hluta af sparifjáraukningunni, eins og gert hefur verið undanfarin ár, og ég skal ekki fara langt út í rökstuðning þess. Hann er, eins og allir þm. þekkja sá, að það beri að hafa aðra fjármálastjórn í erfiðum árum en viðhöfð var, þegar mikið framboð var á fjármagni.

Ég satt að segja hélt það, þegar þessi mál voru rædd í Sþ. rétt fyrir jólin, og hæstv. forsrh. talaði mjög skynsamlega um það, að mínum dómi, að það þyrfti að auka fjármagn til atvinnuveganna, að þá mundi sú stjórn, sem fer með yfirstjórn þessara mála, slaka til á bindingunni. Ekkert slíkt hefur gerzt. Það hefur að vísu verið aukið eitthvað lán til sérstakra greina atvinnuveganna úr Seðlabankanum, það viðurkenni ég, en engin tilslökun hefur farið fram á bindingu sparifjárins. Nú í gær síðast voru bankastjórar viðskiptabankanna kallaðir í árlega heimsókn til ráðh. og seðlabankastjóra til þess að semja um framlög bankanna til framkvæmda á næsta ári, ef ég veit rétt. Þar mun hafa verið um 10% fjármögnun af sparifjáraukningu að ræða, eins og verið hefur. Allt þetta hnígur í sömu átt, að takmarka ráðstöfunarfé bankanna. Ég sé ekki ástæðu til þess að vera að fjölyrða um þetta, ég vek athygli á þessu, eins og ég hef gert við sams konar umr. hér á fyrri árum. Þá vil ég enn fremur lýsa þeirri skoðun minni, eins og ég hef löngum gert, í sambandi við 3. gr. frv., að ríkisskuldabréfin og spariskírteinin eigi ekki að vera undanþegin framtalsskyldu, og að þau eigi þvert á móti að telja fram og nota þetta að hluta til í baráttunni við skattsvikin.

Ég er alveg sammála því, sem hæstv. fjmrh. sagði hér áðan, að eins og nú standa sakir verður að fara varlega í lántökur, sérstaklega til óarðbærra framkvæmda. En það er eitt, sem vekur athygli mína í sambandi við þær lántökur, sem hér er um að tefla, og það er það, hversu mikill hluti af þessu nýja lánsfé þarf að ganga til þess að standa við eldri skuldbindingar. Ég hef í fljótheitum

farið yfir það, hversu mikill hluti af þessum 225 millj. kr., sem hér er ráðgert að taka að láni, gengur til þess að greiða eldri skuldbindingar, þannig að það minnkar þá að sama skapi hið nýja fjármagn til framkvæmda, sem um er að ræða. Ég ætla aðeins, með leyfi forseta, að nefna nokkur dæmi um þetta.

Fyrsti liðurinn, sem á að verja fjármagni til, eru boranir og rannsóknir á Reykjanesi. Þar segir, að kostnaður árið 1968 hafi reynzt mun meiri en gert var ráð fyrir, og var aflað bráðabirgðalána til framkvæmdanna samtals að fjárhæð 8 millj. kr. Í kaflanum um boranir við Námafjall segir: Til endurgreiðslu bráðabirgðalána, sem aflað var vegna framkvæmdanna árið 1968, verður nauðsynleg viðbótarfjáröflun samtals 8.4 millj. kr. Til Rafmagnsveitna ríkisins, sem er 4. liðurinn, sem á að ætla fjármagn til af þessum lántökum, nema endurgreiðslur 17 millj. kr. Í liðnum framkvæmdir á Keldnaholti segir, að í öðru lagi þurfi að endurgreiða 6.4 millj. kr. bráðabirgðalán, sem aflað hefur verið til byggingar húsnæðis fyrir Rannsóknastofnun byggingaiðnaðarins, 6.4 millj. kr. Landshafnir, þar er liðurinn skuldagreiðslur við verktaka og vitamálastjórn 1.8 millj. kr. Hafnarfjarðarvegur í Kópavogi, þar er skuld frá fyrra ári og lántökukostnaður 5.5 millj. kr. Liðurinn Reykjanesbraut er 29.6 millj. kr., og hann á allur að ganga til afborgana og vaxta af lánum vegna þessarar brautar, og liðurinn Reykjanesbraut í Breiðholti er 6.8 millj. kr. og hann á líka allur að ganga til greiðslu afborgana og vaxta af láni, sem áður er búið að taka. Þannig kemur það í ljós, þegar þetta er athugað, að 80 millj. kr. af þessum 225 millj., sem nú er verið að afla lánsfjár til, gengur til þess að greiða vexti og afborganir eða bráðabirgðalán, sem áður er búið að taka og vinna fyrir, þannig að framkvæmdaliðurinn í þessu frv. verður aðeins 145 millj. kr.

Ég er ekki að finna að þessu, það verður að standa í skilum með þau lán, sem tekin hafa verið. Ég er alveg sammála því, sem hæstv. ráðh. sagði um það. En ég bara vek athygli á þessu til þess að sýna það, hversu lántökubrautin er erfið og grýtt og dregur langan dilk á eftir sér. Það er ekkert mikið, miðað við núgildandi verðlag, sem hægt er að vinna fyrir 145 millj. kr. Þegar rætt var um framkvæmdaáætlun þessa á s.l. ári, þá voru þó 330 millj. kr., sem ráðgert var að vinna fyrir, og verðlagið lægra, þannig að hér hlýtur að vera um stórfelldan samdrátt í raunverulegum framkvæmdum að ræða. Þessu vildi ég aðeins vekja athygli á nú við 1. umr., en skal svo að öðru leyti geyma mér umr. um frv. til 2. umr.

En það er aðeins ein spurning, — já spurning nánast, — sem mig langar til að varpa fram, kannske — ekki frekar — til hæstv. fjmrh. en annarra. Hún er í stuttu máli sú, hvort hv. alþm. og hæstv. ríkisstj. hafi hugsað sér að fara heim af Alþ. án þess að hafa gert nokkrar ráðstafanir til þess að auka möguleika skólanema fyrir sumaratvinnu, og hvort það sé ekki nauðsynlegt til þess að afstýra vandræðum að hugsa til þess að útvega einhvert fjármagn í þessu skyni og trúlega verður það þá einungis um lánsfjármagn að ræða? Ég er ekki með tilbúna till. um þetta atriði að svo stöddu, en ég varpa þessari hugmynd aðeins fram til umhugsunar milli umr., hvort hv. þm. telji það ekki algjörlega óhjákvæmilegt, að eitthvað verði í þessu máli gert? Ég veit, að það er fyrir Alþ. frv. til l. um það, að skólanemar njóti atvinnuleysisbóta, það er sjálfsagt gott fyrir þá, sem það hljóta, og það er kannske eina leiðin, sem menn sjá, en ósköp er það ógeðfelld tilhugsun í mínum augum að borga ungu og frísku fólki fyrir að ganga atvinnulaust, og eigum við ekki, áður en að því ráði er horfið, að kanna það til þrautar, hvort ekki er mögulegt að virkja starfskrafta þessa fólks, hvort það er ekki hægt að koma hér á vinnu við þarflega hluti, sem frekar væri ástæða til að verja fjármagni til, heldur en að greiða bætur úr atvinnuleysistryggingasjóði.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Ég hef ekkert sérstakt að athuga við það, sem hv. 11. þm. Reykv. sagði varðandi þetta frv. Það er alveg rétt hjá honum, að það eru allstórar fjárhæðir, sem ganga þar til skuldagreiðslna, sem stafar af því, að á síðasta ári var unnið meira á ýmsum sviðum heldur en fjáröflunaráætlunin þá leyfði, og varð því að fara inn á þá braut að fá bráðabirgðalán, sem verður auðvitað að koma í fast form og er lagt til að gera með þessari áætlun. Það hefði verið fullkomlega æskilegt, ef það hefði verið hægt að hafa þessa áætlun víðtækari en nú er. En með því að ekki þótti, eins og ég áðan sagði, mögulegt né verjandi að fara að leggja til að taka erlend lán til almennra framkvæmda í landinu, eins og ella hefði orðið, ef hefði átt að gera það til þessarar áætlunar hér, og eins hitt, sem hv. þm. reyndar staðfesti, að það væri ekki hægt að ganga lengra á hag bankanna, þá var ekki talið mögulegt að taka hér inn fleiri framkvæmdir en raun ber vitni um.

Varðandi það, að eðlilegt sé í þessu sambandi að slaka á bindingu Seðlabankans og losa um innlent fé, sem þar er bundið, þá er það víðtækara mál, sem ég ætla ekki að fara út í hér. Það snertir okkar meginefnahagsvandamál og stjórn peninga- og fjármála. En ég held, að það sé þó engum efa bundið, að það hefur verið slakað óbeinlínis mjög verulega á bindingu Seðlabankans að því leyti, að Seðlabankinn hefur hlaupið undir bagga á ýmsum sviðum, og það allrækilega, með þeim hætti, að ég hygg, að það sé meiri ástæða til þess að óttast það, að Seðlabankinn hafi gengið of langt í þessu efni, þannig að það raski um of jafnvægi varðandi gjaldeyrismálin heldur en hið gagnstæða. Hitt er alveg rétt, að eins og ástatt var, þá varð að teygja sig nokkuð til þess að koma atvinnulífinu í gang aftur, og taka á sig vissa áhættu, eins og hefur óneitanlega verið gert með þessum ráðstöfunum.

Það var aðeins í rauninni eitt atriði, sem hv. þm. kom inn á, og ég vildi minnast á, af því að hann tengdi það við þetta frv., en það var ráðstöfun til þess að útvega skólanemum atvinnu. Ég er honum efnislega sammála um það, að það væri mikið böl, ef skólafólk gæti ekki fengið atvinnu. Það hefur verið einn stærsti kosturinn við okkar skólakerfi, að ungt fólk í skólum hefur getað unnið að sumarlagi og ekki aðeins með því aflað sér fjár til að standa undir sínu námi, heldur einnig aflað sér dýrmætrar reynslu og þekkingar á atvinnuvegum þjóðarinnar, þannig að það væri mikið böl, ef svo þyrfti að fara nú, að fjöldi fólks gengi atvinnulaust. Ég held nú hins vegar, að það sé alveg ljóst mál, að lausnin á því

vandamáli sé fyrst og fremst að koma sem mestu lífi og fjöri í atvinnulíf þjóðarinnar almennt og að það velti að verulegu leyti á lausn kjaradeilnanna og með hverjum hætti þær leysast, hvort hér verður um stórt vandamál að ræða eða ekki. En að hinu leytinu til, hvort af opinberri hálfu þarf að gera ráðstafanir í þessu sambandi eða ekki, tel ég að sé mál, sem sé eðlilegt að sé rætt af atvinnumálan., og þá undir forystu Atvinnumálanefndar ríkisins. Ég veit, að Reykjavíkurborg hefur íhugað þetta mál, og ég hygg, að Atvinnumálanefnd ríkisins hafi einnig rætt þetta vandamál. Höfuðatriði málsins er það, sem ég vildi leggja áherzlu á, hvað sem skoðunum manna líður í þessu, sem ég hygg að fari á engan hátt á misvíxl, allir séu sammála um efni málsins og það sé rétt, sem hv. þm. sagði, að ekki verði komið með till. um þetta efni í sambandi við þetta frv., ekki nema þá, að menn séu reiðubúnir til þess að gera þá sérstaka fjáröflun í því sambandi, og í rauninni tilgangslítið að gera það í sambandi við þetta mál, vegna þess að það yrði þá að fara eftir einhverjum ákveðnum áætlunum, hvernig það mál yrði leyst. Ég held því, að ef ráðizt yrði í sérstakar ráðstafanir til þess að tryggja atvinnu skólanema, þá verði fjáröflun til þess, ef til kemur, að gerast á grundvelli sérstakrar og ákveðinnar áætlunar, sem þá væri búið að gera um það efni, og sem ég hygg þá að sé eðlilegast að sé að unnið á þeim vettvangi, sem ég áðan sagði, á vegum þeirrar atvinnumálanefndar eða samstarfsnefndar, sem sett hefur verið á laggirnar á milli vinnuveitenda, verkalýðs og ríkisstj., en þess sé enginn kostur að taka það inn í þetta frv. hér, enda ekki sjáanlegt, hvaða fjáröflun út af fyrir sig ætti hér að vera um að ræða til þess að leysa þann vanda, því að ég hygg, að við hv. þm. séum báðir sammála um það, að það að fara að taka hér almenn lán innanlands í þessu skyni sé ákaflega óraunsætt, og eigi að síður óraunsætt að gera það til þess að veita almenna heimild til ráðstafana, sem menn eru alls ekki búnir þá að gera sér grein fyrir, hverjar ættu að vera.

Einar Ágústsson: Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð. Ég er sammála hæstv. fjmrh. um, að æskilegast væri, ef hægt væri að útrýma atvinnuleysi skólafólks gegnum atvinnuvegina, eða að atvinnuvegirnir gætu veitt öllum þessum fjölda vinnu nú, þegar skólarnir loka hver af öðrum. En ég er ákaflega hræddur um, að það verði ekki, og ég byggi þá skoðun m.a. á því, að enn hefur ekki tekizt að útrýma atvinnuleysi hjá öðrum en skólafólki. Það hefur að vísu mikið minnkað hér í Reykjavík, þar sem ég er kunnugastur, en ég hygg þó, að nokkur hundruð manns séu enn þá hér á atvinnuleysisskrá. Það þarf væntanlega fyrst að sjá þessu fólki fyrir vinnu, áður en hægt er að ráðstafa öllum þeim fjölda skólanema, sem koma út úr skólunum þúsundum saman, núna eftir nokkrar vikur. Ég veit það, að atvinnumálanefndirnar hafa talsvert hugleitt þetta mál, t.d. Atvinnumálanefnd Reykjavíkur. Hún hefur látið fara fram könnun á því vandamáli, sem við er að glíma, og hún hefur sjálfsagt þó nokkuð margar till. til úrbóta á því í fórum sínum. En ég er ákaflega hræddur um það, að það verði lítið hægt að gera án fjármagns, og að það verði of lítið hægt að gera fyrir það takmarkaða fjármagn, sem Atvinnumálanefnd ríkisins hefur verið afhent í þessu skyni, 300 millj. kr., og þegar hefur verið að verulegu leyti ráðstafað til annarra hluta. Það er vissulega alveg rétt, sem hæstv. fjmrh. sagði, að svona mál þarf að vinna eftir áætlun og plani, ég er alveg sammála því, en hvenær á að gera þessa áætlun, ef ekki núna, því að það liður óðum að því, að þetta fólk kemur á markaðinn, og sumt er þegar komið. Þess vegna varpaði ég því fram hér til athugunar, hvort þm. gætu ekki hugsað sér að gera núna einhverja áætlun um útrýmingu þessa vandamáls, og þá væntanlega með því móti að leggja til hliðar eitthvert fjármagn í þessu skyni. Eins og ég sagði í minni fyrri ræðu, ég skal ekki tefja tímann yfir þessu, þá hef ég ekki hér ákveðna till. fram að bera, en menn hafa velt fyrir sér ýmsum framkvæmdum, sem þurfa mikið vinnuafl, án þess að kosta mjög mikið fjármagn. Ég skal ekki á þessu stigi nefna það, sem ég hef sérstaklega í huga til að lengja ekki umr., en það eru nokkur atriði, sem ég gæti vel hugsað mér að benda á, og ég mun athuga það nú milli umr., hvort ég sé mér ekki fært að bera fram brtt. við þetta frv. í þessu skyni.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til fjhn. með 13 shlj. atkv.

Á 96. fundi í Ed., 16. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 631, n. 758).

Frsm. (Ólafur Björnsson): Herra forseti. Um grg. fyrir efni þessa frv. vísa ég til frv. sjálfs og framsöguræðu hæstv. fjmrh. við 1. umr. málsins. Fjhn. hefur haft málið til meðferðar, og eins og nál. á þskj. 758 ber með sér, er n. sammála um það að mæla með frv., en 3 hv. nm. hafa skrifað undir það með fyrirvara, sem ég skil þannig, að þeir áskilji sér þar með rétt til þess að flytja eða fylgja brtt. En þar sem ég hef ekki orðið var við, að þær hafi enn komið fram, geri ég þær að sjálfsögðu ekki að umtalsefni.

Herra forseti. Samkv. þessu leggur fjhn. til, að þetta frv. verði samþ.

Einar Ágústsson: Herra forseti. Það er alveg rétt skilið hjá hv. 12. þm. Reykv., að við, sem skrifum undir nál. með fyrirvara, gerðum það til þess að flytja við það nokkrar brtt. Þeim hefur enn ekki verið útbýtt, og ég neyðist þess vegna til þess að flytja þær skriflega og fara fram á afbrigði til þess, að þær megi koma fyrir.

Ég skal reyna að gera grein fyrir þessum till. í örstuttu máli og eins og fyrri ræðumaður vísa þá til þess, sem áður hefur verið sagt við fyrri umr. um þetta mál hér í þessari hv. d. Þær brtt., sem ég flyt ásamt hv. 3. þm. Vestf., Bjarna Guðbjörnssyni, og hv. 4. þm. Norðurl. e., Hjalta Haraldssyni, eru fjórar. Raunar eru þær nú ekki kannske efnislega nema þrjár, en þær eru í 4 liðum vegna formsins. Ég ætla að leyfa mér að byrja á því að lesa þær upp.

Fyrsta brtt. er við 1. gr., þar sem talað er um innlenda fjáröflun, sölu ríkisskuldabréfa eða spariskírteina. Fyrir 75 millj. kr. komi 110 millj. kr.

Önnur brtt. er einnig við 1. gr. Hún er þannig, að við gr. bætist: „enda noti Seðlabanki Íslands ekki heimild

sína til að binda hluta af sparifjáraukningu banka, sparisjóða og annarra innlánsstofnana á árinu 1969."

Þriðja brtt. er við 3. gr. Við greinina bætist ný mgr. þannig: „Skuldabréfin og spariskírteinin skulu skráð á nöfn eigenda."

Fjórða brtt. er við 7. gr., þar sem talað er um ráðstöfun þess fjár, sem þannig á að afla, að á eftir Lögreglustöð í Reykjavík bætist nýr liður, svo hljóðandi: „Til atvinnuaukningar framhaldsskólanema sumarið 1969 35.0 millj."

Þessar brtt. þurfa nú ekki langrar framsögu við af minni hálfu, með því líka, eins og ég áður sagði, að ég hef við fyrri umr. hér gert þær nokkuð að umtalsefni. Aðalbreytingin er sú, að í stað innlendrar fjáröflunar, 75 millj. kr., gerum við till. um, að aflað verði 110 millj. kr. Það er auðvitað rétt, sem ég sagði við fyrri umr., að þessi fjáröflun, sem fæst með sölu spariskírteina, minnkar ráðstöfunarfé viðskiptabankanna, en 2. till. okkar er einmitt um það, að sparifjárbindingunni verði aflétt og er þar af leiðandi ekki nein mótsögn í þessum tillöguflutningi. Þessar 35 millj. kr., sem þannig er ætlað að afla til viðbótar, viljum við láta nota til þess að gera ráðstafanir til að auka sumaratvinnu framhaldsskólanema. En eins og ég sagði hér við fyrri umr., þá tel ég eitt höfuðvandamálið, sem nú er við að fást, það, að þetta fólk hefur ekki möguleika á því að fá arðbær störf og létta þannig undir með framhaldsnámi sínu, eins og löngum hefur tíðkazt hér hjá efnalitlum ungmennum, sem brotizt hafa áfram námsbrautina.

Það er að vísu alveg rétt, sem hæstv. fjmrh. sagði við 1. umr. hér, að æskilegra hefði verið, að um þessi mál hefði unnizt tími til að gera áætlanir og ráðgera það með ákveðnum hætti, hvernig ætti að vinna fyrir þetta fjármagn, þannig að það skapaði aukna atvinnu, sem hér er verið að sækjast eftir. En um það er ekki að fást úr þessu. Þinginu er að ljúka, og ég tel, að við getum ekki farið heim án þess að leggja til eitthvert fjármagn í þessu skyni og verðum að treysta á það, að þær atvinnumálanefndir, sem fyrir eru og kosnar hafa verið, sjái leiðir til þess að ávaxta þetta fjármagn á heppilegasta hátt. En án þess að fjármagn sé lagt til hliðar sérstaklega í þessu skyni er ég hræddur um, að atvinnumálanefndunum takist ekki að greiða fram úr viðfangsefninu og þess vegna er þessi till. flutt. Okkur flm. er það alveg ljóst, að hér er um mjög lága fjárhæð að ræða, aðeins 35 millj. kr. En við vildum ekki spenna bogann allt of hátt og í trausti þess, að 35 millj. séu þó nokkur vísir að því að létta af þessu vandamáli, þá er upphæðin ákveðin þannig, þó að við skiljum það allir áreiðanlega, að til þess að vinna bug á vandamálinu til nokkurrar hlítar þyrfti fjárhæðin að vera sjálfsagt miklu hærri.

Til þess að gera málið ekki of flókið og til þess að koma ekki af stað neinum deilum um það, hvaða ráðstafanir það séu, sem helzt eigi að grípa til í þessu skyni, þá fjallar till. ekki um það. En þar fyrir hafa menn hugleitt ýmsar leiðir í þessu sambandi, og ég get nefnt eina eða tvær leiðir, sem okkur flm. hefur dottið í hug, að mætti fara. Það er t.d. alls konar vinna að landgræðslu, sem full þörf er á, að unnin sé.

Við höfum séð það í skýrslum, að þrátt fyrir talsvert átak, sem gert er í því að auka gróðurlendi landsins, gerum við ekki betur en að halda við, og það er gott, ef ég man ekki eftir því, að Ingvi Þorsteinsson magister, sem mest hefur nú um þessi mál fjallað, sagði frá því í vetur, að heldur hallaði á gróðurinn þrátt fyrir alla gróðurverndina. Það er því vissulega viðfangsefni, sem vert væri að gefa gaum, hvort ekki væri rétt að auka sandgræðslu, skóggræðslu eða yfirleitt hvers konar landgræðslu og hvort það væri ekki einmitt hentugt verkefni fyrir framhaldsskólafólk að fást við.

Annað verkefni, sem borið hefur á góma, eru brúargerðir. Það er verið að fjalla um vegamálin núna þessa dagana, núna á eftir, og ef ég hef skilið vegáætlunina rétt, þá er mjög lítið um nýjar brúargerðir á henni jafnvel næstu fjögur árin, hvað þá heldur í sumar. En mér skilst, að eins og nú hagar til vinnubrögðum við vegagerð, séu einmitt brúargerðir það, sem er fólksfrekast, vinnuaflsfrekast af vegaframkvæmdum, því að flestar aðrar vegaframkvæmdir eru fyrst og fremst unnar með stórvirkum vélum og þurfa ekki mikinn mannskap. En aftur á móti eru brúargerðirnar að verulegu leyti unnar, eins og áður var gert. Það er slegið upp fyrir þeim og þær eru steyptar upp á gamla móðinn, og við þau verkefni er þörf á mörgum vinnandi höndum. Mér hefur skilizt á samtölum, sem meðflm. minn hefur átt við vegamálastjóra, að það væri ekkert því til fyrirstöðu á vegamálaskrifstofunni að hefja margar brúargerðir strax á morgun, ef fjármagn væri fyrir hendi til að vinna þær. Allar teikningar og undirbúningur væri þar tilbúinn, og það stæði svo sannarlega ekki á vegamálaskrifstofunni að hefjast þar handa, ef fjármagnið væri fyrir hendi.

Það er vafalaust margt fleira, sem kemur til greina í þessu sambandi, og ég skal ekki vera að tefja tímann á því að hugleiða það. En ég bara nefni það aðeins til viðbótar, sem atvinnumálanefnd Reykjavíkur hefur nú einna mest fest hugann við, en það er aukin útgerð, jafnvel útgerð á bátum á Grænlandsmið, sem mannaðir væru að einhverjum hluta framhaldsskólanemendum. Ég hef ekki alveg nýjar upplýsingar um það, á hvaða stigi þetta mál muni vera, en ég veit, að atvinnumálanefnd Reykjavíkur hefur mjög beint sjónum sínum að þessu verkefni nú upp á síðkastið.

Sú eina till., sem ég á eftir að gera þá grein fyrir, er um það, að spariskírteinin skuli skráð á nöfn eigenda. Ég hef svo oft talað fyrir sams konar till., og það er svo ljóst vegna hvers við leggjum til að svo skuli gert, að ég tel ástæðulaust að fara um það fleiri orðum.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 770) leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Ég sé ástæðu til að segja örfá orð um þessar brtt., sem hér liggja fyrir. Að vísu var vikið að þeim eða hugmyndinni, sem liggur þeim að baki, við 1. umr. málsins, svo að ég skal ekki orðlengja um þær umr., en ég sé ástæðu til að leggja áherzlu á þá meginstaðreynd, sem ég raunar gerði þá, að frv. það, sem hér er um að ræða til lántöku vegna framkvæmdaáætlunar fyrir árið 1969, er miðað við alveg fyrirfram gerðar áætlanir, og þannig hefur alltaf verið með þessi frv. Út af fyrir sig er ekkert

ábyrgðarleysi í því í sambandi við þennan tillöguflutning að hækka útgáfu spariskírteinalána. Það getur komið til mála, ef menn vilja skerða ráðstöfunarfé bankanna. Að vísu er það tekið fram í annarri till., að ætlazt sé til, að Seðlabanki Íslands noti ekki heimild sína til að binda hluta af sparifjáraukningu banka, sparisjóða og annarra innlánastofnana. Þetta veit ég, að hv. þm., sem er bankastjóri og þaulkunnugur peningamálum og efnahagsmálum, veit og að það er fjarri því að vera það einfalt mál, að hægt sé að samþykkja slíka brtt., eins og hún liggur fyrir hér, vegna þess að hún grípur með allt öðrum og viðtækari hætti inn í efnahagskerfið, og auk þess hefur Seðlabankinn þegar lagt fram verulegar fjárhæðir til aðstoðar við atvinnuvegina gegnum bankakerfið til þess einmitt að útrýma atvinnuleysi og leysa þann vanda, sem við hefur verið að glíma að því leyti. Að hve miklu leyti Seðlabankinn þarf svo að nota sparifjárbindingu, miðað við það ástand, sem á hverjum tíma er í efnahagsmálum okkar, til þess að forðast algert jafnvægisleysi og gjaldeyrisskort verður að sjálfsögðu að metast af yfirstjórn bankans hverju sinni og tel ég, að það væri mjög varhugavert, ef slíku væri slegið föstu með lögum, að það mætti ekki gerast. Af þeim sökum væri ekki um annað að ræða að minni hyggju, ef menn vildu leggja hér fram þær 35 millj., sem hér er talað um, en að samþykkja þá brtt. við 1. gr., en fella brtt. við 2. gr. Það veit ég, að vakir ekki fyrir hv. þm. eða flm. málsins, þannig að þeir munu tengja þær greinar saman. Ég legg á það áherzlu fullkomlega, til þess að það valdi engum misskilningi, að ég tel það vera stórkostlegt þjóðfélagsvandamál, hvernig á að tryggja atvinnu skólafólks. Ég tel, að það sé eðlilegt, að atvinnumálanefndirnar og Atvinnumálanefnd ríkisins ræði það vandamál eftir því, hvernig þokar með atvinnumálin. Allt er nú í mikilli óvissu vegna vinnudeilna þeirra, sem nú standa yfir, og það er ennþá enginn, sem sér fyrir endann á því, hvaða áhrif lausn þeirrar deilu getur haft, jákvætt eða neikvætt. Áður en það verður séð er auðvitað ekki hægt fyrir nokkurn aðila að segja til um það, hvort atvinnuvandamál ungs fólks leysast með sama hætti og gerzt hefur undanfarin ár eða hvort þarf að grípa til einhverra sérstakra ráðstafana, hvað þá að séð verði, hversu stórar þær ráðstafanir verða.

Ég tel því, að þó að ég leggist eindregið gegn því, að þessi till. verði samþykkt hér, þá lýsi það ekki á nokkurn minnsta hátt andstöðu gegn þeirri hugmynd, að stjórnvöld kunni að þurfa að gera einhverjar ráðstafanir til þess að auðvelda skólafólki að fá atvinnu, sem er því lífsnauðsyn, heldur eingöngu vegna þess, að við vitum ekkert, hvaða viðfangsefni er hér við að glíma. Við höfum ekki hugmynd um, hvort 35 millj. skipta verulegu máli eða nokkru máli í því efni, og þar af leiðandi að verulegu leyti út í hött að samþykkja slíka till. Ég bendi hv. flm. á það, að vitanlega er það alltaf á valdi stjórnvalda að gera sérstakar ráðstafanir til fjáröflunar, jafnvel þó að ekki sé á þingtíma, eftir að þetta mál hefur verið kannað til hlítar og í rauninni hefði mér fundizt skemmtilegra, ef hv. þm. hefðu ekki haldið til streitu þessari till. sinni, þannig að maður væri neyddur til að greiða atkv. gegn henni, enda þótt það felist ekki í því efnisleg andstaða gegn þeirri hugsun, sem í málinu liggur, heldur eingöngu vegna þess á hvaða stigi málið er og hvers eðlis frv. er, sem fyrir liggur.

Ég held, að okkur greini enga á um mikilvægi málsins og það geti vel þurft að afla fjár til einhverra framkvæmda í þessu skyni, en eins og hv. þm. gat um, hefði mönnum getað dottið ýmislegt í hug í því sambandi, en það er ómögulegt að segja, hvað helzt kemur þar til greina. Það þarf allt að kanna miklu betur. Hvaða fjárþörf verður þar fyrir hendi, vitum við ekkert um, og verði um fjárþörf að ræða og verði talið mögulegt með einhverjum hætti að afla þess fjár, þá er það auðvitað einfalt að gera ráðstafanir í þá átt, enda þótt það yrði ekki gert með samþykkt þessarar brtt. við þetta frv. Mín ósk til hv. flm. hefði því nánast verið sú, að loknum þessum skýringum, hvort þeir vildu taka sínar till. aftur. Ef þeir ekki vilja það, þá verð ég að lýsa því sem minni skoðun, að ég tel ekki með nokkru móti auðið að samþykkja brtt., eins og þær liggja fyrir og miðað við þann undirbúning, sem málið hefur fengið.

Einar Ágústsson: Herra forseti. Hæstv. fjmrh. sagði, að það væri ekki hægt að samþykkja þessar brtt. miðað við þann undirbúning, sem málið hefði fengið. Það kann nú að vera rétt, að málið hafi fengið lítinn undirbúning. Ég er alveg sammála því. Þetta mál hefur fengið alveg ótrúlega lítinn undirbúning, og ég held, að það þurfi nú ekki að gizka oft til þess að hitta á þann, sem átt hefði að framkvæma þennan undirbúning. Það er búið að vera lengi ljóst, að vandamál framhaldsskólafólks mundi verða mikið í vor. Það var, held ég, 19. sept. 1968, síðan eru líklega liðnir einir 8 mánuðir, sem borgarstjórn Reykjavíkur t. d. gerði sér ljóst, að það mundi verða mikið vandamál á ferðinni í vor, þegar fólkið kæmi úr skólunum. Þá var sett á laggirnar Atvinnumálanefnd Reykjavíkurborgar, og hennar verkefni var tvíþætt. Annars vegar það að finna leiðir til þess að minnka og helzt koma í veg fyrir yfirvofandi atvinnuleysi á þeim vetri, sem þá fór í hönd, og hins vegar að athuga leiðir til þess að koma í veg fyrir atvinnuleysi skólafólks, þegar framhaldsskólunum lyki núna í vor. Þannig mátti öllum ljóst vera, ekki síður hæstv. ríkisstj. en borgarstjórn Reykjavíkur, að hér mundi verða mikið vandamál á ferðinni. Samt fer það svo, að ríkisstj. hefur ekki sinnt þessu máli meira en það, að á síðasta degi þingsins, 16. maí, er ekki hægt að samþykkja örlitla fjárveitingu í þessu skyni vegna ónógs undirbúnings. Þetta finnst mér ekki góð vinnubrögð, og ég lýsi því hér með yfir. Ég tel, að Alþ. geti raunar ekki farið heim og að það geri of lítið úr mikilvægi sínu í þjóðfélaginu, ef það ætlar að skilja við þetta vandamál og kjaradeilurnar óleystar, eins og nú stendur til.

Hæstv. ráðh. sagði, að það væri alveg út í hött að samþ. þessa till. Mig brestur bara orð til að svara þessu svona á stundinni. En ég vil bara minna á það, eins og hæstv. ráðh. raunar tók sjálfur fram, að hér er um mikið vandamál að ræða. Hæstv. ráðh. sagði, að þetta yrðu atvinnumálanefndirnar að ræða. Hvenær ætla atvinnumálanefndirnar að ræða þetta mál? Er ekki skólunum að ljúka, hverjum af öðrum? Eru ekki þrjár vikur síðan Verzlunarskólinn hætti? Og hver af öðrum eru skólarnir núna að ljúka störfum og fólkið að koma á

vinnumarkaðinn. Ég held, að sá tími, þegar ætti að athuga þetta mál, sé einmitt núna. Og hvað ætlar hæstv. ríkisstj. og hæstv. atvinnumálanefndir að gera í þessum málum án peninga? Það er kannske eitthvað eftir af 300 milljónunum, sem átti að nota í vetur. Ég er svo sem ekkert hissa, þó að það væri, því að það hefur dregizt það lengi að ráðstafa þeim, að það getur vel skeð, að einhverju sé óráðstafað, og það væri þá gott að fá það upplýst, hvort einhverjir peningar eru þar til. En mér finnst það algjört lágmark, að þegar Alþ. er að fjalla um hundraða og þúsunda millj. kr. nýjar lánveitingar svo að segja á hverjum degi, þá sé ætluð örlítil fjárhæð til þess að mæta þessu viðfangsefni, svo sem eins og til þess að sýna það, þó ekki væri annað, að alþm. gerðu sér ljóst við hvern vanda hér er að fást. Það er alveg satt, sem hæstv. fjmrh. sagði, það skal ég viðurkenna, að það er alveg óvíst, hvort hér þarf að nota 35 millj. eða kannske eitthvað miklu meira. En mætti þá ekki einfaldlega láta vera að afla lánsfjár, ef það skyldi fara svo vel, að þess þyrfti ekki með? Ég er ekki svo bjartsýnn, að ég trúi því, að þessi mál leysist af sjálfu sér. En ef það skyldi nú gerast, þá er það vel. Þá þyrfti ekki að nota þetta lánsfé, og yrði það líklega í fyrsta og eina skiptið, sem lánsfjáröflun þyrfti ekki að nota. Það væru vissulega gleðileg tíðindi. En ég get því miður ekki gert það fyrir fjmrh. hæstv., sem ég vil nú margt fyrir gera, í þessu tilviki að taka þessa till. aftur, vegna þess að ég fellst alls ekki á, að það sé út í hött, að Alþ. samþ. slíka till. Ég skal ekki tefja tímann, ég veit, að það er margt að gera, en um þetta væri vissulega ástæða til þess að ræða meira.

Frsm. (Ólafur Björnsson): Herra forseti. Af því að þær brtt., sem nú hafa verið fluttar og teknar til umr., lágu ekki fyrir, þegar ég flutti framsöguræðu mína, þá vildi ég aðeins með örfáum orðum marka afstöðu mína til þeirra, þó að ég geti verið stuttorður, þar sem ég að öllu leyti get tekið undir það, sem hæstv. fjmrh. þegar hefur sagt um aðaltill., þ. e. a. s. þá að hækka þá fjárhæð, sem heimilt sé að afla fjár til innanlands.

Hvað þessa till. snertir, þá get ég vissulega alveg tekið undir það með hv. 11. þm. Reykv., að atvinnuvandamál skólafólks á komandi sumri er alvarlegt þjóðfélagsvandamál, sem ber að vinna að því að leysa með öllum raunhæfum úrræðum, sem til greina koma. En að mínu áliti mundi það aðeins vera sýndin ein í þessu efni að samþ. þá brtt., sem hér hefur verið flutt. Að mínu áliti þýðir það lítið að samþ. lántökuheimildir til handa hæstv. ríkisstj., hvort sem það er í samræmi við afgr. þessa máls eða annarra, nema maður geri sér einhverja grein fyrir möguleikunum á því að afla þess lánsfjár, sem um er að ræða, annað hvort innanlands eða erlendis, og á þetta auðvitað við, hversu góð og nauðsynleg málefni, sem þarna kann að vera um að ræða. Nú munu hv. flm. sennilega svara því til, að fyrir því sé séð með því að afnema bindiskylduna. En þetta er í rauninni ekki nema sýndin, það er raunverulega ekki séð fyrir neinu fjármagni með þessu móti. Við verðum að aðgæta það, að það skapast í rauninni ekkert fjármagn í Seðlabankanum. Fjármagn er sparnaður, en ekki seðlaútgáfa. Hv. 11. þm. Reykv. er það vel ljóst, sem bankastjóra, að viðskiptabankarnir hafa auðvitað að jafnaði ekki annað fé til umráða en það, sem þeim berst sem sparifé. Þeir geta að vísu til bráðabirgða tekið lán í Seðlabankanum, en allar slíkar lánveitingar af hálfu Seðlabankans eru að jafnaði aðeins hugsaðar til bráðabirgða, að leggja fram peninga til þess að brúa bilið milli þarfarinnar fyrir peninga og þess, að fjármagnið komi inn með öðrum hætti. Mergurinn málsins í þessu sambandi er sá, að þeir fjármunir, sem Seðlabankinn þannig bindur, eru ekki neinir fjármunir til frjálsrar ráðstöfunar. Seðlabankinn annast útlánastarfsemi og annað, sem hann þarf fjármagn til, og á sama hátt og viðskiptabankarnir geta ekki sótt sitt fjármagn annað en til almennings, getur Seðlabankinn ekki sótt það fjármagn, sem hann hefur til ráðstöfunar, annað en þá til viðskiptabankanna. M. ö. o.: með því að samþ. þessa till., þá væri hv. d. að ákveða, að sama sparifé skuli notað tvisvar eða að það sparifé, sem viðskiptabönkunum berst, skuli notað þar, og Seðlabankinn eigi svo einnig að nota sama sparifé. Ef þetta væri raunhæfur hugsunarháttur, þá væri lánsfjárskorturinn auðleystur, því ef bæði Seðlabankinn og viðskiptabankarnir geta notað sama sparifé, þá ætti raunar ekkert að vera því til fyrirstöðu, að bæjar- og sveitarfélög, sem oft vantar fjármuni líka, notuðu þetta fé einnig, þannig að það yrði þá notað þrisvar sinnum. Og hvað ríkissjóð snertir, sem hefur nóg á sinni könnu, væri þá ekki ráð að leysa fjárhagsvandamál hans með því að nota þetta sama sparifé í fjórða sinn, þannig að hann fengi það einnig til ráðstöfunar? En þetta veit ég, að hv. flm. er jafnljóst og öðrum, að getur ekki gengið, svo að því miður mundi það aðeins vera sýndin tóm að samþ. þessa till. Vil ég þó endurtaka það, sem ég sagði, að mér er vel ljóst, hvert nytjamál hér í rauninni er um að ræða. En það verður að sjá fyrir fjármagni einnig í þágu nytjamála. Á meðan ekki er fyrir því séð, þá eru samþykktir af þessu tagi lítils virði.

Ég ætlaði þá að endingu aðeins að víkja að gömlum kunningja hér í hv. d. í sambandi við meðferð þessa máls eða sams konar mála á undanförnum þingum, en það er sú brtt. hv. nm. í fjhn., að skírteinin skuli skráð á nafn. Ég sagði, að þetta væri gamall kunningi, en það skal viðurkennt, að þessi gamli kunningi er nú í nokkuð nýrri og betri búningi en hann áður hefur verið. Áður hafa verið fluttar um það till., að bréfin skyldu vera framtalsskyld, án þess að vera skattskyld, nokkuð sem hvergi þekkist annars staðar, og ég hef hvað eftir annað leiðrétt, en nú er ekki um það að ræða, heldur að bréfin skuli skráð á nafn. Mér skilst, að tilgangur hv. flm. með þessu sé sá, að koma þannig í veg fyrir það, að tekjum, sem sviknar kunna að vera undan skatti, sé ráðstafað til kaupa á þessum bréfum. Vera má, að sá tilgangur gæti út af fyrir sig náðst, að aðilar, sem mórauða samvizku hafa gagnvart skattayfirvöldum, mundu skirrast við að leggja peninga sína í slík bréf, ef það lægi fyrir, að skattayfirvöld hefðu aðgang að þeim, og er ég nú þó ekki alveg viss um, að sá tilgangur mundi nást að fullu, því að mundu þá ekki þessir aðilar, ef þeir endilega vilja ráðstafa þeim peningum, sem sviknir hafa verið undan skatti, á þann hátt að kaupa ríkisskuldabréf, fara þá leið að skrá bréfin á nöfn barna eða annarra venzlamanna, sem ekki væru framtalsskyldir? En vera má samt, að þessi tilgangur mundi nást að einhverju leyti.

Á hinu má vekja athygli, sem ég að vísu hef gert áður í umr. um þetta eða svipuð mál, að með þessu er ekkert spor stigið í áttina að koma í veg fyrir, að skattsvik eigi sér stað, því að það eru auðvitað þúsund leiðir til þess að fela tekjur, sem sviknar eru undan skatti, aðrar en að kaupa ríkisskuldabréf fyrir þessar tekjur. Það er í fyrsta lagi auðvelt, ef menn ætla að spara þessar tekjur, að kaupa einhverjar aðrar eignir, sem auðvelt er að fela fyrir skattayfirvöldum. Enn einfaldari er þó sú leið að eyða tekjunum blátt áfram og þannig er það jafnt með skattsviknar tekjur sem aðrar tekjur, að 90% eða meira af þeim er varið til einhvers konar eyðslu. Hins vegar er ekki nema gott um það að segja, ef það er eins konar siðvæðingarsjónarmið, sem liggur þessu að baki, — að ríkið eigi ekki að hafa viðskipti við þá aðila, sem kunna að gerast brotlegir við skattalög, — en ég held nú að sá tilgangur mundi aðeins að takmörkuðu leyti nást með þessu, því að það er annar möguleiki til þess að koma þessum peningum í lóg með viðskiptum við ríkið, t.d. að kaupa áfengi fyrir þessa peninga, og enginn getur haft eftirlit með því, hvort þeir peningar, sem ráðstafað er til slíkra kaupa, hafa verið sviknir undan skatti eða ekki.

Ég vil aðeins undirstrika það, sem ég áður hef sagt, að það er í rauninni blindgata, þegar talað er um ráðstafanir til þess að hamla gegn skattsvikum, að leggja svo mikla áherzlu á eftirlit með eignum. Í því sambandi ber að hafa hugfast, að það er svo afskaplega lítill hluti af tekjum sínum, sem fólk yfirleitt ráðstafar til eignaaukningar. Það mun ekki hafa verið gerð könnun á því hér á landi, hve stór sá hluti er. Þó veit ég, að í Bretlandi var talið fyrir nokkrum árum, að það væri aðeins um 5% af tekjunum, sem almenningur eða einstaklingar verðu til eignaraukningar, og með ólíkindum má telja, að íslenzkur almenningur sé í rauninni sparsamari en brezkur, líkurnar eru miklu frekar fyrir hinu gagnstæða. Í öðru lagi þá er að vísu e. t. v. hægt að hindra það, að skattsviknum tekjum sé ráðstafað til eignaaukningar á einhvern ákveðinn hátt, t. d. með því að kaupa ríkisskuldabréf, en þá eru ótal leiðir aðrar til þess að fela slíkar eignir. Þetta er aldrei nema lítið brot, bæði af skattsviknum tekjum og öðrum tekjum, enda er það einnig í þeim löndum, þar sem skattayfirlit yfirleitt er talið strangast, eins og í hinum enskumælandi löndum, að þar eru yfirleitt ekki neinir eignaskattar, og eignir alls ekki framtalsskyldar. Stjórnvöld þar telja þetta atriði skipta ákaflega litlu máli. Nei, en út frá því raunsæja sjónarmiði, að vitað er, að það er 90% eða meira af tekjum manna, sem er ráðstafað til neyzlu, þá eru þær leiðir, sem farnar eru þar til þess að hafa eftirlit með því, að tekjur teljist fram, þær að hafa eftirlit með neyzlunni, ekki satt? Skattayfirvöld hafa þar sérstaka njósnalögreglu, ef svo mætti segja, sem fylgist með útgjöldum manna, og ef hún kemst t. d. að því, að maður hefur farið til Flórída í sumarleyfi með fjölskyldu sína, þá á viðkomandi á hættu að vera spurður sem svo: Hvar fékkstu þá peninga, sem þú ráðstafaðir á þann hátt? Ég er ekki að gera hér neinar till. um það, að svipaðar leiðir ættu að vera farnar hér á landi, en það er á þeim grundvelli, sem að því máli ber að vinna. Hitt hefur ákaflega litla þýðingu með eignaeftirlitið, og ber í rauninni að harma það, að sú skynsamlega ráðstöfun út af fyrir sig að hafa sparifé skattfrjálst, sem er einhver skynsamlegasta ráðstöfun í efnahagsmálum, sem hér hefur verið gerð undanfarna áratugi, og ég hugsa, að það sé fátt, sem í eins ríkum mæli hefur þó átt þátt í því að halda okkar efnahagsmálum á kili, þrátt fyrir verðbólgu, hefur verið gerð tortryggileg með því að benda á það, sem ég að vísu tel í öllum meginatriðum á algjörum misskilningi byggt, að þetta torveldi að einhverju verulegu leyti eftirlit með skattframtölum.

Einar Ágústsson: Herra forseti. Ég er víst búinn að tala tvisvar við umr. og skal nú stilla þessu mjög í hóf, en ég held, að hv. 12. þm. Reykv. hafi alveg misskilið þessar till., eftir þeirri ræðu að dæma, sem hann hélt hér áðan. Í þessum till. okkar er gert ráð fyrir að hækka 75 millj. kr. spariskírteinasölu upp í 110 millj. kr. Ef það er einhver fjarstæða, að verið sé að ráðstafa þar fjármagni, sem ekki er fyrir hendi, sem vissulega er nú verið að gera hér till. um, þá er bara allt frv. að þessu leyti tóm vitleysa. Þá er heldur ekki hægt að ákveða neitt um það að bora og rannsaka á Reykjanesi og að bora í Námaskarði og annað slíkt, vegna þess að peningarnir eru óvissir. Svona frv. hafa verið flutt hér ár eftir ár með mismunandi háum fjárhæðum, og að telja það, að frv. verði fjarstæða, af því að bætt er við það 35 millj., þ. e. úr 75 í 110, það fær á engan hátt staðizt. (Gripið fram í.) Já, ef það er djarft teflt hjá okkur að ráðstafa 110 millj., þá er það á sama hátt djarft teflt hjá ríkisstj. að bera fram frv. um ráðstafanir á 75 millj., sem eftir er að afla. Svo getur vel skeð, að enginn kaupi eitt einasta bréf, ég get alveg fallizt á það, og þá kemur ekkert fjármagn til þess að útrýma atvinnuleysi hjá skólafólki, en heldur ekkert fjármagn til þess að standa undir því, sem frv. gerir ráð fyrir. Svo er í þessum brtt. okkar önnur till. Hún er um það, að Seðlabankinn hætti að binda fjármagn í eitt ár, og ég fæ ekki séð, að það sé nein fjarstæða að leggja það til og að það sé ekkert lögmál, að Alþ. megi aldrei hafa neina skoðun á því, hvenær eigi að binda sparifé og hvenær ekki, heldur séu það einhverjir sérfræðingar úti í bæ, sem séu svo alvitrir, að þeir einir hafi vit á því, hvenær á að hætta að binda sparifé. Það hlýtur að fara eftir atvinnuástandinu hverju sinni, hvað hægt er að taka úr umferð af peningum. Það er margbúið að segja það hér og fallast á það, menn úr öllum flokkum, að þannig hljóti það að vera, og það sem þessi till. segir er það, að við, sem að brtt. stöndum, álítum það, að nú sé þannig ástatt í þjóðfélaginu, að ekki eigi að taka sparifé úr umferð. Ég skal ekki misnota þessa stuttu aths., sem mér var leyft að gera með því að halda hér langa ræðu, þó að það væri vissulega ástæða til þess af gefnu tilefni, en læt þessar athuganir duga um þetta.

Hv. 12. þm. Reykv. gerði lítið úr þeirri till. okkar að skrá þessi spariskírteini á nafn, og taldi, að það væri mjög smátt spor í þá átt að sporna við skattsvikum, og að það væru þúsund aðrar leiðir til þess að svíkja undan skatti. Það getur vel verið, að þær séu þúsund, en okkar álit er þó það, að ef einni væri lokað, þá væru ekki nema 999 eftir og viðfangsefni hæstv. fjmrh. þar af leiðandi 1 prómilli auðveldara heldur en það er í dag, og er það satt að segja fullerfitt hjá honum, eins og það er. En það er auðvitað alveg rétt, að þetta er ekki nema

einn lítill hluti af þeim skattsvikaleiðum sem til eru, og þó ég þekki ekki 1000, þá þekki ég auðvitað nokkrar. En einhvers staðar verður að byrja og hér er Alþ. að fjalla um útgáfu spariskírteina. Mér sýnist, að það væri ákaflega vel til fallið, að byrjað væri á þessu, og um það fjallar okkar brtt.

ATKVGR.
Brtt. 770,1—2 felld með 10:8 atkv.
1. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Brtt. 770,3 felld með 11:7 atkv.
3. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
4.—6. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
Brtt. 770,4 tekin aftur.
7.–9. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 18 shlj. atkv.

Á 97. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 17 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 17 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 793).

---

61. Kjarasamningar opinberra starfsmanna (stjfrv. um styttingu uppsagnarfrests).

Á 58. fundi í Nd., 3. marz, var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 55/1962, um kjarasamninga opinberra starfsmanna [159. mál] (stjfrv., A. 308).

Á 60. fundi í Nd., 4. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Frv. það, sem hér liggur fyrir, felur í sér tvær breyt. á gildandi l. um kjarasamninga opinberra starfsmanna. Fyrri breytingin er í því fólgin, að lagt er til, að uppsagnarfrestur kjarasamninga verði 4 mánuðir, í stað þess að nú er svo ákveðið í l., að hann skuli vera 7 mánuðir.

Í reynd hefur það orðið svo undanfarin ár, þegar kjarasamningar hafa verið til meðferðar samkvæmt uppsögn þeirra, að leitað hefur verið sérheimilda Alþ. í sambandi við frestinn til þess að stytta frestinn, þar eð þessi 7 mánaða frestur er í rauninni alveg óeðlilegur og hefur aldrei verið notaður. Það er gert ráð fyrir því, eins og l. eru í dag, að innan mánaðar frá því að þessum fresti lýkur þá skuli mál fara til sáttasemjara, ef ekki hefur orðið samkomulag, og mánuði þar frá skuli málið ganga til kjaradóms, eða 5 mánuðum áður en samningstímabili lýkur. Það hefur alltaf orðið samkomulag um það milli rn. og Bandalags starfsmanna ríkis og bæja, að hér væru mjög óheppileg tímamörk, og því hafa þessir frestir jafnan verið styttir. Það er mjög erfitt að standa í slíkum samningagerðum um hásumarið, og menn hafa ekki treyst sér til þess, og er óeðlilegt, að málið sé ekki lengur til meðferðar hjá aðilum heldur en l. nú gera ráð fyrir.

Önnur breytingin, sem hér er um að ræða, er sú, að eins og l. nú eru þá er skylt að láta fara fram allsherjaratkvgr. um uppsögn kjarasamninga. Út af fyrir sig er þetta eðlileg hugsun, og er ástæða til þess að víkja sérstaklega að þessu nú, af því að uppi hafa nú verið raddir um, að það væri einmitt rétt í sambandi við kjarasamninga að leggja meiri áherzlu á allsherjaratkvgr., að það kann að þykja einkennilegt að leggja þá hér til að skylda til að hafa allsherjaratkvgr. sé felld niður, en eins og menn sjá hér samkvæmt frv., þá er settur á það mjög mikill hemill, annars vegar sá, að það verður að vera algjört samkomulag innan stjórnar bandalagsins og hins vegar, sem er þó aðalatriðið í málinu, að gagnaðilinn, í þessu tilfelli fjmrh., hefur rétt til að krefjast allsherjaratkvgr., ef hann telur ástæðu til þess. Um þetta ákvæði hefur orðið samkomulag milli ráðuneytisins og Bandalags starfsmanna ríkis og bæja. Það þykir ástæðulaust að knýja fram allsherjaratkvgr. ef báðir aðilar eru sammála um, að það þjóni engum tilgangi, og hvorki mundi rn. fara fram á slíkt, ef séð væri, að það væru engar líkur til annars en að uppsögn yrði samþ. með yfirgnæfandi meiri hluta, né heldur mundi stjórn bandalagsins telja sér fært að hafa ekki allsherjaratkvgr., ef hún hefði ástæðu til að halda, að það væri einhver klofningur um uppsögn samninga. Það hefur því verið talið rétt að leita líka eftir að fá þessa breytingu. Kostnaður er mikill og vinna við allsherjaratkvgr., og ef báðir aðilar eru sammála um, að slík fyrirhöfn þjóni engum tilgangi, þá þykir ástæðulaust að knýja fram, að allsherjaratkvgr. þessi skuli viðhöfð.

Þá vil ég í þriðja lagi víkja að einu atriði, sem ekki felst í þessu frv., og það snertir sveitarfélögin. Ástæðan til þess, að það atriði er ekki tekið upp í frv., er sú, að um það var ekki samkomulag milli rn. og Bandalags starfsmanna ríkis og bæja, en þessi tvö atriði eru samkomulagsmál. Eins og l. nú eru úr garði gerð, þá fjalla þau fyrst og fremst um ríkisstarfsmenn, en hins vegar gert ráð fyrir því, að bæjarstarfsmenn geti átt aðild að l., og í reynd er það svo, að þeim hefur einnig verið framfylgt í meginefnum varðandi starfsmenn sveitarfélaga, en þar er hins vegar þannig ástatt, að samkvæmt l. verður hvert sveitarfélag að vera sérstakur málsaðili, og starfsmannafélögin verða þá að stefna inn hverju einstöku sveitarfélagi í sambandi við sína kjarasamninga, ef þau á annað borð ganga til kjaradóms. Þetta hefur reynzt vera svo flókið og erfitt í alla staði, að allir þeir aðilar, sem hér hafa átt hlut að máli, bæði starfsmenn sveitarfélaganna, sveitarfélögin sjálf og kjaradómur ekki sízt, hafa bent á, að hér væri mjög óskynsamlegt að veita a. m. k. ekki heimildir til þess, að það sé hægt að sækja þetta mál á hendur einum aðila, Sambandi ísl. sveitarfélaga, og að Bandalag starfsmanna ríkis og bæja eða sveitarfélagadeild þess, ef svo má segja, gæti þá sótt málið af hálfu sveitarfélagastarfsmanna. Ég geri þetta að umtalsefni hér vegna þess, að ég geri ráð fyrir, að sú hv. n., sem fær málið til meðferðar, fái einnig tillögur varðandi skipan þessara mála, annaðhvort frá rn. eða þá Sambandi ísl. sveitarfélaga. Þegar l. upphaflega

voru sett, var Samband ísl. sveitarfélaga mjög laust í reipum. Þetta eru hins vegar orðin sterk og samfelld samtök og engin ástæða til annars en hægt sé að fela þeim að fara með málsaðild fyrir hönd sveitarfélaganna í stað þess að knýja þau öll til þess eða hvert fyrir sig að leggja í þann kostnað að sækja sitt mál fyrir kjaradómi hér í Reykjavík.

Með þessum orðum er ég því aðeins að skýra mína skoðun varðandi þetta mál og undirbúa það, að einnig þetta atriði komi til meðferðar þeirrar hv. n., sem fær frv. þetta til athugunar.

Ég sé ekki ástæðu til, herra forseti, að fara um þetta fleiri orðum, nema sérstakt tilefni gefist til, en vil leyfa mér að leggja til, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og væntanlega hv. heilbr.- og félmn. Ætli það sé ekki eðlilegast, af því að þetta er kjarasamningamál? Mér er ekki kunnugt um að vísu, hvort kjarasamningalögin hafa verið í fjhn., en ég læt það vera háð úrskurði forseta, hvað hann telur vera eðlilegast í því efni.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Um þetta frv. hef ég ekki mörg orð að segja. Mér sýnist, að þær breytingar, sem ráðgerðar eru með þessu frv. á gildandi lögum um kjarasamninga opinberra starfsmanna, séu eðlilegar, enda fullt samkomulag á milli aðila um að gera þessar breytingar. Ég fyrir mitt leyti get því fallizt á þær út af fyrir sig. En þar sem frv. þetta fjallar hér um kjaramál opinberra starfsmanna og þau hafa talsvert verið til umr. nú síðustu dagana, þykir mér ástæða til þess að víkja hér nokkrum orðum að þeim á víðari grundvelli.

Eins og kunnugt er hefur hæstv. fjmrh. ákveðið að hafa þann hátt á að greiða ekki opinberum starfsmönnum laun 1. marz samkv. þeim úrskurði, sem í gildi er frá hálfu kjaradóms um launagreiðslur opinberra starfsmanna. Hæstv. ráðh. hefur í reynd neitað að framfylgja þar ótvíræðum lagareglum. Ég hef veitt því athygli, að ráðh. afsakar þessar gerðir sínar með því, að það hafi orðið miklar breytingar á launagreiðslumálum í landinu og þær breytingar gefi tilefni til þess, að þannig sé á málunum haldið, sem hann hefur gert. Og einnig hefur hann orðað það þannig, að grundvöllurinn að úrskurði kjaradóms um launagreiðslur til opinberra starfsmanna sé í rauninni brostinn vegna þessara breytinga, sem orðið hafi almennt séð í launagreiðslumálum í landinu. Ég tel, að þessar afsakanir hæstv. ráðh. fái ekki staðizt með neinu móti.

Það, sem gerzt hefur í þessum málum, er það, eins og kunnugt er, að atvinnurekendur hafa gefið út einhliða yfirlýsingu um það, að þeir hugsi sér ekki að greiða vísitölubætur á laun frá 1. marz á þessu ári í samræmi við þau samningsákvæði, sem áður voru í gildi á milli atvinnurekenda og verkalýðssamtakanna í landinu. En þeim samningum hefur nú verið sagt upp eins og kunnugt er. Af hálfu verkalýðssamtakanna í landinu hefur þessu verið mótmælt, og þar er haldið fram öðrum hlut. Og vitað er, að margir aðilar, sem þar eiga hlut að máli, ganga stíft eftir því, að laun verði greidd í fullu samræmi við þann samning, sem áður hafði verið í gildi á milli vinnuveitenda og launþega. Nú virðist hæstv. fjmrh. ætla að nota þessa einhliða yfirlýsingu atvinnurekenda til réttlætingar á því, að hann hættir að borga laun samkv. skýlausum lagaákvæðum. Ég er anzi hræddur um það, að ef slík vinnubrögð ættu hér að takast upp, gætu margir ráðh. í hans sporum tekið æði oft upp á því að hætta að greiða laun samkv. gildandi lagareglum þar um og borið einhverju slíku við, að nú hafi orðið breytingar á einum eða öðrum stað í launagreiðslukerfinu í landinu, ef einhver hafi tilkynnt það, að nú vilji hann fá breytingar, og þar með ættu þá að skapast að dómi hæstv. fjmrh. réttindi til handa fjmrh. að hlaupa frá skýlausum lagaákvæðum um launagreiðslur. Auðvitað getur ekki slík yfirlýsing af hálfu vinnuveitenda skapað hér neinn grundvöll fyrir því, að ráðh. geti vikið frá settum lagareglum. Og ég vil fyrir mitt leyti mótmæla algerlega og harðlega slíkum vinnubrögðum sem þessum, að ráðh. geti tekið sér slíkt vald sem þetta, og bendi á það, að það er veruleg hætta á því, að slík framkoma geti haft alvarlegar afleiðingar í för með sér, því að það er aðeins gömul saga, að þegar annar aðilinn, sem á hlut að gerðum samningum, leyfir sér að brjóta samninginn, brjóta lögin, víkja frá þeim, má fyllilega búast við því, að hinn aðilinn grípi til hliðstæðra ráðstafana. Þá eru í rauninni ekki lengur nein lög eða reglur um þessi mál lengur í gildi. Ég vil líka benda á það, að það, sem hæstv. fjmrh. reynir að færa fyrir sig í þessum efnum, þ. e. a. s. að nú sé orðin breyting á launagreiðslufyrirkomulagi almennt séð í landinu, fær ekki heldur staðizt. Þessar breytingar eru engan veginn komnar í framkvæmd.

Sannleikur málsins er sá um þessa tilkynningu af hálfu atvinnurekenda, að það reynir ekki á það í raun og veru, hvort hún hefur nokkurt gildi annað heldur en sem almenn yfirlýsing. Það reynir ekki á það fyrr en í fyrsta lagi 7. marz. Þá mun sennilega reyna á það í allmörgum tilfellum við launagreiðslur varðandi kaupgreiðslu á einum degi eða svo. En yfirleitt mun ekki reyna á þetta til fullnustu, hvernig fer með þessa framkvæmd, fyrr en í kringum 14. marz, vegna þess að þannig er háttað launagreiðslureglum, að launþegar eiga alltaf inni heila unna viku áður en talið er, að skylt sé að greiða laun fyrir þá viku. En hæstv. ráðh. hefur auðvitað ekki getað beðið eftir því að sjá það, hvernig færi um framkvæmdina á þessari yfirlýsingu frá hálfu atvinnurekenda, vegna þess að ráðh. bar skylda til þess að borga út laun opinberra starfsmanna fyrsta dag marzmánaðar. En af því að atvinnurekendur hafa sent frá sér tilkynningu, sent frá sér bréf, þá þýtur hæstv. ráðh. upp með það að neita að borga út laun samkv. ótvíræðum lagareglum þar um. Þetta tel ég, að sé vítavert og slíkt megi ekki þolast. Auðvitað gat hæstv. ráðh., ef hann taldi í raun og veru, að það væri komin upp ný afstaða í launagreiðslumálum, farið að settum lögum og skotið málinu fyrir kjaradóm, sem þá átti að taka málið fyrir með eðlilegum hætti, og það átti að reyna á það, hvort hann úrskurðaði hér nýtt launagreiðslufyrirkomulag. En það vannst ekki tími til þess hjá hæstv. ráðh., og þá tekur hann sér bara lögin sjálfur í hendur og ákveður það, að lögin skuli vera svona. Svona vinnubrögð ná auðvitað engri átt.

Þá er það einnig í þessu sambandi alveg vítavert að mínum dómi, að kaupgjaldsvísitalan skuli ekki hafa verið birt opinberlega og á venjulegan hátt að þessu

sinni. Allur fyrirsláttur um, að það hafi ekki verið búið að ganga frá tilteknu frv. á Alþingi, dugar vitanlega ekki sem fullnægjandi afsökun í þessum efnum. Það var tvímælalaus skylda að reikna út kaupgjaldsvísitöluna miðað við þær aðstæður, sem fyrir voru, og það átti að birta hana, og ég þekki engin dæmi þess, að þannig hafi verið haldið á þessum málum áður. Það virðist því allt bera hér að einum brunni, að hæstv. ríkisstj. hafi ætlað sér að koma því fram, að hvað svo sem lög og reglur segðu bæði varðandi útreikninga á kaupgjaldsvísitölu og eins um það, hvernig aðilar í landinu skyldu yfirleitt standa að því að borga laun, þá skyldi þetta gert aðeins samkv. hennar tilskipunum, jafnvel þó að þær fengju ekki staðizt samkv. lögum. Mér þykir ástæða til þess, einmitt þegar frv. varðandi launakjör opinberra starfsmanna liggur hér fyrir nú, þó að það fjalli ekki út af fyrir sig um þetta atriði, sem ég hef gert hér aðallega að umtalsefni, að mótmæla þessum vinnubrögðum harðlega og benda hæstv. ráðh. á það, að það er veruleg hætta á því, að vinnubrögð eins og þessi muni hefna sín verulega, þegar fram í sækir. Það er vitanlega mikilsvert fyrir ríkið að geta haft bæði gott samstarf við sína samstarfsmenn og geta staðið fast á því, að lög og reglur skuli gilda. Í þessum atriðum ekki síður en öðrum eiga þeir samningar, sem gerðir hafa verið, eða sú niðurstaða, sem fengizt hefur samkv. réttum lagareglum, að standa. Einhliða á ekki að vera hægt að hlaupa frá því. Ég er anzi hræddur um það, að ýmsir aðrir aðilar í landinu heldur en ríkisstj. sjálf hefðu fengið að kenna óþyrmilega á því, ef þeir hefðu haldið þannig á þessum málum, aðilar, sem bundnir hafa verið með undirskrift sinni eða þá af almennum lagaúrskurði um það að eiga að standa að greiðslum á tiltekinn hátt, ég er hræddur um, að þeir hefðu fengið að kenna á því, ef þeir hefðu tekið lagaúrskurðinn sér í hendur og ákveði það að hafa það eftir sínu eigin höfði. En það er einmitt það, sem ríkisstj. hefur gert í þessum efnum, og það er vítavert, og ég vil vona það, að hæstv. ríkisstj. sjái það við nánari athugun, að hún hefur farið hér rangt að og hún á að hverfa frá villu síns vegar í þessum efnum og fara eftir settum lögum og reglum.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til fjhn. með 23 shlj. atkv.

Á 68. fundi í Nd., 24. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 308, n. 368).

Frsm. (Guðlaugur Gíslason): Herra forseti. Fjhn. hefur haft þetta mál til athugunar og er sammála um að leggja til, að það verði samþ. óbreytt. Frv. er eins og fram kemur í grg. þess flutt í samráði við Bandalag starfsmanna ríkis og bæja, og sú breyting, sem fram kemur í því á lögum um kjarasamninga opinberra starfsmanna, er aðallega í því fólgin, að uppsagnarfrestur skal vera nokkru skemmri en áður hefur verið ákveðið, og einnig, að ekki skuli uppsögn samninga vera háð úrslitum allsherjaratkvgr., heldur verði viðhöfð sú regla, að ef hvorugur aðila óskar þess, að uppsögn samninga fari í allsherjaratkvgr., sé þess ekki þörf, en ef annar hvor aðili óskar þess, skuli hún fram fara. Eins og ég sagði í upphafi er nefndin sammála um að leggja til, að frv. verði samþ. óbreytt eins og það liggur hér fyrir.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 23 shlj. atkv.

Á 74. fundi í Nd., 10. apríl, var frv. tekið til 3. umr.

Matthías Á. Mathiesen: Herra forseti. Ég vildi mælast til þess, að 3. umr. um þetta mál yrði frestað til næsta fundar. Það stafar af því, að milli 2. og 3. umr. barst fjhn. þessarar hv. d. erindi frá Sambandi ísl. sveitarfélaga varðandi lögin um kjarasamninga opinberra starfsmanna, og er nefndin nú að athuga það erindi, en vonandi lýkur þeirri athugun á nefndarfundi á mánudagsmorguninn og hægt væri þá að halda umr. áfram á næsta fundi.

Forseti (SB): Ég vil vekja athygli hv. form. fjhn. á því, að það er nú mjög liðið á þing og lögð áherzla á það að hraða afgreiðslu mála, þannig að mjög erfitt er um vik að fresta umr. um einstök mál. Þar að auki má benda á það, að hv. fjhn. hefur haft ærinn tíma til þess að rannsaka það erindi, sem henni hefur borizt. Engu að síður verður nú orðið við þeirri ósk að fresta umr. um málið og taka það út af dagskrá, en það verður tekið á dagskrá á næsta fundi hv. þd.

Umr. frestað.

Á 76. og 77. fundi í Nd., 14. og 15. apríl, var frv. tekið til frh. 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 93. fundi í Nd., 12. maí, var fram haldið 3. umr. um frv.

Matthías Á. Mathiesen: Herra forseti. Það hefur dregizt að ljúka 3. umr. um þetta mál, og var það vegna óskar, sem fram kom frá mér. Það lá fyrir erindi og liggur fyrir fjhn. þessarar hv. d. um breytingu á þessu lagafrv. Erindið er frá Sambandi ísl. sveitarfélaga og varðar málefni þess, svo og starfsmenn sveitarfélaganna. Nm. voru sammála um það, að málið eða málaleitun sú, sem hér var um að ræða, yrði ekki tekin til athugunar öðru vísi en samkomulag væri á milli sveitarfélaganna og starfsmanna þeirra, eins og meðferð þessa máls frá upphafi hefur verið, þ.e.a.s. um kjarasamninga opinberra starfsmanna. Það hefur ekki enn borizt til n. niðurstaða af þeim umr., sem átt hafa sér stað á milli þessara aðila. Ef svo væri, mundi vera hægt að koma að þeim breytingum, sem þeir urðu sammála um, við umr. um málið í Ed., en til þess að tefja ekki fyrir framgangi málsins er rétt, að málinu verði lokið í þessari hv. þd.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 21 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 92. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 93. fundi í Ed., 13. maí, var frv. tekið til 1. umr.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Frv. þetta felur í sér tvenns konar breyt. á gildandi lögum um kjarasamninga opinberra starfsmanna. Önnur breyt. er þess efnis, að það er styttur uppsagnarfrestur kjarasamnings, það er gert ráð fyrir því, eins og lögin eru nú, að hann sé a.m.k. 7 mán., en samkv. frv. er lagt til, að hann verði 4 mán. Þetta byggist á því, að undanfarin ár hefur reyndin orðið sú, að þetta hefur í öllum tilfellum reynzt óframkvæmanlegt og verið með sérstökum lögum veittar heimildir til þess að veita undanþágur frá þessum frestum, vegna þess að kröfugerð opinberra starfsmanna hefur alls ekki getað orðið til það löngu áður en málið skyldi taka enda, svo sem lögin hafa gert ráð fyrir. Og það hefur reynzt ákaflega erfitt yfir hásumarið að standa í þessum samningum, þannig að yfirleitt hefur þeim verið frestað til haustsins og frestir allir þannig styttir. Það sýnist ekki vera nein ástæða til annars en að beygja sig fyrir þessari reynslu, hún hefur á engan hátt skapað vandræði og því rétt að leggja til, að þetta verði heimilað sem almenn regla.

Í annan stað er lagt til að breyta því ákvæði, sem nú er í lögum um kjarasamninga opinberra starfsmanna, að það er skylda, eins og lögin eru nú, að fram fari almenn atkvæðagreiðsla um það, hvort samningum sé sagt upp eða ekki. Þetta hefur haft í för með sér bæði mikla fyrirhöfn og mikinn kostnað fyrir bandalagið og hefur í rauninni ekki haft mikla raunhæfa þýðingu. Kjarasamningar eiga lögum samkv. að gilda vissan tíma, og það hefur hingað til verið venjan að segja þeim upp, þegar gildistími þeirra hefur verið útrunninn. Vitanlega er það í fljótu bragði óeðlilegt að hverfa til þess að veita stjórn félags rétt til þess að ákveða um uppsögn samninga, vegna þess að ég hygg, að það sé vaxandi skoðun, að það eigi að þrengja uppsagnarrétt kjarasamninga á hinum almenna vinnumarkaði, en ég held, að sú till., eins og hún hljóðar hér, geti ekki skapað neitt fordæmi, enda mundi hún vafalaust verða samþykkt á hinum almenna vinnumarkaði af báðum aðilum þar, því að það er gert ráð fyrir því í till., eins og hún er hér í þessu frv. að annars vegar þurfi að koma til allsherjarsamkomulag í stjórn Bandalags starfsmanna ríkis og bæja og í hinn staðinn þá geti vinnuveitandinn, í þessu tilfelli fjmrh., krafizt allsherjaratkvæðagreiðslu, ef hann hefur ástæðu til að halda, að stjórn bandalagsins og ákvörðun hennar sé ekki í samræmi við vilja ríkisstarfsmanna almennt. Ég held því, ef þessi regla, sem hér er lagt til, að sé tekin upp, verði almennt tekin upp, þá mundi það koma í veg fyrir allan ágreining um það, hvort væri verið að segja upp samningum án þess að fyrir því væri almennt fylgi.

Frv. er flutt sem samkomulagsmál milli Bandalags starfsmanna ríkis og bæja og fjmrn., og vil ég því leyfa mér að vonast til, að það geti fengið hér afgreiðslu áður en þingi lýkur, þó stutt sé til þingslita, að þá sjái hv. nefnd sér fært að afgreiða málið. Það er búið að liggja lengi til meðferðar í Nd., en ástæðan til þess, að það var svo lengi þar til meðferðar, var ekki ágreiningur um málið sjálft, heldur hitt, sem er rétt að segja hér frá til að útskýra þann frest, að það voru raddir uppi um það frá Sambandi ísl. sveitarfélaga, að gerð yrði breyt. á l., sem heimilaði Sambandi ísl. sveitarfélaga samaðild í sambandi við kjarasamningagerð, en nú er svo ástatt, að hver sveitarstjórn út af fyrir sig er gagnaðili starfsmanna sinna í þessum samningum. Það hefur hins vegar ekki tekizt, þrátt fyrir langa bið, að ná saman endum með samkomulag milli Sambands ísl. sveitarfélaga og Bandalags starfsmanna ríkis og bæja, ekki einu sinni sveitarstjórnastarfsmannahluta þessara samtaka, svo ég noti langt orð, og það hefur leitt til þess, að það þótti ekki fært að bíða lengur með þetta mál, vegna þess að frv. eins og það liggur fyrir hér verður að afgreiða, til að ekki skapist algjört vandræðaástand við samningana í haust. Ég hef getið hér möguleika á að bíða eftir frekari hugleiðingum eða frekari könnun á því, hvort samkomulag gæti orðið milli BSRB og Sambands ísl. sveitarfélaga um þetta atriði, og tel ekki líklegt, að það geti heldur orðið — ég hefði að vísu ekkert á móti því, að það væri athugað í hv. n. þessarar d. — mér þykir það ólíklegt, úr því að það tókst ekki í Nd. eftir langa skoðun málsins, og vildi því leyfa mér að leggja til, að hv. n. reyndi að afgreiða málið frá sér þannig, að það geti fengið afgreiðslu í því formi, sem það er nú, og það verði þá aftur tekið upp síðar, hvort hægt er að ná samkomulagi um þá skipan mála varðandi sveitarfélögin, sem ég gat um, sem ég er persónulega sammála um, að væri æskilegt. Ég leyfi mér, herra forseti, að leggja til, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. fjhn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til fjhn. með 13 shlj. atkv.

Á 96. fundi í Ed., 16. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 308, n. 757).

Frsm. (Ólafur Björnsson): Herra forseti. Það eru tvær breytingar, sem felast í þessu frv., sem hér liggur fyrir, frá núgildandi kjarasamningalögum. Fyrri breytingin er sú að stytta uppsagnarfrest samninganna, eins og nánar er tiltekið í frv., en síðari breytingin er fólgin í því, að nú er það ekki lengur skylda, að allsherjaratkvæðagr. fari fram meðal opinberra starfsmanna um uppsögn kjarasamninga, en þó getur fjmrh. gert kröfu um það, ef honum sýnist. Um þetta frv. er, eins og fram hefur komið bæði á þskj. 308 svo og í framsöguræðu hæstv. fjmrh. við 1. umr. málsins, samkomulag á milli fjmrn. og Bandalags starfsmanna ríkis og bæja. Eins og nál. á þskj. 757 ber með sér, mælir fjhn. einróma með því, að frv. verði samþ. óbreytt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
2.–3. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

Á 97. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og

samþ. með 17 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 17 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 794).

62. Aflatryggingasjóður sjávarútvegsins.

Á 36. fundi í Sþ., 19. marz, var útbýtt frá Ed.:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 77 28. apríl 1962, um aflatryggingasjóð sjávarútvegsins [188. mál] (stjfrv., A. 367).

Á 62. fundi í Ed., 24. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Félmrh. (Eggert G. Þorsteinsson): Herra forseti. Það má segja, að flutningur þessa frv. sé tvíþættur. Það er í fyrsta lagi lagt til, að framlag ríkissjóðs til aflatryggingasjóðs verði lækkað, þannig að það verði fjórðungur á móti útflutningsgjaldi í stað helmings áður. Í öðru lagi er frv. flutt til staðfestingar samkomulags um greiðslu upp í fæðiskostnað skipverja á bátaflotanum. Skal ég nú víkja með örfáum orðum að hvorum þessara þátta fyrir sig.

Ef ákvæði l. um sjóðinn stæðu óbreytt þannig, að framlag ríkissjóðs yrði áfram helmingur á móti útflutningsgjaldi, hefði framlag ríkissjóðs þurft að hækka um 20 millj. kr. á fjárlögum árið 1969, bæði vegna krónuhækkunar útflutningsgjaldsins af völdum gengisbreytingarinnar, svo og vegna hækkunar frá fyrra ári, þar sem ákvæði l. nr. 5 frá 1968, um ráðstafanir til lækkunar ríkisútgjalda giltu aðeins fyrir árið 1968, en með þeim var ákveðið, að framlag ríkissjóðs skyldi vera þriðjungur á móti útflutningsgjaldi á því ári. Í fjárlögum ársins 1969 er við það miðað, að framlag ríkissjóðs verði óbreytt í krónum frá fjárlögum 1968, en það svarar því sem næst til þess, að mótframlag ríkissjóðs sé ¼ hluti útflutningsgjaldsins, eins og lagt er til með frv. þessu. Með afgreiðslu fjárlaga fyrir jól, var í raun tekin ákvörðun um minnkun á framlagi ríkissjóðs svo sem frv. gerir ráð fyrir.

Samkvæmt útflutningsspá Efnahagsstofnunarinnar mun gengisbreytingin í nóvember s. l. valda því, að tekjur aflatryggingasjóðs af útflutningsgjaldi aukast um 26 millj. kr. á árinu 1969. Ef frv. þetta verður að l., verður ráðstöfunarfé aflatryggingasjóðs 110 millj. kr. árið 1969. Sé litið á bótagreiðslur úr sjóðnum undanfarin ár, má álykta, að um 110 millj. kr., sem yrðu til ráðstöfunar árið 1969 samkv. framangreindum forsendum, ættu að nægja til þess, að sjóðurinn gæti staðizt með óbreyttum reglum þrátt fyrir þá lagabreytingu, sem frv. felur í sér.

Eins og áður sagði, er frv. einnig flutt til staðfestingar á samkomulagi um greiðslu fæðiskostnaðar skipverja á bátaflotanum. Í samningum þeim, sem gerðir voru í febrúar s. l. á milli sjómanna á bátaflotanum og útvegsmanna, og í miðlunartill., sem lögfestar voru í kjaradeilu útvegsmanna og yfirmanna á bátaflotanum þann 18. febr. s. l., fólst samkomulag það, er frv. er ætlað að lögfesta. Samkvæmt frv. er gert ráð fyrir því, að við aflatryggingasjóð skuli starfa sérstök deild, áhafnadeild, sem greiði hluta af fæðiskostnaði manna á fiskibátum, og verði árlegar tekjur deildarinnar 1% af fob-verði útfluttra sjávarafurða. Skal greiða úr deildinni 100 kr. á úthaldsdag og áhafnarmann vegna áhafna á fiskibátum 151 brúttórúmlest að stærð og stærri, en 85 kr. á úthaldsdag á áhafnarmann vegna áhafna á fiskibátum undir 151 brúttórúmlest að stærð. Greiðslur skulu vera ársfjórðungslegar. Við ákvörðun úthaldsdagafjölda og áhafnarstærðar skal sjóðurinn styðjast við úthaldsskýrslur Fiskifélags Íslands og upplýsingar lögskráningarstjóra.

Svo sem áður er sagt, er frv. þetta flutt til staðfestingar á ákvörðunum, sem þegar hafa að nokkru verið teknar. Í fyrsta lagi fjallar frv. um lækkun ríkissjóðsframlags í samræmi við ákvörðun Alþ. við afgreiðslu fjárlaga fyrir jól, og í öðru lagi er frv. flutt til staðfestingar á fyrrnefndu samkomulagi, sem gert var um greiðslu upp í fæðiskostnað skipverja á bátaflotanum. Nauðsyn ber til, að báðir þessir þættir fái nú afgreiðslu Alþ. hið allra fyrsta, og vildi ég fara fram á það sama og ég gerði við fyrri dagskrárlið hér, um fiskveiðasjóðinn, að n. beggja deilda störfuðu saman að undirbúningi málsins úr n., þannig að með því móti mætti hraða nokkuð afgreiðslu málsins.

Ég legg til, herra forseti, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. sjútvn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til sjútvn. með 15 shlj. atkv.

Á 84. fundi í Ed., 2. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 367, n. 592).

Frsm. (Jón Árnason): Herra forseti. Frv. til l. um breyt. á l. um aflatryggingasjóð sjávarútvegsins hefur verið til athugunar í hv. sjútvn. N. leitaði umsagnar um málið hjá stjórn sjóðsins, en fékk einnig álit frá Landssambandi ísl. útvegsmanna. Báðir þessir aðilar mæla gegn samþykkt frv. og telja, að sjóðurinn megi ekki við þeirri tekjuskerðingu, sem í frv. felst.

Um tekjur aflatryggingasjóðs er það að segja, að allt frá því að aflatryggingasjóður var stofnaður og til ársins 1962 var framlag ríkissjóðs jafnt þeim tekjum, sem útvegurinn greiddi með útflutningsgjöldum, en á árinu 1967 var framlag ríkisins lækkað hins vegar.

Varðandi framlag ríkissjóðs til aflatryggingasjóðs samkv. þessu frv. er um það að ræða að koma á samræmi við það, sem ákveðið var, þegar fjárlög yfirstandandi árs voru samþ. Sjútvn. var það ljóst, að með þeirri tekjuskerðingu, sem hér um ræðir, gæti svo farið, að aflatryggingasjóður yrði ekki fær um að standa við skuldbindingar sínar eftir sömu reglum og gilt hafa um bótagreiðslur úr sjóðnum á undanförnum árum. Eins og fram kemur í nál., taldi sjútvn. rétt að gera hæstv. fjmrh. grein fyrir þessari skoðun n. Í viðtali, sem nm. áttu við hæstv. fjmrh., gaf hann n. svohljóðandi yfirlýsingu:

„Ríkisstj. mun sjá svo um, að ef til þess kemur, að aflatryggingasjóð skorti fé til þess, að greiðslur úr

sjóðnum geti farið fram eftir sömu bótareglum og giltu á s. l. ári, þá mun sjóðnum verða séð fyrir því fjármagni, sem af skerðingunni leiðir eða á kann að vanta."

Um II. kafla frv., sem er um greiðslu á fæðiskostnaði sjómanna, er það að segja, að efni kaflans er í samræmi við samkomulag, sem gert var við sjómenn, þ. e. undirmenn á bátaflotanum, þegar samningar um kjör þeirra tókust 12. febr. s. l. Hér er því verið að fullnægja því samkomulagi. Með hliðsjón af því, að svo kann að fara, að í ljós komi, eins og ég áður sagði, að aflatryggingasjóður þoli ekki til frambúðar þá tekjuskerðingu, sem í þessu frv. felst, telur sjútvn. ekki fært að binda þetta ákvæði l. við lengri tíma en yfirstandandi ár. N. hefur því leyft sér að flytja brtt. við frv., sem bindur þetta ákvæði aðeins við yfirstandandi ár.

Herra forseti. Ég tel að svo mæltu ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um málið, en legg til, að frv. verði samþ. með þeirri breytingu, sem fram kemur, og því síðan vísað til 3. umr.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 592 (ný 2. gr.) samþ. með 13 shlj. atkv.
3.—4. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Á 85. fundi í Ed., 5. maí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 634).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 14 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 88. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.

Á 89. fundi í Nd., 6. maí, var frv. tekið til 1. umr.

Félmrh. (Eggert G. Þorsteinsson): Herra forseti. Frv. þetta hefur hlotið einróma afgreiðslu hv. Ed., svo sem fram kemur á þskj. 634. Tilgangur með flutningi þessa frv. er tvíþættur. Í fyrsta lagi er lagt til, að framlag ríkissjóðs til aflatryggingasjóðs verði lækkað, þannig að það verði fjórðungur á móti útflutningsgjaldi í stað helmings áður. Í öðru lagi er frv. flutt til staðfestingar samkomulags um greiðslu upp í fæðiskostnað skipverja á bátaflotanum, og skal nú vikið að hvorum þessara þátta fyrir sig.

Ef ákvæði l. um sjóðinn stæðu óbreytt þannig, að framlag ríkissjóðs yrði áfram helmingur á móti útflutningsgjaldi, hefði framlag ríkissjóðs þurft að hækka um 20 millj. kr. á fjárl. 1969, bæði vegna krónuhækkunar útflutningsgjaldsins af völdum gengisbreytingarinnar, svo og vegna hækkunar frá fyrra ári, þar sem ákvæði l. nr. 5 frá 1968, um ráðstafanir til lækkunar ríkisútgjalda, giltu aðeins fyrir árið 1968, en með þeim var ákveðið, að framlag ríkissjóðs skyldi vera þriðjungur á móti útflutningsgjaldi á því ári. Í fjárl. ársins 1969 er miðað við, að framlag ríkissjóðs verði óbreytt í krónum frá fjárl. 1968, en það svarar því sem næst til þess, að mótframlag ríkissjóðs sé ¼ hluti útflutningsgjaldsins, eins og lagt er til með frv. þessu. Með afgreiðslu fjárl. fyrir jól var því í raun tekin ákvörðun um lækkun á framlagi ríkissjóðs, svo sem frv. gerir ráð fyrir.

Samkv. útflutningsspá Efnahagsstofnunarinnar mun gengisbreytingin í nóv. á s. l. ári valda því, að tekjur aflatryggingasjóðs af útflutningsgjaldi aukast um 26 millj. kr. á árinu 1969. Ef frv. þetta verður að l., verður ráðstöfunarfé aflatryggingasjóðs 110 millj. kr. á árinu 1969. Sé litið á bótagreiðslur úr sjóðnum undanfarin ár, má ályktа, að umræddar 110 millj. kr., sem yrðu til ráðstöfunar á þessu yfirstandandi ári samkv. framangreindum forsendum, ættu að nægja til þess, að sjóðurinn gæti starfað eftir óbreyttum reglum, þrátt fyrir þá lagabreytingu, sem frv. felur í sér.

Eins og ég áðan sagði, er frv. einnig flutt til staðfestingar á samkomulagi um greiðslu upp í fæðiskostnað skipverja á bátaflotanum Í samningum þeim, sem gerðir voru í febrúar s. l. milli sjómanna á bátaflotanum og útvegsmanna, og í miðlunartill., sem lögfestar voru í kjaradeilu útvegsmanna og yfirmanna á bátaflotanum þann 18. febr. s.l., fólst samkomulag það, er frv. er ætlað að lögfesta. Samkv. frv. er gert ráð fyrir því, að við aflatryggingasjóð skuli starfa sérstök deild, áhafnadeild, sem greiði hluta af fæðiskostnaði áhafna á fiskibátum, og verði árlegar tekjur deildarinnar 1% af fob-verði útfluttra sjávarafurða. Skal greiða úr deildinni 100 kr. á úthaldsdag og áhafnarmann vegna áhafna á fiskibátum 151 brúttórúmlest að stærð og stærri, en 85 kr. á úthaldsdag og áhafnarmann vegna áhafna á fiskibátum undir 151 brúttórúmlest að stærð. Greiðslurnar skulu vera ársfjórðungslegar. Við ákvörðun úthaldsdagafjölda og áhafnarstærðar skal sjóðurinn styðjast við úthaldsskýrslur Fiskifélags Íslands og upplýsingar lögskráningarstjóra.

Eins og áður var sagt, er frv. þetta flutt til staðfestingar á ákvörðunum, sem þegar hafa verið teknar. Í fyrsta lagi fjallar frv. um lækkun ríkissjóðsframlags í samræmi við ákvörðun Alþ. með afgreiðslu fjárl. fyrir jól, og í öðru lagi er frv. flutt til staðfestingar á samkomulagi, sem gert var um greiðslu upp í fæðiskostnað skipverja á bátaflotanum. Nauðsyn ber til, að báðir þessir þættir fái fullnaðarafgreiðslu á Alþ. hið allra fyrsta.

Ég tel ekki þörf á því, herra forseti, að fjölyrða frekar um þetta frv., en legg til, að því verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. sjútvn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til sjútvn. með 25 shlj. atkv.

Á 93. fundi í Nd., 12. maí, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 94. fundi í Nd., 13. maí, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 634, n. 691 og 696, 689).

Frsm. meiri hl. (Birgir Finnsson): Herra forseti. Sjútvn. hv. d. hefur ekki orðið sammála um afgreiðslu þessa máls. Ég mæli hér fyrir hönd meiri hl. n., sem leggur til, að frv. verði samþ.

Frv. er aðeins um tvö — eða öllu heldur þrjú — atriði. Í fyrsta lagi er gert ráð fyrir því, að framlag ríkissjóðs til aflatryggingasjóðs á þessu ári lækki frá því, sem verið hefur. Í öðru lagi er um að ræða, að við aflatryggingasjóð verði stofnuð ný deild, sem sjái um greiðslu fæðiskostnaðar skipverja samkvæmt þeim kjarasamningum, sem nú gilda um það efni. Í þriðja lagi felst í þeim kafla frv., sem fjallar um greiðslu fæðiskostnaðarins, ákvæði um það, að þessi nýja deild eigi að fá árlegar tekjur 1% af fob -verði útfluttra sjávarafurða, annarra en þeirra, sem koma frá hvalveiðum og selveiðum, og á að reikna gjald þetta á sama hátt og annað útflutningsgjald af sömu vöru. Þetta eru, að ég held, helztu efnisatriði frv.

Í meðförum hv. Ed. var sú breyting gerð varðandi framlag ríkissjóðs til aflatryggingasjóðs, að í stað þess að frv. gerði upphaflega ráð fyrir, að framlagið skyldi lækka til frambúðar, er ákvæði 2. gr. frv. nú um þetta efni á þá leið, að framlag ríkissjóðs á árinu 1969 skuli vera fjórðungur á móti fyrsta lið laganna. Þessi skerðing á framlagi ríkissjóðs er þannig eingöngu bundin við árið í ár. Ýmsir hafa óttazt, að þessi lækkun á framlagi ríkissjóðs gæti orðið til þess, að sjóðnum yrði fjár vant til að standa undir þeim skuldbindingum, sem á hann kynnu að falla. M. a. hefur stjórn sjóðsins gert grein fyrir þessu atriði og bent á, að einmitt þegar verð á afla fer hækkandi, eins og það hefur gert núna eftir gengisbreytinguna, geta þær bætur, sem sjóðurinn þarf að greiða, einnig hækkað, að því leyti til muni honum vera þörf á meiri tekjum. Það hefur ekki verið talið fært að breyta frá þeirri ákvörðun, sem tekin var í sambandi við afgreiðslu fjárl. Hvað þetta atriði snertir er frv. nánast í samræmi við það, sem gert var, þegar fjárl. voru afgr. Í meðförum hv. Ed. bar það að sjálfsögðu mjög á góma, að komið gæti fyrir, að sjóðnum yrði fjár vant, og í því sambandi gaf hæstv. fjmrh. sjútvn. Ed. eftirfarandi yfirlýsingu, með leyfi hæstv. forseta:

„Ríkisstjórnin mun sjá svo um, að ef til þess kemur, að aflatryggingasjóð skorti fé, til þess að greiðslur úr sjóðnum geti farið fram eftir sömu bótareglum og giltu á s. l. ári, þá muni sjóðnum verða séð fyrir því fjármagni, sem af skerðingunni leiðir eða á kann að vanta."

Þessa yfirlýsingu hæstv. fjmrh. er að finna í nál. sjútvn. Ed. á þskj. 592.

Ég sé svo ekki, herra forseti, ástæðu til að fara fleiri orðum um sjálft frv. Ég vil upplýsa, að meðan frv. var til meðferðar hjá sjútvn. þessarar hv. d., bárust 3 erindi, sem öll eru á þann veg, að breyta þurfi ákvæðum frv. í 3. gr. II. kafla, eða 17. gr. laganna, sem fjallar um áhafnadeild aflatryggingasjóðs, en þar stendur, eins og frv. er nú: „Áhafnadeild aflatryggingasjóðs skal greiða útvegsmönnum hluta af fæðiskostnaði lögskráningarskyldra sjómanna á fiskibátum, sem hér segir:" Þau bréf, sem borizt hafa í gær og í dag um þetta efni, eru í fyrsta lagi frá Landssambandi ísl. útvegsmanna, í öðru lagi frá Sjómannasambandi Íslands og í þriðja lagi frá Efnahagsstofnuninni. Bréfin fjalla öll um sama efni, og ég tel þess vegna nóg að lesa aðeins eitt þeirra, til þess að hv. alþm. geti áttað sig á, hvað þar er um að ræða. Les ég því, með leyfi hæstv. forseta, bréf Efnahagsstofnunarinnar, dags. í dag. Það er svo hljóðandi:

„Að tilmælum yðar skal eftirfarandi staðfest: Í janúar og febrúar s. l. tók ég, fyrir hönd ríkisstj., þátt í viðræðum við fulltrúa sjómanna í kjaradeilunni um fyrirkomulag hugsanlegrar greiðslu á hluta af fæðiskostnaði bátasjómanna úr aflatryggingasjóði sjávarútvegsins. Við þessar umr. var það skilningur beggja aðila, að greiðsla hluta fæðiskostnaðar, ef til kæmi, næði til hlutaráðinna landmanna á línubátum auk lögskráningarskyldra sjómanna.

Virðingarfyllst.
Efnahagsstofnunin.
Jónas H. Haralz."

Ég tel nauðsynlegt, herra forseti, með tilliti til ábendinganna, sem fram eru komnar um þetta atriði, að sjútvn. deildarinnar fjalli um málið milli 2. og 3. umr. og athugi, hvaða breytingar er nauðsynlegt að gera á frv. Mér virðast ábendingarnar vera svo að segja samhljóða frá þeim aðilum, sem ég nefndi, þ. e. Landssambandi ísl. útvegsmanna, Sjómannasambandi Íslands og Efnahagsstofnuninni.

Að öðru leyti legg ég til fyrir hönd meiri hl. sjútvn., að frv. verði samþ. eins og það liggur fyrir.

Frsm. minni hl. (Lúðvík Jósefsson): Herra forseti. Sjútvn. var ekki sammála um afgreiðslu þessa máls. Ég, sem skipa minni hl., er andvígur í rauninni báðum þeim meginbreytingum, sem í frv. felast. Það má segja, að það séu fyrst og fremst tvær breytingar, sem felast í þessu frv. frá gildandi l. um aflatryggingasjóð.

Fyrra atriðið varðar framlag ríkissjóðs til þessa tryggingasjóðs sjávarútvegsins, en samkvæmt l. um aflatryggingasjóð var gengið út frá því, að ríkið legði sjóðnum til jafnmikið framlag á hverju ári eins og tekjur sjóðsins eru af útflutningsgjaldi. Þegar rétt þótti að hefja nokkurn sparnað hjá ríkinu á s. l. ári, var einna fyrst gripið til þess að lækka þetta framlag ríkisins til þessa tryggingasjóðs, og þá var framlagið fært niður í ⅓ úr ½. En nú er hér á ferðinni frv. um það að lækka þetta framlag enn, úr einum þriðja í einn fjórða. Ég er algjörlega mótfallinn þessu, tel, að þetta tryggingakerfi, sem þarna hefur verið byggt upp og það á þann hátt, sem gert var ráð fyrir í l., það eigi rétt á sér, sé mjög nauðsynlegt í mörgum tilfellum og ríkið eigi að standa við þau framlög, sem ráðgerð voru í þessum efnum í upphafi. Það er augljóst að mínum dómi, að með þessu er verið að fikra sig í þá áttina að láta aðeins sjómenn og útvegsmenn standa eina undir þessu tryggingakerfi, að það skuli aðeins afla fjár í tryggingakerfið með útflutningsgjaldi af sjávarafurðum, en ríkið er að reyna að skjóta sér undan þeim skyldum, sem á því hvíla í sambandi við þetta tryggingakerfi. Ég tel, að þessi stefna sé röng og það beri að draga úr útgjöldum ríkissjóðs fyrr á ýmsum öðrum sviðum en þessu.

Svo er hitt meginatriðið í þessu frv., en það varðar svonefnda áhafnadeild sjómanna á fiskibátum, en þar er gert ráð fyrir, að sett verði á fót við aflatryggingasjóð sérstök deild, sem gefið hefur verið nafnið áhafnadeild, en hlutverk þessarar d. er það, að það á að greiða úr henni nokkurn hluta af fæðiskostnaði sjómanna. Og til

þess að afla fjár í þessu skyni er ákveðið að hækka útflutningsgjöldin á sjávarvörum enn einu sinni um 1%, og voru þó, að ég ætla, flestir orðnir undrandi á því, hvað útflutningsgjöldin væru orðin há hér. Nú þykir sem sagt rétt að fara þá leið að hækka útflutningsgjöldin og afla þannig sennilega tekna í þessa deild, sem nema 70–80 millj. kr. á ári, og síðan á að greiða hluta af fæðiskostnaði sjómanna úr þessari svonefndu áhafnadeild. Þannig á þá að standa að þessu, um leið og allir sjómenn, sem fiskveiðar stunda, eru á þennan hátt skattlagðir í þennan sjóð, því að útflutningsgjaldið á sjávarafurðir þýðir það, að í reyndinni verður fiskverðið á hinum innlenda markaði lækkað sem þessu nemur — þá er þannig staðið að þessu máli, að þó að allir fiskimenn séu með þessu móti skattlagðir í þennan sjóð, eru nokkrir þeirra undanskildir og eiga ekki að geta fengið neinar greiðslur úr þessum sjóði. Þannig eru bótagreiðslur úr sjóðnum upp í fæðiskostnað bundnar við það, að hér sé um svonefnda lögskráningarskylda sjómenn að ræða, þ. e. a. s. þar er aðeins átt við þá sjómenn, sem eru á fiskibátum, sem eru 12 rúmlestir eða stærri. Allir aðrir fiskimenn, sem vinna að því að framleiða fisk hér í landinu, sem starfa á minni bátum, undir 12 rúmlestum, en þeir eru mjög margir allt í kringum landið, verða skattlagðir í þennan fæðiskostnaðarsjóð, sem síðan á aðeins að þjóna hagsmunum hinna stærri báta. Þannig er verið að leggja skatt á alla smábátamenn í landinu til þess að standa undir þessum greiðslum. Þetta tel ég alveg ósæmilegt og hef því flutt brtt. um það, sem er að mínum dómi algert lágmark í þessum efnum, að greiðslur úr þessum sjóði skuli geta runnið jafnt til allra starfandi fiskimanna á bátaflotanum í landinu. Það eru engin vandkvæði að koma því fyrir að færa sönnur á það í þessu tilfelli eins og öðrum hjá aflatryggingasjóði, að sjómennirnir á hinum minni bátum hafi raunverulega stundað fiskveiðar. Minni bátarnir hafa rétt til þess að fá bætur úr aflatryggingasjóði. Þeim er gert að skyldu að leggja fram vottorð frá viðkomandi bæjarfógeta eða sýslumanni um það, að greidd hafi verið tryggingagjöld í sambandi við rekstur bátsins, eins vottorð frá fiskkaupanda um það, að afli hafi verið lagður á land, og þannig er gengið úr skugga um það, hve langan tíma báturinn hefur stundað veiðar, sem sagt nákvæmlega sami háttur hafður á um þessa minni báta og þá, sem eru yfir 12 rúmlestir að stærð. Ég tel því, að það sé nauðsynlegt að breyta frv. á þá lund, að skýrt sé tekið fram, að greiðslur upp í fæðiskostnað geti allir starfandi sjómenn á fiskibátum fengið, hvort sem þeir eru á hinum smærri bátum eða hinum stærri. Það er augljóst, að þeir eru allir skattlagðir í sjóðinn, verða að standa undir tekjum sjóðsins, og þeir eiga allir að hafa sama rétt til greiðslu úr sjóðnum. Varðandi allar útskýringar um það, að þessi fæðiskostnaður sé mjög mismunandi, — auðvitað er hann það, hann er það líka á stóru bátunum, — þá hafa minni bátarnir enga sérstöðu. Í mjög mörgum tilfellum hagar útgerð orðið þannig hjá okkur, að bátar, sem eru undir 12 rúmlestum að stærð, verða að vera fjarri heimahöfn sinni í marga daga í einu, þeir fara í fiskitúra meðfram landinu og verða því að halda uppi sínum fæðiskostnaði þar alveg eins og stærri bátarnir í ýmsum tilfellum. Sömuleiðis er það, að enn tíðkast það víða við landið, að hinir stærri bátar róa úr heimahöfn og menn hafa sinn fæðiskostnað þar að verulegu leyti heima, en fara hins vegar með nesti með sér eftir gömlu lagi í hvern einstakan róður, svo að í þessu efni hafa stóru bátarnir enga sérstöðu. Ég legg áherzlu á það, að þessu verði breytt, og ég trúi því varla, fyrr en ég tek á því, að það sé í rauninni full alvara þeirra, sem standa að flutningi þessa frv., að knýja fram þetta óréttlæti, að skattleggja sjómenn á hinum minnstu fiskibátum við landið til þess að standa undir fæðiskostnaði á stærri bátunum. Slíkt er algerlega til vansæmdar.

Þá vil ég einnig segja það í sambandi við þennan fæðiskostnaðarsjóð, að ég er í grundvallaratriðum algerlega ósamþykkur þessu fyrirkomulagi, tel, að hér sé verið að stefna út í mestu ófæru. Ég er hreint ekki á þeirri skoðun, að þeir aðilar, sem gera út fiskibáta í landinu, eigi að borga fæðiskostnað í réttu hlutfalli við það aflamagn, sem þeir draga á land. Ég get ekki séð fyrir mitt leyti nokkra sanngirni í því, að sá mikli aflabátur, sem nú hefur verið í fréttum að undanförnu, frá Vestmannaeyjum, sem dró á land á vertíðinni 1650 rúmlestir, eigi að borga helmingi hærri fæðiskostnað en aðrir bátar yfirleitt í landinu, en það verður hann að gera með þessu fyrirkomulagi. Ég tel, að fæðiskostnaður á bátum eigi að skoðast eins og hver annar útgjaldaliður í rekstrinum. Útgerðarmennirnir verða að glíma við þennan rekstrarlið eins og hvern annan, rétt eins og olíukostnað, beitukostnað, veiðarfærakostnað, og þar verða þeir að njóta þess, sem halda vel á, sem kunna vel með málin að fara, þeir eiga að njóta þess. En hitt, að ætla að steypa svona kostnaðarliðum öllum saman í einn allsherjarsjóð, sem nær yfir allt landið og aðilar geta síðan á eftir gert kröfu til, það er ég viss um að leiðir út í öngþveiti, svipað öngþveiti og það, sem við glímum nú við í sambandi við vátryggingarkostnað bátanna í landinu. Það er enginn vafi á því, að strax á fyrsta ári munu koma upp kröfur frá útgerðarmönnum og sjómönnum um frekari greiðslur í þessum efnum. Sjómennirnir gera að sjálfsögðu áframhaldandi kröfur um það að fá meira greitt upp í fæðiskostnaðinn en samþ. hefur verið á þessu stigi málsins, og útgerðarmennirnir segja þá, a. m. k. ýmsir þeirra: Þá verður bara að auka við tekjur þessa stóra sjóðs, sem á að borga fæðiskostnaðinn. Það verður einhver að leggja meiri peninga í sjóðinn, alveg eins og gert var við vátryggingarsjóðinn. Það verður að hækka útflutningsgjaldið, eða það verður að afla fjár með einhverjum hætti. Og þannig er ég ákaflega hræddur um, að það verði lítil stjórn á fæðiskostnaðinum á flotanum, þegar tímar líða, þegar menn fara að greiða kostnaðinn að verulegu leyti úr sameiginlegum sjóði.

Ég þykist vita, að þeir, sem að þessu frv. standa, beri því við, að þetta hafi verið hálfgerður nauðungarsamningur í verkfalli, í deilu. Útgerðarmenn hafi ekki fengizt til þess að greiða þennan hluta af fæðiskostnaðinum, sem hér um ræðir, en sjómennirnir hafi hins vegar staðið fast á þessari kröfu og því hafi út úr neyð verið fundin þessi leið til þess að leysa deiluna. En það á ekki að leysa svona deilur með því að taka upp alranga stefnu, sem felur í sér mikla hættu og stóraukin útgjöld, vaxandi erfiðleika í sama máli á komandi árum. Á

meðan við stöndum þannig að þessum málum, að hér er um einkarekstrarfyrirkomulag á bátaflotanum og fiskiskipunum að ræða, það eru ákveðin útgerðarfélög og það eru ákveðnir útgerðarmenn, sem eiga bátana, þá verða þessir aðilar vitanlega að koma fram eins og eiginlegir eigendur og standa og falla með sínum rekstri, glíma við sín útgjöld og reyna að sjá um sínar tekjur. En að ætla að koma meira og meira af rekstrarútgjöldunum í einhverja sameiginlega „púlíu", sem nær yfir allt landið og einhver allt annar aðili á að leggja fé í, og þannig eigi að greiða ýmsa útgjaldaliði úr einhverjum sameiginlegum sjóði, það er alveg forkastanleg aðferð að mínum dómi. Og það ber að snúa við af þessari braut, en fikra sig ekki lengra eftir henni, eins og þetta frv. ber með sér.

Eins og ég hef tekið fram, er ég raunverulega andvígur báðum þessum aðalbreyt., sem í frv. felast. Ég er algjörlega andvígur því að lækka framlag ríkissjóðs til aflatryggingasjóðs. Það getur ekki leitt til neins annars en þess, að í reyndinni verður það svo, að bótagreiðslur sjóðsins verða ekki í hlutfalli við það, sem til var ætlazt. Það fer auðvitað inn á þá braut, þegar sjóðinn skortir fé, að þá verður dregið úr bótagreiðslum, af því að það er alveg opið hjá stjórn sjóðsins, hvernig hún bætir í hverju tilfelli, hvað hún verðleggur bótareglurnar hátt hverju sinni. Ég er alveg á móti því að draga úr þessum bótagreiðslum og á móti því, að ríkið geti skotið sér undan að standa undir þessu tryggingakerfi, sem þarna hefur verið komið upp. Svo hef ég lýst afstöðu minni til þessa fæðiskostnaðarsjóðs, en þar tel ég þó algert lágmark vera, að brtt. mín, sem er á þskj. 689, verði samþ., en með henni yrði þó tryggt, að sjómenn á fiskibátum, sem skattlagðir eru í þennan fæðiskostnaðarsjóð, geti allir átt sams konar rétt á því að fá bætur upp í sinn fæðiskostnað úr þessum sjóði, en það sé ekki staðið þannig að málinu að skattleggja þá, sem sízt skyldi, sjómennina á minnstu bátunum, þá fátækustu og þá, sem búa í flestum greinum við erfiðust kjör, að það sé ekki staðið þannig að málinu að skattleggja þá til þess að standa undir fæðiskostnaði á stærstu og fullkomnustu bátunum. Það er að mínum dómi alveg ósæmilegt. Því vænti ég þess, að þessi brtt. mín verði samþ. við frv. sem algert lágmark.

Frsm. meiri hl. (Birgir Finnsson): Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð í tilefni af ræðu hv. 4. þm. Austf.

Eins og hv. þdm. er ljóst, er það atriði frv., sem hann gerði aðallega að umtalsefni, hingað komið til staðfestingar á samkomulagi, sem áður hefur verið lögfest og fjallar um afmarkaða hluti, þ. e. a. s. hvernig greiðslum á fæðiskostnaði skuli hagað úr hinni nýju deild, sem stofna á við aflatryggingasjóð. Ég get verið hv. 4. þm. Austf. sammála um það, að önnur aðferð hefði verið æskilegri við greiðslu á fæðiskostnaði. Fyrir mitt leyti hefði ég talið hreinlegast, úr því að útgerðin á annað borð tekur á sig að greiða fæðiskostnað, að hver útgerðarmaður greiddi fæðiskostnað sinnar áhafnar að hluta eða að öllu leyti, eftir því sem um hefði samizt. En það samkomulag, sem staðfesta á með frv. því, sem hér liggur fyrir, er búið og gert, og í framhaldi af því er sú lagasetning, sem við erum að fjalla um, nauðsynleg.

Ég vil leyfa mér að benda á, að í sjálfu frv. er eingöngu talað um greiðslu á fæðiskostnaði lögskráningarskyldra skipverja. Í þeim bréfum, sem ég skýrði frá áðan, kemur fram því til viðbótar, að af hálfu þeirra, sem um málið fjölluðu f.h. sjómanna annars vegar og útgerðarmanna hins vegar, og í þriðja lagi af forstjóra Efnahagsstofnunar Íslands sem sáttasemjara í málinu er talið, að auk þess eigi þessar greiðslur samkv. þeirra skilningi að ná til þeirra sjómanna, sem eru ráðnir upp á hlut, þótt þeir séu ekki lögskráðir. Er þar með einungis átt við hlutaráðna landmenn á línubátum, sem eru ýmist hlutaráðnir eða vinna í akkorði við beitingu. Um önnur atriði get ég ekki séð, að ætlazt sé til að neinu sé bætt við af hálfu þeirra, sem um málið fjölluðu áður en það kom fyrir Alþ. Er ekki um annað talað en þetta atriði eitt í bréfunum. Ég býst við, að ástæðan til þess, að ekki hefur verið gert ráð fyrir, að áhafnir lítilla fiskibáta nytu þessa, sé sú, að það mundi vera mjög erfitt í framkvæmd að ganga örugglega úr skugga um, hvernig háttað væri útgerð þeirra og aflabrögðum.

Hv. 4. þm. Austf. talaði um, að það bæri að snúa við af þeirri braut að stofna sjóði eins og þann, sem þarna væri um að ræða, en fikra sig ekki lengra eftir henni. Mér finnst, að með þeirri brtt., sem hann flytur, sé hann einmitt að fikra sig lengra á þessari braut, sem hann telur svo óheillavænlega. Að mörgu leyti get ég verið honum sammála um, að hún sé óheillavænleg, og þess vegna fellst ég ekki á till. hans.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 20:2 atkv.

2. gr. samþ. með 20:17 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GuðlG, ÓL, GÞG, IngJ, JóhH, JP, MB, MÁM, ÞB, PS, SI, EKJ, BGr, BF, BK, BBen, BGuðm, US, FÞ, SB.

nei: HS, HV, IG, JSk, RA, LJós, MK, SE, SkG, SV, SP, VH, ÞÞ, ÁÞ, EystJ, GeirG, JJ.

3 þm. (BP, EðS, EmJ) fjarstaddir.

Einn þm. gerði svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Birgir Finnsson: Herra forseti. Ég vísa til yfirlýsingar ríkisstj., sem birt er í nál. sjútvn. Ed. á þskj. 592 og svo hljóðar, með leyfi hæstv. forseta:

„Ríkisstj. mun sjá svo um, að ef til þess kemur, að aflatryggingasjóð skorti fé, til þess að greiðslur úr sjóðnum geti farið fram eftir sömu bótareglum og giltu á s. l. ári, þá muni sjóðnum verða séð fyrir því fjármagni, sem af skerðingunni leiðir eða á kann að vanta."

Með tilvísun til þessarar yfirlýsingar segi ég já.

Brtt. 689 felld með 20:16 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: HS, HV, IG, RA, LJós, MK, SE, SkG, SV, SP, VH, ÞÞ, ÁÞ, EystJ, GeirG, JJ.

nei: GÞG, IngJ, JóhH, JP, MB, MÁM, ÞB, PS, SI, EKJ, BGr, BF, BK, BBen, BGuðm, US, FÞ, GuðlG, ÓL, SB.

4 þm. (JSk, BP, EðS, EmJ) fjarstaddir.

3. gr. samþ. með 19:11 atkv.

4. gr. samþ. með 20:2 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 20:10 atkv.

Á 95. fundi í Nd., 16. maí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 634, n. 762).

Frsm. meiri hl. (Birgir Finnsson): Herra forseti. Við 2. umr. um þetta mál gat ég þess, að sjútvn. hv. d. hefðu borizt erindi frá Landssambandi ísl. útvegsmanna, frá Sjómannasambandi Íslands og enn fremur frá Efnahagsstofnuninni, þar sem upplýst var, að í samningum um kaup og kjör á bátum hefði verið gengið út frá því, að greiðsla á fæðiskostnaði næði ekki aðeins til áhafnarmeðlima, sem lögskráðir væru, heldur einnig til hlutaráðinna landmanna á línubátum. Ég boðaði þá við 2. umr., að sjútvn. mundi taka þessar aths. til athugunar milli umr. Ég hef rætt við nokkra einstaka menn úr n., en ekki náð henni allri saman, en þeir nm., sem ég hefi talað við, eru því ekki andvígir, að sú breyting, sem farið er fram á í þessum erindum, verði gerð á frv. Ég leyfi mér þess vegna að flytja skrifl. brtt. við 3. gr. frv. á þá leið, að í 17. gr. l. á eftir orðunum „lögskráningarskyldra sjómanna á fiskibátum" komi: og hlutaráðinna landmanna á línubátum, sem lögskráð er á, sem hér segir, o. s. frv. Þessi brtt. er of seint fram komin og skriflega flutt, og verð ég því að fara fram á við hæstv. forseta, að hann leiti afbrigða fyrir henni.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 771) leyfð og samþ. með 28 shlj. atkv.

Brtt. 771 samþ. með 28 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 19:7 atkv. og endursent Ed.

Á 97. fundi í Ed., s.d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 772).

Á 98. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til einnar umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. – Afbrigði leyfð og samþ. með 17 shlj. atkv.

Pétur Benediktsson: Herra forseti. Þetta mál er hingað komið aftur vegna breytingar, sem á því var gerð í hv. Nd. Sú breyting er í 2. kafla 17. gr. 1. mgr. Þar segir: „Áhafnadeild aflatryggingasjóðs skal greiða útvegsmönnum hluta af fæðiskostnaði lögskráningarskyldra sjómanna á fiskibátum," og síðan kemur viðbótin: „og hlutaráðinna landmanna á línubátum, sem lögskráð er á." Og síðan heldur áfram eins og frv. var áður: „sem hér segir". Þessi viðbót í Nd. mun gerð með tilliti til þess, að þeir, sem að samningunum um kjör sjómanna á fiskiskipum stóðu, virðast bera það allir sem einn, að ætlunin hafi verið, að ákvæði samkomulagsins skyldu ná til hlutaráðinna landmanna á línubátum, sem lögskráð er á, eins og nú segir í frv. Hitt er jafnótvírætt, að þessi orð komust ekki inn í samningstextann, eins og hann lá fyrir þessari deild áður, og ekki var á þetta bent, fyrr en málið var komið til meðferðar í hv. Nd. Nú er náttúrlega enginn vafi á því, að í samningum eins og þessum er auðvelt að svara því til, að bókstafurinn blífur. En hitt er annað mál, hvort menn vilja sýna sanngirni, og það virðist mér hafa verið stefna hv. Nd. í þessu máli, og það er einnig álit meiri hl. sjútvn. í þessari hv. deild, sem hefur rætt málið á fundi. Þess vegna vil ég í nafni meiri hl. mælast til þess við Ed., að hún samþ. frv. með þeim breytingum, sem á því urðu í Nd.

Jón Árm. Héðinsson: Herra forseti. Það ber svo margt brátt að núna, að menn hafa ekki einu sinni tíma til að átta sig nákvæmlega á, hvað um er að fjalla, og til skyndifundar var boðað hjá hv. sjútvn. og lá þá ekki einu sinni fyrir á þskj. það, sem við áttum að fjalla um, svo mikið lá við að koma málinu áfram. En það voru viðbótarorðin : „og hlutaráðinna manna á línubátum". Eins og hv. frsm. tók skýrt fram, var ekkert við það að athuga, hvernig við afgr. frv. um aflatryggingasjóð sjávarútvegsins hér í hv. deild á sínum tíma, því að ég vil — með leyfi hæstv. forseta — lesa orðrétt upp það samkomulag, sem er vitnað í og er á bls. 2:

„Samkomulag um greiðslu upp í fæðiskostnað skipverja á bátaflotanum. Aflatryggingasjóður greiði hluta af fæðiskostnaði lögskráningarskyldra sjómanna á fiskibátum, þannig að til báta 151 brúttólest og stærri verði greiddar 100 kr. vegna hvers áhafnarmanns á úthaldsdag, en til báta undir 151 brúttólest að stærð verði þessi greiðsla 85 kr. á úthaldsdag og áhafnarmann. Ákvörðun úthaldsdagafjölda og áhafnarstærðar fer eftir almennum reglum sjóðsins. Útgerðarmenn skulu draga framangreindar upphæðir frá fæðiskostnaði sjómanna og fá þær endurgreiddar úr aflatryggingasjóði. Til þess að standa straum af þessum kostnaði hlutast ríkisstj. til um, að lagt verði 1% almennt útflutningsgjald á fob-verðmæti fiskafurða þeirra sem nú eru útflutningsgjaldskyldar."

Svona hljóðar þessi staðfesting, sem var undirrituð af báðum aðilum, og hún er ótvíræð, að hér er átt við sjómennina sem slíka. Og ég hafði aldrei heyrt annað en að það ætti að koma fram og hafði margsinnis verið um það talað, að hér væri eins konar staðaruppbót fyrir sjómenn á bátaflotanum, en ekki þá, sem væru í landi. Svo heyrir maður annað sagt núna, og þá vaknar sú spurning: Hvar á þetta vandræðabarn að enda? Ég var alltaf mótfallinn þessari stefnu, og mér sýnist, að skjótt rætist, að hér horfi til vandræða. Ég vil benda á, að í hádegisfréttunum í dag var sagt frá því, að bátar eru að fara á Grænlandsmið. Þá eiga þeir ágætu sjómenn, sem eiga að veiða á línu við Grænland, ekki að fá nokkurn eyri fram yfir þá, sem eru heima hjá sér, þó að þeir séu lögskráðir þar og beita eða vinna við bátinn í landi. Þetta tel ég ósanngirni. Ef útvegsmenn vilja borga mönnunum, sem eru í landi, betur, þá verða þeir að semja um það, og ég held, að þannig ákvæði sé í samningunum, að þeir menn, sem í landi eru, hafi sómasamleg kjör. Og það er mjög erfitt að fara að breikka þetta svið, því að við vitum ekki, hvar við endum, ef við förum að opna þessa leið, og svo kemur sú næsta og næsta. Einnig má á það benda, að hér er dregin markalína á skipaflota, sem er 12 tonn og stærri, og sjómannasamtökin segja réttilega, að þau séu ekki að semja um kjör á bátum, sem eru minni en 12 tonn, en engu að síður eru þeir sjómenn látnir borga í þennan sjóð, sem eru á minni bátum og draga ágætan fisk að landi. Hér er því úr nokkru vandamáli að ráða, og ég er mótfallinn því, að við víkkum þetta starfssvið svo skjótlega, án þess að það sé rækilega athugað.

Ég vil minna á það, að það eru rétt um það bil 4 ár

síðan hv. Alþ. samþ. það, að endurskoðun á lögum um aflatryggingasjóð ætti að fara fram, og enn þá hefur þessi hv. n., sem þá var skipuð, sennilega ágætismönnum, ekki skilað neinu frá sér. Ég ýtti við þessari n. hér á sínum tíma, fyrir áramótin, og þá voru loforð um að gera eitthvað, en ekkert hefur skeð. Ég harma svona vinnubrögð. Og það er mjög alvarlegur hlutur að víkka starfssvið sjóðsins svona að óathuguðu máli, þó að einhver hafi fallizt á þetta í Nd. að lítt athuguðu máli. Það hef ég fyrir satt, og ég kynnti mér það áðan uppi í Efnahagsstofnun hjá Jóni Sigurðssyni fulltrúa þar, að hann aðvaraði menn, áður en frv. var sett hér inn, hlutaðeigandi menn. Hann aðvaraði um það, að samkomulagið hefði verið þrengra en um hefði verið talað á sínum tíma, og það gerði enginn maður athugasemd við það. Svo vaknar einhver skyndilega núna og þarf að fá einhverja hjálp, og þá er hlaupið upp til handa og fóta á síðustu tveimur dögum þingsins að bjarga slíku við. Ég er ekki samþykkur slíku. Það er svo annað mál, hvort við fyrr eða síðar að undangenginni rækilegri athugun opnum þessa leið. Það getur vel verið, að það sé skynsamlegt, en það er ekki hægt að gera það svona allt í einu.

Það mætti mikið tala um þetta mál, hvernig svona sífelld sjóðsmyndun, sem hefur ekki fastar reglur, endar, hvernig það endar að vera alltaf að búa til eitthvert kerfi, sem enginn veit nákvæmlega, hvernig á að vinna. Og svo eru einhverjir, sem koma fram með óskalista og það er beðið um, að þetta sé látið starfa í þágu þeirra. Það hefur engin athugun farið hér fram á því, hvað þetta þýðir miklar greiðslur, hvað mikla viðbót fyrir þennan sjóð. Við fengum þó yfirlýsingu hæstv. fjmrh. um það, að hann mundi sjá til þess, að sjóðurinn fengi nægilegar tekjur fyrsta árið. Hvað þýðir svona samþykkt? Þýðir hún 5 millj. eða þýðir hún bara eina millj. eða eitthvað meira? Mér finnst það merkilegt, ef allt í einu má samþykkja, þó að það sé ekki nema milljón króna kvöð fyrirvaralaust á ríkissjóð. Það er þá breytt viðhorf frá því, sem var hér fyrir nokkrum klukkustundum í dag.

Herra forseti. Tíminn var það naumur, að ég varð að hripa brtt. á borði mínu rétt áðan, og ég leyfi mér að leggja hana hér fram. Það getur verið, að það sé formgalli á henni, ég skal ekki segja um það, en ég vildi, að hún yrði athuguð, og ef nauðsynlegt er, að gefa þá stutt fundarhlé, því að ég óska þess, að hún verði tekin til meðferðar, en efni brtt. minnar er á þá leið, að í 17. gr. falli niður orðin: „hlutaráðinna landmanna á línubátum."

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 783) leyfð og samþ. með 17 shlj. atkv.

Frsm. (Jón Árnason): Herra forseti. Ég skal ekki lengja umr. mikið. Ég vil aðeins taka það fram, að ég tók þá afstöðu í n., eins og kom fram hjá hv. frsm. sjútvn., að vera með því, að þessi breyting yrði tekin inn í frv. Og ég tel, að hér sé aðeins um réttlætismál að ræða. Það kemur fram, að innheimta á 1% útflutningsgjald af sjávarafurðum bátanna. Og þess vegna eru það alveg eins þessir menn, landmennirnir, sem leggja fé af mörkum til þess að standa undir kostnaðinum við fæðispeningana, og það væri bara verið að mismuna mönnum á bátunum með því að taka af öllum, en láta bara suma fá það. Þetta er ekkert annað en kaupuppbót, sem þarna er um að ræða, aukin hlunnindi, og ég tel það rétt, að það komi í hlut allra skipverjanna, en ekki nokkurra. Hitt er líka rétt, sem hv. síðasti ræðumaður sagði, að það hefði kannski átt að ganga lengra. En þá er aftur annað sjónarmið, sem kemur þar til greina, að smærri bátarnir, undir 12 lestum, hafa ekki jafnsamfellt úthald og stærri bátarnir, og þess vegna hefði verið meiri vandi á höndum að fylgjast með því. Maður veit, að það er slitróttara úthald hjá minni bátunum en er hjá stærri bátunum, sem haldið er úti yfir vertíðina, og þess vegna má segja, að það sé ekki að öllu leyti sambærilegt, og að það sé miðað við 12 smálestir, eins og í frv. felst, það tel ég að sé rétt. Mér finnst, að hér sé aðeins um réttlætismál að ræða gagnvart landmönnunum á fiskibátunum. Þetta kemur eingöngu við á línubátunum, því að það eru einu bátarnir, sem eru með tvískiptan mannskap, helminginn á sjó og helminginn í landi, og þar sem þeir eru skattlagðir allir jafnt, er ekki óeðlilegt, að þeir hafi sömu hlunnindi allir jafnt.

Pétur Benediktsson: Herra forseti. Vegna undirtekta hv. 5. landsk. hygg ég, að óhjákvæmilegt sé að leiða nokkur vitni í málinu, og vil ég þá, með yðar leyfi, láta þau koma fram hvert af öðru.

Fyrst er hér bréf frá Efnahagsstofnuninni, undirritað af Jónasi H. Haralz, sem segir m. a.: „Í janúar og febrúar s. l. tók ég fyrir hönd ríkisstj. þátt í viðræðum við fulltrúa sjómanna í kjaradeilunni um fyrirkomulag hugsanlegrar greiðslu á hluta af fæðiskostnaði bátasjómanna úr aflatryggingasjóði sjávarútvegsins. Við þessar umr. var það skilningur beggja aðila, að greiðsla hluta fæðiskostnaðar, ef til kæmi, næði til hlutaráðinna landmanna á línubátum auk lögskráningarskyldra sjómanna." Þarna talaði vitni hæstv. ríkisstj.

Þá leiði ég sem næsta vitni Landssamband ísl. útvegsmanna og les nokkurn kafla úr bréfi þess: „Í ljós hefur komið, að ákvæði fyrrgreinds frv. er ekki að öllu leyti í samræmi við þann samning, sem sjómenn telja sig hafa gert við hæstv. ríkisstj. um greiðslu fæðiskostnaðar. Hafa þeir gert ráð fyrir, að hlutaráðnir landmenn fái einnig greitt fæði til jafns við sjómenn, þótt þeir væru ekki lögskráningarskyldir. Hefur þetta atriði verið staðfest af fulltrúa Efnahagsstofnunarinnar, sem þátt tók í umr. við sjómannasamtökin um greiðslu fæðiskostnaðar. Með tilliti til þess, að oss er nauðsynlegt að vita nú þegar, vegna hverra starfsmanna útvegsmanna eigi að reikna fæðisstyrk, förum vér þess á leit við hið háa ráðuneyti, að það beiti sér fyrir því við hið háa Alþingi, að breytt verði ákvörðunum væntanlegrar 17. gr. l. um aflatryggingasjóð á þann veg, að auk lögskráningarskyldra sjómanna verði hlutaráðnum landmönnum greiddur hluti af fæðiskostnaði á sama hátt og sjómönnum."

Þarna var vitnisburður og áskorun L. Í. Ú. Þá er loks þriðja vitnið, Sjómannasamband Íslands, bréf undirritað af Jóni Sigurðssyni. Þar segir meðal annars:

„Í ljós hefur komið, að ákvæði fyrrgreinds frv. er ekki að fullu í samræmi við þann samning, er við gerðum

um greiðslu fæðiskostnaðar, þar sem ekki er gert ráð fyrir, að hlutaráðnir landmenn fái þessa greiðslu. Í 21. gr. kjarasamninganna segir svo í síðustu málsgrein: Hlutaráðnir menn, sem vinna við skipið í landi, skulu njóta allra sömu réttinda sem lögskráðir menn hafa, svo sem varðandi rétt til sjóveðs o. fl." Þar lýkur þeirri tilvitnun í greinina. „Tekið skal fram, að þegar áætlaður var af hálfu Efnahagsstofnunarinnar fjöldi úthaldsdaga og hlutarmanna, voru þessir menn teknir með í dæmið."

Þá lýkur þessum tilvitnunum mínum, og ég vil taka fram, að ég legg sérstaklega mikið upp úr þessari síðustu mgr. í bréfi Sjómannasambandsins. Mér finnst því, að ekki leiki nokkur vafi á því, hver tilætlunin var hjá þeim mönnum, sem að þessari samningagerð stóðu. Þeir höfðu allir ætlað sér að hafa þessa menn með. Hitt er annað mál, að þeir undirskrifuðu samning annars efnis, og þá er það okkar að segja, hvort við viljum hengja okkur í hið undirskrifaða orðalag eða leyfa þeim aðilum, sem að samningsgerðinni stóðu, að eiga, eins og í máltækinu segir, leiðréttingu orða sinna, láta leiðrétta þá villu, sem komizt hefur inn í samkomulagið. Mér fyrir mitt leyti finnst, eins og í pottinn er búið, vera sjálfsagt að verða við þessum tilmælum og ítreka því tilmæli mín til hv. d. um að samþ. frv.

Jón Árm. Héðinsson: Herra forseti. Ég vil aðeins undirstrika það, eins og kom reyndar fram í bréfi Sjómannasambands Íslands, að samkv. 21. gr. kjarasamninga njóta landmenn þess að fá greiddan fæðiskostnað, ef þeir eru lögskráðir. En það kom skýrt fram, að tilefnið til að taka upp þetta kerfi var hugsunin um staðaruppbót, sjómennirnir eru að heiman, og þeir höfðu þurft að sjá sjálfum sér fyrir fæði og svo fjölskyldu sinni. En mennirnir, sem eru í landi og eru heima hjá sér, og eins og er t. d. á togbátunum núna, þá eru þeir heima alveg um helgar, þeir fá verulega kjarabót fram yfir þá, sem eru að sækja á djúpmið. Það er einmitt þessi hugsun og þessi þróun, sem ég er á móti. Ég vil sannarlega ýta undir það fólk, sem fer 6—8 hundruð mílur að Grænlandi eða í námunda við Svalbarða og er þar 3—4 mánuði í burtu. Og ég sé ekki, hvernig við fáum menn á bátana, ef við ætlum að fara að ýta undir þá, sem eru heima hjá sér, en þrengja að hinum, því að fyrr eða síðar þarf þessi sjóður mikla peninga, ég er alveg viss um það. Og því fleiri sem við tökum inn í þennan sjóð, því þrengra verður um hans kjör. En ef fjmrh. tryggir árlega þessum sjóði nægilegt fjármagn, þurfum við ekki að hafa áhyggjur af því, en það kalla ég flotta yfirlýsingu frá hæstv. ráðh. Það getur vel verið, að mönnum þyki ég hér nokkuð harður í garð útvegsmanna. Þeir undirrituðu þetta samkomulag, og það var greinilega tekið fram, það fékk ég staðfest af þeim manni, sem stóð í því, að þegar þetta var undirritað, var bent á það, að samkomulagið var þrengra en um hafði verið talað. Og um það snýst kjarni málsins. Kjarni málsins er sá, hvort við eigum að opna þennan sjóð fyrir mönnum, sem eru í landi, eða ekki. Þeir njóta kjara í landi að fá hluta af fæðiskostnaði. Hann er ekki af þeim tekinn. Það er bara borgað af öðrum aðila. En ég vil ekki skerða þennan sjóð, því að hann þarf áreiðanlega á sínu að halda og jafnvel meira en það. Og þeim mönnum, sem sækja á fjarlæg mið, má muna eftir.

Félmrh. (Eggert G. Þorsteinsson): Herra forseti. Ég tel, að þær breytingar, sem gerðar voru á frv. í Nd., skjóti nokkuð skökku við þær hugmyndir, sem menn höfðu um þennan samning áður og töldu sig hafa skriflega fyrirliggjandi. Um það geta ekki snúizt deilur á þessu stigi málsins, því að þær eru sá mismunur, er skjalfestur var upphaflega með frv. Eins það, hvort við álítum, að sjómenn eigi að bera meira úr býtum en þeir, sem eru í landi við bátinn, kemur ekki heldur til þess að ráða úrslitum hér um þetta atriði. Það, sem úrslitum ræður að mínu viti, eru þær umsagnir eða það álit, sem hv. 4. þm. Reykn. las hér áðan, um, að allir hlutaðeigandi aðilar að þessu samkomulagi telja, að eins og frv. var úr garði gert, þó að það væri á grundvelli þessa samnings, þá sé það brot á þessu samkomulagi, og telja, þrátt fyrir það, að það hafi ekki verið réttilega skráð, að þeir séu hlunnfarnir, ef þetta nýja ákvæði, sem í Nd. var bætt inn í, verði ekki fest í frv.

Með hliðsjón af þessu tel ég einsýnt, að við eigum á milli þess að velja að halda okkur við bókstafinn og þar með ganga í berhögg við alla þá aðila, sem að samningaborðinu komu, eða samþykkja það, sem þeir eru sammála um að hafi verið þeirra meining, þó að hún hafi ekki verið skráð eins og um var talað.

Ég tel því, að það fari ekki á milli mála, að við komumst ekki hjá því að staðfesta það samkomulag, sem raunverulega var gert, alveg án tillits til þess, hvað af því var réttilega skráð. Ég, eins og ég sagði í upphafi, ætla ekki að fara út í þá sálma að vega hér og meta launatekjur sjómanna og landmanna. Ég hef áður ekki farið dult með það, að ég tel, að sjómenn eigi að bera þar meira úr býtum vegna sinna fjarvista og þeirra ódrýginda, sem þeir hafa að öðru leyti af þeim sökum. En það álit mitt haggar ekki þeirri staðreynd, að við munum rifta því samkomulagi, ef við höldum okkur við okkar upphaflegu afstöðu, og ég álít því, að við eigum að beygja okkur fyrir þeim staðreyndum, sem liggja fyrir. Þarna hafa orðið einhver mistök á við sjálfa skráningu samningsins, að staðfesta samkomulagið. Þess vegna ber okkur að samþykkja frv. eins og það er nú.

ATKVGR.

Brtt. 783 felld með 12:1 atkv.

Frv. samþ. með 15:1 atkv. og afgreitt sem lög frá Alþingi (A. 795).

63. Fjáraukalög 1967.

Á 42. fundi í Sþ., 21. apríl, var útbýtt:

Frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1967 [221. mál] (stjfrv., A. 495).

Á 43. fundi í Sþ., 23. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Frv. það til fjáraukalaga, sem hér er lagt fram, er stjórnskipuleg skylda að leggja fyrir Alþ., enda þó að oft hafi verið um

það rætt áður, að það væri næsta ankannalegt að vera samtímis með tvö samhljóða frv. í gangi, annað fyrir deildum til staðfestingar á ríkisreikningnum, sem um leið auðvitað felur í sér samþykkt á þessum útgjöldum, sem þar er um að ræða, en hins vegar sérstakt fjáraukalagafrv. í Sþ. Um það tjóar ekki að fást. Það er lögbundin skylda að gera þetta. Frv. þetta er samið í samræmi við niðurstöður yfirskoðunarmanna ríkisreiknings, eftir að þeir hafa afhent rn. aths. sínar, og frv. er lagt fram í samræmi við þeirra till., þar sem þeir hafa lagt til, að aukafjárveitingar verði veittar fyrir öllum þeim umframgreiðslum, sem ríkisreikningurinn 1967 sýnir, og er frv. samið eftir ríkisreikningnum.

Ég gerði nákvæmlega grein fyrir afkomu ársins 1967 við fjárlagaumr. s.l. haust og sé því ekki ástæðu til þess að fara nánar út í þetta mál nema með örfáum orðum, nema sérstakt tilefni gefist til þess. Ég sé ekki þörf á því að fara að rekja orsakir þeirra umframgreiðslna, sem hér er um að ræða. Það er tiltölulega fljótgert að gera grein fyrir meginþorra þeirra. Ég vil aðeins leggja áherzlu á það, að það, sem veldur breytingu og gerir hér óvenjulega háar fjárhæðir, er ekki það, að hér hafi átt sér stað einhver óvenjuleg útgjöld umfram það, sem áður hefur verið, heldur fyrst og fremst það, að það eru teknar upp nýjar reglur um færslur, sem ekki hafa áður gilt en eru í samræmi við hin nýju lög um ríkisbókhald og samningu fjárlaga. Tvennt orkar aðallega á þetta frv., annars vegar það, að nú eru fyrirmæli um það, að allar tekjur annars vegar, sem til falla á árinu eða eru álagðar sem skattar, koma fram sem tekjur ársins, enda þótt það sé ekki innheimt, og í annan stað er nú ekki lengur um það að ræða, sem áður var gert í allstórum stíl á hverju einasta ári, að það voru greiddar fyrirframgreiðslur upp á væntanlegar fjárveitingar næsta árs. Þetta er fyrsti ríkisreikningurinn, þar sem allar slíkar greiðslur eru færðar til útgjalda á það sama ár. Hér var um töluverðar fjárhæðir að ræða, sem venja hefur verið að færa alltaf á næsta ár, en nú eru færðar til útgjalda hér, og skýrir það að töluverðu leyti ýmsar þær greiðslur, sem hér er um að ræða.

Meginhluti útgjaldanna fellur á 19. gr. fjárl., eins og þau þá voru útbúin, þ. e. a. s. 300 millj. af 400 millj., og er þar fyrst og fremst um að ræða uppbætur vegna sjávarútvegsins og þá fyrst og fremst ráðstöfun á greiðsluafgangi frá árinu 1967, því að ekki verður hjá því komizt, að það bókast út sem útgjöld á árinu 1967, greiðsluafgangurinn frá 1966. Þar er um að ræða eitt út af fyrir sig 140 millj. kr. Þar að auki eins og menn muna var verðstöðvun gildandi meiri hluta þessa árs, sem leiddi af sér veruleg útgjöld vegna aukinna niðurgreiðslna, eða sem nam nærri 50 millj. kr., og enn fremur fóru útflutningsuppbætur á útfluttar landbúnaðarafurðir, sem eru lögbundnar, fram úr áætlun, sem nam um 20 millj. kr., og útskýrir það meginhlutann af þessum útgjöldum. Það eru hins vegar tiltölulega mjög lágar fjárhæðir, sem um er að ræða sem umframútgjöld á hinum einstöku greinum, og sé ég ekki ástæðu til þess að rekja það.

Það kann hins vegar að þykja nokkuð há upphæð, að gert er ráð fyrir, að út verði veittar til eignaaukningar 365 millj. kr. sérstaklega, en hér koma til greina atriði, sem í stórum dráttum má segja, að skiptist í fáeina liði. Það er í fyrsta lagi það, að vangreiddar tekjur frá innheimtumönnum voru 64 millj. meiri þetta ár en árið áður. Þá var óhagstæður greiðslujöfnuður, ef svo má segja, á geymdu fé, sem getur numið miklum fjárhæðum frá ári til árs, en nam þetta ár um 95 millj. kr. Þá er hér einnig að finna öll veitt lán, sem til falla á árinu, og þar er fyrst og fremst um að ræða spariskírteinalán ríkissjóðs, sem hér eru færð til útgjalda, og þykir formlega rétt að leita eftir fjáraukalagaheimild fyrir því af bókhaldsástæðum, og enn fremur voru mjög háar upphæðir í tollalánum til Landsvirkjunar, sem eru lögum samkv. tollalán til Rafmagnsveitna ríkisins, lán vegna síldarleitarskips og ýmislegt annað, sem ég hirði ekki um að tíunda frekar, en allt var veitt með sérstökum lagaheimildum, sem veldur því, að hér verður um svona háa fjárhæð að ræða. Hér er sem sagt ekki um að ræða nein óeðlileg útgjöld vegna ríkiskerfisins í hinni þrengri merkingu.

Ég sé svo ekki ástæðu til, herra forseti, að orðlengja frekar við þessa umr. Það gefst þá tilefni til þess við 2. umr., ef sérstakar fsp. koma fram, að ræða málið nánar í einstökum atriðum, ef mönnum sýnist svo, en legg til, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. fjvn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 35 shlj. atkv. og til fjvn. með 36 shlj. atkv.

Á 50. fundi í Sþ., 14. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 495, n. 673).

Frsm. (Birgir Finnsson): Herra forseti. Fjvn. hefur, svo sem venja er, yfirfarið frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1967, og telur n. frv. vera tölulega rétt og leggur til, að það verði samþ. óbreytt. Ég vil aðeins geta þess, að eins og tekið er fram í nál. á þskj. 673, er heimild til þess að lána Rafmagnsveitum ríkisins 10 millj. kr. að finna í 22. gr. fjárl. fyrir árið 1967, XI. lið. Á þetta er bent vegna þess, að þetta rekur sig ekki, þegar litið er á tölurnar í frv. annars vegar og í ríkisreikningnum fyrir árið 1967 hins vegar. Það er litið þannig á, að þar sem þessi heimild er þegar fyrir hendi, þurfi hún ekki að koma sérstaklega inn í frv. til fjáraukalaga.

Að svo mæltu legg ég til, herra forseti, fyrir hönd fjvn., að frv. verði samþ. óbreytt.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 34 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 33 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 33 shlj. atkv.

Á 53. fundi í Sþ., 17. maí, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 34 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 799).

64. Vestfjarðaáætlun og Norðurlandsáætlun.

Á 28. fundi í Sþ., 12. febr., var útbýtt frá Ed.:

Frv. til l. um heimild til lántöku vegna Vestfjarðaáætlunar og Norðurlandsáætlunar [138. mál] (stjfrv., A. 251).

Á 42. fundi í Ed., 13. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Öllum hv. þingdeildarmönnum er kunnugt um samgönguáætlun Vestfjarða, sem unnið hefur verið að tvö undanfarin ár, og fengið var á sínum tíma lánsloforð til frá Viðreisnarsjóði Evrópuráðsins. Þeirri áætlun átti að vera lokið nú, eða síðasta ár hennar var árið 1968. Það hefur hins vegar farið svo, sem við mátti búast, að kostnaður við þessar framkvæmdir hefur orðið all miklu meiri heldur en upphaflega var gert ráð fyrir, og reyndist því nauðsynlegt, til þess að unnt yrði að ljúka áætluninni, að leita eftir viðbótarfjármagni. Það var því sótt um það til Viðreisnarsjóðsins, að veitt yrði, sem svaraði sömu fjárhæð og árlega hefur verið veitt undanfarin ár til að ljúka Vestfjarðaáætlun.

Þá hefur einnig verið skýrt frá því hér á Alþ. í sambandi við Norðurlandsáætlun þá, sem unnið hefur verið að í nokkurn tíma, að leitað yrði eftir því við sama sjóð, hvort ekki mundi auðið í framhaldi af lánveitingu til Vestfjarðaáætlunar að fá nokkurt lánsfé vegna Norðurlandsáætlunar.

Frv. það, sem hér liggur fyrir, ber kannski, að því sem hv. þdm. finnst, nokkuð einkennilega að, að það skuli hafa orðið að setja brbl. í þinghléi til þess að fá heimild vegna lántöku til þessara tveggja áætlana. En ástæðan er sú, að málið var endanlega afgreitt frá Evrópusjóðnum, eftir að þinghlé hófst nú rétt fyrir áramótin, og jafnframt var ríkisstj. tjáð, að lánsfé það, sem yrði til ráðstöfunar og ákveðið var að veita Íslandi, væri hluti af láni, sem Evrópusjóðurinn væri að bjóða út á Evrópumarkaði og verður í þýzkum mörkum, og ef við ætluðum að taka þessi lán, þá yrðum við að taka þau fyrir lok janúarmánaðar. Af þessari ástæðu var það, sem óumflýjanlegt reyndist að setja brbl. þau, sem hér er leitað staðfestingar á. En þau eru, svo sem hv. þingdeildarmönnum er ljóst, varðandi tvenns konar áætlanir, annars vegar fjárupphæð sem svarar 45 millj. ísl. kr., sem mundi ganga til Vestfjarðaáætlunar, og 180 millj. kr., sem mundi ganga til Norðurlandsáætlunar.

Ég hef skýrt frá því áður hér á Alþ., ég hygg í Sþ., að ég teldi rétt að birt væri samgönguáætlun Vestfjarða. Hún hefur oft verið til umræðu, og fsp. margar um hana komið. Það hefur á hverju ári verið upplýst til hverra framkvæmda það fé væri ætlað, sem veitt var af þeim lánum, sem til hennar hafa verið tekin á undanförnum árum. Ég vil láta það koma hér fram við þetta tækifæri, að Efnahagsstofnunin er nú að vinna að því að taka saman þessa áætlun endanlega, þar sem gerð er grein fyrir bæði upphafi hennar og hvernig að henni hefur verið unnið hvert einstakt ár. Nú sér fyrir endann á þessum framkvæmdum, og gefst mönnum þá kostur á að sjá, hvernig að málunum hefur verið unnið upphaflega og hvernig framkvæmdum hefur verið hagað til þess að ljúka þeirri áætlunargerð. Ég vænti þess að geta látið hv. alþm. þessa áætlun í té nú innan skamms tíma. Mér þykir rétt hins vegar í sambandi við þetta mál að segja um þetta nokkur orð, varðandi Vestfjarðaáætlunina. Eins og ég áðan sagði, þá er gert ráð fyrir, að með þessari lántöku nú sé séð fyrir endann á þessum framkvæmdum. Framkvæmdakostnaður við samgönguáætlun Vestfjarða nam um síðustu áramót 139,6 millj. kr., en í upphafi áætlunar hafði verið reiknað með 171,6 millj. kr. heildarkostnaði. Framkvæmd allrar áætlunarinnar mun eftir því sem bezt verður séð nú verða um 210 millj. kr. Um síðustu áramót nam erlend fjáröflun til áætlunarinnar 93 millj. kr., en innlend fjáröflun 46,6 millj. kr. Það má segja, að innlenda fjáröflunin til hafnargerðar hafi um það bil staðizt áætlun, innlend fjáröflun til vegamála var mun minni en ráð var fyrir gert, og sáralitlu fé af innlendu fjármagni varið til flugvallagerðar. Um vegina skal það sagt í stuttu máli, að vegaframkvæmdum í nágrenni Patreksfjarðar, sem gert var ráð fyrir, er lokið, og afborganir og vextir af þeim lánum eru greiddir með framlögum úr Vegasjóði.

Vestfjarðavegur sunnan Þingmannaheiðar: Þeim vegi er nú langt komið og hefur verið unnið fyrir 12,5 millj. á undanförnum 4 árum og áætlað er, að kosti 9.4 millj. að ljúka þessu verki. Nauðsynleg lánsfjáröflun í sambandi við þann veg er um 9 millj. kr. eða tæplega það.

Vestfjarðavegur á Gemlufallsheiði: Það var upphaflega gert ráð fyrir, að þessi vegur yrði lagður árið 1968, en ákveðið var í framkvæmdaáætlun fyrir það ár að fresta verkinu til 1969, þar sem hentugra þótti að beina framkvæmdum fyrst að veginum á Breiðadalsheiði. Það er áætlað, að kostnaðurinn við þessa vegagerð verði um 8.7 millj. kr. Þá hefur verið gert á sínum tíma ráð fyrir jarðgöngum undir Breiðadalsheiði. Gert er nú ráð fyrir að leggja þann veg með öðrum hætti; framkvæmdakostnaður við þessa vegagerð er allmikill og er gert ráð fyrir 7.9 millj., sem fari til þess vegar.

Í Súgandafjarðarvegi hefur verið unnið fyrir 3.6 millj. á árinu 1968. Það kostar um 6.9 millj. að ljúka þessum vegi og verður lánsfjáröflun í hann samkv. því.

Í Bolungarvíkurvegi hefur verið unnið fyrir 5.6 millj. á undanförnum 4 árum. Kostnaðurinn við að ljúka þessari vegaframkvæmd er áætlaður 8.3 millj., og er þá vegurinn milli Hnífsdals og Ísafjarðar innifalinn í þeirri kostnaðaráætlun. Þar er nauðsynleg lánsfjáröflun um 6.4 millj.

Flugvallarvegi á Ísafirði er lokið. Flugvallarframkvæmdum við Patreksfjarðarflugvöll var lokið á tveimur fyrstu árum áætlunarinnar. Við flugvöllinn á Ísafirði er enn eftir að ljúka framkvæmdum, sem gera má ráð fyrir, að kosti um 11 millj. kr. og þarf að afla lánsfjár fyrir að mestu eða öllu leyti.

Hafnagerð er mjög langt komin, þannig að það má telja, að lokið sé hafnargerð á Patreksfirði, Tálknafirði, Bíldudal, Þingeyri, Flateyri, Suðureyri og Súðavík, og síðasta árið var unnið fyrir verulega fjárhæð við Bolungarvíkurhöfn. Þá átti að hefja framkvæmdir á Ísafirði, en varð ekki úr m.a. vegna vinnunnar við Bolungarvík, en í áætlun fyrir árið í ár er gert ráð fyrir mjög verulegum framkvæmdum við Ísafjarðarhöfn.

Eins og ég áðan sagði, er gert ráð fyrir því, að samtals

muni með innlendum fjárveitingum á þessu ári og hinni nýju lántöku vera auðið að ljúka framkvæmdum við Vestfjarðaáætlun, þ. e. a. s. samgöngumálaþátt Vestfjarðaáætlunar. Þó verður að segja, að það vantar enn þá nokkra fjárhæð, sem kemur þá til álita í sambandi við fjáröflun úr öðrum áttum, þar sem þar er ekki nema um litla fjárhæð að ræða, eða 12.2 millj. kr. samtals, sem þyrfti að afla þá innanlands og mundi ganga m. a. til hafnagerðar og kemur þá til athugunar í sambandi við fjáröflun til hafnagerðar almennt. En það má segja, að málin líti þannig út, að með þessari lánsfjáröflun fái þessi áætlun staðizt og sjái þegar fyrir endann á henni og eigi ekki að þurfa að gera ráð fyrir, að frekari fjáröflun þurfi þar að koma til.

Um Norðurlandsáætlun er það að segja, að hún er ekki hafin eða framkvæmd hennar. Ég hef áður gert grein fyrir því, að það var áætlað, að henni yrði lokið nú um síðustu áramót. Það hefur ekki tekizt að öllu leyti að gera það, og eru ýmsar ástæður, sem því valda, m. a. sérstakar annir, sem lagðar voru á Efnahagsstofnunina á síðustu mánuðum síðasta árs, eins og hv. þdm. er vel kunnugt um. En það hefur engu að síður stöðugt verið unnið að áætluninni og má segja, að sjái nú fyrir endann á atvinnumálakafla hennar. Fyrstu þáttum hennar er þegar lokið, og sá þáttur hennar, sem fjallar um atvinnumálin almennt, má heita tilbúinn einnig. En samkv. því, sem upphaflega var gert ráð fyrir, voru vinnubrögðin í sambandi við áætlunina áformuð á þann veg, að áður en endanlega yrði skilað áætluninni væri hún rædd við sveitarstjórnir og samtök launþega norðanlands. Áætlunin mun nú vera tilbúin, eða þessir þættir hennar, til þeirra viðræðna og eru þær annaðhvort hafnar eða að hefjast. Lánsfé er þarna að þessu marki til staðar, þegar ákveðið verður í hvaða þætti verður ráðizt. En ekki er unnt að gera sér grein fyrir því, fyrr en áætlunin endanlega liggur fyrir. Ég tel sjálfsagt, þegar áætlunin liggur fyrir, að þá fái hv. þm. hana einnig til meðferðar. Að hve miklu leyti hún kemur sjálf í heild til lögfestingar skal ég ekkert um segja. Það fer eftir því, í hvaða formi hún verður. Að svo miklu leyti, sem þar verður gert ráð fyrir fjáröflun til almennra framkvæmda á vegum einstaklinga, félaga og byggðarlaga, sem aðeins er fólgin í fyrirgreiðslu lánveitinga, þá auðvitað þarf það ekki að koma til kasta Alþ. sem slíks, né lagasetning um það og ég reikna ekki með því, að áætlunin sem slík verði lögfest. Slíkar áætlanir eru ekki þess eðlis, heldur hugsaðar sem vinnuplan, og mundi hún þá væntanlega vera vinnuplan fyrir Atvinnujöfnunarsjóð, þegar þar að kemur.

Niðurstaðan varð sú með bæði þessi lán, að Framkvæmdasjóði Íslands var falið að taka lánin. Ráðstöfun Vestfjarðaáætlunarhlutans verður í samræmi við Vestfjarðaáætlunina, en ráðstöfun Norðurlandsfjárins verður ekki ákveðin, fyrr en sú áætlun liggur fyrir nánar og ákveðnar tillögur um, með hverjum hætti verði ráðizt í framkvæmdir þar. En gera má ráð fyrir, að að lokum verði það Atvinnujöfnunarsjóður, sem tekur þetta lán og annast ráðstöfun þess í samræmi við lög um sjóðinn, þar sem gert er ráð fyrir, að hann hafi með höndum lánveitingar vegna byggðaáætlana og annist um framkvæmd þeirra.

Ég sé ekki ástæðu til, herra forseti, nema frekara tilefni gefist til, að ræða þetta frv., en legg til, að því verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. fjhn.

Ólafur Jóhannesson: Herra forseti. Þó að ég sé nú almennt andvígur því, að stofnað sé til erlendra skulda, eins og nú horfir, verð ég nú að lýsa samþykki mínu við þessa lántöku. Þegar rætt hefur verið um Norðurlandsáætlun, en hana hefur alloft borið á góma hér á hv. Alþingi, þá hef ég fyrir mitt leyti alltaf lagt áherzlu á það, að áætlun á pappírnum væri e. t. v. lítils virði og hefði takmarkað gildi. Það, sem á riði, væri það, að útvegað væri afl þeirra hluta, sem gera skal, peningar — að framkvæmdafé væri fyrir hendi. Það hefur nú verið tekið lán vegna þessarar áætlunar, og tel ég það vel farið. En á hinn bóginn er það svo, að þrátt fyrir skýringar hæstv. fjmrh. hér áðan, virðist mér nokkuð á skorta, að þetta mál allt liggi svo ljóst fyrir sem æskilegt væri.

Norðurlandsáætlun hefur verið lengi á leiðinni, og nokkru fyrir áramót lýsti hæstv. fjmrh. því yfir, að loksins sæi fyrir endann á henni. Mér fannst hann hafa eitthvað svipuð orð um þetta nú sem áður. Hún er ekki fullsköpuð enn. Látum það vera. Að henni er unnið, segir hæstv. ráðh., og hún mun væntanlega einhvern tíma sjá dagsins ljós. En það er farið að tala um vissar framkvæmdir samkvæmt Norðurlandsáætlun. Um það er mér kunnugt. Ég veit samt, að áætlunin hefur ekki enn verið rædd við bæjarstjórn á þeim stað, þar sem manna á milli er þó farið að tala um tilteknar framkvæmdir eftir Norðurlandsáætlun. Og ég hef ekki séð Norðurlandsáætlun enn. Ég hygg, að engir þm. Norðurlands hafi séð hana né drög til hennar, nema þá hæstv. ráðh. Ég tel það nú eðlilegt, að áætlun sem þessi sé borin undir þm. eða þeim sé gefinn kostur á að fylgjast með í þessu efni. Það er auðvitað góðra gjalda vert, að sveitarstjórnum og verkalýðsfélögum á þessum stöðum skuli gefinn kostur á að sjá áætlunina, áður en endanlega verður gengið frá henni. En ég teldi nú fullkomna ástæðu til þess einnig, að þm. fengju að sjá hana. Og mér er ekki alveg ljóst, hver eða hvernig á að ganga frá þessari áætlun. Hver er það, sem fer þar með ákvörðunarvald? Eða er hún bara gerð af skrifstofumanni á pappírnum og svo verður það kannski látið ráðast, að hve miklu leyti er hægt að fara eftir henni? Ég hefði talið, að það ætti að festa þessa áætlun, og ég hefði talið eðlilegast, að hún væri fest með lögum eða a. m. k. væri Alþ. gefin skýrsla um þessa áætlun, þannig að það lægi fyrir í upphafi ferðar, hver þessi áætlun væri. Það er auðvitað út af fyrir sig þakkarvert, að hæstv. ráðh. gefur nú allglögga grg. um það, hvernig gengið hafi með framkvæmd Vestfjarðaáætlunar. En mér er ekki kunnugt um það, að Vestfjarðaáætlun hafi verið birt, og það hygg ég, að hafi komið fram hjá hæstv. ráðh. nú áðan. En nú á að fara að gera yfirlit yfir Vestfjarðaáætlun, birta hana, að mér skilst, þegar henni er að ljúka. Ég tel nú ekki rétt að tala um áætlunargerð í því sambandi, heldur er þar um að ræða skýrslu um framkvæmd og um það er ekki nema gott eitt að segja, að það sé gefin þannig skýrsla og gerð reikningsskil um það, sem gert hefur verið. En ef um áætlun er að ræða,

þarf að leggja línurnar fyrirfram og síðan er svo hægt að athuga það eftir á, hversu vel hefur verið eftir þessari áætlun farið.

Hæstv. ráðh. sagði það áðan, að það mundi væntanlega verða Atvinnujöfnunarsjóður, sem tæki þetta lán endanlega og færi með úthlutun þess fjár. Og það má vera, að það falli undir hans verksvið, ekki skal ég dæma um það. En ég fyrir mitt leyti tel nú eðlilegra, að þegar um svona sérstök viðfangsefni og stór er að ræða eins og þessa áætlun, Norðurlandsáætlun, sem nú er um að tala, þar eð Vestfjarðaáætlun er ekki til umr. lengur, henni er að verða lokið sem betur fer, þá væri eðlilegt, að það væru settar einhverjar reglur um þetta, hvaða aðilar fara með framkvæmd á þessum áætlunum, hver það er, sem leggur blessun sína yfir þessa áætlun og staðfestir hana. Mér er það ekki ljóst. Það má vera, að það sé af minni fáfræði. Mér er það ekki ljóst, hvar í lögum er eiginlega ákv. um það, hver eigi að ganga frá þessari Norðurlandsáætlun og taka um hana ákvörðun. Það hefur verið sagt, að Efnahagsstofnunin hefði það hlutverk að vinna að áætluninni og það hefur hún gert. En síðan skilst mér, að það væri eðlilegt, að það væri einhver aðili, sem samþykkti þessa áætlun. Það má vera, að það sé hlutverk ríkisstj. og ríkisstj. eigi að gera það. En ég teldi nú eðlilegra í sambandi við svo miklar fjárráðstafanir, sem hér er um að tefla, að það kæmi til kasta Alþingis með einhverjum hætti. En aðallega vil ég eindregið óska eftir því, að alþm. og þá auðvitað fyrst og fremst alþm. þeirra kjördæma, sem hér eiga hlut að máli, sé gefinn kostur á að fylgjast með og fá að sjá þessa áætlun, fá að sjá þau drög, sem nú eru sögð tilbúin um atvinnumálakafla.

Það er ekkert smáræði, sem þar er um að tefla. Það varðar hagsmuni byggðarlaganna, og það er vissulega hlutverk okkar alþm. að fylgjast með í því efni. Ég skil satt að segja ekki, og hef aldrei skilið, þá leynd, sem á að vera yfir þessu verki. Látum svo vera, að meðan verið væri að vinna úr einhverjum gögnum, væru þau ekki mjög höfð á borði, en eftir að nú er að mjög verulegu leyti, að sagt er, búið að ganga frá drögum að áætluninni, sýnist mér, að hún megi liggja frammi og menn megi sjá, hvað þar er um að ræða. Því að þó að það eigi að hafa samráð við sveitarstjórnir og verkalýðsfélög á staðnum, þá er auðvitað ekki um það að ræða, að þar sé neitt ákvörðunarvald, því að þar verður þó sjálfsagt aðeins borið undir og sagt frá hlutaðeigandi sveitarstjórn og hlutaðeigandi verkalýðsfélagi, hvað stendur til, að gert verði á þeim og þeim stað. En um heildarákvörðun getur þar ekki orðið að ræða.

Ég held, að reynslan frá Vestfjarðaáætluninni, þar sem lengi hefur verið deilt um það sem sagt, hvort hún hafi kannski nokkuð verið gerð eða ekki, eða a. m. k. hvort menn hafi séð hana eða ekki, ætti að leiðbeina mönnum í því efni, að það væri æskilegra að hafa aðra starfsháttu á í framtíðinni um gerð þessarar áætlunar. Ég hygg, að hæstv. ráðh. hafi lýst því áður yfir, mig minnir það, hann gerði það nú fyrir jólin í Sþ., að áætlun þessi yrði birt, þegar hún lægi fyrir og þm. gæfist þá kostur á að sjá hana. Ég vona, að svo verði. Og ég vil mælast til þess, að hæstv. ráðh. gangi fram í því, að Efnahagsstofnuninni, sem virðist hafa þetta í höndum sér, séu gefin þau fyrirmæli að senda þm. þessi drög, sem þarna er um að ræða, svo að þeir viti, hvað hér er um að tefla, en standi ekki eins og álfar út úr hól, þegar um þessi mál er að ræða. Það er með öllu ósæmilegt. Og svo vil ég aftur að lokum leggja áherzlu á það, að mér finnst, að í einhverju formi eigi þetta endilega og óhjákvæmilega að koma til kasta Alþingis, og ég teldi það nú heppilegast, að áætlunin væri fest í lög, það væri eðlilegast, að það væru einhverjar reglur settar um það, hvaða aðili það er, sem á að hafa með höndum ákvarðanir og jafnvel framkvæmdir eftir þessari áætlun eða í samræmi við hana. En mér finnst vanta allar upplýsingar um það efni, og mér er það alls ekki ljóst, hvar ákvörðunarvaldið um þessi efni liggur. Ég vil beina því til hæstv. ráðh., hvort hann geti á þessu stigi gefið fyllri upplýsingar um þetta, en að öðru leyti, að hann taki það þá til athugunar, hvernig framkvæmd í þessu verður nánar hagað, og ég vil mælast til þess, að hann taki þá tillit til þeirra óska, sem ég hef hér sett fram.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Hv. 3. þm. Norðurl. v. hefur rætt nokkuð um Norðurlandsáætlun, hvernig að henni hefur verið staðið og hvernig honum finnist eðlilegt, að að henni sé staðið og síðan að framkvæmd hennar. Það er auðvitað ósköp eðlilegt, að slíkar hugleiðingar komi fram vegna þess, að um þetta hefur og hafa ekki endanlega verið teknar ákvarðanir.

Um Vestfjarðaáætlun er það að segja, að það er alveg rétt, að birting hennar nú er að sjálfsögðu fyrst og fremst skýrsla. En hún gerir þó um leið grein fyrir því hvernig áætlunin hafi verið í upphafi. Hún hefur að sjálfsögðu verið hér til meðferðar á Alþ. á hverju ári í sambandi við fjárveitingar og í sambandi við þær lántökur, sem samþykktar hafa verið hennar vegna. Þannig að þó að sumir hafi efazt um í byrjun, að hún væri til, þá held ég, að það fari ekki á milli mála, að hún hefur verið framkvæmd, hvort sem hún hefur nokkurn tíma verið til eða ekki, og það er kannski kjarni málsins. En það mun þá a. m. k. liggja fyrir svart á hvítu þegar þessi skýrsla verður birt, sem verður nú á næstunni, eins og ég áðan sagði, og upphaflega áætlunin einnig. Menn geta þá borið saman áætlunina og framkvæmd hennar og er það auðvitað ekki annað en æskilegt.

Ég mun hafa sagt það, að ég teldi eðlilegt, að Norðurlandsáætlun yrði birt, a. m. k. hv. þm., hvort sem hún yrði gefin út eða ekki. Það er annað mál, fer eftir því, hvernig form hennar kemur til með að verða í einstökum atriðum, sem ég get ekki alveg sagt á þessu stigi málsins. Hins vegar tel ég mjög vafasamt, að slík áætlun verði í því formi, að það sé hægt að lögfesta hana. Það er erfitt að ræða um það á þessu stigi, en mjög mikilvægir þættir í þeirri áætlun eru fyrst og fremst greinargerðir um viðfangsefni, sem auðvitað er hægt að mæta með mjög mismunandi hætti. Það verður ekki mælt fyrir um í þessari áætlun, að tiltekin verksmiðja skuli reist hérna og tiltekið annað fyrirtæki á hinum staðnum. Það verður ekkert í þá átt. Það verða að sjálfsögðu ákveðnar till., sem að meira eða minna leyti verða almenns eðlis, en að því er varðar atvinnumálin verða með það meginsjónarmið í huga að reyna að tryggja því fólki, sem bæði býr nú á Norðurlandi og einnig bætist á vinnumarkað þar á næstu árum og ára-

tugum, viðhlítandi lífsskilyrði. Þetta má auðvitað alltaf gera með ýmsum hætti og getur vel farið svo, að í áætluninni komi fram fleiri en ein ábending varðandi lausn tiltekinna vandamála í því sambandi og því er ákaflega örðugt um lögfestingu. Áætlun sem þessi hefur auðvitað fyrst og fremst þýðingu að því leyti, að hún gerir mönnum ljóst, hvaða vandamál er við að glíma og gerir mönnum ljóst af hvaða stærðargráðu það er og hvað helzt kæmi til greina til að leysa það. Hvort menn eru reiðubúnir til þess að lögfesta það allt í einu eða hafa það til hliðsjónar við framkvæmdir og fjárráðstafanir, er aftur á móti annað mál. Þetta getur varðað t. d. marga sjóði og fjármálastofnanir í landinu og hina og aðra aðila, og tiltölulega getur orðið erfitt að lögfesta, hvernig skuli bregðast við þessum vandamálum.

En kjarni málsins er auðvitað sá, sem hv. þm. sagði og er alveg rétt, að það þarf að vera einhver ákveðinn aðili, sem sér um það að framkvæma þessa áætlun eftir því, sem frekast er kostur á, og vera samræmandi aðili, t. d. þar sem þarf að leiða saman mismunandi lánastofnanir eða opinbera aðila til fjármagnsöflunar eða annarra ráðstafana til að sjá um tilteknar framkvæmdir. Þetta þarf auðvitað að vera til staðar. Og samkv. gildandi lögum er gert ráð fyrir því, að Atvinnujöfnunarsjóður sé þessi aðili. Það segir í lögum um Atvinnujöfnunarsjóð, þar er ekki átt við Norðurlandsáætlun sérstaklega, heldur segir þar almennt, að Atvinnujöfnunarsjóður láti, eftir því sem hann sjái ástæðu til, gera byggðaáætlanir, sem hafðar verði til hliðsjónar í sambandi við starfsemi sjóðsins um uppbyggingu atvinnulífs á þeim tilteknu svæðum. Norðurlandsáætlunin kom til, áður en þessi ákvæði um Atvinnujöfnunarsjóð voru sett. Hún er, eins og hv. þm. er kunnugt um, til komin vegna samkomulags milli ríkisstj. og Alþýðusambands Norðurlands eða stéttarfélaga launþega á Norðurlandi í sambandi við lausn kjaradeilu og þá var ákveðið hvernig að þessari áætlun skyldi unnið, að Efnahagsstofnunin ynni að þessari áætlun með ákveðið takmark í huga: að tryggja atvinnu fyrir vinnufært fólk á þessu svæði. Það var fyrst og fremst atvinnukaflinn, sem þá var hafður í huga, og að hún skyldi gerð í samráði við samtök sveitarfélaga og launþegasamtök eða heildarsamtök þeirra á þessu svæði. Þannig var ætlunin, að að áætluninni yrði unnið, og þannig hefur verið að henni unnið, og fleiri aðilar hafa ekki verið inn í þetta mál teknir. Og ég tel ekki neitt óeðlilegt við, að það sé svona.

Hitt er auðvitað allt annað mál, sem hv. þm. sagði og ég tel það ósköp eðlilegt, að þm. segi, að þegar áætlun hafi verið gerð, sé það fráleitt, að þeir heyri það úr allt öðrum áttum, að til sé einhver áætlun, sem þeir alls ekki hafi haft aðgang að. Og þess vegna tel ég það sjálfsagt, eins og ég áðan sagði, að eftir að frá áætluninni hefur verið gengið, verði hún birt. En á þessu stigi sé ég ekki neina ástæðu til þess, að hún verði tekin á undirbúningsstigi til umr. við þm. þessara héraða eða aðra aðila nema að svo miklu leyti, sem tilefni gefst til og héruðin óska eftir. Ég hygg, að flest þeirra hafi meira og minna samband við þm. um sínar óskir í sambandi við þessi atvinnumál, og ef það er eitthvað, sem þeim finnst ekki tekið tillit til við undirbúning áætlunarinnar, leiti þau aðstoðar sinna umboðsmanna á þingi um það; og það yrði vissulega hlustað á þeirra orð.

Enn hefur ekki ríkisstj. heldur fengið þessa áætlun, og ég geri ráð fyrir, að fyrsta stigið verði það, að Efnahagsstofnunin skili þessari áætlun til ríkisstj. Og fyrr er í rauninni ekki tímabært að segja um það, hvernig við henni verði snúizt, hvort það þyki ástæða til að fela einhverjum öðrum aðila heldur en þeim, sem eftir almennum lögum, þ. e. a. s. stjórn Atvinnujöfnunarsjóðs, eigi að annast framkvæmd slíkra áætlana. Það tel ég ekki tímabært að gefa neina yfirlýsingu um. En það er rétt, sem hv. þm. sagði, að áætlunargerð með þessum hætti er auðvitað komin það langt, að það hefur þurft að leita til ýmissa aðila með fyrirspurnir um ákveðnar hugmyndir, sem fram hafa komið, hvernig þeir mundu við þeim bregðast. Og það býst ég við, að hann hafi átt við, þar sem hann talaði um, að það hefði verið rætt við aðila í tilteknu byggðarlagi, án þess að það væri beint rætt við sveitarstjórn. En það er til þess, að þeir, sem að áætluninni standa, geti, ef þeim þykir ástæða til, sett fram hugmyndir um þetta. Síðan verður að sjálfsögðu, áður en endanlega verður frá því gengið, hvort sem það er á þessum stað eða öðrum, sveitarstjórnum gefinn kostur á að segja álit sitt á því, hvort þær telji þessar hugmyndir starfsmanna Efnahagsstofnunarinnar skynsamlegar eða ekki. Og þá verður eftir atvikum tekið tillit til þess, hvað mönnum þykir í því efni, og það kemur þá fram í áætlunargerðinni.

Ég held nú ekki sannast sagna, að það sé ástæða eða möguleiki til þess að ræða þetta nánar hér, fyrr en áætlunin liggur fyrir, þ. e. a. s. þessi atvinnumálakafli hennar. Það munu vera eftir ýmsir þættir hennar og því hef ég áður sagt frá, að varðandi menntamál og samgöngumál, kemur ekkert fram í áætluninni á þessu stigi. Það er allmiklu viðameira og samgöngumálin væntanlega verða þáttur í heildarsamgöngumálaáætlun fyrir landið. Hvort sérstök menntamálaáætlun verði gerð fyrir Norðurland eða hvort það verður þáttur í skólaáætluninni, sem unnið er að fyrir landið í heild, skal ég heldur ekki um segja. En það ber ekki að líta svo á, að Norðurlandsáætlun sé endanlega lokið, þó að atvinnumálakafla hennar sé skilað. Það hefur verið skoðun manna, og ég hygg, að það sé enginn ágreiningur á milli okkar hv. 3. þm. Norðurl. v. um, að það sé sá þátturinn, sem menn leggi mesta áherzlu á, eins og sakir nú standa. Og það verður, eins og ég sagði áðan, reynt að hraða því með öllu móti. Og ég tel, að málið sé komið á það stig – það er kannski eins og hann sagði, erfitt að þurfa alltaf að segja það — að það sjáist fyrir endann á því. Það vill nú stundum verða þannig, að það er eitt og annað, sem upp kemur og gerir málin flóknari heldur en maður hafði ætlað. En ég held þó, að það sé örugglega hægt að segja það, að málið er komið á það lokastig, að það er á umræðugrundvelli milli þeirra viðræðuaðila, sem ég gat um, að þarna kæmu til, bæði alþýðusamtakanna fyrir norðan og sveitarstjórnarsambandsins þar eða sveitarfélaganna. Og eftir að þeim viðræðum er lokið, mun Efnahagsstofnunin skila áætluninni væntanlega til ríkisstj., og þá verður endanleg ákvörðun tekin um það, hvaða meðferð hún fær upp frá því.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til fjhn. með 18 shlj. atkv.

Á 48. fundi í Ed., 20. febr., var frv. tekið til 2. umr. (A. 251, n. 270).

Frsm. (Ólafur Björnsson): Herra forseti. Um grg. í því frv., sem hér liggur fyrir, vildi ég leyfa mér að vísa til framsöguræðu hæstv. fjmrh. við 1. umr. málsins. Ég get raunar tekið undir þau ummæli, sem hv. 3. þm. Norðurl. v. lét falla við 1. umr. málsins, að með tilliti til þeirra miklu örðugleika, sem við eigum við að etja í utanríkisverzlun okkar, ber að hafa alla gát á varðandi nýjar erlendar lántökur. Á hinn bóginn má gera sér vonir um, að ef vel tekst með þessar áætlanir, sem hér er um að ræða, geti notkun þessa fjármagns leitt af sér aukin framleiðsluafköst og aukna gjaldeyrisöflun. Og eins og nál. á þskj. 270 ber með sér, þá var nefndin sammála um það að leggja til, að frv. yrði samþ. óbreytt, en eins og fram kemur í nál., voru tveir hv. nm. fjarstaddir, þegar málið var afgr.

Herra forseti. Ég legg því til, að frv. verði samþ. óbreytt og því vísað að lokinni þessari umr. til 3. umr.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

Á 50. fundi í Ed., 24. febr., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 15 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 54. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.

Á 55. fundi í Nd., 25. febr., var frv. tekið til 1. umr
Forseti tók málið af dagskrá.

Á 56. fundi í Nd., s. d., var frv. aftur tekið til 1. umr.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Frv. þetta er flutt til staðfestingar á brbl., sem gefin voru út 31. des. s. l. Nú kann hv. þdm. að finnast það einkennilegt, að það hafi þurft að grípa til þess að gefa út brbl., rétt eftir að þingfundum lauk og áður en þing kæmi saman aftur að loknu jólaleyfi. En orsök þess er sú, að mál þetta bar að með nokkuð bráðum hætti. Það hefur áður verið frá því skýrt, að leitað hafi verið eftir lánum hjá Viðreisnarsjóðnum varðandi hugsanlega Norðurlandsáætlun og framhaldslántaka vegna Vestfjarðaáætlunar hafði einnig verið boðuð, en það er framhald af þeim viðskiptum, sem verið hafa við Viðreisnarsjóðinn varðandi þá áætlun.

En ástæðan til þess, að málið bar svo brátt að, var sú, að Viðreisnarsjóðurinn ákvað að bjóða út lán í janúarmánuði, og það varð að ákveða það þá þegar, og ekki aðeins ákveða það, heldur að taka lánið fyrir janúarlok, ef við ætluðum að njóta þess að fá umbeðið lán.

Það lán, sem hér er um að ræða, samsvarar 10 millj. þýzkra marka, og skiptist í tvennt, 2 millj. marka og 8 millj. marka: 2 millj. marka vegna Vestfjarðaáætlunar og 8 millj. marka, eða um 180 millj. kr., vegna Norðurlandsáætlunar.

Hér er um lokalántöku að ræða vegna samgönguáætlunar Vestfjarða, og ætti með þessu fjármagni að vera auðið að ljúka henni. Að vísu vantar þar nokkuð á, en það eru svo litlar fjárhæðir, sem um er að ræða — milli 10 og 20 millj. kr., sem þar á vantar — að það verður að gera ráð fyrir, að þess verði aflað með öðrum hætti. Vestfjarðaáætlun hefur oft áður verið hér til umr. Síðast þegar hún var rædd hér á þingi skýrði ég frá því, að ég teldi sjálfsagt, að samgönguáætlun Vestfjarða yrði birt hv. þm., og ég hef gert ráðstafanir til þess, að hún verði birt með þeim hætti, að í senn verði gerð grein fyrir þeirri áætlun, eins og hún var í upphafi, og síðan verði gerð grein fyrir framkvæmdum á henni, hverjum einstökum þætti hennar. Og ég vænti þess, að innan tíðar geti þessi skýrsla orðið lögð fyrir hv. alþm.

Um Norðurlandsáætlun er það að segja, að henni er enn ekki lokið. Nú er unnið að atvinnumálakafla hennar, og hann er á lokastigi, þannig að viðræður um hann eru ýmist hafnar eða eru að hefjast við þá aðila, sem samkv. upphaflegu samkomulagi um þá áætlun var gert ráð fyrir, að rætt yrði við, sem voru annars vegar samtök sveitarfélaga og einstök sveitarfélög á Norðurlandssvæðinu og hins vegar samtök verkalýðsfélaga á þessu svæði. Eftir eru nokkrir þættir þeirrar áætlunar, bæði samgöngumálakafli og menntamálakafli, sem enn er ekki fullráðið, hvort verða sérþættir eða verða þættir í heildaráætlunum, sem unnið er að varðandi samgöngumál annars vegar og hins vegar menntamál. En lántaka sú, sem hér er gert ráð fyrir, mun fyrst og fremst verða hagnýtt í sambandi við atvinnumálaþátt þessarar áætlunar.

Endanleg ákvörðun hefur ekki verið tekin um það, hvernig eða hver ráðstafi þessu fé eða til hvaða einstakra þátta það renni, en gera má ráð fyrir, að það verði Atvinnujöfnunarsjóður, vegna þess að lögum samkv. er ákveðið, að sá sjóður skuli standa að gerð byggðaáætlana, eftir því sem hann telur þörf á, og annist þá jafnframt framkvæmdirnar.

Um Norðurlandsáætlunina er það að segja, að undirbúningur hennar var hafinn, áður en Atvinnujöfnunarsjóður tók til starfa, og það var með sérstöku samkomulagi milli ríkisstjórnar og verkalýðssamtaka í sambandi við kjarasamninga verkalýðsfélaga á Norðurlandi, sem hafizt var handa um gerð þeirrar áætlunar. Og Efnahagsstofnunin hefur unnið að henni síðan.

Varðandi Vestfjarðaáætlun og ráðstöfun á því fjármagni, sem hér er um að ræða, er það að segja, að því verður ráðstafað með sama hætti og gert hefur verið undanfarin ár til hinna einstöku þátta, sem þar er unnið að og er eftir að vinna að, og það að sjálfsögðu er til reiðu hv. nefnd, sem fær þetta til meðferðar, að gera sér grein fyrir því í einstökum atriðum, hvernig því fé verður varið.

Lánsfé Norðurlandsáætlunar verður ekki ráðstafað

fyrr en ákvarðanir hafa verið teknar í sambandi við, hvaða þættir það verða, sem það fé sérstaklega verður látið renna til.

Ég sé ekki ástæðu til, herra forseti, nema sérstakt tilefni gefist til, að fara um málið fleiri orðum. Frv. fékk einróma samþ. hv. Ed., og leyfi ég mér að vænta þess, að um það geti einnig orðið samstaða hér í hv. Nd.

Guðlaugur Gíslason: Herra forseti. Jafnvægi í byggð landsins hefur mjög oft heyrzt hér í þingsölum og umr. um það hafa orðið allmiklar. Vestfjarðaáætlunin og aðrar byggðaáætlanir munu vera sprottnar upp af þessu hugtaki, og hef ég frá fyrstu tíð stutt það mál og verið því hlynntur. Ég geri mér fulla grein fyrir því, að bætt hafnarskilyrði, bættar samgöngur, bæði vegasamgöngur og flugsamgöngur, bætt aðstaða í sambandi við menntamál, allt er þetta til að gera þá staði, sem áætlanirnar ná yfir, byggilegri. Hafnarskilyrði eru að sjálfsögðu grundvallaratriði til aukinnar útgerðar og bættar samgöngur bæði á lofti og á landi eru frumskilyrði þess, að fólk vilji yfirleitt búa úti á hinni dreifðu byggð landsins.

Það, sem hlýtur að vekja athygli í sambandi við Vestfjarðaáætlunina, sem mest hefur verið rædd hér á Alþ., er það, að þrátt fyrir þær aðgerðir, sem þar hafa verið gerðar, og eru vissulega miklar, að þá hefur þar enn haldið áfram að fækka fólki og nokkuð stöðugt hin síðustu fjögur ár, ekki síður en áður. Þetta hlýtur að leiða hugann að því, hvort ekki er eitthvað, sem þarf að gera jafnhliða þeim aðgerðum, sem byggðaáætlanir eru látnar ná yfir. Og kemur þá að sjálfsögðu frekast til, hvort ekki sé nauðsynlegt að bæta eða gera ráðstafanir til aukins framlags til húsnæðismála umfram það, sem hin almenna löggjöf gerir ráð fyrir.

Byggingaráætlun ríkisins hefur fram að þessu, í 1. og 2. áfanga, aðeins náð yfir þéttbýlið hér við Faxaflóa, og hefur hjá þeim aðilum, sem hennar njóta eða undir hana koma, vissulega skapazt nokkur sérstaða og betri aðstaða en hið almenna húsnæðismálakerfi leyfir. Þetta þýðir, að á meðan byggingaráætlun ríkisins nær aðeins til þéttbýlisins hér, er hætta á því að það kunni að draga til sín fólk utan af landsbyggðinni.

Húsnæðismál eru eitt af því, sem fólk leggur ákaflega mikið upp úr, og hygg ég, að það sé það atriðið, sem hvað mest bindur fólkið úti í hinni dreifðu byggð landsins, ef það nær til þess eða hefur aðstæður til þess að eignast þar eigin íbúð.

Ég tel, að það hafi verið vel og rétt af stað farið, þegar byggðaáætlunin í fyrsta áfanga var látin ná yfir Vestfirði. Þessi landshluti hefur í langan tíma verið einn af meiri framleiðslustöðum landsins í sjávarafurðum. Þaðan hefur komið nokkuð stór hluti þess útflutnings sjávarafurða, sem fluttur hefur verið út á undanförnum árum, og þar hefur vissulega átt sér stað veruleg gjaldeyrisöflun.

Ég tel það því mjög miður, að þrátt fyrir það, sem búið er að gera á Vestfjörðum til hagsbóta fyrir íbúa þess landshluta, að þá skuli blasa við sú staðreynd að fólki haldi áfram að fækka þar. Ég tel þetta til tjóns fyrir þjóðarheildina, því minn stuðningur við málið frá upphafi hefur byggzt á því, að ég tel það nauðsynlegt, að fólk haldi sig sem mest við framleiðslustörfin allt í kringum landið, en að ekki eigi sér stað of mikill og of ör fólksflutningur hingað á þéttbýlissvæðið við Faxaflóa.

Við erum enn það háðir útflutningi sjávarafurða, að ég tel það mjög réttlætanlegt og sjálfsagt að eyða nokkru fjármagni frá þjóðarheildinni til uppbyggingar í hinni dreifðu byggð landsins, og vildi ég við þessa umr. vekja athygli á, hvort ekki þyrfti að taka fleiri mál inn í byggðaáætlanirnar en fram að þessu hefur verið gert. Og á ég þar sérstaklega við aukna fyrirgreiðslu í sambandi við byggingu íbúðarhúsa.

Þegar er farið að vinna og búið að vinna verulega að áætlunum, byggðaáætlunum fyrir Norðurland, og heyrzt hefur að hugmyndir séu um, og kannski komið í athugun og undirbúning byggðaáætlun fyrir Austurland, og tel ég það rétt að farið. Hvenær kemur að Suðurlandinu, skal ég ekki segja um, það kann að vera, að þess teljist minni þörf að setja upp þar ákveðna byggðaáætlun, en að því hlýtur þó að koma, því að ef á að gera staði þar jafnbyggilega og talið er, að sé hér við Faxaflóa, eða á þéttbýlissvæðinu hér á Suðvesturlandi, þá hlýtur að koma að því, að þar verður einnig að gera ráð fyrir, að hugmyndin um áætlun nái einnig til þess landshluta.

Ég hef þegar rekið mig á það, að fólk t. d. í þeim hluta Suðurlandskjördæmis, sem ég er frá, hefur mjög spurt um, hvort ekki sé eðlilegt, að þeir vankantar, sem á eru að búa í eyjum úti í hafi, eins og Vestmannaeyjum — og er það aðallega í sambandi við samgöngumál og einnig í sambandi við neyzluvatn — séu sniðnir af eftir megni og hvort það sé ekki mjög eðlilegt, að byggingaráætlun ríkisins komi einnig til með að ná yfir þann stað að þessu leyti. Það er hægt að færa fyrir því full rök, að staður, eins og ég hér nefndi, hann getur ekki talizt byggilegur, nema þar séu fyrir hendi þau frumskilyrði, sem verða að vera, þ. e. nægilegt neyzluvatn og samgöngur við aðra hluta landsins, og þá aðallega við þjóðvegakerfið. Ég skal viðurkenna að ríkisvaldið hefur mjög stutt á undanförnum árum íbúa þessa byggðarlags í sambandi við bæði þessi mál, en ég tel, að öll rök hnígi að því, að þessi tvö atriði, sem ég hef hér nefnt, heyri eðli sínu samkvæmt undir hugtakið um byggingaráætlun bæði Vestfjarða og Norður- og Austurlands, eins og þær hafa nú verið framkvæmdar og gerð grein fyrir þeim.

Ég vildi við þessa umr. vekja athygli á því, með hliðsjón af því, sem því miður hefur gerzt á Vestfjörðum, þar sem fólksfækkun hefur átt sér stað þrátt fyrir Vestfjarðaáætlunina, hvort ekki sé ástæða til fyrir þá nefnd, sem málið fær til meðferðar, að kanna það, hvort ekki komi einnig einhver fleiri atriði til, sem gætu enn frekar stuðlað að því, að fólk sæi sér hag í að búa í dreifbýlinu, ekki síður en í þéttbýlinu hér suðvestanlands.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Hv. 3. þm. Sunnl. vék að eðli byggðaáætlana og innihaldi þeirra annars vegar, og hins vegar að því, hvort ekki væri ástæða til að gera fleiri byggðaáætlanir en þegar hefðu verið ákveðnar.

Ég gat um það áðan, að eins og lög um Atvinnujöfnunarsjóð eru, þá er ætlazt til þess, að sjóðurinn meti það, hvort þörf sé á gerð slíkra áætlana fyrir minni eða

stærri landssvæði og þá á hvaða sviðum þær áætlanir skuli gerðar, þannig að ganga verður út frá því, að reglur hafi þegar af löggjafans hálfu verið settar um það, hvernig að þessum málum skuli unnið. Ég tel það engum efa bundið, að það verði áfram unnið að áætlanagerð. Bæði er það nú, að varðandi Vestfirði hefur ekki verið lokið við nema samgönguþátt Vestfjarðaáætlunar. Það hefur verið gerð rammaáætlun varðandi Vestfirði varðandi atvinnumálin einnig og uppbyggingu þess landshluta. Hún var í upphafi gerð af Framkvæmdabankanum og unnin fyrst og fremst af norskum sérfræðingum, eins og mönnum er kunnugt um. Framkvæmdir og nánari útfærsla hefur ekki orðið nema á samgöngumálaþætti þeirrar áætlunar, og ég geri ráð fyrir því, að það verði áfram unnið að öðrum þáttum hennar.

Það má einnig gera ráð fyrir að varðandi bæði samgöngur og aðra þætti vandamála á Austurlandi verði tekið til við gerð áætlunar, strax og auðið er. Þar hefur raunar verið hafizt handa af heimamönnum sjálfum, sem hafa ráðið sér starfsmann til að undirbúa slíka áætlun varðandi atvinnumálin fyrst og fremst, og það má gera ráð fyrir, að vegna þess starfs séu til ýmisleg gögn, sem hægt sé við að styðjast í því efni.

Það hafa oft komið fram raddir um það, að það þyrfti að hraða meir þessum áætlanagerðum, en sannleikurinn er sá, að á því eru margs konar vandkvæði. Þetta eru flókin og vandasöm mál. Í mörgum greinum vantar upplýsingar og þjóðhagslega skýrslugerð, sem nauðsynleg væri til að leggja grundvöll að mati varðandi eðlilega þróun í hinum einstöku landshlutum. Mikið verk hefur verið unnið á þessu sviði varðandi Norðurlandsáætlun, sem mun einnig koma að gagni varðandi aðrar áætlanir, sem gerðar kunna að vera. Þá er þess einnig að geta, að það er mjög takmarkaður mannafli, sem við höfum yfir að ráða í þessu efni, mjög fáir menn, sem hafa þá sérþekkingu, sem nauðsynleg er til þess að vinna að gerð slíkra áætlana. Og varðandi heildaráætlun, þá þótti eðlilegt, að lokið yrði gerð einnar áætlunar, sem er Norðurlandsáætlun, sem hefur verið tekin sem heildaráætlun á þessu sviði, þannig að menn gætu þá stuðzt við reynsluna af þeirri áætlanagerð varðandi gerð frekari áætlana, þannig að þetta væri allt eðlilegra og mundi koma að meira gagni fyrir alla í rauninni, heldur en að byrja á mörgum slíkum áætlunum í einu, sem mundi þá leiða til þess, að öllu yrði lokið seinna og erfiðara að koma þessu í framkvæmd. Enda augljóst í okkar þjóðfélagi að það verður að reyna að velja og hafna og taka það, sem brýnast er að vinna að hverju sinni. Það var almenn skoðun manna, að samgöngumál á Vestfjörðum væru þar með þeim hætti, þegar hafizt var handa með framkvæmd þeirrar áætlunar, að þar væru þau lökust á landinu og af hinum norsku sérfræðingum var lögð á það sérstök áherzla, að til þess að von ætti að vera um uppbyggingu Vestfjarða, þyrftu samgöngur að komast þar í það horf, að það væri hægt að tengja strjálbýlið þar við sérstaka byggðakjarna. Og þó að þessi samgönguáætlun hafi ekki orðið til þess, að það fjölgaði verulega fólki, þá skulum við hafa það í huga, að það er ekki þar með sagt, að hún hafi ekki haft sitt mikla gildi, því það veit enginn um það, hver áhrif það hefði haft á byggðaþróun á Vestfjörðum, ef ekki hefði verið ráðizt í þessar miklu samgöngubætur.

Nú fram á síðustu ár hefur atvinnuástand á Vestfjörðum verið gott, þannig að það hefur ekki verið vandamálið. Það hafa að vísu skapazt þar erfiðleikar nú alveg síðustu árin tvö. Sama er að segja um Austurlandið. Þar hefur atvinnulífið verið mjög blómlegt þangað til nú fyrir tiltölulega skömmu síðan. En þegar hafizt var handa um Norðurlandsáætlun, var það einnig allra manna mál, að ég hygg, og enginn ágreiningur um það, að þá hefði verið slíkt atvinnuástand á Norðurlandi um lengri tíma vegna algers aflabrests bæði á síldveiðum og raunar öðrum fiskveiðum, að nauðsynlegt væri að huga fyrst að þessum landshluta varðandi atvinnuframkvæmdir.

Ég fer ekki nánar út í þessa sálma, en vil þó segja það, að það er auðvitað öllum ljóst, sem nálægt þessum málum hafa komið, að það er margt fleira, sem ræður úrslitum um það, hvort fólk getur unað á einum stað eða ekki. Þar koma auðvitað til greina, eins og hv. þm. sagði, húsnæðismál, sem kannske eru nú ekki svo ákaflega mikið vandamál, þar sem fólki er að fækka eða ekki er um stórfjölgun að ræða, að þau séu sérstaklega erfið. En það er kannske annað, sem er enn þá erfiðara víða og ræður því, að fólk flytur burtu, jafnvel þar sem atvinnuástand er gott, og það eru menntamál og félagsmál. Það væri allt of langt mál að fara út í þá sálma hér, en þetta hygg ég, að öllum hv. þdm. sé mætavel ljóst og hefur oft verið rætt hér, og það er vissulega þess vegna brýn nauðsyn á að gefa gaum að hinni félagslegu og menningarlegu aðstöðu fólksins, sem býr í strjálbýlinu, því að það er ekki nóg að hafa nóg að bíta og brenna, ef ekki er aðstaða til þess að geta veitt uppvaxandi kynslóð þá menntun, sem nútímaþjóðfélag krefst og fólkið hefur ekki þær félagslegu aðstæður, sem hægt er að fá í þéttbýlinu. Ég er hv. þm. algerlega sammála, en vildi því láta það koma fram hér vegna orða hans, að vitanlega hafa þeir, sem að áætlunargerð vinna, gert sér fullkomna grein fyrir þessum vandamálum og þess vegna m. a. hefur nú um alllangt skeið verið unnið að athugun á byggðaþróun í landinu með hliðsjón af því að gera heilsteypta skólamálaáætlun, þar sem fyrst og fremst verður höfð í huga uppbygging skólakerfisins víðs vegar um landið. Hvenær þeirri áætlun verður lokið, get ég ekki fullyrt á þessu stigi, en ég held, að það sé ljóst mál, að þar sé um hið brýnasta nauðsynjamál að ræða til þess einmitt að tryggja það byggðajafnvægi, sem við erum að tala um.

Ingvar Gíslason: Herra forseti. Ég skal ekki tefja þetta mál með neinu málþófi. Ég vil aðeins benda á það, að þegar þetta mál kom fyrir, — okkur barst það í fréttum um áramótin, að ríkisstj. hefði aflað sér heimildar til lántöku vegna Vestfjarðaáætlunar og Norðurlandsáætlunar — þá gerðum við okkur vonir um, að nú mundi Norðurlandsáætlunin loksins vera komin á lokastig og að hún yrði fljótlega birt þeim aðilum, sem þetta mál snertir sérstaklega. Ég vil rifja það upp, að Norðurlandsáætlunin hefur verið í undirbúningi alllengi, allt upp í 4 ár að ég hygg. Ég held, að það hafi verið 1965 frekar en 1964, að ríkisstj. gerði samkomulag við Alþýðusamband Norðurlands um það, að þess

háttar áætlun yrði gerð. Og nú upplýsist það, þrátt fyrir þetta frv., sem hér liggur fyrir, sem er um heimild til þess að taka allmikil lán til þessarar áætlunar, þá upplýsist það nú í orðum hæstv. ráðh., að þessi áætlun er ekki enn þá tilbúin. Hæstv. ráðh. sagði áðan í ræðu sinni, að Norðurlandsáætluninni væri enn ekki lokið, en hins vegar væri atvinnumálakafli hennar kominn á lokastig, eða það skildist mér, að hann hefði sagt í ræðu sinni hér áðan, að atvinnumálakafli hennar væri kominn á lokastig, en hins vegar væri ýmsum öðrum þáttum áætlunarinnar, sem virðist hafa verið rætt um, ólokið, og minntist hæstv. ráðherra í því sambandi m. a. á menntamálakafla og samgöngumálakafla.

Í sambandi við þetta mál vil ég því benda á þetta, að það virðist skorta mjög á, að Norðurlandsáætlunin sé komin á lokastig, jafnvel þó að einn þáttur hennar megi nú teljast kominn á þetta lokastig, sem hæstv. ráðh. talar um. Og einnig vil ég benda á það, sem ég hef þegar gert, að þessi áætlun hefur tekið mjög langan tíma og það hefur, má segja, árlega frá því að fyrst var um þetta rætt fyrir um það bil 4 árum, sífellt verið lofað, að þessi áætlun skyldi verða til um hver áramót. En við þetta hefur engan veginn verið staðið. Ég man, að hæstv. fjmrh., sem hér var að tala áðan, lofaði því, eða a. m. k. hann lét svo um mælt á árinu 1967, alla vega fyrir kosningar, að þessari áætlun yrði lokið í árslok eða um áramótin 1967—1968. Það ár leið, án þess að Norðurlandsáætlun sæi dagsins ljós. Árið 1968 leið einnig, án þess að það yrði, og nú er komið fram á árið 1969, og enn má segja, að sömu orðin séu notuð, að áætlunin sé, eða hluti hennar, á lokastigi. Við skulum vona, að svo sé og að atvinnumálakafli þessarar áætlunar sjái dagsins ljós innan skamms.

En í þessu sambandi er líka vert að vekja athygli á því, að að sumu leyti hefur verið viss leynd yfir þessari áætlun, t. d. svo að þm. kjördæmanna á Norðurlandi hafa ekki haft aðstöðu til þess að fylgjast með því, hvað þarna er verið að vinna, og ég veit ekki til, að þeim hafi verið sýnt þetta sem slíkum. Og ég tel einmitt, að það væri mjög mikilvægt og sjálfsögð starfsregla af hálfu ríkisstj., að hún hefði samráð við þm. um þetta, a. m. k. að kynna þm. sérstaklega, hvernig þessi mál standa, þm. þessara kjördæma. Og ég vil líka leggja á það áherzlu enn og aftur, að það er mjög nauðsynlegt að hraða þessum áætlunum, ekki bara þeim þætti eða kafla, sem nú er sérstaklega unnið að, heldur öðrum þáttum Norðurlandsáætlunarinnar.

Lengi vel mun ástæðan til þess, að seint gekk að vinna þetta verk hafa verið sú, að verkið var falið Efnahagsstofnuninni. En það fór þannig, að á Efnahagsstofnunina hefur sífellt verið hlaðið öðrum verkefnum og margvíslegum, þannig að gerð Norðurlandsáætlunar hefur orðið að víkja lengst af þar í stofnuninni. Á s. l. ári var ráðinn sérstakur maður til þess að hafa þetta verk með höndum. Ég hygg, að hann sé einn í þessu starfi og hafi tiltölulega litla aðstoð, og vitanlega er þetta ekki nægjanlegt. Reynslan sýnir, að það er ekki nægjanlegt, að við þetta starfi aðeins einn maður. Og það er áreiðanlega nauðsynlegt að efla starfslið Efnahagsstofnunarinnar, sem að þessu vinnur, og ég fæ ekki séð, að þess sé ekki kostur að finna slíkt starfslið. Að sjálfsögðu er það rétt, sem hæstv. ráðh. sagði hér áðan, að við eigum fáa sérmenntaða menn í þessum efnum, en við eigum þó a. m. k. ýmsa menn, sem ættu menntunar sinnar vegna og af ýmsum öðrum ástæðum að vera færir um það að vinna að þessu verkefni, án þess þó að þeir teljist sérfræðingar í því. Og ég hygg, að ein meginástæðan til þess, hve lengi hefur dregizt að fullgera Norðurlandsáætlunina, sé sú, að það hefur ekki verið nægilegur mannafli, sem að henni hefur unnið. Og ef það er svo, að það vinni of fáir menn við þetta, finnst mér sjálfsagt og eðlilegt að gera þá kröfu, að starfsliðið verði aukið, fleiri mönnum verði fenginn þessi starfi, að vinna að áætluninni, því að það er mikil nauðsyn, að henni verði hraðað. Þetta er greinilega yfirgripsmikið verk, og það viðurkenni ég með hæstv. ráðh., en það er varla við því að búast, að svo yfirgripsmikið verk verði unnið af mjög fámennu starfsliði.

Sigurvin Einarsson: Herra forseti. Hv. 3. þm. Sunnl. vék að því hér áðan, að fólksfækkun héldi áfram á Vestfjörðum þrátt fyrir Vestfjarðaáætlun. Ég hef ekki þessar tölur fyrir framan mig, en skal ekki vefengja það, að einhver fækkun kunni að hafa átt sér stað. En mér fannst einhvern veginn, að þetta ætti að skilja svo, að hún næði ekki tilætluðum árangri, áætlanagerðin um þá uppbyggingu, sem Vestfjarðaáætlunin var í upphafi hugsuð til. Ég held, að þetta sé misskilningur eins og hæstv. fjmrh. drap á hér áðan. Það er ekki hægt að búast við að fækkunin hætti þegar í stað, um leið og verið er að byrja á slíkum framkvæmdum. Við verðum að athuga það, að áætluninni um uppbyggingu vegakerfisins er ekki lokið enn og svo þarf auðvitað að taka margt fleira inn í þessa áætlun eins og menntamálin, heilbrigðismálin og atvinnumálin. Ég held því, að það sé fjarri því að nokkur ástæða sé til að draga þá ályktun af áframhaldandi fólksfækkun á Vestfjörðum, að áætlanir eða réttara sagt uppbygging í atvinnulífi, menningarlífi og samgöngum beri ekki árangur. Það tekur aðeins sinn tíma.

Ég vil nefna dæmi um þetta. Það er orðið langt síðan, ég var þá þm. Barðstrendinga. Ég beitti mér fyrir því, að brúuð væri á í Selárdal, en Selárdalur er í Arnarfirði, eins og menn vita kannski. Það var Selárdalsá. Ég fékk brúna á ána, en þegar ég komst til Bíldudals, eftir að brúin var nú komin, gerðu menn þar gys að mér og sögðu: Til hvers ertu að láta þá hafa brú á Selárdalsá? *Þeir nota hana ekki til nokkurs hlutar annars en að fara* eftir henni, er þeir flytjast í burtu. Og hvað skeður? Þeir, sem bjuggu í Selárdal, þegar brúin var byggð, fluttu allir í burtu — yfir brúna, og það varð enginn maður eftir. Þeir nefnilega reyndust sannspáir þarna á Bíldudal. En svo gerist önnur breyting. Hún er sú, að Selárdalur fer að byggjast aftur og það kemur nýr bóndi yfir brúna út í Selárdal. Og hann reisir þar bú af miklum myndarskap og ekki nóg með það. Mér skilst, að einhvern veginn hafi af því sprottið, að annar bóndi er líka kominn í Selárdal. Og hvar endar þetta? Ég hugsa, að Selárdalur fyllist áður en langt um líður, ekki bara af fé, því að það er komið langt á leið með það, heldur af fólki.

Einu sinni var sagt, að ríkasti maður landsins væri bóndinn og presturinn í Selárdal. Ég veit ekkert nema þetta eigi eftir að endurtaka sig. Þess vegna held ég, að

of snemmt sé að dæma hér um, því að áætlanir eða uppbygging, sem ekki ber árangur, hvað þetta snertir, undir eins, geti gert það síðar og ég trúi því, að ef uppbygging á samgöngumálum, atvinnumálum og menntamálum á Vestfjörðum heldur áfram og það með ekki allt of mikilli hægð, muni hún bera árangur um Vestfirði í heild, eins og sýnist ætla að verða um Selárdal.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til fjhn. með 25 shlj. atkv.

Á 95. fundi í Nd., 16. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 251, n. 744, 733, 734, 735, 755).

Frsm. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Fjhn. þessarar hv. d. hefur haft frv. það, sem hér er á dagskrá, til athugunar, og eins og fram kemur á þskj. 744, mælir nefndin með því, að frv. verði samþ. Hins vegar áskilja einstakir nm. sér rétt til að flytja eða fylgja brtt. og þrír nm. mæla með frv. með fyrirvara. Eins og fram kemur og á þskj. 733, 734, 735 hafa komið fram brtt. frá einstökum nm. Við athugun málsins í fjhn. kom til fundar við nefndina fulltrúi í Efnahagsstofnuninni, Pétur Eiríksson, sem gaf nefndinni upplýsingar. Síðan fjhn. afgreiddi málið, hefur hér á hv. Alþ. verið útbýtt skýrslu um Vestfjarðaáætlun, sem hv. þm. hafa fengið. Við athugun frv. var aflað upplýsinga samkv. ósk um lánakjör og voru nm. afhent þau gögn til athugunar.

Ég sé ekki ástæðu til þess að fjölyrða frekar um málið. Eins og ég gat um, mælir nefndin með því, að það verði samþ.; nokkrir nm. með fyrirvara.

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. Frv. þetta um heimild til lántöku vegna Vestfjarðaáætlunar og Norðurlandsáætlunar er borið fram af hæstv. ríkisstj. til staðfestingar á brbl., sem hún gaf út á síðasta degi ársins 1968.

Fyrir fáum dögum fengu þm. frá Efnahagsstofnuninni allmikið rit. Það nefnist Greinargerð um Vestfjarðaáætlun og framkvæmd hennar. Þetta eru fyrstu upplýsingarnar, sem alþm. yfirleitt hafa fengið um málið. Þá fyrst fengu þeir áætlunina, þegar framkvæmdum hennar má heita lokið.

En hvað er að frétta af Norðurlandsáætluninni? Fjhn. óskaði upplýsinga um málið frá Efnahagsstofnuninni — en henni mun hafa verið falið að semja áætlunina — og 23. apríl s. l. kom sendimaður frá Efnahagsstofnuninni á fund fjhn. Hvað hafði hann að segja? Engin áætlun til. Nokkrir þættir í smíðum, að því er manni skildist, en engum lokið. Tvennt var þó búið að ákveða. Það var búið að veita loforð um lán til Vopnafjarðarhafnar, 7 millj. kr. af því fé, sem hugmyndin er að taka að láni til Norðurlandsáætlunar. Vopnafjarðarhérað hefur hingað til ekki verið talið á Norðurlandi, en vel má vera, að Norðlendingar hafi ekki á móti því, að það góða hérað verði flutt til þeirra, og að þeir fái í sinn hóp það góða fólk, sem þar býr. Þó er e. t. v. réttast, að byggðarlögin séu áfram á þeim sömu stöðum, þar sem þau hafa verið fram að þessu. Í öðru lagi er að sögn búið að veita loforð um lán til iðnskóla á Akureyri, líklega um 4 millj. kr. Annað og meira hafði sendimaður Efnahagsstofnunarinnar ekki að segja okkur í fjhn. um þetta mál.

Við, sumir af fjhnm., teljum rétt, að ákveðið verði í lögum, að nokkru af því fé, sem ákveðið er að afla til Norðurlandsáætlunar, verði varið til mjög nauðsynlegra framkvæmda í raforkumálum og samgöngumálum á Norðurlandi. Fólkið, sem býr á Norðurlandi og annars staðar á landinu, þarf að hafa rafmagn til heimilisnota og annarra þarfa, og það þarf að hafa viðunandi vegi. Verði þessum skilyrðum ekki fullnægt, yfirgefur fólkið byggðir sínar. Á sjötta tug þessarar aldar var byrjað að leggja rafmagnslínur um sveitirnar, og hefur verið haldið áfram síðan. Þessu hefur miðað sorglega seint, en þó er meiri hluta verksins lokið, og það er ekki mikið átak að ljúka raflínulögnum til heimila á þeim svæðum, þar sem meðalvegalengd milli bæja er innan við tveir km. Þessu þarf að ljúka hið bráðasta. Það er ekki sæmilegt að láta menn bíða lengur eftir þeim mikilsverðu þægindum, sem rafmagnið veitir. Áætlað er, að á öllu Norðurlandi séu 160 til 170 sveitabýli, sem ekki hafa rafmagn frá samveitum eða sérstökum vatnsaflsstöðvum, á svæðum, þar sem meðalvegalengd milli býla er 2 km eða styttri.

Á þskj. 733 flytjum við 3 þdm. till. um raflínulagnir til þessara heimila. Till. er þannig með leyfi hæstv. forseta:

„Á eftir 1. gr. frv. komi ný grein, þannig:

Af því fé, sem aflað verður til Norðurlandsáætlunar samkv. 1. gr., skal greiða kostnað Rafmagnsveitna ríkisins við að leggja raflínur til þeirra sveitaheimila á Norðurlandi, sem ekki hafa rafmagn frá samveitum eða sérstökum vatnsaflsstöðvum og eru á svæðum, þar sem meðallínulengd milli býla er 2 km eða styttri. Framkvæmdir við raflínulagnir þessar skulu hafnar á árinu 1969 og þeim verða lokið svo fljótt sem unnt er."

Flm. till. eru auk mín hv. 2. þm. Norðurl. v., Óskar Levy, og hv. 1. þm. Norðurl. e., Jónas Jónsson.

Vegáætlun fyrir næstu árin er nú til meðferðar hér á þingi. Of lítið fé er veitt til vegamála til að fullnægja brýnustu þörfum. Allmiklu fé var veitt til samgöngubóta samkv. Vestfjarðaáætlun. Eins þarf að gera á Norðurlandi. Við 1. þm. Norðurl. e., Jónas Jónsson, flytjum till. á þskj. 734 um nokkurt framlag til vegagerðar af því fé, sem aflað verður vegna Norðurlandsáætlunar. Till. okkar er aðallega um endurbætur vega á aðalsamgönguleiðum um Norðurland. Till. er þannig, með leyfi hæstv. forseta:

„Á eftir 1. gr. komi ný grein, þannig:

Af því fé, sem aflað verður til Norðurlandsáætlunar samkv. lögum þessum skal verja til samgöngubóta sem hér greinir: Til Norðurlandsvegar í Hrútafirði 6 millj. kr."

Um þetta er það að segja, að fyrir mörgum árum var byrjað að endurbyggja veginn, Norðurlandsveginn, nálægt Stað í Hrútafirði. En síðan var hætt við þessar framkvæmdir og hefur ekki verið hreyft við því í fjölda ára. Vegurinn á austurströnd Hrútafjarðar er slæmur. Hann er hlykkjóttur og víða mjór og víða eru mjó ræsi á veginum. Þarna fer öll umferðin um til Norður- og Austurlands héðan að sunnan, og þarna er mikil þörf endurbóta. En það reynist ekki hægt að fá fé í þetta

samkv. vegáætluninni, sem á að afgreiða hér næstu daga.

Þá er 2. liður: „Til endurbóta á vegi frá Reykjum á Reykjabraut um Svínadal að Svartárbrú, 6 millj. kr.“ Það er gert ráð fyrir því í þeim till. um vegáætlanir, sem nú hafa verið lagðar fram, að á næstu árum verði lokið við vegagerð frá Norðurlandsvegi rétt norðan við Giljá í Þingi og beina leið að Reykjum á Reykjabraut, en þar er nú að rísa skólastaður. Þegar þessari vegagerð er lokið, opnast leið fyrir menn eftir Svínadal yfir brú á Blöndu hjá Löngumýri og um brú á Svartá á Norðurlandsveg vestan við Bólstaðarhlíð. Þessi leið er miklu skemmri en gamla leiðin, sem farin er um Langadal og Blönduós, og það mun verða mikil umferð um þennan veg, þegar hann er kominn. En vegurinn um Svínadal er ekki gerður fyrir þá þungu umferð, sem er um Norðurlandsveginn, og þess vegna er þar þörf mikilla endurbóta. Okkur er ljóst, að þessar 6 millj. eru ekki nægilegar til þess að styrkja veginn, svo að hann þoli þessa miklu umferð, sem þar verður á næstu árum, en þó er þetta spor í áttina til endurbóta á veginum.

Næst er liður, sem nefndist: „Til að brúa Svartá hjá Daufá í Skagafirði og gera veg að henni, m. a. vegna félagsræktunar bænda í Lýtingsstaðahreppi, 4,4 millj. kr.“ Þetta er framkvæmd, sem er þýðingarmikil vegna innanhéraðsumferðar þarna í innanverðum Skagafirði. Geta má þess, að hestamannafélagið í Skagafirði, sem heitir Stígandi, hefur látið gera skeiðvöll á Vindheimamelum, sem er nálægt þessu brúarstæði, og þennan völl mætti nota til lendingar fyrir sjúkraflugvélar, og væri það mikið öryggismál fyrir Lýtingsstaðahrepp í neyðartilfellum. En til þess að þeir eigi greiðan aðgang að þessum flugvelli, þarf að brúa Svartá. Enn má nefna það, að Lýtingsstaðahreppur hefur nú nýlega fest kaup á jörð á þessum slóðum, innarlega á láglendinu í Skagafirði, jörð, sem heitir Borgarey. Þar eru ræktunarskilyrði mjög mikil og góð, og það er hugmynd bænda í Lýtingsstaðahreppi að stofna þarna til mikillar félagsræktunar, til þess að auka heyfenginn og tryggja sér nægilegt fóður fyrir búfé. Og við teljum, að þetta framtak þeirra sé sjálfsagt að styðja. En þeir hafa þörf fyrir brú á Svartá, til þess að þeim verði auðveldara að koma þessum framkvæmdum fram, ræktuninni og heyflutningum af þessu nýja félagslandi.

Ég held, að þetta sé það, sem koma skal, að bændur hefji félagsræktun þar sem skilyrði til þess eru hagstæð. Og eins og ég sagði áður, tel ég sjálfsagt að styðja slíkar framkvæmdir. Það er því áreiðanlega vel varið nokkru af því fé, sem aflað verður vegna Norðurlandsáætlunar, til þess að auðvelda íbúum Lýtingsstaðahrepps félagsræktunina með því að brúa Svartá. Eins og fram kemur í till. er þarna ekki um mjög stóra fjárhæð að ræða. Það er gert ráð fyrir, að brúin kosti 2.7 millj., þetta er ekki löng brú, en vegagerð að brúnni kosti 1.7 millj., svo að þetta eru 4.4 millj.

Þá flytjum við til viðbótar á þessu þskj., sem ég nefndi, þskj. 734, till. um framlög til tveggja vega í innanverðum Skagafirði, þ. e. Héraðsdalsvegar 1 millj. og Vesturdalsvegar 1.7 millj. Það var ekki rúm fyrir þetta á vegáætluninni, en þarna er mikil þörf endurbóta.

Og loks eru 4 till. okkar um framlög til endurbóta á vegum á aðalleiðinni um Eyjafjarðar- og Þingeyjarsýslur. Það er í fyrsta lagi vegur frá Öxnadalsheiði að Hörgárdal, þ. e. a. s. Norðurlandsleiðin, endurbæta veginn á henni. Svo er það Ólafsfjarðarvegur frá Hörgárbrú að Dalvík. Við leggjum til, að fari 5 millj. í hvorn þessara vega, sem ég hef nefnt. Til endurbóta á vegum á milli Akureyrar og Húsavíkur á aðalleiðinni verði varið 5 millj., og loks til endurbóta á Þingeyjarsýslubraut á milli Húsavíkur og Þórshafnar, 5 millj. Samtals eru þetta rúmar 39 millj., sem við leggjum til, að verði teknar af þessu fé Norðurlandsáætlunar til þessara aðkallandi samgöngubóta á Norðurlandi.

Stefán Valgeirsson: Herra forseti. Það mun hafa verið vorið 1965, sem var samið um Norðurlandsáætlun fyrst. Sem sagt, það eru 4 ár nú síðan um þetta var samið. Fyrir kosningarnar 1967, ég held, að það hafi verið 4. júní, sagði hæstv. fjmrh., að áætlunin mundi verða tilbúin þá fyrir árslok. Í desember, 4. des. 1968, sagði hæstv. fjmrh. hér á hv. Alþ., að það væri nú farið að sjá fyrir endann á atvinnukaflanum í áætluninni. Þegar þetta frv., sem hér liggur fyrir, var lagt fram 13. febr. þá hafði hæstv. fjmrh. svipuð orð, að það mundi nú fara að sjá fyrir endann á þessum kafla. Nú eru senn komin þinglok, og ég hefði nú vænzt þess, að það mundi nú heyrast eitthvað um þessi mál fyrir þingslit.

Ég verð nú að segja það, að þó að ég sé fulltrúi fyrir Norðurland, að þá veit ég mjög lítið, hvað áætlað er að gera við þetta fé. Það, sem ég hef heyrt, eru sögusagnir einar. Ég hef heyrt það t.d., sem ég vil spyrja um, að þegar var gengið frá lántökunni, þá hafi verið talað um það, að til samgöngumála færi um 60 millj., eða því sem næst. Nú, ég vil leyfa mér að spyrja hæstv. fjmrh. að því, hvernig þessu fé verði þá varið. Það kom fram hér hjá hv. 1. þm. Norðurl. v. áðan, að það, sem hv. fjhn. hefði fengið frá fulltrúa Efnahagsskrifstofunnar, það væri aðeins tvennt, það væri um hafnargerð á Vopnafirði og til iðnskóla á Akureyri. Náttúrlega vantar þá á Vopnafirði höfn, og ég ætla nú ekki að ræða það mál, því hv. þm. Norðurl. v. ræddi um það, og ég ætla ekki að fara að endurtaka það hér.

En það hefur verið rætt við okkur ýmsa um ýmsar framkvæmdir á Norðurlandi, og ég verð í þessu sambandi að koma með ákveðnar spurningar, því ég er mjög hræddur um, að það verði ekki annars, sem það er rætt fyrir þingslitin. Það eru uppi ákveðnar óskir bæði á Dalvík og Húsavík um hitaveitufranmkvæmdir. Er ætlað eitthvað af þessu fé til þeirra framkvæmda, og hvað þá?

Við höfum fengið, þm. Norðurl. e., bréf frá oddvitum í N.-Þingeyjarsýslu um virkjun Sandár, sem virðist vera mjög hagkvæm virkjun. Ég vil spyrja hæstv. fjmrh., hefur það mál verið athugað í þessu sambandi, og er væntanlegt að það verði hægt í sambandi við Norðurlandsáætlun að fara út í þessa virkjun, sem er ákaflega brýn, eftir þessar tvær gengisfellingar. Það rafmagn, sem þeir hafa þar, er allt saman af diesel-stöðvum, sem er nú mjög óhagstætt.

Það hefur verið rætt um að stækka frystihús. Verður fé af þessu til þeirra framkvæmda, t.d. á Húsavík? Og það kemur nú fram núna, þegar mikill afli er á Norðurlandi, að frystihúsin eru of lítil. Ég vil nú mjög

mælast til þess, ef þessi atvinnumálakafli er nú tilbúinn, að a. m. k. þm. af Norðurlandi fái þetta í hendur nú þegar.

Steingrímur Pálsson: Herra forseti. Við 1. þm. Vestf. höfum leyft okkur að bera fram brtt. á þskj. 755. Á eftir orðinu „sveitaheimili" komi: í Strandasýslu og. Þetta er brtt. við brtt. á þskj. 733. Strandasýsla er í Vestfjarðakjördæmi, en hefur ekki komið undir svo kallaða Vestfjarðaáætlun, en hún á að koma eins og kunnugt er undir Norðurlandsáætlunina, og þessi brtt. er aðeins til að undirstrika þetta atriði.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Ég skal nú reyna að lengja ekki þessar umr. mikið, þar sem naumur tími er, en kemst þó ekki hjá að segja nokkur orð til þess að útskýra nokkuð afstöðu mína til þessara brtt. og svara ákveðnum fsp., sem fram hafa komið og ég tel ekki annað viðeigandi en að gera að umtalsefni.

Tveir hv. þm. Austf. leggja til, að tekin verði upp heimild til lántöku vegna Austfjarðaáætlunar. Ég er á engan hátt andvígur því, að það komi til greina að framkvæma Austfjarðaáætlun, hefur reyndar verið samþ. í stjórn Atvinnujöfnunarsjóðs nú fyrir skömmu, að athugað verði með gerð sérstakrar samgönguáætlunar fyrir Austfirði. Eins og allir hv. þdm. vita, þá hefur verið unnið að þessum byggðaáætlunum í áföngum og tekin viss svæði í einu, því að vitanlega verður ekki við allt ráðið, það er sjáanlegt, og verður að velja hér á milli. Samgönguáætlun Vestfjarða var fyrst tekin, vegna þess að þá stóðu sakir þannig, að það var mál manna yfir höfuð, að aðstaða Vestfirðinga væri þá erfiðust landsmanna, m. a. vegna fólksflutninga úr Vestfjarðakjördæmi. Það þótti ekki mögulegt að taka upp aðra áætlanagerð, fyrr en Vestfjarðaáætlun væri langt komin, hvað framkvæmd snertir. En eftir að nokkur tími var liðinn frá því, að hafizt var handa um gerð Vestfjarðaáætlunar og ákvörðun tekin um framkvæmd samgöngumálakafla hennar, þá var ákveðið af ríkisstj. í samráði, eins og menn vita, við stéttarfélög á Norðurlandi, að hafizt yrði handa um gerð Norðurlandsáætlunar og þá fyrst og fremst atvinnumálaáætlunar fyrir Norðurland, sem byggðist á því, að það var þá einnig sammæli manna yfir höfuð, að ég held – enda komu engin andmæli gegn því – að þá væri erfiðast atvinnuástand á Norðurlandi af öllum byggðarlögum á landinu. Að þessari áætlun hefur síðan verið unnið.

Nú er gerð atvinnumálakafla Norðurlandsáætlunar að ljúka. Hv. samþm. minn, 5. þm. Norðurl. e., var að vísu ekki mjög ánægður með yfirlýsingar mínar um það efni á liðnum árum, og taldi, að allt hefði það gengið tregar en ég hefði lofað. Að vísu vil ég ekki kannast við, að ég hafi lofað neinu um það, sagði aðeins það, sem ég hafði reiknað með, vegna þess að það er nú ekki ég, sem geri þessa áætlun, heldur var Efnahagsstofnuninni falið að gera þetta. Og hverju sinni, þegar ég sagði frá því, hvað ég reiknaði með eða teldi líklegt, þá byggðist það á umsögnum Efnahagsstofnunarinnar um gang málsins. Hinu hefur þessi stofnun hvað eftir annað vakið athygli á, að það hafi seinkað þessari áætlun, hvað mannafli hennar miðað við verkefni hafi verið naumur, og hvað eftir annað komið fyrir tímabundin vandamál, sem stofnuninni voru fengin til meðferðar, sérstaklega í sambandi við erfiðleika sjávarútvegs, vinnudeilur og annað, sem tók upp allan starfstíma stofnunarinnar. Og auk þess gerðist það óhapp varðandi áætlunina, sem má vafalaust telja happ að öðru leyti, að maðurinn, sem aðallega vann að henni, var tekinn af okkur Norðlendingum og fluttur norður til allt annars verkefnis, en hann er núverandi bæjarstjóri á Akureyri. En þetta olli því, að áætlunargerðin lá niðri um nokkurra mánaða skeið, áður en hægt var að hefjast handa um hana aftur, þannig að við getum kannske sjálfa okkur um sakað varðandi þetta atriði.

Ég veit nú ekki nema menn kunni að brosa, ef ég segi enn einu sinni, að það sjái fyrir endann á þessari áætlun. En það er nú samt svo, að atvinnumálakafla áætlunarinnar er lokið, þannig að hún er nú til yfirlestrar hjá Efnahagsstofnuninni, og verður síðan borin samkv. samkomulagi, sem þar að lútandi var gert, undir samtök sveitarfélaga á Norðurlandi og samtök verkalýðsfélaga á Norðurlandi, sem ég vona, að taki skamman tíma, því við þessa aðila hefur náttúrlega verið meira og minna rætt um málið. Og ég geri mér því fullkomlega vonir um það, að nú innan mjög skamms tíma — ég hafði jafnvel vonazt til, að það yrði áður en þingi lýkur, en það getur ekki orðið — þá verði hægt að ganga frá þessari áætlun, þannig að hún geti orðið til til fjölritunar, og þá get ég lofað hv. þm. því, að það er að sjálfsögðu eðlilegt og sanngjarnt, að a. m. k. þm. þeirra svæða, sem þetta varðar, fái þessa áætlun til athugunar, þegar eftir að hún hefur verið gerð.

En Austurlandsáætlun hefur ekki verið gerð. Ég veit að vísu, að Austfirðingar hafa haft mann á sínum vegum til að vinna að undirbúningi þeirrar áætlunar. Um það mál hef ég ekkert séð, og eins og sakir standa og eins og gert er ráð fyrir í lögum, þá er reiknað með því, að Atvinnujöfnunarsjóður hafi forgöngu um gerð byggðaáætlana, og svo sem ég áðan sagði, þá hefur Atvinnujöfnunarsjóður nýlega samþ. og leitað um það álits Efnahagsstofnunarinnar formlega, hvort ekki væri tímabært að hefjast handa um gerð samgönguáætlunar fyrir Austfirði og að ljúka atvinnumálakafla Vestfjarðaáætlunar, sem aldrei hefur verið gerður nema í ramma. Á þessu stigi tel ég engan veginn tímabært að leita lántökuheimilda til þessara framkvæmda, sem er ekki einu sinni búið að taka ákvörðun um, hvernig að verði unnið, hvort verði tekin samgönguáætlun út af fyrir sig, eða atvinnumálaáætlun fyrir Austurland, eða hvernig því verði hagað. Hér er aðeins leitað lántökuheimilda til lántöku, sem þegar er vitað, að er auðið að fá. Ég tel engar líkur til, að við ættum kost á því að fá lán til Austfjarðaáætlunar á þessu stigi, því að það hefur meira að segja gengið erfiðlega að fá lán til Norðurlandsáætlunar, vegna þess að við höfum ekki getað gefið nægilega ljósar upplýsingar um það, til hverra hluta þetta lán ætti að ganga, af því að áætlunin hefur ekki verið tilbúin. Hvað þá, ef við færum nú á fjörurnar um lántöku til áætlunar, sem við getum ekkert sagt um, annað en að við hugsum okkur að gera hana.

Þetta má enginn skilja sem nokkra andstöðu mína við þá hugmynd, sem hér liggur að baki, heldur er það ákveðin skoðun mín, að hér sé ekki um tímabæra till. að

ræða, og að fyrst þurfi að komast niður á, hvaða kafla Austfjarðaáætlunar eigi að leggja áherzlu á, og hvaða þarfir það verði, fjárhagslega séð, sem þurfi þá að uppfylla, til þess að hægt verði að framkvæma þá áætlun, eins og t. d. var gert formlega varðandi samgöngumálaþátt Vestfjarðaáætlunar. Þetta veldur því, að ég tel fyrir mitt leyti ekki mögulegt og leggst mjög gegn því, að þessi brtt. hv. þm. Austf. verði á þessu stigi samþ. við þetta frv.

Varðandi það, hvað sé Norðurland þá er það náttúrlega kannske rannsóknarefni út af fyrir sig, en eitthvað eru þm. Vestf. í vafa um, hvað hluti af þeirra kjördæmi skuli teljast. En það liggur ljóst fyrir, að Strandasýsla tilheyrir Norðurlandi, enda þótt Norðlendingar muni ekki fara að ásælast kjósendur þeirra þar, það er önnur saga. En þegar samkomulagið var gert við verkalýðssamtökin á sínum tíma þá náði það einnig til Strandasýslu, því ég hygg, að það sé innan svæðis þess verkalýðssambands Norðurlands, sem starfandi er og samningarnir voru þá gerðir við. Og það sem meira er; ákveðið var að teygja Norðurland einnig suður til Vopnafjarðar. Hversu glaðir Austfirðingar verða yfir því skal ég ekkert um segja, en það er ástæðan til þess, að Vopnafjarðarhöfn hefur hlotið vissa náð fyrir augum okkar í sambandi við Norðurlandsáætlun, að þeir eru taldir tilheyra Norðurlandi að þessu leyti. Ég get hinsvegar jafnframt gefið þá yfirlýsingu, að við höfum ekki hugsað okkur að sækjast eftir þeim kjósendum þeirra Austfjarðaþm., sem þar búa heldur. En sem sagt það er rétt, að það liggi ljóst fyrir, að Norðurlandsáætlun nær yfir svæðið frá og með Strandasýslu til Vopnafjarðar eða suður til Bakkaflóa. Vopnafjörður er þar reyndar með. Það mun vera suðuroddi þessarar áætlunar í framkvæmd.

Hér hafa komið fram brtt., sem eru í því fólgnar, að ákveða nú í þessum lögum, hvernig eigi að ráðstafa þessu fé. Þetta tel ég ákaflega óheppilegt, ekki vegna þess að það séu ekki allt nytsamlegar og góðar framkvæmdir, sem hér er talað um, heldur sýnist mér með öllu móti óeðlilegt að fara að afgera, hvernig þessu fé skuli ráðstafað, án þess að þessi áætlun liggi fyrir. Og án þess að vitað sé, hvort hún samræmist því, sem hér er gert ráð fyrir. Til dæmis standa þannig sakir, að í áætluninni, eins og hún liggur fyrir núna, er ekki gert ráð fyrir vegamálum, á þessu stigi. Það verður unnið áfram að vegamálakafla Norðurlandsáætlunar, það er allt önnur saga, en á þessu 1. stigi er hann ekki tilbúinn, og hann mun ekki vera í þeirri áætlun, sem innan tíðar verður nú birt; ekki teljast til atvinnumálakafla hennar. Rafvæðingin verður þar að vissu leyti, það get ég sagt, án þess að fara út í einstök atriði, en hvort hún verður nákvæmlega í því formi, sem hér er gert ráð fyrir, um rafvæðingu býla á þessu svæði upp að tveimur km, það þori ég ekkert um að segja.

En það er eitt, sem ég vil leggja áherzlu á, varðandi báðar þessar brtt., sem líka gerir þær ófærar til framkvæmda og samþ., eins og þær eru. Og það er, að það er ekki ætlazt til að þetta fé sé óafturkræft, þannig, að ef það ætti að leggjast til vega eða til raforkuframkvæmda þá yrði það að endurgreiðast. Og þetta byggist á því, að það hefur verið ákveðið, að Atvinnujöfnunarsjóður taki þetta þýzka lán, sem tekið verður til Norðurlandsáætlunar, en samkvæmt lögum um Atvinnujöfnunarsjóð þá má hann aldrei veita óendurkræft neitt fé, sem tekið er að láni erlendis frá. Og raunar ekki neitt fé, sem tekið er að láni, heldur skal eingöngu verja því til framkvæmda, sem eru það öruggar, að telja megi víst, að féð verði endurgreitt. Og þetta yrði þess vegna að vera í því formi, ef það ætti t. d. að verja því til rafvæðingar strjálbýlisins, að þá yrði að liggja fyrir skuldbinding um það frá ríkissjóði, að ríkið veitti fé á einhverju árabili til þess að endurgreiða þetta lán. Og sama mundi verða með vegamálin, að ef ætti að verja þessu til þessara vega þá yrði að liggja fyrir — ég satt að segja veit nú ekki frá hverjum hún ætti að liggja fyrir á þessu stigi — yfirlýsing um það, að Vegasjóður tæki að sér endurgreiðslu þessara lána á vissu tímabili.

Og ég tek hér dæmi, sem vikið var að af einhverjum þessara hv. þm. — ég man nú ekki, hver þeirra það var, það skiptir ekki máli — þar sem hann talaði um, að nú mundi þegar, í sambandi við Norðurlandsáætlun, þótt hún væri ekki tilbúin, vera búið að ákveða tvær lánveitingar. Aðra til hafnargerðar í Vopnafirði og hina til iðnskóla á Akureyri. Þetta er hvort tveggja rétt. Þetta er gert hvort tveggja í samráði við atvinnumálanefnd ríkisins. Atvinnujöfnunarsjóður hefur gert þetta, byggt á umsögn Efnahagsstofnunarinnar um það, að hvor tveggja þessara framkvæmda geti fallið innan ramma Norðurlandsáætlunar, eins og Efnahagsstofnunin muni nú ganga frá henni. En þessi lán eru veitt með þeim hætti, og því segi ég frá til að útskýra það sem ég áðan sagði, að fengi ekki staðizt með vegina og rafvæðinguna, eins og frá þeim till. er gengið, að t. d. lánveitingin til Iðnskólans á Akureyri er háð því skilyrði, að fjvn. gefi um það yfirlýsingu, að hún muni beita sér fyrir því, og reyndar rn. líka, að á næstu fjórum árum verði tekin í fjárlög nægilega há upphæð til þess að endurgreiða þetta lán. Og þetta er auðvitað nægileg trygging. Með hafnargerðina í Vopnafirði er sömu sögu að segja. Að það er gerð sú krafa, að fyrir liggi, að þessi hafnargerð sé innan ramma hafnaáætlunar, hún verði gerð til fjögurra ára, að þingmenn þessa kjördæmis lýsi því yfir, að þeir muni styðja það, að fjárveiting hennar verði í samræmi við það, sem þar er lagt til. Og í þriðja lagi, að fjvn. Alþ. gefi yfirlýsingu um það, að hún muni fyrir sitt leyti styðja það, að þessi fjárveiting verði veitt, til að hægt sé að endurgreiða lánið á vissu tímabili. Þessi dæmi nefni ég aðeins til þess að mönnum verði ljóst, hvernig framkvæmd þessa er hugsuð, að þetta er allt hugsað sem lánveitingar til skemmri eða lengri tíma, helzt til sem skemmst tíma til þess að sé hægt að velta fénu hraðar, greiða fyrir mikilvægum framkvæmdum.

Það er ljóst auðvitað, að hafnargerð í Vopnafirði er grundvöllur undir atvinnulífi þar, þannig að það er ekkert efamál, að það fellur undir atvinnumálakaflann. Og jafnframt telur Efnahagsstofnunin, að Iðnskólabyggingin á Akureyri, þar sem jafnframt er bækistöð Tækniskólans og Vélskólans, sé slík undirstaða undir tæknimenntun á Norðurlandi, að hún sé tvímælalaust þáttur í almennri atvinnuuppbyggingu og verkmenningu á Norðurlandi og þess vegna sé nauðsynlegt að ljúka þeirri byggingu. Þetta eru ástæðurnar til þess, að þetta hefur verið tekið þarna með. Og þetta eru fyrstu

fjárveitingar, sem ákveðnar hafa verið af Norðurlandsáætlunarfé.

Ég veit ekki, hvort þessar skýringar eru teknar góðar og gildar af hv. þm., ég er með þessu ekki að mótmæla neinu af þeirra hugmyndum, sem þeir eru hér með, þetta er allt þarft og gott, en ég tel, að þetta séu fullgild rök fyrir því, að ekki sé stætt á því að samþykkja þessa till. um ráðstöfun fjár, samkv. áætlun, sem ekki hefur ennþá formlega verið gengið frá og með þeim hætti, sem ljóslega brýtur gersamlega í bága við þau vinnubrögð, sem höfð verða við lánveitingar samkv. þessari áætlun.

Hv. þm. Stefán Valgeirsson, 5. þm. Norðurl. e., spurðist fyrir um áætlunina. Ég hef þegar sagt, að ég vonast til, að hún verði til á næstunni og vonandi verður það nú öruggt mál, ekki síst af því að ég hef séð hana í handriti, svo að ég held, að það ætti ekki að geta staðið lengi á því.

Hann spyr, hvort 60 millj. séu ætlaðar til samgöngumála. Það er ekki gert á þessu stigi, því að eins og ég áðan sagði, þá er samgöngumálakafla áætlunarinnar ekki lokið.

Hann spyr um hitaveitur á Dalvík og Húsavík, og hefði reyndar kannske mátt spyrja og bæta við þriðja staðnum, Ólafsfirði, hvort gert væri ráð þar fyrir að lána til þeirra. Það getur vel komið til álita, að það verði gert, og það er bent á hagnýtingu jarðhitans sem mjög mikilvægan þátt í eflingu byggðar á Norðurlandi. En allar þessar framkvæmdir eru nú til meðferðar hjá atvinnumálanefnd ríkisins og munu væntanlega fá verulega aðstoð úr þeirri átt, til þess að þær komist í gang. Og hér er að vísu um svo stórar framkvæmdir að ræða, eins og hitaveitu á Húsavík, að þar þarf að framkvæma sérstaka lánsfjáröflun. En ég held, að allar þessar framkvæmdir séu það jákvæðar, að það sé ljóst, að hyggilegt sé í þær að ráðast og þær muni fá eftir einhverri leið jákvæða afgreiðslu.

Varðandi stækkun frystihúsa þá auðvitað fellur það undir ramma Norðurlandsáætlunar, án þess að ég geti farið að ræða þar um einstök frystihús, enda er Norðurlandsáætlunin ekki í því formi, að hún segi til um, hvaða tiltekin fyrirtæki eigi að stækka eða ekki stækka, heldur hvaða flokka fyrirtækja þurfi að efla og hvers konar atvinnurekstur. Mér er hins vegar kunnugt um það, að hjá atvinnumálanefnd ríkisins hefur þegar fengizt viðurkenning á því, að það sé brýn nauðsyn að stækka mjög verulega fyrst og fremst frystihúsið á Akureyri, vegna nýrrar starfsemi, sem þar á að taka upp. Og af hálfu bæði atvinnumálanefndar ríkisins og Atvinnujöfnunarsjóðs og enn fremur Fiskveiðasjóðs hefur á þessu ári verið varið verulegum fjárhæðum til aukningar margra frystihúsa á landinu, þar sem hefur þurft sérstakra endurbóta við.

Seinustu spurningunum, um það hvort þm. Norðlendinga fengju þessa áætlun í hendur, tel ég mig þegar hafa svarað jákvætt, og ég tel ekkert nema eðlilegt við það, eftir að hún hefur verið athuguð. Ég reikna með, að hún verði fyrst með eðlilegum hætti afhent ríkisstj., þar sem Efnahagsstofnunin hefur samkvæmt fyrirmælum hennar gert þessa áætlun og að þá verði frá henni gengið, þannig að þm. geti fengið hana.

Hins vegar hefur þegar verið ákveðið, og er það í samræmi við lög um Atvinnujöfnunarsjóð, að Atvinnujöfnunarsjóður sjái um framkvæmd áætlunarinnar, og þó að það séu ekki allir þm., sem þar eiga aðgang að, þá vill nú svo til, að stjórn þess sjóðs er skipuð sjö alþm., þannig að þeir munu þekkja flest þau vandamál, sem helzt er við að glíma í sambandi við uppbyggingu byggðarinnar.

Herra forseti. Ég bið afsökunar, að ég hef lengt umr. um þetta, hefði ekki viljað þurfa gera það, en taldi ekki mögulegt annað en víkja nokkrum orðum að þessum till., eins og þær liggja fyrir.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Ég ætlaði að mæla fyrir brtt. á þskj. 735, sem ég flyt ásamt hv. 5. þm. Austf. Vilhjálmi Hjálmarssyni, en till. er flutt hér í samráði við aðra alþm. af Austurlandi. Í till. er lagt til, að tekin verði upp ein viðbótarheimild í frv., um það, að ríkisstj. fái einnig heimild til þess að taka hliðstætt lán vegna Austurlandsáætlunar, eins og hún fær í þessu frv., eða gert ráð fyrir að hún fái með þessum lögum vegna Norðurlandsáætlunar. Og síðan leggjum við til, að fyrirsögn frv. breytist til samræmis við þessa efnisbreytingu.

Ég tók eftir því, að hæstv. fjmrh. vék nokkuð að þessari till. okkar í þeirri ræðu, sem hann var að ljúka við að flytja hér, og taldi sig ekki geta mælt með till., þar sem ekkert lægi ákveðið fyrir um Austurlandsáætlun, annað en það að rætt hefði verið um það af stjórn Atvinnujöfnunarsjóðs, að rétt mundi vera að fara að vinna að samgöngumálakafla Austurlandsáætlunar. Mér þykir þessi afstaða hæstv. fjmrh. vera æði einkennileg. Hér er aðeins um það að ræða, að ríkisstj. fái heimild frá Alþ. til þess að mega taka lán vegna Austurlandsáætlunar. Till. er ekki um það, að lán skuli tekið, heldur er hér um heimild að ræða, sem mundi að sjálfsögðu fela í sér vissa viðurkenningu á því, að það sé einnig ætlunin að vinna að framkvæmd Austurlandsáætlunar, eins og gert hefur verið varðandi Vestfirði og nú stendur yfir fyrir Norðurland.

Eins og hæstv. ráðh. minntist hér á þá hafa Austfirðingar þegar hafizt handa um undirbúning í þessum efnum og m. a. ráðið til sín starfsmann, sem vinnur að þessum undirbúningi og hefur tekið upp talsverða vinnu varðandi þessi mál í fullu samráði og samstarfi við Efnahagsstofnunina. Ég tel því kominn tíma til þess, að tekin sé ákvörðun a. m. k. á óbeinan hátt hér á Alþ. um það, að ætlazt sé til, að unnið verði að Austurlandsáætlun, þótt síðar kunni að verða, á hliðstæðum grundvelli eins og áformað er að gera fyrir aðra landshluta.

Ég held líka, að þær umr., sem hér hafa farið fram um Vestfjarðaáætlun og Norðurlandsáætlun að þessu sinni, þær beri það alveg ljóslega með sér, að það sé þörf á því að taka upp breytt vinnubrögð varðandi þessi mál, frá því sem verið hefur. Vinnubrögðin hafa verið þau, t. d. nú viðvíkjandi Norðurlandsáætlun, að fyrst er leitað eftir láni erlendis til framkvæmda á Norðurlandsáætlun og lánið er tekið og það er búið að taka lánið og það er þegar farið að ráðstafa þessu fé, a. m. k. í brb.-lán, en síðan er komið fram með till. á Alþ. og leitað eftir heimild Alþ. til þess að mega taka lán í þessu skyni. Þetta eru vitanlega algjörlega óhæf vinnu-

brögð, að standa þannig að málum, það væri miklu nær að fara þannig að, eins og við leggjum til á till. okkar, að ríkisstj. fái fyrst heimild til lántöku í tilteknu skyni og síðan verði unnið á eðlilegan hátt að undirbúningi málsins, áður en kemur til beinnar lántöku. En það er ekki nóg með það, að vinnubrögðin hafa verið svona varðandi heimildir og lántökur og jafnvel ráðstöfun á þessu lánsfé, heldur er greinilegt, að hæstv. fjmrh. virðist leggja þá merkingu í áætlanir af þessari gerð, að hann telur, að Efnahagsstofnunin eða einhver slíkur aðili eigi hér að hafa fullnaðarvald um það, hvað inn í áætlunina á að koma. Og ef einstakir þm. koma fram með uppástungur um það, hvað þeir teldu, að ætti að vera í áætluninni þá eru þeir afgreiddir á þann hátt, að það sé alls ekki tímabært að taka slíkar till. fyrir, vegna þess að það sé engan veginn víst, að um þetta efni verði fjallað í áætluninni, rétt eins og alþm. og sjálft Alþ. hafi hér engan tillögurétt um. Út af fyrir sig var hægt að vinna að þessum málum þannig að fela Efnahagsstofnuninni að vinna að gerð slíkrar framkvæmdaáætlunar, sem þessar byggðaáætlanir eru. Og Efnahagsstofnunin gat fullunnið það verk og lagt síðan fram sínar till. og grg. um áætlunina. En auðvitað verður með einum eða öðrum hætti að koma fram hér á Alþ. hvernig þessar áætlanir eiga að vera. Eiga þær að samþykkjast á Alþ. og síðan að framkvæma samkv. því, eða vill Alþ. gera ákvörðun um það að fela einhverjum stofnunum það vald að mega ákveða um þessar áætlanir.

Þessi vinnubrögð, sem nú eru viðhöfð, eru gjörsamlega forkastanleg. Þegar svona er staðið að málum þá kemur það t. d. upp, eins og nú hefur gerzt, að vegna þess að einhverjum aðila dettur það til hugar eða þykir það hagkvæmt að teygja t. d. Norðurlandsáætlun austur í Vopnafjörð vegna þess, að einhverjir góðir menn eru þar að vinna að tilteknum verkum, sem þeir hafa tekið að sér í akkorði og það þarf einhvern veginn að leysa þeirra mál, þá snara menn sér til og ákveða það, að hafnargerð á Vopnafirði skuli teljast undir Norðurlandsáætlun. Og slíkt sem þetta á svo að standa, hvað sem um það yrði sagt, t. d. af hv. alþm. Auðvitað eru öll vinnubrögð af þessu tagi gjörsamlega forkastanleg. Jú, það er rétt, þeir á Vopnafirði og við þm. á Austurl. getum út af fyrir sig verið ánægðir yfir því, að vegna þess að svona eða á annan veg stendur á fyrir þessum eða hinum manni þá fæst þó hafnargerð í okkar kjördæmi, sem annars hefur ekki fengizt. En hvað um það, það verður vitanlega að ganga frá því hér á Alþ. hverjir það eru, sem raunverulega eiga að leggja síðustu hönd á gerð slíkra framkvæmdaáætlana sem þessara. Það getur ekki verið neitt einkamál ríkisstj., eða einstakra ráðh. og heldur ekkert einkamál Efnahagsstofnunarinnar, að ákveða það, hvað í slíkri áætlun á að vera. Þessir aðilar geta gert till. um málið, þeirra áætlunargerð getur verið lögð fyrir Alþ. og Alþ. getur gert þar breyt. á, ef það óskar að gera hana, eða þá, að Alþ. gengur fyrirfram þannig frá málum, að fela ákveðnum stofnunum, ja, t. d. eins og Atvinnubótasjóði og öðrum slíkum, fullnaðarvald til þess að gera slíka áætlun og standa að framkvæmd hennar. En þetta, að standa svona að málum, að embættismannastofnun geti ein ráðið því, hvað í áætlun er sett og síðan sé sagt raunverulega við alþm.: Um þetta hafið þið engan tillögurétt, og ef þið flytjið um það till., að inn í áætlunina skuli tekið þetta eða hitt, þá er ekki víst, að það passi við það, sem embættismennirnir hafa hugsað sér. Á þennan hátt er ómögulegt að afgreiða þessi mál.

Ég tel þvert á móti, að það sem réttast væri að gera nú varðandi Austurlandsáætlunina, af því að þar stendur maður þó frammi fyrir verkefninu óleystu, það sé að viðurkenna með samþykkt till. eins og okkar till. er, að ríkisstj. fái heimild til lántöku í þessu skyni. Það er ekki ætlazt til að lánið sé tekið, fyrr en frá áætluninni hefur verið gengið. En síðan sé unnið á eðlilegan hátt að því að gera áætlunina, og svo ætti, að mínum dómi, að leggja drög að áætluninni fyrir Alþ., sem á að fjalla um áætlunina. Og þá fái þm. rétt til þess að koma fram með sínar aths., ef þeir vilja. Það er auðvitað alveg ljóst, að á þann hátt, sem að þessum málum hefur verið staðið af hæstv. ríkisstj. þá er ekki hægt að koma hér við neinum eðlilegum vinnubrögðum. Það þarf að gera hér á breyt. Ég tók eftir því t. d., að hæstv. fjmrh. sagði: „Rafvæðingarmál verða í Norðurlandsáætlun.“ Ja, ég segi hins vegar, hvaðan kemur hæstv. ráðh. vald til að segja það, að þetta skuli vera. Það er ekki búið að ákveða neitt hér á Alþ., hvernig hún verður endanlega. Rafvæðingarmálin verða tekin upp í drög að Norðurlandsáætlun, það veit hæstv. ráðh. um. En hvort áætlunin verður endanlega afgreidd þannig eða ekki, um það á Alþ. að segja og í rauninni enginn annar. Það eru í mesta máta óeðlileg vinnubrögð að hugsa sér það, að tekin séu erlend lán, sem nema hundruðum millj. kr. og þessum lánum sé síðan ráðstafað til ýmiss konar framkvæmda, eins og vegagerðar, hafnargerðar, rafvæðingar eða annars þess háttar, án þess að alþm. fái tillögurétt um það, hvernig þessu fé verði varið. Það er búið að gera nógu mikið rangt í þessum efnum varðandi Vestfjarðaáætlunina. Þar á ég við, hvernig að þeim málum var staðið, ég er ekki að leggja neinn dóm út af fyrir sig á þau verk, sem þar voru unnin. En formið var rangt og því miður sýnist mér, að formið á Norðurlandsáætlun ætli einnig að verða rangt. Og vegna þessa m. a. er það, sem við þm. Austurl. leggjum á það áherzlu, að nú verði unnið rétt að þessu varðandi Austurlandsáætlun, hér verði gerð óbein samþykkt um það, að það sé ætlunin að fara í Austurlandsáætlun, ríkisstj. fái heimild til lántöku. Á þann hátt a. m. k. teljum við okkur á Austurlandi hafa meiri rétt til þess að vinna að undirbúningi málsins og kosta þar nokkru til. En með því er á engan hátt lagt til, að ríkisstj. fari í það að taka lán fyrr en áætlunin hafi verið gerð.

Ég held því, að hæstv. fjmrh. mætti endurskoða þessa afstöðu sína, sem kom fram hér áðan til þessarar till. og taka við þessari heimild. Hún getur ekki illt gert, en hún felur að vísu í sér vissa viðurkenningu á því, að það sé ætlunin að vinna að gerð Austurlandsáætlunar, en þá viðurkenningu eigum við rétt á því að fá. Og á þennan hátt væri einnig lagður grundvöllur að því að standa að þessum málum á eðlilegri hátt en nú hefur verið gert. Nú, ég skal svo ekki, af því að ég veit, að tíminn er mjög naumur hér á Alþ., nú eins og komið er, orðlengja frekar um þetta. Við, sem stöndum að till. á þskj. 735, ég og hv. 5. þm. Austf., erum út af fyrir sig samþykkir þessu frv., en leggjum áherzlu á það, að okkar till. verði

samþykkt þar til viðbótar og ríkisstj. fái þá heimild, sem þar er fjallað um, varðandi Austurlandsáætlun.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Ég ætti nú ekki að vera að lengja umr., en það voru samt örfá orð í ræðu hv. 4. þm. Austf., sem gefa mér tilefni til þess að segja nokkur orð, aðallega í upplýsingaskyni. Honum fannst þessar áætlanir, sem gerðar hafa verið til þessa, hafa borið að með mjög óeðlilegum hætti og ruglingslegum og þess vegna vantaði algjörlega að setja um það einhver ákvæði, hvernig að byggðaáætlunum skyldi unnið. Það sem gerzt hefur í þessum efnum — það er í rauninni rétt, að það hefur gerzt nokkuð tilviljanakennt, og þó ekki tilviljanakennt. Að Vesturlandsáætlun var unnið samkv. ályktun frá Alþ. á sínum tíma. Framkvæmdabankanum var þá falið að framkvæma það verk. Að Norðurlandsáætlun var unnið að segja má tilviljanakennt að því leyti, að það var þáttur í kjarasamningum, að ríkisstj. féllst á að láta gera þessa áætlun.

En þegar þessum tveimur áætlunum sleppir er í rauninni ekki ætlunin að vinna neitt tilviljanakennt að þessari áætlanagerð, vegna þess að um þær gilda núna ákveðin lög. Lög um Atvinnujöfnunarsjóð segja beinlínis, að Atvinnujöfnunarsjóður láti, eftir því sem tilefni gefst til, gera byggðaáætlanir, annaðhvort um almenna þróun byggða eða um einstaka byggðaþætti í byggðaþróun og að Efnahagsstofnunin sé Atvinnujöfnunarsjóði til aðstoðar við þessar áætlanir, þannig að ég tel, að með þessu sé fengin alveg föst regla um þetta efni, hvernig að þessu skuli unnið. Það verður Atvinnujöfnunarsjóður, sem ákveður þetta, en alls ekki ríkisstj. Og Alþ. hefur sjálft ákveðið með þessum lögum, að Atvinnujöfnunarsjóður skuli gera þessar áætlanir, enda er eðlilegast, að sjóðurinn geri það, vegna þess hlutverks, sem honum er fengið í hendur, að stuðla að jafnvægi í byggð landsins á sem flestum sviðum. Því er það einmitt nú, að Atvinnujöfnunarsjóður hefur tekið til meðferðar, hvort gera skuli samgönguáætlun fyrir Austurland, og gert um það samþykkt, að það verði kannað og atvinnuþróunaráætlun fyrir Vestfirði, sem eingöngu er til sem rammaáætlun. Ákvörðun hefur ekki verið tekin hjá Atvinnujöfnunarsjóði um þetta mál enn þá, en það verður gert á næstunni, vegna þess að Norðurlandsáætlun er nú lokið. Hins vegar hefur það verið skoðun Atvinnujöfnunarsjóðs, miðað við allar aðstæður, bæði vegna fjárhagsmöguleika og vegna mannafla, sem til áætlunargerðar er, og skynsamlegra vinnubragða á allan hátt, að þá er ekki æskilegt að hafa margar slíkar áætlanir í gangi.

En hins vegar mun það mjög auðvelda áætlunargerð, þegar Norðurlandsáætlun er tilbúin, vegna þess að hún er fyrsta atvinnuþróunaráætlun, sem gerð hefur verið hér á landi og fyrsta áætlun, sem gerð er af innlendum sérfræðingum. Ég vil taka það skýrt fram, að á þessa Norðurlandsáætlun hef ég alltaf litið sem rammaáætlun og að Atvinnujöfnunarsjóður væri ekki endilega skuldbundinn til að vinna nákvæmlega eftir þessari áætlun, heldur hefði hana til hliðsjónar. Og ég hef aldrei litið svo á, að það væri ætlunin, að hún yrði lögfest.

Að hún sé gerð af embættismönnum einum, er ekki rétt að því leyti til, að það var svo ákveðið í upphafi og hefur verið gert, að um þessa áætlun skyldu höfð samráð við sveitarstjórnir á áætlunarsvæðinu og við stéttarsamtök, þannig að þar hafa komið fram miklu fleiri viðhorf heldur en viðhorf embættismannanna. Þegar ég talaði um, að rafvæðingarmál yrðu í Norðurlandsáætlun, þá er það auðvitað rétt, sem hv. þm. sagði, að með því móti get ég ekkert fullyrt um það, hvað gert verði í þeim efnum. Þetta er áætlun, þetta er planlagning á viðfangsefnum sem þarf að sinna, en ekki lögfesting á því hvað skuli gert. Það sem ég átti við er aðeins það, að það mun verða að koma fram í Norðurlandsáætlun, að vissar framkvæmdir í raforkumálum séu nauðsynlegar til eflingar byggðar á þessu svæði. Þetta er það eina, sem ég átti við.

Varðandi það, að það geti ekkert illt gert að hafa svo og svo margar lántökuheimildir í eitt eða annað, hvort sem það er Austfjarðaáætlun eða annað, þá má það satt vera, hins vegar finnst mér það alltaf ákaflega óviðkunnanlegt, og það hefur verið stefna mín að leita alls ekki eftir lántökuheimildum, nema nokkurn veginn væri örugglega vitað til hvers lánið ætti að taka og væri búið að gera sér alveg grein fyrir því, og jafnframt líkur fyrir því, að lánið fengist. Um bæði þessi lán, sem hér er beðið um, er öruggt, að þau fást og hafa þegar fengizt og í báðum tilfellunum er um formlegar áætlanir að ræða, önnur hefur þegar verið í gangi alllengi og er verið að ljúka henni og hin er nú að hefjast.

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. Enn gefur hún, blessuð ríkisstj., Norðurlandi. Nú segir hæstv. fjmrh., að það beri ekki einungis að telja Vopnafjörð til Norðurlands, heldur alla Strandasýslu líka. Það er galli að fá ekki með þetta góða fólk, sem býr í þessum héruðum, í hóp okkar Norðlendinga, að mínum dómi. Hæstv. ráðh. var eitthvað að andmæla tíll., sem ég ásamt fleirum hef flutt, um að verja nokkru af þessu fé Norðurlandsáætlunar til að ljúka rafvæðingu þeirra sveita á Norðurlandi, þar sem meðallínulengd milli býla er ekki meiri en svo, að fært þykir að leggja til þeirra rafmagn frá samveitum; og einnig till. okkar tveggja um nokkur framlög til ákveðinna endurbóta á vegum á Norðurlandi. Hæstv. ráðh. segir, að það sé ekki meiningin, það hafi aldrei verið meiningin að láta óendurkræft fé til þessara hluta. Hver segir, að þetta þurfi að vera óendurkræft. Hvernig var það með Vesturland? Þar fór mikið fé samkvæmt Vesturlandsáætlun til vegagerða, til samgöngumála, er það lán? Hver tekur það lán? Er það Vegasjóður, eða hver? Það er hægt að hafa alveg sama háttinn á við Norðlendinga, alveg sama háttinn á eins og við Vestfirðinga, útvega þetta fé með sömu skilyrðum eins og þar var gert, og um rafmagnið er það að segja, að þetta þarf ekki endilega að vera óendurkræft. Það er hægt að láta þetta sem lán til rafmagnsveitnanna, það er ekkert sem mælir á móti því. Ekkert í till. okkar, sem stríðir á móti því, ef það þætti heppilegt að hafa það þannig.

Þessi sendimaður Efnahagsstofnunarinnar, sem kom á fund fjhn. 23. apríl, og sem ég nefndi í minni fyrri ræðu, hann hafði nú lítið að segja, eins og ég sagði, því þetta var allt í lausu lofti. Ég veit ekki hvað kann að hafa gerzt á þeim 3 vikum, sem síðan eru liðnar, en

hann nefndi þó bæði framkvæmdir í raforkumálum og samgöngumálum, sem fyrirhugað væri að ráðast í á Norðurlandi fyrir það fé, sem tekið er að láni vegna Norðurlandsáætlunar. Hann nefndi það hvort tveggja. Hæstv. ráðh. nefndi þetta eiginlega líka áðan í sinni ræðu. Og ég sé ekki, að okkar till. stríði neitt á móti þessu.

Annars verð ég að segja það, að Alþ. á að hafa æðsta vald í þessum málum. Alþ. er æðra Efnahagsstofnuninni og Atvinnujöfnunarsjóði, þó að þetta séu merkar stofnanir, og alþm. eiga að hafa og hafa meira vald heldur en starfsmenn þessara stofnana, þó að þeir séu sjálfsagt vel lærðir menn. Og hér er verið að fjalla um frv. til laga um heimild fyrir ríkisstj. til að láta ríkissjóð ábyrgjast lán til þessara áætlana. Það er ekkert eðlilegra en Alþ. láti uppi vilja sinn um leið og það afgreiðir slíkt mál, láti uppi vilja sinn um ráðstöfun fjárins að einhverju leyti. Og það er það, sem við erum að leggja til, að verði gert með okkar brtt. Ég get því alls ekki fallizt á það með hæstv. fjmrh., að það sé nokkuð óeðlilegt við það, að Alþ. láti uppi þennan vilja sinn. Það er síður en svo.

Jónas Jónsson: Herra forseti. Ég skal ekki lengja þessar umr. mikið, þó að mikið væri hægt um þetta mál að segja. Það hefur verið nokkuð um það rætt, hvað þessi Norðurlandsáætlun ætti að fjalla um, og vægast sagt hefur það verið mjög á reiki, eftir þeim upplýsingum, sem hægt hefur verið að fá um það.

Ég minnist þess, að skömmu áður en núv. bæjarstjóri á Akureyri, þáv. starfsmaður Efnahagsstofnunarinnar, tók við sínu starfi, innti ég hann eftir því, hvað Norðurlandsáætlun liði og um hvað hún fjallaði, og hann kvað hana snúast aðallega um skipulagningu samgangna á Norðurlandi og rakti mér ýmsa þætti í sambandi við það, um flugvallaáætlanir, vegaáætlanir og hafnir. Á s. l. ári, eftir að kominn var sérstakur starfsmaður Norðurlandsáætlunar á Akureyri, ferðaðist hann um héruðin og ræddi við forráðamenn skólabygginga og snerust umræðurnar að mestu um að fá sveitarstjórnir og skólanefndir til að falla frá því að byggja heimavistir við barna- og unglingaskóla og var bent á það, að því fé mundi betur varið til þess að leggja vegi og meira en látið í það skína. Það skildu forráðamenn sveitarstjórnanna þannig, að það væri verið að lofa þeim þessu fé í ákveðna vegi, ef þeir tækju þessum fortölum, hvað margir og gerðu, en þykir sumum nú minna um efndir á því að fá fé í þessa ákveðnu vegi. Þetta gat verið mjög skynsamleg lausn á málinu. Ég er ekki að segja það. En þarna kemur í ljós, að þá virtist Norðurlandsáætlunin að nokkru leyti snúast um skólamál.

Það skiptir kannske ekki höfuðmáli, hvað þarna er um rætt. Það er augljóst, að það hefur verið vikið að fleira heldur en atvinnumálunum, enda margt þeim tengt. Ég vil t. d. halda því fram, að vegalagning og rafvæðing geti verið eitt af nauðsynlegustu grundvallaratriðum undir atvinnuuppbyggingu. Ég vil benda á það, að það að koma rafmagni á býlin, getur haft úrslitaáhrif á það, að þau haldist í byggð og sveitirnar haldist í byggð. Það er ekki síður mikilvægt fyrir héruðin í heild og ekki síður einmitt fyrir þessa staði, sem mest mun hafa verið reyndar hugsað um í sambandi við atvinnuna, þorpin og kaupstaðina, því að vissulega fá þorpin mjög mikið af sinni atvinnu frá þessum byggðum, og ef þær fara að dragast saman, þá er auðvitað minna um atvinnu í þorpum og kaupstöðum. Alveg það sama er um vegina að segja, að þeir auðvitað eru grundvallaratriði fyrir atvinnurekstrinum og þeir vegir, sem við hv. 1. þm. Norðurl. v. nefnum þarna, eru ábyggilega á þeim leiðum, að þá má kalla grundvallaratriði fyrir áframhaldandi atvinnuuppbyggingu á þessum svæðum. Ég get ekki séð annað en þetta geti þá fullkomlega fallið þarna saman — þó að það sé nokkurt misræmi í því — þó að við leggjum þarna til, að það sé lagt ákveðið fjármagn, tiltölulega hóflegt í vegina og rafvæðinguna. Og ég vil benda á það, að þetta skiptir svo miklu máli fyrir ákveðin héruð, ákveðna landshluta, sérstaklega þar sem harðindin hafa verið verst að undanförnu, að það er kannske ekki minnst það, ef maður mætti segja, sálfræðilega í þessu, að þessir landshlutar finni það, að það eigi að koma þeim til bjargar, en það sé ekki uppgjöfin ein, sem blasir þarna við. Þó ekki væri fyrir annað, væri full ástæða til að taka alveg sérstaklega fram fjárveitingar til rafvæðingar og vega til þessara héraða. Ég á t. d. alveg sérstaklega við héruðin og sveitirnar í Norður-Þingeyjarsýslu og reyndar Norður-Múlasýslu, þar sem verið hefur sérstakt harðæri að undanförnu. Þetta er mjög alvarlegt mál og væri ekki of mikið, þó að þetta væri tekið alveg sérstaklega fram. Ég vil líka benda á það, að eins og þetta horfir og ef við lítum á þessa Norðurlandsáætlun sérstaklega sem atvinnumálaáætlun, þá getur manni vel virzt það koma til greina, að það hallist nokkuð á. Ég vildi segja það þannig: verkalýðsfélögin eiga þarna aðild að og sveitarfélögin eða samtök sveitarfélaganna. Auðvitað eru bæirnir þar sterkari og það væri ekki ástæðulaust að líta sérstaklega til sveitahreppanna í þessu tilliti. Ég vil mega benda á, af því að það mun hafa verið borin fram fsp. um Sandárvirkjun hér sérstaklega, að hún væri ábyggilega eitt af þeim atriðum, sem mestu gæti valdið um þetta, sem ég hef áður nefnt í sambandi við það að veita þessum héruðum það, sem maður gæti kallað lífsvon.

Stefán Valgeirsson: Herra forseti. Ég vil byrja á því að þakka hæstv. fjmrh. fyrir hans svör í sambandi við þær spurningar, sem ég bar hér fram í sambandi við þetta mál. En þó harma ég það, að hann gekk framhjá einni spurningunni. Hann gat um það, að samgöngumálin eða vegamálin í raun og veru féllu ekki undir þennan hluta áætlunarinnar, sem búið er að gera. En hann gat um það, að rafvæðingin gerði það að nokkru leyti, en vildi ekki ræða það nánar. Ég bar fram hér alveg ákveðna spurningu, sem ég vil endurtaka og óska eftir því, að hæstv. fjmrh. gefi svör við. Ég spurði sérstaklega um Sandárvirkjun, vegna þess að það er mjög erfitt, eins og ég gat um, í Norður-Þingeyjarsýslu með rafvæðinguna þar. Það eru dieselstöðvar, sem skaffa þeim þar rafmagnið, en það er ákaflega erfiður rekstur, eins og allir vita, síðan gengisfellingarnar voru gerðar. Og þar sem í ljós hefur komið, að Sandárvirkjun er mjög hagkvæm virkjun, vil ég enn spyrja, hvort það komi til mála, að hún verði tekin inn í þessa áætlun.

Í sambandi við það, sem hæstv. fjmrh. sagði áðan, að hann liti á Norðurlandsáætlun fyrst og fremst sem rammaáætlun, er ég honum alveg sammála. En ég get ekki verið honum sammála að því leyti, að það sé eðlilegt, að það sé Atvinnujöfnunarsjóður, sem fjalli um þessi mál, en ekki þingið. Ég lít svo á, að með þessari áætlun sé í raun og veru verið að benda okkur á valkosti ýmsa, og það sé þá þingið, sem eigi að taka ákvörðun um hvern kostinn í þessu og þessu tillitinu á að taka. Og mér finnst það vera ákaflega einkennileg vinnubrögð og tek undir við hv. 4. þm. Austf., mér þykir ákaflega einkennilegt, að það skuli vera sagt af hæstv. fjmrh. sjálfum, að það sé í raun og veru ekki þingsins heldur Atvinnujöfnunarsjóðs að fjalla um þessi mál og taka ákvarðanir.

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. Ég hefði raunar getað fallið frá orðinu, en ætla samt að segja fáar setningar. Ég kvaddi mér hljóðs í tilefni af ræðu hæstv. fjmrh. áðan og hvernig hann tók í brtt., sem tveir þm. Austf. flytja. En nú hefur hv. 4. þm. Austf. tekið fram allt það, sem þarf að segja frá mínum bæjardyrum séð um þetta sjónarmið, sem kom fram í ræðu hæstv. ráðh.

Ég varð fyrir miklum vonbrigðum af ræðu ráðh., því að hann taldi ekki tímabært að samþykkja þessa lánsheimild. En það er einmitt tímabært að samþykkja slíka heimild til þess að hæstv. ríkisstj. fái þingviljann um það, hvort leita skuli eftir fjármunum í Austfjarðaáætlun. Ég vil taka undir það og strika undir það, sem hv. 4. þm. Austf. sagði, að þegar um var að tefla Norðurlandsáætlun og Vestfjarðaáætlun, þá var sótt um lán sumpart erlendis af hálfu hæstv. ríkisstj., áður en búið var að gera nokkur drög, sem því nafni væri hægt að nefna, að þessum áætlunum. Það var aðeins búið af hendi hæstv. ríkisstj. að taka þá stefnu, að þessar áætlanir skyldu gerðar, lengra var málunum ekki komið, þegar lánsumsóknir voru sendar. Í raun réttri eiga fyrst að koma heimildir frá Alþ. og síðan á að senda lánsumsóknir. Ég vil ekki samþykkja það eða viðurkenna með þögninni, að það verði öðru vísi haldið á Austfjarðamálunum en hinum, og vil því telja, að það sé fullkomlega tímabært að fá lánsheimild, t. d. ef ætti að fara í sjóðinn, sem starfar á vegum Evrópuráðsins. Það er fullkomlega tímabært að senda slíka umsókn inn, eins og á sínum tíma umsókn um fjármagn í Norðurlandsáætlunina var send inn löngu áður en áætlunin fór að mótast.

ATKVGR.
Brtt. 735,1 felld með 19:14 atkv.
1. gr. samþ. með 29 shlj. atkv.
Brtt. 755 felld með 16:13 atkv.
Brtt. 733 felld með 19:14 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: VH, ÞÞ, ÁÞ, EystJ, GeirG, JJ, HS, JSk, LJós, MK, SE, SkG, SV, SP.

nei: BGr, BF, BK, BBen, BGuðm, US, EmJ, FÞ, GuðlG, GÞG, RJ, JóhH, JP, MB, MÁM, PS, SI, EKJ, SB.

7 þm. (BP, EðS, ÓL, HV, IG, RA, ÞB) fjarstaddir.

Brtt. 734 felld með 19:12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: VH, ÞÞ, ÁÞ, EystJ, JJ, HS, JSk, LJós, SE, SkG, SV, SP.

nei: BGr, BF, BK, BBen, BGuðm, US, EmJ, FÞ, GuðlG, GÞG, RJ, JóhH, JP, MB, MÁM, PS, SI, EKJ, SB.

GeirG, MK greiddu ekki atkv.
7 þm. (BP, EðS, ÓL, HV, IG, RA, ÞB) fjarstaddir.
2. gr. samþ. með 28 shlj. atkv.
Brtt. 735,2 kom ekki til atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 33 shlj. atkv.

Á 97. fundi í Nd., 17. maí, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 30 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 806).

---

65. Kísilgúrverksmiðja við Mývatn.

Á 71. fundi í Ed., 10. apríl, var útbýtt:
Frv. til l. um viðauka við l. nr. 80 15. ágúst 1966, um kísilgúrverksmiðju við Mývatn [209. mál] (stjfrv., A. 443).

Á 73. fundi í Ed., 14. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Dómsmrh. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Frv. þetta til l. um viðauka við l. um Kísilgúrverksmiðju við Mývatn frá 1966 er flutt í samræmi við óskir og ákvarðanir ríkisstj. og aðalhluthafans í Kísiliðjunni á móti ríkinu, Johns-Manville, að hagkvæmt sé að stækka Kísilgúrverksmiðjuna við Mývatn upp í þau afköst, sem á sínum tíma var nú gert ráð fyrir, að hún ætti að ná — að vísu á vissu árabili — eða upp í 24 þús. tonna ársafköst. Reynsla sú, sem fengizt hefur af rekstri Kísilgúrverksmiðjunnar, er stutt, eins og mönnum var kunnugt um, en gefur það til kynna, að hér sé um hagkvæma og eðlilega ákvörðun að ræða. En til þess að svo megi verða, hefur verið talið nauðsynlegt, að ríkisstj. fengi heimild til þess að leggja fram allt að 150 millj. kr. af fé ríkissjóðs sem hlutafé í Kísiliðjunni við Mývatn til viðbótar framlagi, sem heimilað var með ákvæðum í 1. tölulið 1. mgr. 1. gr. laga frá 1966 um kísilgúrverksmiðju. Það er að vísu einnig gert ráð fyrir því, að ríkisstj. sé heimilt að taka lán í þessu skyni, ef síðan yrði ákveðið að hafa heldur þann hátt á.

Í grg. með frv. er rakin allýtarlega stutt saga reksturs Kísilgúrverksmiðjunnar við Mývatn. Í stórum dráttum má segja, að það hafi gengið vel að koma upp þessari verksmiðju. Áætlanir hafi staðizt og tímaákvarðanir einnig, en hins vegar er á það að líta, að afköst hafa ekki orðið jafnmikil og gert var ráð fyrir og er það aðallega talið stafa af því, að annar þáttur framleiðslunnar, sem kalla mætti votvinnslukerfið, hafi ekki náð þeim framleiðsluafköstum, sem gert var ráð fyrir. Hins vegar er gert ráð fyrir því, að þurrvinnslukerfið þurfi mjög litlar breytingar til þess að það geti annað afköstum, sem svara til heildarafkasta 24 þús. tonn á ári.

Á árinu 1968 voru aðeins framleiddar um 2500 lestir, en þessi framleiðsla gefur þó til kynna tvennt, sem er veigamikið, að framleiðslugæðin svara fyllstu kröfum og framleiðsla verksmiðjunnar hefur einnig reynzt auðseljanleg og er gert ráð fyrir því, að stækkun verksmiðjunnar eins og nú standa sakir muni ekki hafa í för með sér erfiðleika á sölu aukinnar framleiðslu. Það er talið, að félagið hafi nú, sem betur fer, unnið fullan bug á örðugleikum, sem það átti við að stríða í byrjun og sem að vissu leyti má kannske rekja til þess, að það er einstætt að vinna kísilgúr úr vatni. Annars staðar í heiminum hefur þetta verið unnið úr gömlum, löngu þornuðum vatnsbotnum eða þurrum jarðlögum og af þeim sökum hefur votvinnslukerfið ekki náð þeirri framleiðslugetu, sem gert var ráð fyrir, sennilega vegna ókunnugleika á einhverjum atriðum, sem menn hafa nú áttað sig á og telja sig geta ráðið bót á. Það er talið, að verksmiðjan vinni nú með ársafköstum, sem svara til 8000 lesta á ári, og gert er ráð fyrir, að með lítils háttar endurbótum á votvinnslukerfinu á þessu vori, geti hún náð því marki, að hún anni 10 þús. tonna framleiðslu á ári.

Það, sem hér er um að ræða, er, eins og ég sagði hér áðan, fyrst og fremst að stækka votvinnslukerfið til þess að ná þessari umræddu afkastagetu. Það verður að gera ráð fyrir því, að verksmiðjan muni á næstu árum eiga í örðugleikum, meðan afkastageta hennar er að aukast, og ekki gert ráð fyrir, að verksmiðjan muni bera arð umfram afskriftir, meðan hún er starfrækt með núverandi afkastagetu. Hins vegar er talið, að hún muni geta skilað nokkrum arði með stækkuninni, sem ráðgerð er á árinu 1973, og síðan, þegar stækkunin kemur til framkvæmda, starfað með vaxandi og stöðugt vaxandi arðsemi eftir þann tíma.

Það er bent á það, að í samningum, sem ríkisstj. gerði við Johns-Manville Corporation árið 1966, var svo fyrir mælt, að aðilar skyldu sjálfir leggja fram eða ábyrgjast útvegun á því fjármagni, sem þurfa mundi til stækkunar verksmiðjunnar að 24 þús. lesta ársafköstum, en sú stækkun, sem hér er um að ræða, er innan þeirra marka. Nú er það svo, að bæði Johns-Manville Corporation og íslenzku aðilarnir, fulltrúar ríkisstj. í verksmiðjustjórninni og ríkisstj. sjálf, telja heppilegast, að fyrri kosturinn verði tekinn að þessu sinni, að fé til stækkunarinnar verði lagt fram í formi aukins hlutafjár. Það er á það bent í grg., að með þessu sé ætlað, að fjárhagur félagsins yrði tryggður til frambúðar, þannig að aðilarnir þyrftu ekki að hlaupa þar frekar undir bagga, segja hluthafarnir eða þeir, sem eiga hlutinn í því nú. Einnig er á það bent, að arðgreiðslur félagsins til hluthafa eru ekki frádráttarbærar við ákvörðun skattskyldra tekna, því að það voru gerðir sérstakir samningar um skattgreiðslu fyrirtækisins en gagnstætt því sem nú er um önnur íslenzk hlutafélög, þar sem arðgreiðslurnar eru skattfrjálsar allt að 10% marki. Með því að leggja fé fram, en taka það ekki að láni, liggur þess vegna fyrir, að skattgreiðslur félagsins hérlendis yrðu hærri með þeirri aðferð, þar sem vextir af lánum til stækkunarinnar yrðu að sjálfsögðu frádráttarbærir.

Í sambandi við 2. mgr. 1. gr. er það að segja, að í samþykktum Kísiliðjunnar h.f. er svo fyrir mælt, að hluthafar skulu eiga forgangsrétt að aukningarhlutum í félaginu í hlutfalli við hlutafjáreign sína. Og þá mundi hlutafjáraukningin vegna stækkunarframkvæmdanna verða boðin út í samræmi við eða gerð í samræmi við þetta ákvæði, þannig að hver aðili haldi sínu að öllu forfallalausu og virðist þess vegna ekki unnt eða skylt að bjóða sveitarfélögunum á Norðurlandi frekari þátttöku í hlutafjáraukningunni en eignarhlutur þeirra segir nú til um, og er þessi mgr., sem ég vitnaði til, sett í frv. til þess að taka af öll tvímæli í því efni. Hins vegar er á það að líta, að það er auðvitað ekkert því til fyrirstöðu, að aukin þátttaka þessara sveitarfélaga gæti staðið þeim til boða. Það yrði þá væntanlega með þeim hætti, að ríkið léti af höndum eða seldi einhvern hluta af sínu hlutafé. Ég sé heldur ekki, að það geti neitt verið því til fyrirstöðu, sérstaklega þegar hér væri kominn upp eðlilegur verðbréfamarkaður, að einstaklingum og félögum öðrum en sveitarfélögum gæti á síðari stigum þessa máls verið boðin til kaups hlutabréf í Kísilgúrverksmiðjunni, a. m. k. ef samkomulag yrði um það milli aðilanna, sem ég geri ekki ráð fyrir, að þyrfti að standa á.

Það er gerð grein fyrir því í aths., að útgjöld félagsins, sem aðilarnir hyggjast mæta með þessari aukningu hlutafjárins, séu sumpart tilkomin vegna rekstrarhalla félagsins á árinu 1968 og sumpart vegna afborgana og vaxta af stofnlánum þess á árunum 1968 og 1969, svo og viðbótarframkvæmdum við verksmiðjuna á sama tíma. Þar er gert ráð fyrir því, að hluti ríkissjóðs í hlutafjárframlögum til þessara þarfa verði allt að 36 millj. kr.

Þá vil ég að lokum vekja athygli á niðurlagi greinargerðarinnar, þar sem það kemur fram, að ef svo heldur fram sem nú horfir um framleiðslu verksmiðjunnar árið 1969, er gert ráð fyrir, að sölutekjur félagsins standi undir öllum rekstrarútgjöldum þess á árinu og mun félagið ekki þurfa á aðstoð að halda til annars en afborgunar af stofnlánum að nokkrum hluta. En aðgerðir þær, sem frv. þetta gerir ráð fyrir, munu að sjálfsögðu stórbæta fjárhagsaðstöðu félagsins og áætlanir, sem í sambandi við það hafa verið gerðar, stefna að því, að félagið muni geta mjög aukið arðsemi sína eftir því sem framleiðslugetan eykst og eftir að hún er komin í full afköst.

Ég vil leyfa mér að vænta þess, að hv. þd. taki þessu frv. vel. Það þótti eðlilegast að hafa þetta form á, að frv. væri frv. til l. um viðauka við lög um Kísilgúrverksmiðjuna og er það eingöngu formsatriði. Hinu ber að sjálfsögðu sérstaklega að fagna á þessu stigi málsins, að sú litla reynsla, sem fengizt hefur af rekstri þessa fyrirtækis, enda þó að við byrjunarörðugleika hafi verið að stríða, bendir til þess, að hér hafi komizt upp og geti komizt upp mjög hagkvæmt fyrirtæki, sem er eitt af merkari fyrirtækjum, sem við Íslendingar höfum ráðizt í að koma upp á síðari árum, þar sem botnleðjan í Mývatni er gerð að verðmætri útflutningsframleiðslu. Það er þjóðarheildinni til hagsbóta og ekki sízt þeim sveitarfélögum, sem hér eiga nánast hlut að máli og er þá bæði átt við Mývatnssveit, Húsavík og önnur sveitarfélög fyrst og fremst í Þingeyjarsýslu.

Ég vil að svo mæltu leyfa mér að leggja til, að frv. verði að þessari umr. lokinni vísað til 2. umr. og hv. iðnn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til iðnn. með 14 shlj. atkv.

Á 80. fundi í Ed., 29. apríl, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 84. fundi í Ed., 2. maí, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 443, n. 574 og 597).

Frsm. meiri hl. (Sveinn Guðmundsson): Herra forseti. Frv. það, sem hér er til 2. umr., 209. mál Ed., er heimild fyrir hæstv. ríkisstj. að leggja fram allt að 150 millj. kr. sem aukið hlutafé í Kísiliðjuna h/f við Mývatn til viðbótar stofnfé ríkissjóðs að upphæð 39.8 millj. kr. Einnig heimilar þetta lagafrv. ríkisstj. að taka lán í þessu skyni. Á þskj. 574 skilar meiri hl. iðnn. nál. og mælir með þessari heimild og lántöku.

Lög um kísilverksmiðju við Mývatn voru samþykkt á Alþ. 1964, en breyting var gerð á þeim árið 1966, sem nú er í gildi. Samkvæmt þeim lögum tekst ríkissjóður á hendur ábyrgð að upphæð 75 millj. kr. eða jafnviði í erlendri mynt vegna byggingar kísilverksmiðju við Mývatn. Leyfi er veitt til stofnunar sérstaks sölufélags og samkvæmt 6. gr. l. eru tilteknir þeir skattar, sem verksmiðjunni beri að greiða. Öðrum sköttum en þar eru tilgreindir er verksmiðjan undanþegin.

Í athugasemdum, sem prentaðar eru með lagafrv. því, sem hér liggur fyrir, um kísilverksmiðju við Mývatn, er að finna margháttaðar yfirlýsingar, sem hv. alþm. hefur ekki verið skýrt frá áður. Má þar finna upplýsingar um mikla erfiðleika, sem þetta fyrirtæki hefur átt við að stríða, bæði tæknilega og fjárhagslega. Iðnn. boðaði af þessum sökum á sinn fund Pétur Pétursson forstjóra Álafoss h/f, en hann er einn af meðlimum stjórnar Kísiliðjunnar h/f, kosinn af hæstv. Alþ., og hefur haft yfirstjórn á uppbyggingu verksmiðjunnar af Íslendinga hálfu. Pétur mætti á tveim fundum hjá nefndinni, seinni fundurinn var sameiginlegur fyrir iðnn. beggja þd. Í þessum viðræðum fékkst staðfest allt það, sem segir í athugasemdunum með lagafrv. Rekstur Kísiliðjunnar hefur gengið mjög á annan veg en áætlað var, og hið erlenda félag, Kaiser, sem var fengið til að hanna verksmiðjuna, hefur hreinlega gefizt upp við að koma afköstum verksmiðjunnar upp í það framleiðslumagn, sem lofað var. Þess ber þó að geta, að kísilgúr hefur aldrei verið, svo vitað sé, unninn á þann veg, sem hér er gert. Talið er, að það mundu aðallega vera gufuþurrkarar verksmiðjunnar, sem ekki ná tilætluðum afköstum. Kísiliðjan h/f hóf tilraunarekstur seint á árinu 1967, en allt árið 1968 virðist einnig hafa farið í tilraunir, því að heildarvinnsla það ár var aðeins 2500 tonn. Verksmiðjunni var hins vegar ætlað að afkasta 12 þús. tonnum á ári. Verksmiðjan mun nú vinna með 8 þús. tonna ársafköstum, en með viðbótartækjum, sem keypt hafa verið frá Ameríku, er talið að hún muni ná 10 þús. tonna ársafköstum og séu það þau hámarksafköst, sem þessi vélasamstæða geti nokkurn tíma náð. Er það 16% undir því, sem verksmiðjan er byggð fyrir. Byggingaráætlun hefur því engan veginn staðizt, eins og sést af athugasemdum með lagafrv., þó annað hafi komið fram við ýmis tækifæri. Það er ástæða til þess að undirstrika, að vélar í Kísiliðjuna h/f voru allar innfluttar frá Ameríku.

Eins og minnzt hefur verið á, hefur fjárhagsafkoma Kísiliðjunnar verið mjög slæm þann tíma, sem fyrirtækið hefur starfað, og í beinu hlutfalli við afköst verksmiðjunnar. Halli ársins 1968, sem er fyrsta heila árið, sem verksmiðjan hefur starfað, nam 33.6 millj., en af því eru 10 millj. afskriftir og 9.7 millj. gengistap. Ef verksmiðjan hefði skilað fullum afköstum hefði því orðið álitlegur hagnaður af rekstrinum. Líklega hafa fengizt um 15—20 millj. fyrir framleiðslu ársins 1968, en hefði verksmiðjan skilað 12 þús. tonna afköstum, hefði framleiðslan orðið 70—90 millj., að sjálfsögðu hefði orðið nokkru meiri kostnaður og aðrir kostnaðarliðir einnig hækkað, en verksmiðjan hefði þá verið rekin með tilætluðum árangri.

Eins og fram kemur í aths. við lagafrv., þá er það álit færustu manna, sem um þetta mál hafa fjallað, að einasti möguleikinn til þess, að Kísiliðjan h/f komist á fjárhagslega réttan grundvöll, sé að stækka verksmiðjuna nú úr þeim 8 þús. tonna afköstum, sem verksmiðjan er í; fyrst um 2 þús. tonna aukningu nú í vor og síðan á þessu ári eða byrjun næsta árs um 12 þús. tonn, eða nær þrefalda núverandi afköst verksmiðjunnar. Kostnaðarverð verksmiðjunnar um s. l. áramót var 288.6 millj. Þessi stækkun nú er talin kosta 200 millj. Nefndin hefur fengið upplýst, að hinn erlendi sameignarfélagi, Johns-Manville, sé fyrir sitt leyti tilbúinn til þessarar fjárfestingar, þótt hins vegar samningur hafi ekki verið undirritaður enn. Þessi stækkun virðist eins og nú er komið einasti möguleiki til þess að koma rekstri verksmiðjunnar á fjárhagslega réttan grundvöll.

Um atvinnuspursmál er hér ekki mikið að ræða, nema á byggingartímanum, þ. e. byggingarframkvæmdir á staðnum og smíði tækjanna hér á landi, sem sjálfsagt er að halda fast við. Í verksmiðjunni starfa nú um 30 manns, en viðbótin veitir aðeins 12 manns atvinnu.

Í viðræðum, sem hafa átt sér stað við talsmann Kísiliðjunnar, Pétur Pétursson, og áður er vikið að, hefur m. a. þetta komið fram:

Verð á kísilgúr er nú 9800 kr. tonnið landað í Evrópuhöfn, fraktin frá Húsavík er hins vegar um 1700 kr., er því komið í skip á Húsavík 8000 kr. tonnið. Kísilgúrinn er talinn í bezta gæðaflokki. Sölufélag Johns-Manvilles, sem starfar á Húsavík, sér um alla sölu erlendis og fær frá 12—24% sölulaun, er okkur gefið upp, en í áliti minni hl. er þetta talið 31%. En umboðslaunin eru stígandi eftir sölumagni. Kísiliðjan h/f hefur hætt viðskiptum við kanadíska verkfræðifirmað Kaiser, sem hannaði verksmiðjuna. Er það vegna þess, hversu erfitt hefur verið að ná upp lofuðum afköstum. Hins vegar er talið af lögfræðingum, að þannig hafi verið búið um hnútana af þessu verkfræðifyrirtæki og af þeim, sem vélarnar smíðuðu, að ekki sé hægt að sækja þessa aðila til saka, þótt svo illa hafi tekizt til, sem hér hefur verið skýrt frá.

Samkvæmt áður gerðri áætlun, þá var ekki fyrirhugað að stækka verksmiðjuna fyrr en árið 1972. En samkv. því, sem ég hef áður sagt, þá er nú horfið frá því og ráðgert að stækka verksmiðjuna nú þegar. Heimild til lántöku ríkissjóðs, að upphæð 150 millj. kr., er bæði til að standa straum af því tapi, sem orðið hefur og

verður og einnig til að greiða hluta ríkisins af byggingarkostnaði.

Eins og ég sagði, rekstrarhallinn á s. l. ári hefur orðið 33.6 millj., á yfirstandandi ári er tapið reiknað 25 millj. árið 1970 16 millj., árið 1971 3.7 millj. og hefur þá rekstrarhalli fyrirtækisins með fyrra árs tapi numið um 80 millj. kr. Árið 1972 er svo fyrst gert ráð fyrir hagnaði, og nemur hann þá 8.4 millj. það ár, en síðan árlega frá 14—18 millj. kr. samkvæmt rekstraráætlunum. Í þessum rekstraráætlunum er gert ráð fyrir, að verksmiðjan selji á yfirstandandi ári 8000 tonn af kísilgúr. Síðasta árs sala var aðeins 2500 tonn, eins og ég sagði hér. Árið 1970 á salan að vera 12 þús. tonn, 1971 16 þús. tonn, 1972 19 þús. og 1973 22 þús. tonn af kísilgúr.

Áætlunin um stækkun Kísiliðjunnar h/f lítur þannig út: Stækkun um tvær stórar þrær, mest akstur og innlend vinna, 14 millj. Dæla og leiðslur 24½ millj. Þurrkarar 43 millj. Byggingar og stálgrindur 27½ millj. Flutningatæki, önnur tæki og varahlutir 44 millj. Flutningskostnaður 4.4 millj. Verkfræðileg aðstoð 11 millj. Ófyrirséð 16 millj. Tollar um 13 millj. Af þessu er gert ráð fyrir, að ⅓ hluti sé innlendur kostnaður, eins og verksmiðjustjórnin hefur hugsað sér framkvæmdina. Talsmaður Kísiliðjunnar hefur lýst því yfir við iðnn. beggja þd., að það sé vilji og ákvörðun verksmiðjustjórnarinnar, að stálgrindur og stálturn, sem til stækkunar verksmiðjunnar þarf, séu smíðuð hér á landi, enda náist hagstæður samkeppnisgrundvöllur um verðið.

Það skal metið, hversu hispurslaust er sagt frá þessum óförum í athugasemdum með lagafrv. Samtöl sem nefndin átti við Pétur Pétursson forstjóra, hafa hnigið í sömu átt. Það er erfitt að þurfa að viðurkenna þessi mistök, sem hér hafa átt sér stað, en til þess eru mistökin, að af þeim sé hægt að læra. Það kennir okkur Íslendingum, sem höfum takmarkað og dýrt fjármagn, að við getum óhikað látið útlendingum í té takmarkaðan rétt hér á landi til stóriðju, selt þeim orkuna, vinnuafl og þjónustu og lofað þeim að spreyta sig á tilraunum, sem við Íslendingar höfum sannarlega ekki ráð á.

Vegna þess, sem fram kemur í nál. minni hl., þá vil ég undirstrika það, að í umræðum um þetta mál í iðnn. var fullur skilningur og mikill áhugi fyrir því, að sem mest af þessari framkvæmd yrði innlent, svo og tækniundirbúningur, sem fram þarf að fara og kostar stórfé. Vænti ég, að fullt tillit verði tekið til þessa við framkvæmd verksins.

Að svo mæltu vænti ég, að þetta lagafrumvarp fái jákvæða afgreiðslu í þessari þd.

Frsm. minni hl. (Einar Ágústsson): Herra forseti. Hv. frsm. meiri hl. hefur nú rakið þetta mál allýtarlega, og get ég að því leyti sparað mér löng ræðuhöld, sem hann hefur rakið þessa sögu nokkuð, en á þskj. 597 höfum við þrír, þ.e. ég og hv. 4. þm. Sunnl. og hv. 5. þm. Reykn., lagt fram sérstakt nál. um þetta mál. En það er bezt að segja það strax, að við erum sammála þeirri niðurstöðu, sem kom fram hjá meiri hl., um að mælt verði með samþykkt frv. En það voru nokkur atriði, sem okkur þótti rétt að koma á framfæri, þegar þetta allstóra mál er tekið hér til meðferðar. Ég mun nú gera grein fyrir þessu nál. í ekki löngu máli.

Það kemur fram af aths. frv., að byggingarkostnaður við kísilgúrverksmiðjuna við Mývatn var í árslok 1967 210 millj. kr., eða 4.4 millj. bandaríkjadollara miðað við það gengi, sem var á byggingartíma. Í grein, sem formaður undirbúningsnefndar, Pétur Pétursson framkvæmdastjóri Kísiliðjunnar meðan á byggingarframkvæmdum stendur við kísilgúrverksmiðjuna, ritar í Fjármálatíðindi 1966, segir hann um byggingarkostnaðinn, að hann ætti að vera í heild 148 millj. kr. Það er mjög nákvæmlega sundurliðað og ég hirði ekki að rekja það atriði lið fyrir lið, en heildarniðurstaðan átti að verða 148 millj. kr. Um þessa áætlun segir hann, með leyfi hæstv. forseta:

„Sú áætlun, sem ég hef hér nefnt, er mjög nákvæm. Hver einasta bygging, hver undirstaða, hvert tæki og uppsetning hvers tækis er áætluð svo að stendur aðeins á tugum dollara. Allur byggingarkostnaður er brotinn niður í smáupphæðir. Þetta þýðir auðvitað að halda verður mjög nákvæmt bókhald um allan kostnað, auk þess þarf að gefa eigendum mánaðarlega mjög nákvæmt yfirlit um kostnaðinn, byggt á áætluninni og samræmt við hana lið fyrir lið. Ég verð að segja það eins og er, að það tók þó nokkurn tíma að fá verkstjóra og starfsmenn til að fallast á að fara eftir þessari nákvæmu sundurliðun, menn voru ekki vanir henni. Auk þess kostar þetta þó nokkuð mikla skrifstofuvinnu. Hins vegar er afar þýðingarmikið að vita nákvæmlega á hverjum tíma sem er, hvernig hver einasti liður stendur, ekki aðeins fyrir þann, sem stjórnar framkvæmdum, heldur einnig og ekki síður fyrir eigendur fyrirtækisins."

Allt þetta er að sjálfsögðu hægt að skrifa undir. En ég verð að segja það, að það er mikil hörmung, hvað þessi nákvæma áætlun hefur staðizt illa, þar sem byggingarkostnaðurinn hefur orðið 210 millj. kr., en þessi nákvæma byggingaráætlun, sem var svo nákvæm, að það var varla hægt að fá menn til að vinna eftir henni, hún hljóðaði upp á 148 millj. kr. Nú er hér smávegis misræmi í athugasemdum frv., sem má vera að eigi sér og á sjálfsagt sínar eðlilegu skýringar, en það segir hér á einum stað, að byggingarkostnaðurinn hafi í árslok 1967 verið 210 millj., en að bókfært verðmæti fasteigna og véla ásamt undirbúningskostnaði sé 288.6 millj. kr. Ég tók eftir því í ræðu hv. 7. landsk. þm., að hann taldi þetta vera heildarbyggingarkostnaðinn og er hann þá þarna 78 millj. kr. hærri en ég vildi þó vera láta. Það má vera, að það séu framkvæmdir á árinu 1968, sem þarna eigi að bæta við, eða þá að það eru aðrar ástæður, sem valda því, að eignir verksmiðjunnar hafa hækkað í verði. Þetta skiptir ekki verulegu máli, en þó er rétt að hafa það, sem sannara reynist í þessu eins og jafnan. Ég verð því að taka undir það með hv. síðasta ræðumanni, að byggingaráætlunin hefur ekki staðizt og ber vissulega að harma það.

Þá hefur það gerzt, að rekstrarafkoman var mun lakari á árinu 1968 heldur en vonir stóðu til og hallinn á því ári varð 33.6 millj. kr. eins og hér hefur verið rakið, og er þó ekki reiknað með neinum arði af hlutafé, sem er 78 millj. kr. og mundi með venjulegum vöxtum nema 7.8 millj. kr., svo að ekki bætir það nú rekstrarafkomuna, ef það er skoðað. Hins vegar er það tekið fram í

aths. með frv., að inni í þessari tölu séu afskriftir og gengistap, sem vitanlega bætir dæmið nokkuð.

Þær upplýsingar, sem við höfum fengið í iðnn., eru eins og hv. 7. landsk. áðan rakti, þess efnis, að meginástæða óhagstæðrar rekstrarafkomu var sú, að framleiðslan á árinu 1968 varð miklu minni en vonir höfðu staðið til, en það var reiknað með því, að á fyrsta ári, samkvæmt þeirri grein, sem ég áðan minntist á eftir Pétur Pétursson, að ársframleiðslan gæti orðið 6 þús. tonn fyrsta árið, en hún varð aðeins 2500 tonn og ýmsir byrjunarörðugleikar við slíkt fyrirtæki geti komið fram, ekki sízt, þegar það er haft í huga, að hér er um algjört brautryðjendastarf að ræða, ekki einungis hér á landi, heldur annars staðar líka, þar sem kísilgúr hefur ekki verið unninn upp úr vatni, en votvinnsla kísilgúrs hefur ekki átt sér stað fyrr en í þessu tilviki. En meginástæðan er samt önnur og segir um það í aths., að afkastageta votvinnslukerfisins hafi reynzt mun minni en aðilar höfðu ætlazt til. Má rekja það til þurrkara verksmiðjunnar, sem eru ekki eins öflugir og við var búizt og einnig hafa jafnan orðið í þeim nokkur efnistöp við útgufun. Virðist hönnun þurrkaranna ekki hafa verið í samræmi við þær forsendur sem áætlanir aðilanna voru byggðar á. Þessa hönnun, sem hefur tekizt svona hörmulega, framkvæmdi Kaiser-fyrirtækið í Kanada. Nú er okkur sagt og það kom fram af máli hv. 7. landsk., að forráðamenn verksmiðjunnar teldu, að ekki væri hægt að sækja þetta fyrirtæki til saka, það væri ekki hægt að fá neinar bætur fyrir þessi mistök. Það er ekki gott, að svo skuli vera, og sérstaklega þykir mér það leitt að heyra, þar sem í áðurnefndri grein er sérstaklega talað um það, hversu heppilegt það sé að hafa fengið þessa snillinga hjá Kaiser til þess að framkvæma hönnunina og hafa eftirlit með verkinu, en um það segir í áðurnefndri grein, með leyfi hæstv. forseta:

„Með vissu millibili hefur verkfræðingur Kaiser, sem teiknaði verksmiðjuna, komið til landsins. Þá hefur hann litið yfir framkvæmdirnar og alveg sér í lagi farið rækilega í gegnum kostnaðinn samanborið við áætlunina. Hefur það verið mjög gagnlegt. Í marz n. k. kemur verkfræðingur frá Kaiser og verður hann hér, þar til verksmiðjan hefur verið tekin út, enda bera Kaiser-menn ábyrgð á því, að öll verksmiðjan starfi eðlilega."

Einhvern veginn hefur við þessa samningsgerð ekki tekizt að ganga nægilega tryggilega frá þessu, þannig að nú er okkur sagt, að það sé þýðingarlaust að hafa uppi skaðabótakröfur á hendur þessa fyrirtækis, sem þó, samkvæmt þessari greinargerð og að allra áliti, hygg ég, á þeim tíma ber ábyrgð á því, að öll verksmiðjan starfi eðlilega. En um það tjóar sjálfsagt ekki að sakast og ráðið til þess að koma rekstri fyrirtækisins á réttan kjöl telja stjórnendur þess, eins og fram kom hjá hv. frsm. meiri hl. vera það að auka votvinnslukerfi verksmiðjunnar, en þurrvinnslukerfið var gert fyrir miklu meiri afköst í upphafi, eins og allir vita. Það, sem þarf að gera þarna, er að leggja nýja hráefnisleiðslu frá Mývatni við hlið þeirrar, sem fyrir er, auka afl dælustöðvar, byggja tvær nýjar hráefnisþrær við verksmiðjuna og nýja skilvindu, sterkari en þá, sem fyrir er. Bætt verður við a. m. k. tveim nýjum þurrkurum, öflugri og sterkari en þeim, sem fyrir eru, auk þess sem vörugeymslur verksmiðjunnar, bæði við Mývatn og eins á Húsavík, verða stækkaðar. Það er áætlað að kostnaðurinn við þessa breytingu nemi 200 millj. kr., en hér er farið fram á 150 millj. kr. framlag frá ríkissjóði og það talið 51% af hlutafé og upplýst, að Johns-Manville Corp. hafi lofað að sínu leyti allt að 49%, því það er ekki gert ráð fyrir, að sveitarfélögin, sem áttu þarna örlítið brot af hlutafénu, telji sig hafa bolmagn til þess að leggja meira fé fram, þannig að hér er sem sagt ráðgert að auka hlutaféð um allt að 300 millj. kr. Þær hundrað millj. kr., sem afgangs verða, þegar framkvæmdum er lokið, og miðað er þá við að kostnaðaráætlunin standist — hún verði ýtarleg og nákvæm ekki síður en sú fyrri og standist, — að þá eru afgangs 100 millj. kr. sem á að nota til þess að mæta rekstrartöpum bæði s. l. árs og þeirra ára, sem líða, þangað til verksmiðjan er komin í þá stærð að skila arði. Þessa fjárhæð áætlaði hv. frsm. hér áðan 80 millj. kr., samkvæmt þeim upplýsingum, sem Pétur Pétursson gaf okkur á fundum iðnn., og er þarna þá ríflega fyrir öllu séð.

Við, sem skipum þennan minni hl., sem ég er að tala fyrir, við teljum, að nú þegar sé rétt að leggja það mikið fjármagn í þessa verksmiðju og að reynsla af framleiðslunni hafi gefið það góða raun, að sjálfsagt sé að halda þessu áfram, því að það er ánægjulegt við þetta fyrirtæki, að sá efnafræðilegi grundvöllur, sem það er reist á, hefur fyllilega staðizt. Samkvæmt þeim upplýsingum, sem við höfum í nefndinni, bæði frá Pétri Pétursssyni margnefndum og annars staðar frá, þá er þessi framleiðsla með því bezta, sem gerist í heiminum og það er náttúrlega mjög ánægjulegt fyrir okkur í þessu sambandi að vita til þess, að hér hefur tekizt að framleiða góða vöru. Og við verðum að trúa því og við trúum því í minni hl., að með þessum ráðstöfunum, sem hér er verið að leggja út í nú, verði unnt að skapa þessari verksmiðju rekstrargrundvöll, og þess vegna mælum við með því, að þetta frv. verði samþykkt, þó að við getum ekki lokað augunum fyrir þeim mistökum, sem hafa átt sér stað fram að þessu, og þó að það séu nokkur atriði við framkvæmd breytinganna og stækkunarinnar sem við teljum að ekki sé sama hvernig með er farið og mun ég koma örlítið að því nú.

Þau atriði, sem við viljum draga fram í þessu sambandi, eru í fyrsta lagi, að hér er um mjög mikið fjármagn að ræða á íslenzkan mælikvarða, sem látið hefur verið í eitt fyrirtæki. Hlutur ríkissjóðs í þessu fyrirtæki verður, þegar stækkunin og framlagið hefur átt sér stað, 189 millj. kr. og það er verulegt fé á íslenzkan mælikvarða. Og án þess að ég vilji, eins og ég segi, gera neitt lítið úr þessari tilraun, þá getur maður ekki varizt þeirri hugsun, að ýmislegt væri hægt að gera hér á öðrum sviðum og að ýmis önnur fyrirtæki gætu skilað verulegum ágóða í hendur landsmanna, ef eins væri búið að þeim fjárhagslega og gert hefur verið við þessa kísilgúrverksmiðju, sem við erum hér að ræða um. Og það leiðir aðeins hugann að því, að þó að slíkar nýjungar séu góðra gjalda verðar og það sé auðvitað allra manna kappsmál að renna fleiri stoðum undir íslenzkt atvinnulíf, svo að notað sé margnotað orðalag, þá er rétt að hafa það í huga, að ýmsar eldri atvinnugreinar gætu skilað verulega góðum árangri, ef þær fengju fjármagn

til jafns við það, sem hér er um að ræða, bæði í sjávarútvegi og í innlendum iðnaði. Það þori ég að fullyrða.

Ég held, að það væri mjög hollt að leiða hugann að því í þessu sambandi eða í framhaldi af því, sem hér hefur verið sagt, að í grein, sem Guðjón Sigurðsson, formaður Iðju, félags verksmiðjufólks í Reykjavík, skrifar í eitt dagblaðanna í gær í tilefni af 1. maí-deginum, þá lýsir hann því, hver þróunin hefur orðið hér í iðnaðinum í Reykjavík. Þar segir hann frá því, að félagsbundið fólk í Iðju, félagi verksmiðjufólks, sé ekki orðið nema 1550 manns og hafi fækkað um mörg hundruð manns á undanförnum árum, allt síðan 1964, þegar það var flest. Ég get ekki á mér setið að minna á í þessu sambandi, að á mörgum undanförnum þingum, víst einum þrem, þá hef ég ásamt fleiri hv. þm. borið fram till. um það, hvort ekki væri rétt að láta fara fram rannsókn á þeim samdrætti, sem ætti sér stað í iðnaði. Á þetta hefur aldrei verið hlustað. Því hefur jafnan verið vísað frá, ef það hafa þá nokkrar umræður fengizt um slíkar till. En nú verður ekki lengur lokað augunum fyrir því, að síðan 1964 hefur átt sér stað verulegur samdráttur í iðnaðinum hér í Reykjavík og fólkinu við hann fækkað. Og alveg sérstaklega bendir Guðjón Sigurðsson, formaður Iðju, á samdráttinn í fataiðnaðinum eða eins og hann kemst að orði, að því er mig minnir, að þessi óhemjulegi innflutningur á alls konar spjörum, sem hefur átt sér stað, hafi lagt í rústir innlendan fataiðnað, sem var orðinn mjög góður og samkeppnisfær við það, sem erlendis gerðist víðast hvar, þó að hann hafi kannske ekki borið af öllu, sem þar er gert.

Ég held, að það sé ekkert að því, að hv. þm. rifji þetta upp og minnist þess arna, um leið og þeir samþykkja með einni handaupprettingu að auka hlutaféð í þessu fyrirtæki, hversu gott eða þarft sem það kann að vera, um 150 millj. króna.

Það er líka alveg rétt, sem hv. 7. landsk. sagði hér áðan, að þessi verksmiðja hefur sáralitla atvinnu í för með sér, nema rétt á meðan á byggingartímanum stendur. Það vinna núna samkvæmt upplýsingum framkvæmdastjóra Kísilgúrverksmiðjunnar við Mývatn í blaðaviðtali í gær 33 menn við verksmiðjuna. Og við þá 200 millj. kr. stækkun, sem þarna er ráðgerð, bætast við aðeins 12 manns. Ég spurði hv. þm. og útgerðarmann, 5. landsk., hvað það fengju margir vinnu við bátinn hans, mig minnir að hann segði að það væru 14 manns um borð auk alls þess fólks, sem vinnur við að verka aflann í landi. Þessi bátur kostar milli 40 og 50 millj. kr. og þennan samanburð verður Kísilgúrverksmiðjan að þola eins og aðrar framkvæmdir, þegar atvinnuleysi er.

Þegar við hugleiðum það, að það eru 300 millj., sem atvinnumálanefnd ríkisins hefur á milli handa til þess að útrýma eða vinna að verulegu leyti bug á öllu atvinnuleysi í landinu og þessar 300 millj. munu fara langt til þess með tíð og tíma, eftir ágizkun hv. 4. þm. Norðurl. e., sem er einn af atvinnumálanefndarmönnum, eftir því sem hann lætur fara frá sér í viðtali, þá sér maður það, að þær 150 millj., sem hér er um að tefla og gefa 12 manns atvinnu, að þeim er ekki vel varið, ef maður lítur eingöngu á baráttuna við atvinnuleysið. Það eru sýnilega aðrar ráðstafanir og aðrar aðferðir, sem gefa betri raun þar heldur en þessi framkvæmd.

Ég verð að játa það, að ég tók ekki eftir því, sem hv. 7. landsk. sagði um umboðslaunin og hvað þau gætu orðið há, ég missti af því, en mér fannst eins og að hann teldi að það væri ekki alveg rétt í nál. minni hl., að þau gætu farið upp í 31%. (Gripið fram í.) Já, hann sagði 24% við okkur, en ég ætla þá að minna á það, að það hefur þá orðið þar breyting. Þessi tala, sem ég vitnaði í, er úr þeirri sömu grein, sem ég hef gert hér áður að umtalsefni. Hann talar hér um sölusamninginn, sem er á milli Kísiliðjunnar og Johns-Manville á Íslandi. En það má náttúrlega vel viðurkenna það, að þessi grein er síðan 1966 og það kann vel að vera, og ég vil þá trúa því, að það hafi verið breytt samningnum að þessu leyti. En í greininni er þetta algjörlega skýrt, hvernig umboðslaunin eru. Mér þætti nú vænt um, að þeir, sem vita, upplýstu mig þá um það, svo að ég væri ekki að vaða í villu og reyk um það, hvað umboðslaunin geta verið. En samkvæmt greininni er þetta svona. Hins vegar eru í samningnum ákvæði um það að umboðslaun Johns-Manville á Íslandi skuli hækka eftir því sem magnið vex. Skalinn fer hækkandi þannig: 0–3000 tonn 10%, 0—6000 tonn 12%, 0—9000 tonn 15%, 0—12000 tonn 18%, 0—20000 tonn 21%, 0—24000 tonn 24%, 0–28000 tonn 28%, 0 til yfir 28000 tonn 31%. Mér dettur nú svona í hug, um leið og ég les þetta, að hámarkið 24% sé þá til komið vegna þess, að framleiðslan eigi ekki að verða meiri en 24000 tonn, og getur þetta þá hvort tveggja staðizt. En samningurinn er svona eða hann var svona 1966 að það gat farið upp í 31%. Og í þessari grein er það talið eitt mikilsverðasta og bezta ákvæðið í sölusamningnum, hvað umboðslaunin verða há, því að það er talið að það auki svo áhuga fyrirtækisins fyrir að selja vöruna. Það er eflaust svo. Og ef það er einhlítt að hafa umboðslaunin há, þá er sjálfsagt hægt að selja æðimargt út úr landinu, en hver verður ávinningurinn af því? Og ég er anzi hræddur um það, að ýmsum verzlunarmönnum og íslenzkum umboðssöluaðilum þyki prósentan rífleg, jafnvel þótt hún sé nú ekki nema 24%. Ég veit ekki til þess að íslenzkir umboðssöluaðilar hafi slíka álagningu á þeim vörum, sem þeir verzla með.

Þá kem ég að fjórðu athugasemdinni, sem við í minni hl. leggjum ríka áherzlu á, að við teljum það mikilvægt, að sem stærstur hluti hins fyrirhugaða verks verði unninn hér innanlands. En samkvæmt þeirri áætlun, sem okkur var gefin í nefndinni og ég styðst nú að ég hygg við athugasemdirnar, að einhverju leyti a. m. k., en þá var áætlunin þannig, ef ég man rétt, að það er talið, að beinn kostnaður við efni og vinnu, þ.e. annað en flutningsgjöld, verkfræðikostnaður og tollar, er talinn allt að 1785 þús. dollarar og þar af yrði sem næst ⅓ hluti innlendur kostnaður.

Í þessari áætlun er t. d. gert ráð fyrir því, að þessir stóru og öflugu þurrkarar, sem þarna eiga til að koma, verði að öllu leyti gerðir erlendis, en við teljum í minni hl., að innlend fyrirtæki geti smíðað þessa þurrkara, og við teljum það sjálfsagt og leggjum áherzlu á að það verði gert, að það verk verði boðið út, þannig að íslenzk fyrirtæki eigi kost á þessu verki. Í þessu sambandi má gjarnan minna á það, að t. d. hjá Reykjavíkurborg og sjálfsagt víðar, er það fastákveðið, að innlendir aðilar megi vera allt að 10% hærri í tilboðum sínum en er-

lendir aðilar við tiltekið verk og skuli þó samt skipta við innlenda aðila. Og dæmi eru um það, að þessi prósenta hafi verið ennþá hærri, íslenzku fyrirtækjunum í óhag og samt hefur verið skipt við þau. Ég vona, að eitthvað svipuð regla verði höfð til hliðsjónar, þegar farið verður að bjóða út þessa stóru þurrkara og smíði þeirra, þannig að íslenzkir aðilar eigi sömu möguleika a. m. k. hjá ríkinu, þegar það lætur framkvæma slík verk, eins og þeir eiga, þegar t. d. Reykjavíkurborg lætur smíða hliðstæða huti.

Þá finnst mér það ekki nógu gott heldur, að hönnun mannvirkjanna og verkfræðilegt eftirlit með byggingum þeirra eigi áfram að vera í höndum erlendra manna. Að vísu eru menn nú uppgefnir á fyrirtækinu Kaiser í Kanada eftir síðustu afrek þeirra í þessum byggingarmálum, en þá eru aðrir teknir, og það er Johns-Manville fyrirtækið sjálft. Ég held, að það væri alveg óhætt fyrir hæstv. ríkisstj. að trúa innlendum aðilum fyrir þessu verki og þessari vinnu. Það er kannske skiljanlegt, að í fyrsta skipti, sem slík tæki eru gerð, ekki bara hérlendis, heldur um allan heim, að þá hafi verið talið, að íslenzkir verkfræðingar byggju ekki yfir þeirri þekkingu, sem gerði þá færa um að smíða þetta tæki og að menn teldu að það væru aðrir menn, sem hefðu lengur unnið við svipaðar framkvæmdir, sem hefðu betri möguleika á að gera þessum verkefnum skil. En það er bara búið að prófa þetta, og það hefur sýnt sig, að þeir hafa skilað verkinu mjög illa, það hefur mistekizt þeirra verk, og þegar sú reynsla liggur fyrir, þurfum við ekki að vera með neina draumsýn um það, að amerískir verkfræðingar eða erlendir verkfræðingar séu á nokkurn hátt hæfari til þess að vinna þessi verk heldur en okkar eigin menn. Ég vara við því vantrausti, sem er á verkfræðilega menntuðum íslenzkum mönnum. Ég tel að íslenzkir menn í þeim starfsgreinum hafi fyllilega sýnt, að þeir standist samanburð við aðra, og ég minni bara á framkvæmdirnar við Búrfellsvirkjun, ef einhver efast um það. Ég veit ekki betur en að fyrst þegar íslenzkir verkfræðingar tóku stjórnina að sér hafi verkið farið að ganga nokkurn veginn skaplega. Það var búið að prófa marga erlenda sérfræðinga áður en framkvæmdirnar komust á það stig. Þetta held ég að við ættum að hafa í huga, og þetta held ég að hæstv. ríkisstj. ætti að hafa í huga, þegar hún fer að ráða sér menn til þess að stjórna verkum Kísilgúrverksmiðjunnar við Mývatn.

Að síðustu leggjum við svo í minni hl. ríka áherzlu á það, að ekki verði unnin spjöll á náttúrulífinu við Mývatn við byggingu umræddrar verksmiðju. Ég hygg nú, að allir, sem þarna hafa átt hlut að máli, hafi lagt sig mjög fram um að valda sem minnstum spjöllum og helzt engum þarna við Mývatn og þess ákvæðis hafi verið gætt sem kostur er, sem í lögunum segir:

„Framleiðslufélagið skal gera allar þær varúðarráðstafanir, sem við verður komið, til þess að koma í veg fyrir að dýralíf og gróður við Mývatn bíði tjón af starfsemi verksmiðjunnar. Einnig skal haga gerð mannvirkja þannig, að þau fari sem bezt í umhverfinu."

Ég hygg að það hafi nú verið reynt að uppfylla þetta skilyrði laganna eftir beztu getu. Ég hef ekki átt þess kost að koma þarna í Mývatnssveit, síðan þessar framkvæmdir voru gerðar, svo ég get ekkert sagt um það frá eigin brjósti. En ég vona að þess verði gætt þá hér eftir sem hingað til, að þetta geti farið sem bezt og orðið til sem allra minnstra spjalla.

Ég vil svo ljúka þessari stuttu ræðu minni með því að bera fram þá ósk, að þessi stækkun, sem nú er ráðgerð á Kísilgúrverksmiðjunni við Mývatn, megi verða til þess að koma fyrirtækinu á réttan kjöl og sérstaklega leyfi ég mér að óska þess við hæstv. ríkisstj. og þá hæstv. fjmrh., sem er tvöfaldur í roðinu að þessu leyti, bæði fjmrh. og stjórnarformaður fyrirtækisins eftir því sem mér skilst, að hann taki það til greina, sem ég sagði hér um íslenzkan iðnað í sambandi við þær framkvæmdir, sem þarna eru ráðgerðar. Mér finnst það miklu skipta á þeim atvinnuleysistímum, sem við höfum nú hér átt við að stríða. Það er ekkert spaug að horfa fram á það, að í júlímánuði n. k. verður stórkostlegt lið af byggingarmönnum atvinnulaust, þ. e. þeir sem hafa verið að byggja raforkuverið við Búrfell. Hvert það verkefni, sem hægt er að útvega þeim mönnum eða einhverjum öðrum úr þeim atvinnugreinum, eykur möguleikana á því, að við getum haldið þessum sérfróða vinnukrafti í landinu, en þurfum ekki að sjá á eftir honum til annarra landa, þar sem aðrir geta notið ávaxtanna af því, sem þeir hafa tileinkað sér.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Þar sem hæstv. iðnmrh. er ekki staddur við þessar umræður og þar sem enn fremur vill nú svo til, að mér hefur verið falinn sá trúnaður að vera stjórnarformaður í Kísiliðjunni h/f, þá þykir mér skylt að segja hér nokkur orð í sambandi við þær umræður, sem fram hafa farið.

Ég vildi þá fyrst láta í ljós þakkir til hv. nefndar fyrir vinsamlegar undirtektir hennar við frv. það, sem hér liggur fyrir. Það er auðvitað ekki við öðru að búast heldur en að ýmsar hugleiðingar komi fram, þegar um er að ræða jafnstórkostleg fjárframlög og hér er um að ræða í sambandi við uppbyggingu þessa fyrirtækis, Kísilgúrverksmiðjunnar við Mývatn, og þegar það kemur á daginn, sem fyrir liggur og enginn hefur verið að reyna að leyna, að það hefur ekki skilað þeim árangri, sem vonazt hafði verið til, þ. e. framleiðsla þess á fyrsta stigi, og þess vegna talið óumflýjanlegt að breyta nokkuð áætlunum, sem gerðar voru um verksmiðjuna á sinni tíð, fyrst og fremst á þann hátt að hraða mjög verulega stækkun hennar, þannig að hún komist á rekstrarhæfan grundvöll. Það er þó einnig mjög óvenjulegt, sem enda hefur komið fram í þessum umræðum, hvernig hugsunin er að byggja þetta fyrirtæki upp, en það er fyrst og fremst með eigin hlutafé, en ekki eins og yfirleitt íslenzk fyrirtæki eru byggð upp, með því að fá að láni meginhlutann af öllu stofnkapitali fyrirtækjanna. Þetta byggist ekki hvað sízt á því, að viðsemjendur okkar og sameigendur, hið ameríska fyrirtæki Johns-Manville, hafa á þessu allt aðra skoðun, sem raunar amerísk og flest erlend fyrirtæki hafa, hvernig eigi að byggja upp fyrirtæki fjárhagslega, heldur en hér hefur gerzt á Íslandi. Við vitum það, og um það hefur margt verið rætt og ritað nú að undanförnu, að það er eitt stærsta vandamál okkar hér heima fyrir, hversu eigið fjármagn fyrirtækja er lítið og hversu flest fyrirtæki hér eru byggð upp með lánsfé og það oftast nær ófullnægjandi lánsfé, sem hefur leitt til þess, að fyrir-

tækin hafa gripið til þess ráðs að stofna til lausaskulda, notað rekstrarfé sitt til þess að velta áfram stofnfjárskuldum og annað þess konar, sem hefur auðvitað orðið til þess að gera alla starfsemi þeirra mjög torvelda. Augu manna fyrir þessu eru mjög að opnast nú á síðustu árum, og ég held að það sé orðið flestum ljóst í dag og fram hafa komið margar raddir í þá átt. Ég hef látið oft í ljós sjálfur þá skoðun, að það væri hin brýnasta nauðsyn, ef við ætlum að byggja hér upp með raunhæfum hætti og jákvæðum rekstur í nokkrum stíl, hvort sem það er iðnrekstur eða annað, að þá yrði að gera ráðstafanir til þess að stuðla að stórauknu eigin fjármagni í þessum fyrirtækjum.

Það var algjört skilyrði hins ameríska aðila, sem með okkur tók þátt í stofnun Kísiliðjunnar við Mývatn á fyrsta stigi, að verulegur hluti fjárins, sem nam þá um helmingi alls stofnkostnaðar, yrði hlutafé, sem aðilar legðu fram. Það var jafnframt þá þegar gerður um það samningur, sem ekki var óeðlilegur, að ef halli yrði á rekstri fyrirtækisins — og ég vil taka það skýrt fram hér, að það var alltaf gert ráð fyrir því, að fyrstu árin yrði allverulegur halli á rekstri Kísiliðjunnar, það var í öllum áætlunum frá því skýrt — þá var tekið fram að aðilar skuldbyndu sig til þess að leggja þennan halla fram í réttu hlutfalli við eign sína í fyrirtækinu. Þegar kom svo til þess að stækka fyrirtækið nú, eftir það sem á undan er gengið og ég skal lítillega víkja að á eftir, þá var það einnig ákveðin tillaga Johns-Manville, að eigendur fyrirtækisins legðu fram 100% kostnaðinn við stækkunina. Það liggur í augum uppi, að hér er nánast um formsatriði að ræða að því leyti til, að báðir aðilar hefðu auðvitað orðið að útvega með einhverjum hætti þetta fé, annaðhvort Kísiliðjan sjálf að afla sér lána, sem vitanlega ríkisstj. og Johns-Manville hefðu þá orðið að hjálpa til að útvega, eða þá þessir aðilar að útvega féð sjálfir með öðrum hætti og leggja það fram sem stofnfé. Það var ákveðin skoðun mín og íslenzku fulltrúanna í stjórn Kísiliðjunnar og á það féllst ríkisstj., að það væri síður en svo andstætt hagsmunum Íslands í þessu efni að verða við þeim tilmælum hinna amerísku aðila, að þetta yrði allt lagt fram sem óendurkræft hlutafé, og úr því að hinir erlendu aðilar buðust til af sinni hálfu að leggja þetta þegar í stað fram á þann hátt, af þessum sökum er frv. í þessu formi sem hér er, að það er gert ráð fyrir að afla lánsfjárheimildar fyrir ríkið, sem ekki hefur þetta fé á reiðum höndum því miður til þess að leggja það fram. Það virðist hins vegar ekki vera nein sérstök fyrirstaða hjá hinum ameríska aðila, að hann leggi fram sinn hluta, og hefur hann þegar boðizt til þess að leggja fram strax mjög verulegan hluta, þó að ríkið geti ekki strax lagt fram sinn hluta, til þess að hægt sé að hefja framkvæmdir þegar í stað, enda eru framkvæmdir við stækkunina þegar hafnar.

Það hefur vitanlega orðið báðum aðilum til mikillar raunar og vonbrigða, að framleiðsla fyrirtækisins hefur ekki gengið sem skyldi, ekki aðeins að sjálfsögðu okkur, heldur einnig hinum ameríska aðila, því að amerísk stórfyrirtæki eru yfirleitt ekki öðrum fyrirtækjum þekktari að því, nema síður sé, að hafa skilning á því að það eigi að tapa peningum. Það er alls ekki á þeirra dagskrá að tapa fé, þannig að það er óhætt að treysta því, að þessir aðilar munu áreiðanlega leggja sig fram um það að leggja ekki í fyrirtæki, sem þannig er í pottinn búið með.

Ég skal ekki rekja forsögu þessa máls frá byrjun, en öllum hv. þdm. er hún ljós í meginefnum. Það voru íslenzkir aðilar, sem upphaflega stungu upp á því að leggja í þessa vinnslu þarna, og íslenzkur efnaverkfræðingur, Baldur Líndal, sem einna mest allra manna hefur átt þátt í því, að þetta fyrirtæki er komið á laggirnar. Það hefur síður en svo í því efni verið gengið fram hjá íslenzkum sérfræðingum, en sannast sagna eru íslenzkir sérfræðingar ákaflega fáir á þessu sviði, sem hægt hefur verið að leita til varðandi þetta efni, en Baldur Líndal kannaði þetta mjög vel á sinni tíð og þó aðrir hefðu ekki á þessu mikla trú á vissu stigi og jafnvel væri horfið frá því að byggja þessa verksmiðju, þá missti hann aldrei trúna á þetta, og niðurstaðan varð sú, að endanlega virtist sýnilegt, að það ætti að vera hægt með jákvæðum árangri að framleiða þessa vöru, sem þarna var um að ræða. Við þessa sögu hafa komið ótal sérfræðingar og sérfræðifirmu. Auk hinna íslenzku aðila, sem hafa verið aðalráðunautar Kísiliðjunnar, en það er Baldur Líndal og menn, sem hann hefur haft með sér til ráðuneytis, þá hafa komið hér við sögu bæði hollenzk og amerísk fyrirtæki, sem hafa haft mikla reynslu í efnaiðnaði, þannig að ég held að mér sé óhætt að fullyrða, að það hafa ekki í sambandi við undirbúning íslenzks fyrirtækis verið gerðar jafnvíðtækar athuganir á hinum verkfræðilegu og efnafræðilegu skilyrðum, sem hér voru til staðar, eins og gert var í sambandi við þetta fyrirtæki.

Hinu er svo ekki að leyna, að þetta hefur að vissu leyti ekki skilað þeim árangri, sem við vonuðum. Það er þó kjarni málsins, að varan, sem framleidd er, skilar fullkomlega þeim gæðum, sem var höfuðnauðsyn að hún skilaði, því að ef þau gæði fengjust ekki, þá var aldrei til neinn grundvöllur undir fyrirtækið, og ég skal játa það, að það, sem við, sem stóðum nærri þessu, vorum lengi kvíðnastir yfir, var að svo kynni að fara, að varan yrði ekki nægilega góð. Í annan stað var það líka alltaf kvíði okkar, að það yrði mjög erfitt um sölu á þessari vöru. Ég skal síðar lítillega víkja að söluþóknuninni, en sannleikurinn er sá, að sala vöru sem þessarar er geysilega erfið og það eru tiltölulega fáir aðilar, sem ráða yfir markaðinum í heiminum, eins og er í rauninni í sambandi við mjög margar greinar efnaiðnaðar.

Það sem snerti byggingu verksmiðjunnar og hönnun hennar, sem hér hefur verið talað um, og talið er að hafi reynzt illa, þá er því ekki að leyna, að hér var við þann vanda að glíma, að það voru hvergi til nein hliðstæð fyrirtæki. Þetta er eina fyrirtækið í heiminum, þar sem kísilgúr er unninn úr vatni, og þess vegna var mjög erfitt um vik, hvernig ætti að útbúa þessa þurrkara, sem hafa verið aðalvandamálið í sambandi við þetta, og raunar nokkur tæki önnur, sem ég skal ekki nánar um tala. Það þótti því eðlilegt, og ég held að það geti varla naumast neinn verið sakaður um það, að leita til fyrirtækis, sem hafði reynslu í því einmitt að skipuleggja og hanna kísilgúrverksmiðjur, og það var verkfræðifyrirtækið Kaiser í Kanada, sem við af viðtali við marga, sem til þekktu, bæði innlenda og erlenda, fengum þá staðfestingu á að væri með færustu fyrirtækjum í sinni grein.

Það hefur hins vegar komið í ljós, að þessir þurrkarar fyrst og fremst hafa ekki skilað þeim afköstum, sem til stendur og til stóð að þeir skiluðu, og þar vantar allverulega á, þó að það hafi tekizt með margvíslegum breytingum á þeim að ná þar fram miklum umbótum, þannig að vonir okkar eru þær, að það takist með viðbótartækjum, sem á að setja upp, að koma framleiðslunni jafnvel upp í 10 þús. tonn í staðinn fyrir þau 12 þús. tonn, sem þau upphaflega voru smíðuð fyrir. Hér hefur komið við sögu mikill fjöldi sérfræðinga, fyrst og fremst frá Johns-Manville verksmiðjunum, sem eru einir af stærstu framleiðendum á þessari vöru í heimi og þekkja þar af leiðandi þau mörgu vandamál, sem hér er við að glíma. Það hafa verið fengnir menn aftur frá Kaiser og fleiri aðilum, sem hafa haft með smíði þessara tækja að gera.

Það kann að líta illa út og sýna, að það hafi verið afglöp, einkum af hálfu stjórnar Kísiliðjunnar, að ekki hafi verið gengið þannig frá, að Kaiser væri skaðabótaskyldur fyrir að skila ekki tækjunum með nægilegum afköstum. Þetta hefur margvíslega verið rætt og kannað og ég held, að það sé mjög hæpið og ekki aðeins hæpið, heldur í rauninni alveg útilokað, að þeir geti orðið skaðabótaskyldir, og raunar ekki heldur hægt að saka einn né neinn um það, að þeir séu það ekki, vegna þess að þetta var allt byggt á forsendum, sem í rauninni allir aðilar voru sammála um að væru fyrir hendi og ættu að vera þess eðlis, að það væri með tiltekinni gerð þurrkara hægt að vinna þetta efni. Það hefur ekki verið umdeilt út af fyrir sig, að þurrkararnir væru af þeirri gerð, en þeir hins vegar skila ekki þeim afköstum, sem gert hafði verið ráð fyrir og menn höfðu vonazt til. Þetta er auðvitað mjög raunalegt. Hv. flm. meiri hl. sagði að það gæti verið erfitt að viðurkenna mistök. Ég tel að það sé ekki neitt erfitt að viðurkenna mistök, og ég tel ekki í rauninni að hér hafi átt sér stað það sem venjulega er hægt að kalla mistök, heldur er hér um það að ræða, að menn hafa ekki getað leyst vanda, sem enginn hafði áður leyst, og þess vegna er hér um algera nýjung að ræða, sem í rauninni enginn gat vitað, fyrr en verksmiðjan var komin í gang, hvort tækist eða ekki, enginn gat vitað það.

Þetta er vissulega raunasaga, en þessi saga veldur því, að það hefur verið talið nauðsynlegt að leggja í stækkun verksmiðjunnar fyrr en áætlað hafði verið. Hins vegar er rétt og nauðsynlegt, að það komi fram til þess að taka af allan vafa, að það var alltaf ætlunin að stækka verksmiðjuna upp í 24 þús. tonn og við það eru samningarnir við Johns-Manville upphaflega miðaðir. Það átti að gera þetta aðeins á lengri tíma, það er það eina sem breyt. hefur orðið á í því efni.

Þá vil ég jafnframt leiðrétta það, sem hv. frsm. minni hl. vék hér að, að það hefði ekki staðizt sú kostnaðaráætlun, sem gerð var og. vitnaði hann í grein Péturs Péturssonar, sem var ráðinn byggingarforstjóri verksmiðjunnar í fyrri áfanga hennar. Þetta er ekki rétt, öll sú byggingaráætlun stóðst nákvæmlega. Það, sem hefur valdið aukakostnaðinum, er, að það hefur þurft að gera margvíslega hluti, sem við ekki reiknuðum með í byrjun að þyrfti að gera. Það þurfti að gera þessar margvíslegu lagfæringar. Það þurfti að gera nýja þró, og það kom á daginn, að það var ekki hægt að ganga frá henni örugglega eins og hafði verið reiknað með, að það væri hægt að útbúa þróna, hún lak. Eins og allir menn vita hérna, er undirlagið þarna hraun, og þar af leiðandi var ekki hægt að gera þróna með jafneinföldum hætti og við höfðum gert ráð fyrir, en allar þær áætlanir um byggingu verksmiðjunnar sjálfrar, sem hér er um að ræða og hv. þm. vitnaði í, það hefur ekkert af þeim brugðizt. Meira að segja er svo, að það varð afgangs nokkurt fé, þegar byggingu verksmiðjunnar var að okkar dómi lokið, eins og upphafleg kostnaðaráætlun var, og gert var ráð fyrir, að ekki þyrfti meira fé, til þess að það væri hægt að byggja þar allmörg hús yfir starfsmenn fyrirtækisins fyrir þetta. En það, sem gerzt hefur á árinu 1968, er í senn það, að það hefur orðið allverulegur halli, sem að vísu kom okkur ekki á óvart að yrði nokkur, en hann varð mun meiri en við gerðum ráð fyrir og jafnframt, og það er kjarni málsins, að það hefur orðið að ráðast í margvíslegar breytingar í sambandi við þurrkunina og uppbyggingu ýmissa tækja þarna, sem við reiknuðum ekki með og hefur valdið því, að þessi kostnaður hefur farið svo mjög verulega fram úr áætlun. Þetta tel ég nauðsynlegt að komi fram, til þess að það villi ekki mönnum sýn og þeir haldi að framkvæmdastjóri fyrirtækisins hafi verið með nokkurt yfirlæti um þessi atriði. Það er ekki rétt, það stóð allt, sem þar var sagt í upphafi málsins, eins og von var um, að það liti þá út.

Hv. talsmaður minni hl. fjhn. nefndi nokkur atriði, sem hann teldi ástæðu til þess að hafa í huga í sambandi við það, sem nú yrði gert varðandi þessa verksmiðju, án þess að hann hefði nokkuð á móti því, að út í þessa stækkun yrði farið, enda ætti það að liggja í augum uppi, að það er grundvallaratriðið til þess að koma verksmiðjunni á traustan grundvöll, sem ég tel að sé hægt að gera innan mjög skamms tíma, ef allt gengur hér með eðlilegum hætti. Ég hef áður vikið að þeirri gagnrýni, ef gagnrýni í rauninni skyldi teljast á því, að hér væri lagt fram mikið fé í þetta fyrirtæki, í stað þess að taka fé að láni. Það er í rauninni eini munurinn á þessu, og þetta er vitanlega alveg rétt. Þetta tryggir betur undirstöðu fyrirtækisins, en tryggir og tryggir ekki. Auðvitað verður að ætlast til þess, að fyrirtækið skili hagnaði og arði sem þessu nemur, það skili arði af þessu fé, annars er halli. Það er tvímælalaust halli, meðan fyrirtækið skilar ekki þeim arði, sem eðlilegt er, hvort sem féð er lagt fram sem eigið fé eða sem lánsfé.

Varðandi það atriði, að þetta skili ekki vinnu fyrir margt fólk, þá held ég að allir viti það, sem þekkja til iðnrekstrar og í rauninni hinna fullkomnustu iðnfyrirtækja, að þau hafa mjög fátt fólk í vinnu og sum þeirra eru næstum því sjálfvirk, og þetta fyrirtæki við Mývatn er að mestu leyti sjálfvirkt. Ég verð að segja það, að þó það sé auðvitað alltaf gott, að fólk fái vinnu, þá álít ég a. m. k. rekstrarlega séð, sem berandi ábyrgð á rekstri fyrirtækisins, að það sé mjög gleðilegt, hvað það eru fáir menn þar til þess að framleiða jafnmikla aukningu, sem hér er um að ræða, ef ég lít á hag fyrirtækisins sem slíkan. Það er einkenni stóriðju alls staðar, að það er stefnt að því, að færri og færri menn vinni verkin, og ég veit, að það verður alveg sama sagan í öllum íslenzkum iðnaði. Þar af leiðandi segir það t. d. alls ekki alla sögu um það, að það hafi orðið stórkostlegur samdráttur í

íslenzkum iðnaði og verksmiðjuiðnrekstri, þó að það hafi fækkað fólki. Það þarf alls ekki að vera. Það hefur fækkað fólki hér í sjávarútvegi og hefur þar þó orðið stórkostleg framleiðsluaukning, þannig að ég veit, að við getum allir verið sammála um það, að það eitt út af fyrir sig er ekki mælikvarðinn. Það er stefnt að aukinni hagræðingu á hagræðingu ofan, má segja, og sú hagræðing er yfirleitt í því fólgin að geta framleitt meira með færra fólki. Það, sem þarf þess vegna til þess að geta veitt fólkinu atvinnu, eru fleiri fyrirtæki og að þau fyrirtæki skili einmitt sem mestri framleiðni á hvern starfsmann. Það er undirstaða þess að við getum bætt okkar lífskjör almennt. Þess vegna álít ég þetta út af fyrir sig ekki vera ástæðu til gagnrýni í sambandi við Kísiliðjuna við Mývatn.

Annað atriði, sem hv. þm. vék að, voru sölulaunin, og hann taldi þau mjög há. Það var alveg rétt, sem hann sagði, að sölulaunin eru í þessum skölum, sem hann tiltók. Það, sem hv. frsm. meiri hl. átti áreiðanlega við, var það, að sölulaun yrðu 24% miðað við afköst verksmiðjunnar, eins og gert er ráð fyrir að þau verði, þannig að hér fara báðir með rétt mál. Ástæðan til þess að við lögðum áherzlu á það í íslenzku samninganefndinni við Johns-Manville að hafa þennan hátt á, sem kannske kann að virðast furðulegur, að hækka sölulaunin eftir því sem væri selt meira, byggðist hreinlega á því, að þegar þessi samningur var gerður, þá voru mjög miklir erfiðleikar á sölu þessarar vöru, svo miklir erfiðleikar, að allt til þessa hefur Johns-Manville orðið að draga úr sölu sinni frá aðalverksmiðju sinni í Kaliforníu til þess einmitt að geta komið okkar vöru inn á Evrópumarkað. Og það hefur ekki enn þá verið nema að takmörkuðu leyti hægt að selja þessa vöru í okkar eigin umbúðum, vegna þess að viðkvæmni þeirra aðila, sem nota þessa vöru, gagnvart því að breyta um vöru, er svo mikil, að það þykir stórhættulegt. Hér er um að ræða í mörgum greinum mjög dýrmætan efnaiðnað, sem notar þessa vöru sem síunarefni. Það er bæði bjóriðnaðurinn, sem er hér mjög stór notandi, og margvíslegur annar iðnaður, sem aldrei mundi hætta á það að fara að nota nýja vöru, nema vera algjörlega öruggur um, að það væri góð vara. Og ég held, að það liggi alveg ljóst fyrir og við skulum ekki loka augunum fyrir þeirri staðreynd, að ef við hefðum komið héðan utan af Íslandi og ætlað að fara að bjóða mönnum þessa vöru og sagt, að hún væri alveg jafngóð eins og það, sem Johns-Manville hefur selt þeim, þá hefði enginn maður tekið það trúanlegt og enginn maður kært sig um að breyta því, vegna þess að það var allt of mikið í áhættu lagt til þess að gera það. Og við hefðum getað sjálfir skapað okkur líka stórkostlegar skaðabætur, ef út af hefði brugðið, að ég hefði ekki talið, að það væri möguleiki fyrir okkur að setja þetta fyrirtæki í gang með þessum hætti. Ég veit heldur ekki, hvort þetta eru svo ofboðsleg sölulaun, þegar þess er gætt, að hér er ekki um venjulega umboðssölu að ræða. Hér er um það að ræða, að Johns-Manville afhendir okkur aðgang að öllu sínu fullkomna sölumannakerfi í Evrópu, sem er geysilega fullkomið. Hér er bæði um heildsölu og smásölu að ræða, og þetta er yfirleitt selt í mjög smáum partíum, ef má nota svo lélegt orð. Það eru engir stórir kaupendur, sem kaupa þúsundir tonna, það er langt því frá. Það kaupir enginn kaupandi meira en nokkur hundruð tonn, þannig að hér er um geysimikla dreifingu að ræða.

Það er eitt í þessu sambandi líka, sem ég vil að komi fram og er alveg sérstaks eðlis og er þess vert, að menn hafi í huga, að því fer svo víðs fjarri, að við töpum þessu fé út úr landinu. Það hefur verið gerður samningur við Johns-Manville, sem ég verð að telja nokkuð einstæðan í sinni röð. Það er að þeir staðsetja sölufélag sitt á Húsavík, og þeir skuldbinda sig til þess að reikna engan kostnað hjá sölufélaginu, nema sem svarar ferðalögum þeirra umboðsmanna hér milli landa, en þeir taka allan sölukostnaðinn á fyrirtæki sín úti í Evrópu. Þetta veldur því, að þeir greiða 45% af í rauninni allri umboðsþóknuninni, sem við greiðum þeim, það greiða þeir í skatta á Íslandi, vegna þess að það er sáralítið, sem kemur til frádráttar við skattlagningu fyrirtækisins Johns-Manville á Húsavík, þannig að það er í rauninni ekki nema helmingur af þessari upphæð, sem fer út úr landinu. Og ég held líka, að þegar allt kemur til alls, og ég fullyrði það, að hér höfum við gert mjög góðan samning.

Ég er sammála hv. frsm. beggja hluta n. um, að það sé sjálfsagt, að það verði unnið sem mest af þessu verki hér á Íslandi, og Johns-Manville hefur aldrei haft neitt á móti því, hvað þá heldur við, sem erum fulltrúar íslenzkra aðila í þessu. Það, sem hægt hefur verið, hefur verið smíðað hér. Við getum vafalaust deilt um það, og það getur vel verið, að það væri hægt að smíða þessa þurrkara hér, en ég get ekki fullyrt um það, að það verði gert. Það er nefnilega margt annað, sem hér spilar inn í líka, t. d. það, að við þurfum að fá peninga til þess að leggja í þetta fyrirtæki. Og það er auðvitað eitt vandamál, sem við eigum við að glíma, ekki aðeins á þessu sviði, heldur á mörgum öðrum. Við skulum taka skipasmíðaiðnaðinn o. m. fl., þar sem ný skip hafa beinlínis verið keypt erlendis, vegna þess að þar hefur verið hægt að fá lán. Þetta getur spilað inn í að einhverju leyti eins og svo margt annað, sem hefur verið gert í þessum efnum. Það má hins vegar telja, að það hafi verið tekin ákvörðun um það að bjóða ekki út erlendis stálgrindahúsin og allt það, sem hér er mögulegt að vinna í landinu, þó að það kosti það, að við verðum þá að reyna með einhverjum hætti að útvega fé til þess. Það er önnur saga.

Varðandi svo lokaatriðið, sem hv. frsm. minni hl. sagði hér, hvort við hefðum ekki lært nóg af þessu til þess að fela íslenzkum sérfræðingum að hanna verksmiðjuna. Ég held, að við höfum lært nóg af þessu til þess, að það komi ekki til nokkurra mála og það sé það eina eðlilega og sjálfsagða fyrir okkur að láta Johns-Manville byggja verksmiðjuna og taka að sér allan veg og vanda af því. Þetta ætti í rauninni að liggja í augum uppi vegna þess, sem á undan er gengið. Alla þá reynslu, sem við höfum haft af því, hvort sem við eigum að kalla það mistök eða eitthvað annað, — raunverulega eru það mistök auðvitað, sem orðið hafa, — allar þær geysilega mörgu tilraunir, sem gerðar hafa verið til þess að lagfæra þetta og ótal sérfræðingar frá þessu fyrirtæki hafa unnið að, það er ekki að gera lítið

úr íslenzkum sérfræðingum, heldur í rauninni er þetta áframhald af vinnu þessara manna, og þeir verða við þetta riðnir. Það verða íslenzkir verkfræðingar fengnir til þess að annast hér ýmsa hluti í sambandi við þetta, en ég fullyrði, að ég mundi ekki vilja bera ábyrgð á því sem stjórnarformaður í þessu fyrirtæki að semja við aðra aðila, hvorki innlenda né erlenda, en Johns-Manville, úr því þeir á annað borð fást til þess að taka þetta að sér eftir allt sem á undan er gengið. Við erum búnir að afla okkur, eða þessir sérfræðingar þeirra, stórkostlegrar reynslu og það mikillar reynslu, að það ætti að vera nokkurn veginn öruggt, — og það telja þessir sérfræðingar, — að það ætti að vera hægt að forðast og koma í veg fyrir þau mistök, sem orðið hafa, og sjá til þess, að þessi viðbótarstækkun verksmiðjunnar geti skilað þeim árangri, sem að er stefnt, sem er sá, að verksmiðjuafköstin geti aukizt upp í a. m. k. 22 þús. tonn. Og hér er svo mikið í húfi, að ég álít að það komi ekki til mála að fara aðra leið en þessa og hún sé sú eina, sem eðlileg sé.

Við höfum aldrei, eins og ég sagði áðan, gengið fram hjá innlendum sérfræðingum í þessu efni. Það hefur verið samið við íslenzka verktaka og verkfræðifyrirtæki um byggingar á vissum mannvirkjum þar efra. Við höfum haft þann manninn, sem er áreiðanlega færastur allra Íslendinga í efnaverkfræði á þessu sviði, Baldur Líndal, sem okkar sérstaka ráðunaut og trúnaðarmann í sambandi við allar þessar framkvæmdir, og ég held ekki, að við mundum leysa þetta með neinum heppilegri hætti heldur en þeim, sem ég hef hér gert grein fyrir.

Frsm. meiri hl. (Sveinn Guðmundsson): Herra forseti. Út af ummælum hv. frsm. minni hl. um smíði tækjanna hér heima, svo og nú ummælum fjmrh., en hann sagði, að sjálfsagt væri að smíða sem mest og vinna sem mest að þessu verki fyrir Kísiliðjuna hér á Íslandi, og það getur vel verið, að hægt væri að smíða hér margnefnda þurrkara, en hann bætti við: Við þurfum að fá peninga til þess að leggja út í þetta fyrirtæki, erlend lán — og þar kemur skýringin, þess vegna á að flytja tækin inn. Ég minnist þess, þegar tækin til Kísiliðjunnar voru flutt til landsins, að þá urðu um þau blaðaskrif og m. a. birtist heilsíðumynd af þurrkara í einu dagblaði borgarinnar og þá töldu innlendir málmiðnaðarmenn, bæði sveinar og meistarar, að þeim óaði ekki við slíkri smíði. Nú hafa spádómar þeirra því miður rætzt um það, að hér var ekki um þá völundarsmíði að ræða, sem ætlað var. Kunnáttumönnum hér var ljóst, að hönnun þurrkaranna eða gerð þeirra var hin sama sem lögð var niður hér á landi við svipaðar aðstæður fyrir 10—15 árum. Þótt slík tæki eða völundarsmíð, sem ég nefni nú svo, kannske í gamni, sé flutt til landsins, þá er ekkert við því að segja, en hér verður að koma til samkeppnishæfni bæði um verð og gæði, að verkið sé boðið út bæði hér og erlendis, samanburður gerður á gæðum og verði og Íslendingar látnir njóta í verki þeirra skattfríðinda, sem þessu fyrirtæki hafa verið búin með innflutning. Upplýst hefur verið, að Kísiliðjan hefur greitt 9% meðaltoll af öllum sínum innflutningi og þar með talinn 7.5% söluskatt, eftir því sem talsmaður verksmiðjunnar hefur tjáð iðnn. Það, sem innlendir framleiðendur eru knúðir til að greiða í tolla og söluskatt og aðra 17—20 skattliði, er ekki undir 25—35%, og er það dálítill munur, sem taka verður með í reikninginn, eða hvað finnst hv. þdm.? Ég tel, að okkur Íslendingum beri að fylgja fast fram frjálsu hagkerfi og þar með frjálsri samkeppni, en það segir að sjálfsögðu, að við verðum að keppa á hinum frjálsa markaði, m. a. með því að sá, sem býður bezt verð og bezta tæknilega útfærslu á samkeppnishæfum grundvelli, skuli metinn hæfastur til verka. Ég mótmæli því hins vegar algjörlega, að hér eigi að koma bein peningasjónarmið inn í dæmið, lánasjónarmið, sem ég þekki mætavel, að samið skuli við þann, sem getur lánað. Ef svo ætti að vera, þá yrðu Íslendingar ætíð undir, litlar undirlægjur þeirra ríku þjóða, sem hafa peningaráð. Slík sjónarmið má ekki viðurkenna á Íslandi í dag, þar sem atvinnu vantar. Ef það væri gert, þá væri atvinna þúsunda í veði, enda er það yfirlýst stefna gjaldeyrisbankanna og langlánanefndar, sem mér skilst að sé ráðgefandi nefnd hæstv. ríkisstj. eða jafnvel allsráðandi, að innflutningur sé alls ekki leyfður til landsins með löngum gjaldfresti á vélum og tækjum, sé hægt að framleiða slíkar vélar jafngóðar á samkeppnishæfu verði hérlendis. Þetta er yfirlýst stefna langlánanefndar, viðskmrh. og bankanna, sem hafa gjaldeyrisréttindi. Þannig kemur ekki til greina innflutningur á vélum og tækjum, sem Kísilgúrverksmiðjan þarf nú til að firra taprekstri, nema að Íslendingar geti ekki boðið þessi tæki jafngóð eða á samkeppnisgrundvelli. Það er skoðun mín, að frá þessu verði ekki hvikað.

Frsm. minni hl. (Einar Ágústsson): Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð í tilefni af því, sem kom fram hjá hæstv. fjmrh. og varðaði þau atriði, sem við í minni hl. vildum benda á.

Ég hef aldrei gagnrýnt það og mun ekki gera, að sú leið er farin, sem hér er lagt til, að aukið fjármagn verði lagt fram sem hlutafé. Ég gerði það ekki áðan, og ég ætla ekki að gera það núna. Ég bara benti á það, eins og hæstv. ráðh. réttilega kom inn á, að það verður að taka tillit til þess, að þetta fjármagn kostar eitthvað, þótt það sé lagt fram sem hlutafé, og það mundi verða að taka tillit til vaxtagreiðslnanna, ef hin leiðin væri farin í þessu efni, sem ég að þessu sinni mæli ekki með.

Hæstv. ráðh. sagði, að íslenzkir sérfræðingar hefðu mjög verið hafðir með í ráðum um þessa byggingu. Það er vissulega rétt, og við vitum það allir, að Baldur Líndal er upphafsmaður að þessu og hann hefur fylgzt með þessu alla tíð. En ég átti nú ekki við hann, heldur við þá byggingaraðila, sem hér eru í landinu og ég tel búa yfir nægilegri þekkingu til þess að leysa margt af þessum verkum af hendi, sem á að fela öðrum.

Ég get ekki annað en dáðst að þeirri ræðu, sem hv. 7. landsk. hélt hér síðast til varnar íslenzkum iðnaði og iðnaðarmönnum. Það má segja það auðvitað, að það væri ekki á öðru von úr hans átt, en það var sannarlega orð í tíma talað og mjög skeleggt. Ég vil aðeins bæta við það, sem hann sagði um það sjónarmið, að það þurfi að láta vinna verkin þar sem hægt er að fá lán með þeim. Það getur vel átt við í ýmsum tilvikum, en það getur

tæplega átt við hér og alls ekki átt við hér, vegna þess að allt fjármagnið, sem þarf til að smíða þessi tæki, verður lagt fram sem hlutafé af ríkissjóði og af Johns-Manville. Hvað sem segja má um það, að í sumum tilvikum verði að skipta við þá, sem geta lánað, þá á það alls ekki við í þessu tilviki, alls ekki, vegna þess að fjármagnið er fyrir hendi, það er verið að útvega það. Eða vill e. t. v. hæstv. fjmrh. lækka hlutafjárheimildina með hliðsjón af því, að þurrkararnir verði smíðaðir erlendis og fyrir lánsfé? Ég held ekki, ég hef ekki heyrt það, svoleiðis að mér finnst þetta ekki geta átt við núna, alveg burtséð frá því, sem hv. 7. landsk. þm. sagði. Ég tek alveg undir, að það er ófært sjónarmið að láta það í öllum tilfellum ráða, þó að í sumum tilfellum verði kannske ekki hjá því komizt. (**Fjmrh.**: Má ég skjóta hér inn í hjá hv. þm.? Við getum að sjálfsögðu gert ráð fyrir því, að fé verði tekið að láni hjá verktakanum.) Já, já, vissulega, ef það er þannig hugsað, þá getur það sjálfsagt átt rétt á sér, en ég hélt satt að segja, að þetta fjármagn yrði tekið að láni í einu lagi, en ekki út um allan heim hjá þeim, sem bjóða í verkin þá og þá, en ég hef þá kannske misskilið það.

Hæstv. ráðh. vildi gagnrýna það, að það væri á misskilningi byggt, sem ég sagði um það, að áætlanir verksmiðjunnar hefðu ekki staðizt. Ég náttúrlega læt mér það alveg í léttu rúmi liggja, þó að einhverjir menn geti bent á það, að einhverjar áætlanir hafi staðizt. Það, sem mér finnst skipta máli í þessu sambandi, er það, að verkið var áætlað á 148 millj. kr., en það kostaði 288 millj. kr., og þetta var það, sem ég átti við, þegar ég sagði, að kostnaðaráætlun verksmiðjunnar hefði ekki staðizt. Og hvort menn svo segja, að það sé af öðrum utanaðkomandi ástæðum, sem ekki hafa verið séðar fyrir, það getur vel verið. En þá er bara alveg tilgangslaust að vera að áætla, algjörlega tilgangslaust, svo að ég tali nú ekki um svo nákvæmlega, að það er varla hægt að fá menn til að vinna eftir því. Auðvitað hafa menn orðið að reikna með því, að þessi þró héldi vatni eða héldi leðjunni, og það hlýtur að hafa verið miðað við helda þró í áætlununum, og hún kostaði þetta eins og reikningarnir sýna, en hún kostaði ekki það, sem hún var áætluð. Þetta var það, sem ég átti við, þegar ég sagði áðan að áætlunin hefði ekki staðizt, og ég sé ekki að það hafi verið hrakið.

Hæstv. ráðh. sagði, að það þýddi ekki að vera að tala um skaðabótaábyrgð á Kaiser-firmað og að það væri ekki hægt að flokka þetta undir mistök, þar sem hér hefði verið tilraunastarfsemi á ferðinni. Þetta er sjálfsagt rétt hjá hæstv. ráðh., lagalega athugað. En þá er bara alveg þýðingarlaust að vera að tala um það hér áður fyrr, að Kaiser-menn beri ábyrgð á því, að öll verksmiðjan starfi eðlilega. Þeir bera enga ábyrgð, þeir voru bara að gera tilraun og voru algjörlega ábyrgðarlausir. Þetta er úr lausu lofti gripið í þessari grein Péturs Péturssonar, algjörlega. Kaiser ber enga ábyrgð, það hefur komið í ljós núna.

Ég skal nú ekki fara að lengja þessar umræður neitt að ráði frá því, sem hér er. Hæstv. ráðh. tók sanngjarnlega á þessu máli eins og hans var von og vísa, og ég ætla ekki að stofna til neinna deilna hérna við hann um þetta mál, því að við erum sammála um það, að það sé búið að segja a og það þurfi þá að segja b. Þó að það b kosti í þessu tilviki 300 millj. kr., þá verður að hafa það.

Um þessi viðbótarákvæði við sölulaunin, að það komi svo mikið til baka í sköttum, þá er það náttúrlega mjög gott, a. m. k. á meðan Johns-Manville heldur þeim upptekna hætti sínum að reikna ekki neinn verulegan kostnað hér. (**Gripið fram í**: Það er samningsatriði). Nú, er það samningsatriði? Þá er það náttúrlega snöggtum betri samningur heldur en annars mundi verið hafa.

Ég vil svo aðeins segja það, að ég er ekki eins sannfærður um það og hæstv. ráðh., að reynsla okkar af fyrri byggingum þarna sé þess eðlis, að íslenzkir aðilar komi þar ekki til mála til að vinna verkin, a. m. k. er reynslan af Kaiser ekki það góð, að ástæða sé til að halda sig áfram við það fyrirtæki. Það má vona, að Johns-Manville takist betur. Þeir eru búnir að rannsaka þetta og leggja í það mikla vinnu, eins og hæstv. ráðh. sagði, það efast ég ekki um, en mér þykir líklegt, að íslenzkir framkvæmdastjórar og tæknifróðir menn, sem við fyrirtækið hafa starfað, hafi a. m. k. fylgzt með þeim rannsóknum og því starfi, þannig að ég er nú ekki sannfærður um það enn, að íslenzkir aðilar geti ekki gert þetta fullt eins vel.

Ég veit ekki hvað veldur því, að Johns-Manville var ekki ráðið strax til að hanna þessi verk. Það hefði þó verið miklu heppilegra, ef þeir eru svona snjallir og miklu snjallari en Kaiser-fyrirtækið, sem gerði tilraunina. (**Fjmrh.**: Má ég aðeins skjóta inn í?) Já, takk. (**Fjmrh.**: Það stafar af því, að það var annað fyrirtæki, sem upphaflega var ráðið til þess.) Já, það var hollenzka fyrirtækið. Já, það eru sjálfsagt einhverjar ástæður fyrir því.

Ég sem sagt læt þessu spjalli lokið um Kísilgúrverksmiðjuna að þessu sinni. Ég ítreka það að lokum, að við í minni hl. mælum með því að þetta frv. nái fram að ganga. Ég hef gert grein fyrir nokkrum atriðum, sem ég vonast til, að hæstv. ríkisstj. og þá hæstv. fjmrh. sem stjórnarformaður Kísilgúrverksmiðjunnar taki til greina. Sumu af því heyrist mér hann taka vel, öðru miður, það harma ég.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Á 85. fundi í Ed., 5. maí, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 88. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.

Á 89. fundi í Nd., 6. maí, var frv. tekið til 1. umr.

Dómsmrh. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Frv. þetta til l. um viðauka við lög nr. 80 frá 1966, um kísilgúrverksmiðju við Mývatn, hefur hlotið afgreiðslu

hjá Ed., en meginefni þess er að heimila ríkisstj. að leggja fram allt að 150 millj. kr. af fé ríkissjóðs sem hlutafé í Kísiliðjuna h/f við Mývatn til viðbótar því framlagi, sem heimilað var með ákvæðum í l. nr. 80 frá 1966, um kísilgúrverksmiðju við Mývatn, og jafnframt er ríkisstj. einnig í þessum lögum heimilt að taka lán í þessu skyni, ef svo vill verkast.

Í aths. við lagafrv. þetta er gefið nokkurt yfirlit yfir gang mála í sambandi við byggingu og byrjunarrekstur Kísilgúrverksmiðjunnar við Mývatn. Þar eru nokkur meginatriði, sem ég vil aðeins staldra við.

Í fyrsta lagi er það, að þegar verksmiðjan var hönnuð í upphafi, var þurrvinnslukerfið við það miðað, að það gæti annað 24 þús. lesta ársafköstum, en votvinnslukerfið fyrir 12 þús. lesta ársafköst. Það var m. ö. o. frá upphafi gert ráð fyrir því, að verksmiðjan gæti í byrjun skilað 12 þús. tonna ársafköstum, en hún yrði smátt og smátt stækkuð upp í 24 þús. tonna afköst.

Byggingarframkvæmdir má segja, að hafi gengið vel og tilraunavinnsla hófst, eins og kunnugt er, í nóvembermánuði 1967. En hins vegar kom það í ljós strax í byrjun, að við örðugleika var að stríða í upphafi og tilraunavinnslan var einnig framkvæmd við erfiðustu ytri aðstæður á þeim tíma árs, sem þær voru framkvæmdar. Þetta hefur allt leitt til þess, að á árinu 1968 hafa ekki verið framleiddar til sölu nema 2500 lestir. Þrátt fyrir þessa miklu byrjunarerfiðleika stendur þó hins vegar það fast, sem skiptir kannske hvað mestu máli, að gæði framleiðslunnar hafa reynzt með ágætum og það hefur reynzt auðvelt að selja framleiðsluna á Evrópumarkað.

Þá er einnig á það að líta, að það er talið, að fyrirtækið hafi nú unnið fullan bug á byrjunarörðugleikunum og á liðnum mánuðum þessa vetrar hefur verksmiðjan starfað með eðlilegum hætti. Hún hefur þó ekki náð nema sem svarar 8000 tonna ársafköstum, en hins vegar er gert ráð fyrir því með lítils háttar breytingum á þessu vori, að hún muni ná það miklum afköstum, að þau svöruðu til 10 þús. tonna ársafkasta. Og það er stækkun að þessu marki, sem nú er fyrirhuguð, og þá er gert ráð fyrir um leið að setja undir þann leka, sem í byrjun kom fram í sambandi við votvinnsluna eða votvinnslukerfið og vonir standa því til þess, að þegar þeirri stækkun, sem hér er ráðgerð, er lokið, geti verksmiðjan í heild skilað þeim 24 þús. tonna ársafköstum, sem um er rætt.

Það er gert ráð fyrir því, að verksmiðjan muni ekki bera arð umfram afskriftir, meðan hún er starfrækt með núverandi afkastagetu, en hins vegar er talið, að það sé líklegt, að hún muni geta skilað nokkrum arði á árinu 1973, ef stækkun fer fram, og geti starfað með vaxandi arðsemi eftir þann tíma. Þetta hefur leitt til þess, að gagnaðilinn, Johns-Manville, sem er annar aðaleigandi verksmiðjunnar á móti ríkinu, hefur talið, að hagkvæmt væri að stækka verksmiðjuna, og tjáð sig reiðubúinn að leggja fram fé af sinni hálfu til þeirrar stækkunar. Þetta er auðvitað mikils virði, að þessi aðili, sem er mjög reynt fyrirtæki á þessu sviði og hefur víðtæka reynslu bæði í framleiðslu og sölu kísilgúrs í heiminum, skuli nú vera á þessari skoðun, því að sannast bezt að segja voru fulltrúar þessa fyrirtækis í öndverðu við byrjunarframleiðsluna mjög svartsýnir og á einu stigi málsins lá við, að þeir vildu hlaupa frá öllu saman og afskrifa það fé, sem þeir höfðu lagt í verksmiðjuna.

Það hafa orðið mönnum að sjálfsögðu veruleg vonbrigði, að ekki skuli hafa náðst arðsemi þegar í stað af þessari framleiðslu, þessari nýju iðnaðarframleiðslu hér á landi. En á það er að líta, að þetta mun vera eini staðurinn í heiminum, þar sem kísilgúr er unninn úr vatni, en alls staðar annars staðar er hann unninn á þurru landi eða löngu uppþornuðum vatnsbotnum, svo að frá því sjónarmiði má segja, að vænta hefði mátt nokkurra byrjunarörðugleika, eins og raunin einnig hefur orðið á. Það er að mínum dómi hins vegar gert of mikið úr því tapi, er orðið hefur á verksmiðjunni, eftir því sem ég hef lauslega litið til í blöðum að undanförnu. Það kemur að vísu fram í aths. við frv., að reikningslegur halli ársins 1968 nemi 33.6 millj. kr., en eins og ég sagði áðan, voru aðeins framleidd 2500 tonn á þessu ári til sölu, en af þessum 33.6 millj. teljast 10 millj. kr. til afskrifta og 9.7 millj. kr. til gengistaps, auk þess sem um var að ræða ýmsa aðra gjaldaliði, sem ekki koma til greiðslu á árinu. Þess vegna er raunverulegur greiðsluhalli verulega miklu lægri en þessar tölur gefa til kynna, og það er álitið, að hann hefði orðið hverfandi, ef framleiðsla ársins hefði náð áætluðu magni. Það er gert ráð fyrir í þessari upphæð, sem frv. fer fram á að heimilað verði að leggja fram til stækkunar verksmiðjunnar, að nokkur hluti hennar verði notaður til þess að greiða áfallin töp og aukinn kostnað, sem orðið hafa fram yfir það, sem ráðgert var. En það skiptist í þrennt, eins og greint er í aths., að útgjöld félagsins, sem aðilarnir hyggjast mæta með þessum nýju framlögum, eru sumpart komin til vegna rekstrarhalla á árinu 1968, í öðru lagi vegna afborgana og vaxta af stofnlánum á árunum 1968 og 1969 og svo viðbótarframkvæmda við verksmiðjuna á sama tíma, og verður að hafa þetta allt í huga.

Meginátherzluna vil ég leggja á það, sem segir í niðurlagi aths., með leyfi hæstv. forseta:

„Ef svo heldur fram sem nú horfir um árið 1969, munu sölutekjur félagsins standa undir öllum rekstrarútgjöldum þess á árinu, og mun félagið ekki þurfa á aðstoð að halda til annars en afborgunar af stofnlánum að nokkrum hluta. Aðgerðir þær, sem þetta frv. gerir ráð fyrir, munu að sjálfsögðu stórbæta fjárhagsaðstöðu félagsins. Er það eindregin skoðun aðalhluthafanna, að framlögum þeirra í þá átt megi teljast vel varið."

Ég skal svo ekki hafa fleiri orð um þetta frv. Ég legg áherzlu á það, að hér er um alveg nýja iðnaðarframleiðslu að ræða hér á landi, þar sem verið er að breyta botnleðju Mývatns í arðgæfa útflutningsframleiðslu, og sú reynsla, sem nú þegar liggur fyrir, segir til um það, að það megi ganga út frá því sem nokkurn veginn vísu, að sú arðgjöf, sem áætluð er við stækkunina, eftir því sem árin líða, verði raunhæf og þjóðarbúinu í heild að gagni og verði til þess að breiða áður en langt um líður algjörlega yfir þau skakkaföll, sem orðið hafa í byrjun við rekstur þessa fyrirtækis.

Ég vil svo leyfa mér, herra forseti, að mælast til þess, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. iðnn.

Þórarinn Þórarinsson: Herra forseti. Ég hygg, að það

hafi ýmsum fleirum en mér brugðið í brún, þegar þeir lásu þetta frv., eða þegar það var lagt fram, vegna þess að þar skýtur æðimiklu skökku við það, sem búið var að halda fram af ýmsum um þetta mál áður. Það mátti t. d. ályktа það af fréttum, sem birtust af þessari framkvæmd í stjórnarblöðunum öðru hvoru, að hún hefði alveg sérstaklega vel tekizt og að þeir menn hefðu gert sig seka um mikil afglöp, sem á sínum tíma voru tregir til þess hér á Alþ. að veita kísilgúrmálinu stuðning í því formi, sem það var afgreitt. Mér finnst í tilefni af þessu rétt að rifja upp nokkur atriði hér strax við 1. umr., eða áður en málið fer til nefndar.

Ég ætla þá fyrst að víkja að þeim kostnaði, sem þegar er orðinn við þetta fyrirtæki. Í allítarlegri grein, sem birtist í ágúst—des. hefti Fjármálatíðinda 1966 eftir einn af stjórnarmönnum Kísilgúrverksmiðjunnar, Pétur Pétursson, er m. a. gefið yfirlit um það, hve mikill stofnkostnaður þessa fyrirtækis eigi að vera, og þar segir, að amerískt fyrirtæki, sem hafi verið fengið til þess að taka þessa framkvæmd að sér, Kaiser að nafni, hafi komizt að þeirri niðurstöðu, að stofnkostnaður mundi ekki verða meiri en 148 millj. kr. Þetta er svo sundurliðað mjög nákvæmlega í greininni, hvernig þessi kostnaður skiptist, og síðan segir á þessa leið, með leyfi hæstv. forseta:

„Sú áætlun, sem ég hef hér nefnt, er mjög nákvæm. Hver einasta bygging, hver undirstaða, hvert tæki og uppsetning hvers tækis er áætluð, svo að stendur aðeins á tugum dollara. Allur byggingarkostnaður er brotinn niður í smáupphæðir. Þetta þýðir auðvitað að halda verður mjög nákvæmt bókhald um allan kostnað.“ — Og áfram segir svo á þessa leið: „Þetta var talin ein sönnun þess, hve hagkvæmt það gæti verið fyrir Íslendinga að fela erlendum aðilum að annast slíkar framkvæmdir. Í mörgum tilfellum væri það betra og hagkvæmara heldur en að fela íslenzkum aðilum eða íslenzkum verkfræðingum að annast slík verk.“

Það liggur ekki nákvæmlega fyrir, hver stofnkostnaður þessa fyrirtækis er orðinn, en í ræðu, sem hv. 7. landsk. Sveinn Guðmundsson flutti í Ed. á dögunum, upplýsti hann, að kostnaðarverð þessa fyrirtækis um seinustu áramót hefði verið orðið 288 millj. kr., eða m. ö. o. næstum helmingi hærra heldur en hið ameríska fyrirtæki áætlaði, að stofnkostnaðurinn mundi verða. Verkið hefur samkv. þessu hvorki meira né minna en farið nær 100% fram úr áætlun. Nú ber þess að sjálfsögðu að gæta, að þær gengisfellingar, sem orðið hafa á þessum tíma, hafa haft einhver áhrif á þetta, en þá ber jafnframt að taka tillit til þess, að verkinu var raunverulega lokið, áður en gengisfellingarnar gengu í garð, eins og sést af því, að tilraunavinnsla við Kísiliðjuna hófst í október 1967. Ég hygg, að það væri mjög fróðlegt fyrir Alþ. að fá upplýsingar um það, í hverju þessi mikla hækkun stofnkostnaðar er fólgin. Það er augljóst, að það er um eitthvað annað og meira að ræða heldur en þær gengisfellingar, sem orðið hafa á þessum tíma og ná áreiðanlega ekki nema til nokkurs hluta stofnkostnaðarins. En stofnkostnaðurinn virðist sem sagt vera orðinn nær tvöfalt hærri en áætlað var af hinu ameríska fyrirtæki, sem tók að sér að sjá um framkvæmd verksins.

Ég hygg, að það megi mjög af þessu læra að það er ekki eins öruggt að treysta á erlenda forsjón í þessum efnum og margir vilja vera láta. Og þó að menn hafi vantrú á íslenzkum verkfræðingum og íslenzkum verktökum, þá sýnir það sig oft, að áætlanir þeirra og útreikningar standast ekki verr en þær, sem útlendingar gera. Ég held, að þessi reynsla ætti að verða til þess að draga úr þeirri oftrú, sem margir virðast hafa á erlendri verkþekkingu og gera miklu meira úr henni en okkar eigin.

Það væri e. t. v. ekki svo mikið um þetta að segja, ef sú framkvæmd, sem hér hefur verið gjörð, hefði í alla staði reynzt vel. En því er síður en svo að heilsa. Ef allt hefði farið eins og ætlað var og eins og lofað var og eins og trúað var á, þá hefði Kísilgúrverksmiðjan átt að geta tekið til starfa strax haustið 1967 og a. m. k. starfað með fullum afköstum á s. l. ári, en eins og hæstv. ráðh. upplýsti hér áðan, þá var gert ráð fyrir að afköstin yrðu til að byrja með 12 þús. smálestir á ári, og við það var verkið miðað og átti að vera við það miðað, eins og hinn erlendi verktaki skilaði því af hendi. En í stað þess, að verkið reyndist þannig, þá má segja að allt s. l. ár hafi farið í það að gera eins konar tilraunir, og í stað þess að framleiðslan yrði 12 þús. smálestir, þá varð hún ekki nema 2500 smálestir. Nú er hún hins vegar komin í það horf, að reiknað er með, að á þessu ári geti framleiðslan orðið 8 þús. smálestir. Með því að fullkomna þau tæki, sem nú eru fyrir, með talsverðum viðbótarkostnaði er talið mögulegt að koma framleiðslunni upp í 10 þús. smálestir. Það vantar þannig stórkostlega á það, að verksmiðjan reynist á þann hátt, sem lofað var af hinum erlenda verktaka, svo mikið, að á s. l. ári munaði nærri 10 þús. smálesta af kísilgúr, en eftir að hún er komin í full afköst, eftir að búið er að gera allar þær tilraunir, sem talið er að mögulegt sé að gera, þá vantar um það bil ⅓ upp á það, að hún fullnægi þeim afköstum, sem lofað var.

Það hefði kannske ekki verið svo mikið við þetta að athuga, því að hér er um nýjung að ræða, ef hinn erlendi verktaki hefði borið fulla ábyrgð á þeim mistökum, sem hér hafa átt sér stað, ef þannig hefði verið gengið frá samningi við hann, að ef einhver sérstök mistök kæmu í ljós, þá bæri hann hallann af því. Þeir, sem lásu grein Péturs Péturssonar á sínum tíma í Fjármálatíðindum, hafa vafalaust trúað því, að þannig væri frá samningum gengið, því að þar segir m. a. á þessa leið, með leyfi hæstv. forseta:

„Í marz n. k. kemur verkfræðingur frá Kaiser hingað, og verður hann hér, þar til verksmiðjan hefur verið tekin út, enda bera Kaiser-menn ábyrgð á því, að öll verksmiðjan starfi eðlilega.“

Hér er það sem sagt fullyrt, að hið ameríska fyrirtæki beri fulla ábyrgð á því, að verksmiðjan starfi eðlilega, en þegar á reynir, þá hefur verið þannig frá þessum samningum gengið, að allur hallinn af þeim mistökum, sem hér hafa átt sér stað, lendir á Kísilgúrverksmiðjunni, en ekki á erlenda verktakanum. Hér hlýtur meira en lítið að vera athugavert við þá samninga, sem hafa verið gerðir við hinn erlenda verktaka. Við Íslendingar, samkvæmt grein Péturs Péturssonar, virðumst hafa staðið í þeirri góðu trú, að yrðu einhver mistök í sambandi við framkvæmd verksins, þá væri það hinn erlendi aðili, sem ætti að bera ábyrgð á þeim, en hinn

erlendi aðili hefur auðsjáanlega verið slungnari en íslenzku samningamennirnir, því að þegar til kastanna kemur, þá lendir allur hallinn á hinum innlenda aðila. Það er Kísilgúrverksmiðjan sem verður að borga hann, en Kaiser sleppur alveg.

Ég get ekki annað séð en að hér hafi meir en lítil mistök átt sér stað í sambandi við þá samninga, sem hafa verið gerðir við hinn erlenda aðila. Þetta sýnir jafnframt, að það er nauðsynlegt að hafa fullkomna aðgát, þegar verið er að semja við erlendan verktaka, það sé ekki eins eftirsóknarvert og ýmsir hér í hv. d., sérstaklega talsmenn stjórnarinnar hafa viljað vera láta. Mér virðist, því miður, að þegar útlendingar eiga í hlut í sambandi við slík mál sem þessi, þá sé ríkjandi full oftrú, — að menn haldi helzt, að það megi öllu því treysta, sem útlendingar halda fram, og eiginlega ganga að öllu því, sem þeir bjóða, það sé í þessu sambandi miklu auðveldara og betra að semja við þá heldur en íslenzka aðila, íslenzka verkfræðinga og íslenzka verktaka.

Það er rétt að geta þess, að það var reiknað með því á sínum tíma, að það mundi verða nokkur halli á Kísilgúrverksmiðjunni fyrstu 3—4 árin. Samkv. þeim áætlunum, sem þá voru gerðar, var reiknað með, að þessi halli yrði 3—4 fyrstu árin samanlagt um ½ millj. dollara, eða miðað við núverandi gengi eitthvað í kringum 40 millj. kr. Nú hefur hallinn á seinasta ári næstum orðið sem svarar þessari upphæð og fyrirsjáanlegt að hann verður verulegur á næstu árum. Miðað við það, að ráðizt verði í þá framkvæmd, sem þetta frv. gerir ráð fyrir, þá sýnist mér samkvæmt grg., að það sé reiknað með því, að hallinn fyrstu 3—4 árin verði allt að 100 millj. kr., og að sjálfsögðu ber að geta þess, að þar er aðeins um áætlun að ræða, og ef sú áætlun reynist ekki betur en fyrri áætlanir, þá verður hallinn að sjálfsögðu miklu meiri.

Eftir að það frv. hefur verið samþykkt, sem hér liggur fyrir, þá mun ríkið vera búið að leggja samanlagt til þessara framkvæmda sennilega í kringum 250 millj. kr. Samkv. þessu frv. á ríkið að leggja fram 150 millj. kr., það mun þegar vera búið að leggja fram áður í hlutafé 40 millj. kr. Auk þess er svo sá undirbúningskostnaður, sem ríkið tók að sér í sambandi við þessa framkvæmd, sem skiptir sennilega nokkrum tugum millj. kr., og svo vegagerðir, sem ríkið hefur tekið að sér í sambandi við þessa framkvæmd, en kostnaður við þær mun nema 40—50 millj. kr. Ég hygg þess vegna, að það sé ekki ofsagt, að þegar búið er að samþykkja þetta frv., sem hér liggur fyrir, og framfylgja því, þá verður ríkið búið að verja til Kísilgúrverksmiðjunnar í kringum 250 millj. kr. samanlagt.

Hvað er það svo, sem fæst í aðra hönd í staðinn fyrir þetta framlag? Jú, það fæst þarna atvinna handa nokkrum mönnum. Það munu starfa nú við Kísilgúrverksmiðjuna um 30 manns, og það er reiknað með, að eftir að búið er að stækka hana, eins og ráðgert er í þessu frv., þá muni bætast 12 við, þannig að þarna vinni kringum 40—50 manns á komandi árum, og það ber vissulega ekki að vanmeta það. En ég hygg samt, að ef menn hefðu litið betur í kringum sig, þá hefðu þeir komizt að raun um það, að með því að verja þessum fjármunum til einhverra annarra framkvæmda, þá hefði verið mögulegt að skapa miklu fleiri mönnum atvinnu heldur en þeim, sem hér fá vinnu, og einnig líka miklu meiri framleiðslu, þó ég geri ekki lítið úr þeirri framleiðslu, sem hér kunni að eiga sér stað í framtíðinni. Það má nefna það í þessu sambandi, að hæstv. ríkisstjórn hefur ekki fengizt til að fallast á það, að það væri varið árlega meira en 10 millj. kr. til Iðnlánasjóðs. Ég hygg, að ef Iðnlánasjóður fengi á einu bretti þá upphæð, sem hér er um að ræða, 250 millj. kr., þá væri hægt að gera meira en lítið átak til að efla iðnaðinn í landinu fyrir þá upphæð, stækka mörg fyrirtæki og auka þau og bæta við nýjum fyrirtækjum, þannig að auðvelt ætti að vera á þann hátt að veita miklu fleiri, mörgum sinnum fleiri mönnum atvinnu heldur en þeim, sem starfa við þetta fyrirtæki, svo að frá því sjónarmiði er ekki hægt að segja, að þessum fjármunum hafi verið sérstaklega vel varið. Það hefur sýnt sig hér, eins og svo oft áður í sambandi við önnur mál, að hæstv. núv. ríkisstj. er í ýmsum tilfellum tregari til þess að leggja fram fjármagn, þegar hinir eldri eða rótgrónari atvinnuvegir landsmanna eru annars vegar, heldur en þegar um fyrirtæki er að ræða, sem útlendingar eru að einhverju leyti aðilar að.

Ég held, að það sé líka ástæða til að athuga það í sambandi við þetta mál, hvaða ávinningur hlýzt af því, þegar fyrirtækið er stækkað og framleiðslan vex. Það mundu flestir álíta, að það yrði til þess að auka þann hagnað eða þann gróða, sem íslenzka fyrirtækið fær af þessari framleiðslu. Samkvæmt venjulegum kapítalískum lögmálum hefði verið samið þannig við hinn erlenda aðila, sem sér um sölu á framleiðslu fyrirtækisins, að prósenta hans lækkaði í samræmi við það, sem magnið eykst, því að yfirleitt gildir það viðskiptalögmál í sambandi við slíka sölu, að eftir því sem menn geta selt meira magn, þurfa þeir ekki að taka eins mikla heildarálagningu af hverri einingu. Þessu er hins vegar ólíkt varið í þeim samningum, sem Kísiliðjan hefur gert við hinn erlenda aðila, sem sér um sölu á framleiðslu fyrirtækisins. Samningurinn er þannig gerður, að eftir því sem magnið eykst, sem framleitt er og selt er, hækkar prósentan eða umboðslaunin, sem Johns-Manville má taka af sölunni, þannig að ef fyrirtækið selur ekki nema 6 þús. smálestir, eru umboðslaunin 12%. Ef hins vegar sölumagnið fer upp í 9 þús. smálestir, verða umboðslaunin 15%. Ef sölumagnið fer upp í 12 þús. smálestir, verða sölulaunin 18%. Ef framleiðslumagnið og sölumagnið fer upp í 20 þús. smálestir, verða umboðslaunin 21%. Og ef framleiðslumagnið fer upp í 24 þús., sem er áætlað hámark í framtíðinni, verða sölulaunin 24%. Gróðinn, sem hlýzt af aukinni framleiðslu hjá fyrirtækinu, lendir þannig að mjög miklu leyti eða jafnvel að mestu leyti hjá hinum erlenda aðila, þannig að hlutur hans er vel tryggður, ef niðurstaðan verður sú, að okkur tekst að auka þá framleiðslu, sem hér um ræðir.

Ég get ekki annað sagt en að þessi sölusamningur hljóti að teljast nokkuð einkennilegur og hann sé okkur vísbending um það, hvernig það er að semja við erlenda aðila um þessi mál. Þeir vilja sannarlega tryggja sitt í slíkum samningum og fá sinn hluta af gróðanum og fullkomlega það.

Það hefði verið ástæða til þess að ræða frekar um

þetta atriði. En vegna þess að ég veit, að hæstv. forseti þarf að koma fleiri málum að en þessu, skal ég reyna að stytta mál mitt.

Ég vil svo að síðustu víkja að því, hvernig hefur verið undirbúin sú framkvæmd verksins, sem er fyrirhuguð samkvæmt þessu frv. Ég tel, að það hefði verið eðlilegt, að þetta frv. hefði verið lagt fram á Alþ. og leitað eftir þeirri heimild Alþ., sem hér um ræðir, áður en búið væri að taka nokkrar ákvarðanir um það, hvernig ætti að framkvæma verkið, svo að Alþ. gæti haft hönd í bagga um það, hvernig því yrði háttað. Við vitum allir mjög vel, að nú er mjög verulegt atvinnuleysi í landinu og þess vegna er það mikilvægt, að þau verk, sem við ráðum yfir, séu unnin af Íslendingum og íslenzkum fyrirtækjum, ef það er mögulegt. Og þess vegna finnst mér, að það hefði átt að ganga þannig frá af hálfu kísiliðjustjórnarinnar og ríkisstj., að það væri ekki neitt búið að fastbinda það, hverjir sæju um þessar framkvæmdir, fyrr en Alþ. hefði fjallað um málið og látið í ljós vilja sinn um það, hvaða aðilar það væru, sem sæju um framkvæmdirnar. Nú er það hins vegar upplýst, að áður en þetta mál er lagt fyrir Alþ., er búið að ráðstafa því að mjög verulegu leyti, hvaða verktakar það eru, sem eiga að annast framkvæmd þessa verks. Mér skilst, að það sé þegar búið að fastsetja það af hálfu stjórnar kísiliðjufyrirtækisins, að svo og svo stór hluti af verkinu, — hluti, sem þó er hægt að vinna hér innanlands, — skuli vera unninn af erlendum aðila. Þetta tel ég mjög ámælisvert og þó sérstaklega þegar þess er gætt, hvernig nú er ástatt í landinu. Og það mun einnig vera búið að ákveða það, að erlendir verkfræðingar eigi að annast svo og svo mikið af eftirliti með framkvæmd þessa verks, sem íslenzkir verktakar gætu þó vel annazt.

Ég vil halda því fram, að af hálfu stjórnar fyrirtækisins hefði ekki verið þannig frá þessu gengið, ef svo hagaði ekki til, að það væri fjmrh., sem er formaður í stjórn þess fyrirtækis, sem hér er um að ræða. Fjmrh. getur að sjálfsögðu tekið sér meira vald en venjulegur stjórnarformaður. Hann veit það, að ef hann er búinn að taka einhverja ákvörðun í máli eins og þessu og leggur heiður sinn að veði, fær hann flokksbræður sína á Alþ. til að standa með þeirri ákvörðun, sem hann er búinn að taka í stjórn þessa fyrirtækis. Ég tel þess vegna, að hann beri meginábyrgð á því, að þannig er að undirbúningi þessa máls unnið, að áður en Alþ. fjallar um það, er búið að ráðstafa svo og svo miklu af því til erlendra verktaka og erlendra verkfræðinga. Ég verð að segja það í sambandi við þetta, að ég tel það mjög misráðið og illa farið, að ráðherrar og þá ekki sízt fjmrh. séu að taka að sér stjórnarformennsku í fyrirtækjum eins og þessu, stórum og umsvifamiklum fyrirtækjum, þar sem er verið að leggja inn á nýjar brautir og þarf mikla vinnu í sambandi við stjórn fyrirtækjanna. Fjármálaráðherrastarfið er það yfirgripsmikið, að það er alveg augljóst, að maður, sem vill rækja það samvizkusamlega, — og það efast ég ekki um, að núv. ráðherra muni vilja gera, — hann hefur ákaflega takmarkaðan tíma til þess að sinna jafnhliða stjórnarformennsku í fyrirtæki eins og þessu. Og mér finnst það ekki ólíklegt, að sumt af þeim mistökum, sem hér hafa átt sér stað, hefði ekki orðið, ef stjórnarformaðurinn hefði haft aðstöðu til þess að vinna þetta verk — ekki sem aukastarf við hliðina á ráðherraembætti, heldur hefði getað sinnt því alveg fullkomlega. En að sjálfsögðu reynir langsamlega mest á stjórnarformanninn í sambandi við verk eins og þessi. Ég get vel látið mér detta það í hug, að ef stjórnarformaðurinn hefði getað fullkomlega sinnt þessu verki, hefði verið hægt að halda þannig á málum, að stofnkostnaður hefði ekki farið eins mikið fram úr áætlun og raun ber hér vitni um. Ég get líka látið mér detta það í hug, að ef stjórnarformaðurinn hefði fullkomlega getað sinnt þessu verki, hefði verið þannig samið við hinn erlenda verktaka, að hann hefði orðið að taka á sig ábyrgðina af þeim mistökum, sem urðu við fyrstu framkvæmd verksins, en sá kostnaður ekki að öllu leyti lent á hinum íslenzka aðila. Og ég er nærri viss um það, að ef fjmrh. hefði ekki haft forustu í stjórn fyrirtækisins, mundi ekki núna fyrir fram vera búið að semja um það að framselja svo og svo mikið af þeirri framkvæmd, sem er fyrirhuguð, í hendur erlendra verktaka algerlega að þarflausu.

Ég vil í sambandi við það alveg sérstaklega minna á þau ummæli, sem hv. 7. landsk. þm., Sveinn Guðmundsson, lét falla um þetta efni í Ed. fyrir nokkrum dögum. Hann lýsti yfir því, að íslenzkir aðilar væru fullkomlega færir um að vinna öll þau verk, sem hér væri um að ræða, og íslenzkir verkfræðingar væru færir um að annast það eftirlit, sem hér væri um að ræða. Það er því engin ástæða til þess að óreyndu að sniðganga þessa aðila og fela útlendingum að annast verkin. Sérstaklega er þetta óverjandi undir þeim kringumstæðum, sem nú eru í landinu, þar sem hér er ríkjandi mikið atvinnuleysi og einmitt þau fyrirtæki, sem mundu geta unnið verk eins og þessi, járnsmiðjurnar, hafa búið við verkefnaskort á undanförnum mánuðum og gera það enn í dag. Af þeim ástæðum mundi ég líka leggja sérstaka áherzlu á það í sambandi við framhald þessa máls hér á Alþ., að það yrði reynt að koma því í það horf, að það yrðu afturkallaðir samningarnir við hina erlendu aðila um framhald verksins og það boðið út með eðlilegum hætti og íslenzkum aðilum gefinn kostur á því að vinna þetta verk. Því er að vísu borið við, að innlendir aðilar hafi ekki það fjármagn, sem erlendir aðilar ráða yfir, til þess að taka verkið að sér, en þá er það hlutverk ríkisvaldsins að sjá um það, að íslenzkir verktakar fái sömu aðstöðu og erlendir verktakar, hvað fjármagnið snertir.

Ég hefði séð ástæðu til þess að hafa þetta mál mitt miklu ítarlegra og gera hverju atriði, sem ég hef hér nefnt, nánari skil, en vegna samkomulags við hæstv. forseta hef ég reynt að stytta mál mitt. Ég vil aðeins að lokum segja það, að ég tel, að hér sé um hreint vandræðamál að ræða. Framkvæmd þessa máls hefur stórkostlega misheppnazt, en hins vegar má vel vera svo, að úr því sem komið er, og eftir öll þau mistök, sem hafa átt sér stað, sé ekki um annað að ræða en að bjarga því, sem bjargað verður, þrátt fyrir þann kostnað, sem af því hlýzt, og það má vel vera, að sú verði endanleg afstaða mín til þessa máls. Ég legg eigi að síður áherzlu á það, að af þessu máli má margt læra og ekki sízt það, að við þurfum að sýna meiri varkárni og aðgætni í skiptum við erlenda aðila en hæstv. ríkisstj. hefur tamið sér að undanförnu og m. a. hefur komið fram í sambandi við þetta mál, því hér hafa orðið af því veruleg slys, eins og

ég hef rakið, í mörgum efnum. Og mér finnst, að af þessu máli megi líka draga þann lærdóm, að það eigi að vera okkur aukin hvatning til þess að treysta meira á innlenda verktaka og íslenzka verkfræðinga en við höfum gert hingað til og að það megi læra það af þessu, að þeir séu ekki aðeins samkeppnisfærir við þá erlendu, heldur reynist á margan hátt og muni á margan hátt reynast betur en þeir. Þess vegna gæti þetta mál, á vissan hátt, orðið til góðs, ef við lærðum það af því að meta meira okkar eigin menn og jafnhliða því að búa þannig í haginn, að innlendir verktakar og íslenzkir verkfræðingar fái betri aðstöðu til starfa en þeim er búin undir núv. ríkisstj.

Dómsmrh. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Þegar haft er í huga niðurlag ræðu hv. síðasta ræðumanns, mætti segja: Fagurt galaði fuglinn sá, – en skelfing leiðast mér þeir menn, sem alltaf hlakkar í, þegar atvinnufyrirtæki eða einhverjir aðilar verða vegna einhverra byrjunarörðugleika eða af öðrum óviðráðanlegum ástæðum fyrir skakkaföllum, og þykjast alltaf eftir á vita allt og hafa frá upphafi séð öllum öðrum betur. Þvílíkan alvitring í þessu máli, eins og hér kom fram áðan, er óvanalegt að hitta fyrir, þegar um slíkt fyrirtæki er að ræða og rekstur þess á byrjunarstigi eins og kísilgúrverksmiðju, sem er mjög sérstæð atvinnugrein, og eins og ég sagði, hvergi í heiminum unnið við þau skilyrði, sem eru hér á landi.

Það hafa engin slys orðið í sambandi við þetta mál vegna afstöðu ríkisstj. eða hæstv. fjmrh., eins og hæstv. síðasti ræðumaður vildi gefa í skyn. Það var við byrjunarerfiðleika að etja, eins og oft vill verða í sambandi við svona framkvæmdir og ekki aðeins við svona einstæðar framkvæmdir eins og hér er um að ræða. Ég þekki dæmi þess, að síldarverksmiðjur, sem hinir ágætu íslenzku verkfræðingar hafa byggt, hafa verið reknar heila vertíð hér á landi, án þess að nokkuð kæmi út úr því, verðmætið flaut mestallt í sjóinn eða fór upp í loftið, og var þó um að ræða verksmiðjur, sem þeir aðilar, sem hlut áttu að máli, voru alvanir að byggja og reisa.

Það er algerlega rangt, að það hafi verið látið liggja að því af hálfu stjórnvalda eða stjórnar Kísilgúrverksmiðjunnar, að það væri allt í lagi, heldur hefur margsinnis verið sagt frá því á opinberum vettvangi, bæði í útvarpi og blöðum, að um mikla byrjunarörðugleika hafi verið að ræða, svo að menn hafa ekki þurft að fara í neinar grafgötur um það.

Varðandi það, hvað stofnkostnaðurinn hefur aukizt, er auðvitað sjálfsagt, að þingið og þessi hv. d. fái nánari grg. um það, en ég tel eðlilegra, að slík grg. verði lögð fram í n. og þar gerð grein fyrir því, og þá sé hægt að gera grein fyrir málinu við síðari umræðu málsins. Við hér, sem ekki höfum aðstöðu til þess, kvörtum um það, hve mikið eða lítið framkvæmdin hefur farið fram úr áætlun, en þegar verulega mikið lánsfé er í einhverri framkvæmd og erlendur gjaldeyrir hækkar á skömmum tíma um 100%, leiðir það af sjálfu sér, að það skiptir ekki höfuðmáli, hvenær framkvæmdinni var lokið, þegar verið er að tala um hækkun á byggingarkostnaði, heldur breytist hann bara sjálfkrafa vegna þeirra breytinga á verðgildi íslenzku krónunnar, sem orðnar eru, enda þótt framkvæmdum sé lokið áður en þær gengisbreytingar, sem síðast hafa farið fram, voru framkvæmdar. En ég hef enga aðstöðu til þess að gera grein fyrir, í hverju þessi aukni byggingarkostnaður í íslenzkum kr. er fólginn, en tel sjálfsagt og skal hlutast til um það, að n. verði gerð grein fyrir því, þegar hún fær málið til meðferðar. Það er auðvitað sjálfsagt, að það verði líka betur kannað, — og þá miklu fremur í n. en í karpi hér í ræðustólnum, — hvort eitthvað hafi verið bogið við samningsgerðina af hálfu fyrirtækisins við erlenda verktakafyrirtækið Kaiser. Það hlýtur að sjálfsögðu að vera nokkurt álitamál, en stjórn fyrirtækisins á auðvitað að gera þn. og þingi fulla grein fyrir því.

Hv. síðasti ræðumaður, 4. þm. Reykv., þóttist nokkuð góður núna að geta bent á, að það hefði ekki allt gengið vel í upphafi hjá Kísilgúrverksmiðjunni varðandi vinnsluna þar, og gaf í skyn, að þetta hefði hann og aðrir bent á, þegar málið var hér til meðferðar, og menn þyrftu svo sem ekkert að undrast, þó að hann og hans flokksmenn hefðu verið á móti málinu, þegar það var samþykkt hér á sínum tíma, 1966. En ég vil bara gera hér þá eina leiðréttingu, að ekkert af því, sem hv. þm. taldi nú þessu máli til vansa, ekkert af því var þá tíundað eða hreyft sem ástæðu gegn málinu, engu einasta atriði. Í sjálfu sér var það vitað, að Framsfl. var með þessu máli og það var einn þm. flokksins, Karl Kristjánsson, sem fylgdi málinu óhindrað. Ég man ekki um afstöðu annarra, það getur verið, að einhverjir hafi verið hlutlausir og norðanmenn einhverjir með. (Gripið fram í.) Jú, það er rétt, en hins vegar var það alveg ljóst, að það var ekki efniságreiningur hjá hinum þm. flokksins, heldur var þá farið fram á það við mig sem iðnmrh., að ég gæfi yfirlýsingu um það, að aldrei skyldi verða skotið til gerðardóms, sem erlendir aðilar ættu sæti í, ágreiningi, sem kynni að rísa upp á milli Johns-Manville og íslenzka ríkisins. En í samningunum var gerð grein fyrir, að sé um ágreiningsmál að ræða, af hvaða tagi sem er, milli aðilanna, verða þau tekin fyrir íslenzka dómstóla eða íslenzkan gerðardóm, nema samkomulag sé um aðra meðferð. Það var þessi þröngsýni í Framsfl., sem olli því, að þeir snerust á móti málinu. Ég sem iðnmrh. gat auðvitað ekki talað fyrir hönd annarra iðnmrh. í framtíðinni eða ríkisstj. en hér átti hlut að máli og neitaði því að gefa slíka yfirlýsingu, sem var algerlega ástæðulaust að fara fram á og ég hafði ekki aðstöðu til þess að gefa. En það sat í mönnum annað mál, sem þeir gátu ekki á þeim tíma losað sig við glýjuna af, en tala nú öðruvísi um núna, en þetta sýnir auðvitað ekki mikinn þroska hjá heilum stjórnmálaflokki eða þingflokki, að snúast af slíkum ástæðum gegn slíku máli.

Hv. 4. þm. Reykv. talar um það, að það sé búið að setja mikið fé í þetta og mikið hefði mátt gera fyrir iðnaðinn, ef hann hefði fengið á einu bretti 200 millj. kr., eins og væri búið að setja í þessa Kísiliðju. Sannleikurinn er sá, að á þeim tíma frá því að samið var um Kísiliðjuna og til þessa tíma hefur iðnaðurinn fengið fyrir tilstuðlan ríkisstj. álíka mikið fé, bæði í beinum framlögum og því lánsfé, sem ríkisstj. hefur útvegað lönlánasjóði.

Hv. 4. þm. Reykv. vék einnig að ákvæðunum um sölulaun og vildi gera það mjög tortryggilegt, að sölu-

launin eru minni við minni sölu og meiri við meiri sölu. Frá öllu þessu var skýrt undir meðferð málsins, þegar lögin um Kísilgúrverksmiðjuna voru afgreidd 1966, og menn höfðu þá ekkert sérstaklega við þetta að athuga. Mönnum var það ljóst og menn höfðu gert sér grein fyrir því, að þetta er ákaflega vandmeðfarin framleiðsla og tiltölulega erfið í sölu, og það er einmitt út frá því sjónarmiði, sem sölulaunin voru þannig byggð upp. Að sjálfsögðu er mér ljóst, að um slíkt má alltaf deila og getur verið álitamál, en eins og ég segi er það aðalatriðið, að þinginu var gerð grein fyrir þessu þá, þegar lögin voru samþykkt, hvað mundi felast í þeirri samningagerð, sem þá var heimilað að ganga frá. Og menn féllust á þetta sem höfuðsjónarmið og ég a. m. k. man ekki eftir ágreiningi um þessi ákvæði hins væntanlega samnings. Menn leiðrétta mig, ef ég fer hér með rangt mál.

Hv. 4. þm. Reykv. gagnrýndi einnig, að hér sé búið að ákveða svo og svo marga hluti í sambandi við framkvæmdina, áður en þetta mál komi til Alþ. Í því sambandi vil ég aðeins vekja athygli á því, að Alþ. kýs meiri hl. stjórnar framleiðslufélagsins, og þannig er það á fjölmörgum sviðum öðrum um ríkisfyrirtæki, eins og síldarverksmiðjurnar og önnur ríkisfyrirtæki, sementsverksmiðjuna og því um líkt. Þessi fyrirtæki leggja ekki venjulega fyrir Alþ. með hverjum hætti framkvæmdum eigi að raða eða haga, ekki nema þau þurfi að sækja til Alþ. um fjárveitingar og heimild til lántöku og að verja fé úr ríkissjóði o.s.frv. Hjá því verður ekki komizt, ef grundvallarhugsunin með því að Alþ. kjósi menn í stjórn þessara fyrirtækja er sú, að Alþ. hafi þar með íhlutunarrétt og sé tryggt að fylgjast með framgangi málanna. Þetta er ekkert sérstakt um þetta fyrirtæki fram yfir önnur þau, sem hér eiga hlut að máli.

Ég skal ekki efna til neinna frekari deilna af minni hálfu um þetta mál. Mér finnst sjálfsagt að það verði gerð miklu fullkomnari grein fyrir því, — sem ég get ekki gert hér á þessu stigi málsins, svo það verður þá að gerast í þeirri n., sem fær málið til meðferðar, iðnn., — í hverju liggur umframkostnaður við bygginguna fram yfir það sem áætlað var og enn fremur í hverju eru fólgin þau skakkaföll — ítarlegar en ég nú hef greint — sem urðu við byrjun rekstursins og að hve miklu leyti litlu eða engu leyti er hægt að áfellast einhvern fyrir það, að ekki er talið vera, að því er mér skilst, fært að koma ábyrgð fram á hendur verktaka í kanadíska fyrirtækinu Kaiser. Þetta er sjálfsagt, og mun ég hlutast til um það við formann n., að hann fái aðgang að öllum gögnum um þetta. Eins og ég segi, það er ekki á mínu færi að svara fyrir þetta, þó að hv. þm. telji sig geta gagnrýnt það á alla enda og kanta, en þá held ég að það sé rétt hins vegar að það komi fram nánari grg. frá hlutaðeigandi um þessi atriði á þeim vettvangi, þar sem hægt er að meta slíkt, sem hér er um að ræða.

Umr. frestað.

Á 90. fundi í Nd., 8. maí, var fram haldið 1. umr. um frv.

Magnús Kjartansson: Herra forseti. Þetta frv. til l. um Kísilgúrverksmiðjuna og breyt. á l. um hana hefur fært okkur alþm. mjög stórar og óvæntar fréttir.

Að undanförnu höfum við oft séð í blöðum frásagnir af því, að allt gengi undravel við framkvæmdir við Kísilgúrverksmiðjuna. Okkur var sagt frá því, að byggingin hefði gengið samkv. áætlun og raunar betur en áætlað var, og við höfum séð mörg bjartsýnisviðtöl í blöðum.

En nú kemur það í ljós, eins og rakið er í grg. þessa frv. og rakið hefur verið í ræðuhöldum hér á þingi, að þarna hefur verið um að ræða ákaflega stórfelld og margþætt mistök. Ég vil minna á þau meginatriði, sem hér hafa komið fram.

Í fyrsta lagi hefur það komið í ljós, að kostnaðarverð fyrsta áfanga verksmiðjunnar hefur hækkað úr 140—150 millj. kr. upp í 280—290 millj., eða því sem næst 100%. Menn eru ýmsu vanir hér á Íslandi með að framkvæmdir fari fram úr áætlun, en ég minnist þess naumast, að hliðstæður séu við þessa stórfelldu aukningu á kostnaði.

Í annan stað hefur komið í ljós, að hallinn af starfrækslu verksmiðjunnar á síðasta ári var mun stórfelldari en ráðgert hafði verið. Hann varð á fjórða tug milljóna. En upphaflega var talað um, að hallinn fyrstu árin, fyrstu 4 árin, ef ég man rétt, kynni að verða 40 millj. Á einu ári verður hallinn sem sé álíka mikill og talað var um, að hann yrði á ferfalt lengra tímabili. Og þetta gerist, enda þótt framkvæmd hafi verið gengislækkun, sem átti að gera afkomu verksmiðjunnar betri vegna þess að framleiðsla hennar er öll seld erlendis og hækkar í hlutfalli við breytingar á gengi. Auk þess var framleiðslan á síðasta ári miklum mun minni en áætlað hafði verið. Hún varð aðeins 2500 tonn, en það kerfi, sem byggt hafði verið upp, átti að nægja fyrir 12000 tonnum.

Ástæðan fyrir þessu er ákaflega stórfelld mistök í hönnun fyrirtækisins, eins og viðurkennt hefur verið. Meginframkvæmdir við fyrirtækið voru faldar erlendu fyrirtæki, eins og nú er mikill siður hér á landi, fyrirtækinu Kaiser í Kanada. Þegar þetta fyrirtæki var ráðið til starfans, var lögð á það áherzla, að þetta væri margreynt fyrirtæki, þarna væru allar framkvæmdir í góðum höndum, auk þess sem þetta fyrirtæki ábyrgðist, að framkvæmdir yrðu eins og til væri ætlazt. Þetta sagði þáv. framkvæmdastjóri verksmiðjunnar opinberlega. Hann staðhæfði, að hið erlenda fyrirtæki væri ábyrgt fyrir framkvæmdum.

Nú segir hæstv. ríkisstj. í nál. sínu, að ástæðuna fyrir þessum lélegu afköstum megi rekja til þurrkara verksmiðjunnar, sem ekki eru eins öflugir og við var búizt, og einnig hafa að jafnaði orðið í þeim nokkur efnistöp við útgufun. Virðist hönnun þurrkaranna ekki hafa verið í samræmi við þær forsendur, sem áætlanir aðilanna voru byggðar á. Þarna höfum við sem sé samið við erlendan aðila um að láta okkur í té tiltekna vöru. Við höfum verið sviknir á vörunni, en þá kemur það í ljós, að um þá ábyrgð, sem um var talað, er ekki lengur að ræða. Nú er það staðhæft af ráðamönnum, að við eigum engan kröfurétt á hið erlenda fyrirtæki, þótt það hafi gert sig sekt um svo stórfelld mistök. Þarna tel ég vera um mikið alvörumál að ræða. Það er algild regla í viðskiptum, að ef einhver aðili semur um að vinna verk, er hann ábyrgur fyrir því að skila verkinu eins og til er ætlazt. Og standi hann ekki við það, sem hann hefur

tekið að sér að gera, er hann skaðabótaskyldur. Þetta er almenn regla, og þessari reglu fylgja menn, sem eru ábyrgir fyrir miklum framkvæmdum. En þessari reglu hefur auðsjáanlega ekki verið fylgt, og það tel ég, að Alþ. eigi að líta mjög alvarlegum augum, því hér er um mjög stórfelldar upphæðir að ræða.

Fyrir nokkru var talað um það með eðlilegri fordæmingu, að fram hefði komið vitneskja um fjárhagslegt stjórnleysi í einu fyrirtæki hér í landi, hjá húsameistara ríkisins, og þær upphæðir, sem menn hneyksluðust á, námu tugum þúsunda króna. En hér er um að ræða upphæðir, sem nema tugum milljóna kr. Og hæstv. ráðh. láta sér nægja að koma hingað og segja Alþ. frá þessu, án þess að ætlast til þess, að þetta mál sé athugað nánar.

Mér virðist þetta mál þannig vaxið, að full ástæða væri til þess að framkvæma gagngera rannsókn á þessari sögu allri. Ef þetta mál hefði komið fyrir fyrr á þessu þingi, hefði ég flutt till. um slíka rannsókn á vegum Alþ. Það er tómt mál að gera það nú, þegar nokkrir dagar eru eftir af þinghaldi. En ég vil leyfa mér að beina því til hæstv. fjmrh., sem lýsti yfir því nýlega, að hann vildi gera gangskör að því að uppræta fjárhagsmisferli, að hann beitti sér sjálfur fyrir því, að þessi rannsókn verði framkvæmd og allir flokkar eigi aðild að henni. Ef ekkert er ámælisvert í þessu máli, ætti hæstv. ráðh. að fagna slíkri rannsókn, en hér er um það stórfelldar upphæðir að ræða, að ég sé ekki að undan þessari rannsókn verði komizt, ef menn vilja standa að málinu á heiðarlegan hátt. Raunar þætti mér forvitnilegt að vita, hverjir það eru, sem bera ábyrgð á þessum mistökum. Er það hæstv. fjmrh., sem er formaður stjórnar þessarar verksmiðju, eða er það hv. varaþm. Pétur Pétursson, sem seinustu árin hefur hlotið það sérkennilega verkefni á vegum hæstv. ríkisstj. að taka að sér að stjórna um skeið alls konar vanhirðufyrirtækjum. Mér finnst við eiga heimtingu á að vita, hverjir það eru, sem hafa haldið á málum á þennan hátt.

Mér þætti einnig fróðlegt að frétta hjá hæstv. ráðh., hvort öll kurl eru hér komin til grafar. Í sambandi við Kísilgúrverksmiðjuna hefur verið komið upp við Mývatn sérstöku raforkuveri, varmaorkuveri, og mér skildist, að það væri ætlunin, að framleiðsla þess orkuvers yrði hagnýtt í þessari verksmiðju. Nú hygg ég, að *það muni vera rétt, að þetta orkuver hafi ekki gengið* eins vel og áætlað var, að tilkostnaður við raforkuna þaðan sé meiri en nokkur dæmi eru um hér á Íslandi. Og nú vil ég spyrja hæstv. ráðh.: Eru ráðagerðir um áframhald kísilgúrverksmiðjunnar miðaðar við það, að hún hagnýti raforku frá þessari dýru virkjun, eða er ætlunin að velta raforkukostnaðinum yfir á þjóðina og taka hann ekki með í þessa útreikninga? Ef það er gert, er málið ekki heldur lagt fyrir á heiðarlegan hátt.

Annars er öll saga þessa máls dæmi um það, hvað hæstv. ríkisstj. hefur gengið til samvinnu við erlenda aðila af furðulegu og barnalegu trúnaðartrausti. Svo er að sjá, að hæstv. ráðh. ímyndi sér, að erlend auðfélög séu einhverjar góðgerðarstofnanir og vilji taka upp samvinnu við okkur Íslendinga til þess að gera okkur greiða. En reynsla ríkisstj. í þessu efni hefur orðið allt önnur. Ég vil minna á það, að þegar þetta mál bar fyrst á góma hér á Alþ. 1964, var það lagt fyrir á allt annan hátt en raunin varð síðar. Hæstv. ríkisstj. hafði þá gert samkomulag við fyrirtæki í Hollandi, AIME, sem stundaði sölumennsku á ýmsum efnaiðnaðarvörum. Ég minnist þess, að hæstv. fjmrh. hélt þá ræðu hér á Alþ., þar sem hann lagði á það mikla áherzlu, að samvinnan við þetta hollenzka fyrirtæki ætti aðeins að greiða fyrir því, að framleiðslan yrði seljanleg á markaði í Evrópu, sem væri flókinn viðfangs og erfiður, en með þessu væru Íslendingar sjálfir að hefja sjálfstæða framleiðslu á sínum eigin vegum og þeir ætluðu að keppa við erlenda aðila um þessa vöru. Sá erlendi aðili, sem fyrst og fremst þurfti að keppa við, var bandarískt auðhringurinn Johns-Manville, því hann réð þá yfir 80—90% af markaðnum í Evrópu. En næst kemur það upp, að hollenzka fyrirtækið hafi gefizt upp og að bandarískt auðhringurinn Johns-Manville sé kominn í félagsskap við okkur í staðinn. Á því er auðvitað enginn vafi, að bandaríska auðfélagið hefur beitt samböndum sínum, hvernig sem það hefur gengið fyrir sig, til þess að fá Hollendinga til þess að segja upp samvinnu við okkur. Síðan tryggði það sér í staðinn aðstöðu hér á Íslandi, og samningurinn við bandaríska auðhringinn var sá, að hann skyldi einn sjá um söluna á þessari vöru. Hann átti að eiga sölufélagið einn, og um sölulaun eru ákvæði, sem ég hygg algerlega einstæð, þó að leitað væri um allan heim. Sölulaun þessa bandaríska félags eiga að hækka eftir því sem magnið hækkar og komast upp í hvorki meira né minna en 31%.

Þetta bandaríska auðfélag hefur fylgt þessari aðstöðu sinni eftir á margvíslegan annan hátt. Í sambandi við byggingu verksmiðjunnar hefur það beitt sér fyrir því, að allur útbúnaður til hennar væri keyptur vestan hafs, það er ekki nokkur vafi á því, að þar er um að ræða sérstaka hagsmuni Johns-Manville, vegna þess að auðhringar í Bandaríkjunum eru fléttaðir saman. Þ. á m. var keyptur vestan hafs þessi útbúnaður, sem ég var að lýsa hér áðan, en hann var ekki merkari en svo, að reynslan er sú, sem ég lýsti. Hv. 7. landsk. þm., Sveinn Guðmundsson, sagði við umræður í Ed. Alþ., að þetta væru þurrkarar eins og íslenzkar smiðjur hefðu hætt að framleiða fyrir 15 árum. Hann lýsti yfir því, að smiðjurnar hér hefðu getað framleitt miklu betri útbúnað, en þær fengu það ekki, vegna þess að hinn erlendi aðili taldi, að erlend fyrirtæki ættu einnig að sitja fyrir smíðinni. Þessi erlendu fyrirtæki fengu raunar að njóta aðstöðu, sem íslenzk iðnfyrirtæki hafa ekki notið. Þau fengu alls konar ívilnanir í tollum og sköttum. Meðalgjald þessara aðila til ríkisins var 9%, en þar er innifalinn 7½% söluskattur, en íslenzkar smiðjur verða að greiða milli 30 og 40% af efni sínu og vélum í ríkissjóð. Þarna er sama sagan og við höfum kynnzt á fjölmörgum öðrum sviðum, við Búrfell og í Straumi, að erlendir aðilar hafi verið látnir sitja fyrir verkefnum hér á landi með miklu betri aðstöðu en íslenzkir atvinnuvegir. Og þetta hefur haldið áfram síðan. Mér er fullkunnugt um það, að fluttur hefur verið til fyrirtækisins ýmis útbúnaður frá Bandaríkjunum, enda þótt sannanlega væri hægt að kaupa þær vörur á mun lægra verði frá Evrópu. Í þeirri stækkun, sem hér er rætt um, þá liggur það einnig fyrir, að áætlað er að hún verði að miklum meiri hluta til unnin af útlendingum, erlendum verktökum, þ. á m. tæki, sem íslenzku smiðjurnar lýsa yfir,

að þær geti mjög auðveldlega unnið. En erlendi aðilinn heimtar þetta, og erlendi aðilinn býður ríkisstjórn Íslands lán til þess að tryggja þetta. Hæstv. ráðh. hristir höfuðið. Ég hef þetta eftir flokksbróður hans, hv. 7. landsk., Sveini Guðmundssyni, sem lýsti þessu sama yfir í umræðum í Ed. Alþ., án þess að hæstv. ráðh. mótmælti því. Hv. þm. Sveinn Guðmundsson sagði, að ástæðan fyrir því, að leitað hefði verið til erlendra aðila um slíka hluti, væri sú, að þar væru fáanleg lán í sambandi við það, þetta væri nákvæmlega sama fyrirbærið og þegar íslenzkir útvegsmenn kaupa báta í Noregi í stað þess að láta smíða þá hér, vegna þess að norskar stöðvar geta tryggt lán, sem íslenzkar stöðvar geta ekki, og að sjálf ríkisstjórn Íslands væri farin að hagnýta sér þessa niðurlægjandi aðstöðu. (Gripið fram í.) Er það rangt, að íslenzkir útvegsmenn hafi fengið lán í Noregi, sem þeir hafa ekki getað fengið hér á Íslandi? (Gripið fram í.) Þetta hélt áfram löngu eftir það, að hægt var að smíða hliðstæða báta hér á Íslandi, eins og hæstv. ráðh. veit.

Reynslan af Johns-Manville hefur ekki verið góð, en ég held, að full ástæða sé til að óttast, að hún eigi eftir að verða enn verri. Við skulum minnast þess, að það fyrirtæki mun ævinlega hafa undirtökin í þessari samvinnu, vegna þess að fyrirtækið ræður yfir markaðnum að mjög verulegu leyti, vegna þess að fyrirtækið á námur og vegna þess að fyrirtækið er í þeirri aðstöðu að ákveða annars vegar framleiðsluverð og hins vegar söluverð og ýmsa þá þætti, sem við getum ekki haft áhrif á. Þetta fyrirtæki getur sett okkur stólinn fyrir dyrnar, og ég er alveg sannfærður um það, að þetta fyrirtæki mun setja okkur stólinn fyrir dyrnar, hvenær sem því hentar, því að erlendir auðhringar koma ekki hingað í góðgerðarskyni, eins og ég sagði áðan. Þeir koma hingað til að hagnast, og þeir eru ákaflega harðdrægir. Þeir, sem taka upp samvinnu við slíka auðhringi, verða að átta sig á þessari staðreynd og búa þannig um hnútana sjálfir, að þeir geti staðið fyrir sínu.

Í þessu frv. felst till. um stækkun þessarar verksmiðju, og þarna er lagður fyrir okkur alþm. talsverður vandi. Þarna er um að ræða fyrirtæki, sem er rekið með tapi. Því er lýst yfir, að eins og það er á sig komið nú, muni tapið halda áfram og eina leiðin til þess að fyrirtækið hætti að tapa sé að stækka það. Og mönnum er sagt, að í því skyni verði að leggja fram 150 millj. kr. Ég skil það ákaflega vel, að mönnum finnist erfitt að koma auga á aðrar leiðir út úr þessum vanda en að fallast á þetta sjónarmið. En engu að síður er þetta einnig atriði, sem vert er að velta mjög gaumgæfilega fyrir sér.

Ég hef minnzt á það nokkrum sinnum áður í vetur, einmitt í umræðum við hæstv. fjmrh., að staða okkar, að því er varðar skuldabyrði, er orðin mjög erfið. Við erum orðin einhver sú þjóð heims, sem mest skuldar, skuldabyrðin hærri hér en í nokkru öðru landi, ef til vill. Og því er okkur sá vandi á höndum, að við höfum ekki nægilegt fjármagn til allra verkefna, við verðum að velja og hafna. Ef við ákveðum að leggja 150 millj. í þetta verkefni, erum við að hafna einhverjum verkefnum öðrum. Þetta tel ég, að við þurfum að fá að vita. Hverju erum við að hafna með því að leggja 150 millj. í þessa verksmiðju, í voninni um það að hún kunni að skila arði einhvern tíma síðar, þrátt fyrir þá hörmulegu reynslu, sem hingað til hefur fengizt? Ég minni hv. alþm. á það, að sjávarútvegurinn hefur um langt skeið verið undirstaða alls efnahagskerfis á Íslandi, og ástæðan fyrir því, að þjóðartekjur hér hafa komizt upp í eitthvað það bezta í heimi á mann, er hin mikla framleiðni í sjávarútvegi á Íslandi. Við höfum ekki hliðstæða framleiðni í nokkurri annarri grein. Það er sjávarútvegurinn, sem hefur skilað þessum fjármunum í þjóðarbúið, og þegar menn tala um, að sjávarútvegurinn sé rekinn með styrkjum og uppbótum, þá er það auðvitað vitlaust bókhald og annað ekki. Hins vegar hefur hæstv. ríkisstj. ekki komið auga á þessa staðreynd. Hún hefur afrækt vissa þætti í sjávarútvegi á mjög háskalegan hátt. Henni er ef til vill að vitrast það núna, að þetta hefur verið gert. En mér þætti fróðlegt að vita, hvort hæstv. ríkisstj. ætlar að bæta ráð sitt á þessu sviði. Er þess ef til vill að vænta, að hæstv. ríkisstj. taki nú ef til vill til við að endurnýja togaraflotann, sem hún hefur lofað síðan fyrir síðustu kosningar, en hún hafði áður svikið um 7 ára skeið? Þessar 150 millj., sem talað er um að leggja til Kísilgúrverksmiðjunnar, jafngilda andvirði tveggja skuttogara. Og mér er spurn: Erum við að hafna tveimur skuttogurum með því að leggja fjármagnið í þetta, eða hefur hæstv. fjmrh. fjármagn til að gera hvort tveggja? Þegar við ráðstöfum svona hárri upphæð eins og þessari, þá þurfum við að gera okkur grein fyrir framkvæmdaáætlun okkar sjálfra nokkur ár fram í tímann. Við verðum að vita, hvaða valkosti við höfum, í hvað við getum lagt peningana og hvar þeir skila mestum arði. Það er ekkert einangrað fyrirbæri að leggja 150 millj. í fyrirtæki við Mývatn, það hefur áhrif á aðra þætti í efnahagslífi okkar. Við erum að hafna öðrum framkvæmdum um leið, og ég vil mælast til þess, að hæstv. ríkisstj. leggi fyrir Alþ. fullan samanburðargrundvöll hvað þetta snertir. Ef við erum að hafna arðbærari framkvæmdum fyrir vonarpening, þá er það röng stefna. En þetta eru því miður starfshættirnir hér á Alþ., að málin eru lögð fyrir eitt og eitt og ekki skeytt um efnahagslegt samhengi þeirra. Hér skortir algjörlega áætlunarbúskap og áætlunarhugsun hjá hæstv. ráðh., þeir láta hverjum degi nægja sína þjáningu. En ef þannig er að farið, getur þjáningin að vísu orðið nokkuð sár að lokum.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Það var á margan hátt fróðleg ræða, sem hv. 6. þm. Reykv. flutti hér áðan, ekki kannske fyrir þá sök að hún væri svo nýstárleg. Hún var í ákaflega svipuðum dúr og ræða, sem flutt var hér fyrir 2 eða 3 þingum, 2 þingum líklega, af fyrirrennara hans, hv. þáv. þm. Einari Olgeirssyni. Það var nokkurn veginn sami andinn, sem í báðum ræðunum var. Þá lýsti hann fyrir okkur með miklum skelfingum, hvað yfir okkur vofði. Við værum komnir í samband við hring, auðhring í Bandaríkjunum, sem væri deild í Morgan-samsteypunni. Ég hef nú stundum verið að segja við vini mína hjá Johns-Manville, að það væri ekki mikill vandi fyrir þá að útvega okkur peninga, úr því vildi svona vel til, að þeir væru aðilar að Morgan-samsteypunni, sem þeir sögðust sannarlega fagna, ef rétt væri og ef ég gæti veitt þeim aðgang þar að, en það væri nú ekki svo gott.

Sannleikurinn er sá, að það var of mikið í ræðu hv. þm., — hann talar oft ágætlega fyrir sínu máli, — sem bar vott um það, að hér væri fyrst og fremst fordæming á fyrirtæki, sem er komið á þrátt fyrir harðvítuga andspyrnu frá honum og hans flokki og raunar fleirum, eingöngu af þeirri ástæðu, að hér væri unnið með útlendingum. (Gripið fram í.) Jú, fyrsta frv. var samþ. einróma, en gallinn er bara sá, að þá væri verksmiðjan væntanlega ekki komin upp, svo að þá hefði það ekki komið að neinni sök.

Ég skal ekki rekja þá sögu alla saman, það væri of langt mál, og það er alveg eins og hv. þm. réttilega sagði, að það var ekki rætt um beina aðild þess fyrirtækis að byggingu þessarar verksmiðju. En það, sem síðar hefur gerzt og við höfðum litla hugmynd um þá vegna reynsluleysis okkar, það hefur sannfært mig um það og okkur alla, sem nærri því hafa komið, að þessi verksmiðja væri ekki til í dag, ef Johns-Manville hefði ekki komið til skjalanna. Ekki vegna þess að það hafi ætlað að vinna hér eitthvert miskunnarverk á okkur, ekki heldur af því, að það hafi ætlað sér að arðræna okkur, þetta fyrirtæki, heldur vegna þess að hér voru sameiginlegir hagsmunir. Og þetta fyrirtæki, Johns-Manville, hefur ekki verið okkur fjandsamlegra en það, að það hefur afhent okkur beinlínis hluta af sínum Evrópumarkaði til þess að við gætum selt okkar vöru og komizt inn á markaðinn. Það er rétt, sem hv. þm. sagði, að það eru örfáir aðilar, sem ráða yfir markaðnum á þessari vöru, og heildarframleiðsla þessarar vöru í heiminum er alveg hverfandi lítil, og það var gersamlega vonlaust fyrir óþekktan aðila að komast inn á þennan markað – gersamlega vonlaust, það fullyrði ég hiklaust. Það hefur hins vegar, sem betur fer, farið á þann veg, að aukning á eftirspurn eftir þessari vöru í Evrópu hefur leitt til þess, að við getum nú gert það, sem við ætluðum að bíða með, ekki vegna hags verksmiðjunnar út af fyrir sig, heldur vegna söluerfiðleika, að stækka kísilgúrverksmiðjuna. Það muna allir hv. þm það, að það var talað upphaflega um, að hún yrði 24 þús. tonn. En hins vegar var skýrt frá því, þegar við ræddum þetta mál hér síðast á Alþ., að það væri talið vonlaust, vegna þess að markaður væri ekki fyrir hendi, þó að Johns-Manville hefði afhent okkur meginhlutann af öllum sínum markaði í Evrópu. Það hefur hins vegar gerzt, sem er okkur gleðiefni og veldur því, að við getum nú mætt þessum vanda okkar í dag með stækkun verksmiðjunnar nú þegar, að eftirspurnin eftir vörunni er miklu meiri heldur en nokkrar áætlanir lágu fyrir um og nokkur skynsamleg ástæða var að halda. Og ég vil nota alveg sérstaklega þetta tækifæri, þó að ég búist við, að hv. þm. telji það sem dæmi um minn Ameríku-undirlægjuhátt, þá vil ég láta það skýrt koma fram, að Johns-Manville hefur lagt alveg ótrúlegt kapp á það að leysa þennan vanda og gert miklu meira og lagt fram og fjárhagslega tekið á sig miklu meiri byrðar heldur en þeir samningum samkvæmt voru skyldugir að gera til að leysa þá erfiðleika, sem við höfum átt nú við að stríða. Þeir hafa látið okkur í té alla sína færustu sérfræðinga, vestanhafs og austan, ásamt með sérfræðingum, sem við höfum haft aðgang að, til þess að leysa þau tæknilegu vandamál, sem hér hafa risið. Þetta vil ég, að hér komi fram, vegna þess að þetta er sannleikur. Og þó að ameríska fyrirtæki eigi hlut að máli, sem ýmsir virðast telja að geri ekki annað en að reyna að arðræna og mergsjúga aðra og sé okkur til tjóns, þá er það ekki svo í þessu tilfelli, heldur hefur það beinlínis orðið til þess að gera okkur mögulegt að leysa þann vanda, sem við höfum átt við að stríða.

Það er svo annað mál, sem hv. þm. sagði og mér finnst ekkert undarlegt að komi fram hér á Alþ. og víðar. Spurningin er um það, hvað þarna hefur gerzt. Spurningin er um það, af hverju fyrirtæki, sem hannar þessa verksmiðju, getur ekki orðið hér skaðabótaskylt og þar fram eftir götunum. Spurningin um það, af hverju verksmiðjan hefur ekki afkastað jafnmiklu eins og við höfðum gert áætlanir um. Þetta hefur orðið okkur öllum vonbrigði, en það sannar ekki þar með, að það sé nokkurs manns sök. Það hefur legið fyrir frá fyrstu tíð, að hér er um að ræða framleiðslu, sem hvergi er þekkt í veröldinni með þessum hætti, og allir þeir sérfræðingar, sem við ræddum um þetta mál við, bæði hér og erlendis, þeir sögðu okkur það, að það gæti enginn fullyrt örugglega, hver útkoman yrði úr þessari verksmiðju. Það voru framkvæmdar rannsóknir á framleiðslunni og gæðum efnisins og bráðabirgðaathuganir á þurrkurum og öðrum tækjum, — það eru nú fleiri tæki í þessari verksmiðju heldur en þurrkarar, sem menn virðast halda að sé það eina, sem skiptir máli. Þetta var gert á tilraunastöðvum og efnarannsóknastofum, en ég býst við, að allir — ég er að vísu leikmaður í þessu efni — en allir þeir, sem þekkja vísindalegar tilraunir og efnarannsóknastarfsemi, þeir muni geta staðfest það, að efnafræðingar hafa alltaf á því fullan fyrirvara, að það er með engu móti hægt að fullyrða það, að það sem kemur fram jákvætt í efnarannsóknastofu, komi fram alveg nákvæmlega eins, þegar farið er að framleiða það í stórri verksmiðju. Þetta var alla tíð tekið fram. Ég skal segja ykkur, hv. þdm., tiltekin dæmi, sem gera það að verkum m.a., að það er erfitt um vik að byggja upp lögfræðilega kröfugerð á hendur Kaiser, þótt þurrkarar Kaisers hafi ekki afkastað 12 þús. tonnum. Það eru gefnar upp efnafræðilegar vissar formúlur, sem menn þykjast nokkurn veginn vissir um að geti staðizt, og við það er þessi smíði miðuð. Það er gert ráð fyrir því, að þegar efnið fer inn í þurrkarann, þá sé búið að ná úr því ákveðnu hlutfalli af rakastiginu. Eins og allir vita, er þessu efni dælt upp úr vatni, og það, sem veltur á, er, hvað það fer vott inn í þurrkarann. Það er jafnframt gengið út frá því, að það megi fara út úr þurrkurunum með vissu vatnsinnihaldi, 6% — ég held ég muni rétt þá tölu. Þetta hvort tveggja leiðir að sjálfsögðu af sér, að þurrkararnir þurfa að miðast við aðrar aðstæður heldur en raunverulega verða fyrir þá sök, að okkur tekst ekki að ná úr efninu því vatnsmagni, sem hafði verið ætlað, áður en það fer inn í þurrkarana, og það þarf að þurrka efnið í þurrkurunum — ekki niður í 6% heldur niður í 2%. Það getur vel verið, að það megi leita að og finna einhverja, sem sé hægt að hengja fyrir þetta, efnafræðinga, verkfræðinga og aðra slíka. Það má alltaf segja það. Og það getur vel verið, að það sé hægt að hengja mig, ég er formaður stjórnar, ég hef verið formaður undirbúningsfélagsins og stjórnarinnar og vitanlega formlega ber ég ábyrgð á, ef þarna verða einhver mistök. Ég er ekki að skorast

undan því. Og menn geta gert, hvort sem þeir vilja í alvöru, sótt mig til saka eða stjórn fyrirtækisins eða ekki fyrir það, að þetta skilar ekki nákvæmlega þessum árangri. Það verða menn að gera upp við sig, og ég hef ekkert á móti því, ef menn hafa ánægju af að setja í það rannsóknarnefnd.

Það er engin launung yfir, hvað þarna hefur gerzt, — ekki nokkur launung. Þetta eru þeir búnir að berjast við mánuðum saman, að ná niður rakastiginu, áður en farið er í þurrkarana — að koma efninu með meiri hraða í gegnum þurrkarana og að ráða við efnið, þegar það kemur út úr þurrkurunum, fyrir það hvað það er þurrt. Þetta er kjarni þessa máls. M. a. vegna margvíslegra stöðvana æ ofan í æ hafa afköstin minnkað. Af því að gerðar voru ýmiss konar breytingar þarna og tilraunir til að sjá, hvort væri hægt að vinna þetta með öðrum hætti, hafa orðið framleiðslustöðvanir á framleiðslustöðvanir ofan, eftir að tilraunavinnslunni var lokið. Það hefur að vísu alltaf legið fyrir að það mundi taka um hálft ár, sem yrði hrein tilraunavinnsla. Frá því var sagt strax í byrjun. Hin raunverulega vinnsla í verksmiðjunni hefst ekki fyrr en um mitt s. l. ár. Til þess tíma er talið að um algera tilraunavinnslu sé að ræða og framleiðslan til þess tíma er skráð sem slík og ekki gerð tilraun til þess að setja hana á markað, fyrr en eftir þann tíma.

Um þetta hafa fjallað ótal sérfræðingar, bæði innlendir og erlendir. Við eigum ekki marga menn hér á Íslandi. Það er einn maður, sem fyrst og fremst hefur verið meginráðunautur okkar í þessum efnum, það er Baldur Líndal efnaverkfræðingur, sem fyrstur kom með hugmyndir um að vinna þetta efni úr botni Mývatns, og ég tek það skýrt fram, að hann hefur lagt sig allan fram og ég mundi aldrei segja orð í þá átt, að hann hefði ekki gert allt sem í hans valdi stóð til þess að sjá um, að þessi mistök gerðust ekki. Ég fullyrði líka að hinir erlendu verkfræðingar, sem eru starfsmenn Johns-Manville og Kaisers, hafa einnig lagt sig fram um að mæta þessum vanda. Og það, sem mér finnst gleðilegast í dag, er, að allir kunnugir menn fullyrða, að þessi vandi sé leystur. Við fáum að vísu ekki nákvæmlega jafnmikil afköst, væntanlega ekki nema 9—10 þús. tonn út úr þessum þurrkurum í staðinn fyrir 12 þús. tonn, en það breytir þó gersamlega allri útkomu málsins, og a. m. k. frá sjónarmiði þeirra, sem halda að Johns-Manville hafi ekki mikinn áhuga á að þetta gangi vel hjá okkur hér, þá verð ég þó að benda á og það býst ég við að þeir hinir sömu menn muni staðfesta, að það séu ákaflega litlar líkur til að þeir hafi ánægju af að missa peninga og tapa peningum. Ég held að það sé sameiginlegt amerískum fyrirtækjum, að þau vilja heldur græða heldur en tapa, og meðan þau þurfa að borga helminginn af hallanum, sem hér er um að ræða, eða 49% á móti 51%, þá held ég að sé nokkurn veginn öruggt um það, að þau eru ekki að setja sína lélegustu menn í það að reyna að sjá til, að það sé hægt að leysa þennan vanda, það held ég að sé alveg ljóst.

Ég get alveg tekið undir það með hv. þm., að það er raunalegt að þetta skuli hafa gerzt og að þessir tæknilegu erfiðleikar skuli hafa orðið svona miklir, en ég spyr: Hvað stór prósenta halda menn að það sé, — ég er ekki sérfræðingur eins og ég segi, og varpa ég þessu fram algerlega án þess að geta svarað því, — af tilraunum, sem verið er að gera í veröldinni með alls konar framleiðslu, sem menn halda að takist við fyrstu útreikninga, en þar sem ótalmörg mistök koma fram og leiðréttingar og lagfæringar, sem þarf að gera? Okkar stóri sigur er sá, að við höfum framleitt vöru, sem er með því bezta í þessari grein, sem til er í veröldinni, og það er það sem gerir það að verkum, að við leggjum nú hiklaust til að verksmiðjan verði tvöfölduð og farið upp í þá stærð, sem áformað var í upphafi, vegna þess að nú er nokkurn veginn öruggt að við getum selt nú þegar þetta magn.

Það var rétt, sem hv. þm. sagði, það var gert upphaflega ráð fyrir að það yrði halli á þessum rekstri 4 fyrstu árin. Nú er gert ráð fyrir því, að beinn rekstrarhalli verði ekki á árinu 1969. Það þarf að veita aðstoð til þess að fleyta áfram lánum, en reksturinn sjálfur á að geta að verulegu leyti staðið undir sér, og þegar á árinu 1972 á hann að geta staðið undir fullum afskriftum af öllu því, sem lagt hefur verið í verksmiðjuna, og farið svo að skila mjög verulegum hagnaði úr því.

Sá áfangi, sem við erum hér að tala um, seinni áfangi verksmiðjunnar, er miklum mun ódýrari en sá fyrri. Sá fyrri kostaði 4.3 millj. dollara, – ég held að það sé öruggast að hafa það í slíkum tölum, við þurfum þá ekki að vera að deila um gengismismun eða annað þess konar, – en annar áfanginn, þessi 12 þús. tonn, er talið að muni kosta um 2.3 milljónir dollara. Framleiðsluverðmæti verksmiðjunnar mun að lokinni þessari stækkun, þegar það er búið að koma henni í fulla stærð miðað við núverandi verð, verða um 230 millj. kr. á ári. Það er sagt, að þetta þjóni litlu, og bent á að það séu ekki nema 12 menn, sem bætist við í starfslið verksmiðjunnar, en það væri ekki hægt að segja, að það væri óhagkvæm útkoma, ef hægt er að fá 120 millj. kr. viðbótarverðmæti með vinnu 12 manna. Það held ég ekki að sé hægt að segja að sé þjóðhagslega séð óhagkvæm fjárfesting.

Það er bent á, að hallinn í ár hafi verið mikill. Það er rétt. En ég vil þó vekja athygli á því, að inni í þeim halla, sem er 33 millj., er m.a. gengishalli, sem er alveg sérstaks eðlis eða 9 millj. kr., og þar eru líka reiknaðar með afskriftir á 10 millj. kr., þannig að rekstrarhallinn sjálfur, beinn rekstrarhalli, er þó ekki nema um 14 millj. kr.

Þá hefur verið vikið mjög að því, að það hafi verið gefnar rangar upplýsingar, og talað af miklu yfirlæti um það, hve þessi verksmiðja væri dýr og hún hefði farið langt fram úr áætlun. Þetta er heldur ekki rétt. Allt það, sem sagt hefur verið um það efni og þær upphaflegu áætlanir, sem gerðar voru um byggingarkostnað verksmiðjunnar sjálfrar, það hefur fullkomlega staðizt. Byggingarkostnaðurinn sjálfur, miðað við hinar upphaflegu áætlanir og miðað við gengið á byggingartímanum, hafði verið áætlaður 148 millj. Hann varð um 140 millj.

Það má vera, að það sé eðlilegt, að það rugli menn þær tölur, sem hér eru notaðar, þar sem talað er um að verksmiðjan standi nú í 288 millj., og mér dettur ekki í hug að halda það, að hv. þm. hafi neina löngun til að fara með skakkt mál í því. Ég skal útskýra hvernig í því liggur, að talið er hér í grg., að í árslok 1967 þá hafi

undirbúningskostnaður verið 209 millj. kr. í staðinn fyrir að hann hafi verið áætlaður 148 millj. og sagt að geysilega hafi farið fram úr áætlun. Það byggist á því, að það varð samkomulag um það á milli ríkisins og Johns-Manville, að kostnaður af undirbúningsrannsóknum við þetta fyrirtæki, sem var búið að stunda bæði hér heima og erlendis í mörg ár, skyldi reiknast með í stofnkostnaði, en hann var ekki reiknaður með í þessari áætlun, sem gerð var um byggingarkostnaðinn við sjálfa verksmiðjuna, og ekki eðlilegt að það væri gert, heldur var það tekið inn sem hlutafé frá aðilum, og það nam 20 millj. kr. Síðan voru byggð íbúðarhús, sem alls ekki voru í þessu plani, sem kostuðu 12 millj. kr. Byrjunarrekstur ársins, sem alltaf var reiknað með að yrði að afskrifa á sínum tíma og var aldrei talið að kæmi inn í reksturinn sem slíkan, reyndist um 10 millj. Í ofanálag á þetta kemur gengistap, sem varð á þessu ári 27.9 millj. Þetta eru skýringarnar og tölurnar sem útskýra mismuninn á 209 millj., sem eru hér í grg., og 148 millj., sem var hin upphaflega áætlun, og ég held að enginn sanngjarn maður geti sagt, að hér hafi þar af leiðandi ekki staðizt það, sem sagt var í þessu efni. Hér hafa komið til ný atriði, sem eru utan við það mál, sem snertir bygginguna sjálfa. Þegar svo er verið að tala um það, að verksmiðjan standi í 288 millj., og sagt, að það sýni, hvað hafi orðið geysilegur halli á rekstrinum öllum, þá er það auðvitað líka alger misskilningur, vegna þess að af þessum 288 millj. er gengismunur 83.9 millj. Ég skil vel, að það sé eðlilegt að þetta vefjist fyrir mönnum af því að maður notar ekki beint dollarauppháeðir í þetta. Það er enginn halli á rekstrinum og eins og hv. þm. sagði, þá auðvitað hefur gengisbreyting ekki nokkur áhrif nema jákvæð áhrif á hag og rekstur þessarar verksmiðju, vegna þess að 100% af framleiðslunni eru seld til útlanda, en hins vegar stór hluti kostnaðarins fjármagnaður með hlutafé. Og það, sem til viðbótar bætist svo hér í þessu, er það, að það voru gerðar nýjar framkvæmdir á árinu, ný efnisþró, sem kostaði 12 millj. kr., sem hér kemur einnig til viðbótar og ekki var í upphaflegu áætluninni, en það reyndist óumflýjanlegt að gera nýja þró og safna meira hráefni heldur en gert hafði verið ráð fyrir.

Þetta er nú sannast sagna allur þessi stóri skandali, sem hér hefur gerzt, og menn geta haft sínar skoðanir um það og sagt, að hvítt sé svart og svart sé hvítt eftir atvikum. Vafalaust segir minn ágæti nafni og hv. þm., að það megi túlka þetta með öðrum hætti. Ég hef sagt nákvæmlega það, sem er rétt. Það má leggja út af því vafalaust með mismunandi góðvilja, en þetta er staðreynd málsins. Og ég segi, að hér hafi engin ósköp gerzt, sem réttlæti það að setja hér á einhverja rannsókn. Það sæmir ekki mér að segja það, af því að rannsóknin ætti þá væntanlega að snúast gegn mér. En ég er ekki reiðubúinn hér á þessum stað til þess að nefna neinn sérstakan vísindamann, sem sé sekur um það, að þarna hafa orðið þessar reikningsskekkjur. Ég held, að það sé enginn þeirra sekur um það. Ég held, að allir þessir menn hafi gert allt það bezta, sem þeir gátu, en hins vegar reyndist bara útkoman úr dæminu, þegar allt kemur til alls, ekki nákvæmlega sem skyldi, en síðustu vikur benda ótvírætt til þess, að erfiðleikarnir yfirvinnist og þegar búið er að setja sérstakar rykskiljur á þurrkarana til þess að ná því, sem fer nú úr þeim út í veður og vind, ef svo má segja, þá eigi að vera hægt að ná afköstunum, það er von okkar, ná þeim upp í ein 10 þús. tonn.

Um umboðslaunin, sem eru talin einstæð í veröldinni, eins og hv. þm. sagði, þá fer víðs fjarri, að þau séu neitt einsdæmi í veröldinni. Við höfum kynnt okkur rækilega það, hvað sé eðlilegt, að séu umboðslaun, og hvað er venja í slíkum tilfellum. Og ég vil vekja athygli á því, að hér er um að ræða bæði heildsölu- og smásöluþóknun. Við borgum ákveðna prósentu fyrir það og komum svo ekki nærri sölunni. Johns-Manville kaupir vöruna með þessum hætti. En það, sem ég tel rétt, að komi hér fram og er fróðlegt og sýnir nú, hvað þessir menn eru miklir arðræningjar eða hitt þó heldur, er það, að þeir féllust fúslega á það að staðsetja söluféiagið á Íslandi, á Húsavík, og með þeim einkennilega hætti, að þeir reiknuðu því engan kostnað. Allur sölukostnaður Johns-Manville verður reiknaður á dótturfyrirtækin úti í Evrópu, sem má segja, að sé kannske hæpið gagnvart þeim löndum, sem þar er um að ræða, ef út í þá sálma ætti að fara. En við skattleggjum nær 100% alla þá söluþóknun, sem þeir fá hér, og af því verða þeir að borga 45% skatt, þannig að ég fullyrði, að þessir samningar eru síður en svo okkur óhagstæðir.

Ástæðan til að við höfum mismunandi söluþóknun eftir því, hvað magnið væri mikið, það skal ég játa, að er á vissan hátt mín eigin sök, ef sök skal telja. Það byggðist hreinlega á því, að það voru miklar líkur til þess, að þeir mundu hafa tilhneigingu til að láta sína framleiðsluvöru frá öðrum verksmiðjum sitja fyrir, ef erfitt yrði um sölu, nema því aðeins að þeir hefðu verulega hagsmuni af því að selja okkar vöru. Og það þótti því maklegt og eðlilegt og á það féllust þeir, að ef þeir væru óduglegir að selja, þá skyldu þeir fá minna fyrir það. Auðvitað verður kostnaður þeirra meiri af því. En ég veit ekki, hvort þetta er svo fábjánalegt, kannske er það og þá verð ég að taka því. En mér fannst þetta dálítið snjallt, ég skal játa það.

Þá hefur því verið haldið hér fram, sem ég vil líka leyfa mér algerlega að mótmæla, að Johns-Manville hafi sett einhver skilyrði um það, að þau tæki, sem við höfum keypt, yrðu keypt í Ameríku. Það hafa þeir aldrei orðað. Og það hefur verið metið algerlega hlutlaust af okkar sérfræðingum, hvort það væri eðlilegt eða ekki, að það væri gert. Það, að við höfum látið smíða í Bandaríkjunum ýmsa hluti, á því ekkert skylt við þetta atriði, en það á að því leyti skylt við hagsmuni okkar að öðru leyti, að við höfum getað fengið „export credit" lán, það er alveg rétt. En þau eru ekki gegnum Johns-Manville og þeir koma þar hvergi nærri. Við höfum í margvíslegum tilfellum, – ekkert frekar í sambandi við Kísiliðjuna heldur eru til ótalmörg slík lán hér á Íslandi, – fengið lán hjá Export-Importbankanum í Washington í sambandi við vörukaup í Bandaríkjunum. Og það höfum við fengið í sambandi við vörukaup til Kísiliðjunnar. Það er ekkert launungarmál heldur. Við höfum fengið lán víðar. Við höfum fengið lán í Hollandi og við höfum fengið lán í Bretlandi, þar sem við höfum keypt þessar vörur. Og það er alveg eins og hv. þm. sagði, það er ekkert auðvelt mál að fá pen-

inga, og við höfum orðið að leita ýmissa úrræða til þess og m.a. þessara úrræða.

Það, að notaðir séu þurrkarar, sem hafi verið fleygt fyrir 20 árum, eins og minn ágæti samflokksmaður lét frá sér fara í Ed., ég vil nú helzt ekki gera það að umtalsefni, vegna þess að ég held, að það liggi svo í augum uppi, að það þurfi ekki að ræða það, að fyrirtæki, hvort sem það heitir Kaiser, Johns-Manville eða aðrir slíkir, leiki sér að því að nota gamalt skran. Það hef ég nú ekki heyrt, að sé borið á Ameríkumenn nú til dags, að þeir geri það. (Gripið fram í.) Ég tel, að hann hafi vit á málum, jú, vissulega. En ég er ekki tilbúinn að segja, að hann hafi nokkuð meira vit á þessu heldur en þeir menn, sem hafa farið með þetta sérstaklega. Ég er ekkert að bera saman vitmann eða vitleysing. Ég bara skaut því hér fram, hvort hv. þm. héldu það, að amerísk stórfyrirtæki, sem leggja milljónatugi eða milljónahundruð að veði, leiki sér að því að kaupa gamalt skran. (Gripið fram í.) Ég er búinn að reyna að útskýra það fyrir hv. þm., sem virðist hafa farið fyrir ofan garð og neðan hjá honum, hvaða ástæður liggja til þess, að þurrkararnir hafa ekki skilað nákvæmlega þeim afköstum, sem gert var ráð fyrir. Og ég geri jafnvel ráð fyrir, að þó að þeir hefðu verið smíðaðir hjá innlendum aðila, gæti hafa staðið í þeim að láta þá skila sömu afköstum, ef formúlurnar, sem miðað var við, hefðu ekki orðið eins og gert var ráð fyrir. Og skal ég þar ekki vera að fara að hallmæla neitt þeim mæta manni, Sveini Guðmundssyni, frekar en öðrum í því efni. Þetta bara liggur í augum uppi sem almenn heilbrigð skynsemi.

Af því að hv. þm. virtist nú telja allt, sem hér er verið að gera, vera gert af hreinni fávizku og glópsku, þá munaði hann nú ekkert um að bæta því við, að orkuverið við Mývatn eða í Námaskarði mundi vera álíka gáfulega uppbyggt, og spurði, hvort það mundi vera. Hann hafði að vísu sýnilega enga hugmynd um, hvað hann var að tala um, vegna þess að þetta orkuver er ekki reist til þess að veita raforku til Kísiliðjunnar, heldur er það reist til þess að veita hitaorku til Kísiliðjunnar, en veita raforku til orkuvers, sem reist er á vegum Laxárvirkjunarinnar. Og hvort sú orka verður svo dýr sem hann sagði eða ekki, það veit ég nú ekki um, en a. m. k. verður þá ekki stjórn Johns-Manvilles sökuð um það, því að ekki hafa þeir komið nærri því orkuveri. Það er eitt, sem víst er. Það var hins vegar talið af okkar sérfræðingum, að það væri mjög hagkvæmt, og ég hef ekki heyrt nokkurn halda uppi andmælum gegn því, að það væri mjög mikilvægt fyrir okkur einmitt hér á Íslandi að gera tilraun með að framleiða raforku úr jarðgufu. Sérfræðingar okkar töldu, að með nýjustu aðferðum í því efni væri hægt að framleiða þetta á mjög hagkvæman hátt. Og ég hef ekki enn þá heyrt frá talsmönnum Laxárvirkjunar, að það hafi komið nein skökk útkoma úr því. Kannske veit hv. þm. það betur en ég. Ég skal ekkert segja um það. En það kemur þá í ljós á sínum tíma. En ég bið hann a. m. k. að athuga, að þó að hann hafi áhuga á að ná til okkar við Kísiliðjuna og saka okkur um flest afglöp, þá höfum við ekki skipulagt þetta orkuver.

Varðandi þau stórkostlegu tollfríðindi, sem sagt er að veitt hafi verið, þá eru það nú fríðindi, sem fyrst og fremst koma nú í gagn þessu fyrirtæki, sem við eigum þó meiri hlutann í, þessir 9% tollar, sem vitnað var til.

Þá er það stækkunin. Sagt er, að hún hafi verið unnin öll og eigi að vinnast af útlendingum og verksmiðjan upphaflega hafi verið byggð af útlendingum. Það er rétt, að mikið af vélunum var byggt af þeim. Það er satt. En hins vegar var mjög mikið líka unnið hér af íslenzkum aðilum og það voru verktakafyrirtæki hér heima, bæði Almenna byggingarfélagið o.fl., sem sáu um margvísleg verk í sambandi við Kísiliðjuna. Við höfum lagt á það áherzlu nú í sambandi við stækkunina, að það verði leitazt við að hagnýta, eftir því sem tök eru á, aðstoð innlendra aðila til þess að byggja upp þessa viðbót við verksmiðjuna. Hitt sannar ekki, að það sé hægt að láta Íslendinga gera það allt saman, og það eru margar ástæður, sem valda því, bæði fjárhagslegar ástæður og aðrar. En það hefur sannarlega ekkert staðið á okkar samstarfsmönnum og sameigendum, Johns-Manville, að sýna fullan skilning á því, að við reyndum eftir megni að nota hér íslenzka starfskrafta og íslenzka aðila, ef það hefur verið sambærilegt við það, sem um hefur verið að ræða annars staðar.

Ég bið afsökunar á því, herra forseti, að ég hef orðið nokkuð langorður um þetta mál, en ég taldi nauðsynlegt að upplýsa það, það er svo margt um það búið að segja og tala og það af minni velvilja heldur en góðvilja vil ég segja, af meiri löngun til þess að afflytja heldur en að skilja, hvað hér hefur verið að gerast.

Hvort Kísiliðjan við Mývatn er hagstæðari en tveir skuttogarar, ég skal játa það, að það dæmi hef ég ekki reiknað nákvæmlega. Það var ákveðið af Alþ. að hagnýta þessi jarðefni. Þau skila okkur algerlega erlendum gjaldeyri og það hefur verið skoðun okkar og það er sannfæring mín í dag, að það sé hægt að reka þessa verksmiðju mjög hagkvæmt, úr því að við höfum komizt yfir meginerfiðleikana. Og meginerfiðleikarnir hafa aldrei í mínum huga verið þurrkararnir, jafnvel ekki þó að það hafi gengið illa í nokkurn tíma að fá út úr þeim full afköst, heldur hefur meginákyggjuefnið verið það, að við gætum ekki framleitt nógu góða vöru og við gætum ekki selt alla þessa vöru. En bæði þau meginvandamál eru leyst, og það er kjarni málsins. Þess vegna getum við haldið áfram af fullum krafti og byggt upp þessa verksmiðju sannfærðir um það, að við höfum þarna góða vöru, sem við getum hvar í heiminum sem er boðið og vöru, sem er líkleg til þess að geta skilað verulegum fjárhæðum í þjóðarbúið á næstu árum og áratugum.

Magnús Kjartansson: Herra forseti. Þetta er aðeins 1. umr. hér í þessari hv. þd. Málið á eftir að fara til n. og um það verður fjallað við tvær umræður í viðbót, svo að ég sé ekki ástæðu til þess að hafa mörg orð um ræðu hæstv. ráðh., sem var málefnaleg, eins og yfirleitt er háttur hans. En hann staðfesti að sjálfsögðu það, sem ég orðaði hér áðan, um mjög fjölþætt mistök af ýmsu tagi, sem þarna hafa orðið, enda voru frásagnir mínar sóttar í grg. sjálfs frv. Ég var ekki að birta mönnum nein nýmæli. Hins vegar var það dálítið óljóst, fannst mér, og er enn þá dálítið óljóst, hver talinn er bera ábyrgð á þeim mistökum með vélbúnað fyrirtækisins, sem þarna er um að ræða. Í grg. frv. er sagt, með leyfi hæstv.

forseta: „Má rekja það til þurrkara verksmiðjunnar, sem ekki eru eins öflugir og við var búizt.“ – Þetta get ég ekki skilið öðruvísi en svo, að hinu erlenda fyrirtæki hafi verið falið að gera sérstaka þurrkara, sem hefðu sérstakt afl, en þeir hafa ekki reynzt eins aflmiklir og við var búizt. Við höfum ekki fengið þá vöru, sem við óskuðum eftir. Þarna er einnig sagt: „Virðist hönnun þurrkaranna ekki hafa verið í samræmi við þær forsendur, sem áætlanir aðilanna voru byggðar á.“ Þarna hefur fyrirtækinu verið falið að vinna verk á ákveðnum forsendum, og verkið er ekki unnið á þeim forsendum. Þetta stendur í sjálfri grg. frv. Við fáum aðra vöru en við biðjum um, og þegar það gerist hlýtur sá aðili, sem við skiptum við, að vera ábyrgur, ef tryggilega væri gengið frá samningum. Hins vegar virtist mér það felast í orðalagi hæstv. ráðh. hér áðan, að hann teldi, að formúlurnar hefðu ekki verið réttar, en það er allt annað en stendur í grg. Þarna eru þá tvær kenningar á lofti. Og þess vegna held ég, að það sé alveg sjálfsagt mál, að þetta verði rannsakað.

Hæstv. ráðh. sagðist ekki óttast rannsókn, og þá finnst mér, að hann ætti að framkvæma þessa hugmynd mína, þessa ósk mína og láta framkvæma slíka rannsókn.

Mér þótti afar einkennilegt að heyra hæstv. ráðh. lýsa með mjög fögrum orðum umhyggjusemi hins bandaríska fyrirtækis, sem við erum í samvinnu við, hvernig Bandaríkjamenn hefðu gert miklu, miklu meira en þeir voru skuldbundnir til, hvernig þeir hefðu fórnað sínum eigin markaði í okkar þágu og ég veit ekki hvað og hvað. Nú skal ég sízt draga í efa, að viðsemjendur hæstv. ráðh. og samstarfsmenn séu hinir vænstu menn. Það eru þeir vafalaust. En ég hef ekki nokkra trú á því, að bandarískt auðfyrirtæki stundi atvinnurekstur á þennan hátt. Þar eru ákaflega hörð efnahagslögmál sem ráða. Því aðeins hefur Johns-Manville haft áhuga á þessari samvinnu við okkur, að hann hefur hagnazt á henni og hann ætlar að hagnast á henni áfram. Þetta er engin góðgerðarstarfsemi og ég held, að hæstv. ráðh. ætti hreinlega að uppræta slíkt viðhorf úr huga sínum, að þarna sé um að ræða menn sem séu að gera eitthvað af persónulegri umhyggju fyrir okkur.

Hæstv. ráðh. lagði á það mikla áherzlu, að í þessari verksmiðju við Mývatn væri um að ræða tilraunastarfsemi, þetta væri fyrsta verksmiðjan í heimi, þar sem þetta efni væri unnið af vatnsbotni. Á það atriði var ekki lögð sama áherzla, þegar frv. var samþ. upphaflega, að hér væri um tilraunastarfsemi að ræða, að við værum að fara út í einhverja óvissu. Þvert á móti voru lagðar hér fyrir alveg tilteknar áætlanir og staðhæft, að þær mundu standast. Hv. alþm. var ekki sagt, að þeir væru að fara út í einhverja þoku og óvíst, hvort þeir kæmust út úr henni aftur. En slík tilraunastarfsemi hefur verið undarlega ríkur þáttur í atvinnuframkvæmdum á Íslandi um skeið. Við höfum stofnað hér eina verksmiðjuna af annarri með tilraunasniði, við Íslendingar, sem erum flestum öðrum verr til þess fallnir að stunda tilraunir í iðnaðarstarfsemi. Má ég minna á Faxaverksmiðjuna, sem var tilraunastarfsemi og mistókst? Má ég minna á Áburðarverksmiðjuna? Framleiðsluaðferð hennar þekktist aðeins á einum stað á jarðríki áður, og reynslan þar var svo léleg, að sú framleiðsla var lögð niður. Þessi áburðarverksmiðja hefur verið einsdæmi í veröldinni og nú, þegar ætlunin er að stækka verksmiðjuna, verður að taka upp nýja aðferð. Og Kísilgúrverksmiðjan var hrein tilraunastarfsemi, segir hæstv. ráðh., og hann segir frá því, hvernig vísindamenn og stjórnendur hafi verið logandi hræddir allan tímann, hvort tilraunirnar tækjust, og enn sé vissan ekki meiri en svo, að þeir séu að gera sér vonir um, hvað gerast muni. Ég held, að við getum ekki fetað okkur áfram í iðnaði með því að stunda tilraunastarfsemi. Við verðum sannarlega að vita, hvað við erum að gera.

Þær tölur, sem hæstv. ráðh. nefndi til þess að skýra mismuninn á áætluðum stofnkostnaði og hinum raunverulega stofnkostnaði, eins og hann hefur orðið, eru eflaust réttar. Hann segir, að þarna hafi verið unnin ýmis verk, sem ekki var getið um í upphaflegum áætlunum. En það stafar auðvitað af því, að hinar upphaflegu áætlanir voru ekki réttar. Þar var ekki getið um verkefni, sem þurfti að vinna, en í því felst auðvitað það, að alþm. og öðrum eru gefnar skakkar upplýsingar, þegar þeim er sagt, hvað hlutirnir eigi að kosta. Ef gerð er áætlun um eitt, en síðan bætt við ýmiss konar öðrum verkefnum vegna þess, að það verður að hafa þau með, er um að ræða rangar upplýsingar. En sem sagt, þetta mál kemur hér aftur til umr. svo að ég sé ekki ástæðu til að orðlengja það frekar við 1. umr.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Ég vil nú ekki vera að deila við hv. 6. þm. Reykv., enda ekki tilefni til þess. Þetta mál fer til n. og auðvitað sjálfsagt að veita allar þær upplýsingar, sem hv. n. óskar eftir, og mun ekkert á því standa, að það verði gert. Ég hef þegar gert ráðstafanir til þess, að framkvæmdastjóri byggingarinnar, sem þá var, Pétur Pétursson, mæti hjá n. ásamt með lögfræðingi verksmiðjunnar og endurskoðanda, ef þess verður óskað, þannig að það sé ekkert, sem fari á milli mála í þeim efnum.

En varðandi það, sem hv. þm. las upp úr grg. og kann að sýnast stangast nokkuð á við það, sem ég sagði, það er hárrétt hjá honum, þá byggist það nú meira á því, að ég hef ekki farið út í einstök atriði eins og ég sagði áðan. Þetta er löng saga allt saman. En það er rétt, að þegar við sömdum við Kaiser, var það samningur um það að hanna 12 þús. tonna verksmiðju. Það er alveg rétt. Það var gengið út frá því, að svo mundi verða. Og meira en það, hluti verksmiðjunnar átti að afkasta 24 þús. tonnum, því að þurrkararnir eru hins vegar aðeins einn þáttur í verksmiðjunni. Verksmiðjan er miklu, miklu meira heldur en tveir þurrkarar, og það liggur alveg ljóst fyrir núna, að öll önnur tæki verksmiðjunnar anna því, sem þeim er ætlað að anna. En aftur á móti er það umdeilt mál, og ég get sagt frá því hér, að við höfum látið okkar lögfræðinga, bæði íslenzka lögfræðinga og lögfræðinga Johns-Manville, kanna það, því að þeir hafa heldur enga löngun til þess, — ég tek alveg undir það með hv. þm., að amerísk fyrirtæki eru engin góðgerðarfyrirtæki — og þau hafa engan áhuga á að tapa peningum, og það hefur verið kannað af lögfræðingum beggja fyrirtækja, bæði Kísiliðjunnar og Johns-Manvilles, hvort grundvöllur mundi vera til þess að lögsækja Kaiser fyrir það, að þessir tveir þurrkarar

skiluðu ekki nákvæmlega þessum afköstum. Þetta er talinn það hæpinn grundvöllur, að það hefur a. m. k. ekki enn þá verið í það ráðizt. Hvort það bendir til þess, að við höfum ekki nákvæmlega gengið rétt frá öllum hlutum í þessum efnum, skal ég ekki um segja. Það kann vel að vera, ef mönnum sýnist svo, að það sé rétt að láta einhverja aðra sérfræðinga eða lögfræðinga en við höfum kannað þann þátt og hver hafi átt þar hlut að máli. En það voru margir, sem nærri komu af sérfræðingum, sem gerðu grein fyrir því, hvaða skilyrði þessi verksmiðja þyrfti að uppfylla.

Eins og ég sagði í ræðu minni hér áðan, voru það vissar forsendur, sem var gengið út frá, en reyndust, þegar til vinnslunnar kom, alls ekki koma út eins og við höfðum gert ráð fyrir og eins og hafði verið gefið upp. Þetta er staðreynd í málinu. Út í þá sálma skal ég ekki lengra fara, aðeins vekja athygli hv. þm. líka á því, að það, sem ég útskýrði um hinn tölulega mismun á kostnaðinum upphaflega, 148 millj. og 248 millj., það var ákaflega lítið af þeim mismun, sem stafaði af því, að það væru framkvæmdir, sem undan hefðu verið dregnar. Það var sáralítið. Meginhluti mismunarins var gengishalli.

En varðandi svo það, hvað við séum gjarnir á að leggja út í tilraunir, þá er ég hv. þm. alveg sammála um það, að það er ákaflega óæskilegt, að lítil þjóð þurfi að gera slíka hluti. En ég held nú, að við hljótum að verða sammála um það, að það var ekki um annað að ræða, – annaðhvort áttum við að sleppa því að byggja Kísilgúrverksmiðjuna við Mývatn eða þá að við urðum að leggja út í tilraun, af því að svona aðstaða er ekki til annars staðar í heiminum. Við getum deilt um Áburðarverksmiðju og annað, ég vil ekki segja um það. Við höfum kannske gert þetta á ýmsum sviðum, farið út í tilraunir, sem ekki hafi verið þekktar annars staðar. En hér var bara ekki nema um tvennt að velja fyrir okkur að gera, að taka vissa áhættu, sem aldrei var dulin, ég hef aldrei reynt að dylja hana og ég veit ekki til, að neinir sérfræðingar eða talsmenn fyrirtækisins hafi reynt að dylja það, að hér gætu orðið vissir byrjunarörðugleikar. Og ég vil ekki segja, að það, sem gerzt hefur, sé meira en vissir byrjunarörðugleikar, því að við getum ráðið við þessa örðugleika og við teljum okkur hafa náð tökum á þeim. En sem sagt, annaðhvort urðum við að kaupa það þessari áhættu eða sleppa því, því að annars staðar í heiminum er ekki við þessar aðstæður að fást.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til iðnn. með 25 shlj. atkv.

Á 93. og 94. fundi í Nd., 12. og 13. maí, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 95. fundi í Nd., 16. maí, var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 443, n. 714 og 719, 720).

Frsm. meiri hl. (Sigurður Ingimundarson): Herra forseti. Iðnn. hv. d. hefur haft þetta mál til athugunar, en ekki orðið sammála um afgreiðslu þess. N. hefur haldið tvo fundi með fulltrúum Kísiliðjunnar og var annar þeirra sameiginlegur fundur með iðnn. beggja deilda. hefur n. með þessum hætti fengið ýmsar upplýsingar um þau atriði, sem deilt var hér um við 1. umr. málsins, og mun ég víkja aðeins að þeim atriðum.

Eins og fram hefur komið hefur kísilgúr ekki áður verið unninn úr botnleðju vatns. Olli þetta nokkurri óvissu um hönnun verksmiðjunnar, þar sem bein reynsla um nokkur tæknileg atriði var hvergi fyrir hendi. Ýmsar rannsóknir höfðu þó farið fram og kísilgúr m.a. verið framleiddur í litlum tilraunatækjum. Slíkar tilraunir gefa að sjálfsögðu margar mikilvægar tæknilegar vísbendingar, en öllum er ljóst, sem til þekkja, að við tæknilega framleiðslu í stórum stíl geta komið fram erfiðleikar, sem slík tilraunavinnsla gefur ekki til kynna, enda var beinlínis gert ráð fyrir nokkru tilraunavinnslutímabili og taprekstri til þess að byrja með, bæði vegna þessa og eins vegna hins, að markað fyrir vöruna yrði að vinna upp smátt og smátt.

Við tilraunavinnsluna komu í ljós tæknilegir erfiðleikar. T. d. var gert ráð fyrir, að leðjan mundi smátt og smátt þétta botn þeirra safngryfja, sem ætlaðar voru fyrir hráefnið, eða a. m. k. mundi fljótlega síga niður hlutfallslega meira vatn en þurrefni og vatnsinnihaldið yrði þannig nokkru minna, þegar hráefnið kæmi inn í þurrkkerfi verksmiðjunnar. Þessu var nú raunar öfugt farið. Jarðvegslekinn jókst, þegar vatn lék að staðaldri um botnlagið, og varð að klæða gryfjurnar að innan með plasti. Álagið á þurrkofnana var meira en reiknað hafði verið með, bæði vegna þess að vatnsinnihald hráefnisins var meira og vegna hins, að almennt er talið, að ekki þurfi að þurrka kísilgúr meira en niður í 6% raka, en með því rakainnihaldi reyndist þessi kísilgúr klumpóttur og varð að þurrka hann allt niður í 2% vatnsinnihald til þess að klumparnir molnuðu. En með svo þurru og rykgjörnu efni reyndust efnistöpin í ofninum allmikil og olli þetta líka nokkrum erfiðleikum á síðari vinnslustigum í verksmiðjunni. Framkvæma varð ýmsar endurbætur. Framleiðslan er nú komin í um 8000 tonn í stað 12 þús. tonna og mun mega auka nýtinguna mjög verulega með nokkrum tilkostnaði.

Þessir tímabundnu tæknilegu erfiðleikar eru nú ýmist yfirunnir eða yfirvinnanlegir, og er það nokkurt gleðiefni. Hitt er þó enn meira gleðiefni, að framleiðslan hefur fyllilega reynzt sú gæðavara, sem upphaflegar rannsóknir bentu til, og markaður fyrir þessa gæðavöru er meiri og vex örar heldur en búizt hafði verið við, svo að þegar af þeirri ástæðu er nú tímabært að stækka verksmiðjuna í 24 þús. tonn. Er nú reiknað með, að verksmiðjan verði orðin gott og arðbært fyrirtæki þegar á árinu 1972 og útflutningsverðmæti verði um 240 millj. kr., þegar hún er fullnýtt, og verður það að sjálfsögðu efnahagslífi þjóðarinnar veruleg lyftistöng.

Deilt hefur verið um það, hvort sjálfur byggingarkostnaður verksmiðjunnar hafi farið fram úr áætlun. Eins og hún var hönnuð á sínum tíma, var byggingarkostnaðurinn áætlaður 148 millj. kr. En sá byggingarkostnaður, sem þar var hannaður, reyndist aðeins 140 millj. kr. eða nokkuð undir áætluðum kostnaði. Hitt er svo annað mál, að bókfærður stofnkostnaður í árslok 1968 var orðinn 288 millj. kr. Mismunurinn er gengistap, 84 millj. kr., endurbætur og tilraunavinnsla 32

millj. kr., bygging íbúðarhúsa, sem alls ekki var með í áætluninni, 12,5 millj. kr. og undirbúningsrannsóknarkostnaður, sem Íslendingar höfðu framkvæmt sjálfir á frumstigi málsins, 20 millj. kr., og fengum við að sjálfsögðu þennan kostnað viðurkenndan sem hlutafjárframlag af okkar hálfu, þegar samningar voru gerðir við Johns-Manville á sínum tíma. Langstærsti liðurinn í þessum mismun, sem um hefur verið deilt, gengistapið, 84 millj. kr., á byggingarkostnaðinum, fæst að sjálfsögðu borgað aftur með gengisgróða á útflutningsframleiðslunni, og hinir liðir mismunarins voru eðli sínu samkvæmt alls ekki inni í þeim áætlaða byggingarkostnaði, sem um var deilt hér við 1. umr. Það virðist því algerlega óþarfi eftir þær upplýsingar, sem fram hafa komið á nefndarfundum, að deila lengur um þetta atriði. Þessi umdeildi byggingarkostnaður miðað við hönnun verksmiðjunnar var 8 millj. kr. undir áætlun.

Stjórnarandstaðan hefur mjög viljað leita eftir sökudólgum vegna hinna tæknilegu erfiðleika, sem fram komu, eða tæknilegu mistaka, ef menn vilja kalla það því nafni. Upplýst er, að hráefnið hefur hagað sér nokkuð öðruvísi, með nokkrum öðrum hætti en vænzt hafði verið, bæði í safngryfju og í þurrkkerfi, og valdið keðju af samverkandi tæknilegum erfiðleikum. Vafasamt er talið, að hægt sé að koma fram ábyrgð á hendur þeim aðila, sem hannaði verksmiðjuna, þrátt fyrir alla venjulega fyrirvara um skaðabótaskyldu. Mundi þó varla standa á Íslendingum eða hinum hlutafjáreigandanum, Johns-Manville, að hefja slíka málssókn, ef hún væri talin svara kostnaði.

Meiri hl. n. telur hins vegar rétt og gagnlegt og vil ég beina þeim tilmælum til hæstv. iðnmrh., að stjórn verksmiðjunnar láti semja tæknilega og lögfræðilega greinargerð um málavexti. Það gæti allt eftir atvikum orðið til þess í fyrsta lagi, að kannað yrði nánar, hvort um málshöfðunarmöguleika er að ræða, í öðru lagi að eyða tortryggni og þá kannske stela þessum glæp frá stjórnarandstöðunni, og í þriðja lagi getur það verið lærdómsríkt fyrir seinni samningagerðir, bæði við innlenda og erlenda verktaka.

Þriðja deiluefnið í þessu máli er, hvort söluþóknun Johns-Manville sé ekki of há. Í þessu sambandi vil ég sumpart upplýsa og sumpart undirstrika það, sem áður hefur komið fram, í fyrsta lagi, að kaupendur kísilgúrs eru margir, dreifðir og smáir aðilar. Efnið er notað sem hreinsunar- og síunarefni í margvíslegum efnaiðnaði og einnig sem fyllingarefni í ýmiss konar framleiðslu, en þó sennilega er þessi gæðaflokkur, sem hér er um að ræða, lítið notaður í því sambandi. Þrjú bandarísk fyrirtæki eru nærri einráð um framleiðslu og dreifingu þessarar vöru. Hráefnið til framleiðslunnar er til í stórum stíl í flestum löndum og væri því hægt að framleiða það hvar sem er þess vegna. Að vísu er það nokkuð með misgóðum eiginleikum. Johns-Manville stendur fremst þessara fyrirtækja, en almennt er viðurkennt, að forysta þeirra liggi ekki aðeins í gæðum framleiðslunnar, heldur fyrst og fremst — og það er mjög mikilvægt í þessu sambandi — fyrst og fremst í tæknilegri þjónustu og leiðbeiningastarfsemi við hina mörgu smáu og dreifðu kaupendur. Og í þessu sambandi er einnig rétt að geta þess, að á markaðinum eru í samkeppni við kísilgúr önnur efni, sem einnig koma til greina sem hreinsiefni. Ég fullyrði, að enda þótt við hefðum fjármagnað þetta fyrirtæki af eigin mætti eða með öðrum hætti en gert var og enda þótt við hefðum leyst það tæknilega með ærnum kostnaði af eigin mætti eða með aðkeyptri tæknilegri reynslu með öðrum hætti, þá hefðum við aldrei komizt inn á þessa markaði að neinu verulegu gagni án þessarar samvinnu. Margir dreifðir kaupendur hefðu áreiðanlega ekki orðið ginnkeyptir fyrir tæknilegri aðstoð Íslendinga um notkun efnis, sem skiptir sáralitlu máli í framleiðslukostnaði þeirra, en höfuðmáli um gæði þeirrar framleiðslu sem þeir sjálfir framleiða. Það er ágætt að vera Íslendingur og berja sér á brjóst og það er gott að spila vel úr spilunum, en við spilum aldrei að gagni betur úr spilunum en við höfum spil til.

Fjórði málatilbúnaður stjórnarandstöðunnar er sá, að hætta sé á, að íslenzkir aðilar noti meira útlent vinnuafl til þessara byggingarframkvæmda en ástæða er til. Ég tel ekki ástæðu til þess að ætla það, og er meiri hl. n. því andvígur þeirri brtt., sem minni hl. leggur til á þskj. nr. 720. Meiri hl. n. telur, að það geti bundið hendur verksmiðjustjórnarinnar með þeim hætti, að stækkunin yrði ekki framkvæmanleg í tæka tíð. Ég vil taka það fram, að fjármögnun þessa fyrirtækis er annars vegar hið erlenda hlutafé og hins vegar að töluverðu leyti a. m. k. erlent lánsfé, sem til þessa sérstaka fyrirtækis er fengið og kemur því ekki í veg fyrir eða í staðinn fyrir neinar aðrar íslenzkar framkvæmdir eða fjárfestingar, en skapar hins vegar Íslendingum atvinnumöguleika við byggingarframkvæmdir og framleiðslu útflutningsverðmæta upp á 240 millj. kr.

Meiri hl. n. leggur til, herra forseti, að frv. verði samþ. óbreytt og vísað til 3. umr.

Frsm. minni hl. (Magnús Kjartansson): Herra forseti. Við 1. umr. um þetta lagafrv. ræddi ég nokkuð um málið í heild og átti orðastað við hæstv. fjmrh., formann verksmiðjustjórnar. Ég mun ekki við þessa umræðu endurtaka þau atriði, sem ég fjallaði um þá, en langar að ræða sérstaklega um tvö atriði í sambandi við þetta mál, sem vikið er að í áliti okkar, sem skipum minni hl. iðnn.

Við 1. umr. vakti ég máls á því, að í grg. frv. er sagt að tæki þau, sem keypt voru til verksmiðjunnar, hafi ekki reynzt eins og til væri ætlazt. Þau hefðu ekki verið eins aflmikil eins og ráð hefði verið fyrir gert og hönnun þeirra ekki í samræmi við forsendur. Ég spurði hæstv. ráðh. um það, hvort þetta væri rétt hermt í grg., en hann dró það mjög í efa í svarræðu sinni og talaði um, að e.t.v. mætti alveg eins segja, að formúlur okkar sjálfra hefðu ekki verið réttar, þegar við gerðum þessa pöntun. Þessi óvissa, sem þarna kom fram, var rædd sérstaklega á fundi í iðnn., en þangað komu Pétur Pétursson forstjóri, sem stjórnaði byggingarframkvæmdum á sínum tíma, og Hjörtur Torfason lögfræðingur. Við spurðum þá alveg sérstaklega um þessi atriði. Þar kom fram, að það fyrirtæki, sem gerði þurrkarana, Hardings, hefði staðhæft, áður en gerð þurrkaranna var ákveðin, að þessi gerð mundi tryggja það, að ekkert efnistap yrði í sambandi við þurrkunina. Engu að síður kom það í ljós, að þarna varð um mikið efnistap að ræða, enda þótt þurrkararnir væru hannaðir eins og rætt hafði verið

um áður. Þegar við spurðum Pétur Pétursson og Hjört Torfason, hvort ekki væri hægt að gera skaðabótakröfu til hinna erlendu fyrirtækja út af þessu, svöruðu þeir því til, að þeir gætu ekki svarað því endanlega, en sæju ekki, að það væri unnt. Þá spurði ég að því, hvort þetta stafaði e. t. v. af því, að samningar af okkar hálfu hefðu ekki verið nægilega tryggilega gerðir, hvort fyrirvarar okkar hefðu þurft að vera sterkari, hvort það hefði þurft meiri lögfræðilega sérþekkingu til að ganga þannig frá málum, að við gætum gert skaðabótakröfu til hinna erlendu aðila. Svörin um þetta efni voru einnig óljós. Um þetta fengust engin skýr svör. Og í þriðja lagi spurðum við, hvort undirrótin væri þá e. t. v. sú, að rannsóknir okkar sjálfra hefðu ekki verið nægilega traustar, að sú vitneskja, sem við höfum látið í té þeim aðilum, sem hönnuðu verksmiðjuna, hefði ekki verið fullnægjandi. En það fór eins. Við þessu fengust engin endanleg svör.

Þarna er sem sé um að ræða mjög stórfellda óvissu og þessari óvissu er ekki nokkur leið að una. Við verðum að gera okkur ljóst, að gallarnir á þessari verksmiðju eru ákaflega stórfelldir. Á síðasta ári var framleiðsla hennar aðeins 2500 tonn, en átti að verða 6000 tonn samkv. hinni upphaflegu áætlun. Þarna skakkar 3500 tonnum, og þegar þess er gætt, að verðið á tonni er um 10 þús. kr., þá er hér um að ræða hvorki meira né minna en 35 millj. Á þessu ári er talað um, að framleiðslan verði 1000 tonnum minni en upphaflega var áformað. Þar bætast þá við 10 millj. í viðbót. Þá hefur orðið að kaupa ýmiss konar útbúnað til þess að bæta þau tæki, sem keypt voru, og einnig þar eru fólgnar stórfelldar upphæðir. Þarna er sem sé um að ræða áfall, sem nemur – hvað eigum við að segja – 50, 60, 70 millj. kr., vægilega áætlað. Það er ekki hægt að una því, að ekki fáist botn í það hverju er um að kenna.

Ég færði rök að því við 1. umr., að ég teldi, að á þessu þyrfti að fara fram gagnger rannsókn, og hæstv. fjmrh. lýsti yfir því, að honum væri síður en svo á móti skapi, að þetta mál yrði rannsakað. Ég ræddi þá um rannsóknarnefnd á vegum þingsins, eins og gert er ráð fyrir í stjórnarskránni. Mér er kunnugt um það, að mönnum er dálítið illa við þær rannsóknarnefndir, þótt ég skilji ekki, hvernig á því stendur, því að í mörgum öðrum þjóðþingum er slík rannsóknarstarfsemi talin alveg sjálfsögð. En ég vil nota þetta tækifæri til þess að beina því mjög alvarlega til hæstv. fjmrh., ef hann heyrir mál mitt, að ég tel, að það verði að framkvæma gagngera rannsókn, og rannsóknina verði að framkvæma af aðilum, sem ekki eru við málið riðnir. Þessa rannsókn þarf að framkvæma til þess að athuga til hlítar, hvort við eigum ekki skaðabótakröfu á þá aðila, sem skiluðu verri tækjum en við gerðum ráð fyrir, og í öðru lagi til þess að fá botn í það af hverju mistökin stafa. Ég segi þetta ekki af því, að ég hafi neinn áhuga á því að fara að hengja upp einhvern sérstakan aðila, heldur þurfum við að læra af mistökum sem þessum. Þegar mistök eru gerð, skiptir öllu máli, að menn átti sig á því, í hverju þau eru fólgin til þess að þau endurtaki sig ekki. Og þegar mistökin eru jafnstórfelld og þarna, er slík rannsókn algerlega nauðsynleg og ég vil leggja á það mjög þunga áherzlu í sambandi við afgreiðslu þessa máls, að þessi rannsókn verði framkvæmd og niðurstöður hennar birtar opinberlega.

Annað atriði, sem mig langaði til þess að leggja áherzlu á við þessa umræðu, er, hvernig hagað verður þeim framkvæmdum, sem nú eru framundan. Manni skilst, að um það sé rætt, að erlendir aðilar eigi að halda áfram bæði að hanna viðbót verksmiðjunnar, sjá um verkfræðilega stjórn á því starfi og eins að framkvæma verkefni, sem íslenzku smiðjurnar telja sig fullfærar til þess að framkvæma. Þetta tel ég, að sé algerlega röng stefna. Framkvæmdir eins og þessar ber að sjálfsögðu að bjóða út og gefa íslenzkum aðilum kost á að bjóða í verkin, og ef hin íslenzku tilboð eru sambærileg að verði og gæðum, þá ber að taka hinum íslenzku tilboðum.

Menn verða að hafa sérstaklega í huga, hvernig nú er ástatt í járniðnaði okkar og hefur verið um langt skeið. Á sínum tíma vorum við búnir að byggja upp járniðnaðarfyrirtæki, sem voru mjög myndarleg og voru að stærð og getu svipuð og járniðnaðarfyrirtæki á Norðurlöndum og annars staðar í miklu stærri þjóðfélögum. En þessi fyrirtæki hafa verið að dragast mjög stórlega saman að undanförnu. Fyrirtækið Héðinn t. d., þar hafa margar deildir hreinlega hætt störfum, og fyrirtækið er farið að flytja inn alls konar varning, sem áður var framleiddur í smiðjunni. Nú standa þessar smiðjur í deilu við verkafólkið, hafa beitt verkbanni, hafa rekið járniðnaðarmenn út á götuna og bera því við, að afkoma þessara smiðja sé svo léleg, að þær geti ekki staðið undir því að greiða það kaupgjald, sem um var samið í fyrra. Ég skal ekki draga í efa, að afkoma þessara fyrirtækja er léleg. En hún er fyrst og fremst léleg vegna þess, að þau eru ekki nýtt eins og hægt er að nýta þau. Það stoðar lítið að fjárfesta tugi og hundruð millj. kr., ef fjárfestingin er ekki látin skila þjóðfélagslegum arði, ef vélar standa ónotaðar, ef vinnuafl sérfræðinga er ekki hagnýtt, þá geta slík fyrirtæki ekki skilað arði. Með stefnu eins og þessari, sem framkvæmd hefur verið að undanförnu, að eftirláta erlendum aðilum að vinna verk, sem hægt er að vinna hér innanlands, er verið að grafa undan þessum atvinnufyrirtækjum og koma í veg fyrir, að þau standi undir lífskjörum, sem menn eiga kröfu til á Íslandi.

Ég er ekki einn um þessa skoðun. Ég vil vekja sérstaka athygli á því, að í Ed. Alþ. gerði einn af helztu forystumönnum Sjálfstfl., Sveinn Guðmundsson hv. alþm., grein fyrir þessum sömu viðhorfum. Hann flutti þar athyglisverða ræðu, sem ég vitna til með leyfi hæstv. forseta. Ég fer eftir ræðunni eins og hún var birt í Morgunblaðinu á miðvikudaginn var. Ég geri ráð fyrir, að Morgunblaðið birti þessa ræðu vegna þess, að blaðið telji, að þau sjónarmið, sem þar koma fram, séu athyglisverð. En þarna sagði hv. alþm. Sveinn Guðmundsson m.a.:

„Ég minnist þess, þegar tækin til Kísiliðjunnar voru flutt til landsins, að þá urðu um þau blaðaskrif og meðal annars birtist þá heilsíðumynd af þurrkara í einu dagblaði borgarinnar. Töldu innlendir málmiðnaðarmenn, bæði sveinar og meistarar, að þeim óaði ekki við slíkri smíði. Nú hafa spádómar þeirra því miður rætzt um það, að hér var ekki um þá völundarsmíði að ræða, sem ætlað var. Kunnáttumönnum hér var ljóst, að hönnun þurrkaranna eða gerð þeirra var hin sama, sem lögð var niður hér á landi við svipaðar aðstæður fyrir meira en 1½ áratug. Þótt slíkt tæki

eða völundarsmíð, sem ég nefni svo sé flutt til landsins, þá er ekkert við því að segja, en hér verður að koma til samkeppnishæfni bæði um verð og gæði. Að verkið sé boðið út, bæði hér og erlendis, samanburður gerður á gæðum og verði og Íslendingar látnir njóta í verki þeirra skattfríðinda, sem þessu fyrirtæki hafa verið búin með innflutning. En upplýst hefur verið, að Kísiliðjan h.f. hefur greitt 9% meðaltoll af öllum sínum innflutningi og þar með talinn 7.5% söluskattur, eftir því sem talsmaður verksmiðjunnar hefur tjáð iðnaðarnefnd. Innlendir framleiðendur eru hins vegar knúnir til að greiða í tolla, söluskatt og aðra 17–20 skattliði ekki undir 25–30%. Dálítill munur, sem taka verður með í reikninginn eða hvað finnst þdm.? Ég tel, að okkur Íslendingum beri að fylgja fast fram frjálsu hagkerfi og þar með frjálsri samkeppni. En það segir að sjálfsögðu, að við verðum að keppa á hinum frjálsa markaði, m.a. með því að sá, sem býður bezt verð og bezta tæknilega útfærslu á samkeppnishæfum grundvelli, skuli metinn hæfastur til verka. Ég mótmæli því hins vegar algerlega, að hér komi eða eigi að koma bein lána- eða peningasjónarmið inn í dæmið, lánasjónarmið, sem ég þekki mætavel, að samið skuli við þann, sem getur lánað. Ef svo ætti að verða, yrðum við Íslendingar ætíð undir, litlar undirlægjur þeirra ríku þjóða, sem hafa peningaráð. Slík sjónarmið má ekki viðurkenna á Íslandi nú, þar sem atvinnu vantar. Ef það væri gert, þá er atvinna þúsunda í veði. Enda er það yfirlýst stefna gjaldeyrisbankanna og langlánanefndar, sem mér skilst, að sé ráðgefandi nefnd fyrir ríkisstj. eða jafnvel alls ráðandi, að innflutningur sé alls ekki leyfður til landsins með löngum gjaldfresti á vélum eða tækjum, sé hægt að framleiða slíkar vélar jafngóðar á samkeppnishæfu verði hérlendis. Þetta er yfirlýst stefna langlánanefndar viðskmrn. og bankanna, sem hafa gjaldeyrisréttindi. Þannig kemur ekki til greina innflutningur á þeim vélum og tækjum, sem til Kísiliðjunnar þarf nú til að firra taprekstri, nema Íslendingar geti ekki smíðað þessi tæki jafngóð og á samkeppnisgrundvelli. Það er skoðun mín, að frá þessu verði ekki hvikað."

Þannig kemst hv. alþm. Sveinn Guðmundsson að orði, og ég vil enn minna á, að hann er einn helzti leiðtogi Sjálfstfl. og hann var boðinn fram til þings til þess að leggja áherzlu á, að Sjálfstfl. vildi beita sér fyrir því að styrkja íslenzkan iðnað. Ég tel, að það sé sérstök skylda Sjálfstfl. að taka mark á því, sem slíkur maður segir.

Í samræmi við þetta sjónarmið lögðum við, sem skipum minni hl. iðnn., til í iðnn. sjálfri, að tekin yrðu inn í frv. ákvæði, sem tryggðu það, að íslenzkir aðilar fengju að njóta jafnréttis um framkvæmdir við Kísilgúrverksmiðjuna. Við leggjum til, að við 1. mgr. 1. gr. l. bætist: „Framkvæmdir við stækkunina skulu boðnar út og íslenzkum tilboðum tekið, ef þau eru sambærileg að verði og gæðum". Við freistuðum þess að fá um þetta samstöðu í iðnn. og við spurðum þá, sem þarna voru mættir, Pétur Pétursson og Hjört Torfason um það, hvort þeir gætu af hálfu verksmiðjunnar borið fram einhverja aths. við þessa stefnu, að íslenzk fyrirtæki fengju að vinna verk, sem þau gætu gert eins vel og aðrir. En þá kom fram ákaflega alvarlegt atriði. Pétur Pétursson sagði, að hann væri í sjálfu sér sammála þessari stefnu. En ef þetta yrði tekið í lög, mundi það tefja framkvæmdir við verksmiðjuna vegna þess að verksmiðjustjórnin væri nú þegar búin að gera samning við bandarískan aðila um að vinna þetta verk.

M. ö. o., hæstv. ríkisstj. leggur hér fyrir frv. og biður okkur alþm. að samþykkja frv. En engu að síður hefur hún leyft sér það fyrir mörgum mánuðum að semja við erlendan aðila um það atriði, sem hún er að fá heimild fyrir hér á þingi. Þetta er fullkomið alvörumál. Á þennan hátt geta starfsmenn okkar ekki hegðað sér. Mér finnst það satt að segja furðulegt, að hæstv. fjmrh., sem ég veit, að er persónulega grandvar maður, skuli leyfa sér vinnubrögð eins og þessi. Það sýnir, hvað skilningur á réttri hegðun er fyrir utan allt velsæmi hér á Íslandi. Ég fullyrði það, að í nágrannalöndum okkar væri það algerlega óhugsandi, að ráðh. og embættismenn leyfðu sér vinnubrögð eins og þessi, að binda hendur Alþ. í verki á þennan hátt.

Skýringin á því, að þetta hefði verið gert var sú, að með því að semja við bandarískan aðila var hægt að fá lán hjá Export-Import-bankanum og það væri verulegur hluti þeirra 150 millj., sem ríkisstj. ætlar að taka að láni til stækkunarinnar. M. ö. o., við erum að semja við erlendan verktaka vegna þess að erlent ríki kaupir okkur til þess með því að lána okkur fé. Það grefur undan okkar eigin atvinnurekstri með því að bjóða okkur lánsfé. Einnig um þetta atriði er hæstv. ríkisstj. þegar búin að gera bráðabirgðasamning við Export-Import-bankann, áður en ákvarðanir eru teknar á þingi.

Mér finnst, að þessi framkoma verksmiðjustjórnar og sérstaklega hæstv. fjmrh., formanns hennar, sé svo alvarleg að alþm. beri að taka í taumana og láta hæstv. ráðh. finna það, að hann hefur ekkert vald til þess að hegða sér á slíkan hátt. Sú röksemd, að þetta hafi flýtt fyrir störfum, segir náttúrlega ekki neitt, því að ef fyrr hefði þurft að taka ákvarðanir, bar hæstv. ráðh. að bera það mál í tíma undir okkur á Alþ., og gera þá undirbúningssamninga, sem gera þyrfti alveg eins við íslenzka aðila og erlenda, eða bjóða verkið það tímanlega út, að íslenzkir aðilar gætu keppt um það. En að binda hendur okkar á þennan hátt er algerlega fráleitt. Ég trúi ekki öðru en að hv. alþm. samþykki þá brtt., sem við höfum lagt fram og ég gerði grein fyrir áðan, um jafnrétti íslenzkra fyrirtækja í keppni um þessi verkefni.

Að öðru leyti tökum við það fram í minni hl. iðnn., að þetta mál sé þannig vaxið, að við séum komnir í algera sjálfheldu. Eins og fyrirtækið er núna, er fyrirsjáanlegur taprekstur um alla framtíð og okkur er sagt, að með því að stækka það, getum við komizt úr þeim ógöngum. Persónulega vil ég lýsa yfir því, að ég er dauftrúaður á framtíð þessa fyrirtækis. Það stafar af því, eins og ég rakti við 1. umr., að þarna erum við í samvinnu við aðila, sem hefur einokunaraðstöðu á þessu sviði í Evrópu, sem einokar Evrópumarkaðinn svo að segja gersamlega, ræður yfir honum að 80—90%. Samvinna við slíkt fyrirtæki er ákaflega erfið vegna þess að það getur ævinlega sett okkur stólinn fyrir dyrnar. Það ræður yfir öllum þáttum þessarar framleiðslu, það getur skorið úr um það, hvernig hráefnisverðið á að ákveðast og hver á að verða hlutur verksmiðju o. s. frv. Ég er ekki í nokkrum vafa um það, að þó að hæstv. fjmrh.

talaði hér einkar hlýlega um daginn um ágæta menn í forystu þessa erlenda fyrirtækis, þá kunna þeir mjög vel til verka, og þeir munu ekki láta okkur hafa meiri kost fjármuna en þeir kjósa sjálfir. Ég hef ekki trú á því, að samvinna við þennan aðila verði sérstaklega arðbær fyrir okkur og ég mun því fyrir mitt leyti sitja hjá við afgreiðslu þessa frv.

Jónas Jónsson: Herra forseti. Eins og fram kemur í nál. frá iðnn., var ég fjarverandi við afgreiðslu þessa máls, enda ætla ég ekki að ræða hér þau efnisatriði, sem mestar deilur hafa staðið um.

Það er ljóst, að mjög miklir erfiðleikar eða mistök, hvaða nöfn sem menn vilja hafa á því, hafa orðið við uppsetningu þessarar verksmiðju. En ég treysti því, að það hafi tekizt nú að yfirstíga þessa erfiðleika og vona, að það megi treysta þeim áætlunum, sem nú hafa verið gerðar. Það má fagna því ef tekizt hefur að finna leið til að nýta fjársjóði á botni Mývatns, en því aðeins getum við fagnað því, að það verði ekki til þess að spilla öðrum fjársjóðum, miklu meiri og langtum dýrmætari, raunar óbætanlegum, ef þeir spilltust, en þar á ég við náttúru Mývatnssveitar í heild, Mývatns, Laxár og Laxárdals. En það er ljóst, að að henni steðja með aukinni byggð og auknum umsvifum marghátttaðar hættur.

Ég mun fylgja þessari stækkun í trausti þess, að allar frekari framkvæmdir miðist við öll raunsæ náttúruverndarsjónarmið, og ég læt í ljós þá von mína, að Alþ. taki síðar sérstaklega til meðferðar náttúruverndarmál Mývatnssveitar og þessa svæðis í samráði við íbúa sveitarinnar og sýslunnar. Og ég vil hreyfa þeirri hugmynd, að þá verði leitazt við með lögum að koma því þannig fyrir, að nýting á þessum náttúruauðlindum og öðrum, svo sem jarðhita, jarðgufu í Námaskarði og jarðefnum þar, að nýtingin verði á einhvern hátt skattlögð og það renni í sjóð, sem nefna mætti náttúruverndarsjóð sveitarinnar. Það er augljóst, að þarna kemur margt til greina, margt, sem getur steðjað að, þarf ekki endilega að vera verksmiðjureksturinn. Það má benda t. d. á það, að það mun verða ákaflega erfitt að standa á móti því, eins og ásókn eftir landi er gífurleg og geysilega hátt verð er oft boðið í landskika og heilar jarðir; jafnvel félagssamtök, geysilega sterk, þau sækjast eftir jörðum og þegar fjármagnsaðilar þannig fara að kaupa upp löndin þá er ábyggilegt, að þessi fjársjóður er í hættu. Og það er varla von til þess, að ég vil segja siðferðisstyrkur sveitarbúa verði ætíð svo mikill, að þeir geti staðizt ásókn þessa fjármagns.

Ég vil svo ekki fara fleiri orðum um þetta, en aðeins geta þess í lokin, að ég tel það, að það sé sjálfsagt að gert sé allt til þess, að framkvæmdirnar verði, þessar mjög miklu og óneitanlega mjög dýru framkvæmdir, til þess að auka atvinnu manna í landinu og alveg sérstaklega héraðsmanna og þeir fái þarna atvinnu fyrir sig og tæki sín.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Ég bið hæstv. forseta afsökunar á þessum seinagangi, en það er ekki gaman, þegar þarf að vera við umræður í mörgum málum í báðum d. samtímis. Ég hef því miður ekki getað hlustað hér á þær umræður, sem fram hafa farið frá nm. í minni hl. hv. iðnn. og bið ég því afsökunar þó ég ekki geri þær að umtalsefni. Það er vegna þess að ég varð að vera við umræður í Ed. en ekki vegna þess að ég ekki vildi hlusta á þá mætu menn.

Ástæðan til þess, að ég kveð mér hér hljóðs, er eingöngu út af brtt., sem hv. minni hl. iðnn. flytur á þskj. 720, þar sem segir, að framkvæmdir við stækkunina skuli boðnar út og íslenzkum tilboðum tekið, ef þau eru sambærileg að verði og gæðum. Ég held, að ég hafi tekið það fram í þessari d., eins og í Ed., að það væri stefna stjórnar Kísiliðjunnar h/f að láta íslenzk fyrirtæki og Íslendinga, eftir því sem kostur væri á, sitja fyrir um verkefni varðandi þessa verksmiðju. Hins vegar þá væru mörg verk þess eðlis, bæði af fjárhagslegum ástæðum og ýmsum öðrum, að þessa væri ekki kostur. Ég mundi þess vegna telja það mjög miður farið, að því væri slegið föstu sem stefnuatriði, að þetta væri gert hér. Það skiptir þó ekki öllu máli, en það sem ég held, að sé aðalannmarkinn við þessa till., er það, að það er í rauninni ekki hægt að samþykkja svona ákvæði. Kísiliðjan h/f er ekki ríkisfyrirtæki, það er sjálfstætt hlutafélag með sjálfstæðri stjórn. Að vísu má hugsa sér það, að ríkisvaldið segi, þegar till. koma um það að auka hlutafé í þessu fyrirtæki, að það vilji ekki auka hlutafé, nema að fullnægðum einhverjum tilteknum skilyrðum, þá það, og það er eðlilegt, að þeir, sem eru fulltrúar ríkisins að þeir flytji þá þau boð frá réttum yfirvöldum um það efni. En ég álít, að það sé ekki með neinu móti hægt formlega séð að ákveða það um hlutafélag, eins og hér er gert, að það sé beinlínis skyldað til að haga vinnubrögðum með tilteknum hætti. Það verður að ræðast við hluthafa og ákveðast á hluthafafundi, sem réttilega er til kjörinn. Af þessari ástæðu einni saman, en ekki það að ég sé efnislega andvígur því, að það sé reynt að koma við notkun íslenzks vinnuafls og íslenzkra fyrirtækja, þar sem þess sé kostur, tel ég ógerlegt með öllu að samþykkja ákvæði sem þetta með fyrirmælum til sjálfstæðs hlutafélags, þó að ríkið sé þar aðili að — og jafnvel þótt það sé þar meirihlutaaðili. Samkv. lögum ber vissum aðilum að fara með slíkt vald, og það er þeirra formlega að taka ákvörðun um það, hvernig þeim vinnubrögðum verður háttað.

Frsm. minni hl. (Magnús Kjartansson): Herra forseti. Ég hef hug á því, fyrst hæstv. ráðh. er til okkar kominn, að beina til hans nokkrum atriðum, sem ég vék að í ræðu minni áðan, því að mig langaði til að heyra skoðun hans á þeim. En áður en að því kemur, langar mig til þess að víkja að því, sem hann sagði áðan, að við gætum ekki gefið fyrirmæli eins og þessi, vegna þess að hér væri ekki um að ræða ríkisfyrirtæki, heldur hlutafélag og þetta mál yrði að ræðast af hluthafafundi og ákveðast af honum. Þetta er auðvitað algjör fjarstæða hjá hæstv. ráðh. Við getum sem Alþ. Íslendinga tekið ákvörðun um það fyrir öll fyrirtæki á Íslandi, að þau verði að bjóða verk sín út og taka íslenzkum tilboðum, ef þau eru sambærileg að verði og gæðum. Þessa einföldu ákvörðun getum við tekið og þessa einföldu ákvörðun eigum við raunar að taka. Mér er kunnugt um það, að slík ákvæði eru í gildi í fjölmörgum öðrum löndum. Þau eru í gildi t. d. í sambandi við allar opinberar framkvæmdir í Bandaríkjunum, sem ég veit að hæstv. ráðh. hefur talsvert mikið álit á. Þar er meira

að segja ákveðið að taka verður innlendum tilboðum, þótt þau séu hærri en erlend, ef það fer ekki uppyfir visst mark, vegna þess að opinberar framkvæmdir eru taldar þess eðlis, að þær eigi að stuðla að annarri atvinnuþróun í landinu. Auðvitað er þetta regla, sem ætti að vera alveg sjálfsögð í öllum framkvæmdum á Íslandi, hvaða fyrirtæki, sem um er að ræða. Íslenzkir aðilar eiga að hafa jafnrétti til verka og tilboðum þeirra á að taka, ef þau eru jafngóð og annarra. Um þetta væri hægt að setja alveg sjálfstæða löggjöf. Það sem hæstv. ráðh. segir um þetta í sambandi við fyrirtæki, sem er eign ríkisins að meirihluta, er auðvitað alger fyrirsláttur.

En ég vék að því áðan, að það væru aðrar ástæður, sem valda því, að hæstv. ríkisstj. snýst gegn þessari till. Það upplýsti Pétur Pétursson á fundi í iðnn. Hann skýrði frá því að stjórn Kísiliðjunnar, þar á meðal hæstv. fjmrh., form. hennar, væri búin að gera samning við erlendan aðila um meginatriði þessa verks. Ég vítti þetta mjög harðlega áðan, hæstv. ráðh., að embættismenn skyldu leyfa sér að taka slíkar ákvarðanir áður en Alþ. er búið að samþykkja að ráðast í slíkt verk. Með þessu er hæstv. ráðh. að fara út fyrir það verksvið, sem honum er heimilt. Ég álít þetta stórlega vítavert og vil endurtaka það, þegar hæstv. ráðh. er hér viðstaddur, að ég viðhafði þau orð hér áðan í ræðu minni einnig. Ég gagnrýndi það einnig, að hæstv. ráðh. er búinn að gera bráðabirgðasamning við Export-Import bankann um þetta atriði, hann er búinn að gera bráðabirgðasamning um þá lántöku, sem hann er nú að biðja Alþ. um heimild fyrir. Sú lántaka er bundin því skilyrði af hálfu bankans, að þetta verk sé unnið í Bandaríkjunum. Við fáum ekkert slíkt lán hjá Export-Import bankanum, nema um sé að ræða verkefni, sem unnið sé af bandarískum aðilum. Með þessu er hinn erlendi aðili að kaupa frá okkur vinnu og grafa undan íslenzkum fyrirtækjum. Eins og Sveinn Guðmundsson, hv. alþm., sagði í ræðu sinni í Ed., er þetta stefna, sem þýðir það, að við sem fjárhagslega veikur aðili erum einskis megnugir í samskiptum við stóra aðila.

Ég vék einnig að því áðan og vildi greina hæstv. ráðh. frá því, að við reyndum mikið í iðnn. að fá botn í þau alvarlegu mistök, sem orðið hafa í sambandi við verksmiðjuna hingað til. Það var ekki hægt. Það var ekki hægt að fá botn í það, hvort hinir erlendu verktakar hefðu skilað öðru verki en til var ætlazt. Það var ekki hægt að fá botn í það, hvort samningar hefðu verið svo illa frá gengnir af okkar hálfu. Það var ekki hægt að fá botn í það heldur, hvort rannsóknir af okkar hálfu hefðu ekki verið nægilega góðar. Ég lagði áherzlu á það áðan, að ég skoraði á hæstv. ráðh. að láta framkvæma gagngera rannsókn á þessu öllu, rannsókn, sem falin væri aðilum, sem á engan hátt væru tengdir við þau verk, sem þegar hafa verið unnin, og að niðurstöður þeirrar rannsóknar yrðu síðan birtar opinberlega, bæði til að kanna hvort við eigum skaðabótarétt og eins til þess, að við lærum af mistökum eins og þessum. Ég vil, fyrst hæstv. ráðh. er hér, endurtaka þessa áskorun til hans og raunar skora á hann að svara því úr þessum ræðustóli, hvort hann vill fallast á, að slík rannsókn verði framkvæmd.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Hv. þm. fannst það fjarstæð kenning hjá mér, að ég teldi það vera óeðlilegt með öllu að setja slíkt ákvæði, sem flutt var brtt. hér um í sambandi við aðild að Kísilgúrverksmiðjunni við Mývatn. Ég hverf ekki frá því, sem ég áðan sagði um það atriði. Það haggar ekki hinu, sem er rétt hjá hv. 6. þm. Reykv., að ég tel, að það sé allt annars eðlis, ef Alþ. setur almenn lög um það, að fyrirtæki í landinu skuli lúta tilteknum starfsaðferðum sem þessum. Það er allt annað mál. Og mér dettur ekki í hug að halda því fram, að slíkar almennar reglur geti ekki gilt, en ég álít, að það sé með öllu óeðlilegt að setja slíkt ákvæði um eitt íslenzkt fyrirtæki, eins og hér er ætlunin að gera, að vinnubrögðum skuli hagað með þessum hætti og það þannig svipt þeim eðlilega rétti, sem önnur fyrirtæki í landinu hafa, að meta það, hvað sé fyrirtækinu hentugast og heppilegast í þessu efni. Ég held, að þar af leiði, að kenning mín um þetta efni þurfi ekkert að rekast á kenningu hv. 6. þm. Reykv., þegar það er skoðað í þessu ljósi.

Hv. þm. fór um það mjög hörðum orðum, að embættismenn hefðu leyft sér, áður en Alþ. tók ákvörðun um, hvernig að þessu máli skyldi unnið, að leita tilboða í verk og jafnvel gera samninga um verk og leita eftir lántöku erlendis í þessu sambandi. Ég vil vekja athygli hv. þm. á því, að Kísiliðjan h/f við Mývatn er starfandi fyrirtæki og hefur fullkomna heimild sem slíkt að taka sínar ákvarðanir. Hitt er allt annað mál, að hún verður að sjálfsögðu að leita eftir fé til sinna framkvæmda. Hún lagði til við aðalhluthafa, Johns-Manville og ríkisstj. Íslands í vetur, að hafizt yrði handa nú þegar um stækkun verksmiðjunnar og að það yrði gert með þeim hætti, að hluthafarnir legðu fram aukið hlutafé að fullu til að fjármagna þetta verk, en það yrði ekki gert með lántöku. Ríkisstj. samþykkti fyrir sitt leyti sem aðili málsins, að þetta skyldi gert. Að vísu er það svo, að hún þarf að leita samþykkis Alþ. um það að fá þessa hlutafjáraukningu, en ég held, að jafnreyndur maður og þessi hv. þm. viti það harla vel, að það er margoft, sem gerðar eru ráðstafanir þó ekki sé formlega búið að ganga frá vissum atriðum þá er svo og svo mikið búið að gera til undirbúnings verka. Við skulum segja það, að Alþ. samþykki ekki þessa hlutafjáraukningu, þá þarf það ekkert að útiloka, að það væri hægt að standa við stækkun verksmiðjunnar á þann veg, það er heimild fyrir þeirri stækkun í þeim lögum sem eru í gildi í dag, það vantar aðeins fjármagn til þess. Það er ekkert sem hindraði það út af fyrir sig, að hugsanlegt væri með öðrum úrræðum að fá fjármagn til þess að stækka verksmiðjuna, þannig að hér var ekki um neina fjarstæðu að ræða og það varð að gera pantanir í ýmsar vélar og tæki, ef átti að koma verksmiðjunni upp með þeim hraða, sem allir voru sammála um að þyrfti að gera einmitt til að koma í veg fyrir þann halla, sem þessi hv. þm. og ýmsir aðrir hafa deilt svo harðlega á og ég skal játa, að er síður en svo gleðilegur fyrir forráðamenn verksmiðjunnar að skuli vera og við munum vissulega yfirstíga sem allra skjótast. Ég tel því ekki, að hér hafi verið rangt gert og enga óhæfu unna af neinum embættismönnum. Stjórn fyrirtækisins gerði hér það, sem hún hafði fulla heimild til, og ríkisstj., en ekki Kísiliðjan h/f, leitaði eftir að fá lán hjá Export-Import

bankanum, sem við höfum átt margvísleg viðskipti við til þess að fjármagna vissa hluti í sambandi við byggingu verksmiðjunnar. Við höfum ekki aðstöðu til að fjármagna þetta allt hér heima. Ég hef sagt frá því áður, að það er vilji okkar að bjóða út hér húsbyggingarnar og ýmislegt annað, sem við ráðum við að afla fjár til hér heima, sem kostar að við verðum að skerða það fé, sem við ætluðum annars til annarra þarfa, en við töldum óumflýjanlegt að fá verulegt fjármagn erlendis til þessara framkvæmda og þá var það ekki heppilegra með öðru móti en þessu. Samningar við Export-Importbankann hafa ekki verið undirritaðir ennþá og það verður að sjálfsögðu ekki endanlega frá því gengið, fyrr en séð er, hvort Alþ. veitir lagaheimild til þess að taka þetta lán. En allt er þetta rétt. Hvort menn telja þetta svo fordæmanlegt eða ekki, það læt ég menn alveg um. Ég álít, að þetta sé eðlilegt og ekkert við þetta að athuga og eingöngu nauðsynlegt til þess að hraða nauðsynlegu verki, sem mér skilst að allir séu í rauninni sammála um að þurfi að vinna, í stað þess að láta það dragast á langinn mánuðum saman og hindra það svo og svo lengi að hagur fyrirtækisins geti komizt á réttan kjöl.

Hv. þm. sagði, að það hefði verið gersamlega ómögulegt að fá botn í það, hvar væri að finna þá galla, sem verið hefðu í undirbúningi þessa verks og ég held, að það verði alltaf ákaflega erfitt að fá botn í það af þeim einföldu ástæðum, að það er ákaflega erfitt að sakfella þá menn, sem að þessum málum hafa unnið og hafa gengið út frá vissum forsendum, sem reyndust svo ekki vera réttar. Ég held, að það sé ekkert algengara í vísindastörfum heldur en að einmitt slíkir hlutir gerist. Það er umdeilt mál milli Kísiliðjunnar h/f og Kaiser, hvort þeir hafi verið ábyrgir og séu ábyrgir fyrir því, að verksmiðjan skili 12 þús. tonna afköstum og það hefur farið fram lögfræðileg athugun á réttarstöðu okkar að því leyti. Það er skoðun þeirra lögfræðinga, sem um það hafa fjallað, bæði hjá okkur og vestanhafs, að það sé hugsanlegt, að um einhverjar slíkar bætur gæti verið að ræða, en þó sé það mjög vafasamt og yrðu mjög kostnaðarsöm og hæpin málaferli. Það byggist einfaldlega á því, að það er ekki hægt að sanna, að þeir hafi ranglega byggt þurrkarana, sem eru aðeins einn hluti af verksmiðjunni — það er ekki deilt um aðrar vélar hennar, sem notaðar hafa verið, — þó að þeir skili ekki þessum afköstum, vegna þess að hinar efnafræðilegu forsendur hafi vantað til þess, að þeir gætu skilað afköstunum.

Ég skýrði frá því hér í ræðu minni um daginn, að hinar efnafræðilegu forsendur hefðu brostið — og ég vil alls ekki saka okkar efnafræðinga, hvorki hérlendis né erlendis um, — en það var reiknað með, að við gætum náð meira vatni úr efninu, áður en það fer inn í þurrkarana og það mætti fara votara út úr þeim heldur en reyndin hefur orðið. Og þetta hefur að sjálfsögðu sín stórfelldu áhrif á afköst þurrkaranna sem slíkra. Það er vitað, að hér er um að ræða vandamál, sem er kannske ennþá meira en við enn í dag vitum. Ég get sagt hv. þm. frá einu atriði, — kannske á að setja sakamálarannsókn á það með sama hætti eftir þessum kenningum, — að það hefur gerzt núna um nokkurra daga skeið, að verksmiðjan skilar alls ekki því hráefni, sem hún á að skila, heldur miklu lakara efni. Það er búið að rannsaka það ítarlega, hvað hér hefur gerzt og þá kemur það upp úr kafinu, – þetta er komið í lag í dag, – þá kemur það upp úr kafinu, sem virðist vera ástæðan, þó það sé ekki efnafræðilega alveg búið að kanna það, það eru efnafræðingar að vinna að því, að efnið í vatninu er ekki alls staðar það sama og að þessi kísilleir myndast ekki alls staðar með sama hætti. Þetta veldur þessum vanda, sem þarna er um að ræða, það er dælt á öðrum stað í vatninu en áður og eftir að búið er að flytja dæluna til annars staðar, fáum við eðlilegt efni. Þetta sýnir okkur allt saman, hvað þetta er flókið og vandasamt og erfitt við að fást. Og ég fullyrði hiklaust, að það megi hver halda uppi sínum kenningum um það, að það eigi að draga einhverja menn til saka eða ábyrgðar fyrir það, sem gerzt hefur í þessu eða ekki, hvort sem það er ég sjálfur eða einhver annar. Ég ætti kannske ekki að fullyrða neitt, því kannske ætti það að vera ég, ég er formaður félagsstjórnarinnar. Þó að ég sé ekki efnasérfræðingur eða verkfræðingur og ætli mér ekki að halda því fram, þá kannske hefði ég átt að sjá þetta allt fyrir og vita betur heldur en allir þeir ráðunautar, sem leitað hefur verið til. Ég efast um, að í sambandi við nokkurt fyrirtæki hér á Íslandi hafi verið leitað aðstoðar jafnmikillar efnafræðilegrar og verkfræðilegrar sérþekkingar og gerðar jafnmiklar rannsóknir og einmitt við undirbúning þessa fyrirtækis.

En menn geta auðvitað í sambandi við það, sem ég sagði hér frá síðast, sagt, — því nú er einn skandalinn enn, sem er sjálfsagt að setja rannsókn á: Hvernig stendur á því, að þessi hluti af vatninu skilar ekki efni af sömu gæðum og annars staðar í vatninu er um að ræða? Nei, ég held, hv. þm., að hér séum við að reyna að gera að einhverju hneykslismáli mál sem er á engan hátt hneykslismál. Það hafa allir lagt sig fram um að gera allt sitt bezta í þessu, nema því aðeins að við gerum þá kröfu til manna, að þeir séu alfullkomnir. Það hefur verið gengið út frá vissum formúlum, sem ekki undir öllum kringumstæðum stóðust. Og það hefur sýnt sig, að þetta efni hefur ekki hagað sér á allan hátt á þann veg, sem efnatilraunir í efnarannsóknastofu gerðu ráð fyrir. Ég held, að það sem við erum að gera í dag þrátt fyrir þessi mistök, sem ég tek fram, að við reiknuðum alltaf með frá fyrstu tíð að gætu komið fyrir og þann fyrirvara er að finna í öllum skýrslum, að það mætti búast við margvíslegum byrjunarörðugleikum, að þrátt fyrir það, þó að þau hefðu orðið meiri heldur en við höfum reiknað með og langvinnari, að þá höfum við fengið það marga plúsa á móti, að það sé engin ástæða til þess að sjá eingöngu svörtu hliðarnar á þessu máli. Við vorum hræddir um alla tíð, að það væri ekki öruggt, að við gætum framleitt fyrsta flokks vöru, en þetta hefur tekizt, þannig að varan er af hinum bezta gæðaflokki, sem nú er framleiddur í heiminum. Við vorum hræddir um og það af fullri alvöru, að við gætum ekki selt nema hluta af þessari framleiðslu, miðað við það hvað heildarnotkun af kísilgúr í veröldinni er sáralítil. Hvort tveggja þetta, sem er grundvallaratriði undir rekstri verksmiðjunnar, hefur tekizt og það er ljóst, að með stækkun verksmiðjunnar eins og við gerum nú ráð fyrir, þá er hægt að koma henni mjög skjótlega á vel rekstrshæfan grundvöll, þannig að strax á þessu ári

eigi hún að vera þess megnug að standa undir sínum beina reksturskostnaði og árið 1972 á hún að geta skilað fullum afskriftum og eftir það verulegum hagnaði.

Hv. þm. finnst kannske, að þetta sé fyrst og fremst afsökun manns, sem beri ábyrgð á mistökum. Það er ekkert við því að segja. Ég skýt mér ekki undan þeirri ábyrgð. Ég skýt mér heldur ekki undan því, að það verði skoðaðir allir pappírar, reikningar og rannsóknir, sem fram hafi farið, síður en svo. En ég álít ekki, að við fáum út úr því neitt betri niðurstöður heldur en við þegar höfum fengið með aðstoð færustu lögfræðinga, sem þetta hafa kannað, vegna þess að vitanlega er okkur báðum það stórkostlegt áhugaefni, bæði fulltrúum ríkisins og ekki síður hinu ameríska fyrirtæki, sem eins og ég svo oft áður hef sagt hefur sannarlega ekki áhuga á því að borga meira en það þarf að borga, að enginn sleppi, sem hægt væri að draga til ábyrgðar fyrir mistök í þessu efni.

Þórarinn Þórarinsson: Herra forseti. Ég ætla fyrst að víkja að þeirri till., sem hér liggur fyrir, og þeim ummælum, sem hæstv. ráðh. viðhafði um hana. En eins og hv. þd. er að sjálfsögðu kunnugt, þá fjallar þessi till. okkar í minni hl. iðnn. um það, að framkvæmdir við stækkunina skuli boðnar út og íslenzkum tilboðum tekið, ef þau eru sambærileg að verði og gæðum. Hæstv. ráðh. sagðist mótmæla þessari till. fyrst og fremst á þeim grundvelli, að það væri algjörlega óvenjulegt að setja fyrirtæki skilyrði, eins og það sem fælist í þessari till. Í fyrri ræðu sinni gaf hann í skyn, að hann væri því að vísu efnislega samþykkur, að íslenzkir aðilar yrðu látnir ganga fyrir, eins og till. segir fyrir um, en hins vegar væri alveg útilokað að samþykkja till., vegna þess að það væri ekki neitt dæmi til um slíkt, að fyrirtæki væru sett slík skilyrði. Ég hélt satt að segja, að hæstv. ráðh., sem er nú lögfræðingur, væri ekki svo ófróður í lögum, að hann skyldi halda öðru eins fram og þessu. Því það má benda á fjöldamörg dæmi þess og ekki sízt í fjárlögunum sjálfum, sem hæstv. ráðh. ættu að vera kunnug, að ríkisstj. er veitt heimild til þess eða það er samþykkt að veita þessu eða hinu fyrirtækinu vissa fyrirgreiðslu, styrk, lán eða annað þess háttar gegn því, að fyrirtækið á móti fullnægi ákveðnum skilyrðum. Félagið getur svo að sjálfsögðu valið um það, hvort það vill fullnægja þessum skilyrðum eða ekki, en ef það gerir það ekki, þá nýtur það að sjálfsögðu ekki þeirra hlunninda, sem ríkið mundi ella veita því, hvort heldur um styrk eða lán er að ræða. Og það, sem er hér einfaldlega um að ræða í sambandi við þessa till., er það, ef hún yrði samþ., að Alþ. setur Kísilgúrverksmiðjunni það skilyrði, sem hér um ræðir, fyrir því hlutafjárframlagi, sem fjallað er um í frv.

Það er stefna ríkisins, eða manni skilst það, það hefur a. m. k. komið fram hjá ráðh. við ýmis tækifæri, að þeir vilji stefna að því, að ríkisfyrirtæki framfylgi þeirri reglu, ef það býður út verk, að láta innlendan aðila ganga fyrir að öðru jöfnu. Hæstv. ríkisstj. hefur mjög hælt sér af því í sambandi við Skipaútgerð ríkisins, að strandferðaskipin, sem hún er að láta smíða, væru smíðuð á Akureyri. Og hún hefur lýst því yfir við mörg tækifæri, að hún vilji láta ríkisfyrirtæki framfylgja þessari stefnu. En þá á að sjálfsögðu líka að framfylgja þeirri stefnu af þeim fyrirtækjum, sem ríkið er meiri og minni þátttakandi í. Og nú skilst mér, að í því fyrirtæki, sem hér um ræðir, sé ríkið aðalhluthafinn og ráði þess vegna raunverulega ákvörðunum og stefnu þessa fyrirtækis. Og fyrst það er talið rétt um bein ríkisfyrirtæki, að þau fylgi þeirri reglu, sem felst í þessari till., þá á að sjálfsögðu ekki síður að krefjast þess af hlutafélögum, þar sem ríkið á meira en helming hlutafjárins og er þess vegna aðaleigandi fyrirtækisins. Ef hæstv. ráðh. athugar þetta, hlýtur hann að gera sér fulla grein fyrir því, að það er hrein fjarstæða sem hann var að segja hér áðan, að það væri eitthvert brot gagnvart Kísiliðjunni, ef við samþykkjum till. eins og þessa, vegna þess að við höfum með fjölmörgum öðrum lögum og í mörgum tilfellum í fjárlögum sett svipuð skilyrði og þetta fyrir því, að ríkið leggi fram aðstoð sína, í hvaða formi, sem það er. Og þar sem ríkisstj. telur sig nú hafa markað þá stefnu gagnvart ríkisfyrirtækjum að þau láti íslenzka verktaka ganga fyrir, þá á það að sjálfsögðu ekki síður að gilda um hlutafélag, sem ríkið er aðalhluthafinn í, eins og það fyrirtæki, sem hér um ræðir. Hæstv. ráðh. hlýtur því að gera sér fulla grein fyrir því, ef hann les sín fræði betur, að það var fullkomlega röng staðhæfing hjá honum, að við í minni hl. iðnn. værum að fara inn á einhverja óvenjulega braut með þessari till. sem hér liggur fyrir og með því að setja Kísiliðjunni þetta skilyrði, vegna þess að Alþ. hefur í fjölmörgum hliðstæðum tilfellum sett fyrirtækjum hliðstæð skilyrði.

En það kom líka fram í seinni ræðu hæstv. ráðh., eftir að frsm. minni hl. var búinn að vekja athygli hans á því, að það er ekki þetta atriði, sem veldur því, að hann vill ekki láta samþykkja till., heldur það, að það er þegar búið að semja um það við erlendan aðila að vinna mikinn hluta verksins. Og það er það af ýmsu, sem hefur gerzt, ég verð að segja hneykslanlegu í sambandi við þetta fyrirtæki og ég mun kannske víkja að hér á eftir, að þá finnst mér þetta vera langsamlega hneykslanlegast og það af mörgum ástæðum. Í fyrsta lagi af þeirri ástæðu, að mér finnst óeðlilegt, að mál eins og þetta sé lagt fyrir Alþ. eftir að ríkisstj. er búin að ráðstafa því að miklu leyti, hvaða verktaki eigi að annast þessa framkvæmd. Ef hér hefði verið farið rétt að, átti fyrst að leita heimildar Alþ. fyrir framkvæmdinni og síðan bjóða verkið út í samráði við það og á þann hátt, sem Alþ. vildi að því væri ráðstafað, en það átti ekki að vera búið að ganga frá þessu atriði, áður en Alþ. fjallaði um málið.

Þó að stjórn Kísilgúrverksmiðjunnar hafi ríkisstj. með sér í ráðum, er þetta ekki betra fyrir það. En þetta sannar það, sem ég hélt fram hér við fyrri umr. málsins, að það er óvenjulegt, að ráðh. eigi sæti í stjórn fyrirtækja eins og Kísilgúrverksmiðjunnar, því að þeir telja sér þá fært að taka ýmsar ákvarðanir í trausti ráðherravaldsins og ráðherraaðstöðu, sem þeir ella mundu ekki gera og þeir mundu ekki gera öðruvísi en áður væri búið að leita samþykkis Alþ. fyrir málinu. Ég efast um, að þetta hefði átt sér stað, ef hæstv. fjmrh. hefði ekki verið stjórnarformaður í Kísilgúrverksmiðjunni. Ég held, að ef annar formaður hefði verið þar, sem ekki væri ráðh., hefði verið farin sú eðlilega leið að leita fyrst samþykkis Alþ. fyrir stækkuninni og ákveða svo í samráði við það, hvernig útboðum yrði háttað og hvaða

verktakar það væru, sem ættu að ganga fyrir um að fá þetta verk.

Það er að verða ákaflega mikil siðvenja í seinni tíð, að ráðh. séu í stjórnum hinna og þessara nefnda, miklu meira en áður tíðkaðist. Ráðh. eru nú farnir að taka að sér formennsku í ýmsum úthlutunarnefndum, sem eiga að ráðstafa hinum og þessum styrkjum. Sjálfur situr hæstv. fjmrh., að ég hygg að sé rétt hjá mér, í stjórn Atvinnubótasjóðs eða er jafnvel formaður hans og hlutast þar til um skiptingu á verulegu fjármagni á milli hinna ýmsu kjördæma í landinu, og nú hefur forsrh. sjálfur tekið að sér að vera í stjórn eða formaður nýrrar úthlutunarnefndar, sem á að úthluta lánum og styrkjum til atvinnuframkvæmda víða um land. Mér finnst, að það sé ákaflega óheilbrigt, að ráðh. séu að taka að sér störf eins og þessi, og hafi líka ákaflega oft óheppileg áhrif og afleiðingar, eins og mér finnst að hafi glöggt komið fram í þessu máli.

Ég verð að taka sterklega undir þau ummæli, sem hv. þm. Sveinn Guðmundsson lét falla í Ed. um þetta efni, að það er að mínum dómi algert hneyksli, að íslenzkir verktakar séu útilokaðir frá því að taka verk að sér eins og það sem hér um ræðir, vegna þess að ekki sé með öðrum hætti unnt að útvega fjármagn til framkvæmdanna. Ég held, að það hafi ekki reynt neitt á það í sambandi við þetta mál, hvort það væri ekki hægt að tryggja fjármagn til þessara framkvæmda, þó að íslenzkir verktakar ynnu verkið. Ég held, að öll athugun á því hafi verið fullkomlega vanrækt og það sé þess vegna beint út í loftið, sem hæstv. ráðh. segir hér um það, að það hafi ekki verið hægt að ráðast í þessa framkvæmd öðruvísi en að fá erlent lán til framkvæmdanna með því skilyrði, að erlendur verktaki tæki að sér eins mikinn hluta þess og hægt væri að vinna erlendis. Ég vil a. m. k. spyrja hæstv. ráðh. að því, hvað var annað gert? Hvar leitaði stjórnin fyrir sér og stjórn Kísilgúrverksmiðjunnar fyrir sér annars staðar um lán, sem hefði gert það mögulegt, að íslenzkur verktaki gæti annazt þetta verk. Var það nokkuð gert? Ég spyr. Hæstv. ráðh. svarar því hér á eftir, ef það hefur verið gert, það væri fróðlegt að vita um, hvaða viðleitni hefði verið höfð í frammi í þeim efnum. En það hefði eiginlega verið það sjálfsagðasta af öllu sjálfsögðu í þessu máli. Við vitum það, að nú er þannig ástatt með járniðnaðinn í landinu, að hann skortir stórlega verkefni og þar er um mikið atvinnuleysi að ræða. Hér er áreiðanlega um verkefni að ræða, sem íslenzkar járnsmiðjur hefðu getað auðveldlega unnið og þess vegna hefði átt að kappkosta það að útvega lán til þessara framkvæmda með þeim hætti, að íslenzkir verktakar stæðu a. m. k. á jafnréttisgrundvelli við erlenda, hvað það snerti að taka verkið að sér. En það er látið alveg ógert og einhliða snúið sér að því að fela erlendum verktaka að gera þetta, og það skálkaskjól er fundið því til afsökunar, að með öðrum hætti hefði ekki verið hægt að útvega lán til þessara framkvæmda.

Hér er vissulega unnið á allt annan hátt en á að vinna að þessu máli eins og nú er ástatt í landinu, og ég vil þess vegna fullyrða það og staðhæfa það, að það er hreint hneyksli, að ríkisstj. skuli hafa haldið á þessu atriði málsins eins og raun ber vitni um. En það sýnir, ásamt mörgu fleiru, hver er raunveruleg afstaða hæstv. ríkisstj. til iðnaðarins í landinu, og hvað hún gerir til þess að tryggja honum þau verkefni, sem hann á að vinna að í landinu. Ef ríkisstj. hefði borið iðnaðinn fyrir brjósti og ef hún hefði viljað vinna að því að tryggja aukna atvinnu í landinu, hefði hún átt að halda með allt öðrum hætti á þessu máli, eða með þeim hætti að reyna að útvega slíkt lán, að íslenzk iðnfyrirtæki gætu unnið þetta verk. Og ég verð að segja, að ég er ennþá meira hissa, þegar hæstv. fjmrh. upplýsir það, að það sé ekki stjórn Kísilgúrverksmiðjunnar ein, sem ber ábyrgð á þessu, heldur sé ríkisstj. hér með í ráðum. Ég verð að lýsa fyllstu undrun minni yfir því, að t.d. hæstv. iðnmrh. skuli vera hér með í ráðum, því að honum ætti að vera það mætavel kunnugt, hvernig er ástatt um verkefnaskort járniðnaðarins í landinu. Hann hefði því átt að gera sitt til þess, þegar hann sá fram á, að hér voru að skapast verkefni, sem járniðnaðurinn íslenzki hefði getað af hendi leyst, að hann hefði þar forgangsrétt, en erlendur aðili væri ekki látinn vinna þetta verk. En hér eins og oftar hefur hæstv. iðnmrh. brugðizt á verðinum, þegar iðnaðurinn hefur verið annars vegar.

En ég vil nú treysta því, að þó að ríkisstj. sé á hinn óheppilegasta hátt búin að binda hendur sínar í þessum efnum, láti stjórnarþingmenn það ekki hafa áhrif á sig, heldur geri það, sem þeir telja rétt í þessum efnum. Það sést þá, a. m. k. við þá atkvgr., sem hér fer fram á eftir, hve mikið er að marka allar yfirlýsingar stjórnarþingmanna og ráðh. um það, að þeir vilji láta íslenzkan iðnað ganga fyrir verkefnum, sem hann getur auðveldlega af hendi leyst.

En það finnst mér að hljóti að vera mikil fjarstæða, að það sé ekki nema einn banki í Ameríku, sem sé fáanlegur til þess að lána til framkvæmda eins og þessara, ef þær eiga að vera eins traustar og arðvænlegar og okkur er sagt og okkur er sýnt með þeim áætlunum, sem hér eru lagðar fram. Ég held a. m. k. að það sé ómaksins vert að leita til fleiri aðila en þessa eina banka í Ameríku og vita, hvort lán er ekki fáanlegt með öðru skilyrði en því, að það af verkinu, sem hægt er að vinna erlendis, skuli unnið þar.

Ég ætla þá að víkja að öðru atriði málsins, sem nokkuð hefur borið á góma í þessum umræðum og mér fannst hæstv. ráðh. svara út í hött. En það var það, hvort Kísilgúrverksmiðjan ætti skaðabótakröfu á hendur hins ameríska fyrirtækis, sem sá um byggingu verksmiðjunnar. Það hefur komið í ljós, eins og hér hefur verið rakið, að þetta verk hefur reynzt meira en lítið illa. Þannig urðu afköst verksmiðjunnar á síðasta ári ekki nema þriðjungur eða fjórðungur af því, sem áætlað var og enn skortir stórkostlega á það, að afköstin séu komin í það magn, sem um var talað og stefnt var að samkv. samningum við þetta ameríska fyrirtæki, þrátt fyrir það að búið sé að leggja í stórfelldan aukakostnað til að bæta kerfi verksmiðjunnar frá því sem áður var.

Þegar þetta mál var á sínum tíma fyrst til umræðu hér á Alþ. skrifaði einn af stjórnarnefndarmönnum í Kísilgúrverksmiðjunni um það í blöðin, að það væri fullkomlega tryggt, að hinn erlendi verktaki, Kaiser, bæri fulla ábyrgð á sínu verki. M. a. hygg ég, að einn stjórnarnefndarmaðurinn, Pétur Pétursson, hafi skrifað um þetta mál ítarlega grein í Fjármálatíðindi og þar tekið það alveg sérstaklega fram, að mjög vel væri frá

þessum samningi við ameríska verktakann gengið og hann mundi bera fulla ábyrgð á því, ef verkið reyndist ekki eins og að væri stefnt. Nú liggur það fyrir, að verkið hefur ekki reynzt á þann veg, sem ætlað var, og þá er það jafnframt upplýst, þrátt fyrir allt sem áður var búið að segja um þetta efni, að hinn erlendi verktaki beri ekki ábyrgð á verkinu, eða a. m. k. ekki þá ábyrgð á verkinu, að það sé hægt að gera skaðabótakröfur á hendur hans.

Það hefur verið reynt við umræður hér á Alþ. og eins í iðnn. að fá greinileg svör við þessu, en svörin eru ákaflega óljós, eins og kom á daginn hjá hæstv. ráðh. hér áðan. Hæstv. ráðh. vildi eiginlega helzt slá þessu upp í grín og sagði, að það hefði komið í ljós, að einhvers staðar í Mývatni hefði ekki fundizt eins góður leir og gert hafði verið ráð fyrir og hvort ekki ætti að höfða mál út af þessu og fara í skaðabótamál við einhvern út af þessu. Jú, ef þannig hefði staðið á, að það hefði verið búið að semja við einhvern aðila, sem átti vatnið eða átti þetta land, að hann skilaði leirnum eða efninu í ákveðnu ástandi, hefði að sjálfsögðu átt að fara í mál við hann. En í þessu tilfelli er ekki um neinn slíkan aðila að ræða, og þess vegna er þessi samanburður ráðh. algerlega út í hött. Hér er um ákveðinn aðila að ræða, sem tekur að sér að vinna verkið og skila því í ákveðnu ástandi, en verkið er bara ekki í því ástandi, þegar það er afhent, eins og um var samið. Það er það, sem er aðalatriði þessa máls. Þess vegna verður að fá það upplýst í hverju það liggur, að ekki er hægt að höfða skaðabótamál á hendur þessu fyrirtæki. Er það vegna þess, að sú formúla, sem þeir hafa fengið fyrir verkinu, eins og hæstv. ráðh. er stundum að tala um, hafi ekki verið fullkomlega rétt? Okkur gekk ákaflega illa í iðnn., þar sem voru sérfræðingar frá Kísilgúrverksmiðjunni viðstaddir, að fá það nokkuð nánar skýrt. — Eða stafar þetta af því, að svona illa hefur verið gengið frá samningum við hið ameríska fyrirtæki, að við eigum ekki skaðabótaréttinn, þegar við ætlum að grípa til hans? Við í minni hl. iðnn. leggjum mikla áherzlu á að fá það upplýst til hlítar, af hverju það stafar, að það er ekki hægt að fara í skaðabótamál við Kaiser vegna þessara mistaka þrátt fyrir allar fyrri yfirlýsingar um það, að þetta fyrirtæki bæri ábyrgð á mistökum, ef þau yrðu einhver við framkvæmd verksins. Við höfum óskað eftir því í n. og berum einnig þær óskir fram hér, að það verði samin glögg og skýr grg. um það, hvað valdi því, að ekki sé hægt að gera skaðabótamál á hendur Kaiser. En mér virðist, að það komi fram hjá hæstv. ráðh. alls konar undanbrögð í því sambandi og hann telji það alveg tilgangslaust, að það sé gert. Vegna hvers? — Ef þetta stafar af því, að þeim sérfræðingum okkar, sem undirbjuggu þetta mál, hafi að einhverju leyti yfirsézt og formúlan, sem þeir gáfu hinum ameríska verktaka, hafi ekki verið alveg rétt, þá er ekkert athugavert við það, að það komi í ljós. Það þarf kannske ekkert sérstaklega að sakfella þá, þó að slíkt hafi átt sér stað, vegna þess að eins og hér hefur margsinnis verið tekið fram, var hér um mjög óvenjulegt verk að ræða. Ef þetta er orsök mistakanna, er ekki neitt við ameríska fyrirtækið að tala um þetta efni. Þá er engin sök hjá því og þá er málið úr sögunni. Ef aftur á móti, eins og virðist hafa komið fram í sambandi við þurrkarana og margt fleira, að verkið er ekki þannig af hendi leyst hjá hinum ameríska verktaka eins og ætlazt var til samkv. samningnum, á að sjálfsögðu að gera skaðabótakröfu á hendur honum, ef samningarnir eru þannig, að það sé talið framkvæmanlegt. Ef samningarnir væru hins vegar það gallaðir, að það sé ekki talið mögulegt og við mundum ekki vinna slíkt mál, er það að sjálfsögðu tilgangslaust að reyna það, en þá vitum við líka, í hverju það liggur. Þá liggur það í því, að okkar samningamönnum hefur mistekizt og þó að ekki verði úr þeim mistökum bætt að sinni, gæti það orðið til þess, að við lærðum af því í framtíðinni og létum ekki slíka skyssu henda okkur aftur.

Af öllum þessum atriðum, sem ég hef nú rakið, er það mjög mikilvægt, að þetta mál sé upplýst til fulls. Ekki til þess að hengja upp einn eða neinn fyrir þau mistök, sem hér hafa átt sér stað, nema ef um hinn erlenda verktaka væri að ræða, heldur til þess að við getum lært af þessu í framtíðinni og haft það til viðvörunar.

Mér finnst, að það hafi komið einmitt fram í sambandi við þetta mál og mörg önnur, að við Íslendingar, eða a. m. k. margir okkar, séum allt of léttúðugir og auðtrúa, þegar við erum að semja við erlenda aðila. Sumir okkar virðast hafa þá skoðun, að það megi eiginlega öllu treysta, sem þessir aðilar segja og lofa, og það sé óhætt fyrir okkur að skrifa undir það. Aðrir vilja hafa hér aðgát á. Og ég gæti trúað því, að ef þetta mál yrði upplýst til fulls, yrði það til þess, að við í framtíðinni færum að með meiri gát í þessum efnum en við höfum gert í þessu tilfelli og í mörgum öðrum, sem ég sé ekki ástæðu til þess að rekja.

Þó svo að það hefði verið ástæða til þess að fara talsvert fleiri orðum um þetta mál og rekja mörg önnur atriði þess, skal ég sleppa því að sinni, en það, sem ég verð að segja að síðustu, er það, að mér þótti það ákaflega slæmar fréttir, ég vil segja ótíðindi, sem hæstv. fjmrh. upplýsti hér áðan, að ríkisstj. öll skuli bera ábyrgð á því, að það skuli vera búið að ráðstafa þessu verki að verulegu leyti til útlendinga, áður en Alþ. fær að fjalla um það. Mér finnst það mikil ótíðindi, að á tímum, þegar atvinnuástandið er ekki betra en það er nú í landinu, skuli ríkisstj. halda þannig á máli eins og þessu. Og ég er ekki aðeins undrandi á fjmrh., heldur einnig á iðnmrh., eins og ég hef áður lýst, og ég verð að segja það, að ég er líka undrandi á hæstv. forsrh., sem hefur tekið það að sér að vera forystumaður í sérstakri atvinnumálanefnd, sem á að vinna að því að tryggja íslenzkum fyrirtækjum sem mest verkefni og þá m. a. það, að íslenzk fyrirtæki sitji fyrir, þegar um er að ræða verkefni eins og þessi, — að hann skuli hafa léð máls á því í ríkisstj., að þessi leið væri hér farin. Þess vegna vil ég biðja þessa aðila að síðustu að endurskoða afstöðu sína með tilliti til alls þess, sem hér hefur verið rakið. Hæstv. fjmrh. segir, að þetta mál sé þannig ennþá, að það sé hægt að hverfa frá þeirri ákvörðun, sem búið sé að taka, um að fela erlendum aðila að vinna þetta verk, og þess vegna vil ég nú skora á hæstv. ríkisstj. að taka þetta atriði málsins alveg sérstaklega til athugunar og athuga það gaumgæfilega, hvort hún treysti sér ekki til að breyta hér um afstöðu og vinna að því í samræmi við

aðrar yfirlýsingar hennar, að íslenzkir verktakar fái að sitja fyrir þessu verki, svo framarlega sem þeir bjóða svipuð kjör, hvað snertir verð og gæði.

Frsm. minni hl. (Magnús Kjartansson): Herra forseti. Ég vildi aðeins bæta við örfáum orðum út af þeim ummælum hæstv. fjmrh., að ég væri með kröfur um sérstaka sakamálarannsóknarmenn. Ég hef ekki borið fram neina kröfu um sakamálarannsókn. Ég hef hins vegar gert kröfu um rannsókn, sem leiði í ljós staðreyndir í þessu alvarlega máli. Þarna er um að ræða mistök, sem kostað hafa þjóðina tugi og aftur tugi millj. kr. og hæstv. ráðh. hefur orðið ekki aðeins tvísaga, heldur margsaga gagnvart Alþingi, hvað þetta mál snertir. Í grg. frv. þess, sem hér liggur fyrir, er það sagt berum orðum, að mistökin stafi af því, að við höfum ekki fengið þær vélar, sem við báðum um. Þar er komizt svo að orði, ég hef vitnað í það áður, og ég skal gera það enn, með leyfi hæstv. forseta:

„Um votvinnslukerfið þykir það hins vegar sýnt, að afkastageta þess muni reynast minni en aðilar höfðu ætlazt til. Má rekja það til þurrkara verksmiðjunnar, sem eru ekki eins öflugir og við var búizt, og einnig hafa að jafnaði orðið í þeim nokkur efnistöp við útgufun. Virðist hönnun þurrkaranna ekki hafa verið í samræmi við þær forsendur, sem áætlanir aðilanna voru byggðar á."

Þarna segir hæstv. ráðh. alþm., að þessum vélum hafi ekki verið skilað eins og um var beðið. Þetta eru þær forsendur, sem liggja fyrir frá hálfu hæstv. ríkisstj. En nú segir hæstv. ráðh. eftir umræður í þinginu, að það séu vísindastörfin, sem ekki hafi reynzt nógu góð, vitneskja okkar hafi ekki verið nógu mikil. Þetta er allt önnur skýring en er í frv. sjálfu. Í þessu felst það að sjálfsögðu, að hæstv. ráðh. veit ekki í hverju mistökin eru fólgin. Þegar við vitum ekki, í hverju slík mistök eru fólgin, verður að rannsaka það. Það er algerlega óhjákvæmilegt. Í iðnn. skýrði Pétur Pétursson frá því, að stjórn Kísiliðjunnar hefði í höndum bréf frá fyrirtækinu Hardings, sem gerði þurrkarana, þar sem fyrirtækið hefði staðhæft, að í þessum þurrkurum yrði ekkert efnistap. Pétur Pétursson sagði, að ríkisstj. hefði þetta í höndum skriflega. Samt staðhæfir hæstv. ráðh., að ekki sé hægt að gera skaðabótakröfu á þetta fyrirtæki, sem hefur ekki staðið við að vinna það verk, sem það hafði heitið skriflega. Mér finnst, að rannsókn verði í fyrsta lagi að leiða í ljós, hvort við eigum ekki skaðabótarétt á hið erlenda fyrirtæki, því að ef við eigum skaðabótarétt getum við væntanlega endurheimt nokkra tugi millj. kr. af þeim fjármunum, sem við höfum tapað, og það er sannarlega ómaksins vert að rannsaka slíkt til hlítar. Ef mistökin eru hins vegar fólgin í því að vísindamenn okkar hafi ekki séð nógu vel það, sem gera þurfti, eða eitthvað annað hefur mistekizt, ef lögfræðingar hafa ekki kunnað að ganga nógu vel frá samningunum, þurfum við einnig að vita þetta. Ekki til þess að hefja sakamálarannsókn á menn, ekki til þess að hengja hvorki smið eða bakara, heldur til þess að við gerum ekki slík mistök aftur. Það er ósköp eðlilegt, að þegar Íslendingar hefja nýjar aðgerðir á sviði, þar sem þá skortir reynslu, geti þeim orðið á alls konar mistök, en þá verða menn að læra af mistökunum, þá verða menn að hafa kraft í sér til þess að kanna það til hlítar, hvar þeim hafi orðið á skyssa til þess að gera hana ekki aftur. Jafnvel þótt slík rannsókn kosti einhverja fjármuni, er ég sannfærður um það, að hún margborgar sig. Þegar ég ræddi þetta við 1. umr. fannst mér hæstv. ráðh. láta í ljós skilning á þessu atriði, en það hefur því miður dregið úr þeim skilningi núna. Það eru mér mikil vonbrigði. Mér finnst, ef hæstv. ráðh. er sannfærður um það, eins og hann segist vera, og ég hef enga ástæðu til þess að draga í efa, að þarna hafi ekki annað gerzt en það, sem hægt er að flokka undir mannlegan breyskleika, þá ætti hann síður en svo að óttast slíka rannsókn.

Annars fannst mér undarlegt að heyra hæstv. ráðh. koma hér fram og halda því fram, að hann væri einhvers konar tvískiptur persónuleiki. Hann sagði, að Kísiliðjan hefði heimild til að taka sinar ákvarðanir, hún væri sjálfstætt fyrirtæki. Það væri ekkert óeðlilegt við það, þó að hún væri búin að semja við ameríska aðila um að gera vélbúnað í stækkun verksmiðjunnar, það væri ekkert brot á trúnaði gagnvart Alþingi. En formaður Kísiliðjunnar er hæstv. fjmrh., og hæstv. fjmrh. er trúnaðarmaður Alþingis, og hæstv. fjmrh. veit fjarskalega vel, að það er ekki hægt að ráðast í neina stækkun nema með samþykki Alþingis. Það þýðir ekkert að segja okkur, að formaður Kísiliðjunnar, Magnús Jónsson, geti gert eitthvað það, sem hæstv. fjmrh. Magnús Jónsson veit ekkert af eða ber ekki ábyrgð á.

Ég tel, að hæstv. ráðh. hafi með þessu framferði misnotað trúnað, sem honum hefur verið sýndur. (**Fjmrh.:** Upphaflega var gert ráð fyrir, að Kísiliðjan stækkaði upp í 24 þús. tonn.) Það veit ég ósköp vel, en með því að taka upp samninga við ameríska aðila er sú samningsgerð notuð sem röksemd fyrir því, að það sé ekki hægt að fela þetta verkefni íslenzkum fyrirtækjum, þó að þau bjóði hliðstæð gæði. Þarna er hæstv. ráðh. að setja Alþingi stólinn fyrir dyrnar. Ég er sannfærður um það, að ef slíkt sem þetta hefði komið upp í grannlöndum okkar, Bretlandi eða annars staðar á Norðurlöndum, væri talið, að slíkur ráðh. hefði brotið af sér gagnvart þjóðþinginu. Mér þykir þetta raunar leitt, vegna þess að ég veit, að hæstv. fjmrh. er grandvar maður persónulega. En svona eiga ráðh. ekki að hegða sér.

Hæstv. ráðh. sagði, að við hefðum fengið mikið lánsfé að undanförnu frá Export-Import-bankanum. Það er alveg rétt. En í slíkum lánveitingum er fólgin stefna. Export-Import-bankinn hefur einvörðungu það verkefni að lána fé til framkvæmda, sem unnar eru í Bandaríkjunum. Með því að skipta við þennan banka erum við að skuldbinda okkur til þess að láta bandaríska aðila vinna verk hér á Íslandi. Það er hægt að fá lánsfé hjá fjölmörgum stofnunum öðrum, sem ekki setja slík skilyrði. Það er hægt að fá lánsfé — menn einblína alltaf á Bandaríkin, þegar þá skortir lánsfé og á ég erfitt með að skilja hvers vegna aldrei er leitað fyrir sér t.d. á Norðurlöndum, í Svíþjóð — en í Bandaríkjunum er t. d. Alþjóðabankinn, og Alþjóðabankinn hefur lánað fé til hitaveitufraмkvæmda á Íslandi, sem unnar hafa verið af íslenzkum aðilum. Hann hefur gert það vegna þess, að þar hafa verið lagðar fram skýrslur, sem sýna, að um er að ræða fjárhagslega traust fyrir-

tæki, sem á að geta staðið við allar skuldbindingar sínar. Hæstv. fjmrh. staðhæfir nú, að búið sé að kanna það til fullrar hlítar, að þessi Kísilgúrverksmiðja eigi að verða fjárhagslega gott fyrirtæki, þegar búið er að stækka hana upp í fulla stærð. Hann hefur lagt fyrir Alþingi vissar tölur, sem sanni slíkt um arð í samanburði við stofnfé. Var reynt að leggja slíkar áætlanir fyrir Alþjóðabankann og spyrja hann, hvort hann vildi lána okkur fé til þessa? Slíkum lánum hefðu ekki fylgt þau skilyrði, að verkið yrði að vinnast af bandarískum aðilum en ekki íslenzkum.

Þetta er fjarskalega stórt mál. Við verðum að athuga það að atvinnulíf okkar er allt í samhengi og þar verða atvinnuvegirnir að styðja hver annan. Þegar við erum að ráðast í að byggja nýjar verksmiðjur, er það ákaflega mikilvægt atriði, að járniðnaður okkar og verktakar okkar fái öll þau verkefni, sem þeir geta sinnt. Ef þannig er ekki haldið á málum, erum við að brjóta niður íslenzka atvinnuvegi, vegna þess að við teljum okkur vera að byggja upp eitthvað nýtt á öðrum sviðum. En slík stefna er algerlega röng. Það verður að vera samhengi í þessum efnum.

ATKVGR.

Brtt. 720 felld með 20:16 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: HS, HV, JSk, LJós, MK, SE, SkG, SV, SP, VH, ÞÞ, ÁÞ, EðS, EystJ, GeirG, JJ.

nei: GuðlG, ÓL, GÞG, ÞJ, JóhH, JP, MB, MÁM, ÞB, SI, EKJ, BGr, BF, BK, BBen, BGuðm, US, EmJ, FÞ, SB.

4 þm. (IG, RA, PS, BP) fjarstaddir.

Einn þm. gerði svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Sigurður Ingimundarson: Herra forseti. Með tilvísun til þess, sem fram kom í ræðu minni áðan, að framkvæmdir þessar eru fjármagnaðar með þeim hætti, að þær koma ekki í veg fyrir eða í staðinn fyrir neinar aðrar íslenzkar framkvæmdir eða fjárfestingar, en skapa hins vegar mikla atvinnumöguleika við byggingarframkvæmdir og skapa 240 millj. kr. útflutningsframleiðslu, þá segi ég nei.

1. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 23 shlj. atkv.

Á 97. fundi í Nd., 17. maí, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 23 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 807).

---

66. Fyrirtækjaskrá.

Á 77. fundi í Ed., 22. apríl, var útbýtt:
Frv. til l. um fyrirtækjaskrá [228. mál] (stjfrv., A. 517).

Á 78. fundi í Ed., 25. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Í frv. því, sem hér liggur fyrir, er gert ráð fyrir stofnun og starfrækslu fyrirtækjaskrár, þ. e. skrár yfir öll fyrirtæki í landinu, og verður hún jafnóðum færð til samræmis við á orðnar breytingar eftir því sem unnt er. Skrá þessi á að taka til allra fyrirtækja, einstaklinga og félaga í venjulegum skilningi og auk þess til embætta, stofnana og félagssamtaka enda sé um að ræða starfsemi, sem skattyfirvöld og aðrir stjórnsýsluaðilar þurfa að hafa skrár yfir til skattlagningar eða annarra nota. Í stórum dráttum má segja, að í fyrirtækjaskrá verði teknir allir atvinnurekendur, stofnanir og félagasamtök, sem eiga að koma á skrár skattyfirvalda vegna álagningar tekjuskatts og útsvars, söluskatts og annarra opinberra gjalda. Þó verða dánarbú væntanlega ekki tekin inn í fyrirtækjaskrá nema þau reki atvinnufyrirtæki, t. d. verzlun eða iðnað. Að öðru leyti eru ekki tök á að setja fyrirfram ákveðnar reglur um það, hvar markalínan skuli liggja milli starfsemi sem tekin er á skrá og starfsemi sem er utan við verksvið fyrirtækjaskrár, þar eð hún er óveruleg eða sérstaks eðlis. Reynslan verður að skera úr um það hvað telst hagkvæmt og eðlilegt í þessu efni, þó má t. d. geta þess, að leigusalar á húsnæði munu ekki verða teknir á fyrirtækjaskrá sem slíkir nema um sé að ræða aðalatvinnu hlutaðeigenda eða stöðuga starfsemi í allstórum stíl.

Á sama hátt og einum opinberum aðila, þ. e. þjóðskránni, sem er rekin sem deild í Hagstofunni, var á sínum tíma falin stjórn almannaskráningar í landinu, er nú lagt til, að sama aðila sé fengið það verkefni að sjá um allsherjarskráningu fyrirtækja. Aðalhlutverk þjóðskrár er að sjá stjórnsýsluaðilum fyrir tæmandi og að öðru leyti sem fullkomnustum skrám yfir íbúa landsins, og hliðstætt því verður það eitt aðalhlutverk fyrirtækjaskrár að láta þessum aðilum í té tæmandi skrár yfir fyrirtæki með öllum þeim upplýsingum um þau, sem þörf er á til stjórnsýslu á hverju sviði. Starfræksla fyrirtækjaskrár kemur til með að styðjast við þjóðskrána á margvíslegan hátt og án hennar hefði vegna kostnaðar og annarra vandkvæða varla komið til greina að koma á fót fyrirtækjaskrá eins víðtækri og hér er fyrirhuguð. Við stofnsetningu og rekstur fyrirtækjaskrár verður notuð nútíma skýrsluvélatækni eins og við þjóðskrá.

Hagstofan hefur nú um nokkurra ára skeið unnið að undirbúningi fyrirtækjaskrár og er það verk nú komið á lokastig. Ekki er bein þörf nýrrar lagasetningar til að koma fyrirtækjaskrá á fót, en til þess að geta starfrækt hana framvegis þarf að tryggja öflun upplýsinga til viðhalds hennar, þannig að hún sé á hverjum tíma sem réttust. M. a. þarf helzt að fá jafnóðum upplýsingar um upphaf og lok atvinnurekstrar hvers aðila, um aðsetursbreytingar o. fl. Óhjákvæmilegt er að lögfest sé skylda til þess að tilkynna Hagstofunni slíkar breytingar, en vegna þess að ástæðulaust er að öll atvinnustarfsemi verði tilkynningarskyld og ekki liggur ljóst fyrir, hversu víðtæk þessi skylda þarf að vera, þykir rétt, að fjmrh. fái almenna heimild til að ákveða til hvaða atvinnugreina hún skuli taka. Hér er annars ekki um að

ræða nýmæli í íslenzkri löggjöf nema að nokkru leyti, því í 11. gr. gildandi söluskattslaga eru allir söluskattsskyldir aðilar skyldir að tilkynna skattstjóra um upphaf og lok atvinnurekstrar og sitthvað fleira. Þá er og í lögum um verzlunaratvinnu, sem sett voru vorið 1968, ákveðið, að hver sá sem stundar verzlun skuli tilkynna Hagstofunni aðsetur starfseminnar og breytingar á henni. Má því segja, að tilkynningarskylda sú, sem gert er ráð fyrir í þessu frv., hafi þegar verið lögfest að því er varðar atvinnurekendur í verzlun. Þá þarf og að ákveða með lögum, að fyrirtæki skuli nota auðkennisnúmer sitt samkvæmt fyrirtækjaskrá og þjóðskrá og er þar um að ræða hliðstæð ákvæði og gilda um notkun nafnskírteinis, samkv. lögum um útgáfu og notkun nafnskírteina.

Auk þess sem fyrirtækjaskrá er ætlað að fullnægja þörf stjórnsýsluaðila fyrir skrár og önnur starfsgögn, er annar aðaltilgangur hennar sá að vera tæki til skýrslugerðar um atvinnuvegi landsmanna og fleira. Þegar starfsemi fyrirtækjaskrár er komin í fastar skorður, verða á hverjum tíma tiltækar úr henni upplýsingar um tölu fyrirtækja í hverri atvinnugrein, í hverju sveitarfélagi og um skiptingu þeirra eftir formi rekstraraðildar o. fl. Með þessu ætti skýrslugerð um þessi atriði að komast í gott og öruggt horf og kostnaður við hana að verða mjög lítill. En þetta er aðeins byrjun, því stefnt er að því að fyrirtækjaskrá verði hagnýtt til að fá til skýrslugerðar margvíslegar upplýsingar úr gögnum skattyfirvalda og annarra opinberra aðila, sem fram að þessu hefur ekki verið unnt að nýta nema að takmörkuðu leyti. Þetta er gert kleift með því að skattyfirvöld koma til með að nota vélspjöld fyrirtækjaskrár og öll vélaúrvinnsla skattgagna hvers fyrirtækis er tengd auðkennisnúmeri þess í fyrirtækjaskrá. Þetta þýðir, að upplýsingar í þessum gögnum verða tiltækar til tölfræðilegrar úrvinnslu með þeirri sundurgreiningu sem grunnspjald fyrirtækjaskrár gerir mögulega. Hér er aðallega um að ræða skiptingu eftir atvinnugreinum og stöðum og eftir formi rekstraraðildar: einstaklingsfyrirtæki, sameignarfélög, hlutafélög, samvinnufélög o. s. frv. Þannig verður mikilvægur efniviður tiltækur til skýrslugerðar í vélum, án þess að það þurfi að kosta skattyfirvöld viðbótarvinnu, sem um munar.

Vegna kostnaðar af ýmsum öðrum ástæðum ber að leggja á það megináherzla að íslenzk hagskýrslugerð sé skipulögð þannig, að sem mest af henni fáist sjálfkrafa sem nokkurs konar afrakstur af opinberri starfsemi. Þetta á sérstaklega við skýrslugerð um atvinnuvegi landsmanna. Um þá er árlega aflað fjölþættra gagna, bæði til gjaldheimtu og annarra nota, sem rétt á haldið ætti að vera hægt að nota til ítarlegrar, fljótlegrar og kostnaðarlítillar skýrslugerðar um atvinnuvegina.

Þriðja aðalhlutverk fyrirtækjaskrár verður upplýsingaþjónusta. Á sama hátt og þjóðskráin hefur frá upphafi starfað sem almenn upplýsingamiðstöð á sínu sviði, er gert ráð fyrir að úr fyrirtækjaskrá verði hverjum sem er veittar upplýsingar um fyrirtæki, hvar sem er á landinu, þ. e. um heiti og staðsetningu þeirra, um þá starfsemi, sem þau reka, og um sitthvað fleira, en að sjálfsögðu ekki um neitt það, sem Hagstofan hefur fengið vitneskju um sem trúnaðarmál. Með þessu verður bætt úr mjög brýnni þörf fyrir skipulagða upplýsingaþjónustu varðandi fyrirtæki. Þá er og gert ráð fyrir því, að gefnar verði árlega út til sölu ítarlegar skrár um fyrirtæki í landinu.

Um kostnað við stofnun og starfrækslu fyrirtækjaskrár er það að segja, að hann hefur verið og verður tiltölulega lítill og er ástæðan fyrir því aðallega sú, að hagnýting þjóðskrárinnar og þeirrar tækni, sem henni fylgir, gerir verk þetta miklu kostnaðarminna og auðveldara en ella væri. Kostnaður við að koma fyrirtækjaskrá á fót hefur hingað til verið greiddur án þess að koma hafi þurft til aukafjárveitingar að því frátöldu, að frá ársbyrjun 1969 var bætt við einum starfsmanni vegna þessara verkefna. Eins og horfir, er ekki gert ráð fyrir frekari aukningu á starfsliði Hagstofunnar vegna fyrirtækjaskrár. Að öðru leyti verður um að ræða einhvern viðbótarkostnað vegna vélvinnslu fyrirtækjaskrár, en á móti sparast kostnaður við sömu verk, sem fram að þessu hafa verið unnin fyrir skattstofurnar. Hér verður þó um að ræða einhver viðbótarútgjöld, en hluti þeirra mun fást greiddur með tekjum fyrir selda þjónustu — þar á meðal fyrir seld rit — sem geta orðið talsverðar.

Það skiptir allmiklu máli að frv. þetta fáist afgreitt á þessu þingi, ef þess er nokkur kostur, þar eð frestun málsins til hausts mundi sennilega leiða af sér hálfs árs drátt á því að fyrirtækjaskrá tæki til starfa. Þá er og önnur ástæða sem mælir með því, að frv. þetta nái fram að ganga á þessu þingi. Í áðurnefndum lögum um verzlunaratvinnu er ákveðið, að Hagstofan skuli halda skrá yfir þá aðila, sem á hverjum tíma hafa leyfi til verzlunarrekstrar. Þessi skráning verzlunarleyfa verður einn liður í starfsemi fyrirtækjaskrár, en hún getur ekki hafizt fyrr en lög hafa verið sett um þessa nýju skrá.

Svo sem ég hef hér sagt, þá er lögð á það nokkur áherzla, ef þess er nokkur kostur, að fá þetta frv. afgreitt á þessu þingi. Mér er það fullljóst, að frv. þetta er fullseint á ferðinni, þannig að það er ekki hægt að ásaka hv. nefnd, sem það fær til meðferðar, þó að hún kunni eitthvað að spyrna við fótum í því efni. Hitt held ég að sé óhætt að segja, að hér er fyrst og fremst um tæknilegt frv. að ræða, sem hefur verið undirbúið mjög vandlega undir forystu hagstofustjóra. Hér er engum efa bundið, að hér er um geysilega mikilvægt mál að ræða, að koma fyrirtækjaskrá landsmanna í viðunandi horf. Það er í rauninni engin fyrirtækjaskrá til í landinu í dag, og það er opinbert leyndarmál — og reyndar ekki lengur leyndarmál, skráin er það langt áleiðis komin — að það eru alls konar fyrirtæki til í landinu, sem ekki eru skráð og m. a. koma ekki til skattlagningar eða greiðslu gjalda, þannig að hér er allra hluta vegna um mikilvægt mál að ræða.

Ég vil líka taka það fram, að ástæðan til þess að frv. hefur ekki komið fram fyrr, er sú, að það þótti rétt að leita fyrirfram umsagnar um málið hjá öllum þeim helztu aðilum, sem þetta varðar, þannig að það ætti ekki að vera þörf á því að senda það til umsagnar slíkra aðila hér eftir.

Ég vil einnig geta þess hér, að það hefur verið haft samráð um frv. við ríkisskattstjóra og Skattstofuna í Reykjavík, Efnahagsstofnunina, dómsmrn. — sem sér-

staklega hefur verið rætt við varðandi viðurlög við brotum á þeim ákvæðum sem í frv. eru — Hagfræðideild Seðlabankans, Verzlunarráð Íslands, Samband íslenzkra samvinnufélaga, Félag íslenzkra iðnrekenda, Landssamband iðnaðarmanna, Félag íslenzkra stórkaupmanna, Kaupmannasamtökin, þannig að það hefur verið haft samband við alla þá aðila, að ég hygg, eða öll þau heildarsamtök, sem þetta mál varðar. Að þessu leyti held ég, að það muni flýta mjög meðferð málsins og vildi leyfa mér að beina því til hv. nefndar að hún a. m. k. áður en hún réðist í að senda frv. annað, þá hefði hún samband fyrst við hagstofustjóra, sem mun geta útskýrt það í einstökum atriðum, og gert þá nánar grein fyrir því hvort nokkrar athugasemdir hafa komið fram við málið.

Þar sem hér er um málefni Hagstofu Íslands að ræða, sem er deild úr fjmrn., þá hygg ég að eðlilegast sé að líta á þetta mál sem fjárhagsmál, og legg ég því til, að frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. fjhn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til fjhn. með 14 shlj. atkv.

Á 85. fundi í Ed., 5. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 517, n. 627).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 14 shlj. atkv.

Frsm. (Ólafur Björnsson): Herra forseti. Ég verð nú að gera þá játningu fyrir hönd fjhn., að hún hefur ekki haft möguleika á að kanna þetta mál svo sem æskilegt hefði verið. Hins vegar lítur nefndin þannig á, að hér sé um nauðsynlegt mál að ræða, þannig að frv., ef samþykkt verður, auðveldi mjög söfnun ýmiss konar hagskýrslna frá því sem áður hefur verið. Með tilliti til þessa hefur nefndin lagt til eða þeir nm., sem staddir voru á fundi, þegar málið var afgreitt, að frv. verði samþykkt óbreytt, sbr. nál. á þskj. 627.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
2.—16. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Á 86. fundi í Ed., 6. maí, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 14 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 89. fundi í Nd., 6. maí, skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á 90. fundi í Nd., 8. maí, var frv. tekið til 1. umr.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Í frv. þessu, sem hér liggur fyrir, er gert ráð fyrir að setja á stofn og starfrækja sérstaka fyrirtækjaskrá, en það er skrá yfir öll fyrirtæki í landinu og verði hún jafnóðum færð til samræmis við á orðnar breytingar, eftir því sem unnt er. Skrá þessi á að taka til allra fyrirtækja, einstaklinga og félaga í venjulegum skilningi, en auk þess til embætta, stofnana og félagasamtaka, enda sé um að ræða starfsemi, sem skattyfirvöld og aðrir stjórnsýsluaðilar þurfa að hafa skrá yfir til skattlagningar eða annarra nota. Í stórum dráttum má segja, að í fyrirtækjaskrá verði teknir allir atvinnurekendur, stofnanir og félagasamtök, sem eiga að koma á skrá skattyfirvalda vegna álagningar tekjuskatts, útsvars, söluskatts og annarra opinberra gjalda. Þó verða dánarbú væntanlega ekki tekin í fyrirtækjaskrá nema þau reki atvinnu, t. d. verzlun eða iðnað. Að öðru leyti eru ekki tök á að setja fyrir fram ákveðnar reglur um, hvar markalínan skuli dregin milli starfsemi, sem tekin er á skrá og starfsemi, sem er utan við starfssvið fyrirtækjaskrárinnar, þar eð hún er óveruleg eða sérstaks eðlis. Reynslan verður að skera úr um það, hvað telst eðlilegt og hagkvæmt í þessu efni. Þó má t. d. geta þess, að leigusalar húsnæðis munu ekki verða teknir í fyrirtækjaskrá sem slíkir, nema um sé að ræða aðalatvinnu hlutaðeiganda eða stöðuga starfsemi í allstórum stíl.

Á sama hátt og einum opinberum aðila, þ. e. þjóðskránni, sem er rekin sem deild í Hagstofunni, var á sínum tíma falin stjórn almannaskráningar í landinu, er nú lagt til, að sama aðila sé fengið það verkefni í hendur að sjá um allsherjarskráningu fyrirtækja. Aðalhlutverk þjóðskrár er að sjá stjórnsýsluaðilum fyrir tæmandi og að öðru leyti sem fullkomnastri skrá yfir íbúa landsins, og hliðstætt því verður það eitt aðalhlutverk fyrirtækjaskrár að láta þessum aðilum í té tæmandi skrár yfir fyrirtæki með öllum þeim upplýsingum um þau, sem þörf er á til stjórnsýslu á hverju sviði. Starfræksla fyrirtækjaskrár kemur til að styðjast við þjóðskrána á margvíslegan hátt og án hennar hefði vegna kostnaðar og annarra vandkvæða varla komið til greina að koma á fót fyrirtækjaskrá eins og hér er fyrirhugað. Við stofnsetningu og rekstur fyrirtækjaskrár verður notuð nútíma skýrsluvélatækni, eins og við þjóðskrána.

Hagstofan hefur um nokkurra ára skeið unnið að undirbúningi fyrirtækjaskrár og er það verk nú komið á lokastig. Það má segja, að ekki sé bein þörf nýrrar lagasetningar til að koma fyrirtækjaskránni á fót, en til þess að geta starfrækt hana framvegis, þarf að tryggja öflun upplýsinga til viðhalds hennar, þannig að hún sé á hverjum tíma sem réttust. M. a. þarf að fá, helzt jafnóðum, upplýsingar um upphaf og lok atvinnurekstrar hvers aðila, breytingar á starfsstöð o. fl. Óhjákvæmilegt er, að lögfest sé skylda til þess að tilkynna Hagstofunni slíkar breytingar. En vegna þess, að ástæðulaust er að öll atvinnustarfsemi verði tilkynningarskyld og ekki liggur ljóst fyrir, hversu víðtæk þessi skylda þarf að vera, þykir rétt, að fjmrh. fái almenna heimild til að ákveða til hvaða atvinnugreina hún skuli taka. Hér er annars ekki um að ræða nýmæli í íslenzkri löggjöf, því að í 11. gr. gildandi söluskattslaga eru allir söluskattsskyldir aðilar skyldaðir til að tilkynna skattstjóra upphaf og lok atvinnurekstrar og sitthvað fleira. Þá er og í lögum um verzlunaratvinnu, sem sett voru vorið 1968, ákveðið, að hver sá, sem stundar verzlun, skuli tilkynna Hagstofunni aðsetur starfsstöðvar og breytingu á því. Má því segja, að tilkynningarskylda sú,

sem gert er ráð fyrir í þessu frv., hafi þegar verið lögfest, að því er varðar atvinnurekendur í verzlun. Þá þarf og að ákveða með lögum, að fyrirtæki skuli nota auðkennisnúmer sitt, samkv. fyrirtækjaskrá eða þjóðskrá og er þar um að ræða hliðstæð ákvæði og gilda um notkun nafnskírteina, samkv. lögum um útgáfu og notkun nafnskírteina.

Auk þess sem fyrirtækjaskrá er ætlað að fullnægja þörf stjórnsýsluaðila fyrir skrár og önnur starfsgögn, er annar aðaltilgangur hennar sá að vera tæki til skýrslugerðar um atvinnuvegi landsmanna. Þegar starfssvið fyrirtækjaskrárinnar verður komið í fastar skorður, verða á hverjum tíma tiltækar úr henni upplýsingar um tölu fyrirtækja í hverri atvinnugrein og í hverju sveitarfélagi og um skiptingu þeirra eftir formi rekstraraðildar o. fl. Með þessu ætti skýrslugerð um þessi atriði að komast í gott og öruggt horf og kostnaður við hana verður mjög lítill. En þetta er aðeins byrjunin, því að stefnt er að því, að fyrirtækjaskrá verði hagnýtt til að fá til skýrslugerðar margvíslegar upplýsingar úr gögnum skattyfirvalda og annarra opinberra aðila, sem fram að þessu hefur ekki verið unnt að nýta nema að takmörkuðu leyti. Þetta er gert kleift með því, að skattyfirvöld koma til með að nota vélspjöld fyrirtækjaskrárinnar og öll vélaúrvinnsla skattgagna hvers fyrirtækis er tengd auðkennisnúmeri þess í fyrirtækjaskránni. Þetta þýðir, að upplýsingar í þessum gögnum verða tiltækar til tölfræðilegrar vélaúrvinnslu með þeirri sundurgreiningu, sem grunnspjald fyrirtækjaskrár gerir mögulega. Hér er aðallega um að ræða skiptingu eftir atvinnugreinum og stöðum og eftir formi rekstraraðildar: einstaklingsfyrirtæki, sameignarfélög, hlutafélög, samvinnufélög o. s. frv. Þannig verður mikilvægur efniviður tiltækur til skýrslugerðar í vélum, án þess að það þurfi að kosta skattayfirvöld viðbótarvinnu, sem um munar.

Vegna kostnaðar og af ýmsum öðrum ástæðum ber að leggja á það megináherzlu, að íslenzk hagskýrslugerð sé skipulögð þannig, að sem mest af henni fáist sjálfkrafa sem nokkurs konar afrakstur af opinberri starfrækslu. Þetta á sérstaklega við um skýrslugerð um atvinnuvegi landsmanna. Um þá er árlega aflað fjölþættra gagna, bæði til gjaldheimtu og til annarra nota, sem rétt á haldið ætti að vera hægt að nota í ítarlega, fljótvirka og kostnaðarlitla skýrslugerð um atvinnuvegina.

Þriðja aðalhlutverk fyrirtækjaskrár verður upplýsingaþjónusta. Á sama hátt og þjóðskráin hefur frá upphafi starfað sem almenn upplýsingamiðstöð á sínu sviði, er gert ráð fyrir, að úr fyrirtækjaskrá verði hverjum sem er veittar upplýsingar um fyrirtæki, hvar sem er á landinu, þ. e. um heiti og staðsetningu þeirra, um þá starfsemi sem þau reka og um sitthvað fleira, en að sjálfsögðu ekki um neitt það, sem Hagstofan hefur fengið vitneskju um sem trúnaðarmál. Með þessu verður bætt úr mjög brýnni þörf fyrir skipulegri upplýsingastarfsemi varðandi fyrirtækin. Þá er og gert ráð fyrir því, að gefnar verði árlega út til sölu ítarlegar skrár yfir öll fyrirtæki í landinu.

Um kostnað við stofnun og starfrækslu fyrirtækjaskrár er það að segja, að hann hefur verið og verður tiltölulega lítill og er ástæðan fyrir því aðallega sú, að hagnýting þjóðskrárinnar og þeirrar tækni, sem henni fylgir, gerir verk þetta miklu kostnaðarminna og auðveldara en ella væri. Kostnaðurinn við að koma fyrirtækjaskrá á fót hefur hingað til verið greiddur, án þess að koma hafi þurft til aukafjárveitingar að því frátöldu, að frá ársbyrjun 1969 var bætt við einum starfsmanni á Hagstofunni vegna þessa verkefnis. Eins og horfir, er ekki gert ráð fyrir frekari aukningu á starfsliði Hagstofunnar vegna fyrirtækjaskrárinnar. Að öðru leyti verður um að ræða einhvern viðbótarkostnað vegna vélavinnslu fyrirtækjaskrár, en á móti sparast kostnaður við sömu verk, sem fram að þessu hafa verið unnin fyrir skattstofurnar. Hér verður þó um að ræða einhver viðbótarútgjöld, en hluti þeirra mun fást greiddur með tekjum fyrir selda þjónustu — þ. á m. fyrir seld rit — sem geta orðið talsverðar.

Það skiptir allmiklu máli, að frv. þetta geti fengizt afgreitt á þessu þingi, þar eð frestun málsins til hausts mundi sennilega leiða af sér hálfs árs drátt á því, að fyrirtækjaskráin gæti tekið til starfa. Þá er og önnur ástæða, sem mælir með því, að frv. þetta nái fram að ganga á þessu þingi. Í áðurnefndum lögum um verzlunaratvinnu er ákveðið, að Hagstofan skuli halda skrá yfir þá aðila, sem á hverjum tíma hafa leyfi til verzlunarrekstrar. Þessi skráning verzlunarleyfa verður einnig liður í starfsemi fyrirtækjaskrár, en hún getur ekki hafizt fyrr en lög hafa verið sett um þessa nýju skrá.

Það eru allmörg ár síðan menn sáu nauðsyn þess að koma slíkri skrá á laggirnar, sem hér er talað um. Það er ekki til í landinu nein heilsteypt skrá yfir fyrirtæki sem starfandi eru og það er vitanlegt, að það er starfrækt alls konar þjónusta, sem hvergi kemur til skráningar og m. a. hvergi til skattálagningar. Af þessum ástæðum og mörgum öðrum mundi ég telja mjög æskilegt, ef hv. d. sæi sér fært að afgreiða þetta frv. nú frá þinginu.

Frv. var mjög stutt til meðferðar í hv. Ed. Ég játa að það er farið fram á nokkuð mikið að ætlast til þess, að þetta sé gert með skyndingu, en bæði er það, að hér er fyrst og fremst um formlegt og tæknilegt mál að ræða, sem ég geri ekki ráð fyrir að hv. þm. hafi mikla löngun eða kæri sig um að setja sig nákvæmlega inn í eða hafi aðstöðu til og einnig hitt, að málið hefur þegar verið kynnt öllum þeim aðilum, sem það varðar. Og ég skal geta þess hér við hv. nefnd, sem fær þetta til meðferðar, að málið hefur, áður en það var lagt fyrir þingið, verið rætt við bæði ríkisskattstjóra og Skattstofuna í Reykjavík, Efnahagsstofnunina, dómsmrn. varðandi viðurlög, sem eru í frv., við hagfræðideild Seðlabankans, Verzlunarráðið, Samband íslenzkra samvinnufélaga, Félag íslenzkra iðnrekenda, Landssamband íslenzkra iðnaðarmanna, Félag íslenzkra stórkaupmanna og Kaupmannasamtökin. Allir þessir aðilar hafa talið mjög æskilegt, að þessi löggjöf verði sett. Af þessum ástæðum vildi ég mega leyfa mér að beina þeim tilmælum til hv. nefndar, sem málið fær til meðferðar, að hún sjái sér fært að freista þess a. m. k. að afgreiða það, þannig að það gæti orðið að lögum á þessu þingi. Ég vil svo að öðru leyti varðandi allar upplýsingar, sem hv. nefnd þyrfti á að halda, biðja hana að hafa samband við

hagstofustjóra, sem þekkir öll þau rök, sem eru að baki þessu máli.

Ég leyfi mér svo, herra forseti, að leggja til að frv. verði, að lokinni þessari umræðu, vísað til 2. umr. og hv. fjhn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til fjhn. með 24 shlj. atkv.

Á 94. fundi í Nd., 13. maí, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 95. fundi í Nd., 16. maí, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 517, n. 715).

Frsm. (Guðlaugur Gíslason): Herra forseti. Frv. það, sem hér liggur fyrir, er komið hingað í deildina frá hv. Ed. og var afgreitt þar shlj. Nefndin mælti öll með samþykkt þess og deildin afgreiddi það einnig á þann veg. Hagstofustjóri mætti á fundi hjá fjhn. og gerði grein fyrir málinu. Það liggur fyrir, að mjög mikið undirbúningsstarf og má segja kannske mestan hluta af nauðsynlegu undirbúningsstarfi fyrir það fyrirtæki, sem hér liggur fyrir, er þegar búið að vinna hjá Hagstofu. Það vantar hins vegar lagaheimildir til þess að innkalla frekari upplýsingar og fleira, sem hagstofustjóri telur nauðsynlegt að fá til viðbótar því, sem Hagstofan hefur þegar í höndum, til þess að koma þessu fyrirtæki á.

Eftir viðtalið við hagstofustjóra og athugun mála leggur nefndin til, að frv. verði samþykkt.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.

2.—16. gr. samþ. með 28 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 27 shlj. atkv.

Á 96. fundi í Nd., 17. maí, var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 97. fundi í Nd., s. d., var frv. aftur tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 30 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 808).

---

67. Verzlun ríkisins með áfengi, tóbak og lyf.

Á 76. fundi í Ed., 21. apríl, var útbýtt:

Frv. til l. um verzlun ríkisins með áfengi, tóbak og lyf [223. mál] (stjfrv., A. 497).

Á 77. fundi í Ed., 22. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Nú eru í gildi ferns konar lagaákvæði um starfsemi Áfengis- og tóbaksverzlunar ríkisins: Það eru í fyrsta lagi lög um einkasölu á áfengi með nokkrum breytingum, sem síðar hafa verið á þeim lögum gerðar. Það eru lög um einkasölu ríkisins á tóbaki einnig með ýmsum síðari breytingum. Það eru í þriðja lagi lög um einkasölu á eldspýtum og vindlingapappír og í fjórða lagi sérstök lög, sem sett voru um sameiningu rekstrar Áfengisverzlunar og Tóbaksverzlunar ríkisins. Okkur þótti því í fjmrn. mjög æskilegt að endurskoða þessa löggjöf alla með það í huga að steypa henni saman í eina löggjöf, sem hefur hlotið nafnið Verzlun ríkisins með áfengi, tóbak og lyf og er það heiti frv., en ekki er gert ráð fyrir að öðru leyti, að nafn fyrirtækisins, Áfengis- og tóbaksverzlun ríkisins, breytist. Þetta skipulagsatriði er annað meginefni þessa frv.

Til viðbótar má svo geta þess, að lagaákvæði, sem í gildi hafa verið um Lyfjaverzlun ríkisins, hafa verið mjög ófullkomin og ýmislegt í þeim orkað tvímælis. Það þótti því sjálfgert að setja þá einnig skýrari ákvæði um það hlutverk, sem Lyfjaverzlun ríkisins skyldi hafa. Ég skal taka það fram, að það hafa verið nokkuð skiptar skoðanir um það, hvort ríkið ætti að reka lyfjaverzlun eða ekki, en nánari athuganir, sem fram fóru á því máli, þegar síðast var skipt um forstöðumann Lyfjaverzlunar ríkisins, leiddu í ljós, að það var talið ógerlegt að fella niður þessa þjónustu. Hún væri það mikils virði fyrir sjúkrahús og lækna og þá aðila, sem fyrst og fremst eiga að leita til þessarar stofnunar og raunar lyfjabúðirnar í vissum tilfellum líka, að það væri ekki auðið að leggja þetta fyrirtæki niður.

Ég skal geta þess jafnframt, að það komu þá fram hugmyndir um það frá lyfsölum, hvort ekki væri hægt að stofna sameiginlegt fyrirtæki um þessa þjónustu, en þær viðræður leiddu ekki til neinnar niðurstöðu. Enda þótt hér sé um heilbrigðisstofnun að ræða, þá hefur hún alltaf verið rekin á vegum Áfengis- og tóbaksverzlunar ríkisins og er gert ráð fyrir, að svo verði áfram, en ákvæði um verzlunina gerð ótvíræðari og sumt af því hefur þegar verið gert með venjurétti, ef svo má segja, þannig að hér er ekki um neinar grundvallarbreytingar að ræða.

Einu veigamiklu efnisbreytingarnar, sem eru gerðar frá núverandi starfsemi þessa fyrirtækis, eru þær, að lagt er til, að hér eftir nái einkasöluréttur Áfengis- og tóbaksverzlunar ríkisins ekki til ilmvatna, hárvatna, andlitsvatna, bökunardropa og kjarna til iðnaðar, heldur verði sá innflutningur gefinn frjáls og hann með venjulegum hætti tollaður, og munu þessar vörur allar verða í mjög háum tollflokkum, sumar í hæstu tollflokkum. Aðstæður allar og viðtæk viðskipti, sem eru á þessum sviðum sem öðrum, gera í rauninni alveg óeðlilegt, að á þessu sé ríkiseinkasala. Það gegnir allt öðru máli með áfengi og tóbak, sem ég geri ráð fyrir, að hv. þdm. séu mér yfirleitt sammála um. Það er að vísu einn varningur enn, sem er einkasala á, en það eru eldspýtur, og gæti auðvitað komið til álita, að sá innflutningur væri einnig gefinn frjáls, en það hefur nú ekki orðið niðurstaðan í þetta skipti að leggja það til. Vitanlega skiptir það máli í sambandi við ilmvötn og hárvötn og þær vörur, sem geta innihaldið alkóhól, að frá því sé gengið, að ekki geti orðið um misnotkun að

ræða, og þess vegna er það tekið skýrt fram, að því aðeins séu þessar vörur undanþegnar einkasöluákvæðum, að hér sé um að ræða vörur, sem gerðar eru óhæfar til drykkjar og öruggt, að ekki sé hægt að gera þær drykkjarhæfar.

Ég skal taka það fram, að þessar vörur hafa gefið Áfengisverzluninni nokkrar tekjur og má gera ráð fyrir því, að á pappírnum líti svo út, sem um nokkurn tekjumissi sé að ræða. Þó er ég í miklum vafa um, að svo reynist í reynd, vegna þess að innflutningur á þessum vörum hefur verið óeðlilega lítill, þannig að það er sýnilegt, að einkasöluákvæðin og sú geysilega álagning, sem á þessum vörum sumum hefur verið, t. d. ilmvötnum, hafa leitt til þess, að innflutningur ilmvatna er langt fyrir neðan eðlilegt mark, þannig að það er ljóst, að hér hefur átt sér stað innflutningur með öðrum hætti, sem ekki hefur komið til tollgreiðslna, í mjög stórum stíl. Það er því skoðun mín, að þó að þetta yrði gert, mundi það ekki þurfa að leiða til tekjutaps fyrir ríkissjóð, þegar allt kemur til alls, heldur örva frekar innflutning á þessum vörum með eðlilegum hætti, og því ekki vera um að ræða neitt áfall, þó að þetta gerist á þennan hátt.

Ég sé ekki ástæðu til, herra forseti, þar eð hér er um mjög einfalda löggjöf að ræða, að fara um hana fleiri orðum. Skipulag þessa fyrirtækis mun verða með sama hætti eins og áður greinir, svo sem ég gat um. Lyfjaverzlunin verður rekin sem sjálfstætt fyrirtæki með sjálfstæðum forstöðumanni, eins og verið hefur, en að öðru leyti verður rekstur hennar tengdur Áfengisverzlun ríkisins einnig með sama hætti og verið hefur til þessa til þess að tryggja hagkvæmari rekstur fyrirtækjanna beggja.

Ég leyfi mér að leggja til, að frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. fjhn. og vildi mega beina þeirri ósk til þeirrar hv. nefndar, þar sem nú er liðið á þingtíma, að hún leitaðist við, ef þess er nokkur kostur, að afgreiða frá sér málið sem fyrst, því að ég hefði áhuga á, að það yrði afgreitt á þessu þingi.

Karl Guðjónsson: *Herra forseti. Áfengis- og tóbaksverzlun ríkisins er rekin í því skyni að afla ríkissjóði tekna. Að því leyti er hún ekki sambærileg við venjulegar verzlanir, þar sem hún er í rauninni einn af tekjustofnum ríkisins, ekki með almennu söluálagi, heldur með því að taka í rauninni sérstakan toll af tóbaki og áfengi. Ég verð nú auðvitað að játa, að ég hef aðeins lesið þetta frv. mjög lauslega yfir og er sammála hæstv. fjmrh. um það, að vert sé að hafa sem greinilegust lagaákvæði um starfsemi þessarar stofnunar, og enn fremur sýnist mér ekki óeðlilegt, að undir hana sé lagt það, sem hér er gert ráð fyrir og ég tel einnig, að lagaákvæðin, sem um hana gilda, eigi að ná til allra eða sem allra flestra þátta í starfsemi hennar.*

Ég sé það hér í 2. gr. frv., að Áfengis- og tóbaksverzlun ríkisins einni skal heimil starfræksla tóbaksgerðar, svo og framleiðsla áfengra drykkja annarra en öls. Nú er mér kunnugt um það, að Áfengis- og tóbaksverzlun ríkisins hefur tekið að sér öl til umboðssölu eða til fyrirgreiðslu frá einkafyrirtæki, og væri þá ekki eðlilegt, ef það verður hlutverk þessarar verzlunar í framtíðinni að greiða fyrir einkafyrirtækjum með umboði eða dreifingu á þeirra vörum, að gera um það sérstakan kafla í lögunum. Vera má, að hér sé um að ræða eitthvað alveg óvenjulegt og standi ekki til að halda þeirri starfsemi áfram, en ég teldi þá ástæðu til þess um leið og þessi lög eru hér til umræðu, að fyrir því verði gerð grein, hvernig á því stendur, að Áfengis- og tóbaksverzlun ríkisins tekur að sér slíka starfsemi, sem virðist vera utan við það svið, sem henni er ætlað í lögum og hvort til standi, að hún haldi slíkri starfsemi áfram. Ef svo er ekki, væri líka rétt, að það kæmi fram, hver var ástæðan til þess, að Áfengis- og tóbaksverzlun ríkisins tók þetta að sér í ákveðnu tilfelli, sem ég veit ekki um nema eitt, hvort það er sérstök vinsemd, sem þessi einkasala sýnir þannig ákveðnum einkaaðilum, en hefur ekki almennt talið til síns verksviðs. Ég sem sagt mælist til þess af hæstv. ráðh., að hann geri hér grein fyrir þessu máli og ef verzluninni væri ætlað þetta hlutskipti í framtíðinni, hvort ekki væri þá vert að taka upp sérstakan kafla í lögin um það.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Það var eitt smáatriði, sem ég gleymdi í ræðu minni áðan, sem ég tel rétt að komi fram og er ein ástæðan fyrir því, að lagt er til að fella niður einkasölu á ilmvötnum, en hún er sú, að það hafa oft skapazt mjög mikil vandræði í sambandi við það, að ilmvötn eru gjarnan flutt inn með öðrum snyrtivörum. Hér eru í stórum stíl fluttir inn snyrtivörukassar með ilmvötnum, sápum og andlitsdufti og einu og öðru slíku, og þetta hefur verið mjög ankannalegt og erfitt í framkvæmd, að Áfengisverzlun ríkisins hefur orðið að framselja innflutningsrétt sinn á þessari einu vöru, sem er í þessum kössum. Þetta taldi ég rétt, að komi fram.

Varðandi fsp. hv. 6. þm. Sunnl. um umboðssölu Áfengisverzlunarinnar á öli, þá er mér ákaflega ljúft að svara þeirri fsp. og raunar sjálfsagt, að það komi fram til að það valdi ekki misskilningi. Það er á engan hátt ætlunin, að Áfengis- og tóbaksverzlun ríkisins taki upp slíka fyrirgreiðslu við fyrirtæki í framtíðinni. Og ástæðan til þess, að þetta var gert, var ekki heldur nein sérstök vinsemd til einhvers ákveðins fyrirtækis, heldur var þessu máli þannig háttað, að ölgerð á Akureyri, Sana, var tekin til gjaldþrotaskipta og skiptaráðandi sem slíkur taldi vera með öllu óverjandi að halda ekki áfram starfrækslu fyrirtækisins, vegna þess að ef ætti að stöðva það, mundi það valda stórkostlegum spjöllum fyrir kröfuhafa og geta leitt til þess, að stórtjón hlytist af, sem ella væri hægt að forðast, ef hægt væri að halda fyrirtækinu gangandi. Skiptaráðandinn óskaði því beinlínis eftir því, að Áfengis- og tóbaksverzlun ríkisins tæki þetta að sér um sinn, meðan fyrirtækið væri undir opinberum skiptum. Og ég skal játa það, að það voru nokkrar vangaveltur hjá okkur í ráðuneytinu um það, hvort þetta ætti að gerast, en aðstæður málsins voru þannig, að það höfðu orðið alger mistök varðandi umboðsmann þessa fyrirtækis hér í Reykjavík. Hann hafði ekki gert skil og fjarri öllu lagi að láta hann halda áfram sinni starfsemi. Þetta var þess vegna nokkuð erfitt vandamál að fást við, þar sem alger óvissa var um áframhaldandi rekstur og í rauninni ekki hægt að fara

að hefja samninga við einhvern nýjan aðila hér í Reykjavík til þess að taka að sér þetta umboð kannske í nokkrar vikur eða algerlega óljósan tíma. Það var því eftir atvikum fallizt á það, að Áfengis- og tóbaksverzlun ríkisins sæi um dreifingu á þessum vörum hér í borginni, en það var skýrt tekið fram, að það væri aðeins meðan fyrirtækið væri í höndum skiptaréttar og beinlínis eftir beiðni skiptaráðandans á Akureyri, en ekki eftir neinum afskiptum rn. að öðru leyti en því, að rn. féllst á þetta. Ég vænti þess nú og vona það, að slíkt ástand verði ekki algengt um slíkar stofnanir hér á Íslandi — jafnvel þó að þær hafi nú misst af því að framleiða sterkt öl í bili a. m. k. — að þær komi til slíkrar meðferðar í höndum skiptaréttar, þannig að ég held, að það sé algerlega ástæðulaust að óttast það. Ég skal þó ekkert um það segja, ef skiptaráðandi eða einhver slíkur opinber aðili kynni einhvern tíma að óska eftir slíku, að það yrði ekki orðið við því. Ég held, að það sé ástæðulaust að óttast, að það geti haft nokkurt fordæmi í för með sér, og geti verið í það vitnað af einum né neinum, þar sem hér er um það að ræða, að þetta var aðeins gert í sambandi við fyrirtæki, sem svona var ástatt með og eftir beiðni hins opinbera skiptaráðanda, sem þó væntanlega hefði ekki verið orðið við nema vegna þess, að ríkið átti verulegra hagsmuna að gæta vegna vangoldinna gjalda af hálfu þessa fyrirtækis og ríkissjóður hafði að sjálfsögðu mikinn áhuga á, að væri hægt að tryggja, að ekki glötuðust. Þetta tel ég sjálfsagt, að komi fram og er hv. fyrirspyrjanda þakklátur fyrir það, að hann hefur vakið máls á þessu og gefið mér kost á því að skýra, hvernig í þessum málum liggur.

Karl Guðjónsson: Herra forseti. Ég er þakklátur hæstv. ráðh. fyrir þær upplýsingar, sem hann hefur gefið hér um þetta mál, en með því að mér fannst eins og hann ætlaði mér það, að ég harmaði það, að svona hefði verið gert, að Áfengis- og tóbaksverzlun ríkisins tók að sér dreifingu á öli fyrir fyrirtæki norður í landi, sem gefið hafði sig upp til gjaldþrotaskipta, þá vil ég aðeins leiðrétta þann misskilning. Það er auðvitað alltaf heldur sorglegt, þegar svo fer fyrir, hvort heldur eru einstaklingar eða fyrirtæki, að þau geti ekki lengur staðið við sínar skuldbindingar og verði að gefa sig upp til gjaldþrotaskipta. En þetta fyrirkomulag virðist nú hafa gefizt heldur vel, því að mér skilst, að gjaldþrot þess fyrirtækis hafi verið afturkallað, eftir að það var búið að njóta þessarar fyrirgreiðslu um skeið, svo að það væri kannske athugandi, hvort það ætti ekki að taka þennan kafla upp, að einkasölur ríkisins tækju að sér að aðstoða gjaldþrota fyrirtæki eftir einhverjum tilteknum reglum, þegar þetta tilvik hefur gefið svona ágæta raun.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Það voru aðeins örfá orð til þess að forðast misskilning í sambandi við síðustu ummæli hv. 6. þm. Sunnl. Þessi fyrirgreiðsla hefur nefnilega gefið mjög slæma raun, þannig að ég vil ekki láta það misskiljast. Ég er ekki að lasta mitt ágæta fyrirtæki, Áfengis- og tóbaksverzlunina, en reyndin hefur orðið sú, að viðskipti við hana á þessu sviði hafa reynzt sáralítil, og kaupmenn hafa af einhverjum ástæðum ekki haft áhuga á að skipta við hana, þannig að ég mundi ekki ráðleggja neinum að óska eftir þessari fyrirgreiðslu. Það, að tekizt hefur í bili a. m. k. að rétta fyrirtækið við, á á engan hátt skylt við þá sölu, sem átti sér stað hér í jólamánuðinum eða janúarmánuði, því fer svo víðs fjarri. Það eru allt aðrar ástæður, sem liggja því til grundvallar, þannig að ég mundi af þeirri ástæðu ekki treysta mér til þess að mæla með þessu fyrirtæki, sem ég nú ber ábyrgð á, til þess að bjarga við gjaldþrota fyrirtækjum.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv. og til fjhn. með 16 shlj. atkv.

Á 85. fundi í Ed., 5. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 497, n. 619, 589, 590).

Frsm. (Ólafur Björnsson): Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til þess að rekja efni þess frv., sem hér liggur fyrir, en vísa í því efni til frv. sjálfs og framsöguræðu hæstv. fjmrh. fyrir málinu við 1. umr. málsins. Eins og nál. á þskj. 619 ber með sér, mælir fjhn. með því, að frv. verði samþykkt. Einn hv. nm. skrifar þó undir nál. með fyrirvara, en með tilliti til þess, að hann er ekki staddur hér í hv. d., þannig að hann eigi kost á því að tala fyrir sínum fyrirvara, þá tel ég rétt, að upplýsa það, að hv. þm. mun vera andvígur þeim ákvæðum frv., að felld sé niður einkasala ríkisins á ilmvötnum, hárvötnum o. s. frv., en að öðru leyti mun hann fylgja öðrum nm. varðandi afstöðu til málsins.

Eins og fram kemur í nál. hafa einstakir nm. þó áskilið sér rétt til þess að flytja eða fylgja brtt., sem fram kunna að koma. Ég sé, að brtt. hafa verið lagðar fram frá einstökum nm. í fjhn. á þskj. 589 og 590. Eins og ég tók fram, höfðu nm. almennt áskilið sér rétt til þess að fylgja eða flytja brtt., þannig að ég sé ekki ástæðu til þess að ræða þessar till., enda mun verða fyrir þeim talað af öðrum. En þó vil ég aðeins fara örfáum orðum um fyrri brtt. á þskj. 589, sem flutt er af 5 nm. í fjhn. og leiðir það auðvitað af því, sem ég þegar hef sagt, að það verður algerlega frá eigin brjósti.

Ég vil taka það fram, að ég er sammála því, sem fyrir mönnum vakir með því að flytja þessa brtt., en það er það að auka neyzlu smávindla á kostnað sígaretta, en það mun vera almenn skoðun lækna, að sígarettureykingar séu frá heilsufræðilegu sjónarmiði miklu hættulegri heldur en neyzla annars tóbaks, svo sem vindla og píputóbaks. Annað mál er það, hvort trygging væri fyrir því, að þær till., sem hér eru gerðar um það að ákvarða þau álagningarhlutföll, sem lögð eru til, séu líklegar til þess að ná þeim tilgangi, sem ég er í rauninni sammála hv. flm. um. Það er mál út af fyrir sig, hvort Alþ. á að fara svo langt út í smáatriðin í þessu sambandi að ákveða beinlínis álagningarhlutföllin. Í þessu efni má vekja athygli á 3. gr. þessa frv., sem segir, að fjmrh. ákveði útsöluverð áfengis og tóbaks á hverjum tíma. En fyrir mér er það þó ekki aðalatriðið, heldur er spurningin hin, hvaða áhrif það mundi hafa, ef þetta væri gert. Nú gæti maður hugsað sér þetta framkvæmt með

tvennu móti. Annars vegar því, að álagningin á sígarettum yrði óbreytt, en álagningin á smávindlum þá lækkuð niður í ⅓ af álagningunni á vindlingum. Ef sú leið væri farin, þá er það auðvitað ljóst, að ríkissjóður mundi verða fyrir nokkrum tekjumissi, sem ekki hefur verið gert ráð fyrir á sínum tíma, þegar fjárlög voru afgreidd. En ég býst nú við, að það sé frekar annað, sem fyrir hv. flm. vakir, nefnilega að hækka álagninguna á sígarettum þannig, að það komi til að vega sem næst á móti því tekjutapi, sem ríkissjóður yrði fyrir vegna lækkunar álagningar á smávindlum. En þá vil ég aðeins leyfa mér að benda á þá hættu, að slíkt verði til þess að auka hættuna á meira smygli heldur en þegar á sér stað. En eins og kunnugt er, þá hefur sérstaklega áfengi og raunar tóbak líka engan veginn verið hækkað til samræmis við þá gengisfellingu, sem átt hefur sér stað s.l. tvö ár. Ég hugsa, að ein af meginástæðunum til þess, að áfengi og tóbak hefur þó ekki verið hækkað meira heldur en raun er á, sé hætta, sem talin er á því, að ef þetta hækkar of mikið, leiði það til aukins smygls. Þetta vildi ég aðeins leyfa mér að benda á, en að öðru leyti hafa einstakir nm., eins og þegar hefur verið tekið fram, algerlega óbundnar hendur í þessu efni.

Ég vildi svo að lokum geta þess, að eftir að n. hafði afgreitt málið og skilað nál. sínu barst mér bréf frá Apótekarafélagi Íslands, þar sem farið er fram á smávægilegar breytingar á frv. En efni þessa bréfs verður til athugunar í n. á milli 2. og 3. umr.

Pétur Benediktsson: Herra forseti. Ég er fyrsti flm. að nokkrum till., sem sérstaklega varða sígarettureykingar. Ég var einn þeirra, sem um skeið reykti töluvert af sígarettum, og það var ekki af heilsufarsástæðum, sem ég hætti við það, heldur má segja, að það hafi verið — ja, maður gæti nærri sagt af pólitísku ofstæki. Þetta skeði fyrir eitthvað 11 árum eða svo, að ég vildi ekki unna páv. hæstv. fjmrh. að hafa ágóða af þessum lesti mínum. Ég var hins vegar svo heiðarlegur, að ég sneri mér ekki að smyglinu, eins og hv. frsm. n. réttilega benti á, að hefði getað leyst málið. Síðan þetta átti sér stað, hefur sú breyting á orðið í heiminum, að nú leikur enginn vafi á því lengur læknisfræðilega, að sígarettur eru meðal þeirra nagla, sem flestir af ungum mönnum og konum hér á landi og annars staðar eru daglega að reka í líkkistu sína, og að þær eru meðal helztu orsakanna til tveggja af hinum óskaplegustu sjúkdómum, sem nú herja í þessu landi, krabbameins, einkum í lungum og einnig ýmissa hjartasjúkdóma og raunar fleiri sjúkdóma, ef vel væri leitað.

Við flm. till. hér í Ed. erum ekki einir alþm. um að hafa komið auga á þetta mál, því að aðeins örfáum dögum eftir að brtt. okkar voru lagðar fram, kom fram till. til þál. um varnir gegn sígarettureykingum, sem 4 merkir þm. í Nd. fluttu í Sþ. og þar sem gert er ráð fyrir mikilli áróðursherferð. Einnig eru prentuð merk skjöl, þar sem m. a. er einmitt bent á þær leiðir, sem við höfum lagt til, að hér verði farnar. Viðvörunin við vindlingareykingum, sem er í 2. brtt. á þskj. 589, er í sama anda eins og nú þegar á sér stað í því mikla framleiðslulandi þeirrar vörutegundar, Bandaríkjunum. Þó er ívið harðara að orði komizt heldur en nú er þar, en einmitt eins og allar líkur virðast benda til að gert verði þar í landi nú á næstunni; a. m. k. er þar mikil hreyfing í þá átt að hafa álíka skorinorða aðvörun á sígarettupökkunum eins og þarna er farið fram á.

3. brtt., sem við hv. 4. þm. Norðurl. e. erum flm. að, gengur út á það, að ef birtar eru auglýsingar um sígarettur, skuli í sama fjölmiðlunartæki látið til reiðu rúm eða tími eftir atvikum, sem nemi eigi minna en þriðjungi af því gjaldi, sem sígaretturnar hafa verið auglýstar fyrir. Það má sjá, hve hægt og sanngjarnlega er þarna farið í sakirnar á því, að tveir ritstjórar eru flm. að till. í Nd., þar sem einmitt er bent (að vísu aðeins í fskj.) á þá leið, að réttast væri að hafa þarna jafnt hlutfall á milli, þannig að ef við segjum t.d., að dagblað tæki einnar bls. auglýsingu um sígarettur, þá léti það áróðrinum gegn þeim í té aðra jafngóða bls. í blaðinu endurgjaldsfrítt. Þessir ágætu ritstjórar, sem þarna eiga hlut að máli, hafa náttúrlega séð það, sem liggur í augum uppi, að þetta munar þá ekki miklu í kostnaði, því að vitanlega bæta þeir þessum kostnaði ofan á taxtann, þegar þeir taka við sígarettuauglýsingunum. Og ég vona þess vegna, að þó að það séu færri flm. að till. á þskj. 590, þá fái hún jafnmikið fylgi í d. eins og hin till.

Þá er eftir að minnast á 1. till. Hv. frsm. n. benti á, að hún gæti verið að einhverju leyti varhugaverð. Nú vil ég taka það fram, að ég fellst ekki algerlega á ástæður hans í þessu efni, en hins vegar hefur hæstv. fjmrh. komið að máli við mig og sagt, að það gæti verið miklum erfiðleikum bundið, ef farið væri að ákveða nákvæmlega eða allt að því nákvæmlega álagningarhlutfall á vissum varningi með lögum. Nú er talan 3 engin heilög tala í þessu efni hjá okkur flm., heldur er það sem fyrir okkur vakir það, að ríkisvaldinu og þar með þeim armi þess, sem heitir Áfengis- og tóbaksverzlun ríkisins, beri að sjá svo um, að smávindlingarnir geti orðið hættulegur keppinautur við sígaretturnar. Smávindlar eða cigarillos eins og þeir eru kallaðir á alþjóðamáli, eru taldir tiltölulega meinlausir, ekki verri en píputóbak og ólíkt þokkalegri en neftóbak og skro eða rulla. Og það sem við óskum eftir er að gera það auðveldara að koma þessari vöru á framfæri. Ef ríkissjóður tapar á því nokkrum krónum að menn fari sér minna að voða þá hef ég nú heyrt um verra tjón, sem daglega verður á fjárhag ríkissjóðs og einstaklinga í þessu landi. Til þess að það sé athugað, hvort ekki væri hægt að ná samstöðu við hæstv. fjmrh. um orðalag þessarar gr., þá vildi ég í von um samþykki hv. meðflm. minna taka aftur til 3. umr. fyrri brtt. á þskj. 589.

Ólafur Jóhannesson: Herra forseti. Ég get ekki stillt mig um að segja örfá orð um þessar ágætu brtt., sem hér liggja fyrir og sýna lofsverðan áhuga þeirra, sem þær flytja, á því að draga nokkuð úr skaðsemi og þeirri hættu, sem stafar af tóbaksnautn og sérstaklega sígarettunautn. Það er alltaf góðra gjalda vert, þegar menn reyna að finna ráð til þess að koma í veg fyrir tjón, sem hlýzt af slíku. En ég get þó ekki annað en komið fram með ofurlitlar hugleiðingar í því sambandi. Þetta frv. fjallar nú ekki eingöngu um verzlun með tóbak, heldur

er þetta frv. um verzlun ríkisins með áfengi, tóbak og lyf. Nú hef ég satt að segja verið þeirrar skoðunar, að þó að tóbak sé skaðlegt og tóbaksnotkun slæm, þá muni nú áfengisnautnin vera talsvert viðsjárverðari og talsvert meiri skaðsemi muni nú stafa af henni. Ég býst við því, að ef allt væri saman talið, allir þeir sjúkdómar, allt það vinnutap, öll þau slys, öll þau sjálfsmorð og annað, sem leiðir af áfengisnautn, þá mundi nú fara meira fyrir því, heldur en skaðsemi tóbaksnautnarinnar, þó að slæm sé. Þess vegna er ég satt að segja dálítið hissa á þessum áhugasömu mönnum, að þeir skuli ekki finna hvöt hjá sér til þess að koma með hliðstæðar till. varðandi áfengið. Hvers vegna skyldi ekki vera ástæða til þess að setja jafnáhrifarík aðvörunarmerki á áfengisflöskurnar eins og þau, sem þeir gera ráð fyrir, að settar verði á sígarettupakkana? Væri ekki ástæða til þess? Og áreiðanlega eru áfengistegundirnar, sem á boðstólum eru, misjafnlega hættulegar. Væri ekki ástæða til þess að athuga eitthvað álagningarreglurnar þar og haga verðákvörðun á þeim þannig, að menn hylltust frekar til þess að kaupa þær áfengistegundir, sem hættuminni væru heldur en þær skaðlegustu. Það held ég, ef menn vilja vera sjálfum sér samkvæmir í þessu. Og ég verð nú að segja það, að ef við stjórnarandstæðingar í þessari d. hefðum sama hugsunarhátt eins og minn hv. sessunautur, 4. þm. Reykn., þá mundi nú sjálfsagt ekki líða á löngu, áður en við færum allir í áfengisbindindi, því að þó að tóbakið kannske hafi nú verið fyrrv. ráðh. eitthvert ofurlítið flotholt, þá hygg ég nú, að áfengið sé öllu drýgra til þess að halda öllu gangandi nú og núv. ríkisstj. á floti.

Ég vil sem sagt benda á þessi atriði, af því að mér finnst það, að þegar menn eru að fjalla um svona mál og taka aðeins í þennan að mínum dómi svo langtum veigaminni þáttinn, en láta sem þeir sjái ekki hinn, þá finnst mér það, þó að þetta sé gott svo langt sem það nær, jaðra við hræsni að ætla að fara að taka aðeins til meðferðar þann þáttinn, sem öllum hlýtur að vera ljóst, að er miklu hættuminni heldur en sá þáttur, sem mest vegur í þessari verzlun, þ.e.a.s. verzlunin með áfengi.

Eins og ég sagði í upphafi, þá tel ég þessar till. út af fyrir sig flestar góðra gjalda verðar og mun greiða þeim atkv. nema brtt. á þskj. 590. Ég held, að þar sé farið út á einkennilega leið. Ég sé ekki hvar ætti að draga mörkin, ef inn á þá meginreglu, sem þar virðist liggja til grundvallar, væri gengið og menn ættu alltaf að reyna að vega á móti eða bæta fyrir auglýsingu, sem gæti hugsanlega haft miður góð áhrif, með því að láta í té ókeypis jafnmikið rúm til þess að andæfa á einhvern hátt þessari auglýsingu, sem birt hefur verið gegn gjaldi. Ég held, að það muni verða dálítið vandasamt að átta sig á því, hvar eigi að nema staðar og hvar eigi að setja mörkin í þessu efni, því að náttúrlega er það nú fleira en tóbak, sem er auglýst og sem getur haft svona dálítið vafasöm áhrif. Einu sinni t.d. var bannað að minnast á dans í ríkisútvarpinu. Einhverjum hugsandi menntmrh. gæti dottið í hug að taka upp hliðstæða reglu varðandi allar skemmtanaauglýsingar, eins og hér er sett fram, og krefjast þess að það yrði varið jafnlöngu rúmi í þessum fjölmiðlunartækjum til þess að vara fólk við þeirri óreglu, sem ætti sér stað í danshúsum eða öðrum slíkum húsum. Ég held sem sagt, að það sé ástæða til þess að athuga þetta mál ofurlítið betur og það sé ekki jafneinfalt eins og ætla mætti af þeirri till., sem hér er sett fram. Og auðvitað er þetta líka hálfkák. Ef menn telja þessar auglýsingar þess háttar, að þær séu sérlega skaðlegar, þá eiga menn auðvitað að stíga skrefið til fulls og banna slíkar auglýsingar. Annað er auðvitað ekki sæmandi. Hitt, að fara að leyfa þá auglýsingu, en heimta á móti aftur einhverja rollu um það, að þetta sé svo hættulegt og vara við, það held ég, að séu ákaflega einkennileg vinnubrögð. Menn verða bara að gera svo vel og gera það upp við sig, hvort þeir vilja banna þessar auglýsingar eða ekki, hvort þeir vilja láta sömu reglu gilda um auglýsingar á tóbaki eins og þær sem gilda um auglýsingar á áfengi, en áfengisauglýsingar eru bannaðar. Einmitt það atriði sýnir stefnu löggjafans í því efni, að hann hefur talið áfengið öllu hættulegra heldur en tóbakið, enda er það náttúrlega í samræmi við heilbrigða skynsemi.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Mér komu satt að segja dálítið á óvart þær brtt., sem fluttar voru við þetta frv., ekki vegna þess, að ég viðurkenni ekki fullkomlega, hvað muni vaka helzt fyrir flm. þeirra, heldur vegna hins, að mér finnst næsta hæpið, að þær eigi heima í þessu frv. Frv. það, sem hér er um að ræða, er um almennar reglur varðandi rekstur ríkisins á einkasölu með áfengi, tóbak og lyf. Og í þeim er eingöngu að finna almennar starfsreglur um það, hvernig skuli haga sölu þessara vara, hvaða rétt ríkið eða þessi verzlun skuli hafa til þess að verzla með þessar vörur og hvaða vörur það séu, sem hér undir falla. Aftur á móti er ekki að finna í frv. neinar ráðstafanir til þess eða neina dóma um það, hvort þessar vörur séu heilsubætandi eða heilsuspillandi. Lyfin skulum við að vísu vonast til, að séu heilsubætandi, en um hinar tegundirnar, áfengi og tóbak, held ég, að séu mjög skiptar skoðanir og ég get mjög tekið undir það með báðum þeim hv. ræðumönnum, sem hér hafa talað, að það er mín skoðun, þó að ríkissjóði sé þetta drjúg mjólkurkýr, þá sé ekki mjög giftusamlegt fyrir þjóðina að neyta mikils af þessari vöru.

Varðandi áfengi hefur það líka verið viðurkennt, að það væri nauðsynlegt að sporna gegn áfengisneyzlu og setja um það efni sérstakar reglur til hömlunar á mörgum sviðum á þann hátt, að við höfum sérstaka löggjöf um áfengismál, þar sem m.a. er bannað að auglýsa áfengi og reglur settar um, hvernig haga megi veitingu áfengra drykkja og margt og margt annað. Hliðstæð lög eru ekki til um tóbak, og það kann þess vegna að valda því, að hv. flm. þessara till. hér hafa ekki fundið annað form fyrir þessar hugleiðingar sínar um það efni en að setja þær inn í þetta frv. Ég hygg hins vegar, að engum mundi detta í hug að fara að setja inn í þetta frv. reglur til þess að hamla gegn áfengisneyzlu, heldur eiga þær reglur tvímælalaust heima í áfengislögum.

Ég skal sjálfur játa það, að ég hef brotið nokkuð það, sem ég er hér að segja varðandi þetta efni, einmitt í sambandi við tóbakið, vegna þess að það vildi svo til, að fyrir nokkrum árum síðan flutti ég hér á Alþ. frv. um

það að banna tóbaksauglýsingar hliðstætt því, að áfengisauglýsingar eru bannaðar. Og þá gerðust nú því miður þau undur, sem ég vil segja, að séu mjög mikið harmsefni og er í rauninni eina tilfellið, sem ég veit hér til í Alþ., að slíkt hafi ráðið úrslitum um mál, að það voru eingöngu fjárhagslegir hagsmunir dagblaðanna í landinu, sem ollu því, að frv. mitt var fellt. Ég fullyrði, að það voru eingöngu þeir hagsmunir, sem þar réðu. Og vitanlega er það alveg hárrétt hjá hv. 3. þm. Norðurl. v., að það hljómar kannske nokkuð einkennilega að taka auglýsingu um einhverja vöru, hvað sem hún heitir, gegn skilyrði um það að upplýsa hugsanlega viðskiptavini viðkomanda um það, að þessi vara sé stórhættuleg. Ég held, að það væri á margan hátt eðlilegra þá og mér mundi finnast það miklu geðfelldara að banna hreinlega tóbaksauglýsingar. En þá komum við aftur að þessum sama vanda, að blessuð blöðin okkar eru illa haldin og telja sig þurfa á peningum að halda. Ég skal að vísu ekki segja, hvort þau fengju mikla peninga, ef þessi till. yrði samþ. Það er annað mál, ef þau yrðu skylduð til þess að birta yfirlýsingu um, að það væri ekkert að marka þessa auglýsingu og menn skyldu forðast hana. Hljóðvarp og útvarp hafa ekki birt tóbaksauglýsingar samkv. ákvörðun menntmrh. og ég hygg, að samkomulag hafi einnig náðst við kvikmyndahúsin um það, að slíkar auglýsingar yrðu þar ekki birtar. Það er a.m.k. nýlega, ef byrjað er á því aftur, því að það tókst um skeið að fá samkomulag við þau um, að þær auglýsingar yrðu ekki birtar. Það er mér kunnugt um.

En hvað sem þessu líður, þá má segja, að það skipti ekki öllu máli, hvort menn vilja setja inn í þetta frv. þessa klásúlu um skyldu til þess að vara við þessum auglýsingum. Ég vil jafnframt segja, að það má kannske segja það sama varðandi skylduna um að merkja sígarettupakka, sem má þá kannske segja, að sé nær lagi að taka inn í frv., vegna þess að þar er um að ræða reglu um meðhöndlun á þeirri vöru, sem hér er ætlað að selja. Og það er heldur ekki óþekkt, að þetta sé gert. Þetta mun vera gert í Bandaríkjunum. En varðandi þessi atriði bæði um auglýsingarnar, þá vildi ég aðeins skjóta því fram hv. flm. til athugunar, án þess að ég sé að fetta fingur út í þessar till., ef mönnum á annað borð sýnist, að þetta eigi að koma inn í lögin með þessum hætti, að nýlega mun hafa verið lögð fram hér á Alþ. þáltill. frá allmörgum þm., sem mun vera flutt í samráði við ýmsa aðila, sem sérstaklega hafa áhyggjur af áhrifum tóbaksnotkunar, þar sem skorað er á ríkisstj. að gera sérstakar ráðstafanir til þess að vinna gegn tóbaksnotkun og þá m.a. í sambandi við auglýsingar og það, sem hér er að vikið í þessum brtt. Ég vil nú varpa fram þeirri hugmynd eða ábendingu til hv. flm., hvort í rauninni er ekki óeðlilegt að setja þetta inn í frv., ef samtímis væri ætlunin að samþykkja þáltill., sem ég nú að vísu veit ekkert um, hvaða niðurstaða verður um, en þar sem um er að ræða mörg önnur atriði varðandi tóbaksreykingar og misnotkun tóbaks einnig. Kemur það þá ekki dálítið óeðlilega út að setja þessi einstöku atriði úr þessari ályktun inn í þetta frv.? Þessu varpa ég aðeins fram til athugunar.

En 3. till., sem ég hef miklar áhyggjur af og sem hv. 4. þm. Reykn. vék hér að, er fyrri till. á þskj. 589 um álagningarhlutfall á milli sígaretta og smávindla. Hin almenna regla um verðlagningu á vörum Áfengis- og tóbaksverzlunarinnar er sú, að fjmrh. ákveði þessa álagningu, og er það að sjálfsögðu metið hverju sinni, hvað hentugast sé í því efni. Ég vil taka það fram, að það hefur stundum verið fremur greitt fyrir sölu vissra tegunda, einnig áfengistegunda, heldur en annarra og þá jafnframt haft í huga, að boginn væri ekki spenntur svo hátt, að þar væri um óhæfilega verðlagningu að ræða, sem mundi þá mjög örva til smygls. Ég er ákaflega andvígur þessari till. og vil mjög ákveðið beina því til minna góðu vina, sem að þessu standa, að þessi till. verði tekin aftur. Það gleður mig, að hv. 1. flm. kvaðst fús til að taka hana aftur til 3. umr. og sjálfsagt er að kanna hana betur, en ég teldi það mjög miður farið, ef yrði farið að festa í lögum skyldu til þess að hafa ákveðið hlutfall á verði einstakra vörutegunda þessa fyrirtækis. Ég vil m.a. vekja athygli á því, að þetta er mjög erfitt í framkvæmd, vegna þess að það eru ekki allar sígarettutegundir jafndýrar. Af því leiðir, að það gæti orðið harla erfitt að finna hlutfallið hér á milli. Smávindlar eru heldur ekki allir jafndýrir og við hvaða smávindlategundir á að miða, ef á að nota þetta þriðjungahlutfall, sem þarna er um talað, þannig að í framkvæmd er ég ósköp hræddur um, að þetta yrði nánast hrein endaleysa. Ég get hins vegar fúslega lýst því yfir, að svo miklu leyti sem ég hef ráð í þessum málum, að það er sjálfsagt að taka til fullkominnar velviljaðrar athugunar þá ábendingu, sem í þessu felst, og ég er fullkomlega sammála hv. flm., að sjálfsagt er að reyna að hafa hér hlutfall á milli, sem stuðlar að því, að heldur sé þó notað af þessu tókbaki það, sem minna skaðlegt er, en hitt. Það er önnur saga. En ég mundi telja það mjög miður farið og nánast útilokað að fá fyrirmæli um það í lögum, að það skyldi vera tiltekið hlutfall á milli, hvort sem er sígarettutegunda eða áfengistegunda. Það gæti leitt til vandræða, sem ég sé ekki fyrir endann á eins og er. Það eru þess vegna mjög eindregin tilmæli mín, að þessi till. verði tekin aftur á fyrsta stigi. Eins og ég segi, fagna ég því, að hún verði tekin aftur til 3. umr. og skal milli umræðna athuga það við Áfengisverzlunina, hvernig þetta líti út, til að afla um það nánari röksemda. Hinar tvær till., sem fram eru fluttar og ég hef vikið að, læt ég lönd og leið.

Pétur Benediktsson: Herra forseti. Það getur nú margt komið fyrir á langri ævi, en sízt hefði ég nú búizt við því, að það ætti fyrir mér að liggja að þurfa að kenna hv. 3. þm. Norðurl. v. lögfræði og að benda honum á það, sem að vísu rann nú upp fyrir honum í lok ræðunnar, að áfengisauglýsingar eru bannaðar í lögum, að það er til stór og fáránlegur lagabálkur, sem heitir áfengislög og meira að segja er á dagskrá hv. Ed. í dag. Og ef hv. þm. hefði nú lesið mínar brtt. við þann lagabálk með athygli, þá hefði hann séð, að þar er einmitt lagt til að fella niður bannið gegn áfengisauglýsingum. Jafnframt furða ég mig á því, að hann skuli ekki vita, þ. e. a. s. að það skuli ekki liggja ljóst fyrir honum hverja stund, því að sjálfsagt veit hv. þm. þetta, að Áfengis- og tóbaksverzlun ríkisins þarf að gjalda

vissan skatt einnig til áfengisvarna og lækninga áfengissjúkra í landinu.

Hann minntist líka á skemmtanaskattinn, og taldi það fráleitt að þeir, sem færu á lélegar skemmtanir, væru skattlagðir, svo að þeir sjálfir eða aðrir gætu horft á eitthvað betra. Þetta er búið að gera hér í landinu í fjölda ára. Út frá því sjónarmiði, að það sé hollara að fara í Þjóðleikhúsið heldur en í kvikmyndahús, þá eru allir gestir kvikmyndahúsa og á dansleikjum og mörgum fleiri skemmtunum skattlagðir fyrir þetta fína fólk, sem hefur meira gaman af að fara í Þjóðleikhúsið. Mér finnst óneitanlega gaman að geta orðið lærimeistari á þessu sviði, þar sem ég hélt, að ég yrði nú eilífur lærisveinn.

Hitt eru mér vonbrigði, hve daufar undirtektir hæstv. fjmrh. eru, eftir að ég hafði nú rétt honum hendina með l. brtt. Það er náttúrlega enginn hlutur í heiminum auðveldari heldur en framkvæmd þessarar till. eins og hún er. Það er ekkert annað heldur en ef við köllum álagninguna á smávindlana x, þá er hann 3x, þrisvar sinnum hærri prósenta á hitt. Það kostar að vísu það, að innan hvers þessara flokka sé sama álagningin. Það hafði ég nú í minni einfeldni haldið að væri, en ef léleg innkaup eru algeng, þá þarf náttúrlega að halda útsölur. En sem sagt, ég er eins samvinnuþýður og sáttfús eins og verið getur um orðalag á þessu, en hitt vil ég ekki snúa aftur með, að Alþ. eigi að láta í ljós vilja sinn í þessu efni, eigi að láta það koma fram, að það hafi skömm á þessum varningi og hvar er betra tækifæri en hér? Við höfum engan sérstakan lagabálk um tóbaksnautn. Ég veit, að hv. 3. þm. Norðurl. v. mun eiga auðvelt með að sannreyna það, þegar hann kemur heim, og flettir upp í lögbókinni. Alþ. hefur svo sannarlega fullt leyfi til að segja ráðherra, að í sambandi við verðlagningu á tóbaki skuli hann gæta vissra meginreglna, og eins um það, hvernig merkja ber umbúðirnar og hvaða skyldur þarf að uppfylla með auglýsingu á varningnum. Ég álít, að við flm. höfum þarna farið beinustu og einföldustu leiðina að settu marki, tekið frv., sem lá fyrir okkur í ákveðinni þn., gert á því ofurlitlar lagfæringar í staðinn fyrir að setja mikið og stórt apparat í gang. Þessi till. okkar, sem var borin fram áður en nokkur okkar flm. hafði hugmynd um, að þáltill. væri á ferðinni, sem borin er fram í Sþ., kemur á engan hátt í veg fyrir, að sú þáltill. gæti náð samþykki þingsins og komizt í framkvæmd. En er hæstv. fjmrh. tilbúinn til að lýsa yfir því hér á þessum fundi, að hann vilji taka til greina niðurlagsorð þáltill., þar sem stendur: „Kostnaður við starfsemi ráðsins verði greiddur úr ríkissjóði.“ Þarna eru 6 liðir, sem allir geta valdið kostnaði og enginn veit, hve miklum, eða a. m. k. er engin áætlun um það í þáltill. (**Fjmrh.:** Ég er ekki reiðubúinn til að gera það.) Nei, ráðh. kveðst ekki vera reiðubúinn til að gera það. Enda á það fyrir þessari ágætu till. að liggja að verða tekin fyrir einu sinni, sennilega núna á miðvikudaginn og þá ákveðið hvernig ræða skuli og ef þinginu endist annar miðvikudagur til, að hafa hana þá á dagskrá til fyrri hluta l. umr. og láta hana síðan sofna í n. En við aftur á móti, sem erum kannske svolítið veðurbarnari í meðferð þingmála, þó að sumir hafi ekki verið hér lengi, heldur en hinir ágætu læknar, sem standa að baki till., við komum með þetta í sambandi við frv., sem þarf að ganga fram og þess vegna er von um, að þessar raunhæfu aðgerðir kynnu að ná fram að ganga einmitt með þessu móti.

Ólafur Jóhannesson: Herra forseti. Ég vildi nú aðeins gleðja hv. 4. þm. Reykn. með því, að hans meistaramennska er ekki unnin fyrir gýg, því að mér varð það ljósara af ræðu hans en áður, hve gersamlega ósamkvæmur sjálfum sér hann er í þessum málatilbúnaði, vegna þess að ég hafði satt að segja ekki veitt því athygli áður en hv. þm. vakti athygli mína á því, að hann hefur flutt till. um það að fella niður bannið gegn áfengisauglýsingum, svo að eftir hans meiningu eiga þær alveg óhindrað að flæða yfir á sama tíma, sem hann vill setja þær hömlur við tóbaksauglýsingum, sem í tillögu hans greinir. Þær hömlur gætu nú kannske haft þær verkanir, sem hæstv. fjmrh. benti á, að þeir, sem bjóða þessa vöru, umboðin, eða hafa hana á boðstólum, yrðu kannske ekkert sérlega ginnkeyptir fyrir því að auglýsa hana í fjölmiðlunartækjum.

Hins vegar vissi ég það nú áður, að það eru til sérstök áfengislög. Ég vissi það líka, að nokkuð af arði af áfengissölu rennur til áfengisvarnaráðs og í gæzluvistarsjóð. En mér er það kannske kunnugra heldur en hv. 4. þm. Reykn., að í upphafi, þegar þessi lög voru samin, voru till. um það, að það yrði varið mun ríflegri hluta af tekjum þessarar stofnunar til þess einmitt að vega á móti hinum skaðlegu áhrifum hennar. Mér er það kunnugt af þeim ástæðum, að ég var einmitt viðriðinn að semja þetta frv. í öndverðu. Mér er það enn fremur kunnugt, að þó að þessi fáu prósent fari til þessara hluta nú, þá fer því fjarri, að það sé nægilega unnið að þeim málum með því fé, sem til þeirra er varið. Ég man ekki betur en það hafi komið alveg sérstaklega fram hér nýlega í sambandi við einmitt byggingu gæzluvistarhælis, að það skortir algerlega fé til þess, þannig að ég held, að það verði nú ekki eins mikið hald í þeim röksemdum, sem hv. þm. að þessu leyti bar fram, eins og hann vildi vera láta. En annars skal ég ekki vera að hafa fleiri orð um þetta, því að ég er í sjálfu sér sammála hv. þm. um það, að það sé ástæða til þess að berjast með skynsamlegum hætti á móti skaðsemi tóbaks.

Það, sem okkur virðist greina á um, er, og á ég þó bágt með að trúa því, að ég álít áfengi miklu skaðlegra heldur en tóbak, en hann virðist aftur á móti eftir öllu að dæma, sem fram hefur komið, álíta tóbakið öllu skaðlegra heldur en áfengið. Þarna greinir okkur náttúrlega á. Ég lít svo á, að ef hann hefði átt að vera sjálfum sér samkvæmur miðað við þann áhuga, sem hann hefur á því að vekja athygli kaupenda á skaðsemi þeirrar vöru, sem þeir kaupa, þegar þeir kaupa sígarettur, þá hefði hann átt að flytja till. um það að settar væru auglýsingar á hverja brennivínsflösku eða áfengisflösku, sem seld er, að í henni væri svo og svo mikið magn af alkóhóli og að þegar maður drykki þetta og þetta, gæti það haft hinar og þessar afleiðingar fyrir hann. Og ég býst við því, að þar yrði ekki skortur á dæmum að benda á. Þetta finnst mér, að hefði átt að vera. En þó að mér fyndist þetta, þá hefur það auðvitað ekki þau áhrif, að ég fylgi ekki till., þ.e. þeim þeirra,

sem ganga í rétta átt. En ég hefði kosið, að þeir litu meira alhliða á málið og tækju áfengið til meðferðar ekki síður en tóbakið. Það er það, sem okkur ber raunverulega á milli. Ég er á sama máli eins og hv. þm. um það, að tóbakið er vissulega skaðlegt og sígaretturnar eru skaðlegar auk þess sem allt of miklum fjármunum er varið til þessa. Þess vegna álít ég, að þó að það hafi á sínum tíma ekki verið talin þörf á því að setja sérstakan lagabálk um meðferð tóbaks, þá gæti nú verið alveg fullkomin ástæða til þess að setja sérstakar reglur um það efni og þá er líklegt, að þvílíkar reglur, sem felast í þessum brtt., mundu eiga heima í þeim lagabálki.

Ég skal svo ekki neitt fara að deila frekar við hv. 4. þm. Reykn., enda erum við, eins og ég hef sagt, að verulegu leyti sammála, þó að mér sýnist skjóta dálítið skökku við að þessu leyti, að hann eða þeir, sem till. flytja, skulu ekki hafa komið auga á þá staðreynd, sem mér virðist liggja í augum uppi, að áfengi er stórum hættulegra heldur en tóbakið og miklu drýgra til að halda hvaða ríkisstj. sem er á floti heldur en tóbakið.

Einar Ágústsson: Herra forseti. Þar sem ég er samflm. hv. 4. þm. Reykn. að þessum till. sem fengið hafa nú svona misjafnar undirtektir hér og ekki taldar bera vott um reglulega skemmtilegt hugarfar eða mikla yfirsýn yfir málin, þá hef ég hug á því að koma fram mínum sjónarmiðum við þessa umr., en það skal ekki þurfa að gerast í löngu máli.

Ég vil fyrst út af því, sem hæstv. fjmrh. sagði um brtt. okkar á þskj. 589, þar sem talað er um merkingar á vindlingum, að það sé ekki á réttum stað, eigi ekki heima í frv., þá finnst mér það tæpast eiga við, þar sem brtt. er einmitt flutt við 7. gr., en 7. gr. fjallar nánar tiltekið um það og það eitt, hvernig vörur, sem þessi einkasala selur, skuli merktar. Og ég kem ekki í fljótu bili a. m. k. auga á það, hvar slík ákvæði ættu heima, ef það er ekki þarna.

Ég tek alveg undir það, sem hv. 4. þm. Reykn. sagði um það, að þó að þessi þáltill., sem flutt er í Sþ., sé vafalaust góðra gjalda verð og það megi einhvern tíma í framtíðinni vænta þess, að gott geti af þeim ráðstöfunum leitt, sem þar er að finna, þá get ég ekki með nokkru móti séð, að það spilli fyrir framgangi hennar, þó að einn hluti hennar sé tekinn nú þegar og samþykktur. Það kem ég ekki auga á, að geti á nokkurn hátt dregið úr því, að þessi þáltill. nái fram að ganga og hafi heppileg áhrif, en það er einmitt 4. kafli till., sem fjallar um það, að viðvörunarmerki um t. d. áhrif sígarettureykinga verði límd á hvern sígarettupakka, svoleiðis að þessi mótbára finnst mér léttvæg.

Um álagningarákvörðunina má vel vera, að það megi orða það einhvern veginn þannig, að mönnum falli það betur í geð, og hv. 1. flm. er nú þegar búinn að bjóðast til þess að taka þetta til yfirvegunar milli umr. og hefur hann fullt umboð mitt a. m. k. til þess að lofa þeirri endurskoðun. Ég get þó ekki með nokkru móti séð annað en Alþ. hafi fullan rétt til þess að leggja sínar línur í því, hvernig verðhlutfallið milli sígarettna og smávindla skuli vera og í orðalagi okkar er einmitt sagt, að það skuli vera því sem næst 3:1. Það er nú ekki fastar að orði kveðið en það, og þetta finnst mér hljóti að vera framkvæmanlegt hjá Áfengis- og tóbaksverzlun ríkisins, þ. e. a. s. ef menn vilja það. Það má þá, ef allt um þrýtur, taka meðalverð á öllum smávindlum annars vegar og öllum sígarettum hins vegar og leggja það til grundvallar. Annars hélt ég, að álagningin þarna væri ekki svo hárfín, að það mætti ekki hnika til einstakri prósentu, ef því væri að skipta. Þetta finnst mér nú ekki vera mikilvægar mótbárur og satt að segja þvert á móti mjög léttvægar.

Það hafa komið fram raddir um það, að við höfum sýnt nokkurs konar hræsni með því að taka tóbakið fyrir, en láta áfengið vera. Ég vil nú mótmæla því fyrir mitt leyti og til skýringar á því, að hér er einungis fjallað um tóbak, vil ég í fyrsta lagi segja það, eins og hér hefur komið fram, að sérstök lög eru um áfengismeðferðina og þeir, sem hafa hug á því að koma á framfæri lagfæringu þar, hafa einmitt tækifæri til þess núna, þar sem lögin eru hér til meðferðar. Og þó að við hefðum viljað líma miða á áfengisflöskur, þá hefðum við líklega sett það í það frv.; án þess að ég þó fullyrði um það, nema það hefði getað átt heima hér. En það, sem veldur því, að hér er tekið tóbakið fyrir, er frá mínum sjónarhóli það, að það hagar öðru vísi til með tóbak heldur en áfengi. Og það er vegna þess, að ég trúi því, sem læknar hafa haldið fram og með vaxandi þunga, að sígarettur séu skaðlegasta tegund tóbaks. Um það þarf víst ekki að leiða mörg vitni, en í þáltill. á þskj. 621 er t. d. birt útvarpserindi, sem Hrafnkell Helgason yfirlæknir á Vífilsstöðum hélt ekki alls fyrir löngu, þar sem hann leiðir rök að því, að sígarettureykingar séu skaðlegastar. Jafnframt hefur hann látið þá skoðun í ljós, að vindlareykingar og pípureykingar séu tiltölulega skaðlitlar, a. m. k. miklu heilsusamlegri, ef svo mætti segja, heldur en sígarettureykingar. Þess vegna er það frá mínu sjónarmiði mjög auðvelt að gera það upp við sig um sígarettur, að það skuli merkja þær sérstaklega sem óholla og eitraða vöru. Það má vel vera, að það sé samhljóða álit allra, að allt áfengi sé skaðvaldur og það ætti þá að merkja allt áfengi sem eitur. Ég veit, að það eru ýmsir, sem hafa þessa skoðun, og kannske er þetta alveg rétt. En ég þekki ekki muninn á því, hvaða áfengi er óhollast. Ef ég vissi það, væri ég alveg til með að flytja hér brtt. við þetta frv., þar sem við segðum, að einhver tiltekin áfengistegund, sem við tryðum, að væri óhollust, skyldi merkt með tilsvarandi áletrun eins og við erum hér að leggja til um sígarettur. En þetta bara veit ég ekki og ég er ekki viss um, að það sé neinn hér inni, sem veit það með nokkurri vissu. Og þangað til er ég a. m. k. ekki tilbúinn til þess að flytja till. um það að taka upp merkingar á áfengi. En fyrstur manna skal ég verða til þess að verða meðflm. slíkrar till., þegar búið er að sannfæra mig um það, að ein tegund áfengis sé óhollari en önnur og það svo miklu, eins og nú er búið að sannfæra mig um það, að sígaretturnar séu langóhollasta tegundin af tóbaki, sem um er að tefla.

Ég bendi svona á það rétt í framhjáhlaupi til þess að afsaka það, að ég skuli vera meðflm. að brtt. um tóbak, að ég hef á þessu þingi flutt till. um það að stórhækka framlögin til gæzluvistarsjóðs af áfengissölunni, þannig að ég fyrir mitt leyti tel mig geta svarað því, að ég hafi ekki alveg gleymt því, að áfengi geti verið skaðvaldur

og það þurfi að gera ráðstafanir til þess að bera í bætaflákana fyrir þá skaða, sem af því leiðir.

Ég skal ekki hafa þessi orð fleiri. Ég vonast til þess, að hv. d. geti verið okkur sammála um það, að það sé ástæða til þess að reyna að bægja sígarettureykingum frá nú, þegar það liggur fyrir, að ég vil segja vísindalega sannað, að þær séu svo skaðlegar sem raun er á og mér finnst hér, að auðveldasta og áhrifamesta leiðin til þess að koma þeirri breytingu í framkvæmd sé að samþykkja brtt. okkar, þ. e. 2. tölul. á þskj. 589, um að umbúðir um vindlinga skuli á áberandi hátt merktar með eftirfarandi áletrun, eins og þar segir, og við munum síður en svo koma í veg fyrir það, að hin ágæta þáltill., sem 4 merkir þm. í Nd. standa að, geti náð fram að ganga á sínum tíma.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Brtt. 589, 1 tekin aftur til 3. umr.
3.—6. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Brtt. 589, 2 samþ. með 14 shlj. atkv.
7. gr., svo breytt, samþ. með 16 shlj. atkv.
8. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Brtt. 590 felld með 8:7 atkv.
9.—13. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
14.—16. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 16:1 atkv.

Á 86. fundi í Ed., 6. maí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 646, 589,1, 651).

Frsm. (Ólafur Björnsson): Herra forseti. Ég ætla aðeins með örfáum orðum að gera grein fyrir brtt., sem fjhn. hefur flutt á þskj. 651. Ég gat þess í framsöguræðu minni við 2. umr., að n. hefði, eftir að hún gekk frá nál. sínu, borizt bréf frá Apótekarafélagi Íslands, þar sem óskað var smávægilegra breytinga við 2. málsgr. 9. gr. frv. og mundi það vera til athugunar hjá n. á milli umræðna. Niðurstaðan hefur svo orðið sú, að við flytjum þá brtt., sem hér liggur fyrir á þskj. 651.

Það er um 2 breytingar að ræða. Önnur er sú í samræmi við ósk Apótekarafélagsins, að á eftir: „ríki og ríkisstofnanir" í 2. málsgr. 9. gr. kemur: þó ekki til endursölu einstaklingum. En þetta er til að fyrirbyggja, að sá skilningur yrði í þetta lagður, að einstökum ríkisstofnunum væri heimilt að dreifa lyfjum meðal starfsfólks síns í smásölu, en slíkt er auðvitað ekki tilgangurinn, og til þess að taka fyrir alla mistúlkun í þessu efni, þótti okkur að athuguðu máli rétt að taka tillit til óska Lyfsalafélagsins í þessu efni.

Önnur breytingin er sú, sem gerð hefur verið samkvæmt ósk forstöðumanna Lyfjaverzlunar ríkisins að fellt er niður, að Lyfjaverzlun ríkisins sé skylt að útvega sáraumbúðir o. s. frv., þeim aðilum, sem upp eru taldir, öðrum heldur en lyfjaverzlunum. Forstöðumennirnir töldu, að það gæti leitt til árekstra og skapað Lyfjaverzluninni vanda, ef það væri beinlínis sagt í lögunum, að henni væri skylt að útvega lyfjaverzlunum það, sem hér er um að ræða, enda sé það ekki í núgildandi lögum. Og þó að þessi breyting verði gerð, muni það engu breyta um starfsemi Lyfjaverzlunarinnar frá því sem nú er, að hún muni áfram hafa með höndum útvegun þess, sem hér er um að ræða, til þessara aðila, en forstöðumennirnir töldu óeðlilegt, að þetta væri bein skylda samkvæmt lögum, og höfum við í n. að athuguðu máli komizt að þeirri niðurstöðu, að rétt mundi að taka tillit til þessa.

Pétur Benediktsson: Herra forseti. Eins og þér munuð minnast, tókum við nokkrir deildarmenn aftur til 3. umr. fyrri brtt. á þskj 589. Nú hefur það orðið að ráði að taka þessa brtt. aftur, en bera fram nýja brtt. Þar sem málið er ákaflega einfalt, þá leyfi ég mér að bera hana fram skriflega og óska eftir nauðsynlegum afbrigðum til þess að hún megi koma til umræðu og atkvæða.

Brtt. er sú, að við 3. gr. frv. bætist orðin:

„Álagningarhlutfall á vindlingum (sígarettum) og smávindlum (cigarillos) skal vera þannig, að samkeppnisaðstaða síðarnefndrar vörutegundar gegn vindlingum sé auðvelduð, eftir því sem atvik leyfa."

Þessi nýja brtt. er flutt af sömu flm. og hin fyrri, nema ekki hefur náðst til hv. 4. þm. Norðurl. e., sem ekki er á þingfundi í dag. Við erum með þessu orðalagi að reyna að mæta réttmætum mótbárum hæstv. fjmrh. við fyrri till., þar sem gert var ráð fyrir ákveðnu hlutfalli milli álagningar á vissar tóbakstegundir, og vonum að þetta verði auðveldara í framkvæmd og geti orðið til að ná svipuðum árangri og við ætluðum okkur með till.

ATKVGR.
Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 658) leyfð og samþ. með 17 shlj. atkv.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Það voru aðeins örfá orð út af þessari till. Eins og hv. þdm. er kunnugt og hv. frsm. lýsti, var till. eins og hún var flutt í 1. umr. nokkuð „kategórísk" og fjallaði um það, að það skyldi vera þrefaldur álagningarmunur á smávindlum og vindlingum. Nú hef ég látið kanna það og skal segja frá því í upplýsingaskyni, sem leiðir í ljós, hvílík vandkvæði í rauninni hefðu getað af því risið, ef slík till. hefði verið samþykkt, að álagning á smávindla er nú 134% en á vindlinga 208%. Á vindla er aftur á móti 78% álagning, þar sem þeir eru mjög dýrir í innkaupi. Það hefði hlotið að leiða af sér stórfelld vandræði, ef till. hefði verið í því formi, sem hún í upphafi var flutt, og ég var hræddur um það í gær, að svo mundi geta orðið, enda þótt ég hefði þá ekki fyrir mér tölulegar upplýsingar. Ég er hins vegar mjög ásáttur og þakklátur hv. flm. fyrir það, að þeir hafa breytt till. í það form, sem hún er nú. Eins og sést á upplýsingunum, sem ég hef hér flutt, þá er þó allverulegur munur á álagningu á smávindla og vindlinga, og ég er fús til að taka það fullkomlega til greina að hafa hliðsjón af því við áframhaldandi ákvörðun um álagningu á þessar vörur, að mæta þessum óskum eftir því sem mögulega er auðið, án þess að það leiði til vandræða. Þannig að ég lýsi yfir, að ég get fallizt fullkomlega á tillöguna eins og hún er nú orðuð af hálfu hv. flm.

Ólafur Jóhannesson: Herra forseti. Mig langar til að flytja brtt. við þetta frv. og hef raunar lagt hana inn til prentunar og útbýtingar, en það hefur því miður ekki unnizt tími til að útbýta henni enn. Ég verð því að leggja till. fram skriflega. En ég vona að það komi ekki að sök, þar sem till. er stutt og auðskilin og þm. ætti því að veitast auðvelt að átta sig á henni, þó að þeir hafi hana ekki á borðunum hjá sér.

Ég vil vænta þess, að hæstv. forseti leiti afbrigða hér á eftir um það, hvort þessi till. megi ekki koma til meðferðar og atkvæða. Og vil leyfa mér að lesa þá till.

Tillgr. er svo hljóðandi: „Eftir 8. gr. komi ný grein, sem verður 9. gr., svo hljóðandi (og breytist greinatalan samkv. því).

„Áfengis- og tóbaksverzlun ríkisins er skylt að verja 3% hið minnsta af árlegum hagnaði af tóbaksverzlun til auglýsinga í fjölmiðlunartækjum um skaðsemi sígarettureykinga og annarrar tóbaksnotkunar."

Ég vona, eins og ég sagði, að það sé mjög auðskilið, hvað fyrir mér vakir með þessu. Það er mjög ánægjulegt að það er vaxandi skilningur á skaðsemi tóbaksnotkunar og þá ekki sízt sígarettureykinga. Og ég vil segja það, að vissulega var hér í gær stigið spor í rétta átt, þar sem samþykkt var, að merki skyldu sett á sígarettupakka, þar sem menn væru varaðir við og þeim sagt skýrum orðum, hvað af gæti hlotizt, ef þeir tækju upp á því að neyta þessarar vöru, sem á boðstólum verður höfð af ríkisins hálfu.

Ég efast ekki um það, að það muni verða gagn að þessari merkingu á sígarettupökkum. Menn hljóta að draga úr kaupum á sígarettum, þegar þeir sjá þessa áletrun á sígarettupökkunum. Og það er áreiðanlegt, að menn hljóta a. m. k. að hika við að bjóða öðrum sígarettu úr pökkum, sem þetta stendur á. Ég held satt að segja, að það verði fáir gestgjafar svo forstokkaðir að fara fram á það við gesti sína, að þeir taki sígarettu úr pökkum, sem bera jafnsterkt aðvörunarmerki eins og var samþykkt hér í gær. Telja má víst, að opinberir aðilar gangi þar á undan með góðu eftirdæmi og hafi ekki slíkar vörur á boðstólum í opinberum samkvæmum. Þannig að ég hef trú á því, að það verði talsvert gagn af því að merkja vöruna með þessum hætti, eins og hér var samþykkt í gær.

En samt er það svo, að betur má ef duga skal í baráttunni við skaðsemi tóbaksins, og það var vitaskuld út frá þeim hugsunarhætti, sem hér var flutt till. í gær af hv. 4. þm. Reykn. og hv. 4. þm. Norðurl. e., sem fór í þá átt, getum við sagt, að reyna að stemma stigu við þeim áróðri, sem hafður er uppi af hálfu ýmissa tóbakssala eða tóbaksumboða, með því að skylda þau fjölmiðlunartæki, sem tækju þvílíkar auglýsingar til flutnings, að verja ókeypis tilteknu rúmi í það að vara við þeirri hættu, sem af sígarettureykingum stafaði. Ég gat ekki fylgt þessari till., af því að ég taldi óeðlilegt að leggja þá kvöð á fjölmiðlunartækin, að þau tækju ókeypis að sér að halda uppi vörnum í þessu efni, því að þau hafa ekki gert annað en að taka við þessum auglýsingum sem frá tóbaksumboðum koma og þar með innt af hendi þjónustu, að vísu ekki endurgjaldslausa, en ég gat ekki séð, að það væri sanngjarnt að leggja þá kvöð á þau að verja tilteknu rúmi ókeypis til þess að vara við. En hins vegar viðurkenni ég algjörlega það sjónarmið, að það er þörf á ráðstöfunum gegn þeim áróðri, sem óbeint er a. m. k. uppi hafður fyrir sígarettureykingum. Það er þörf á áróðri gegn sígarettureykingum og sjálfsagt almennri tóbaksnotkun líka, og ég tel það eðlilegt að Tóbaksverzlun ríkisins, sem hefur tekið að sér að verzla með þessa vöru, sem fallin er til þess að hafa skaðleg áhrif með þeim hætti, sem hér hefur verið lýst, sé skylduð til þess að verja nokkru af hagnaði sínum til þess að reyna að eyða eða draga úr þeim skaðlegu verkunum, sem þessi vara hefur. Það er heilbrigð regla og víða þekkt, sérstaklega í lögfræði, að hættuleg starfsemi bæti það tjón, sem af starfsemi hennar hlýzt. Það er út frá þessari hugsun, sem þessi litla till. mín er flutt, og það má segja, að hún sé byggð á svipaðri hugsun, eins og kemur fram í áfengislögunum, þó að þar sé ákaflega skammt gengið í því að verja örlitlu, svo óskaplega litlu broti af áfengisgróðanum til þess að vega ofurlítið upp á móti þeim skaðlegu verkunum, sem áfengissalan hefur bakað þjóðinni. Þessi prósenta, sem hér er sett, að það skuli vera 3%, er auðvitað algert álitamál, og ég skal alveg viðurkenna það, að ég renni þar dálítið blint í sjóinn með því að nefna 3%. En ég tek það fram, að það eiga að vera 3% hið minnsta. Forráðamönnum verzlunarinnar er eftir atvikum sjálfsagt heimilt að verja meira af hagnaðinum í þessu skyni, ef það sýnir sig, að þarna sé um svo litla upphæð að tefla, að hún dugi skammt. Nú, og auðvitað er ég reiðubúinn að taka til athugunar allar breytingar á prósentunni.

Það má kannske spyrja mig, vegna þeirra orða, sem ég lét falla hér í gær, hvers vegna ég hafi þá ekki tekið áfengið með, þar sem ég gerði svona hálfgerðar athugasemdir við það, að þeir menn, sem voru svo áhugasamir að flytja till. varðandi merkingu á tóbaki, skyldu ekki hafa tekið áfengið með. Ég skal bara segja það, að ég hef beygt mig fyrir þeim sjónarmiðum, sem þá komu fram af þeirra hálfu, að það væri eðlilegra að ákvæði þar um, varðandi vín og annað áfengi, væri í sjálfum áfengislögunum og að hliðstæðar varnaðarráðstafanir, eins og gerðar eru eða hafa verið samþykktar um tóbakið, eigi betur heima í áfengislögunum og þar sem þau lög eru til meðferðar nú og verða til meðferðar hér á eftir, þá er tækifæri til þess að koma þar að hliðstæðum ákvæðum eins og í þessi lög varðandi tóbakið. Ég hef ástæðu til að vænta þess, að fyrir því sé nægilegt fylgi í þessari hv. deild að setja hliðstæð ákvæði varðandi merkingu á áfengi, eins og samþykkt hefur verið varðandi sígarettur. En ég er ekki í nokkrum vafa um það, að eins og það mun draga og hlýtur að draga nokkuð a. m. k. úr notkun á vindlingum, að slík auglýsing verður á umbúðum þeirra, þá mundi það vera fallið til þess að hafa töluverð áhrif til varnaðar í sambandi við neyzlu áfengis, ef það væru sett merki á áfengisflöskurnar þar sem væru svipaðar eða hliðstæðar aðvaranir eins og gert er ráð fyrir að setja á vindlinga. Það mundu sjálfsagt einhverjir hugsa sig um, áður en þeir keyptu áfengisflösku og ég tala ekki um neyttu hennar, ef það stæði á flöskunni t. d., að ef þeir drekki úr þessari flösku, þá eigi þeir á hættu að valda sjálfum sér eða öðrum slysi eða eitthvað því um líkt.

Varðandi það, sem sagt var hér í gær, að það væri nú erfiðara að koma við þvílíkri merkingu á áfengi heldur en sígarettum, því áfengistegundirnar væru margar og misjafnlega skaðlegar, þá er þar um það að segja, að sjálfsagt eru nú sígarettutegundirnar margar og misjafnlega hættulegar að ég hygg, en þær verða allar merktar, því að auðvitað eru þær allar eitthvað hættulegar. Með sama hætti hygg ég, að það megi segja um áfengi, að það muni nú vera skoðun viðurkenndra vísindamanna að ofnautn áfengis sé hættuleg og það skipti út af fyrir sig ekki máli, hver víntegundin er, þannig að sjálfsagt mætti merkja þær allar.

En hvað sem öllum merkingum líður þá er vissulega ástæða til — og það tel ég nú enn áhrifaríkara — að setja hliðstæða reglu í áfengislögin varðandi auglýsingar um skaðsemi áfengis og áróður gegn því. Ég álít, að það mundi verða mjög áhrifamikið, ef það væri tekið upp í sambandi við fjölmiðlunartæki að birta þar auglýsingar og áróður gegn áfengi, og Áfengisverzlunin er vitaskuld á engan hátt of góð til þess að verja nokkru af sínum hagnaði í því skyni.

Ég skal ekki tala meira um þennan þátt málsins, því það kemur til athugunar í sambandi við áfengislögin, og jafnvel þó það verði ekki tækifæri til þess að koma að brtt. í þá átt, sem ég hef hér aðeins drepið á, í sambandi við meðferð þeirra hér á eftir, þá verður það þá væntanlega hægt í sambandi við 3. umr. málsins. Eins og ég sagði áður, þá er þessi till. það stutt og auðskilin, að ég vona að hv. þm. geri sér alveg grein fyrir efni hennar, en auðvitað hef ég síður en svo á móti því, að málinu sé frestað, ef hv. fjhn. vildi taka hana eitthvað til athugunar. Ég vildi leyfa mér að afhenda forseta þessa till.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 657) leyfð og samþ. með 14 shlj. atkv.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Ég hef nú aldrei verið neinn unnandi tóbaks og reyki jafnvel ekki pípu, án þess að ég sé nú að víkja að mínum ágæta vini, 3. þm. Norðurl. v., með það, hvað vera kann hollasta tóbaksnotkunin, ef hægt væri að kalla nokkra tóbaksnotkun holla. En engu að síður, þá neyðist ég nú til að verja mitt ágæta fyrirtæki, sem heitir Áfengis- og tóbaksverzlun ríkisins, og vona ég að enginn ásaki mig svo mjög fyrir það, því það má segja að það sé vegið tvisvar í sama knérunn, í fyrsta lagi með því að samþykkja það að vara alla viðskiptavini fyrirtækisins við því, að þeir geti fengið hina ægilegustu sjúkdóma ef þeir kaupi vörur fyrirtækisins, en ekki nóg með það, heldur flytur hv. 3. þm. Norðurl. v. till. um það, að í ofanálag skuli þessi verzlun verja mjög verulegum fjárhæðum á hverju ári til þess beinlínis að sannfæra fólk um það með enn róttækari og víðtækari hætti, að það sé hin mesta fásinna að nota þessa vöru. Ég get ekki að því gert, að mér finnst nokkuð langt gengið með þessari seinni till. Ég greiddi sjálfur atkv. með fyrri till. um það að merkja vörur tóbakseinkasölunnar og vekja athygli á því, hve skaðvænlegar þær væru, og mér finnst satt að segja, að með því móti hafi tóbakseinkasalan lagt fram sinn skerf til þess að vinna gegn sjálfri sér, ef svo má segja.

Það hefur hins vegar ekki haft fylgi hér í hv. d. og ekki í hv. Alþ., sem mér finnst þó nokkuð undarlegt, að banna tóbaksauglýsingar, vegna þess að mér skilst, að blöðin megi ekki missa af þeim tekjum, sem af því leiða, en hins vegar á móti skal tóbaks- og áfengisverzlunin leggja fram nokkrar millj. kr. á ári til þess að auglýsa á móti þessum auglýsingum blaðanna.

Ég þarf ekki mörg orð um þetta að hafa. Ég get ekki fallizt á þessa till., og ég vænti þess að hv. þm. skilji afstöðu mína í því. Hér er hvað sem efni málsins líður um að ræða fjárveitingu, sem ákveðin er af hálfu Alþ., eftir að fjárlög eru afgreidd, þ. e. a. s. tekinn er ákveðinn tekjustofn, sem reiknað er með í fjárlögum. Það má vænta þess, að aðvaranirnar á pökkunum hafi einhver áhrif þannig að það dragi töluvert úr sölu á vindlingum, þannig að þar með hafi út af fyrir sig þegar verið nokkuð aðhafzt í þá átt að draga úr sölu verzlunarinnar, en ég verð að gefa þá yfirlýsingu hér, að ég get með engu móti fallizt á þessa síðari till. hv. þm. og þykir mér það að vissu leyti leitt, því ég veit að það vakir ekki annað en gott fyrir honum með sínum málflutningi, en ég vona þá jafnframt að hann skilji samt engu að síður mína aðstöðu, að eins og sakir standa á miðju fjárlagaári, þá get ég ekki fallizt á ráðstöfun sem þessa. Auk þess eins og ég sagði, mér finnst það orka mjög tvímælis, hvers er hægt að ætlast til í þessu efni, þegar búið er að vara fólk dyggilega við því, sem kostar líka verulegt fé að taka upp þessar merkingar, að nota ekki vörur verzlunarinnar, að í ofanálag skuli hún eiga að verja nokkrum millj. kr. í þessu skyni.

Ég skal ekkert segja um það, hver verður endanleg niðurstaða um baráttu gegn notkun tóbaks, og vel kann það að vera, að maður geti hugsað sér að vera með aðflutningsbanni bæði á tóbaki og áfengi, ef það væri skoðun manna að slíkt hefði mikla þýðingu. Ég er í miklum vafa um það að vísu, að það hefði raunhæft gildi að gera slíkt. Ég get líka vel hugsað mér það að styðja slíkar ráðstafanir sem felast í þeim till., sem þegar hafa komið fram á þinginu, um það að taka upp aukna fræðslu um skaðsemi áfengis. Vel kann að vera, að það kosti einhverja peninga, sem ríkið þurfi að leggja fram í því skyni. Það mál á allt eftir að skoða, og ég tel eðlilegt að það skoðist í sambandi við þá till.

Herra forseti. Ég mátti til með að nota tækifærið til þess að gera það lýðum ljóst, ef svo má segja, að mér er ómögulega auðið að fallast á, að sú breyting verði gerð á frv. að taka af ríkissjóði þær tekjur, sem hér er gert ráð fyrir að gera með umræddri till. hv. 3. þm. Norðurl. v.

Ólafur Jóhannesson: Herra forseti. Viðhorf hæstv. fjmrh. til þessarar till. er mér að sjálfsögðu vonbrigði. Ég veit að hann er mjög einlægur andstæðingur bæði áfengis og tóbaks. Það er misskilningur hjá hæstv. ráðh., að till. um að banna tóbaksauglýsingar hafi ekki átt fylgi að fagna hér í þessari hv. deild. Hæstv. fjmrh. bar á sínum tíma fram till. um að banna tóbaksauglýsingar og var hún samþ. í þessari hv. deild, og afgr. til Nd., en hins vegar náði hún ekki fram að ganga í Nd. Það liggur því ljóst fyrir, að á sinni tíð átti sú hugmynd

að banna tóbaksauglýsingar fylgi að fagna í þessari hv. deild. Ég skal ekki segja um það hvort þm. hafa skipt um skoðun síðar, þ. e. a. s. Ed. er að sjálfsögðu nokkuð á annan veg skipuð nú en þegar þetta mál var afgreitt á sínum tíma. En ég minni á það, að við atkvæðagreiðslu hér í gær þá átti till. um það, að blöð og fjölmiðlunartæki skyldu láta ókeypis í té andróður gegn tóbaksauglýsingum, þvílíku fylgi að fagna, að sú till. var ekki felld nema með 1 atkv. mun. Nú bætist ég hins vegar í hóp þeirra, sem voru með þeirri till. í gær, svo að þá þykir mér nú von til að hún nái fram að ganga.

Viðvíkjandi því atriði, sem hæstv. fjmrh. sagði, að hann gæti ekki sem fjmrh. staðið að því á miðju ári og þegar fjárlög hefðu verið afgreidd að taka svo töluverða upphæð, sem hér væri um að tefla, af tekjum af áfengis- og tóbaksverzluninni, þá er því til að svara, að ég geri nú ráð fyrir því, að þar sem hér er miðað við 3% hið minnsta af hagnaði af tóbaksverzlun, þá kæmi sú greiðsla ekki til framkvæmda fyrr en að loknu þessu ári, þannig að ég held að sú mótbára sé mjög léttvæg og standi ekki í vegi fyrir samþykkt tillögunnar. Ég held því að hæstv. fjmrh. geti með góðri samvizku greitt þessari tillögu atkvæði.

Hann minntist líka á og fór vinsamlegum orðum um þá tillögu, sem fram er komin í Sþ. um það að taka upp áróður gegn vindlingareykingum eða tóbaksnotkun almennt — ég man nú ekki hvort heldur er — og hann gerði sér að sjálfsögðu grein fyrir því, að slíkt mundi kosta fé. Ég get ekki séð, að hér sé um mjög óskyld málefni að tefla og að sjálfsögðu er ég til viðræðu um það, ef menn vilja á annað borð athuga þessa till., að breyta henni í það horf, að það sé gefið nokkuð meira svigrúm til ráðstöfunar á þessum fjármunum, sem til er ætlazt, að varið sé í þessu skyni. Ég t. d. mundi alveg hiklaust fallast á það, að einhverjum kvóta af þessu yrði varið til fræðslu í skólum landsins, en þegar því er sleppt, að um fræðslu í skólum sé að tefla, þá fæ ég ekki betur séð en að áhrifaríkustu tækin í því efni að vinna gegn þessari notkun séu einmitt fjölmiðlunartækin, sjónvarp, útvarp og dagblöð.

Ég skal svo ekki hafa fleiri orð um þetta. Ég vona það, að þessari till. verði allgott til fylgis þrátt fyrir þá andæfingu sem hæstv. fjmrh. hafði uppi, enda held ég að ég hafi sýnt fram á að þær mótbárur, sem hann hafði gegn þessari till., eru að verulegu leyti á misskilningi byggðar.

Pétur Benediktsson: Herra forseti. Mér þykir einkar vænt um að sjá, að hv. 3. þm. Norðurl. v. hefur á svo skömmum tíma sem síðan við umræðuna í gær snúizt að nokkru leyti frá villu síns vegar. Þar sem hann er nýliði með hinum góða málstað, er þó varla annars að vænta en að honum fipist svolítið á göngunni. Í fyrsta lagi ber till. hans það með sér, að hann hefur ekki alveg áttað sig á því, um hvað er að ræða, því hann talar um auglýsingar um skaðsemi sígarettureykinga og annarrar tóbaksnotkunar. Það sem er um að ræða hér, er áhlaup gegn sígarettureykingum, en ef við ætlum að fara að berjast á móti öllu, sem kann að vera skaðlegt á einhverju sviði, samtímis og með sömu vopnunum, þá stöndum við alveg í stað. Þetta er það sem hann þarf að átta sig á og sem hans ágæti flokksbróðir var að nokkru leyti að benda honum á í ræðu við 2. umr. þessa máls, þegar farið var inn á áfengismálin í þessu sambandi. Ég tek alveg undir það með hv. 11. þm. Reykv., að geti hv. þm. sýnt mér fram á, að eitthvert sérstakt form af áfengum drykkjum sé verra heldur en annað, þá skal ég svo sannarlega reyna að drekka bæði sjálfur það skárra og fá aðra í lið með mér til þess. Ég er líklega öllu fróðari í áfengismálunum heldur en hv. þm., því að frá veru minni í Frakklandi minnist ég þess, að þar heyrði ég um að einmitt var tekin upp svona barátta gegn þeirri áfengistegund, sem var kölluð absint og var unnið með ýmsum ráðum gegn því að fólkið væri að setja þá ólyfjan í sig, en þar í landi eru vín yfirleitt talin mjög holl önnur en þetta. Ég gæti þess vegna alls ekki fallizt á að orðin „og annarrar tóbaksnotkunar“ eigi þarna heima. Eins er ég sammála hæstv. ráðh. um það, að það þýðir náttúrlega ekki, þegar komið er fram undir mitt ár, að ætla að fara að kippa grundvellinum undan skattheimtunni og setja nýjar verulegar kvaðir á þessa verzlun, eftir að búið er að áætla þá fjárhæð, sem hún á að setja í ríkiskassann.

Og enn eitt þarf ég að leiðrétta hjá hv. þm. Hann heldur að það sé auðveldara og réttlátara að taka þennan skatt af Áfengis- og tóbaksverzlun ríkisins heldur en að láta fjölmiðlunartækin sjálf innheimta hann. Ég benti einmitt á það í framsögu fyrir till. minni í gær, að það stendur alls ekki til að fjölmiðlunartækin, hvort sem þau heita dagblað eða kvikmyndahús eða annað, eigi að borga þetta. Nei, það eru tóbakskóngarnir, sem eiga að borga kostnaðinn. Það sem skeður er einfaldlega það, að það verður sett prósenta ofan á reikninginn til þeirra umfram aðra auglýsingareikninga; þeir eru nógu ríkir til að borga þá og ekki of góðir til þess.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 88. fundi í Ed., 8. maí, var fram haldið 3. umr. um frv. (A. 646, 589,1, 651, 657, 658).

ATKVGR.

Brtt. 589,1 tekin aftur.

Brtt. 658 samþ. með 17 shlj. atkv.

Brtt. 657 felld með 10:7 atkv.

Brtt. 651 samþ. með 16 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 17 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 91. fundi í Nd., 9. maí, skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr. (A. 679).

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 25 shlj. atkv.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Frv. það, sem hér liggur fyrir, er í rauninni heildarlöggjöf um Áfengis- og tóbaksverzlun og Lyfjaverzlun ríkisins, en til þessa hafa gilt um sölu áfengis, tóbaks og lyfja ferns konar lagaákvæði. Það eru í fyrsta lagi lög um einkasölu á áfengi með síðari breytingum, sem á þeim hafa verið gerðar; lög um einkasölu ríkisins á tóbaki einnig

með síðari lagabreytingum; lög um einkasölu á eldspýtum og vindlingapappír, og loks lög, sem sett voru um sameiningu rekstrar Áfengisverzlunar ríkisins og Tóbakseinkasölu ríkisins. Það þótti hentugt að setja um þetta ein lög, sem efnislega eru ekki mikið breytt frá þeim lögum, sem gilda um þessi fyrirtæki hvert fyrir sig, að öðru leyti en því, að ákvæðin um lyfjaverzlunina eru allmiklu fyllri heldur en áður hefur verið, og stafar það af því, að ákvæði þar að lútandi í núgildandi lögum eru mjög ófullkomin.

Það efnisatriði, sem í lögunum felst að öðru leyti og er breyting frá því skipulagi sem nú er, er það, að lagt er til að undanþiggja einkasöluákvæðum ilmvötn, hárvötn, bökunardropa, andlitsvötn og kjarnadropa til iðnaðar. Allt með þeim skilyrðum, að hér sé um að ræða vörur, sem ekki sé hægt að gera drykkjarhæfar og sem sagt, að ekki sé um að ræða neinn spíritusinnflutning af því tagi, sem hægt sé að gera drykkjarhæfan. Einkaréttarákvæði áfengisverzlunarinnar nær til allra slíkra vörutegunda. Það hefur hins vegar komið í ljós í mörgum tilfellum, að þetta er bæði óhentugt og í rauninni ákaflega óeðlilegt, að einkasala með þessar vörur séu í höndum Áfengis- og tóbakseinkasölu ríkisins, svo sem iðnaðarkjörnum og bökunardropum, andlitsvötnum, hárvötnum og ilmvötnum, en það byggist á því, að í þessum vörum er nokkuð af spíritus. En hins vegar hefur þetta oft valdið miklum vandræðum, vegna þess að í stórum stíl eru vörur þessar fluttar inn með öðrum vörum, t.d. í snyrtivörukössum þar sem í eru sápur og ýmsar aðrar snyrtivörur. Það hefur því valdið margvíslegum óþægindum, að þetta ákvæði skuli vera í gildi, en hefur að sjálfsögðu enga grundvallarþýðingu varðandi rekstur Áfengis- og tóbaksverzlunar ríkisins þó að hún losi sig við þessar vörur.

Álagning á þessar vörur er mjög há með einkasölugjaldi, sem á þær er lagt, og mundu þær lækka mikið í verði og fljótt á litið yrði um að ræða nokkurt tekjutap hjá Áfengisverzlun ríkisins, sem ég efa þó stórlega að yrði mikið tekjutap, af þeirri einföldu ástæðu, að t. d. innflutningur á ilmvötnum, andlitsvötnum og hárvötnum með löglegum hætti er svo ótrúlega lítill, að það er augljóst að það kemur þar ekki fram nema lítill hluti af því sem notað er í landinu. Þannig að verðlækkun á þessum vörum, sem að vísu verða áfram í hæsta tollaflokki, yrði að mati þeirra manna, sem um það hafa hugsað, líklega til þess að auka löglegan innflutning vörunnar og þar með ekki að hafa áhrif á tekjur ríkissjóðs að þessu leyti. Þetta hefur komið fram, eins og hv. þdm. vita um ýmsa aðra vöruflokka, sem breytt hefur verið tollaákvæðum á og sem eru áberandi smyglvörur eins og áreiðanlegt er með þessar vörutegundir.

Um þetta var enginn ágreiningur í hv. Ed. Nefndin, sem um það fjallaði, var sammála um það að mæla með þessari efnislegu breytingu á frv. og að þessi heildarlög yrðu sett. En í Ed. urðu hins vegar allmiklar umræður um tóbaksmál almennt og um ráðstafanir til þess að draga úr tóbaksnotkun, og þar voru samþ. tvenns konar breytingar á frv. eins og það upphaflega var framlagt. Önnur þeirra var sú, að það skyldi skylt að merkja alla vindlingapakka, sem væru til sölu hjá Tóbaks- og áfengisverzluninni með aðvörun um það, að hér væri um hættulega vöru að ræða. Ég skal náttúrlega játa sem rekstrarstjóri þessa fyrirtækis, að þá er það kannske ekki mjög skynsamlegt að hafa til sölu vöru, sem er stórhættuleg til neyzlu. En ég hins vegar sé enga ástæðu til þess að hafa á móti þessari breytingu. Þessi sala með áfengi og tóbak er ekki eingöngu hugsuð til þess — þó að hún sé mikill tekjustofn — að gefa ríkinu tekjur, heldur þykir eðlilegt, að á þessu sé einkasala, á meðan það er selt í landinu, og hygg ég, að enginn ágreiningur hafi verið um það á meðal hv. þm. En sums staðar, m. a. *í Bandaríkjunum, hefur verið lögboðið að setja þessi* aðvörunarmerki á vindlingapakka. Þetta mun að vísu valda Áfengisverzluninni töluverðum viðbótarkostnaði. En látum það gott heita. Það er ekkert nema gott um það að segja, ef þetta getur haft einhver áhrif í þá átt að draga úr sígarettureykingum.

Hin brtt., sem samþ. var, var þess eðlis, að það skyldi leitazt við að miða verðlagningu á tóbaki við það sjónarmið, að það yrði sem hæstur álagningarmunur eða verðmunur á smávindlum og sígarettum eða vindlingum. Með það í huga, að því er mér skilst, eftir því sem læknavísindin segja, ef þau hafa þá komizt að nokkurri niðurstöðu um það, að það sé þó skárra eða minna hættulegt skulum við segja að reykja smávindla en vindlinga. Á því mun þessi brtt. vera byggð.

Þetta eru þær breytingar, sem gerðar eru á frv. í hv. Ed. og ég vildi vekja athygli þessarar hv. þd. á. Að öðru leyti sé ég ekki ástæðu til þess að ræða málið. Það er, eins og ég áðan sagði, eina efnisatriði þess að fella niður einkasöluákvæði um þessar tilteknu vörutegundir, sem ég gat um, og að öðru leyti að sameina þessi lagaákvæði öll í eina löggjöf. Ég vonast til, að hér í þessari hv. d. geti orðið samstaða um málið, svipað og varð í Ed., og að hv. d. geti fallizt á að reyna að hraða meðferð þess, þannig að það geti orðið að lögum á þessu þingi. Málið er mjög einfalt í sniðum og á ekki að þurfa nákvæmrar rannsóknar við. Ég legg til, herra forseti, að að lokinni þessari umræðu verði frv. vísað til 2. umr. og hv. fjhn.

Magnús Kjartansson: Herra forseti. Það er smátt, sem hundstungan finnur ekki. Ég hef í nokkur ár lesið með mikilli athygli samþykktir frá jafnvirðulegum samtökum hér á landi og samtökum innflytjenda, þar sem þeir lýsa því, að þeir séu kúguð stétt, vegna þess að þeir hafi ekki heimild til þess að flytja inn bökunardropa í stríðstertuframleiðslu þjóðarinnar. Þeir hafa borið fram kröfur um það ár eftir ár, að þeir fái frelsi til *þessa verkefnis og enn fremur til þess að flytja inn* ilmvötn og andlitsvötn og ég veit ekki hvað þessir vökvar heita. Og nú hefur hæstv. ríkisstj. flutt frv., sem upphaflega hafði þann einn tilgang að láta undan þessu kvabbi heildsalastéttarinnar. Nú veit ég ekki til þess, að neytendur hafi neitt kvartað undan þeirri tilhögun, sem höfð hefur verið á þessum innflutningi. Ég veit ekki betur en hér hafi fengizt mjög fjölbreytt magn af hvers konar ilmvötnum og að umboðsmenn fyrir þessa vökvategund, sem munu víst vera jafnmargir og vökvarnir eru, hafi átt mjög auðvelt með að koma vöru sinni á framfæri gegnum ríkisverzlunina. Ég hef ekki heldur orðið var við það, að þessi tilhögun á bökunardropa-

innflutningi hafi neitt hamlað stríðstertuframleiðslu þjóðarinnar. Það, sem hér er um að ræða, er einvörðungu það, að heildsalar vilja fá að taka það verkefni, sem fært hefur ríkissjóði nokkrar milljónir króna í tekjur. Hér er verið að leggja til, að ríkissjóður afsali sér þessum milljónum, en að einkaframtakið fái að stinga þeim í eigin vasa. Þetta mun að vísu ekki vera fjarskalega há upphæð; þó að maður tali um milljónir, hrökkva menn ekki í kút í þjóðfélagi, þar sem lítið er talað um annað en milljarða nú orðið. Hins vegar finnst mér þetta athyglisvert að því leyti, að þarna er um að ræða augljósa öfugþróun. Á Íslandi er markaður svo lítill, að það er ekkert vit í því, að tugir eða jafnvel hundruð manna stundi innflutning á vörutegundum eins og þessum. Það á aðeins einn aðili að gera, það er eina vitið, og þannig er þessu háttað um fjölmörg önnur atriði, eins og við vitum. Sú tilhögun, sem verið hefur á þessu, er hagkvæm, hún er sú ódýrasta, sem hægt er að hafa, og þannig eigum við að skipuleggja innflutningsmál okkar. Ég vil vekja athygli á því, að það verður enginn sparnaður hjá ríkisverzluninni við þetta, vegna þess að hún sinnir þessum verkefnum með venjulegum störfum; ekki verður unnt að spara neitt í rekstrinum, þó að þessi verkefni séu eftirlátin heildsölum. Þarna er aðeins um að ræða að tekjur ríkisins verða minnkaðar, og ég þekki hæstv. fjmrh. illa, ef hann sér ekki til þess, að það tekjutap verði bætt upp á einhverju öðru sviði. Mér finnst það í rauninni vera alveg furðulegt og ósæmandi fyrir hæstv. ríkisstj. að láta undan þessu nauði og nuddi heildsala. Það er gersamlega ástæðulaust að breyta þeirri tilhögun, sem verið hefur, og mér finnst að hv. alþm. ættu að hafa vit fyrir hæstv. ríkisstj. á þessu sviði.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Ég sé nú ekki ástæðu til þess að karpa mikið við hv. þm., en það vita allir, að hann hefur þá meginhugsjón, sem ekkert er við að segja, að allar vörur eigi að vera undir einkasölu, hvort sem það er á þessu sviði eða öðru. Ég held, að hann þurfi ekki að hrista höfuðið mikið um það, því hann hefur ekkert farið dult með það yfirleitt, að a. m. k. meginhluti af vörunum væri betur kominn í höndum ríkisins heldur en heildsala og annarra, sem flytja þær inn.

Ég vildi aðeins segja það, að hér er að sjálfsögðu ekki verið að skapa erfiðleika, heldur þægindi fyrir neytendur og notendur þessara vara. Að svo miklu leyti sem menn ekki hingað til hafa ólöglega flutt þær inn, þá eru líkur til þess að þær lækki allverulega í verði, vegna þess að álagning einkasölu ríkisins, Áfengis- og tóbaksverzlunar, er mjög há á sumar þessar vörutegundir. Sannleikurinn er sá, að þó að hann reikni með því, að það sem ráði afstöðu minni til málsins sé eingöngu það að þóknast innflytjendum eða heildsölum í þessu efni, þá hef ég verið þeirrar skoðunar einnig, að það væri of hátt verð á þessum vörum. Eins og ég sagði í ræðu minni áðan, þá hefur það gerzt oftar en einu sinni, að með því að lækka óhæfilega háa tolla á vörum sem eru mjög auðveldar í smygli, eins og á sér stað með þessa vöru, sem hér er um að ræða, að undanskildum bökunardropum, þá held ég að menn standi nú ekki í að smygla þeim; þá hefur það leitt til aukins innflutnings. Við höfum látið athuga það, hvað er selt hér af þessari vöru í verzlunum með eðlilegum innflutningi og sú sala er algerlega fjarri öllu lagi. Það er sýnilega ekki nema mjög lítið brot af því vörumagni, sem notað er í landinu, sem skilar sér hér í verzlanir. Þannig að það er ljóst, að þessi vara er meðal þeirra vörutegunda, sem hvað mest er flutt inn fram hjá allri tollálagningu og gefur þar af leiðandi ríkinu hvorki einar né neinar tekjur. Ég held þess vegna og það er bjargföst skoðun mín, að þó að þessi ráðstöfun sé gerð, að losa Áfengis- og tóbaksverzlunina við þann innflutning, sem, eins og ég áðan sagði, mér finnst ekki eiga neitt skylt við aðra starfsemi þess fyrirtækis, þá ætti ekki að þurfa að óttast, að það dragi úr tekjum ríkissjóðs. Ég er sammála hv. þm. um það, að ég hef ekki áhuga á að minnka tekjur ríkissjóðs, það er alveg rétt, að það verður að sjá fyrir því.

Birgir Kjaran: Herra forseti. Það eru aðeins örstuttar fsp. til fjmrh. varðandi frv., sem hér liggur fyrir. Í 3. gr. segir, að fjmrh. ákveði útsöluverð áfengis og tóbaks á hverjum tíma og að álagningarhlutfall á vindlingum og smávindlum skal vera þannig, að samkeppnisaðstaða síðarnefndrar vörutegundar gegn vindlingum sé auðvelduð, eftir því sem atvik leyfa. Nú er vitað mál, að hvað sem læknar og hollustuvitringar segja, þá er sígaretta eitt af því sem almenningur neytir, og því er mér forvitni á að vita, hvort þessi samræming verðs á að felast í því að hækka verð á sígarettum eða lækka verð á vindlum.

Í öðru lagi get ég ekki látið hjá líða úr því að ég er staðinn hér upp, að minnast á það, að nú þykir ástæða til þess að líma einhverja sérstaka viðvörunarmiða á vindlinga og er mér þá spurn hverju það veldur, að áfengið er ekki látið hafa sömu meðferð?

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Það er nú kannske svolítið erfið aðstaða fyrir mig að eiga að fara að standa hér upp vegna skoðana minna yfirleitt á tóbaki og áfengi og fara að verja það, að ekki sé haldið uppi aðvörunum gegn áfengi eins og tóbaki. Sannleikurinn er sá, að það er skoðun út af fyrir sig og sem einnig kom fram í hv. Ed., að einhverjir vörpuðu því þar fram, að áfengi væri nú jafnvel ennþá hættulegra en tóbak, og um þetta virðast menn nú jafnvel vera farnir að deila. Mætir menn segja og mjög merkur maður, sem ég veit að allir hv. þdm. þekkja hér og átti hér einu sinni sæti, sagði einu sinni við mig, að reykingar væru eitur, menn ættu bara að drekka þess meira. Nú er ég ekki að gera það að mínum orðum, en skoðun manna var sú, að ástæðan til þess, að merking væri rétt í þessu tilfelli, var sú, að það væru vissar tegundir af tóbaki, sem hefðu sérstaka hættu í för með sér, þ. e. a. s. í þessu tilfelli vindlingar, en hins vegar væri dálítið erfitt að gera það upp við sig hvaða áfengistegund væri hættulegust, burt séð frá þeirri skoðun, eins og ég sagði, að sumir héldu fram, að þær væru nú talsvert margar hollar, en það eru ekki mín orð. En formlega séð vil ég vekja athygli á því líka í þessu sambandi, að um áfengi gilda sérstök lög, áfengislög, sem fjalla um ráðstafanir til þess að vinna gegn útbreiðslu áfengis eða setja

ákveðnar reglur um veitingar á því, og það voru allir sammála um það, að ef kæmi til slíkra merkinga, þá ættu þær heima í áfengislögunum en ekki í þessari löggjöf. Hins vegar er engin hliðstæð löggjöf til um tóbak, þannig að ef menn vildu koma fram einhverri speki varðandi það, þá yrði það að gerast í þessum lögum. Það væri ekki til annað lagaform fyrir því. Þetta er nú ástæðan fyrir því, að ekki var sett inn í þetta frv. ákvæði um það, að það ætti að merkja áfengi.

Varðandi hina fsp., sem hv. þm. kom með, hvort ætlunin væri að lækka verð á smávindlum og hækka vindlingaverð, eða hvaða verðbreytingar sem sagt yrðu við þessa stækkun á millibili verðlags milli vindlinga og smávindla, þá hef ég ekki annað að segja um það en það verður reynt að sjá til þess að það gefi sömu tekjur, þannig að ef á að verða einhver breyting í þessa átt, verður það aðeins matsatriði í hvora áttina verður farið, þannig að öruggt sé að tekjurnar ekki lækki. Upphaflega till. í Ed. var um það, að það skyldi verða þrefaldur munur á þessu, en það sýndi sig, að þá yrðu sígarettur svo háar í verði og þær þykja víst æði dýrar nú, að ég benti flm. á, að það væri viðsfjarri, að það væri hægt að setja slík ákvæði í lög. Þá breyttu hv. flm. sinni tillögu þannig, að verðmunur yrði þá hafður eins mikill og hægt væri við að koma, þannig að það kannske segir ekki ákaflega mikið, en stefnir þó í þessa átt að hafa þarna mun á. Nú þegar er töluverður verðálagningarmunur á þessu, líklega um 70—80%, sem álagningin á vindlinga er hærri heldur en á smávindla og álagning á vindla, stórvindla er langlægst. Nú veit ég ekki hvort menn telja þá vera sérstaklega holla, ég skal ekki segja um það, en álagningin á þessa vöru hefur nú ekki verið eingöngu frá þessu sjónarmiði, heldur út frá því sjónarmiði hvernig hún væri seljanlegust.

Ég veit ekki hvort hv. þm. er þetta nægilegt svar, en ég hef ekki annað svar á takteinum en það, að það verður reynt að hafa þarna, eins og lögin mæla fyrir, eins mikinn verðmun og tök eru á, án þess að stefna stórlega í hættu sölu á hvorri vörutegundinni fyrir sig.

Birgir Kjaran: Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. ráðh. fyrir svör hans, en því miður er ég litlu nær.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til fjhn. með 25 shlj. atkv.

Á 95. fundi í Nd., 16. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 679, n. 732 og 750, 751).

Frsm. meiri hl. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Fjhn. þessarar hv. deildar hefur haft frv. þetta til meðferðar, en ekki orðið sammála um afgreiðslu frv. Eins og fram kemur á þskj. 732, mælir meiri hl. með samþykkt þess, einn hv. þm., 4. þm. Austf., með fyrirvara. Minni hl. mælir með frv. með brtt., sem fram kemur á þskj. 751.

Frv. þetta kemur frá hv. Ed. og var afgreitt þar með nokkrum breytingum, sem varða auglýsingar eða viðvörun, sem á vindlingapökkum skuli vera og veki athygli neytanda á þeim skaða, sem neyzla tóbaks getur leitt af sér. Auk þess er breyting varðandi hlutfall á milli álagningar vindlinga og smávindla, þ. e. a. s. eins og fram kemur í 3. gr. frv.

Við afgreiðslu málsins í nefnd var óskað eftir því, að upplýsingar væru gefnar varðandi það tekjutap, sem ríkissjóður yrði fyrir varðandi lögfestingu þessa frv. Hv. þm. fengu í hendur bréf, sem Áfengis- og tóbaksverzlun ríkisins hafði sent fjmrn. varðandi mál þetta, og vonast ég til þess, að þeir hafi þar fengið þær upplýsingar, sem þeir óskuðu eftir.

Ég sé svo ekki ástæðu til þess að fjölyrða um frv., en eins og fram kemur í nál. mælir meiri hl. með því að frv. verði samþykkt.

Frsm. minni hl. (Skúli Guðmundsson): Herra forseti. Með þessu frv. er ætlunin að setja ný lög um verzlun ríkisins með áfengi, tóbak og lyf í stað þeirra, sem gilt hafa með litlum breytingum í 40 ár.

Sumt í þessu nýja frv. tel ég vera til bóta, eins og t. d. ákvæðin í 7. gr. þess, sem voru sett inn í hv. Ed., um það, að umbúðir um vindlinga skuli á áberandi hátt merktar með eftirfarandi áletrun: Viðvörun, vindlingareykingar geta valdið krabbameini í lungum og hjartasjúkdómum. — Ég tel það gott, að þetta var sett inn í frv., en ég tel, að það hefði mátt setja eitthvað hliðstætt viðvíkjandi áfengi, en það varð víst ekki samkomulag um það í hinni deildinni og líklega vonlítið um það, því að komið er alveg á síðustu daga þingsins, að koma þessu inn hérna. Það hefði verið ástæða til að setja einhverja viðvörun á áfengisflöskurnar, sem hefði getað verið t. d. á þessa leið: Viljir þú víti halda, varastu mig. — Því að það er kunnugt, að sá vökvi veldur brjálsemi hjá mörgum og heilsutjóni að öðru leyti líka, fjárhagstjóni og glataðri lífshamingju svo fátt sé talið.

En þó að ég telji þetta um tóbakið vera til bóta, þá er annað í þessu frv., sem ég tel ekki rétt að lögfesta og vil gera á því breytingu. Það er gert ráð fyrir því í frv. að fella niður einkaheimild ríkisstj. til að flytja til landsins eða framleiða hér á landi ilmvötn, hárvötn, andlitsvötn, bökunardropa, kjarna til iðnaðar og pressuger, en ríkisstj. er búin lengi að hafa þessa einkaheimild. Það er nú svo, að ég ber ákaflega takmarkað traust til núverandi hæstv. ríkisstj., en það er sagt, að engum sé alls varnað og ég tel, að það væri óhætt að láta hana hafa þetta einkaleyfi áfram, enda hafa nú ráðh. ekki sjálfir fengizt við þetta, heldur falið framkvæmdina einni ríkisstofnun, sem heitir Áfengis- og tóbaksverzlun ríkisins. Áfengis- og tóbaksverzlunin hefur haft af þessu nokkrar tekjur. Það munu vera, að því er mér er sagt, um 3 millj. á ári þessi síðustu ár, og þarna hefur nokkuð af fólki haft atvinnu við að ganga frá þessum vörum, mér er sagt að það muni vera 12 manns. Nú er það meiningin að leggja þetta niður og leyfa hverjum sem er að flytja þetta inn frá útlöndum. Þá tapar ríkissjóður þarna nokkrum millj. og nokkuð af fólki missir atvinnu, sem færist yfir til útlendinga, en það er nú svona með þessa ríkisstj. að hún stundar það nokkuð að færa atvinnu frá Íslendingum til útlendinga, og ég tel að við eigum að standa á móti slíku. Því er það, að við í minni hl. fjhn., ég og hv. 5. þm. Austf., sem höfum skilað nál. á þskj.

750, höfum líka flutt brtt. við frv. á þskj. 751 og hún er þannig með leyfi hæstv. forseta. Við viljum umorða 2. málsl. 1. málsgr. í 1. gr. og hafa hann svona: „Ríkisstj. ein má flytja til landsins eða framleiða hér á landi ilmvötn, hárvötn, andlitsvötn og bökunardropa, kjarna (essensa) til iðnaðar og pressuger.“

Þetta er nákvæmlega eins og er í gildandi lögum, við viljum sem sagt láta þetta halda sér.

Ég vil enn benda á eitt, sem styður þetta mál, að hún verði samþykkt þessi till. okkar. Það er nefnilega nokkur hætta á því, að ef innflutningur á þessum vörum verður gefinn frjáls hvað snertir t.d. hárvötn og andlitsvötn, geti svo farið, að inn verði fluttar vörur innihaldandi meira spíritusmagn en leyfilegt er samkvæmt lögum, þar eð nokkur hætta á því, að það geti orðið erfitt að líta eftir þessu.

Ég sé ekki ástæðu til að hafa um þetta fleiri orð, herra forseti, þetta er einfalt mál og auðskilið hverjum manni og ég býst við, að hv. þdm., sem hafa séð þessa brtt., hafi gert sér ljósa grein fyrir því, hvert efni hennar er og séu þess vegna reiðubúnir til þess að greiða atkvæði um hana.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Ég hef skrifað undir nál. meiri hl. fjhn. með fyrirvara. Fyrirvari minn er bundinn við það, að ég er á móti því að fella út úr gildandi lögum þau ákvæði, að ríkið hafi einkarétt á því að flytja til landsins og framleiða ilmvötn, hárvötn, andlitsvötn o. s. frv., sem þar er upp talið og gerð er grein fyrir í þessu frv. Ég tel rétt að halda þessu áfram eins og það hefur verið. Þetta mun hafa gefið einkasölu ríkisins nokkrar millj. króna í nettótekjur á ári, og ég sé enga ástæðu til þess að vera að færa þetta yfir til einhverra innflytjenda og gefa þeim þennan hagnað á þennan hátt. Mér sýnist allar líkur benda til þess, að það skipulag, að fela þetta öðrum, hafi ekkert til góðs við sig, en hins vegar talsverða áhættu. Ég er því samþykkur þeirri till., sem flutt er á þskj. 751, en get fallizt á ýmsar aðrar breytingar sem felast í þessu frv., en teldi þó, að það hefði gjarnan mátt ganga lengra en gert er með þessari áletrun varðandi sölu á sígarettum, því að mín skoðun er sú, að það hefði átt að lögbinda að banna með öllu allar auglýsingar um sígarettusölu, en það er ekki aðstaða til þess að fara að deila um það mál hér.

Ég hef þá gert grein fyrir mínum fyrirvara til málsins í aðalatriðum.

ATKVGR.
Brtt. 751 felld með 19:2 atkv.
1. gr. samþ. með 19:5 atkv.
2.—8. gr. samþ. með 19:5 atkv.
9.—13. gr. samþ. með 21:1 atkv.
14.—16. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 22 shlj. atkv.

Á 96. fundi í Nd., 17. maí, var frv. tekið til 3. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 97. fundi í Nd., s. d., var frv. aftur tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 18:5 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 809).

---

68. Vinnumiðlun.

Á 47. fundi í Sþ., 7. maí, var útbýtt frá Ed.:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 52 9. apríl 1956, um vinnumiðlun [248. mál] (stjfrv., A. 665).

Á 88. fundi í Ed., 8. maí, var frv. tekið til 1. umr.

Félmrh. (Eggert G. Þorsteinsson): Herra forseti. Þrátt fyrir það, að lög um atvinnuleysistryggingar munu nú vera nálægt því 12 ára gömul, þá hefur ekki á einstök atriði þeirra reynt verulega, þ. e. a. s. varðandi fyrirkomulag bótagreiðslna, fyrr en nú á síðustu tveim árum. Við þá reynslu, sem fengin er af þessu tímabili, hafa komið ýmsir agnúar í ljós, sem áður hafði ekki reynt á, en reynslan hefur nú á þessum tíma leitt í ljós.

Með hliðsjón af þeirri reynslu, sem þá var fengin, þegar samningar voru síðast gerðir í marz á s. l. ári, þá var það krafa verkalýðssamtakanna, sem ríkisstj. féllst á og fram kom í hennar yfirlýsingu að þeirri deilu lokinni, að í fyrsta lagi skyldu atvinnuleysisbætur hækkaðar. Þetta loforð ríkisstj. var framkvæmt með brbl., sem út voru gefin 31. des. s. l. og lögð hafa verið fyrir Alþ. og tekin til umr. hér í þessari hv. d., en að ósk minni var því frv. ekki hraðað, með hliðsjón af því, að ég átti von á því, að sú endurskoðun, sem einnig var lofað í lok fyrrgreindrar deilu, a. m. k. hluta hennar yrði lokið, þannig að leggja mætti frv. um þær breytingar, sem þar kynnu að koma fram, fyrir yfirstandandi þing. Þessari frumrannsókn er nú lokið, og birtast niðurstöður þeirrar rannsóknar í frv. því, sem hér er til umr. um vinnumiðlun, og frv., sem nú var útbýtt á þessum fundi um breytingar á lögum um atvinnuleysistryggingar. Það skal skýrt tekið fram, eins og fram kemur í grg. frv., að þetta er aðeins til þess að ráða bót á sárustu tæknilegum göllum, sem taldir eru á framkvæmd þessara laga, en lög um vinnumiðlun og atvinnuleysistryggingar eru mjög samofin þessari framkvæmd. Ég vil jafnframt lýsa því yfir, að endurskoðun þessi mun halda áfram. Það var gert ráð fyrir því í upphaflegu lögunum um Atvinnuleysistryggingasjóð, að hann skyldi endurskoðaður innan tiltekins tíma, sem nú er löngu liðinn, og styður það enn að nauðsyn þess, að þessi endurskoðun fari fram, enda mun henni haldið áfram, og væntanlega verður þá hægt að leggja fram ítarlegri og rökstuddari breytingar við þessi lög á næsta hausti, þegar þing kemur saman á ný. En mikil nauðsyn er á, að bæði þessi frv. nái fram að ganga á þessu þingi, og hefur ríkisstj. fyrir sitt leyti heitið að vinna að því, og ég vænti, að um það verði ekki ágreiningur við hv. stjórnarandstæðinga.

Frv. það til l. um breyt. á lögum nr. 52 frá 9. apríl 1956, um vinnumiðlun, sem hér liggur fyrir, er samið af þeirri nefnd, sem starfað hefur að endurskoðun laga um atvinnuleysistryggingar, eins og ég áðan sagði. Um

þetta frv. er hið sama að segja og um frv. um breytingar á lögum um atvinnuleysistryggingar, sem væntanlega verður hér á dagskrá á morgun, að þær breytingar, sem í því eru, verða að skoðast sem algjörar bráðabirgðabreytingar, þar eð nefndin hefur enn ekki lokið störfum og gerir ráð fyrir að þurfa að athuga ýmis ákvæði þessara laga betur.

Ég mun nú rekja stuttlega nýmæli þau, sem í þessu frv. felast, en um þau er algjört samkomulag meðal þeirra nm., sem til starfans voru skipaðir, en það voru Björgvin Sigurðsson framkvæmdastjóri Vinnuveitendasambands Íslands og tilnefndur af því, Eðvarð Sigurðsson alþingismaður, tilnefndur af Alþýðusambandi Íslands, Magnús E. Guðjónsson framkvæmdastjóri, tilnefndur af Sambandi íslenzkra sveitarfélaga, og Hjálmar Vilhjálmsson ráðuneytisstjóri, sem skipaður var í nefndina án tilnefningar og jafnframt hefur verið form. hennar.

Helztu nýmæli þessa frv. eru, að lagt er til að sveitarfélögunum, sem hafa sameiginlegan vinnumarkað, sé heimilt að semja um rekstur einnar vinnumiðlunar, sem annast öll störf vinnumiðlunar á því svæði. Hér á höfuðborgarsvæðinu eru t. d. þrjú sveitarfélög, sem hafa slíkan sameiginlegan markað, nefnilega Reykjavíkurborg, Kópavogskaupstaður og Seltjarnarneshreppur. Notkun þeirrar heimildar, sem gert er ráð fyrir í 1. gr. frv. um sameiginlegan rekstur vinnumiðlunarskrifstofu virðist einkum geta komið til greina á þessu svæði. Augljóst er, að mikil hagræðing gæti það verið, ef öll þessi sveitarfélög gætu samið um sameiginlega vinnumiðlun, sem annaðist þá öll störf vinnumiðlunar á því svæði.

Í F-lið 3. gr. núgildandi l. eru ákvæði, sem hljóða þannig, að vinnumiðlun skuli annast atvinnuleysisskráningar 1. febr., 1. maí, 1. ágúst og 1. nóv. á hverju ári. Svo virðist, sem ákvæði þetta hafi orsakað nokkurn misskilning á hlutverki vinnumiðlunar í landinu. Vegna þess að vottorð vinnumiðlunar er grundvöllur fyrir bótagreiðslum atvinnuleysistrygginga, er nauðsynlegt, að þær annist skráningu, hvenær sem atvinnulaus maður óskar eftir henni. Sumar sveitarstjórnir hafa hins vegar álitið, að nægilegt sé að auglýsa, hvenær þær ætli að skrá atvinnuleysi í sínu sveitarfélagi. Vottorði vinnumiðlunar má líkja við læknisvottorð, sem hinn slasaði fær, þegar hann verður fyrir slysi. Það er því álíka fráleitt að gefa aðeins kost á skráningu eftir auglýsingu hjá vinnumiðlun eins og læknir auglýsti, að hann á vissum dögum í hverjum mánuði liti til þeirra, sem hafa orðið fyrir slysum. Slíkt nær vitanlega engri átt. Hver sá maður, sem verður atvinnulaus, á rétt á því að geta gefið sig fram á vinnumiðlunarskrifstofu og látið skrá sig, hvenær sem er. Það er því lagt til, að umræddur F-liður 3. gr. laganna verði felldur úr gildi. Þá er lagt til að kveða nokkuð fastara á um gögn þau, sem umsækjandi um bætur vegna atvinnuleysis, eða sá, sem lætur skrá sig, leggur fram við skráningu. Hér er lagt til, að hann skuli leggja fram vottorð frá vinnuveitendum um vinnutímabil og launagreiðslur, eins og nánar er ákveðið í frv. Í samræmi við þetta er vinnuveitendum gert að skyldu að láta launþegum í té vottorð þar að lútandi, og skuli það sundurliðað eftir dagvinnu, eftirvinnu og næturvinnu á því tímabili, sem óskað er, þó innan síðustu 12 mánaða. Þá er einnig lagt til, að vinnuveitendum sé skylt að tilkynna vinnumiðlun, hverjir neita vinnu á atvinnuleysistímabilum, og að slík neitun jafngildi því, að umsækjandi neiti vinnu, sem vinnumiðlun býður honum.

Ekkert ákvæði hefur verið um það í þessum lögum, hversu sá skuli fara að, sem hefur farið í fjarlægt byggðarlag að leita sér atvinnu. Rétt þótti því að kveða nánar á um þetta, eins og gert er í 4. gr. frv. Samkv. því ákvæði skal sérhver launþegi, sem óskar aðstoðar vinnumiðlunar, snúa sér til vinnumiðlunar í sínu sveitarfélagi. Dvelji hann hins vegar utan sveitarfélags síns, en þó í sveitarfélagi, sem lögin taka til, getur hann snúið sér til vinnumiðlunar, þar sem hann dvelst. Vinnumiðlun dvalarsveitar sendir síðan vinnumiðlun heimilissveitar tilkynningu um skráningu hverju sinni, sem launþegi lætur skrá sig. Á slíka skráningu skal jafnan litið svo, að umsækjandi sé að sækja um vinnu líka í heimabyggð sinni. Í þessu sambandi skal þess getið, að atvinnuleysistryggingarnar gilda í öllum kaupstöðum landsins, og öllum kauptúnum með fleiri en 300 íbúa, og þó nokkuð fleirum, sem fengið hafa undanþágu, sem heimilt er að veita samkv. lögum um atvinnuleysistryggingar, til þess að vera aðilar að tryggingunum. Loks er í frv. þessu gert ráð fyrir, að útbúið sé sameiginlegt eyðublað fyrir skráningu hjá vinnumiðlun og fyrir umsókn um bætur. Þetta mundi spara tvíverknað og vera til mikillar hagræðingar, bæði fyrir þá, sem annast vinnumiðlunina og ekki síður þá, sem eiga að annast úthlutun bótanna sjálfra.

Ég sé svo ekki ástæðu til, herra forseti, að fara frekari orðum um þetta frv., en legg áherzlu á nauðsyn þess, að það nái fram að ganga, og vænti, að um það sé ekki ágreiningur, eftir þann nákvæma undirbúning, sem málið hefur fengið hjá hlutaðeigandi samtökum, sem bæði mæla með framgangi frv. Ég legg til, herra forseti, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. heilbr.- og félmn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 12 shlj. atkv.

Á 92. fundi í Ed., 12. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 665, n. 712).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 15 shlj. atkv.

Frsm. (Jón Þorsteinsson): Herra forseti. Í febrúarmánuði s. l. skipaði félmrh. nefnd fjögurra manna til þess að endurskoða gildandi lög um vinnumiðlun, sem sett voru árið 1956. Í þessari nefnd voru fulltrúar frá Alþýðusambandi Íslands, Vinnuveitendasambandi Íslands, frá Sambandi íslenzkra sveitarfélaga og svo að auki var ráðuneytisstjóri félmrn., sem var formaður nefndarinnar. Það er þessi nefnd, sem hefur skilað frá sér því frv., sem hér liggur fyrir til umr., en nefndin tekur þó fram, að henni hafi ekki unnizt tími til að ljúka heildarendurskoðun á lögum um vinnumiðlun, og því verði að líta á þetta frv. sem bráðabirgðabreytingar, sem séu þó nauðsynlegar.

Meginhlutverk vinnumiðlunar er auðvitað að annast atvinnuleysisskráningu, og á atvinnuleysistímanum í vetur reyndi auðvitað allmiklu meira á þessa starfsemi heldur en áður, og þá komu ýmsir annmarkar í ljós á lögunum, sem ekki hafði eins reynt á fyrr, þegar, sem betur fer, var lítið um atvinnuleysi og lítið um slíkar skráningar. Þess vegna telur nefndin nauðsynlegt nú að gera breytingar á þessum lögum, þó að heildarendurskoðun verði að bíða.

Ég skal ekki fjölyrða hér um efni þessara breytinga, þær eru ekki stórvægilegar, en vísa um það efni til frv. og grg. með því, þar sem þetta er glögglega útskýrt. Frv. var vísað til heilbr.- og félmn. og varð nefndin sammála um að mæla með því, að frv. yrði samþykkt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
2.—7. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

Á 93. fundi í Ed., 13. maí, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 94. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.

Á 95. fundi í Nd., 16. maí, var frv. tekið til 1. umr.

Félmrh. (Eggert G. Þorsteinsson): Herra forseti. Frv. það til l. um vinnumiðlun, sem hér er komið til umr., er komið frá hv. Ed. og hefur hlotið þar fullnaðarafgreiðslu. Frv. þetta er systurfrv. við frv., sem er næst á dagskránni um atvinnuleysistryggingar og fjallar að meginefni til um framkvæmdaatriði þessara mikilvægu löggjafa beggja, og tel ég ekki ástæðu til þess að eyða tíma þingsins í að lýsa í einstökum atriðum þessu frv. Þau eru mjög tæknilegs eðlis og hefur verið lögð í það mikil vinna af hálfu fjögurra manna nefndar, sem frá er greint í aths. við frv. og undirbjó þessi frv. bæði til þess að auðvelda framkvæmd laga um atvinnuleysistryggingar og vinnumiðlun. Vænti ég þess, að hv. d. hraði afgreiðslu þessara mála. Á því er brýn nauðsyn. Það er óþarft að rekja það, að á síðustu tveimur árum hefur mikið reynt á framkvæmd þessara laga og margir agnúar hafa komið fram, sem áður var ekki vitað um, þar sem ekki hafði á þau reynt. En svo sem allir vita hefur vegna vaxandi atvinnuleysis á þessum tveimur árum mjög þurft til þessara lagaákvæða að grípa, og hirði ég ekki um, nema sérstakt tilefni gefist til, að fara út í einstök atriði málsins. Ég vænti þess, að hv. d. afgreiði frv., þó að áliðið hafi verið þings, þegar það kom fram, en því var útbýtt í þinginu strax og nefndin hafði lokið störfum.

Ég legg til, herra forseti, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. heilbr.- og félmn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 25 shlj. atkv.

Á 96. fundi í Nd., 17. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 665, n. 786).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 28 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Guðlaugur Gíslason): Herra forseti. Heilbr.- og félmn. hefur haft til athugunar mál það, sem hér liggur fyrir, og var nefndin sammála um að mæla með því, eins og það kemur fram á þskj.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 29 shlj. atkv.
2.—7. gr. samþ. með 28 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 29 shlj. atkv.

Á 97. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 33 shlj. atkv.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 30 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 810).

---

69. Atvinnuleysistryggingar (stjfrv. um bótagreiðslur).

Á 88. fundi í Ed., 8. maí, var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 29 7. apríl 1956, um atvinnuleysistryggingar [249. mál] (stjfrv., A. 666).

Á 89. fundi í Ed., 9. maí, var frv. tekið til 1. umr.

Félmrh. (Eggert G. Þorsteinsson): Herra forseti. Eins og ég gat um í gær við umræðu um frv. um breyt. á l. um vinnumiðlun, þá var hér eitt systurfrv. með því, og ókomið var fram þá það frv., sem hér liggur nú fyrir til umræðu, sem eru bráðabirgðatillögur nefndar þeirrar, sem vinnur að endurskoðun laga um Atvinnuleysistryggingasjóð, um breytingu á þeim lögum, sem gilt hafa frá 1956. Sama gildir um þetta frv. og frv., sem lagt var fram hér í d. í gær um vinnumiðlun, að í ljós hafa komið ýmsir ágallar á framkvæmd þessara laga við það vaxandi atvinnuleysi, sem verið hefur undanfarandi 2 ár og því þótt nauðsyn á og var um það samkomulag milli samningsaðila á vinnumarkaðinum, að nauðsyn væri að breyta þessum lögum til þess að sníða þar af þá agnúa, sem á þeim hafa reynzt vera við þessa framkvæmd.

Frv. það til l. um breyt. á l. nr. 29 frá 7. apríl 1956 um atvinnuleysistryggingar, sem hér liggur fyrir, er flutt til staðfestingar á brbl. um breyt. á sömu l., sem út voru gefin 31. des. 1968. Staðfesting á brbl. er þó með þeim

hætti, að ákvæði þeirra eru felld inn í þetta frv., og eins og ég gat um í gær þá óskaði ég við þessa 1. umr. þeirra, að frv. yrði látið bíða, þar til frekari till. lægju fyrir, en eins og ég sagði hafa þær breytingar verið felldar inn í þetta frv., auk annarra breytinga, sem nánari grein skal nú gerð fyrir. Í samræmi við það er lagt til í 11. gr. frv., að brbl. nr. 81 frá 1968 verði felld úr gildi. Frv. hefur að geyma ýmis ákveðin tæknileg atriði í sambandi við framkvæmd laga um atvinnuleysistryggingar, sem of langt mál yrði að fara út í hér. Um þessi efni vísast til *aths., sem frv. fylgja við einstakar greinar. Ég mun nú* drepa nokkuð á ýmis nýmæli, sem frv. þetta hefur að geyma.

Lagt er til, að skólafólk, sem stundar vinnu að námi loknu eða í skólaleyfum, fái rétt til bóta, ef það hefur á s. l. 12 mán. stundað vinnu a. m. k. 3 mán. og skólanám í sex mán.

Með brbl. var ellilífeyris- og örorkulífeyrisþegum veittur réttur til bóta vegna atvinnuleysis, ef þeir uppfylltu önnur skilyrði laganna. Gert var ráð fyrir, að sú löggjöf gilti framvegis. Rétt þótti að setja nánari ákvæði um þessa bótaþega þess efnis, að þeir gætu því aðeins öðlazt bótarétt að loknu fyrsta bótatímabili, að þeir gætu sannað með læknisvottorði, að þeir væru þá færir til almennrar vinnu. Kveðið er skýrt á um það í 2. málsgr. 2. gr. frv., að skilyrði til þess að öðlast bótarétt verði því aðeins uppfyllt, að umsækjandi láti skrá sig vikulega samkv. l. um vinnumiðlun. Í þessari málsgr. er gert ráð fyrir viðurlögum um missi bótaréttar, sem nánar er greint frá, ef út af bregður með skráningu og því ennfremur slegið föstu, að óheimilt sé að greiða bætur fyrir atvinnuleysistímabil, sem ekki hefur verið skráð hjá vinnumiðlun lögum samkv. Þó að ákvæði þessu líkt hafi ekki verið í lögum, gefur þó auga leið, að bætur má ekki greiða, nema skilyrði fyrir bótum séu sönnuð með vottorði frá vinnumiðlun.

Í 3. gr. brbl. nr. 81 frá 1968 var f-liður felldur niður, en samkv. honum skyldi sá ekki fá greiddar bætur, sem á s. l. 6 mánuðum hefði haft tekjur, sem fóru fram úr 75% af meðalárstekjum aldraðra verkamanna eða verkakvenna, ef um konur var að ræða, í heimabyggð þeirra s. l. ár. Samkv. núgildandi lögum geta menn þá því öðlazt bótarétt strax að fullnægðum biðtíma-ákvæðum, t. d. eftir 9 daga samfellt algjört atvinnuleysi, þó þeir hafi haft háar tekjur allt fram að þeim tíma, er þeir urðu atvinnulausir.

Varhugavert þykir að fella með öllu niður tekjuviðmiðun í þessu sambandi. Í þessu frv. er því gert ráð fyrir því, að þegar um er að ræða maka, sem er í fastri vinnu og hefur á s. l. 12 mán. haft og hefur haft góðar tekjur, eða sem svarar tvöföldum dagvinnutaxta Verkamannafélagsins Dagsbrúnar í Reykjavík, þá er að sjálfsögðu lagt til, að bætur verði ekki greiddar hinum makanum, þó að hann annars fullnægi skilyrðum til þess að öðlast bætur. Einnig er í frv. lagt til, að bætur greiðist ekki þeim, sem stundar vinnu í eigin þágu, sem hann hefur beinar tekjur af, eftir að hann hefur orðið atvinnulaus, þ. e. a. s. eftir að hann hefur misst vinnu hjá vinnuveitanda, sem hann hefur fengið greidda með venjulegum töxtum. Það virðist óeðlilegt að greiða manni bætur, sem hefur orðið atvinnulaus, en vinnur á meðan honum ekki býðst launuð vinna t. d. í bifreiðageymslu sinni að viðgerð bifreiða, sem hann fær beinar tekjur fyrir. Öðru máli gegnir, ef umsækjandi vinnur aðeins að viðhaldi íbúðar sinnar, svo dæmi sé nefnt. Reynslan verður að skera úr því, hvaða mörk er eðlilegt að setja í þessu efni.

Þá hefur þótt rétt að setja í lögin ákvæði um það, að sá, sem hefur orðið uppvís að því að reyna að afla sér bóta með því að gefa vísvitandi rangar upplýsingar um hagi sína, missir bótarétt og í því sambandi er lagt til í frv., að *fyrir fyrsta slíkt brot skuli bótamissir nema* 2 mánuðum, annað brot 2 árum, þriðja brot fyrir fullt og allt. Samkv. núg. lögum missir sá bótarétt, sem á sjálfur sök á því, að hann hefur orðið atvinnulaus, svo sem vegna drykkjuskaparóreglu, ef drykkjuskaparóreglu er um að kenna. Engin ákvæði eru í lögum um það, hvort þessi bótaréttarmissir skuli gilda fyrir fullt og allt. Í frv. er því lagt til, að þegar svo stendur á, þá skuli bætur falla niður í 30 daga virka. Missi maður oftar rétt til bóta samkv. þessum staflið, öðlast hann ekki bótarétt að nýju nema hann sanni með vottorði vinnumiðlunar, að hann hafi stundað vinnu samfellt í 30 daga virka, eftir að hann fyrirgerði bótarétti sínum.

Bótafjárhæðir eru í aðalatriðum hinar sömu og lögfestar voru með brbl. frá 31. des. 1968. Í frv. er þó gert ráð fyrir nokkrum breytingum á þessum málum. Ef um hjón er að ræða, sem bæði eiga bótarétt, er lagt til að bætur greiðist til þeirra hvors um sig eins og einstaklingi, en bætur verði þá ekki greiddar með börnum hjónanna.

Þá er lagt til að enginn geti fengið hærri dagpeninga en sem svarar 75% af meðaltekjum hans á s. l. 12 mánuðum áður en hann varð atvinnulaus. Ákvæði líkt þessu var numið úr gildi með brbl., en þá voru bætur atvinnuleysistrygginganna hinar sömu og slysabætur. Nú þótti ekki fært annað en að taka upp viðmiðun á svipaðan hátt og áður gilti eins og nú var að vikið. Hér er sem sagt gert ráð fyrir því, að enginn geti fengið hærri dagpeninga en sem svarar 75% af meðaltekjum hans á síðustu 12 mánuðum, áður en hann varð atvinnulaus. Ef launþegi hefur á síðustu 12 mánuðum t. d. haft 120000 kr. heildaratvinnutekjur og reiknað er með 300 vinnudögum á þessu tímabili, verða meðaltekjur hans 400 kr. Bætur til hans geta því ekki orðið hærri en sem svarar 75% af þeirri fjárhæð, eða 300 kr. á dag. Þessi fjárhæð er nokkuð lægri heldur en hámarksupphæð sú, sem lögin gera ráð fyrir, en samkvæmt þeim eru hámarksbæturnar 355 kr. á dag.

Í brbl. var gert ráð fyrir því, að grunnupphæðir bóta breyttust sjálfkrafa með breytingum á grunnkaupi samkv. 2. taxta verkamannafélagsins Dagsbrúnar í Reykjavík. Þetta ákvæði var fellt niður í þessu frv., hins vegar er lagt til, eins og raunar var í brbl., að verðlagsuppbætur á bætur verði greiddar hinar sömu og á grunnkaup Dagsbrúnartaxta. Í sambandi við bótaákvæði vil ég benda á það, að með frv. er lagt til, að ef umsækjandi hefur haft ½ dags vinnu, þá skuli bætur til hans nema ½ bótum samkvæmt lögunum. Samkvæmt núgildandi lögum er engin slík takmörkun til, bæturnar eru annað hvort fullar bætur eða engar.

Ég sé ekki ástæðu til þess að rekja nánar efni þessa

frv. Hér er í raun og veru um að ræða bráðabirgðabreytingu á þessum lögum, þar eð nefndinni, sem falið var að endurskoða lögin, vannst ekki tími til að ljúka endurskoðun sinni til fullnustu. Reynslan kann því að sýna, að fyrr eða síðar þurfi e. t. v. að breyta ýmsum ákvæðum frv., enda mun áfram unnið að endurskoðuninni. Einnig mun þurfa að gera ráð fyrir því, að í frv. verði að setja ákvæði, sem ekki eru þar enn, en allt kemur þetta nánar í ljós þegar nefndin hefur endanlega lokið störfum sínum, sem hún væntir að verði sem fyrst. Ég legg áherzlu á það nú, eins og í framsöguræðu minni um vinnumiðlun, að þessi frv. fái að fylgjast að og nefndin hraði svo afgreiðslu þessara mála sem kostur er, þannig að takist að afgreiða þessi frv., sem varla ætti að verða mikill ágreiningur um, fyrir þinglok.

Ég legg til, herra forseti, að frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. heilbr.- og félmn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 13 shlj. atkv.

Á 92. fundi í Ed., 12. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 666, n. 713).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 15 shlj. atkv.

Frsm. (Jón Þorsteinsson): *Herra forseti.* Um s. l. áramót voru gefin út brbl. til breyt. á gildandi l. um atvinnuleysistryggingar. Meginefni þessara brbl. var í fyrsta lagi að hækka atvinnuleysisbætur verulega og hygg ég, að um það efni hafi lítill ágreiningur verið manna á meðal.

Í öðru lagi var ákveðið í þessum brbl., að bótaréttur-inn, sem miðazt hafði við menn á aldrinum frá 16—67 ára, breyttist þannig, að hann skyldi eftirleiðis miðast við menn 16 ára og eldri, þ. e. a. s. það voru engin aldurstakmörk upp á við og þar með gátu menn, sem höfðu fengið rétt til ellilífeyris, öðlazt jafnframt rétt til atvinnuleysisbóta. Þetta ákvæði brbl. var allmjög gagnrýnt.

Í þriðja lagi fólst í þessum brbl. rýmkun á bótaréttinum á þann veg, að fellt var niður það skilyrði fyrir atvinnuleysisbótum, að tekjur manna mættu ekki hafa farið fram úr tilteknu hámarki á s. l. 6 mánuðum. Má segja, að um þetta ákvæði hafi líka verið ærið skiptar skoðanir, þó að það væri út af fyrir sig eðlilegt að hækka þetta tekjumark, en þó vafasamt að ganga svo langt að afnema það alveg.

Í fjórða lagi fólst svo í þessum brbl. breyting á þá lund, að nú skyldi heimilt að greiða bætur allt að 156 virka daga ár hvert, en áður hafði það einungis verið 120 virka daga.

Þegar þing kom saman eftir áramótin, var lagt hér fram í hv. Ed. frv. til staðfestingar á þessum brbl. En með því að hæstv. félmrh. upplýsti, að hann hefði skipað sérstaka nefnd til þess að athuga lög um atvinnuleysistryggingar í heild, þá taldi hann, að ekki lægi á að afgreiða þetta frv. og réttara væri að bíða eftir frv. frá þessari nefnd og var svo gert. Þetta frv., sem hér liggur fyrir, er þess vegna nýtt frv. um breyt. á atvinnuleysistryggingalögunum frá 1956. Upp í þetta nýja frv. eru tekin helztu ákvæði brbl., en þó vikið nokkuð frá þeim í einstökum tilfellum, og auk þess eru í þessu nýja frv. mörg önnur ákvæði, sem ekki voru í brbl. Þetta frv., sem hér liggur frammi, er samið af þeirri hinni sömu nefnd, sem samdi frv. um vinnumiðlun.

Sú breyting er gerð í þessu nýja frv. miðað við brbl., að ellilífeyrisþegar halda í grundvallaratriðum möguleikum til atvinnuleysisbóta, en verða nú að sanna með læknisvottorði, að þeir séu vinnufærir. Tekjuviðmiðun er hér í þessu frv. tekin upp á ný, en þó mjög takmörkuð og í því tilfelli einungis, að bótaumsækjandi eigi maka, sem hefur a. m. k. tvöfaldar dagvinnutekjur verkamanns. Þá eru í þessu frv. gerðar minni háttar breytingar á hámarki bóta og er sú helzt, að nú getur enginn fengið hærri dagpeninga en svarar 75% af meðaldagtekjum hans á síðustu 12 mánuðum, áður en hann varð atvinnulaus.

Önnur nýmæli í þessu frv. eru m. a. þau, að skólafólk getur fengið atvinnuleysisbætur, ef svo ber undir, svo og örorkulífeyrisþegar. Ýmis fleiri nýmæli eru í frv., en varðandi þau leyfi ég mér að vísa til ítarlegrar grg., er frv. fylgir.

Þetta frv. var, eins og áður segir, samið af sérstakri nefnd. Nefndin telur líkt og með vinnumiðlunarfrv., að með þessu sé engan veginn lokið heildarendurskoðun á lögum um atvinnuleysistryggingar og þess vegna sé hér um bráðabirgðabreytingar að ræða, en væntanlega verði lagt fram nýtt frv. um þessi málefni, þegar heildarendurskoðun yrði lokið, sem vonandi ætti þá að geta orðið á næsta þingi. Nm. voru allir sammála um þetta frv. nema eitt atriði þess, sem fulltrúi Vinnuveitendasambandsins gerði ágreining um, en það var um aldur manna, sem eiga bótarétt. Hann vildi takmarka hann við 70 ára aldur.

Það er, eins og mönnum er ljóst, mjög takmarkaður tími nú til þess að athuga svona mál gaumgæfilega, og ef þetta frv. yrði ekki samþykkt og frv. til staðfestingar á brbl. ekki heldur, þá mundi það falla úr gildi við þingslit og gömlu atvinnuleysistryggingalögin þá ganga í gildi óbreytt á ný.

Þetta mál var sent heilbr.- og félmn. til athugunar og nefndin var sammála um það að mæla með því, að þetta frv. verði samþykkt. En þrátt fyrir meðmæli nefndarinnar vil ég undirstrika, að þegar að því kemur, að umræddri heildarendurskoðun á atvinnuleysistryggingalöggjöfinni verði lokið og nýtt frv. yrði þá flutt væntanlega á næsta þingi um breytingar, þá líta nm. svo á, að þeir hafi á engan hátt bundið hendur sínar með því að samþykkja þetta frv., þar sem naumast er unnt að komast hjá því og menn áskilja sér þá rétt til þess að taka upp aðra afstöðu til einstakra atriða heldur en hér er gert, þar sem mjög lítið svigrúm er til þess að athuga þetta mál betur og eins og ég hef margtekið fram, eiga menn von á fullkomnara frv. um þetta efni innan tíðar.

En ég endurtek svo, að heilbr.- og félmn. mælir með því, að frv. sé samþykkt eins og málum er komið.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.

2.—11. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 16 shlj. atkv.

Á 93. fundi í Ed., 13. maí, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 94. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á 95. fundi í Nd., 16. maí, var frv. tekið til 1. umr.

Félmrh. (Eggert G. Þorsteinsson): Herra forseti. Eins og ég gat um við 1. umr. um frv. um vinnumiðlun, þá er þetta sysfurfrv. við það og nátengt framkvæmdum á úthlutun og útdeilingu atvinnuleysisbóta, og hef ég sömu orð um það að segja og ég þá sagði. Á þessi lagaákvæði hefur ekki verulega reynt fyrr en á s. l. tveimur árum og á þeim komið fram þeir agnúar, sem nauðsynlegt er talið að leiðrétta, til þess að meira réttlæti ríki um framkvæmd þessara ákvæða.

Ég tel ekki þörf á því frekar en um hið fyrra frv. að fara um þetta fleiri orðum. Frv. skýrir sig að mestu leyti sjálft og er tilkomið af þeim ástæðum, sem ég áðan sagði.

Ég legg til, herra forseti, að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. heilbr.- og félmn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 24 shlj. atkv.

Á 96. fundi í Nd., 17. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 666, n. 784 og 800, 785).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 29 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Guðlaugur Gíslason): Herra forseti. Heilbr.- og félmn. þessarar hv. deildar fékk frv. það, sem hér liggur fyrir, til athugunar í þinghléi, sem gert var í gær á fundum deildarinnar og verður að segja, að mál þetta sé það stórt í sniðum og svo flókið að mörgu leyti, að mjög hefði verið æskilegt og eðlilegt, að nefndin hefði haft mun lengri tíma til að skoða málið og kynna sér það heldur en henni gafst tóm til á þeim fundi, sem haldinn var í gær. Allir nm. voru mættir að undanskildum einum nm., Ragnari Arnalds, en í hans stað mætti formaður þingflokks Alþb., Lúðvík Jósefsson, að ósk þessa nm., sem ekki gat mætt. Eins og fram kemur í nál. meiri hl. heilbr.- og félmn. leggja þeir til, sem það nál. undirrita, að málið verði þó afgreitt með tiltekinni breytingu, sem fram kemur á þskj. 785, en gera það í trausti þess, að málið í heild verði tekið til frekari endurskoðunar og það verði þá tekið fyrir til afgreiðslu hér á næsta þingi. Nm. voru alveg sammála um það, að þeir hefðu mjög æskt þess að fá mun betri tíma til að skoða málið, menn höfðu margir hugmynd um frekari breytingu en þarna er lagt til, en samstaða varð þó um það hjá þeim meiri hl., sem þarna myndaðist, að fá málið afgreitt nú áður en þingi lyki á þann hátt, sem það liggur fyrir, með þeirri breytingu, sem gerð er.

Breytingin, sem fram kemur á þingskjali 785, er um það, að út úr b-lið 2. gr., 5. málslið, falli niður: „eða í skólaleyfum", en þetta er varðandi aðstöðu skólafólks gagnvart Atvinnuleysistryggingasjóði. Því er ekki að leyna, að þetta er grundvallarbreyting gagnvart þessum aðilum, þannig að þeirra aðstaða verður, eftir að þessi orð eru tekin út, mjög á annan veg heldur en ef frv. hefði verið samþykkt óbreytt. En upplýsingar lágu fyrir um það hjá n., að að dómi formanns n., sem mættur var, ráðuneytisstjórans í félmrn., þá hafði ekki verið búið að ganga eins ákveðið frá þessu í n. eins og fram kemur þarna í frv. Frekar hafi þeir ætlazt til, að þetta yrði skoðað betur, hvernig þessum málum yrði skipað í framtíðinni.

Ég sé ekki ástæðu til þess að fara um þetta fleiri orðum, því ég treysti því, sem einn af þeim mönnum, sem undirrita vill álit heilbr.- og félmn., að málið í heild verði tekið til frekari endurskoðunar og við fáum aðstöðu til þess á næsta þingi að gera okkur grein fyrir framkvæmd þess, því ég hygg, að allir séu sammála um það að sú róttæka breyting, sem gerð var með brbl. um s. l. áramót, að hún hafi kannske í mörgum tilfellum komið nokkuð öðru vísi út í framkvæmd heldur en menn gátu þá gert sér grein fyrir. Nm. voru að ég held allir á einu máli um það, að það væri þó betra eins og málunum væri komið nú að fá samþykkta þá breytingu, sem lagt er til að gera á vinnulöggjöfinni og er 249. mál þingsins, heldur en að brbl. yrðu staðfest óbreytt.

Ég endurtek, herra forseti, að eins og fram kemur á þskj. 784, þá leggur meiri hl. heilbr.- og félmn. til, að frv. verði samþykkt, með þeirri tilteknu breytingu, sem ég hef hér bent á, í trausti þess, að málið verði nú fyrir næsta þing tekið til frekari athugunar og endurskoðunar og að aðstaða gefist til þess að skoða það betur á næsta þingi.

Frsm. minni hl. (Jón Skaftason): Herra forseti. Á örstuttum fundi í gær í heilbr.- og félmn. þessarar deildar var þetta frv. tekið til athugunar. Á fundi þessum voru staddir hæstv. félmrh. og enn fremur Hjálmar Vilhjálmsson ráðuneytisstjóri, sem er formaður n., sem skipuð var í byrjun þessa árs, eða í febrúarmánuði að mig minnir, til þess að endurskoða lög um atvinnuleysistryggingar og vinnumiðlun. Á þessum stutta fundi var nokkuð rætt um það frv., sem hér er til meðferðar, og ég hygg, að það hafi verið samdóma álit allflestra nm., sem þar voru staddir, að það eina, sem réttlætti það að n. mælti með þessu frv. og samþykkti það, væri það, að í gildi væru brbl., sem hæstv. félmrh. hafði sett skömmu eftir að þm. fóru í jólaleyfi, en menn voru almennt sammála um það í n., að þau brbl. væru það meingölluð, að þau mættu ekki standa deginum lengur. Það er þetta, sem ræður því að mínu viti, að frv. þetta hafði meirihlutastuðning í nefndinni.

Ég hafði ekki ætlað mér, þó að ég lýsti andstöðu við frv. á nefndarfundinum í gær, að gefa út minnihluta nál. í sambandi við þetta frv. og raunar ekki taka til

máls um sjálft frv., þegar það kæmi til umræðu. En það, sem gerir það að verkum, að ég vil aðeins segja nokkur orð um það nú, er ræða sú, sem flutt var í útvarpsumræðunum í gær af hv. 5. þm. Vesturl., Benedikt Gröndal, þar sem hann var að tala um þá einstöku heppni launþega í landinu, að Alþýðuflokksmaður – held ég að hann hafi sagt: með hjartað á réttum stað hefði setið í sæti félmrh. og hefði þess vegna getað sett brbl. upp á sitt eindæmi í jólaleyfinu, sem hefðu mjög rétt hlut launþega í landinu, en ýmsum íhaldssömum mönnum, eins og hann orðaði það hefði verið ákaflega illa við.

Ég vil vekja athygli á þessum ummælum og enn fremur því, að það er nú hinn sami hæstv. félmrh., sem ekki hvað sízt beitir sér nú fyrir því, að þetta frv., sem hér er verið að ræða, verði samþykkt, en megintilgangur þessa frv. er, eins og ég sagði áðan, sá að afnema þau brbl., sem hæstv. ráðh. — með hjartað á rétta staðnum — setti í jólaleyfinu. Mér finnst, að svona vinnubrögð eigi ekki að liggja í láginni og þeir, sem viðhafa svona vinnubrögð, eigi að þola það réttilega, að á þeim sé vakin eftirtekt.

Í n. var meiri hl. fyrir því að leggja til, að gerð yrði ein breyting á efni frv., þ. e. a. s. að fella niður það ákvæði í b-lið 2. gr. frv., að nemendur í skólaleyfum, sem ekki geta fengið sumaratvinnu, geti notið atvinnuleysisbóta að uppfylltum vissum skilyrðum, sem frv. tilgreinir nánar, hver eru. Ég tel miðað við þær aðstæður, sem ríkjandi eru, ósanngjarnt að samþykkja þessa breytingu. Hér á hv. Alþ. hefur að undanförnu verið mjög rætt um það vandamál, sem framhaldsskólanemar eiga nú sérstaklega við að stríða í sambandi við möguleikana á að fá vinnu í sumar, svo að þeir geti haldið áfram námi. Það hefur verið upplýst, að niðurstöður skoðanakannana, sem gerðar hafi verið í skólunum, sýni, að jafnvel fast að helmingur framhaldsskólanema telji sig verða að hætta framhaldsnámi, fái þeir ekki sumaratvinnu. Það hefur enn fremur verið upplýst í umræðum hér á hv. Alþ., að af hálfu ríkisstj. hefur bókstaflega ekkert sérstakt verið gert til þess að bæta úr þessu mikla vandamáli. Hæstv. félmrh. lýsti þeim hugleiðingum hér í ræðu, þegar þessi mál voru til umræðu í Sþ., að verið væri að athuga, hvort hægt væri að koma til hjálpar framhaldsskólanemum þessum með því að breyta lögum um atvinnuleysistryggingar á þann veg, að framhaldsskólanemar í námi geti notið atvinnuleysisbóta, svo að þeir þurfi ekki að hætta námi þess vegna. Og í frv., sem hann sjálfur leggur fram fyrir hv. Ed. nú fyrir nokkrum dögum eða vikum, þá er þetta ákvæði tekið inn. Nú er meiri hl. fyrir því í hv. heilbr.- og félmn. Nd., þar sem allir nm. að mér einum undanteknum hafa orðið sammála um það að taka þetta ákvæði út, að skólanemar, sem eru í námi og eiga við atvinnuleysi að stríða og standa frammi fyrir því, hvort þeir geti haldið áfram námi eða ekki, skuli ekki geta notið atvinnuleysisbóta í sumar. Það er upplýst, að reiknað er með því, að sú n., sem er að endurskoða lögin um atvinnuleysistryggingar, muni skila áliti sínu þá tímanlega á þessu ári, að hægt verði að leggja nýtt frv. um atvinnuleysistryggingar fyrir það þing, sem kemur saman í haust. Ég tel, að með hliðsjón af því, að sumaratvinna fyrir framhaldsskólanema er mjög stórt vandamál, þjóðfélagslegt vandamál, sem mikið ríður á, að hægt sé að finna einhverja bráðabirgðalausn á, og enn fremur að miðað við þá staðreynd, að upplýst er, að af hálfu ríkisstj. hefur ekkert verið sérstakt gert til þess að leysa þetta vandamál, og ennfremur með hliðsjón af því að væntanleg er ný löggjöf um atvinnuleysistryggingar í haust eða frv. að nýrri löggjöf um atvinnuleysistryggingar í haust, þá sé eðlilegt og sanngjarnt, að í sumar sé lögum um atvinnuleysistryggingar á þann veg fyrir komið, eins og frv. gerði ráð fyrir, að framhaldsskólanemar geti í sumar notið atvinnuleysisbóta, hvað svo sem verður um framhaldið. Þess vegna hef ég ekki getað orðið samferða félögum mínum í heilbr.- og félmn. um þetta atriði og mun af þeim ástæðum, sem ég hef greint frá, bæði vegna þess hvernig aðdragandi þessa máls er af hálfu hæstv. ráðh. og hvernig meðferð það hefur fengið hér, að enginn tími hefur gefizt til að athuga það, þá mun ég greiða atkv. á móti frv. Ég vil þó taka fram, að þetta er aðeins persónuleg afstaða mín. Mér gafst enginn tími til þess að ræða þetta í þeim þingflokki, sem ég tilheyri, vegna þess, eins og ég gat um í upphafi, að sá fundur í heilbr.- og félmn. sem haldinn var í gær og þetta frv. hafði til athugunar, stóð aðeins í nokkrar mínútur og enginn kostur var þar gefinn á því, að nm. gætu rætt frv. í sínum þingflokki.

Magnús Kjartansson: Herra forseti. Það er ekki að undra, þó að þm. finnist það dálítið einkennileg skýring, að lagasetning fari eftir því, hvernig hjartanu er komið fyrir í brjóstinu á hæstv. félmrh. Þó má vel vera, að nokkuð sé til í þessari skýringu. Við vitum að sjálfsögðu, að ákvæðin um hækkun á atvinnuleysisbótum voru afleiðing af verkfalli, sem hér var háð í marz í fyrra. Þar gaf hæstv. ríkisstj. tiltekin loforð gegn því, að verkafólk gæfi eftir af kröfum sínum. Verkafólk keypti þennan rétt í þessum samningum. Hins vegar eru því miður dæmi um það, að hæstv. ríkisstj. hafi ekki staðið við slíka samninga, þó að þeir hafi verið gerðir á þennan hátt og þó að verkafólk hafi keypt þá, þannig að það má vel vera, að það sé hið sérstæða hjartalag hæstv. félmrh., sem valdi því, að hann stóð þrátt fyrir allt við þetta ákvæði, þótt ákaflega seint væri að vísu, því að hann hafði ekki framtak í sér til þess að leggja það fyrir Alþ. og varð að setja um það brbl. á síðasta degi síðasta árs. En mér þætti fróðlegt að vita hjá hæstv. félmrh., hvort hið ágæta hjartalag hans kann ekki að hafa áhrif á fleiri sviðum. Þar á ég við skólafólkið og atvinnu þess. Það var einmitt eitt af því, sem lofað var hátíðlega í sambandi við samningsgerðina í marz í fyrra, að ríkisstj. hét því að gera ráðstafanir til þess að tryggja skólafólki fulla atvinnu. Þetta var í loforðayfirlýsingu hæstv. ríkisstj. Þetta var sérstakur afmarkaður liður, að ríkisstj. hét því að gera slíkar ráðstafanir. Hún sveik þetta algerlega í fyrra. Hún gerði engar slíkar ráðstafanir, með þeim afleiðingum, að verulegur hluti af skólafólki í fyrra fékk seint atvinnu og hluti þess fékk aldrei atvinnu.

Ástandið er miklum mun alvarlegra í ár. 8 þús. nemendur koma á vinnumarkað, og könnun í skólunum hefur leitt í ljós, að um það bil þriðjungur þeirra

telur sig eiga vísa vinnu, en ⅔ ekki. Þetta er ákaflega alvarlegt mál. Ég spurði hæstv. félmrh. um það hér á þingi fyrr í vetur, hvað ríkisstj. hefði gert til þess að bæta úr þessu, og hann viðurkenndi það hér í þessum ræðustóli, að ríkisstj. hefði ekkert gert og hefði engin áform um að gera neitt annað en það að bæta skólafólkinu í hóp þeirra, sem gætu fengið atvinnuleysisbætur.

Nú þætti mér fróðlegt að vita, hvort hæstv. ráðh. hefur ekki hugleitt þetta mál síðan og hvort hið ágæta hjartalag hans segir ekki til sín á þessu sviði.

Lögin um atvinnuleysistryggingar eru ákaflega mikilvæg félagsleg löggjöf. Við sáum það í vetur, að þau hafa orðið til þess að bjarga hundruðum heimila frá mjög alvarlegu ástandi, en slík löggjöf á sér einnig hættulegar hliðar. Slík löggjöf getur leitt til þess, að stjórnvöld bregðist skyldustörfum sínum vegna þess, að þau telji að með bótum sé hægt að halda fólki rólegu, þannig að það láti það yfir sig ganga að verða að vera án atvinnu mánuðum saman. Það er ekki nokkur vafi á því, að atvinnuleysistryggingarnar, þessi mikilvæga, félagslega löggjöf, stuðlaði að því í vetur, að hæstv. ríkisstj. hélt að sér höndum í atvinnumálum, enda er svo ástatt enn þá eftir einhverja beztu vertíð í sögu þjóðarinnar, að hópur atvinnuleysingja er á Íslandi enn. Og nú á skólafólkið að bætast við. Ef leysa á vanda skólafólks á sama hátt og hæstv. ráðh. boðaði og eins og fólst í þessu frv., þegar það var lagt fyrir í upphafi, með því að segja, að skólafólk geti gengið í þennan sjóð, við höfum ekkert fyrir það að gera, þá er verið að stjórna þessu þjóðfélagi á mjög háskalegan hátt, og ég vil mótmæla því algerlega, að þannig sé snúizt við alvarlegum vandamálum.

Það gefur auga leið, að hvorki er verið að leysa vanda skólafólks með því að gefa því aðgang að atvinnuleysisbótum né heldur verið að leysa þann stóra, þjóðfélagslega vanda, sem þarna blasir við. Í þessu er aðeins fólgin alger uppgjöf af hálfu hæstv. ríkisstj. Og mér finnst á þessum degi, sem mér skilst, að eigi að vera síðasti dagur þingsins, að við alþm. eigum heimtingu á því, að hæstv. félmrh. komi aftur í stólinn og segi okkur frá því, hvað ríkisstj. hyggst fyrir á þessu sviði, hvort ekki megi vænta þess, að hæstv. ríkisstj. geri eitthvað til þess að bæta úr atvinnuskortinum meðal skólafólks.

Hvað viðvíkur þeim ákvæðum, sem í frv. standa, og breytingu þeirri, sem kemur frá meiri hl. heilbr.- og félmn., þá virðist mér sú breyting vera dálítið hæpin. Samkv. henni yrðu ákvæði í lögunum um það, að skólafólk, sem stundar vinnu að námi loknu, teljist hafa fullnægt ákvæðum þessa stafliðs, hafi það á s. l. 12 mánuðum stundað vinnu a. m. k. í 3 mánuði og skólanám í 6 mánuði. Nú vil ég biðja menn að minnast þess, hvernig ástatt var í fyrrasumar. Þá fékk aðeins hluti af skólafólkinu vinnu í 3 mánuði. Það skólafólk, sem var svo heppið að fá vinnu í 3 mánuði í fyrra, ætti möguleika á því að fá bætur úr Atvinnuleysistryggingasjóði samkv. þessu frv., en hinir, sem voru atvinnulausir í fyrra og geta ekki fært sönnur á það, að þeir hafi haft vinnu í 3 mánuði, mundu ekki geta komizt að. Þetta er auðvitað alger fjarstæða. Þarna verður að setja inn öðru vísi heimildarákvæði. Mér er kunnugt um það, að þetta hefur verið vandamál í vetur hér í Reykjavík t. d. Hér hefur verið hópur manna, sem útskrifaðist úr skólum og var á almennum verkamannamarkaði, en komst ekki á atvinnuleysisbætur vegna þess, að það skorti ákvæði í lög, sem tryggðu slíku fólki þennan rétt og slík ákvæði þurfa að vera. En sú lausn, sem þarna kemur frá meiri hl. heilbr.- og félmn., leysir ekki þennan vanda. Hann verður að leysa á einhvern annan hátt, það er alveg greinilegt. Hitt skiptir þó langsamlega mestu máli í þessu sambandi, að hæstv. ríkisstj. geri þær ráðstafanir, sem ég talaði um áðan, til þess að atvinnuvegum þjóðarinnar og framleiðslugetu verði beitt á þann hátt í sumar, að skólafólki verði tryggð atvinna og þátttaka í framleiðslu þjóðarinnar og þannig þær tekjur, sem skólafólk þarf á að halda til þess að halda áfram námi sínu. Ég ítreka enn áskorun mína til hæstv. félmrh. að gefa svör um þetta efni.

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. Ég vil nota þetta tækifæri til þess að lýsa enn einu sinni þeirri skoðun minni, að öll meðferð atvinnumála skólafólksins af hendi hæstv. ríkisstj. er óverjandi hneyksli.

Manni skilst, að það sé ætlunin að senda Alþ. heim, slíta því í dag án þess að nokkur skapaður hlutur verði gerður til þess að mæta þeim gífurlega vanda, sem þarna blasir við allra augum. Það er alveg furðulegt, að hæstv. ríkisstj. skuli hugsa sér þetta hlutskipti, skuli finnast þetta vera hægt, og ég vil láta í ljós undrun mína og raunar hryggð yfir því, að þessu skuli vera þannig háttað. Auðvitað hefði átt að halda áfram að vinna hér á hv. Alþ. og finna lausn á þessum vanda. Og það er alveg táknrænt fyrir uppgjöfina, sem hv. síðasti ræðumaður réttilega benti á, að þetta frv. skuli nú vera hér til meðferðar með þessum hætti, svo að segja síðustu klukkustundirnar, sem Alþ. er ætlað að starfa.

Þá vil ég fá skýringu á því, hvað átt er við með því, sem nú er ætlunin að lögfesta. Hér stendur:

„Skólafólk, sem stundar vinnu að námi loknu eða í skólaleyfum, telst hafa fullnægt ákvæði þessa stafliðs“ — þ. e. a. s. hafa rétt til atvinnuleysisbóta, „hafi það á s. l. 12 mánuðum stundað vinnu a. m. k. í þrjá mánuði.“

En svo vill nefndarmeirihl. fella niður orðin „eða í skólaleyfum“, og þá ætti ákvæðið að vera svona og ég bið hv. þm. að taka eftir því:

„Skólafólk, sem stundar vinnu að námi loknu, telst hafa fullnægt ákvæði þessa stafliðs.“

Hver er skilningur n. og hæstv. ráðh. á því, hverjir hafa lokið námi og þar með fengið þennan rétt? Hvað er verið að fara með þessu? Eða á kannske að skilja þetta þannig, að maður, sem hefur lokið stúdentsprófi, hafi rétt til atvinnuleysisstyrks, en maður, sem hefur verið í 4. bekk eða 5. bekk, eigi engan slíkan rétt? Hvers konar endaleysa er þetta, sem verið er að leggja til? Mundi sá, sem hefur verið í 4. eða 5. bekk menntaskóla, hafa minni þörf á því að fá þessi hlunnindi en sá, sem hefur lokið stúdentsprófi? Væri ekki viðkunnanlegra fyrir hv. meiri hl. n. og hæstv. ráðh. að gera mönnum einhverja grein fyrir því, hvað þeir eru að fara með þessari lagasetningu? Ég hef ekki getað fundið það út úr því, sem enn þá hefur verið sagt. Svo kemur það, sem hv. síðasti ræðumaður benti á, að með þessu ákvæði,

eins og það er úr garði gert, mundu þeir einir hafa þennan rétt, sem atvinnu höfðu í fyrrasumar.

Er ætlun hv. Alþ. að ganga frá löggjöf með þessu móti? Verður þetta ekki að skoðast miklu betur? Jafnvel lagasetningin á uppgjafarlínu ríkisstj., sem sé þeirri að gera mikinn hluta af skólafólki landsins að atvinnuleysisstyrkþegum af því að það séu ekki not á Íslandi fyrir vinnuafl þess?

Væri nú ekki myndarlegra að taka alveg nýja stefnu í þessu máli og stjórn og þing tækju sér nokkra vinnudaga í viðbót til þess að skilja ekki við þetta með þeirri skömm, sem hér er ráðgerð af hendi hæstv. ríkisstj. og meiri hl. Gera sér þá grein fyrir því, að það eru nægileg not fyrir vinnuafl þessa fólks. Það þarf aðeins að veita fé til framkvæmda, og t. d. gæti sú leið óneitanlega komið til greina að veita bæjar- og sveitarfélögum stuðning til þess að koma af stað vinnu fyrir þetta fólk. Þessi málsmeðferð öll er fullkomlega vansæmandi, sem hér er fyrirhuguð.

Félmrh. (Eggert G. Þorsteinsson): Herra forseti. Ég hirði nú ekki um að svara þeim kafla ræðu hv. 6. þm. Reykv., sem fjallaði um hjartaflutninga. Ég hygg, að fáir okkar þyrðu undir hans hendur í þá aðgerð. En um hitt atriðið, sem hann virtist leggja hér mesta áherzlu á, það, hvað ríkisstj. hefði gert í atvinnuvandamálum skólafólks og ungs fólks yfirleitt, þá leyfi ég mér að vísa til þess svars, sem ég gaf honum hér við fsp., sem var til umræðu hinn 23. apríl s. l. Mig minnir nú, að hv. þm. hafi þá sagt, að hann legði ekki mikið upp úr því orðagjálfri, eins og hann nefndi mín svör. En ég vil ekki tefja störf þingsins nú á því að endurtaka þessa ræðu, sem ég þá flutti, en vísa til þess. Undirstaðan að því, að skólafólk sem og aðrir í landinu hafi atvinnu, er að tryggja þó fyrst og fremst atvinnu þeim, sem byggja lífsafkomu sína á því að vinna árið um kring. Af því leiðir svo aftur, að hægara er um vik að leysa vanda þeirra ungu. Þetta kom fram í mínu svari hér í vetur, og hv. frsm. minni hl., hv. 2. þm. Reykn., lét að því liggja, að ég hefði þá lofað því, að í væntanlegum breytingum á atvinnuleysistryggingunum yrði aðstoð við skólafólk. Það, sem ég sagði um þetta þá, er orðrétt á þessa leið:

„Án þess að um hafi verið spurt, tel ég rétt að skýra frá því, að nú stendur yfir endurskoðun á lögum um atvinnuleysistryggingar. Í þeirri n., sem málið hefur til meðferðar, hefur sú hugmynd verið rædd, að skólafólk geti notið atvinnuleysisbóta, sem það nýtur ekki í dag."

Óðruvísi var mitt loforð ekki, ég sagði aðeins frá þessum umræðum.

Ríkisstj. er legið hér mjög á hálsi fyrir það, hve seint frv. kom fram. Ég hygg, að þeir menn, sem að undirbúningi málsins unnu, hafi notað hverja þá stund, sem þeim gafst til þess að afgreiða þetta mál í hendur rn. og síðar þingsins. Og þetta mál stöðvaðist ekki einn dag í rn. frá því að þeir luku sínum störfum og þar til það var komið í prentun. Af þeim ástæðum er m. a. sú breyting, sem fram kemur í n. nú, að málið hefur hlotið allt of litla athugun. Það er alveg rétt. Ég taldi það hins vegar hreina skyldu mína að leggja málið fyrir undir eins og n. hafði lokið sínum störfum. Það er því ekki nein vanræksla af hálfu ríkisstj., sem hér er mjög höfð á oddinum, nema síður sé. Það mætti heldur álasa henni fyrir, að hún hafi látið málið lítt athugað inn í Alþ. Þess vegna er sú brtt., sem n. hér flytur, fram komin, að mönnum hefur ekki unnizt tími til að rannsaka þetta mál svo sem nauðsynlegt hefði verið. Það þykir of óljóst, hvað þessi liður, sem upphaflega var í till. umræddrar nefndar, þýði, og mun það áfram verða til meðferðar hjá þeirri n. í þeirri framhaldsrannsókn, sem fram fer í þessu máli, og væntanlega verður hægt að leggja endanlegar niðurstöður á endurskoðun laganna allra fyrir þing í haust. En n. mun starfa áfram að þessari endurskoðun.

Það er alveg rétt, sem hér kom fram áðan, að ástæðan fyrir flutningi þessa máls nú er, að það er ekki fyrr en á allra síðustu tveimur árum, að virkilega hefur reynt á framkvæmd þessara laga vegna þess atvinnuleysis, sem hér hefur ríkt. Þess vegna hafa komið fram margir vankantar á sjálfri framkvæmdinni, sem þykir nauðsynlegt að leiðrétta í ljósi þeirrar staðreyndar, sem fengin er um framkvæmd þessara mála. Og ég hygg, að enginn efist um það, að þeir menn, sem að endurskoðuninni unnu, hafi rækt skyldur sínar og þekki vel hvar eldurinn heitast brennur í þessum efnum, og till. þeirra lúta að því að fá auðveldari og réttlátari framkvæmd þessara laga.

Halldór E. Sigurðsson: Herra forseti. Ástæður til þess að ég kvaddi mér hljóðs, eru tvær. Í fyrsta lagi vil ég geta þess, að í vetur héldu skólanemendur í framhaldsskólunum, menntaskólunum og Kennaraskólanum, fund á Hótel Sögu. Meðal þeirra, sem boðnir voru á þennan fund, vorum við fjvn.-menn og ég sat þennan fund og hlustaði á mál manna. Eitt af því, sem þá kom fram og skólaæskan gerði fyrirspurn um til hæstv. menntmrh., var það, hvort séð yrði fyrir atvinnu handa skólaæskunni í sumar, og ég fullyrði, að hæstv. menntmrh. sagði, að séð yrði fyrir atvinnu handa skólaæskunni. Ég vil láta þetta koma fram. Ég skrifaði þetta niður hjá mér um leið og hann talaði, og hann var endurspurður að þessu og fullyrti hann það, að fyrir þessu yrði séð. Þessa vil ég, að sé getið, til þess að ljóst sé hér, að hæstv. menntmrh. fullyrti það, að fyrir þessu máli yrði séð. Það hefur hins vegar komið fram nú í sambandi við þetta mál, að það hafa ekki verið gerðar neinar ráðstafanir til þess að sjá fyrir þessu máli.

Ég vil svo vekja athygli á því, að það, sem hér er verið að fjalla um, er það, hvort eigi að fara að fóðra skólaæskuna í landinu á styrkjum. Er ekki nóg verkefni í þessu landi? Er ekki hægt að koma þeim málum betur fyrir en það, að einhver hluti af skólaæskunni eða þeir, sem hafa lokið námi — eða á að skilja orðanna hljóðan þannig — og hafa áður fengið vinnu, eigi að njóta atvinnuleysisbóta og aðrir ekki? Hér er ekkert smámál á ferðinni. Það er ekkert smámál, hvort það er orðið þannig á Íslandi í dag, að það eigi að fara að fóðra unglingana á styrkjum án vinnu, það eru ekki verkefni til handa þessu fólki og ekki geta til að greiða. Nú vil ég vekja athygli á því, sem fram kom hjá hæstv. félmrh. áðan, að honum virðist ekki vera ljóst, hvað í þessu frv. felst, sem hann er að leggja hér fyrir. Hann talaði um, að framhaldsrannsókn og framhaldsathugun ætti að

vera á máli, sem á að fara að lögfesta. Er hæstv. ráðh. ekki ljóst, hverjir eiga að njóta þessara bóta eða ekki? Það var spurt um það áðan, við hvað er átt með orðunum: „þeir, sem hafa lokið námi.“ Það kom ekki fram hjá hæstv. ráðh., þó að hann væri með hjartað á réttum stað, eins og hv. 5. þm. Vesturl. lýsti hátíðlega í gærkvöldi.

En ég vil svo vekja athygli á þeirri till., sem kom fram hjá hv. 1. þm. Austf., að það er nær að taka á þessu máli þannig, að Atvinnuleysistryggingasjóður veiti bæjar- og sveitarfélögum landsins lán til þess að halda uppi atvinnu fyrir æskufólkið í landinu. Það á að halda uppi atvinnu fyrir æskufólkið í landinu. Það er krafa þess til þjóðfélagsins. Það var krafa unga fólksins á Hótel Sögu á þeim umræddu fundi, og það var það, sem hæstv. menntmrh. lofaði því, að skyldi gert. Það á að styðja bæjar- og sveitarfélögin með lánum til þess að koma því í verk, en ekki mata þetta fólk á bótum, sem enginn skilur svo, hvernig á að framkvæma.

Magnús Kjartansson: Herra forseti. Ég spurði hæstv. félmrh. áðan, hvort ekki hefði orðið einhver breyting á viðhorfi hans og áformum síðan hann gaf svar í Sþ. fyrr í vetur um það, hvað ríkisstj. hygðist gera til þess að tryggja skólafólki atvinnu. Hæstv. ráðh. virðist eitthvað hafa misskilið spurningu mína, því að hann kom með sömu ræðuna í höndum og hann flutti þá og sagðist ekki sjá ástæðu til þess að lesa hana aftur. En væntanlega felst það í því svari, að hann hafi ekkert hugleitt málið áfram og afstaða ríkisstj. sé hin sama og áður, að hún hafi engar ráðagerðir um framkvæmdir til þess að tryggja skólafólki atvinnu. Þetta er mjög mikið alvörumál. Ég minni á það, sem ég sagði hér áðan, að um þetta atriði liggur fyrir tiltekið loforð frá hæstv. ríkisstj. frá því í marz í fyrra, að hún mundi gera ráðstafanir til þess að tryggja skólafólki atvinnu. Fyrir liggja loforð frá hæstv. menntmrh. eins og rifjað var upp hér áðan, en mér er kunnugt um það, að hæstv. menntmrh. hafði sömu loforð uppi í viðræðum við fulltrúa menntaskólanema, sem töluðu við hann í sambandi við þinghald sitt í vor. Þessi hæstv. menntmrh. hefur verið ákaflega óspar á loforð. Hann hefur lýst því í þessari deild, að hann hefði mikinn áhuga á því að koma menntaskólafrv. í gegnum Alþ. á þessum vetri, eins og kunnugt er, og allir vita, hvernig það hefur reynzt, og slíkt hið sama er að segja um þau fögru orð, sem hann viðhafði við menntaskólanema.

Þetta er ekki aðeins, eins og hæstv. félmrh. var að tala um áðan, málefni fólks, sem væri að stunda nám, meginverkefnið væri að tryggja atvinnu handa þeim, sem ynnu allan ársins hring, eins og hæstv. ráðh. komst að orði. Það er sem betur fer enginn slíkur munur á skólafólki og alþýðufólki hér á Íslandi. Sem betur fer hefur þróunin verið þannig á undanförnum árum, að fólk í framhaldsskólum kemur frá þjóðinni, eins og hún leggur sig, og þarna er ekki um að ræða neinn forréttindahóp í þjóðfélaginu, heldur hluta af þjóðinni eins og hún er. Þegar þetta fólk er atvinnulaust, snertir það heimili þeirra, það snertir heimili þúsunda manna á Íslandi. Það skerðir afkomu heimilanna, og svo þrengir það getu þessa fólks til að halda námi áfram. Ef hér verður almennt atvinnuleysi í sumar hjá skólafólki, atvinnuleysi, sem nær kannski til 4—5 þús. manna eins og allar horfur eru á núna, mun það gerbreyta menntaþróuninni hér á landi. Af því leiðir það, að á nýjan leik verða það forréttindi efnamanna að stunda framhaldsnám á Íslandi. Þetta er fullkomið alvörumál og þetta er mál, sem félmrh., sem kemur úr Alþfl., ætti að hugleiða alveg sérstaklega, ekki sízt, þar sem almennt er viðurkennt, að hann hefur hjartað á réttum stað. Ég tel, að þetta sé þvílíkt stórmál, að það sé mikill ábyrgðarhluti að senda þingið heim vitandi það, að ekkert verði gert á þessum sviðum. Ég held, að með því móti verði viðskilnaður hæstv. ríkisstj. við Alþ. enn þá hraklegri en horfur voru á, að hann yrði þó.

Þórarinn Þórarinsson: Herra forseti. Það líður nú að þinglokum, og það er sjálfsagt að taka tillit til þess og vera ekki mjög langorður, en hér er hins vegar á dagskrá mál, sem ekki verður komizt hjá, að þm. geri að nokkuð ræki legu umtalsefni og vilji fá skýrari svör um, áður en þingi lýkur, heldur en þau, sem nú liggja fyrir.

Ég tel, að það sé vafalaust rétt hjá hv. 5. þm. Vesturl., að hæstv. félmrh. hafi hjartað á réttum stað. En ég held að það sé jafn-óumdeilanlegt, að hæstv. ráðh. virðist ekki botna neitt í þeim lögum, sem hann á að framkvæma. Á þeim svörum, sem hann gaf hér áðan í tilefni af þeirri fyrirspurn, sem til hans var beint, þá er alveg augljóst, að hann botnar hvorki upp né niður í því máli, sem spurt var um. Og það virðist líka vera það eina, sem hann gat gert, að lofa nánari athugun á þessu einhvern tíma.

En það er nú svo með þennan hæstv. ráðh., að til viðbótar því, að hann skilur illa þau lög, sem hann á að framkvæma, þá er hann ákaflega svifaseinn í framkvæmd þeirra loforða, sem hann gefur um breytingar á slíkum lögum, jafnvel þó að hæstv. ríkisstj. hafi gefið mjög hátíðleg loforð um það. Eins og fram hefur komið í þessum umræðum, þá gaf hæstv. ríkisstj. loforð um það á s. l. vetri í sambandi við vinnudeilurnar þá að hækka mjög verulega atvinnuleysisbæturnar. Þetta loforð mun hafa verið gefið í marzmánuði á fyrra ári. En árið var næstum liðið á enda, án þess að ráðh. hefði eiginlega hreyft hönd né fót til þess að bæta úr þessu og voru svo gefin út um það brbl. seint og um síðir. Það var nú gefið í skyn af hv. 5. þm. Vesturl. hér í gær, að það mundi hafa staðið á samstarfsflokknum, að þetta yrði framkvæmt. Það, sem hann sagði, varð ekki skilið öðru vísi en þannig, að ráðherrar Sjálfstfl. hefðu beitt sér á móti því í ríkisstj. að staðið yrði við þetta fyrirheit. En mér skildist nú á svari, sem hæstv. dómsmrh. gaf í gær aðspurður, að það hefði ekki neitt staðið á Sjálfstfl., þannig að drátturinn í þessu máli hefur eingöngu stafað af því, að hæstv. félmrh. hefur ekki verið viðbragðsfljótari en raun ber vitni um. En þetta er aukaatriði, sem snertir ekki nema lítillega það mál, sem hér liggur fyrir.

Það mál, sem hér liggur fyrir, er það, hvort námsfólk, sem er atvinnulaust, eigi að njóta atvinnuleysisbóta eða ekki. Það viðurkenna allir, að það er hreint neyðarúrræði að þurfa að fara inn á þá braut og það á að leysa þessi mál með öðrum æskilegri hætti. En ef það er vanrækt og þetta fólk hefur ekki neitt upp á að hlaupa, þá er það þó skömminni til skárra að það fái bætur með

þessum hætti heldur en engar. Aðallausn þessara mála á að sjálfsögðu að vera sú, að þessu fólki, námsfólkinu, sé séð fyrir nægilegri atvinnu á þeim tíma, sem það getur stundað hana. Mér skilst, að hæstv. menntmrh., sem að sjálfsögðu er sá ráðh., sem öðrum fremur á að láta þetta mál til sín taka, hafi gefið fyrirheit um það á fundi með menntaskólanemendum á s. l. vetri, að það skyldi séð um það, að námsfólk hefði nægilega atvinnu á þessu sumri. Nú vil ég beina þeirri fyrirspurn til hæstv. menntmrh., hvort þetta sé ekki rétt eftir honum haft? Hvort hann hafi ekki gefið slíkt loforð? Ég vænti þess, að hæstv. menntmrh. svari þessari fyrirspurn. Sé þetta rétt, þá vil ég spyrja hæstv. ráðh. í framhaldi af því, hvað hafi verið gert til þess að standa við þetta loforð, hvaða undirbúningur sé hafinn til að tryggja námsfólki atvinnu, sem fyrirsjáanlegt er nú að muni enga atvinnu hafa í sumar, nema sérstakar ráðstafanir séu gerðar? Ég hef þrátt fyrir allt haft sæmilegt álit að ýmsu leyti á hæstv. menntmrh. Ég hef það vegna okkar gamla kunningsskapar. Ég veit að vísu að hann er nokkuð gjarn á að snúast í málum, en ég vil samt vænta þess, að hann hafi ekki snúizt í þessu máli. Og mér finnst það frekar ólíkt honum, því að ég þykist þekkja hæstv. ráðh. það vel, að hann muni vilja gera sitt til þess að námsfólk sé ekki atvinnulaust í stórum stíl. Þess vegna beini ég nú þeirri fyrirspurn til hans og tel að það sé nauðsynlegt fyrir okkur þm. að fá það upplýst áður en við förum heim, hvað ríkisstj. ætlar að gera í þessum efnum, hvaða undirbúningur hafi farið fram í framhaldi af því loforði, sem hæstv. ráðh. gaf menntaskólanemendum og það upplýsist þá jafnframt, hvort það sé búið að gera það, sem við hv. þm. mundum telja nægilegt í þeim efnum.

Það væri að sjálfsögðu eðlilegra, ég skal játa það, að beina þessari fsp. til hæstv. félmrh., en það er nú búið að gera það árangurslaust nokkuð oft, bæði við umræður um sérstaka fsp., sem fram fór hér í þinginu, og eins í sambandi við spurningar, sem hafa verið bornar fram við þessar umr. og það hefur ekkert svar fengizt hjá honum. Þess vegna vænti ég þess, að hæstv. menntmrh. verði við þeirri áskorun að svara fyrirspurnum mínum: Í fyrsta lagi hvort það sé ekki rétt, að hann hafi gefið umrætt loforð á fundi menntaskólanemenda. Og í öðru lagi, hvaða undirbúning hann hafi haft uppi síðan til þess að staðið yrði við þetta loforð.

Ég sakna þess nokkuð, að hæstv. forsrh., sem er allþaulsætinn við umræður hér í deildinni, skuli ekki vera hér nú, því þetta mál, sem hér um ræðir, snertir hann nokkuð. Hæstv. forsrh. hefur nefnilega tekið að sér það verkefni að vera formaður í sérstakri atvinnumálanefnd, sem hefur það höfuðhlutverk að tryggja næga atvinnu í landinu og þá ekki síður skólafólks heldur en annarra. Hæstv. forsrh. hefur hér á Alþ. og við ýmis önnur tækifæri haldið mjög hjartnæmar ræður um það, að það sé ákaflega mikilvægt fyrir námsfólk ekki síður en þm. að vera ekki slitið úr tengslum við atvinnulífið í landinu og geta þess vegna haft vinnu, sæmilega vinnu í sínum námsleyfum, sem treysti bönd þess við atvinnuvegina í landinu. Ég hlýt að telja það eðlilegt í framhaldi af þessu og vegna þessara skoðana hæstv. ráðh., að í atvinnumálanefnd ríkisins sé þá eitt af því, sem þar hefur verið tekið til athugunar, hvernig eigi að tryggja námsfólki atvinnu á komandi sumri. Þess vegna hefði ég viljað beina þeirri spurningu til hæstv. forsrh., hvað um þetta hafi verið rætt í atvinnumálanefnd ríkisins og hvort hún teldi, að þetta væri ekki málefni, sem varðaði hana alveg sérstaklega. Ef hæstv. forsrh. er ekki hérna viðstaddur, þá mun vera hér annar ráðh., sem á einnig sæti í atvinnumálanefnd ríkisins — eða er það ekki rétt hjá mér, að hæstv. dómsmrh. eigi sæti í henni? Það væri þess vegna æskilegt, ef hæstv. forsrh. getur ekki verið viðstaddur, að hann vildi vera svo góður að hlaupa í skrápana og svara þessari fsp. fyrir hann.

Nú, þó að tíminn styttist óðum, þá væri nú freistandi að tala meira um þetta, en þar sem búið er að óska eftir svörum frá hæstv. ráðh. við allmörgum fsp. þá ætla ég að láta þetta nægja þangað til að ráðh. hafa svarað.

Eðvarð Sigurðsson: Herra forseti. Atvinnuleysi ungs fólks og vandamál þess, ekki aðeins hvað snertir afkomu yfir sumarmánuði, heldur og möguleika þess til að stunda áframhaldandi nám, er að sjálfsögðu mjög alvarlegt mál og vert langra umræðna hér og mikilla aðgerða, en eins og störfum þings er nú komið, þá reikna ég ekki með, að svo verði. Í sambandi við þetta frv., sem hér liggur fyrir, hafa þessi mál af eðlilegum ástæðum mjög borið á góma, en ég vil nú biðja þdm. hv. að láta ekki sjálft málið og það úrlausnarefni, sem felst í þessu frv., falla í skuggann fyrir umræðum og öðrum óskum manna varðandi atvinnumál unga fólksins á þann veg, að frv. máske fái hér ekki afgreiðslu.

Það er fram tekið í grg. þessa frv., að það er í rauninni til orðið vegna nauðsynjar á breytingum á atvinnuleysistryggingalögunum, sem menn hafa komizt að raun um, að eðlilegar væru og ekki aðeins eðlilegar, heldur líka nauðsynlegar samkv. þeirri reynslu, sem fengizt hefur við framkvæmd þeirra núna s. l. 2 ár sérstaklega að segja má. Í frv. eru aðallega ýmis atriði, sem færð eru til skýrari vegar heldur en nú er í lögunum, tekin af tvímæli, nokkrar nýjar reglur settar í framkvæmd og ég mundi telja — tel mig nú þekkja nokkuð vel til þessara mála — að það væri afar nauðsynlegt — og ég vil biðja menn að taka eftir því — nauðsynlegt að samþykkja þetta frv. núna, og ég held að það sé óhætt að fullyrða, að í því séu engin atriði, sem gætu í raun og veru orðið til þess, að réttur hinna tryggðu yrði á einhvern hátt lakari heldur en nú er, þvert á móti stefna þessar breytingar að því að gera lögin auðveldari, skýrari í framkvæmd en þau nú eru. Þetta er aðalatriði þessa frv. Efnisbreytingar eru ekki neinar stórvægilegar og má segja að sú breyting, sem hér hefur verið rædd varðandi skólafólkið, er í raun og veru eina verulega efnisbreytingin, sem í þessu frv. felst, frá eldri lögunum. Þar var hins vegar farið inn á nokkuð nýjar brautir frá því, sem lögin hingað til hafa gert ráð fyrir. Grundvöllur þessara laga, eins og allra annarra tryggingalaga, er að sjálfsögðu sá, að greiðsla komi í tryggingarnar, að greitt sé vegna hinna tryggðu. Þetta er grundvallaratriðið. Lögin höfðu að geyma ákvæði og hafa að geyma ákvæði um, hve langan tíma greiðsla komi af manni til þess að hann teljist tryggður.

Eins og þetta ákvæði var sett hér í þessu frv. og raunar einnig með þeirri breyt., sem hv. félmn. leggur til, þá er einvörðungu gerður skemmri sá tími, sem greiða þarf af manni heldur en er í núgildandi lögum, þ. e. a. s. það er verið að reyna að færa lögin út, láta þau ná til fleiri heldur en þau áður hafa gert.

Nú vil ég taka það fram mjög greinilega, að ég álít, að atvinnuvandamál skólafólks verði ekki leyst með því, að það verði sett á atvinnuleysisbætur. Atvinna þessa fólks er auðvitað aðalatriðið og ekki bara þessa fólks, heldur allra þeirra, sem fyrir böli atvinnuleysisins verða. Það er auðvitað höfuðatriðið. Þegar atvinnuleysi hins vegar steðjar að, þá eiga tryggingarnar til að koma. Grundvöllurinn fyrir því að þessu var breytt, voru till., sem við í verkalýðshreyfingunni gerðum um breyt. á l. Við undirbúning þessara breyt. var, eins og greint er frá í grg., haft samráð við allstóran hóp þeirra manna, sem eru gagnkunnugastir framkvæmd laganna. Þar voru fulltrúar verkalýðsfélaganna í úthlutunarnefnd atvinnuleysisbóta og einnig fulltrúar atvinnurekenda, en þeir eiga eins og kunnugt er einnig sæti í úthlutunarnefndum. Sameiginleg till. þessara aðila við undirbúning breyt. þessara l. var sú, að reynt yrði að finna leið til að stytta biðtíma eða athuga um biðtíma skólafólks, þannig að þeir, sem lokið hefðu námi og væru komnir á vinnumarkaðinn, skyldu verða aðnjótandi atvinnuleysistrygginga, þ. e. a. s. í samræmi við það, sem lögin yrðu nú, með þeirri brtt., sem félmn. gerir á frv. Þetta voru okkar óskir. Í endurskoðun í nefndinni sjálfri hins vegar varð þetta uppi á teningnum, sem í þessu frv. stendur. Nú vil ég biðja menn að athuga það vel, að með því frv., sem hér liggur fyrir, og þrátt fyrir þá breyt. sem félmn. gerði á þessu frv., þá er verið að leysa, ég mundi segja verulegan stóran hluta þessa vandamáls. Það vil ég biðja hv. þm. að hafa í huga, þrátt fyrir að ég skilji ákaflega vel mjög heitar tilfinningar manna um vandamál unga fólksins í atvinnumálum að öðru leyti núna.

Spurninguna um það, hverjir hafa hjartað á réttum stað, ætla ég ekki að fara að blanda mér í hér. En menn verða nú fyrir ýmsum áhrifum í lífi sínu og kannske þarf sterk áhrif til þess að menn hafi hjartað á réttum stað. Hvað sem um hjartalagið snertir, þá er það staðreynd, að það var samið í marz í fyrravetur um þær breytingar, sem gerðar voru á lögunum, og þau brbl., sem gefin voru út — en ekki breyt. á reglugerð, eins og hér var orðað í gærkvöldi — voru árangur af því, sem að vísu að mínum dómi kom allt of seint fram, hann átti að koma miklu fyrr. Í öllum þessum umræðum vil ég biðja menn að gleyma því ekki, að í þessu frv. eins og það er núna og með breytingum félmn. er verulega stór hluti leystur af vandamálum þessa fólks.

Það var spurt hér af tveimur hv. þm. um alveg tiltekin atriði varðandi þetta frv. og þar sem ég tel mig nú þekkja þetta mál nokkuð vel, þá vil ég koma inn á það. Hv. 6. þm. Reykv. spurði um eða leiddi það fram í dagsljósið, að einvörðungu þeir, sem unnið hafa 3 mánuði af s. l. 12, plús skólatímann, geta fengið þennan rétt. Þetta er alveg rétt. Þetta getur komið þannig út, að maður, sem hafði vinnu í fyrrasumar, fær réttinn, hinn, sem ekki hafði vinnuna, fær ekki réttinn. En hér er um að ræða vandamál, sem ekki snertir einvörðungu skólafólkið, heldur er þetta vandamál, sem þessi endurskoðunarnefnd velti mjög fyrir sér við þessa endurskoðun, en komst ekki að niðurstöðu um lausn á. Þetta snertir alla, sem í fyrsta sinn eru að koma á vinnumarkaðinn á atvinnuleysistímum, ekki aðeins skólafólkið heldur einnig alla aðra. Það getur nefnilega svo farið og blasir við með lögunum eins og þau nú eru, og engar till. eru um breytingar á því eins og er, að þeir, sem í fyrsta sinn koma inn á vinnumarkaðinn, ungir eða gamlir, menn geta komið úr öðrum atvinnugreinum, t. d. bóndi, sem flytzt á mölina, hann fær ekki þennan rétt, fyrr en hann er búinn að vinna ákveðinn tíma, og hvenær fær hann þá vinnu? Hann fær ekki tryggingar fyrr. Þetta er vandamál, sem tvímælalaust verður að taka til athugunar, ekki aðeins fyrir skólafólkið, heldur einnig aðra og er út af fyrir sig ekki meira vandamál fyrir skólafólkið.

Hv. l. þm. Austf. spurði um, hvað væri meint með þessum orðum laganna „að ljúka námi". Það má vel vera að þetta orðalag, eins og það er þarna, geti leitt hugann að því t. d., að maður sem hættir námi í 4. bekk menntaskóla og ekki hefur lokið stúdentsprófi félli ekki undir þetta, vegna þess að hann yrði ekki talinn hafa lokið námi, en hafi hins vegar hætt námi, gefizt upp, en ég held að það sé nú engin hætta á því, að túlkunin yrði á þennan hátt. Sárasti vandinn, sem verið hefur fyrir þá sem fást við framkvæmd þessara laga, er sá að geta ekki hjálpað þeim mönnum, ekki þeim sem endilega koma út úr skólunum á vorin, það eru meiri möguleikar þá að fá vinnu, heldur þeim, sem hafa fengið vinnu yfir sumarmánuðina og ætla sér ekki aftur í skóla að hausti, þessum mönnum hefur ekki verið hægt að hjálpa fram að þessu, þetta hefur verið langsárasti vandinn. Með þessari breytingu, sem nú hefur verið gerð á lögunum með till. félmn., yrði hægt að hjálpa þessum mönnum. Og það mundi ég telja að yrði mjög mikilvægt. Þessir menn eru í hópi þeirra, sem fyrst er sagt upp að hausti, þegar um atvinnuleysi er að ræða og þurfa því langhelzt á hjálpinni að halda. Þetta vandamál leysir þetta frv. eins og það liggur nú fyrir ásamt brtt.

Ég bið afsökunar á því að vera að nota þessa dýrmætu stund, sem nú er eftir af þingtímanum, en ég vil að síðustu bara leggja áherzlu á það, að hér er verið að gera hvort tveggja, að gera lögin betri til framkvæmda, en ég mundi telja að það væri mjög nauðsynlegt, vegna þess að framkvæmd laganna hefur verið mjög ábótavant bæði af hálfu sveitarstjórnanna, sem eiga að sjá um skráningu og annað þess háttar, og einnig af hálfu ríkisvaldsins, þ. e. a. s. félmrn., sem hér þarf verulega að taka til hendi og einnig af hálfu þeirra samtaka, þ. e. a. s. verkalýðssamtakanna, sem að miklu leyti sjá um framkvæmd þessara laga. Það þarf að gera allverulegt átak nú í sumar og þó einkum með byrjun haustsins til þess að færa þessi mál öll í mikið betra horf heldur en nú er og til þess að það sé hægt, eru þær breyt., sem hér eru lagðar til, alveg sérstaklega nauðsynlegar.

Frsm. meiri hl. (Guðlaugur Gíslason): Herra forseti. Ég skal ekki misnota aðstöðu mína og vera eins stuttorður og ég mögulega get. Það hefur komið nokkur

gagnrýni fram hjá einstaka þm. um meðferð málsins, og tel ég það ekki óeðlilegt. Ég vil undirstrika það, sem ég sagði í upphafi, að þessi sama skoðun var uppi hjá held ég öllum nm. í heilbr.- og félmn., en hitt varð ofan á hjá okkur eins og fram kom hjá hv. 2. landsk. þm., að það væri það margt til bóta í þessu frv., að n. vildi þó leggja til að það yrði afgreitt nú á þessu þingi, þrátt fyrir það að við gerðum okkur alveg grein fyrir því, að málið er miklu stærra og þarf nánari athugunar við heldur en hér liggur fyrir.

Ég vil undirstrika það, sem hér hefur komið fram greinilega hjá einstaka hv. þm., að ég tel það nauðsynlegt og hef reyndar bent á það, að það þurfi með þessum lögum að marka nokkuð nýja stefnu í þessum málum. Ég tel að Alþ. eigi að stefna að því, að það verði reynt að forðast eins og hægt er að þurfa að nota Atvinnuleysistryggingasjóðinn í beinar greiðslur í sambandi við beina bótagreiðslu til manna, sem eru atvinnulausir. Það eigi ekki aðeins að gilda um það, að það eigi að stefna að því að létta undir og með því að skólafólkið geti fengið vinnu fyrir bein eða óbein áhrif frá sjóðnum þann tíma, sem það hefur frí frá skólanum, heldur eigi einnig að stefna að þessu gagnvart öllum vinnandi mönnum í landinu, að t. d. sveitarfélögum eða öðrum verði gert hægara fyrir að halda uppi vinnu við nauðsynlegar og aðkallandi framkvæmdir, frekar en að hafa hóp manna í hverju byggðarlagi á beinum bótastyrkjum. Ég tel að þetta sjónarmið þurfi mjög að skoðast, þegar endurskoðun á lögunum fer fram, að þarna verði nokkur stefnubreyting og um það náist samkomulag hér á hv. Alþ.

Ég vil svo undirstrika og taka undir það sem hv. 2. landsk. þm. benti á hér, að þó að við hefðum kosið annan hátt á um afgreiðslu þessa máls, kosið að fá lengri tíma, betri aðstöðu til þess að skoða málið og gera á því frekari breytingar, þá er það margt í frv., sem er til bóta og sem er beint nauðsynlegt að gera núna, að við þess vegna lögðum til, að það yrði samþykkt, þó með þeirri einu breytingu, sem fram kemur á sérstöku þingskjali.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 28:1 atkv.
Brtt. 785 samþ. með 21:8 atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 26 shlj. atkv.
3.—11. gr. samþ. með 30 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 32 shlj. atkv.

Á 97. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr. (A. 801).

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 33 shlj. atkv.

Þórarinn Þórarinsson: Herra forseti. Það er nú eiginlega hæstv. ríkisstj., sem ber ábyrgð á því, að ég bið um orðið, þó að það sé nú ekki ætlazt til þess, að menn haldi uppi miklum ræðuhöldum úr því, sem komið er. En við 2. umr. þessa máls beindi ég nokkrum fyrirspurnum til hæstv. ráðh. og fékk nú ekki svör við þeim, en um það leyti sem fundi var að ljúka hér fyrir hádegið, fékk ég stutt, skriflegt svar frá hæstv. menntmrh. En mér finnst rétt að gefa nokkra skýringu á því, áður en ég les það hér upp. Það hefur komið fyrir í þessari hv. d., þegar beint hefur verið fsp. til ráðh. og þeir hafa átt erfitt með að svara, þá hefur það reynzt svo, að þeir hafa átt hauka í horni. Þannig gerðist það, þegar landhelgismálið var hér til umræðu, að ég beindi nokkrum fsp. til hæstv. dómsmrh., sem hann virtist eiga erfitt með að svara, og þá reis upp hv. 4. þm. Austf., Lúðvík Jósefsson, og svaraði mjög rækilega fyrir hann. Það gerðist svo við umræður hér áðan, að það var beint fsp. til hæstv. félmrh. um skýringar á því lagafrv., sem hér liggur fyrir, og honum vafðist mjög tunga um tönn, en þá reis upp hv. þm. Eðvarð Sigurðsson og svaraði allrækilega fyrir hann.

Þetta sýnir það, að ríkisstj. á hér dulda stuðningsmenn, sem koma í dagsljósið, þegar hún þarf á að halda. En svarið, sem ég fékk frá hæstv. menntmrh., er á þessa leið:

„Undir þinglok eins og ber
ýmislegt er hjalað.
Eg þarf ekki að anza þér,
Eðvarð hefur talað."

ATKVGR.
Frv. samþ. með 31 shlj. atkv. og endursent Ed.

Á 99. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að frv. væri endursent frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á sama fundi var frv. tekið til einnar umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði leyfð og samþ. með 15 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 14 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 812).

---

70. Bann gegn veiðum með botnvörpu og flotvörpu (frv. GuðlG o. fl.).

Á 27. fundi í Nd., 12. des., var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 62 18. maí 1967, um bann gegn veiðum með botnvörpu og flotvörpu [112. mál] (þmfrv., A. 145).

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið og of skammt liðið frá útbýtingu þess. — Afbrigði felld með 16:13 atkv.

Á 28. fundi í Nd., 13. des., var frv. aftur tekið til 1. umr.

ATKVGR.
Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 19:1 atkv., að það yrði tekið til meðferðar, og sögðu

já: SvJ, BGr, BK, BBen, EKJ, BP, BrS, EmJ, FÞ,

GuðlG, GÞG, IngJ, JóhH, JP, MÁM, PJ, PS, SI, SB.

nei: GíslG.

JSk, LJós, MK, SE greiddu ekki atkv.

7 þm. (ÁÞ, BF, EðS, GeirG, GunnG, JónasÁ, MB) fjarstaddir.

Flm. (Guðlaugur Gíslason): Herra forseti. Frv. það, sem hér liggur fyrir, er flutt af sex þm. og er breyt. á l. nr. 62 frá 18. maí 1967 um bann gegn botnvörpuveiðum. Frv. er þess efnis, að á tilteknum svæðum fyrir Norður- og Suðurlandi verði ráðh. veitt heimild til að veita bátum af tiltekinni stærð leyfi innan núgildandi marka.

Frv. um svipað efni — um auknar heimildir til togveiði innan fiskveiðimarkanna — hafa legið fyrir hér á hv. Alþ. á nokkrum undanförnum þingum. Þau hafa ekki náð fram að ganga og ekki fengið neina endanlega afgreiðslu. Á s. l. hausti bárust þm. úr þremur kjördæmum, þ. e. Suðurlandskjördæmi, Reykjaneskjördæmi og Reykjavík, tilmæli frá útgerðarmönnum og sjómönnum þess efnis, að unnið yrði að því að fá umræddum lögum um bann gegn botnvörpuveiði breytt þannig, að verulega auknar heimildir til togveiði innan fiskveiðilandhelginnar yrðu leyfðar. Þm. þessara kjördæma kusu úr sínum hópi nefnd í málið — fjóra menn, einn frá hverjum stjórnmálaflokki, og störfuðu þeir í fyrrahaust og fram eftir vetri að málinu. Endanleg niðurstaða hjá þeim kom þó ekki fram í neinu frv.-formi, en undir þinglok skilaði meiri hl. sjútvn. áliti um frv., sem fyrir n. lá um þetta efni. Meiri hl. sjútvn. gerði þar ákveðnar till. um vissar tilslakanir í sambandi við botnvörpuveiðar innan fiskveiðilandhelginnar, en málið kom það seint inn á þing, að það kom ekki til umr.

Nú í haust, 2. okt., skipaði hæstv. sjútvmrh. fimm þm. í n. til þess að gera till. um frekari hagnýtingu fiskveiðilandhelginnar, og segir svo í skipunarbréfi nefndarmönnum til handa, með leyfi hæstv. forseta:

„Till. eiga að miðast við sem bezta hagnýtingu fiskveiðilandhelginnar fyrir sjávarútveginn í heild og einstök útgerðarsvæði, og skulu þær ná til allra skipastærða og veiðiaðferða."

Við tillögugerð sína á n. að gæta þess sérstaklega, að nauðsynlegt er að forðast ofveiði nytjafiska. Það segir sig sjálft, að þarna er um það stórt og víðtækt verksvið að ræða, að ekki var þess að vænta — og vart til þess að ætlast, að n. skilaði áliti fyrr en komið væri a. m. k. fram yfir áramót. N. hóf störf sín 31. okt. s. l. og hefur haldið, að mig minnir, tíu fundi um málið, afmarkað sér visst og ákveðið verksvið og skipulagt starf sitt og undirbúið, að því er hún taldi, nauðsynlega gagnasöfnun og gert ráðstafanir til þess að ná sambandi við þá aðila, sem hún taldi sig þurfa að tala við og leita upplýsinga hjá. Þetta verksvið, sem n. setti sér, eða þessi vinnuaðferð var við það miðuð, að n. hefði nokkuð rúman tíma til starfa og nokkuð rúman tíma til gagnaöflunar, en það viðhorf, sem skapaðist 1. des., sem allir hv. þm. þekkja, varð þess valdandi, að fyrirsjáanlegt var, að ef n. ætlaði að skila áliti, yrði hún að hraða mjög störfum. Um það varð ekki samkomulag í n. Reyndar voru allir nm. á því, að ætti að vinna að málinu eins og skipunarbréfið sagði til um, hlaut það að taka lengri tíma. Ég vil sérstaklega undirstrika það, að við, sem erum í þessari n., ég og hv. 10. landsk. þm., Sverrir Júlíusson, ætlumst til þess, að n. haldi áfram störfum eftir sem áður, þó að við stöndum að flutningi þeirrar till., sem hér liggur fyrir. Enda var svo ákveðið á síðasta fundi n., að þrátt fyrir það, að till. kæmi fram um málið eins og n. var þá gert ljóst, mundi hún halda áfram störfum eftir þeim leiðum, sem hún hafði þá markað sér, þannig að flutningur þessarar till. á ekki að hafa nein áhrif á störf n., enda er í till. gert ráð fyrir tímabundinni bráðabirgðalausn, sem gilda á frá 1. janúar til 30. apríl og það aðeins á tilteknum svæðum. Við reiknum með, að n. verði búin að skila áliti nokkru eftir áramót og þá fái hv. Alþ. málið í heild til meðferðar og athugunar.

Í sambandi við auknar heimildir til togveiða innan landhelginnar er það tvennt, sem ég tel, að hv. þm. yrðu að gera sér grein fyrir:

1. Hvaða þýðingu botnvörpuveiðarnar, þ. e. botnvörpuveiðar smærri báta — vélbáta, hafa fyrir hráefnisöflun til handa fiskvinnslustöðvunum.

2. Hvort hægt er að fresta aðgerðum í málinu fram yfir áramót miðað við þá aðstöðu, sem nú hefur skapazt í sambandi við veiðar þessara báta.

Í sambandi við hinn fyrri lið liggur fyrir skýrsla frá Fiskifélagi Íslands um árangur af botnvörpuveiðum og það aflamagn, sem bátar, sem þessar veiðar hafa stundað, hafa skilað í land til fiskvinnslustöðvanna. Af því sést, að árið 1966 var heildarafli þessara báta rúmlega 18 þús. tonn, árið 1967 færist hann upp í 35 þús. tonn og til þess tíma, sem skýrslan var gefin 1968, var hann kominn upp í 56 þús. tonn, en mun vera endanlega 1. des., að ég hygg, a. m. k. 60 þús. tonn.

Það segir sig alveg sjálft, að sé um slíkan afla að ræða, eins og hann hefur orðið árið 1968, er þetta ekki orðið einasta hagsmunamál fyrir sjómenn og útgerðarmenn, að þessar veiðar séu stundaðar áfram, heldur mundi ég segja, að það væri orðið ekki minna og jafnvel mun meira hagsmunamál fyrir það verkafólk, sem unnið hefur við fiskiðnaðinn í hinum ýmsu sjávarplássum víðs vegar um landið.

Ég hygg, að það sé ekki ofsögum sagt af því, þó að því sé haldið fram, að á ýmsum og — ég vil segja — mörgum stöðum verði um verulegan samdrátt í atvinnu að ræða, ef afli botnvörpuveiðibátanna drægist saman og ef hann stöðvaðist einhvern hluta ársins; þá yrði víða um land um algjört atvinnuleysi að ræða. Fiskvinnslustöðvarnar eru víða — mjög víða, sérstaklega á smærri stöðum og reyndar sums staðar á hinum stærri stöðum einnig — orðnar nær einasta atvinnutæki byggðarlagsins. Ef samdráttur verður hjá því eða stöðvun, þá liggur það alveg í augum uppi, hvað muni gerast atvinnulega séð í byggðarlaginu og hvaða afleiðingar það mundi hafa fyrir það fólk, sem við fiskiðnaðinn vinnur. Ég hygg, að þetta liggi alveg ljóst fyrir hjá öllum, sem fylgzt hafa með þessum málum og þekkja nokkuð til þeirra. Og ég endurtek því, að þegar við ræðum þessi mál hér, er það ekki einasta hagsmunamál sjómanna og útgerðarmanna. Ég mundi miklu frekar segja, að það

væri ekki síður hagsmunamál hins vinnandi fólks í sjávarplássum.

Þá er það önnur spurning, hvort nauðsynlegt er að gera ráðstafanir nú þegar í málinu. Eins og ég drap á, hefur það ástand skapazt eftir 1. des., að víðast hvar hafa bátar hætt að stunda veiðar með botnvörpu. Það þýðir ekkert að vera að dylja sig þess, að þessar veiðar hafa á undanförnum árum í vaxandi mæli — ég vil segja alls staðar, þar sem þær hafa verið stundaðar í kringum land af vélbátum — verið stundaðar í trássi við gildandi lög og reglur. Ég tel ekki, að hv. Alþ., sem lögin semur og setur, geti ætlazt til þess, að þeir aðilar, sem framkvæma eiga lögin, endalaust líti fram hjá því, ef þau eru brotin, heldur hljóti það miklu frekar að vera skylda Alþ., þegar svona ástand skapast, að reyna að ráða fram úr vandanum á þann hátt, sem eðlilegast hlýtur að teljast. Í þessu tilfelli mundi ég segja, að það væri gert með því að gera verulegar tilslakanir á þeim reglum, sem gilda um þessar veiðar. Ég mundi segja, að þetta sé að sjálfsögðu ekkert sérhagsmunamál þeirra hv. þm., sem standa að flutningi þessarar till., að fá lausn á þessu máli. Ég vil í sambandi við það skírskota til ályktunar, sem Landssamband ísl. útvegsmanna gerði á fundi sínum 4.—6. des. og þar var gerð samhljóða. Þar kemur fram það álit, að full ástæða sé til að dómi þeirra aðila, sem þar eiga hlut að máli, að þetta mál verði nú þegar tekið til meðferðar hér á hv. Alþ., en ályktun Landssambands ísl. útvegsmanna hljóðar þannig, með leyfi hæstv. forseta:

„Á aðalfundi samtakanna, sem haldinn var 4.—6. des., var eftirfarandi ályktun samþ. samhljóða. Aðalfundur L.Í.Ú. haldinn í desember '68 samþykkir að skora á Alþ. það, sem nú situr, að beita sér fyrir skjótri ákvörðun um hagnýtingu landhelginnar. Fundurinn telur, að útvegsmenn, sjómenn og íbúar í hinum ýmsu byggðum landsins geti ekki beðið eftir ákvörðun um þetta mál, þar til þing kemur saman að nýju eftir áramót, og sé því brýn þörf á, að tekin verði ákvörðun um hagnýtingu landhelginnar, áður en Alþ. fer í jólaleyfi."

Þetta bréf er sent hæstv. forseta Ed. Alþ. Hér í lestrarsal Alþ. og reyndar hjá landhelgisnefndinni svokölluðu liggja enn fremur fyrir tilmæli frá öðrum aðilum, og það skal einnig tekið fram, að mótmæli hafa komið fram frá einstaka smærri stöðum, þó að það sé í miklu minna mæli og sé bundið aðeins við sérhagsmunaaðstöðu hinna smærri og hinna smæstu staða. Ég tel, að hv. Alþ. miðað við allar aðstæður hljóti að taka nokkurt tillit til samhljóða óska heildarsamtaka útvegsmanna í landinu. Það kemur fram í þessu erindi, sem sent var hæstv. forseta Ed., að þar hefur enginn í móti mælt, en ályktunin verið gerð samhljóða.

Ég tel, að af því, sem ég hef hér bent á, og með vísun til skýrslu Fiskifélags Íslands um afla togveiðibátanna verði ekki fram hjá því gengið, að þetta mál hefur orðið mjög mikla þýðingu atvinnulega séð fyrir þjóðarheildina og einnig í sambandi við útflutningsverðmæti og gjaldeyrisöflun.

Flm. þeirrar till., sem hér liggur fyrir, hafa reynt að gera málið eins einfalt fyrir hv. alþm. og þeir töldu frekast unnt, þar sem aðeins er gert ráð fyrir, að heimild ráðh. nái til þess að veita veiðiheimildir á tveimur svæðum, þ. e. á svæðinu úti fyrir Norðurlandi frá Horni austur að Rauðanúp og fyrir Suðurlandi á svæðinu frá Garðsskaga austur að Stokksnesi, en þetta eru þau svæði, sem skýrslur Fiskifélagsins sýna, að togveiðar hafa verið stundaðar mest á og gefið hafa mestan afla bæði vetur og sumar.

Flm. undanskildu þau svæði bæði fyrir Austurlandi, Vestfjörðum og Vesturlandi, sem vitað er, að nokkrar deilur standa um, hvort til greina komi að veita veiðiheimildir á. Einnig eru það þau svæði, sem landhelgisnefnd hlýtur að kanna mun betur — og betri aðstöðu þarf til þess að kanna endanlega, hvort og í hve ríkum mæli kæmi til greina að veita veiðileyfi á. Það hagar á þeim svæðum nokkuð öðruvísi til en bæði fyrir Suður- og Norðurlandi. Fyrir Austur- og Norðausturlandi kunna að vera svæði, þar sem þyrfti jafnvel, ef ætti að nýta þau á eðlilegan hátt, að fara inn fyrir fjögurra mílna mörkin. Það eru þau svæði, sem flatfiskur hefur verið veiddur á eða var veiddur á á undanförnum árum í dragnót og nú í haust eða í sumar hefur verið veiddur í botnvörpu. Það má segja, að á svæðunum fyrir Vestfjörðum og Vesturlandi kæmi til greina að veita nokkrar tilslakanir, en það yrði aldrei gert nema á einhverjum ákveðnum stöðum, sem samkomulag gæti verið um, að skynsamlegra væri að hagnýta með botnvörpu en á annan hátt, og á ég þar aðallega við þau svæði, þar sem um flatfiskveiði er að ræða á vissum tíma, helzt yfir haustmánuðina. Fyrir Norðurlandi leggur n. til, að ráðh. verði veitt heimild með reglugerð til að veita veiðileyfi á hinu tiltekna svæði, sem ég nefndi áðan, allt inn að fjórum sjómílum frá grunnlínupunktum, sem í gildi voru til 1. sept. 1958. Þetta þýðir, ef menn líta á kort yfir þetta svæði, að allir flóar og firðir verða eftir sem áður lokaðir, og ætti þar af leiðandi ekki að koma svo mjög að sök fyrir hina smærri báta á þessum stöðum, þó að togaraveiðar yrðu leyfðar fyrir utan 4 mílur frá gömlu mörkunum, sem voru í gildi til 1. sept. 1958.

Þetta gæti hins vegar og mundi auka veiðisvæði togbátanna fyrir Norðurlandi mjög verulega og verða atvinnulífinu þar mikil lyftistöng. Ég skal geta þess, að Norðurland kemur fyrst við sögu í skýrslu Fiskifélagsins með nokkuð verulegt magn af fiski, sem veiddur hefur verið í botnvörpu á árinu 1968. Þetta fer vaxandi frá 1966 úr 272 tonnum og er 1687 tonn árið '67, en fer upp í 12.300 tonn árið '68 til þess tíma, sem skýrslan var birt. Ég hef frétt frá mönnum, sem við fiskiðnað fást fyrir Norðurlandi, að veiðar með botnvörpu hafi hreinlega á mörgum stöðum í vetur — og jafnvel ekki síður í sumar — bjargað atvinnulífinu í hinum ýmsu sjávarplássum þar, þannig að það er auðsætt, að verði ekki gerðar tilslakanir á veiðiheimildum fyrir Norðurlandi, muni verða þar um verulegan atvinnusamdrátt að ræða, því að ekkert þýðir að dylja sig þess, að þarna eins og annars staðar, þar sem botnvörpuveiðar hafa verið stundaðar af bátum, hafa þær verið stundaðar einnig í trássi við gildandi lög og reglur.

Það mun vera talið, að þær tilslakanir, sem lagt er til, að gerðar verði fyrir Norðurlandi, væri hægt að gera eftir núgildandi lögum með reglugerð, en fram að þessu hefur engin ríkisstj. eða ráðh. treyst sér til að gera það

nema að fengnu áliti hv. Alþ. Fyrir Suðurlandi er í tillögunni um miklu róttækari ráðstafanir að ræða, þar sem lagt er til, að sú breyting verði gerð á, að farið verði allt inn að þremur mílunum frá strandlengju á svæðinu frá Garðsskaga að Stokksnesi. Við suðurströndina horfir þetta mál allt öðruvísi við. Þar er ekki að ræða um neina firði, þar sem um uppeldi á smáfiski er að ræða. Ströndin er ekkert vogskorin, eins og menn vita, og fiskur, sem þar er bæði vetur og sumar, er að miklu leyti göngufiskur, sem meðfram ströndinni fer. Þetta er reynsla þeirra sjómanna sem þar hafa lengi veiðar stundað. Fiskurinn kemur í torfum, eins og kallað er, og á það sér stað bæði vetur og sumar eða ákveðinn tíma á ákveðnum stöðum, en heldur síðan göngu sinni áfram og hverfur af þessum miðum. Um uppeldisstöðvar er þar ekki að ræða að neinu ráði. Hins vegar er á þessum stað um að ræða hrygningarstöðvar bæði síldar og annarra nytjafiska okkar, þorsksins og ýsunnar, en í till. er gert ráð fyrir, að hrygningarsvæði síldar og önnur svæði, sem Hafrannsóknastofnunin telur nauðsynlegt að vernda, skuli friðuð fyrir botnvörpu þann tíma, sem nauðsynlegt er talið, þannig að ég tel enga hættu á því, að um rányrkju, ofveiði eða skemmdir á hrygningarsvæðunum yrði að ræða, þó að þetta frv. yrði gert að lögum. Ég tel ekki, að það mundi leysa í sjálfu sér neinn vanda, þó skemmra yrði gengið í þessum efnum við suðurströndina en till. gerir ráð fyrir. Það mundi lítinn sem engan vanda leysa, þó að leyfðar yrðu almennt allan tíma ársins togveiðar 4 mílur út frá hinum fyrri eða síðari grunnlínupunktum, því að þeir eru dregnir það langt út, að bátaflotinn mundi ekki með neinum árangri geta stundað þessar veiðar, ef hann ætti að halda sig utan við það svæði, sem þar er um að ræða.

Ég vil leggja mjög mikla áherzlu á það, sem ég sagði áðan, að n. leitaðist við í till. sínum að gera málið eins einfalt og hún frekast taldi sér fært fyrir þm. til athugunar. Það liggja ótal tilmæli fyrir — eða a. m. k. þó nokkuð af tilmælum hjá n., og vitað er um önnur, sem fram munu koma um það, að fara megi á vissum stöðum og vissum tíma við suðurströndina inn fyrir þrjár mílurnar — kannske alveg inn að ströndinni. Flm. till. töldu ekki ástæðu til og ekki rétt á þessu stigi málsins, þar sem hér er aðeins um bráðabirgðalausn að ræða, að taka til greina neinar ábendingar eða óskir um nokkur frávik frá því, sem þarna er gert ráð fyrir. Þar hlýtur að koma til kasta landhelgisnefndarinnar að skoða þau mál öll, ræða þau við fiskifræðinga og gera sér grein fyrir, hvort nokkuð slíkt kemur til greina á þessum stað eða öðrum stað við landið.

Eins og ég hef sagt áður, telja flm. till. óhjákvæmilegt, að skjót lausn til bráðabirgða verði fundin á þessu máli, og reikna þá með og ætlast til, að sú n., sem að málinu starfar í heild samkv. skipunarbréfi hæstv. sjútvmrh. frá 2. okt., haldi áfram störfum og skili áliti, er hún telur það tímabært og telur sig hafa aflað nægilegra gagna og vitneskju til að geta gefið álit um málið í heild á eins víðtækum grundvelli og skipunarbréfið ætlast til. Þess vegna verði nú að draga ákveðna hluti út úr því verkefni n., sem henni var falið, og fá afgreiðslu Alþ. á þeim sérstöku þáttum málsins, ef unnt er.

Ég vil að lokum undirstrika nokkur atriði í sambandi við þetta mál: 1) Hér er um tímabundna bráðabirgðaráðstöfun að ræða, sem gilda á aðeins fyrir tímabilið 1. jan. til 30. apríl næsta ár, eða í fjóra mánuði og það aðeins á tveimur tilteknum veiðisvæðum landsins, en ekki allt í kringum landið. 2) Til þess að auðvelda hv. þm. að gera sér grein fyrir málinu hafa flm. lagt til, að heimild ráðh. nái aðeins til þessara tveggja tilteknu svæða fyrir Suðurlandi, sem mest eru stundaðar togveiðar á að vetrinum til og einnig að sumrinu til — ég vil segja ekki síður að sumrinu til, en þurfi að athuga aðstæður nánar eða líkindi eru til, að deila megi um, hvort veita eigi tilslakanir, hefur svæðunum verið sleppt.

Þá vil ég benda á, að í sambandi við þetta mál liggur bæði nú og hefur áður legið fyrir þeim aðilum, sem þetta mál hafa verið að skoða — og hefur einnig verið sent hv. Alþ. — álit fiskifræðinga þeirra, sem við Hafrannsóknastofnunina vinna. Ég vil alveg sérstaklega í sambandi við þetta mál leyfa mér að benda hv. þm. á að kynna sér grein Aðalsteins Sigurðssonar í 20. tölublaði Ægis frá 15. nóv. s. l. Hann ræðir þetta mál þar í ítarlegri grein frá fræðilegu sjónarmiði, vegur þar og metur rökin fyrir því að veita aukin leyfi til botnvörpuveiða og einnig þau rök, sem á móti kunna að vera. Þarna er um álit alveg hlutlauss aðila að ræða — fræðimanns, sem ég hygg, að hv. Alþ. hljóti að taka nokkurt tillit til, en niðurstöður hans eru dregnar saman í fimm meginatriði í lok greinarinnar, og vil ég með leyfi hæstv. forseta leyfa mér að lesa úr því fyrir hv. þm.

Þar segir í yfirliti: „Samkvæmt framanskráðu má gera ráð fyrir: 1. Botnvörpuveiðar eru ekki hættulegar fyrir plöntu- og dýralíf á hafsbotni.“ Hann rökstyður þetta í greininni með því, að enginn gróður með blaðgrænu geti átt sér stað á dýpra vatni en 16—20 föðmum og botnvörpuveiðar almennt muni ekki vera stundaðar neitt sem heitir á grynnra vatni.

Í annan stað segir hann: „Botnvarpa er ekki hættulegri fyrir fiskstofnana en önnur veiðarfæri, ef hún er með heppilegri möskvastærð.“ Hann bendir á í greininni, að beinar athuganir hafi verið gerðar á þessu á skipum Landhelgisgæzlunnar, þar sem hann og aðrir fiskifræðingar hafa verið um borð og stjórnað þessum athugunum, og þetta eru niðurstöður þeirra aðila, sem að þessum athugunum stóðu. Kom þetta einnig fram hjá Jóni Jónssyni, fiskifræðingi, í viðræðum við þá n., sem ég gat um áðan, að hefði starfað að þessum málum á síðasta hausti.

Í þriðja lagi segir fiskifræðingurinn í umræddri grein: „Grugg frá botnvörpu fælir hvorki fiskinn burtu né drepur hann.“ Það hefur komið fram, eins og bent er á í greininni, að menn óttast það, að það rask, sem muni eiga sér stað á hafsbotninum við að botnvarpa fer þar yfir, kunni að fæla fiskinn af svæðinu. Þetta telur hann, að fái ekki staðizt, og bendir m. a. s. á, að það hafi greinilega sýnt sig, að sums staðar, þar sem tilraunir hafi verið gerðar með þetta, hafi fiskurinn frekar sótt í það grugg, sem verður, til ætisöflunar eða ætisleitar, en að það hafi fælt hann í burtu.

Í fjórða lagi segir fiskifræðingurinn: „Hagkvæmara mun vera að veiða fisk með botnvörpu en þorskanetum á vetrarvertíð sunnan- og vestanlands. Ástæðurnar fyrir

því eru: a. Hráefnið verður betra. b. Útgerðarkostnaður verður minni.“ Ég tel, að þarna sé að nokkru leyti komið að kjarna málsins, þegar hv. Alþ. fer að meta það, hvort slaka á til í sambandi við botnvörpuveiðar. Það er ekki aðeins, að verulegar tilslakanir, eins og hér er lagt til í till. okkar, mundu auka fiskmagnið, heldur er það staðreynd, sem hver einasti útgerðarmaður og allir sjómenn þekkja, sem staðið hafa að þessum veiðum, að þarna er ekki einasta um kannske bezta hráefnið að ræða fyrir utan línu- og handfærafisk, heldur einnig ódýrasta hráefnið. Og það, sem ég vil sérstaklega benda einnig á í þessu sambandi og mér er persónulega kunnugt um, er, að í botnvörpuna fæst a. m. k. við suðurströndina miklu fjölbreytilegra hráefni yfir sumartímann en í nokkurt annað veiðarfæri. Það koma þar svo að segja allar tegundir fiska — nytjafiska, sem um er að ræða, að unnir séu til útflutnings, og þetta hefur geysilega þýðingu fyrir þær fiskvinnslustöðvar, sem þar eru, að fá sem fjölbreyttast hráefni, bæði gerir það þeirra framleiðslu seljanlegri og einnig er hið margbreytilega hráefni, sem á land kemur, til mjög mikillar atvinnuaukningar. Ég tel, að fiskifræðingurinn komi þarna að verulegu leyti að aðalkjarna málsins í sambandi við auknar heimildir til botnvörpuveiða.

Og í fimmta og síðasta lagi segir hann: „Viss svæði á hrygningarstöðvunum, þar sem botninn er harður og ósléttur, hljóta friðun, og engin veiðarfæri eru í sjó, þegar landlegur eru.“ Hann á þar við, sem rétt er, að botnvarpan er tekin upp, um leið og veiðum er hætt. Þessi veiði er yfirleitt ekki stunduð af vélbátum nema á mjúkum botni og sléttum. Það er frábrigðilegt og undantekning, ef þessir bátar fara nokkuð sem heitir yfir það, sem kallaður er harður botn og hinir stærri togarar hafa þó aðstöðu til að fara yfir. Vélar þeirra eru það kraftlitlar og veiðarfærin í flestum tilfellum þannig útbúin, að þeir reikna aðeins með veiðum og stunda aðeins veiðar á sléttum botni, þar sem ekki er um hrygningarstöðvar að ræða — a. m. k. ekki hrygningarstöðvar þorsksins, því að þær eru, eins og allir vita, á hrauni og við hraunkanta.

Ég vil undirstrika það, að ég teldi það mjög þess virði nú, þegar þetta mál er í athugun hér á hv. Alþ., að þm. — ef þeir hafa ekki þegar gert það — kynntu sér þessa grein fiskifræðingsins, því að hún er, eins og ég sagði, rituð af hlutlausum aðila, sem er frræðimaður — maður, sem hefur bókstaflega kynnt sér málið með þeim tilraunum, sem gerðar hafa verið af Fiskifélaginu og Hafrannsóknastofnuninni í þessu sambandi. Ég tel ekki, að hans niðurstöður verði vefengdar hvorki af mér né öðrum, sem ekki hafa sérþekkingu á þessum málum.

Þá vil ég benda á það af sérstökum ástæðum, að ráðh. hefur það vissulega í hendi sér að friða einstök svæði, þó að till. okkar yrðu samþykktar eins og þær liggja fyrir. Er þar helzt um að ræða að sjálfsögðu hrygningarsvæði og þá einnig einstök friðunarsvæði við suðurströndina, sem þarf að friða fyrir botnvörpu þann tíma, sem netaveiðar eru stundaðar. Þetta hefur hæstv. ráðh. alveg í hendi sér. Þó að frv. yrði samþykkt og fram kæmu rökstuddar og einróma óskir frá einhverjum aðilum um viss svæði, þá gæti hann vissulega tekið það fyllilega til greina. En ég tel þó, að eftir þeim upplýsingum, sem ég hef hlustað á hjá hv. alþm. og komið hafa fram hjá skipstjórnarmönnum og sjómönnum í þessu sambandi, þá gera þeir ekki mikið úr því, að árekstur þurfi að verða á milli vélbáta, sem togveiðar stunda og netabáta. Þeir töldu, að sú reynsla, sem komin væri á þetta á svæðinu frá Reykjanesi að Vestmannaeyjum á undanförnum vertíðum, sýndi ljóslega, að ekki væri ástæða til að óttast neitt í þessu sambandi. Það er almennt álit sjómanna, að skipstjórnarmenn og sjómenn eigi að vera sem mest óbundnir af því, hvaða veiðarfæri þeir nota á hverjum tíma og hverjum stað — að sjálfsögðu eftir því, sem lög leyfa. Einkum má á það benda, að um veiðarfæri í sjó gilda alþjóðareglur, þannig að net, sem lögð hafa verið í sjó, helgi ákveðinn rétt, og ef þau eru eyðilögð með öðrum veiðarfærum, þá verður sá aðili, sem því tjóni veldur, samkvæmt lögum skaðabótaskyldur.

Að lokum vil ég leggja áherzlu á það, sem ég veit ekki, hvort hv. alþm. hafa almennt gert sér ljóst. Á meðan verið er að vinna að málinu í heild, eins og ég gat um, að skipuð nefnd væri að, þá tel ég nauðsynlegt, að nokkur reynsla fáist af þeim tilslökunum, sem gerðar hafa verið. Ég tel það mikils virði bæði fyrir n. og hv. Alþ., þegar að því kemur að gera sér grein fyrir málinu í heild, að komin sé reynsla á það, og þessi reynsla ætti að fást í vetur, ef þetta frv. verður samþ. Vel má vera, að svo fari. Ég skal ekkert um það dæma fyrir fram. En vel má vera, að í einhverjum tilfellum sýni það sig, að þarna þurfi að gera aðrar ráðstafanir en við hér leggjum til, að það verði kannske um örtröð á veiðisvæðunum að ræða og árekstra, sem ég nú ekki sé fyrir. Annað eins getur komið upp, sem við ekki sjáum fyrir nú, en persónulega mundi ég telja það mjög gott fyrir hv. Alþ. og þá n., sem um þetta mál fjallar, að það fengist reynsla á það í vetur þennan tíma, sem frv. gerir ráð fyrir, að veiðin nái yfir — frá 1. jan. til 30. marz, hvaða áhrif verulegar tilslakanir, eins og um er að ræða hér við suðurströndina hefðu. Það yrði örugglega að mínum dómi til hagræðis fyrir alla aðila, þegar að því kemur, að við þurfum í heild að fara að gera okkur grein fyrir málinu, því að ég er alveg sannfærður um það, að að því kemur, að Alþ. verður og hlýtur að stíga spor í sambandi við eðlilega og nauðsynlega hagnýtingu þeirra veiðisvæða, sem innan fiskveiðilandhelginnar eru. Ég hef alltaf sagt og hef sagt það hér áður úr þessum ræðustól, að ég tel, að þetta hafi dregizt of lengi. Það má vel vera, að það sé ekki rétt niðurstaða hjá mér, en það er mín skoðun, að það hafi dregizt of lengi.

En ég er sannfærður um það, að hv. Alþ. hlýtur innan mjög stutts tíma að taka þetta mál í heild til athugunar, því að eigi fiskiðnaður að þróast áfram hér á landi, þá hlýtur það að gerast. Víða um land er það svo, að þá vil ég segja bæði á Norður- og Suðurlandi — ég undanskil Vestfjarðafjórðung, því að allar skýrslur sýna, að þar geta menn aflað sér verulegs hráefnis með línu- og handfæraveiðum, og hann er því í sérstöðu — og annars staðar á landinu, að hvorki línuveiðar, handfæraveiðar né netaveiðar verða stundaðar yfir sumartímann til hráefnisöflunar fyrir fiskvinnslustöðvarnar með neinum árangri. Útgerð báta, sem þessar veiðar stunda

á vetrarvertíð með þessi veiðarfæri, hlýtur því að leggjast niður yfir sumartímann. Það þýðir aftur, að fiskvinnslustöðvunum víða um landið yrði hreinlega lokað mikinn hluta ársins og rekstrargrundvellinum bæði kippt undan bátaflotanum og fiskvinnslustöðvunum. Slíkt ástand mundi þjóðfélagið í heild ekki þola. Við höfum ekki efni á, að slíkt ástand skapaðist hvorki í styttri né lengri tíma. Ég tel því, að það hljóti að koma að því innan mjög stutts tíma, að hv. Alþ. taki þessi mál í heild til endurskoðunar og geri sér fulla grein fyrir, hvernig við getum hagnýtt fiskimiðin á sem arðvænlegastan hátt fyrir þjóðarheildina, og ég tel, að ástandið nú sé þannig, að ekki verði hjá því komizt að samþykkja einhverjar bráðabirgðaráðstafanir, eins og frv. okkar gerir ráð fyrir. Ég leyfi mér, herra forseti, að leggja til, að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. sjútvn.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Það þarf ekki að rekja það í löngu máli fyrir hv. þm., að það mál, sem nú er hér til umr., hefur verið mikið vandamál fyrir þ. um langan tíma. Það hafa verið mjög skiptar skoðanir um, hvernig ætti að hagnýta fiskveiðilandhelgina og hvaða reglur ætti að setja í þeim efnum. Á undanförnum árum hafa hér komið fram ýmsar till. varðandi málið, og lítið hefur orðið ágengt. Ég hygg, að menn hafi verið sammála um það, að um fá mál hafi ríkt jafnmikill ágreiningur í hópi þm. og einmitt um þetta mál, sem snertir sérstaklega heimildir til þess að leyfa frekari togveiðar í fiskveiðilandhelgi en nú eru leyfðar samkv. lögum og reglum. En þó hygg ég, að þm. almennt hafi gert sér grein fyrir því, að það eru ekki tök á því að láta málið liggja eins og það hefur legið, og ég hygg, að sú skoðun hafi þegar myndazt hér á Alþ., sem segja megi, að meiri hl. þm. muni geta staðið að, að þörf sé á því að setja nýjar reglur um nýtingu fiskveiðilandhelginnar.

Á síðasta þ. voru till. hér uppi um það að breyta reglunum viðvíkjandi heimildum um togveiðar í landhelgi, þegar það gerðist seint á þinginu, að sjútvmrh. tilkynnti, að ríkisstj. hefði ákveðið að skipa n. allra þingflokka til að athuga þetta mál og til þess að gera till. um það og reyna að ná samstöðu um það, hvernig mætti leysa það á sem hagkvæmastan hátt. Ég hygg, að mikill meiri hl. þm. hafi í rauninni fagnað því, að slík tilraun væri gerð. Hæstv. sjútvmrh. bað mig sem formann þingflokks Alþb. að hlutast til um, að Alþb. vildi tilnefna mann í þessa n. á seinni hl. síðasta þ., og þingflokkur Alþb. kaus þá mann í n. eftir þessum tilmælum ráðh. Ég vissi, að svipuð tilmæli höfðu komið til annarra flokka varðandi skipun þessarar n. og sjútvn. Nd., sem hafði til meðferðar þær till., sem fyrir þ. lágu varðandi þetta mál, hún hætti í rauninni störfum í sambandi við þær till. með hliðsjón af því, að það lá fyrir, að ríkisstj. hafði ákveðið þá leið að setja sérstaka n., sem tæki að sér þetta mál til rækilegrar athugunar og reyndi að finna hér samkomulagsleið út úr vandanum. Þó að við t. d. í Alþb. hefðum nokkru fyrir þinglok tilnefnt mann af okkar hálfu í þessa n., þá dróst það, að birt yrði nokkuð um skipun þessarar n. Þingtíminn leið, allt sumarið leið og haustið líka, og það var ekki fyrr en nú í þingbyrjun, að tilkynning kom til flokkanna um skipun manna í þessa n. Þetta var býsna einkennilegt af hálfu ríkisstj., sem vissi um þann vanda, sem hér var á ferðum, að haga vinnubrögðum sínum þannig, að þótt hún væri strax nokkru fyrir þinglok í fyrra ákveðin í því að skipa þessa n., þá vannst henni ekki tími til þess að koma n. á laggirnar fyrr en nú í þingbyrjun í haust, en þá fengum við tilkynningu um skipun n., og þá var opinberlega skýrt frá skipun hennar. Formaður þessarar n. var skipaður alþm. Jón Ármann Héðinsson, einn af flokksbræðrum hæstv. sjútvmrh. En honum vannst heldur ekki tími til þess að kalla saman þessa n. fyrr en 31. okt. Það var fyrst 31. okt., sem n. var kölluð saman til fundar.

Þegar nm., sem voru hér úr öllum flokkum á Alþ., tóku að ræða þetta mál, held ég, að það hafi komið þar mjög skýrt fram, að þeir hafi gert sér fyllilega grein fyrir því, að hér var um býsna vandasamt mál að ræða. Málið var virkilega orðið flókið, eins og það hafði verið látið þróast. Og í n. voru menn ábyggilega sammála um það, að það væri vonlaust með öllu að ætla að finna lausn á þessu máli af skyndingu, því að menn vissu, að það var ekki aðeins við þann vanda að glíma, að skoðanir væru mjög skiptar meðal þm. um það, hvernig ætti að taka á málinu, heldur vissu menn einnig, að allir landsmenn voru mjög ósammála um það, hvernig ætti að leysa þetta vandamál. Það var alveg sama, hvort leitað var til íslenzkra fiskiskipstjóra eða íslenzkra útgerðarmanna. Þeir voru mjög ósammála um leiðir. Að maður tali nú ekki um ýmsa aðra menn í landinu, sem látið höfðu uppi skoðanir sínar um það, hvernig ætti að leysa málið. Og vegna þess að þessi landhelgismálanefnd gerði sér grein fyrir því, hvernig vandamálið var, og virtist vera sammála um það að meta það eins, taldi n. alveg óhjákvæmilegt að haga vinnubrögðum sínum þannig, að hvort tveggja yrði reynt, þ. e. að hafa nokkuð náið samband við þm. um þær leiðir, sem n. helzt hugsaði sér að fara til þess að leysa málið, og eins að hafa nokkurt samband við þá aðila í landinu, sem málið snerti mest, þ. e. útgerðarmenn, sjómenn og fiskiskipstjóra.

Þegar þessi landhelgismálanefnd hafði haldið nokkra fundi — líklega eina fimm fundi eða þar um bil, var ekki annað að sjá en nm. þar væru allir sammála um það, hvernig ætti í aðalatriðum að reyna að vinna að því að leysa málið. Það kom ekki fram ágreiningur í n. um vinnubrögð. Og ég tel fyrir mitt leyti, að þarna hafi verið stefnt í rétta átt. N. var búin að koma sér saman um starfstilhögun, við hverja hún ætlaði að tala og hvernig hún gæti komið þessu niður á sem skemmstum tíma. Þannig hafði n. t. d. hugsað sér það, að hún gæti í rauninni gengið frá sínum till. fyrir þingið að nokkru leyti í jólaleyfinu eða í seinni hluta janúarmánaðar, þannig að hægt væri að leggja till. fyrir þingið strax í febrúarbyrjun. Það er auðvitað enginn vafi á því, að í þessum efnum ætlaði n. sér mikinn hraða miðað við allar aðstæður, því að ekki er mikill tími til starfa aflögu síðustu dagana fyrir jól hér á Alþ., eins og allir þm. þekkja. Og n. var þegar byrjuð á því að framkvæma þessa vinnuáætlun sína með tilkynningu bæði til þm., sem hér áttu hlut að máli, og til ýmissa þeirra hagsmunaaðila víðs vegar á landinu, sem málið varðaði mest. Hún var búin að tilkynna þessa starfstilhögun sína og komin þarna allvel áleiðis.

En þá gerist það, að n. fréttir það, að til standi af

hálfu dómsmrh. að taka hér upp nýjan hátt á varðandi eftirlit með togveiðum í fiskveiðilandhelgi. Í fyrsta lagi það, að til stæði að gefa þeim, sem brotlegir höfðu reynzt, upp sakir miðað við 1. des. og að upp frá því yrði framfylgt settum reglum með öðrum hætti en áður hafði verið. Það fór auðvitað ekkert á milli mála, að öllum nm. í landhelgismálanefnd var það ljóst, sem ég hygg, að öllum landsmönnum hafi mátt vera ljóst, að verulega breyttir hættir varðandi eftirlit með veiðum í fiskveiðilandhelginni mundu miðað við allar aðstæður leiða til nýrra vandamála í sambandi við þetta mál. Og ég trúi því ekki, að hæstv. dómsmrh. hafi ekki gert sér fulla grein fyrir því líka. Hæstv. sjútvmrh. hafði sérstakan fund með öllum fulltrúum í landhelgismálanefndinni nokkru fyrir 1. des. einmitt um þessi nýju viðhorf. Og honum var þá gerð fyllilega grein fyrir því af hálfu nm. úr landhelgismálanefnd, hvað upp mundi koma í þessum efnum. Það gat því ekki verið, að ríkisstj. tæki upp sínar nýju reglur í þessum efnum, sem nú er mjög vitnað til, að hafi verið settar allt í einu á, og hún gerði þetta alveg óafvitandi. Ríkisstj. hlaut að vita, hvað hún var að gera í þessum efnum, eins og í rauninni allir landsmenn hlutu að vita, hvað þetta þýddi við þessar aðstæður. En ríkisstj. fór sínu fram, þó að hún væri nýbúin að setja á laggirnar n. til þess að reyna að fjalla um þetta vandamál og reyna að finna leiðir út úr vandamálinu. Þó að hún væri búin að velja þá leið tiltölulega nýlega, stekkur hún til og ákveður aðra leið, sem henni hlaut að vera ljóst, að kæmi algerlega þvert á hina fyrri ákvörðun stjórnarinnar. Og þegar svo þetta allt hafði verið gert, varð mönnum ljóst, að málið var komið í nýjan rembihnút. Þá var talað um það, að annað tveggja mundi gerast á tiltölulega fáum dögum, að margir tugir fiskveiðiskipstjóra yrðu settir í tugthús vegna landhelgisbrota og bátar þeirra allir stöðvaðir eða ríkisstj. yrði að gefast upp á nýjan leik við að halda þessar nýju reglur, sem hún ætlaði sér þó að halda, eða þá í þriðja lagi það, að veiðarnar legðust niður að fullu og öllu — þessar veiðar, sem menn vissu, að höfðu verið í gangi.

Þessar ráðstafanir hafa svo leitt til þess, að nú hafa hlaupið til hér nokkrir menn, m. a. tveir menn úr landhelgismálanefnd, sem hafa komið sér hér saman um ákveðin vinnubrögð í þessu vandasama máli og fleygja hér fram á Alþ. öldungis óundirbúið till. um málið — till., sem er þannig, að hún hlýtur að valda hér miklum deilum. Og ég verð að segja það, að mér sýnist, að sé ætlunin af hálfu ríkisstj. að beita sér fyrir samþykkt á því frv., sem hér liggur nú fyrir til umr. á þeim fáu dögum, sem eftir eru til jóla, og þeim stutta starfstíma, sem þingið hefur yfir að ráða til þess að fjalla um þetta mál, þá get ég ekki séð annað en ríkisstj. sé að stefna að því alveg vitandi vits að koma í veg fyrir það, að það samkomulag um lausn á þessu máli, sem vel horfði með í landhelgismálanefndinni, geti ekki orðið hvorki innan n. né heldur meðal þeirra aðila, sem hér eiga mest hagsmuna að gæta. Því að varla dettur nokkrum manni það til hugar, sem hefur kynnt sér þetta mál, að þessi bráðabirgðatill., sem hér er til umr. nú, leysi nokkurn vanda — að hún leysi þetta stóra vandamál, sem við höfum hér staðið frammi fyrir.

Það er rétt, að það er hægt að hugsa sér, að samþykkt á þessari till. — sérstaklega ef ráðh. notaði þá heimild, sem hann fengi samkv. till. til þess að setja mjög víðtækar reglur — þurrkaði út þau landhelgisbrot, sem verið hafa aðallega frá einni verstöð í landinu á stuttu tímabili. Það er hægt að hugsa sér það. En það gerir það engan veginn gagnvart öllum þeim aðilum, sem hér eiga hlut að máli. Ég býst við því, að hæstv. dómsmrh. hafi t. d. gert sér grein fyrir því, að bátarnir fjórir, sem til sást héðan úr gluggum Landhelgisgæzlunnar við landhelgisbrot, voru að toga utan þessa svæðis. Öllum þeim mörgu togbátum, sem gerðir eru út frá Reykjavík, verður ekki bjargað með þessu. Þeir standa eftir í sama vandanum. Þeir geta farið, eins og bent hefur verið á, 40—50 talsins einhvern daginn og togað á hinum ólöglegu svæðum, jafnvel þó að þessi brbl. yrðu samþ. Þessi vandi verður eftir, vegna þess að n. hugsar sér að reyna að leysa vandamálið allt. En til þess þarf hún nokkurn tíma. En það mun enginn ætla sér að leysa þetta með því að kasta fram lítið hugsaðri till. hér í önnum á Alþ. og búast við því, að slík till. leysi vandann. Hún getur kannske nægt þeim í þessum efnum, sem lítið sjá fram fyrir sína fætur og reka sig svo á vandann strax á eftir, þegar þeir eru nýbúnir að gera eitt glappaskotið.

Það er auðvitað alveg augljóst af þessu, sem ég hef sagt, að hefði ríkisstj. viljað hafa hér meiri hraða á, átti hún auðvitað að standa á allt annan hátt að vinnubrögðum í þessum efnum en hún hefur gert. Hún átti að skipa þá n., sem hún var búin að boða, að skipuð yrði í þessum efnum í þinglokin í fyrra, en gleyma ekki málinu þá — hlaupa frá öllu yfir sumarið og láta allt sumarið líða og haustið án þess að gera nokkuð í málinu. Og hún gat líka látið landhelgismálanefnd byrja a. m. k. heilum mánuði fyrr en hún var kvödd saman til starfa. En það gleymdist líka. Og svo var auðvitað engin nokkur minnsta ástæða til þess að gera þetta mál svo flókið, sem það var orðið, reka það í þann hnút, sem gert var með þeirri ákvörðun, sem tengd yrði 1. des. Það var auðvitað engin ástæða til þess — a. m. k. ekki, ef menn hugsuðu í raun og veru um það, hvernig ætti að leysa þetta mál. Ég vil enn einu sinni undirstrika það, að í landhelgismálanefndinni, sem hefur fjallað um þetta mál, var uppi mjög samhljóða álit um það, hvernig tiltækilegast væri að leysa málið — efnislega líka. Ágreiningur virtist ekki vera um það.

Ég tók eftir því hér í málflutningi 1. flm. þessa frv., að hann ræddi hér talsvert mikið um togveiðar almennt í fiskveiðilandhelginni og hagaði sínu máli þannig, að helzt var að skilja á honum, að hér væri verið að deila um það, hvort yfirleitt ætti að leyfa togveiðar í fiskveiðilandhelginni eða ekki. Ég fyrir mitt leyti er hér ekki uppi með ágreining um það. Mér er það ljóst og hefur verið það ljóst allan tímann, að til þess gæti komið, að við breyttum þeim reglum, sem í gildi hafa verið um togveiðar í fiskveiðilandhelgi, og við gætum tekið upp miklu víðtækari heimildir en gilt hafa. Og eins og ég sagði hér í upphafi míns máls, býst ég við því, að það sé hægt að fá hér meiri hl. á Alþ. fyrir því að gera togveiðiheimildir innan fiskveiðilandhelginnar miklu rýmri en þær eru nú. En það er bara ekki vandalaust að koma því þannig fyrir, að nokkuð breið samstaða geti orðið um þær reglur, sem í þeim efnum yrðu settar. Og það er ekki vandalaust heldur að setja þær reglur

þannig, að þær fái staðizt í framkvæmd, þannig að þeir, sem eiga við þær að búa, þverbrjóti þær ekki. Og þess vegna tekur það nokkurn tíma að koma sér niður á það, hvernig þessar reglur eiga að vera. Það er ábyggilegt, að það er ekki möguleiki fyrir því að fá svo einfaldar reglur settar í þessum efnum, að ákveðið sé að leyfa togveiðar almennt upp að þremur mílum frá ströndinni allt í kringum landið á öllum tímum og fyrir allar fiskiskipastærðir. Það væri auðvitað einfaldasta reglan að ákveða eitthvað slíkt. Svo einfaldar reglur er ekki hægt að fá samþykktar á Alþ. Það er ég viss um. Og þær mundu heldur ekki standast í framkvæmd. En það kann að vera, að það sé hægt að fá hér samkomulag um að heimila togveiðar jafnvel upp að þessum mörkum á sumum stöðum við landið og á vissum tímum á árinu sem þessu nemur. En þá þurfa menn að gera sér grein fyrir því, hvaða svæði er þarna um að ræða og á hvaða tíma þetta væri tiltækilegt.

Ég tók eftir því, að 1. flm. þessa frv. sagði, að þeir, sem að flutningi frv. stæðu, hefðu valið í sambandi við þessa bráðabirgðalausn aðeins þau svæði, sem hér skipta mestu máli í sambandi við togbátaveiðarnar, en skilið hins vegar eftir þau svæði, sem deilur væru um, t. d. bæði fyrir vestan og austan, en ég held, að þeim hafi þá tekizt heldur illa til eða þeir viti lítið um það, um hvað aðaldeilurnar eru, ef þeir halda, að þeir hafi náð til þess með þessum tillöguflutningi. Og ég trúi því varla, að 1. flm. frv. a. m. k. hafi ekki gert sér grein fyrir því, að þetta er á annan veg. Á því er t. d. enginn vafi, að það er Suðurlandssvæðið, svæðið fyrir austan Portland eða Dyrhólaey, þ. e. Meðallandsbugtarsvæðið þar talið með og svæðið þar austur eftir austur undir Hornafjörð, sem er t. d. langsamlega viðkvæmasta svæðið, hvað viðkemur veiðiskap Austfirðinga. Það er miklu viðkvæmara en sjálft veiðisvæðið út af fjörðunum fyrir austan. Það byggist á því, að á vetrarvertíðinni er þetta aðalveiðisvæði Austfirðinga. Einmitt á þetta svæði sækja t. d. Hornfirðingarnir allan sinn afla, og svo að segja öll vetrarútgerð Austfirðinga er einmitt stunduð á þessu svæði.

En í þeim till., sem hér liggja fyrir, er gert ráð fyrir því, að sjútvmrh. fái heimild — ótakmarkaða heimild — til þess að mega heimila togveiðar á þessu svæði upp að þremur mílum frá ströndinni einmitt á viðkvæmasta tíma á árinu — á vetrarvertíðinni. Að því er að Austfirðingum snýr, er því þessi till. þannig, að einmitt það svæði, sem var vandasamast og erfiðast við að eiga vegna hagsmuna Austfirðinga, er tekið inn í þessa till. án þess þó, að það hafi verið nokkur þörf á því vegna togbátaveiða t. d. Vestmanneyinga á þeim tíma, sem þessi heimild á að ná til, því að á þeim tíma sækja bátar t. d. frá Vestmannaeyjum yfirleitt sáralítið austur eftir, nema þeir fái til þess alveg nýja heimild. Þá má búast við því, að þeir auðvitað noti slíka heimild, en þeir hafa ekki treyst sér til þess að ryðjast þar inn á hefðbundin netasvæði bátanna, sem þar eru með netin í sjó fyrir. En samt er þessi till. flutt í þessum búningi, sem þeir vita mætavel, að mætir harðri andstöðu svo að segja allra fiskimanna á Austurlandi.

Þá vil ég segja það einnig, að það verður enginn smáræðisvandi, sem sjútvmrh. er settur í, að eiga að setja reglur um veiðina á þessum svæðum, því að það er auðvitað enginn vafi á því, að það eru uppi mjög skiptar skoðanir þeirra, sem eiga mestra hagsmuna að gæta á þessum nærliggjandi svæðum um það, hvernig veiðireglurnar skuli vera á þessum svæðum. Það er enginn smáræðisvandi, sem hann er settur í, að eiga að setja um þetta reglur. Þó veit ég það, að vandinn yrði kannske ekki mjög mikill, ef hann færi eftir því, sem eru uppi kröfur um frá ýmsum þeim, sem hér ganga harðast fram í að fá auknar togveiðiheimildir t. d. í Vestmannaeyjum, því að þá ætti hann einfaldlega að setja reglur um það að heimila öllum þessum bátum veiðar á öllu þessu svæði upp að þremur mílum frá ströndinni á öllu þessu tímabili. En það er ég hræddur um, að fái illa staðizt í framkvæmd.

En svo er þetta mál hugsað þannig, að nú verði settar af sjútvmrh. reglur um togveiðar fyrir báta — allt að 200 rúmlestir að stærð — á þessu svæði á komandi vetrarvertíð, en jafnframt sé til þess ætlazt, að landhelgismálanefndin, sem skipuð var núna í haust, haldi áfram störfum sínum. Fyrst á sem sé að setja reglur um þessi veiðisvæði, sem fyllilega má þá búast við, að gætu verið allt aðrar reglur en þær, sem landhelgismálanefndin kæmist að raun um, að væru þær hagkvæmustu. Hvernig halda menn, að það gangi að fá samkomulag um breyttar reglur á þessu svæði á eftir, þegar ráðh. væri búinn að setja allt aðrar reglur og menn væru búnir að vinna eftir þeim? Ætli sé ekki hætt við því, að þeir togbátamenn, sem væru búnir að fá á vetrarvertíðinni í vetur miklu meiri rétt til veiða á þessu svæði en landhelgismálanefndin vildi nú fallast á, vildu halda í þennan rétt? Ætli það sé ekki hætt við því, að þeir mundu ýta allfast á bakið á þeim þm. sínum, sem þeir næðu til, um það, að það yrði haldið einmitt í þessar ýtrustu reglur þeim til handa? Auðvitað sjá allir það, að setning á svona bráðabirgðareglum vegna svo viðkvæms togstreitumáls, eins og þetta er, spilla vitanlega stórlega fyrir því, að hægt verði að setja um þetta reglur, sem eiga verulegan rétt á sér.

Ég vil líka benda á það, að sú deila, sem nú er tekin upp um þetta mál, er hafin hér, þó að í rauninni sé um tiltölulega skamman tíma að ræða, sem ágreiningur var um. Það er kunnugt, að í desembermánuði stunda þessir togbátar engar veiðar. Þeir eru víst allir hættir, svo að það, sem eftir er af þessu ári, skiptir það ekki miklu máli að setja hér einhverjar bráðabirgðareglur, enda er í rauninni gert ráð fyrir því, að reglurnar gildi ekki nema frá áramótum. En landhelgismálanefndin hafði sett sér þá vinnuáætlun, að hún gæti haft sínar till. tilbúnar í janúarlok eða gæti lagt þær fyrir þingið í byrjun febrúar. Hér er því aðallega um það að ræða, að skyndireglur verði settar fyrir janúarmánuð, en í hinu tilfellinu var að því stefnt, að hægt væri að setja samkomulagstill. snemma í febrúar. Menn meta þá svona miklu meira að reyra málið enn fastar í hnút en það er þegar komið í — þó að um þennan stutta tíma sé að ræða — og jafnvel koma í veg fyrir það, að samkomulag geti orðið um lausn á málinu, og spilla stórkostlega öllum grundvelli aðeins vegna þessa stutta tíma. Þetta sýnist mér ekki vera hyggileg vinnubrögð.

Ég tók eftir því, að hv. 3. þm. Sunnl., 1. flm. frv., nefndi hér ýmsar tölur um aflamagn togbáta nú síðari ár og vildi með því sanna það, að nauðsynlegt væri að

rýmka veiðiheimildir þeirra í fiskveiðilandhelginni. Eins og ég hef þegar sagt varðandi mína skoðun á málinu, tel ég deiluna ekki snúast um það, hvort hér eigi að leyfa auknar heimildir eða ekki, heldur fyrst og fremst um hitt, hvernig þessar heimildir skuli vera. En þær tölur, sem hv. þm. nefndi í þessum efnum, sanna harla lítið um það, að það eigi að fara að grípa til þessara bráðabirgðaráðstafana, sem hann leggur hér til. Hann nefndi t. d. tölur um mikla veiði togbáta fyrir Norðurlandi sérstaklega á s. l. ári — mjög mikla veiði. En veit þessi hv. þm. það, að mikill meiri hluti af þessum afla togbátanna fyrir Norðurlandi — svo mikill meiri hl. — er alls ekki fenginn á togbáta af þeirri stærð, sem þessi bráðabirgðalausn hans fjallar um. Bráðabirgðalausn hans mundi ekki ná þarna til í svo að segja neinum atriðum.

Það er rétt, að togbátaveiði hefur aukizt mikið nú hin síðari ár m. a. fyrir Norðurlandi, en þar hefur verið um að ræða veiði miklu stærri báta — báta, sem við einmitt í landhelgismálanefndinni höfðum gert okkur fyllilega grein fyrir, að nauðsynlegt væri einnig að setja reglur fyrir um veiðiheimildir. En þessi bráðabirgðalausn, sem hér er verið að leggja til að hafa, nær aðeins til fiskibáta, sem eru undir 200 rúmlestum að stærð. En hitt vitum við, að hér er orðið um stóran fiskiskipaflota að ræða, þar sem skipin eru stærri en 200 rúmlestir, sem stunda togveiðar og eiga stóran hluta einmitt af því aflamagni, sem hér er um að ræða, og þessi hluti bátaflotans fer einmitt mjög vaxandi, því að það er einmitt þessi hluti bátaflotans, sem nú er að koma frá síldveiðum, sem hafa reynzt lélegar, og þessi hluti bátaflotans leitar því eftir möguleikum á öðrum sviðum. En þessi bráðabirgðalausn leysir ekki þennan vanda á neinn hátt. Það er enginn vafi á því, að mjög mikill hluti af því aflamagni, sem fengizt hefur á bátana með togveiðiaðferð, hefur einmitt fengizt á þá báta, sem eru stærri en 200 rúmlestir. Það var því skoðun okkar, að ég hygg allra, í landhelgismálanefndinni, að þær till., sem þyrfti að gera í þessum efnum, yrðu einnig að ná til þessara stærri báta, því að annars yrði málið ekki leyst. Annars stæði maður áfram frammi fyrir sama vandamálinu. Það er rétt, að till., sem um þetta hefðu verið settar fyrir svona 5—6 árum, hefðu getað leitt af sér talsverðan árangur, þó að þær hefðu verið miðaðar við báta, sem hefðu verið aðeins 120 rúmlestir að stærð og minni eins og þá voru uppi till. um frá ýmsum. En till. í þessum efnum, sem ekki ná yfir allt svið, gera hér heldur lítið gagn.

Mér dettur ekki til hugar að halda, að það verði nokkur grundvöllur fyrir því, að landhelgismálanefndin, sem skipuð var af ríkisstj. og hefur nú haldið nokkra fundi um málið og var búin að skapa sér vinnuáætlun á þann hátt, sem ég hef hér lýst, geti unnið áfram að sinni tillagnagerð í þessum efnum, á meðan málið er hér til afgreiðslu í Alþ. Mér dettur ekki til hugar að halda það. Tillöguflutningur þessi jafngildir því að taka þessa n. úr sambandi — láta hana hætta störfum, enda sé ég ekki annað betur en það sé svo í rauninni, þó að annað hafi nú svona komið fram í annarri hvorri setningu hjá hv. 1. flm. frv., þar sem hann talaði um það, að það væri æskilegt, að n. héldi áfram störfum. En mér sýnist nú, að hann hugsi málið á allt annan veg. Hann hugsi það raunverulega þannig, að það sé eðlilegt að leggja niður störf þessarar n., því að hann talaði hér allmikið um það í lok síns máls, að það væri einmitt ágætt að setja þessar bráðabirgðareglur til þess að fá reynslu af þeirri framkvæmd. M. ö. o., þeir, sem vinna að því, að settar verði reglur um þessi mál, sem ættu að endast til eitthvað lengri tíma en til þriggja mánaða, eiga að hans dómi að bíða eftir því að sjá, hver verður reynslan af þessari bráðabirgðaráðstöfun, og byggja þá sínar till. þar á eftir á þeirri reynslu, því að ekki getur maður haft neitt gagn af reynslunni, nema maður bíði eftir því að sjá, hver hún hefur orðið.

Ég tel það frámunalega illa staðið að máli eins og þessu að kasta fram skynditill. eins og þeim, sem hér hefur verið kastað fram, sem menn viðurkenna strax í upphafi, að séu aðeins hugsaðar sem bráðabirgðatill., og ætla síðan að draga einhverja ályktun varðandi þetta mál af framkvæmdinni á slíkum till. Það má vel búast við því, að einmitt framkvæmdin á svona illa undirbúnum till. leiði til þess, að það verði miklu erfiðara að fá menn til þess að fallast á víðtækari till., sem ná yfir allt vandamálið og ættu að standa til lengri tíma, vegna alls konar mistaka, sem búast má við, að upp komi í sambandi við framkvæmd á svona illa undirbúnum till.

Það var greinilegt, að hv. 3. þm. Sunnl. var m. a. hræddur við það, að eitt gæti t. d. komið í ljós af þessari reynslu, en það væri, eins og hann minntist hér á, að t. d. yrði um að ræða örtröð á veiðisvæðunum. Því er auðvitað ekki að neita, að þegar í það er rokið að opna eitt tiltekið svæði — í þessu tilfelli einkum Vestmannaeyjasvæðið, en engar ráðstafanir að ráði gerðar úti fyrir mjög stórum hlutum af landinu annars staðar, þá verði það til þess, t. d. að því er alla Faxaflóabátana varðar, að þeir ryðjist allir inn á þetta takmarkaða svæði — inn á Vestmannaeyjasvæðið. Austfirðingar og Norðlendingar og aðrir, sem vildu nú taka upp togveiðar, gerðu það sama, og reynslan yrði sú, sem m. a. hefur áður heyrzt af hálfu ýmissa í Vestmannaeyjum, þegar þeir hafa séð fram á það, að ásókn hefur orðið svona óeðlileg, að þeir segðu: Við óskum alls ekki eftir því, að þetta verði í gildi áfram, vegna þess að það væri á þennan hátt verið að stefna óeðlilega stórum flota inn á tiltölulega lítið svæði og það á viðkvæmum tíma. Hvað hugsa menn sér t. d., að þeir fjölmörgu togveiðibátar, sem gerðir eru út héðan frá Reykjavík og Hafnarfirði, geri samkv. þessum bráðabirgðareglum? Ekki verða þeir allir suður í Miðnessjó. Það er alveg gefinn hlutur. Þeir færu auðvitað á þetta svæði, sem ætti að vera opið — á Vestmannaeyjasvæðið, þ. e. þeir þeirra, sem héldu þá ekki bara áfram gamla laginu og litu fram hjá öllum mörkum, vegna þess að þeir viðurkenndu þá staðreynd, að það hefur engin lausn orðið á málinu.

Ég get tekið undir það með hv. 3. þm. Sunnl., að það hefur að mínum dómi líka dregizt allt of lengi að setja viðunandi reglur um þessi mál. Það hefur dregizt allt of lengi. Og ég ætla ekkert að fara nánar út í það, hvernig á því stendur. Ég tel, að þessi dráttur hefði ekki þurft að eiga sér stað. Það hefði verið hægt að taka á þessu máli á annan hátt, og ég er ekki í neinum vafa um það, að það voru möguleikar á því og eru möguleikar á því enn

að fá viðunandi lausn á þessu máli — lausn, sem vel væri hægt að standa á bæði fyrir Alþ. og aðra, sem hafa með framkvæmd á þessum málum að gera. Það væri hægt að fá viðunandi lausn á því, ef menn fengju tíma til þess — örstuttan tíma til þess að reyna að undirbyggja sínar till. þannig, að þær fái staðizt í framkvæmd. En það fæst vitanlega ekki með svona vinnubrögðum.

Það er rétt, að það eru til ýmsir menn, sem eru almennt séð mjög mikið á móti togveiðum og dragnótaveiðum og fordæma þá veiðiaðferð mjög. Það er rétt. Þeir eru allmargir til. En ég hygg þó, að hinir séu orðnir miklu fleiri, sem viðurkenna það, að það muni vera hægt að setja reglur um þessa veiði, þannig að ekki þurfi að koma að sök, en hins vegar geti orðið af því allmikill ávinningur. En það þýðir auðvitað ekkert að loka augunum fyrir því, að það er nokkuð vandasamt að setja slíkar reglur. Það er vandasamt að ákveða að heimila notkun á veiðarfæri á því svæði, þar sem við höfum á undanförnum árum t. d. á vetrarvertíðinni tekið um 70% af öllum okkar fiskafla á bátaflotanum í tiltekið veiðarfæri — fast veiðarfæri í sjó, sem ekki er hreyft nema tiltölulega lítið, þ. e. í þorskanetin. Það er mikill vandi að ákveða skyndilega, að togveiðibátar megi alveg óhindrað ryðjast inn á þessi svæði, þar sem þorskanetin hafa legið í sjó og fært okkur um 70% af aflanum og meira en það mörg árin að undanförnu, af því að það liggur fyrir, að árekstrar á milli þessara aðila eiga sér mjög oft stað.

Allar fullyrðingar hjá hv. 3. þm. Sunnl. um það, að þetta muni veiðimennirnir passa sjálfir og reynslan hafi sýnt það að undanförnu, að árekstrarnir hafi ekki orðið mjög miklir í þessum efnum, eru alveg úr lausu lofti gripnar að mínum dómi. Sannleikurinn er sá, að á meðan togveiðarnar voru óheimilar inni á þessu svæði, og það varðaði raunverulega við lög og reglur að veiða þar, þó að þeim væri ekki mjög hart framfylgt, gengu togveiðimenn vitanlega miklu skemmra í því að ryðjast yfir hina, sem fyrir voru eða höfðu lengst af verið á þessum miðum. En ef þeir væru búnir að fá lagalegan rétt, er ég hræddur um, að togveiðihópurinn mundi ekki víkja fyrir því, að hinir kæmu sínum netum fyrir með eðlilegum hætti. Og sá tími er líka liðinn — þó að þorskanetin séu tiltölulega föst veiðarfæri í sjó og ekki eins hreyfanleg og trollið — að netin séu lögð í upphafi vertíðar á tilteknum stað og standi þar allan tímann. Nú eru netin tekin upp miklu oftar og færð oftar á hverri vertíð á milli veiðisvæða miðað við það, hvað nýjustu mælitæki segja mönnum um það, hvar virðist vera mestan fisk að fá. Og togveiðimenn eru með nákvæmlega sömu tækin í sínum bátum, og þeir finna það á þau tæki engu síður en hinir, sem eru með netaveiðarfærin, hvar virðist vera mest um fisk, og þar halda þeir sig.

Ég fyrir mitt leyti er á þeirri skoðun, að það sé ekki hægt að setja reglur um heimild handa togveiðibátum til þess að veiða með botnvörpu í fiskveiðilandhelginni — ekki á hinum hefðbundnu netaveiðisvæðum bátanna á aðalnetaveiðitímanum, en hann er tiltölulega stuttur tími. Ég álít, að þær heimildir, sem togveiðin fengi, þyrftu að miðast við það, að þeir fengju ekki rétt til þess að fara inn á þessi hefðbundnu svæði, og ég held, að togveiðimennirnir mundu sætta sig við það, af því að þeir fengju verulega auknar heimildir frá því, sem þeir hafa haft. En til þess að reglur séu settar um þetta, sem fá í rauninni staðizt í framkvæmd, þarf vitanlega að hafa samband við veiðimenn frá hinum ýmsu hagsmunasvæðum í landinu um það, hver eru þessi hefðbundnu netaveiðisvæði, sem þarf sérstaklega að friða á tilteknum tíma fyrir ágangi svona færanlegra veiðarfæra eins og trollsins. Hver eru þau? Og ég er alveg fullviss um það, að það er enginn maður til hér á Alþ., sem getur samið um það till. hér í hvelli, hvaða svæði þetta eru, og ætlazt til, að slík till. væri samþ. (Gripið fram í.) Það þarf að hafa samband við veiðimenn frá mörgum stöðum í landinu. Hin hefðbundnu veiðisvæði netabátanna eru ekki óþekkt. Við vitum, hver þau eru. Það er bara að safna því saman. Það er engin uppgötvun. En það er rétt, að ég hef ekki þá trú á þm., að þeir þekki það mikið til fiskimiðanna, að þeir geti sett saman till. um það, hver þessi svæði eru. Til þess þarf að hafa samband við veiðimenn af þessum hagsmunasvæðum.

Og árekstrarnir eru ekki aðeins við netaveiðibátana, sem þó er býsna algengt, því að þarna hefur oft verið um málaferli að ræða á milli aðila, þar sem þessir árekstrar hafa komið upp, heldur er þetta þannig t. d. með línuveiðarnar, sem menn hafa þó almennt lýst yfir, að eigi að ýta undir, af því að það er almennt talið, að með þeirri veiðiaðferð sé hægt að fá hér bezta hráefnið, sem völ er á. Þá er auðvitað enginn vafi á því, að ef þau svæði, sem eru alveg viðtekin sem línuveiðisvæði á tilteknum tímum, eru ekki afmörkuð fyrir línuúthaldið, verður þarna ekki um neitt línuúthald að ræða, því að línan er þó þannig, að hún er lögð í sjó daglega, og ef á línuveiðisvæðinu morar allt af togveiðibátum, dettur auðvitað engum manni í hug að leggja sína línu í þann sjó, þar sem allt er fullt af togbátum fyrir. Það dettur engum manni í hug. Menn vita það, að togveiðibátarnir geta á engan hátt varizt því að spilla línuveiðarfærum, séu þeir að toga á því sama svæði.

Það er líka mín skoðun, að það þurfi að merkja sérstaklega þau svæði, sem er alveg óumdeilanlega hægt að flokka sem þýðingarmikil línuveiðisvæði á tilteknum tíma, og heimila ekki togveiðar þar til þess að spilla ekki fyrir því, að eðlileg línuveiði geti átt sér stað. Mín skoðun er sú, að þetta hafi einmitt þurft að vera eitt grundvallarsjónarmiðið, þegar settar eru reglur um auknar togveiðiheimildir, þ. e. að taka sanngjarnt tillit til hefðbundinna netaveiðisvæða og til hefðbundinna línuveiðisvæða. En þetta þýðir á engan hátt það af minni hálfu, að það eigi að loka fyrir togveiðiskipum öllum þeim svæðum, sem net hafa verið lögð á, eða öllum þeim svæðum, sem lína er lögð í sjó á — fjarri því. Þar vil ég raunar gera verulegan mun á, hvort svæðið er þess eðlis, að á það sæki verulegur fjöldi báta, sem hafa jafnvel gert það um langan tíma og sýnt, að það er hægt að stunda svona veiðar á þessum svæðum með verulegum árangri. En t. d. þessi netaveiðisvæði, sem ég álít, að þyrfti að reyna að forðast að spilla, eru aðeins netaveiðisvæði stuttan tíma á vetrarvertíð, aðallega í marz- og aprílmánuði. En þegar komið er fram á vor og sumar og hausttímann, þá er ekkert um þessi veiðarfæri að ræða í sjó, og þá er hægt að heimila togveiðar í miklu ríkari mæli en heimilað hefur verið,

án þess að það þurfi á nokkurn hátt að koma að sök fyrir þessa veiðimennsku. Sama er að segja um línuveiðisvæðin, þó að þau séu ekki alveg eins bundin við árstímann, þá eru þau bundin aðeins við nokkur svæði við landið, svo að það er vitanlega hægt að heimila togbátum mjög ríkulegt svæði innan fiskveiðilandhelginnar, án þess að ástæða sé til að eyðileggja fyrir þeim, sem fyrir hafa verið á þessum miðum.

Þá vil ég einnig vekja athygli á því, að samkv. þessari bráðabirgðatill., sem hér liggur fyrir — eða till. um bráðabirgðalausn — er hér gerður feiknalegur munur á þeirri heimild, sem gilda á fyrir ráðh. viðvíkjandi Suðurlandi og Norðurlandi. Fyrir Norðurlandi er gert ráð fyrir því, að gömlu grunnlínurnar skuli gilda, sem þar voru í gildi fyrir 1958, og þessi heimild til ráðh. er ekki nema einar 4 mílur út frá gömlu grunnlínunum. Það þýðir það auðvitað, að hinir stóru flóar og firðir á Norðurlandi verða algerlega lokaðir eins og Húnaflóinn, Skagafjörðurinn o. s. frv. Og ég er ekki í neinum vafa um það, að þegar um það er að ræða að veita hér auknar heimildir fyrir hina minni togbáta eins og þessi till. fjallar um, mundi það vera að dómi þeirra togveiðimanna fyrir norðan alls ófullnægjandi. En hins vegar er þessi regla allt önnur viðvíkjandi suðurströndinni, en þar er heimildin miðuð við það, að fylgja skuli strandlengjunni — ekki grunnlínu — og heimilt sé að veita þessi veiðileyfi upp að þremur mílum frá strandlengju. Ég held, að það hefði verið miklu nær að gefa sér agnarlítið meiri tíma, annaðhvort fyrr á starfstímanum eða þá nú á eftir, til þess að samræma þessar till. og reyna að gera þær þannig úr garði, að það væru líkur til þess, að þær gætu staðizt, en ætla að reyna að koma þessu fram á þennan hátt. Auk þess vil ég leggja á það alveg sérstaka áherzlu, að ég tel, að þessar till. muni ekki leysa þann vanda, sem menn halda, að þeir séu að leysa. Þeir munu eftir sem áður standa í sömu flækjunni með mjög marga þá aðila, sem hér eru komnir í vanda.

Hitt er þó að mínum dómi enn þá verra, að verði frv. eins og þetta samþ., eru allar líkur til þess, að spillt sé fyrir möguleikum á því að leysa þetta mál á þann hátt, sem var þó tvímælalaust orðin aðkallandi þörf á að gera. Ég held, að minni möguleikar verði á því á eftir hér á Alþ. að fá samstöðu um lausn á málinu og þó held ég sérstaklega, að það verði miklu erfiðara að ná sómasamlegri samstöðu með þeim fiskimönnum, sem hér eiga hagsmuna að gæta — auðvitað mismunandi hagsmuna, og fá þá til þess að fallast á ákveðna málamiðlunarlausn; það verður miklu verra, eftir að svona till. er samþ. Og þá tel ég verr farið en heima setið.

Ég hef sérstaklega vakið athygli á því, að varðandi hagsmuni útgerðarinnar á Austurlandi er um það að ræða, að þessi till. gerir ráð fyrir því, að ráðh. fái heimild til þess að setja reglur einmitt um þeirra viðkvæmasta veiðisvæði, sem mestar deilur eru uppi um — þeirra aðalvetrarvertíðarveiðisvæði. Ég held t. d., að ef þessi till. hefði verið við það miðuð, að heimild ráðh. hefði ekki náð til þessa svæðis, heldur miðuð aðallega við Vestmannaeyjaveiðisvæðið, þar sem það skiptir mestu máli, þá hefðu t. d. verið miklu meiri möguleikar til þess að hægt hefði verið að ná eðlilegu samkomulagi við þá, sem mestra hagsmuna eiga að gæta við útgerðarrekstur á Austurlandi, um frambúðarlausn á því, hvernig ætti að opna veiðisvæði fyrir Suðurlandi, heldur en verða mun, ef þessi till. verður samþ.

Nú berast og hafa þegar borizt mjög harðorð mótmæli frá skipstjórum og útvegsmönnum á Austurlandi einmitt gegn því, að þetta svæði verði opnað, og frá stærstu útgerðarstöðinni fyrir austan eins og Hornafirði, einni þýðingarmestu vetrarvertíðarstöð á landinu, hefur okkur þm. að austan borizt mótmælatill. gegn þessu, þar sem því er haldið fram, að verði þetta samþ., sé afkomu þeirra stefnt í beina hættu. Og ég held líka, að þetta sé rétt. Yrði heimildin þannig, að farið yrði t. d. eftir þessum ýtrustu kröfum, sem komið hafa frá Vestmannaeyjum, þ. e. að opna allt Suðurlandssvæðið upp að þremur mílum frá ströndinni, án þess að nokkrar reglur giltu til verndar netaveiðisvæðum eða línuveiðisvæðum, þá held ég, að hagsmunum þeirra sé stefnt í beinan voða. Það er mín skoðun, að það versta við þetta mál, sem liggur hér fyrir, sé einmitt þetta, að það sé verið að spilla möguleikum til þess að samstaða geti skapazt bæði innan þings og utan um lausn á málinu.

Ég hef sagt það hér áður og skal endurtaka það enn, að mín skoðun er alveg hiklaust sú, að ég er með því að auka til verulegra muna togveiðiheimildir innan fiskveiðilandhelginnar frá því, sem nú er. Ágreiningur við mig og marga aðra er því ekki um það mál, heldur hitt, að ég tel, að það verði að miða þessar auknu heimildir við það, að ákveðin séu tiltekin veiðisvæði og miðað við tiltekinn tíma, þar sem um yrði að ræða auknar heimildir fyrir togveiðar, og að þessi veiðisvæði og þessi veiðitími verði að miðast við það, að ekki sé gengið verulega á hlut þeirra, sem fyrir hafa verið á miðunum með önnur veiðarfæri, sem illa samrýmast togveiðarfærunum. Þannig að t. d. hefðbundin netasvæði báta séu ekki sett í hættu eða hefðbundin línusvæði, þar sem um það hefur verið að ræða, að þessi veiðarfæri hafi skilað verulegum árangri, og reglurnar séu ekki þannig, að úr þessu verði annaðhvort beinir árekstrar eða þetta verði til þess að spilla því, sem fyrir var. Þetta er alveg grundvallarsjónarmið, sem þarf að miða við, en það er engin leið, eins og ég hef sagt, til þess að setja reglur um þetta án þess að fá tíma til þess að tala nokkuð við þá menn, sem eiga mest undir þessu og eru veiðimenn frá þessum hagsmunasvæðum.

Landhelgismálanefndin var búin að ákveða alveg sína vinnutilhögun í þessum efnum og komin þarna vel áleiðis, og það virtist vera ríkjandi innan n. samstaða og sameiginlegt álit í þessa átt. Ég tel það mjög miður farið að spilla þessum möguleikum til samstöðu hér innan Alþ. til þess að reyna að leysa svona viðkvæmt mál og erfitt mál og þó einkum og sérstaklega að spilla þeim möguleikum, sem ég tel, að hafi verið fyrir hendi hjá fiskiskipstjórum og útgerðarmönnum til þess að komast að sómasamlegri málamiðlunarlausn á þessum vandamálum í stað þess að hafa þetta eins og verið hefur. Einn hrópar þessa kröfu, og annar hrópar allt aðra kröfu, og þannig hefur okkur ekki miðað neitt áfram. Það tel ég það versta við þennan tillöguflutning eða þessar áætlanir um það að reyna að reka í gegn þessa bráðabirgðalausn, að með því sé verið að koma í veg fyrir lausn á vandamálinu sjálfu.

Það er nú þegar komið hér fram að matartíma, og fundur er boðaður hér í fyrra lagi, og ég skal því ekki orðlengja þetta frekar, enda er ætlazt til þess, að þetta mál fari hér í n. og verði þá athugað í n. Hugsanlegt er þá, að menn geti þar fundið einhverja leið út úr þessum vanda, þó að flm. hafi ekki séð ástæðu til þess að leita eftir slíku samkomulagi, áður en þeir köstuðu málinu hér inn í þingið. Ég viðurkenni algerlega þann vanda, sem upp er kominn í sambandi við þá ákvörðun, sem dómsmrn. hefur tekið. Mér er það ljóst, að það er mjög miklum erfiðleikum bundið, ef það á að stoppa svo að segja allar togveiðar — þó ekki sé nema allan janúarmánuð og kannske hálfan febrúar. Ég er því engan veginn andvígur, að það sé leitað eftir því, hvort hægt er að finna einhverjar leiðir til þess að leysa þennan vanda, en ég fullyrði það, að þessi till. leysir ekki vandann — ekki nema part af honum, og hún felur í sér verulegar hættur varðandi lausn á aðalefni málsins, þ. e. að setja reglur hér um togveiðar í landhelgi á allmiklu víðara sviði en hér er fjallað um í þessari till. Og ég óttast það mest, að skyndiráðstöfun í þessum efnum verði til þess að spilla þeim möguleika.

Umr. frestað.

Á 29. fundi í Nd., 14. des., var fram haldið 1. umr. um frv.

Jón Skaftason: Herra forseti. Við, sem höfum setið hér á hv. Alþ. nokkuð lengi, minnumst þess, að annað veifið síðustu árin hafa verið flutt hér frv. nokkuð svipaðs efnis og það frv., er liggur frammi á þskj. 145 um breytingu á l. um bann gegn veiðum með botnvörpu og flotvörpu innan landhelginnar. Við minnumst þess, að allajafna, þegar mál þessi á annað borð hafa komizt það langt að vera tekin til umr. á hv. Alþ., hafa upp hafizt miklar og harðvítugar deilur um efni frv. og öll hafa örlög þeirra orðið hin síðari árin, að þau hafa dagað uppi. Ég minni á þessa staðreynd, því að mér finnst rétt að ganga út frá vissum forsendum, þegar við ræðum þessi mál, og hafa þá reynslu í huga, sem við höfum fengið hér á hv. Alþ. síðustu árin. Ég verð að segja það, að ég varð dálítið hissa, þegar ég sá það frv., sem hér var lagt fram fyrir tveim dögum, fyrst og fremst vegna þess að starfandi var n. tilnefnd af þingflokkunum öllum og skipuð af hæstv. ríkisstj. einmitt til þess að athuga þessi mál. Í öðru lagi fannst mér það nánast furðulegt að flytja frv. um jafnmikið og viðkvæmt deilumál og hér er um að ræða 5—6 dögum fyrir jólaleyfi þm. — á tíma, þegar mörg önnur stórmál eru til meðferðar — mál, sem vitað er, að þarf að afgreiða fyrir áramót. Það gaf því auga leið, að lítill tími mundi verða til þess að sinna jafnvandasömu máli og þetta er, enda virðist fyrsta reynslan frá umr. hér í gær gefa vissar vísbendingar um, að ekki muni þetta frv. óbreytt fara í gegnum þingið án mikilla umr. og deilna með þeim afleiðingum, sem það kann að hafa á frekari framvindu málsins í n. þeirri, sem starfar, ef hún þá starfar mikið lengur eftir þetta.

Það er látið að því liggja, að það þurfi að vinda að því bráðan bug að finna lausn — bráðabirgðalausn, eins og það er orðað — á mjög viðkvæmu vandamáli og ástandi, sem komið er upp eftir 1. des. s. l. Nánast er að því látið liggja, að það sé óhæfa að standa í vegi fyrir slíkri bráðabirgðalausn. Vegna þessa langar mig til þess í nokkrum orðum að rekja gang þessara mála — landhelgismálanna — á hv. Alþ. í nokkrum stórum atriðum til þess að sýna fram á, að þeir, sem nú vilja halda því fram, að það sé nánast óviðeigandi, að staðið sé gegn þessari bráðabirgðalausn, hafa ekki fyrir allt of löngu verið, að því er virðist, áhugalitlir um það, að þessi mál yrðu krufin til mergjar og reynt yrði að finna einhverja lausn á þeim, sem samkomulag gæti tekizt um.

Ég vil þá í fyrsta lagi minna á, að ég ásamt nokkrum fleiri hv. þm. úr Framsfl. höfum flutt till. hvað eftir annað — í þrjú til fjögur skipti — um skipun nefndar til þess að gera till. til Alþ. um skynsamlega nýtingu fiskveiðilandhelginnar innan landhelgislínunnar. Þessar till. okkar hafa verið svæfðar á hverju einasta þingi undanfarin ár, þannig að á þessum árum virðist ekki hafa verið ýkja mikill áhugi hjá mörgum þeim, sem nú tala allt í einu um, að ekki megi dragast í mánuð að reyna að finna samkomulagslausnir í þessum viðkvæmu deilumálum. Ekki virðist hafa verið á þeim tíma allt of mikill áhugi hjá þeim til þess að vinna að þessu málefni, meðan góður tími gafst til.

Ég vil næst minna á, að í fyrra á síðasta þingi var fyrir frumkvæði þm. úr þremur kjördæmum, þ. e. Suðurlandskjördæmi, Reykjaneskjördæmi og Reykjavík, komið á fót viðræðunefnd þm. úr þessum kjördæmum til þess að reyna að finna einhverjar lausnir á þeim vandamálum, sem fyrir hendi voru vegna þeirra reglna, sem giltu um botnvörpuveiðar í landhelgi. Því er ekki að leyna, að þm. af þessu svæði hafa á undanförnum mánuðum orðið fyrir allmiklum þrýstingi frá ýmsum sjómönnum og útvegsmönnum, sem hafa viljað fá aukin veiðiréttindi til botnvörpuveiða innan landhelginnar. Þetta mál hefur mjög á okkur brunnið öllum. Við vitum líka, að á þessu svæði, sem við erum fulltrúar fyrir, er einnig að finna mjög harðvítuga andstöðu gegn nokkurri rýmkun heimilda í þessum málum. Þess vegna er málið ákaflega erfitt viðfangs fyrir okkur alla og brennur heitt á okkur öllum. Hins vegar var það okkar skoðun og er enn, að ég má segja allra, að það ástand, sem hér hefur ríkt í þessum málum undanfarna mánuði og undanfarin ár, sé algerlega óviðunandi. Um það vorum við sammála, og þess vegna vildum við leggja okkur fram um það að reyna, hvort við gætum orðið sammála um einhverjar breytingar og skynsamlegri reglur í þessum efnum en fyrir hendi eru núna. Hæstv. ríkisstj. vissi um þessa vinnu okkar þm. úr þessum þrem kjördæmum. Ég lagði það hvað eftir annað til, að ríkisstj. gengi í það að skipa formlega n. til þess að annast þessi mál, svo að þetta væri tekið úr þeim farvegi, sem á ýmsan hátt var óeðlilegur, að einstakir þm. tækju sig saman um að skipa n. í málið til þess að vinna að því. En á það var ekki hlustað.

Ég vil þá næst minna á, að það var á síðasta Alþ., s. l. vor, að hæstv. sjútvmrh. skýrði þingheimi frá því, að nú hefði ríkisstj. loksins tekið á sig rögg í málinu og ákveðið að skipa í það nefnd frá öllum þingflokkunum og eftir tilnefningu þeirra til þess að athuga þessi mál í heild og gera till. um þau. Framsfl. og — ég held — raunar allir þingflokkarnir tilnefndu menn í þessa n.

strax í vor. Hins vegar dróst það í marga mánuði hjá hæstv. sjútvmrh. að koma því í verk að skipa n. og það var fyrst með bréfi 2. okt. s. l., að n. var skipuð. Með leyfi hæstv. forseta langar mig til þess að lesa upp það verkefni, sem n. var ákvarðað af skipunarvaldinu í þessu bréfi, en þar segir svo:

„Ríkisstj. hefur ákveðið að skipa 5 manna n. samkv. tilnefningu stjórnmálaflokkanna til þess að gera till. til ríkisstj. um fiskveiðar í fiskveiðilandhelgi. Till. eiga að miðast við sem bezta hagnýtingu fiskveiðilandhelginnar fyrir sjávarútveginn í heild og einstök útgerðarsvæði, og skulu þær ná til allra skipastærða og veiðiaðferða. Við tillögugerð sína skal n. gæta sérstaklega, að nauðsynlegt er að forðast ofveiði nytjafiska."

Þetta var það veganesti, sem n. hafði til þess að starfa eftir. En það var ekki eins og öllum steinum væri rutt úr vegi, þó að loksins hefði n. fengizt skipuð, því að af einhverjum ástæðum dróst það í heilan mánuð hjá formanni n. að kveðja hana saman til starfa. Ég rifja þetta upp til þess að sýna fram á það áhugaleysi og þann seinagang, sem hefur verið í þessu máli allt fram til allra síðustu daga, að allt á um koll að keyra og koma í gegnum hv. Alþ. í krafti flokkavalds mjög umdeildu frv. á einni viku. Ég minni á þetta, eins og ég sagði í upphafi, til þess að sýna það, hversu í raun og veru það er fráleitt, þegar því er haldið fram og látið í það skína, að við, sem erum ekki reiðubúnir til þess að samþykkja þetta frv. á stundinni óbreytt eins og það er, séum að standa í vegi fyrir einhverri bráðabirgðalausn, sem hafi skyndilega orðið til.

Það hefur verið áður frá því skýrt, að landhelgisnefndin kom saman 31. okt. s. l. og fyrstu fundirnir fóru mikið í umr. um það, hvernig eðlilegt væri að haga starfsháttum n. Mönnum varð það ljóst, að hér var um ákaflega viðkvæmt og vandasamt mál að ræða, og voru allir á því vegna fenginnar reynslu frá fyrri árum, að hér yrði að vinna varlega og í fullu samráði við þingflokka þá, sem tilnefnt höfðu nm. Það var um það fullt samkomulag í n. að kynna og skýra þingflokkunum frá gangi mála í n. jafnóðum og hlutirnir gerðust. Allir nm. voru sammála um, að umfram allt yrði að reyna að halda friðinn í n. og reyna að tengja saman ólík sjónarmið.

Það var svo, að okkur bárust um það fregnir nokkrum dögum fyrir 1. des. s. l., að til stæði, að hæstv. dómsmrh. veitti almenna sakaruppgjöf vegna landhelgisbrota og ákveðið væri frá sama tíma að breyta um framkvæmd í sambandi við réttargæzlu í landhelgismálum, en framfylgja þeim dómum, sem kynnu að verða kveðnir upp eftir 1. des. s. l. vegna brota, sem framin hefðu verið. Þetta var mikil breyting frá því, hvernig hlutirnir höfðu gengið til í þessum málum um nokkuð langan tíma. Þegar við í n. fréttum af þessum fyrirætlunum, slógu þær okkur alla jafnt mjög illa. Það var ákveðið og samþ. í n. að fela formanni n. að ganga á fund hæstv. ráðh. með einróma tilmæli nm. um það að hverfa frá þessari ráðagerð. Okkur þætti eðlilegra, fyrst n. væri starfandi í málinu, sem ætlaði sér að skila till. til ríkisstj. um mánaðamótin janúar—febrúar, að bíða með þessa breyttu framkvæmd, þar til séð væri, hver yrðu afdrif þeirra till., sem n. kynni að verða sammála um. En á það var því miður ekki hlustað með þeim afleiðingum, að nú stöndum við frammi fyrir miklu vandamáli í dag, sem er flutningur þessa frv., sem hér er verið að ræða og fyrst og fremst er til þess ætlað að skera hæstv. ráðh. niður úr snöru, sem hann hefur brugðið um háls sér, og þess er þá væntanlega vænzt, að við í stjórnarandstöðunni komum þar til hjálpar.

Þegar nm. varð það ljóst, að ætlun hæstv. dómsmrh. var sú að hvika í engu frá þessari ákvörðun sinni, leitaði formaður landhelgisnefndarinnar eftir því við nm., hvort þeir gætu orðið um það sammála að hverfa frá áður greindri vinnuáætlun um að skila till. um mánaðamótin janúar—febrúar og gætu orðið sammála um að skila einhverjum till. núna fyrir áramótin. Hann bað menn að kanna þetta hvern í sínum flokki, og ég hygg, að það hafi verið gert af okkur allflestum, en niðurstaðan varð sú, að með hliðsjón af þeim ráðstöfunum, sem þegar var búið að gera í málinu, m. a. það, að ýmsir þm. voru búnir að ákveða fundi í kjördæmum sínum t. d. á Austurlandi í janúarmánuði n. k. um þessi mál og önnur kjördæmi höfðu þegar kosið n. til þess að ræða við landhelgisnefndina um þetta og þar fram eftir götunum, varð það niðurstaðan a. m. k. í þeim flokki, sem ég tilheyri — og það var einróma álit allra, sem á þeim fundi voru, að sjálfsagt væri að halda fast við þá vinnuáætlun, sem gerð hafði verið í upphafi, enda sýndist mönnum það vera einasta vonin til þess að fá einhverja skynsamlega lausn á þessum málum, sem búin eru að vera deilumál í þinginu um margra ára bil. Það varð því úr, að n. gat ekki orðið sammála um að flytja till. eða till. svipaðs efnis og hér liggur fyrir einróma, en hins vegar hafa tveir menn í landhelgisnefnd tekið sig út úr og gerzt flm. að þessu frv.

Það má vafalaust halda því fram, að það þýði lítið að deila um það, sem gerzt hefur til þessa, þó að ég hafi rifjað þetta upp til þess að fá vissar forsendur. Aðalspurningin hlýtur náttúrlega að vera, hvað við getum gert nú í því vandræðaástandi, sem upp er komið. Mér sýnist, að hv. Alþ. eða hv. d. hafi um þrjá kosti að velja. Hún getur í fyrsta lagi reynt að hefja samninga um breytingar á frv., er gerðu það líklegt, að það mætti minni andstöðu í d. en það hefur þegar mætt og kemur til með að mæta. Þessi leið út af fyrir sig er æskileg að mínum dómi, og ég er reiðubúinn að ganga í það með öðrum að vinna að breytingum á frv., er gætu dregið úr þeirri andstöðu, sem fyrir hendi er í dag í d. Á þetta hefur lítillega reynt núna í gær og í dag, en það, sem ég hef heyrt um árangur af því, er harla lítið enn þá a. m. k. Þessi kostur, sem ég vil ekki útiloka, er að mínum dómi ekki nema sá næstbezti. Ég tel, að úr því, sem komið er, sé tvímælalaust bezt að draga þetta frv. eins og það er til baka og setja allan kraft, sem hægt er, í störf landhelgisnefndarinnar, þannig að öruggt megi telja, að till. frá henni geti legið fyrir núna strax seinni partinn í janúar. Sá væri beztur kostur að mínu viti. Þriðji kosturinn er sá, að með flokkavaldi verði reynt að knýja þetta frv. óbreytt fram í deildinni, en ég vara þá við þeim afleiðingum, sem það kann að hafa fyrir allt þetta mál í heild í framtíðinni. Hér er einungis um bráðabirgðalausn að ræða, sem gilda á um ákveðinn tíma. Ég þarf ekki að endurtaka það, sem ég sagði áðan, að ég tel, að slík bráðabirgðalausn knúin fram af meira eða minna handjárnuðu þingliði mundi marka djúp spor í

meðferð og lausn landhelgismálsins, þegar fram líða stundir.

Frv. þetta gerir ráð fyrir, að ráðh. hafi að fengnum till. frá Hafrannsóknastofnuninni og Fiskifélaginu heimild til þess að leyfa togveiðar á tímabilinu frá 1. janúar til 30. apríl 1969 á bátum allt að 200 brúttórúmlestir að stærð upp að 4 mílum fyrir Norðurlandi og upp að 3 mílum fyrir Suðurlandi miðað við strandlengju. Mér er það alveg ljóst, að þessi lausn er nægjanleg fyrir sumar verstöðvar í landinu. Mér er það fyllilega ljóst, að Vestmanneyingar eiga við mikla erfiðleika að stríða, ef engar breytingar fást á þessum reglum núna um einhvern tíma. En ég vil benda á, að með þeirri lausn, sem frv. óbreytt tryggir, er verið á hróplegan hátt að gera upp á milli útgerðarplássa, sem eru sambærileg á allan hátt. Vestmanneyingar mundu samkv. þessu fá nærri því öllum óskum sínum framfylgt, en nágrannaþorp Vestmannaeyja, Grindavík, fengi með frv. enga lausn sinna sérmála. Þó er það staðreynd, að um 15—20 bátar í Grindavík — smáir bátar, sem geta tæplega notað sér það að fara langt austur með landinu til togveiða og hafa stundað togveiðar á svæði, sem liggur innan þriggja mílnanna — fá enga lausn. Enginn þessara báta fengi nokkra lausn. Og á þetta svæði hafa einnig komið smærri bátar frá Keflavík og öðrum stöðvum við Faxaflóa, þannig að sé allt talið, má segja, að fjöldi þeirra báta, sem þetta svæði hafa stundað frá Reykjanestá og að Selvogsvita, sé nálega jafnmikill og fjöldi Vestmannaeyjabáta. Með frv. á að leysa vandamál Vestmannaeyjabátanna, en skilja hina alla eftir í sömu vandræðunum — í þeim vandræðum, sem hin nýja framkvæmd landhelgismálanna hefur skapað. Ég finn ekki minnstu sanngirni í svona lausn — ekki nokkra.

Frv. er um það að veita hæstv. sjútvmrh. heimild til þess að leyfa þessar veiðar. Nú liggur ekkert fyrir hv. d. um það, hvernig hæstv. ráðh. hyggst nota þessar heimildir eða hvort hann yfirleitt mundi nota þær. Um það vantar allar yfirlýsingar enn þá og hefði þó verið eðlilegt, að þd. yrði gerð ljós grein fyrir því, hvernig hæstv. ráðh. hyggst nota þær, ef þetta frv. verður samþ. En ég vil minna á, að það er ekki lítill vandi, sem ráðh. er fenginn með því að veita honum þessar heimildir. Hann hefur nokkuð víðtækar heimildir þegar frá Alþ. um það að leyfa togveiðar allt inn að 4 mílum á vissum stöðum á vissum tímum við landið, en hann hefur ekki treyst sér — og ég vil ekkert lá honum það — til að nota þær nema að mjög litlu leyti.

Ég held, eins og ég sagði áðan, að bezti kosturinn sé sá úr því, sem komið er, að reyna að hraða störfum í landhelgisnefndinni. Hv. 1. flm. þessa frv. segir þannig sjálfur í þeirri grg., sem fylgir frv., að veigamestu rökin fyrir því, að það sé flutt, sé einmitt sú staðreynd, að á aðalveiðisvæðunum bæði fyrir Suður- og Norðurlandi verða bátar ekki gerðir út yfir sumartímann með neinum árangri nema á botnvörpuveiðar. En nú eru allar líkur á því og nærri því vissa, að yrði beðið eftir till. landhelgisnefndarinnar og þær kæmu inn í hv. Alþ. um mánaðamótin janúar—febrúar og gæti tekizt um þær samkomulag, eru allar líkur á því, að hér væri hægt að afgreiða á hv. Alþ. nýjar reglur um þessi mál e. t. v. í febrúarmánuði, þannig að ekki er þá komið fram á sumartímann. Ég vil líka benda á, að einmitt í janúar og febrúar er nokkuð mikið línuúthald stundað einmitt á þeim tíma og það hefur komið fram m. a. á fundi, sem haldinn var 8. des. s. l. suður í Stapa í Njarðvíkum, að menn þar töldu, að ákveða yrði línunni sérstök svæði, sem ekki mætti toga á einmitt í janúar og febrúar.

Því hefur verið haldið fram, að það hafi verið eðlilegt af hæstv. dómsmrh. að breyta til um framkvæmdina um viðurlög við landhelgisbrotum núna 1. des., því að það hefði orðið að knýja Alþ. til þess að leysa þessi mál. Hvað sem um þessa röksemd hefði mátt segja t. d. á s. l. ári og fyrri hluta þessa árs, þá held ég, að það sé mjög erfitt að finna henni stað einmitt núna. Ég held, að nú í fyrsta skipti hafi verið vegna starfa landhelgisnefndarinnar nokkur von um, að samkomulag gæti tekizt um lausn þessara mála. Ég er ákveðið þeirrar skoðunar, að við eigum að hagnýta okkur landhelgina á eins skynsamlegan hátt og mögulegt er að beztu manna yfirsýn og hafa hliðsjón af búsetu manna víðs vegar um landið, þegar við ákveðum þau not. Að þessu stefna störf landhelgisnefndarinnar. Nú á að hleypa öllu í hnút í störfum landhelgisnefndarinnar. Það á að kljúfa hana með þessu frv. og hv. Alþ. líka í afstöðunni til þessa máls núna rúmum mánuði áður en búast má við því, að till. komi frá landhelgisnefndinni. Þetta tel ég mjög óviturlega aðferð og get því ekki tekið undir það, að að því liggi rétt rök, að hæstv. ráðh. ákvað þessa breyttu aðferð í sambandi við landhelgisbrotin einmitt núna. Hann hefði að mínu viti betur beðið með að breyta til, þar til útséð var um nýjar till. um landhelgismálið.

Hv. 3. þm. Sunnl. hefur lagt fram hér brtt. við frv. sitt, sem ég fæ ekki séð, að skipti nokkru einasta máli. Þá heimild, sem hann þar leggur til að veita ráðh., er alla að finna í frv., þannig að hér er ekki um nokkurn nýjan hlut að ræða.

Ég vil svo að síðustu segja þetta: Mér er vel ljóst, að það er óhjákvæmilegt að veita einhver aukin fríðindi til togveiða innan landhelgi frá því, sem núna er á vissum svæðum og á vissum tímum ársins. Ég tel yfirgnæfandi hagsmuni bundna við það frá því, sem er. Ég trúi því líka og treysti, að með ítarlegri könnun verði unnt að koma þessum breytingum fyrir án þess að skerða lífshagsmuni sjómanna, er aðrar veiðiaðferðir nota, og án þess að ganga of nærri fiskistofnunum hér við land. Langlíklegasta leiðin til þess, að þessu marki verði náð, er sú að undirbyggja tillögugerð vel og kynna tillögurnar í þingflokkunum stig af stigi. Þessi er hugsunin að baki landhelgisnefndarinnar. Ef nú á að spilla þessum grundvelli með því að efna til harðvítugra deilna um þetta viðkvæma mál á síðustu dögum þinghaldsins fyrir jólaleyfið, þá tel ég, að meira tapist fyrir okkur, sem viljum auka réttindi togveiðibátanna, en vinnist auk þess óréttlætis, sem það skapar þeim, sem algerlega hliðstæða aðstöðu hafa og ég vék hér að rétt áðan.

Í fyrsta lagi er allsendis ólíklegt miðað við fyrri undirtektir á Alþ., að meiri hluti sé fyrir þessu máli eins og það ber nú að og í því formi, sem það er. Í öðru lagi tel ég mig hafa sýnt fram á, að hæstv. ríkisstj. hafi sýnt málinu fyllsta tómlæti til þessa og með síðustu skyndiaðgerðum sett málið í þann hnút, sem henni ber að leysa og hún hefur á sínu valdi að leysa, þannig að landhelgisnefndinni gefist tóm til þess að skila till.

sínum á þeim tíma, sem í upphafi var ákveðinn. Á þennan hátt einan tel ég sæmilegt að vinna að þessu máli.

Björn Pálsson: Herra forseti. Ég skil ekki vel afstöðu þessara virðulegu nm. Mér skilst á málflutningi þeirra, að þeir líti svo á, að það sé komið aftan að sér á einhvern hátt og n. sé á einhvern hátt sýnd lítilsvirðing. Þetta er fjarri því. Frv. er alveg tímabundið, og það er tímabundið vegna þess, að það er ætlazt til, að n. hafi aðstöðu til að starfa á þessu tímabili. Ég hygg, að þeim veiti ekkert af þessum 4 mánuðum — eða hvað það nú er — til þess að undirbúa sínar till., og ef þeir koma með þær fyrr, er það allt í lagi. Þá eru þær lagðar fyrir þingið og verða samþ. sem lög, og þar með er þetta frv. fallið úr sögunni. Þeir geta lagt það fram í janúarlok. Það er ekki sennilegt, að þingið komi hér saman fyrr en í janúarlok, og ætli það veiti af 1—2 mánuðum til að ræða það og undirbúa. Annars vona ég, að þeim takist vel í sínum störfum og þeir komi með viturlegar till., en ég er nú enginn spámaður. En ég hygg samt, að þeim takist aldrei að koma með till., sem allir eru ánægðir með. Það geta orðið einhverjar deilur um það frv., sem þeir koma með, bæði meðal okkar og eins úti í byggðunum. Ég hygg nefnilega, að engin n. og enginn maður geti komið með till., sem allir telja réttlátar og skynsamlegar í þessu máli. En að við séum á einhvern hátt að gera lítið úr störfum þeirra; það er fjarri því. Og við höfum ekki verið með neinar árásir á þeirra starfshætti.

Það er engin ástæða til að kenna einstökum nm. um, hvað þessi störf hafa dregizt. Ef á að kenna einhverjum um það, er það sjútvmrh. og þá helzt formaður n., sem ekki hafa hafið störf fyrr. Það er enginn að vanþakka störf nm. eða ráðast á þá. Það er fjarri því. Þetta er aðeins bráðabirgðalausn, og það má deila um, hvort ekki hefði verið hægt að komast hjá þeim atvikum, sem hafa valdið því, að nauðsyn er að leysa þetta mál nú. En úr því, sem komið er, er það tilgangslaust. Við þurfum að leysa þetta mál og leysa það strax. Það má vel vera, að hefði ekki verið farið að náða þessa lögbrjóta og hefðu þessir 4 bátar ekki verið að toga fyrir utan gluggann hjá Landhelgisgæzlunni, þá hefði þetta ekki komið til. Allt hefði verið, eins og það var. En þetta bara skeði. Landhelgisbrjótarnir voru náðaðir, en hinir toguðu. Þeim var refsað — eða afli og veiðarfæri tekin af þeim, að mér skilst. Þeir hafa enga peninga til þess að innleysa veiðarfærin og borga sektirnar. Við vitum ósköp vel, hvernig fjárhag bátanna er háttað nú, og ef á að breyta þannig við þessa fjóra, þá verður að sjálfsögðu að gera það við aðra. Það er nú þetta, sem hefur skapað þessa aðstöðu, og vandinn er fyrir hendi og hann verður að leysa. Vestmanneyingar eru búnir að binda sína 40 báta og fara ekki á sjó fyrr en þeim er leyft annaðhvort að toga, eins og þeir hafa gert, og leyft að brjóta lögin eða einhver breyting er á gerð. Og vilja þessir menn, sem vilja fresta málinu, bera ábyrgð á því? Bátseigendur sjálfir segjast ekki hafa efni á þessu. Þeir hafi ekki efni á að bíða aðgerðarlausir. Ég lít þannig á, að þetta sé hlutur, sem við þurfum að leysa.

Við vitum, hvernig það er, þegar einstakir menn koma með frv. í þingið. Ég er nú ekki gamall þm., en ég hef fengið að sjá það, að það má heita ógerlegt að koma fram máli. Það er alveg án tillits til þess, hvort það er skynsamlegt eða ekki. Ef einstakir þm. koma með eitthvað, er það venjulega svæft, nema það sé þá alveg einskis virði og það sé þá gert fyrir þá að lofa því að fljóta í gegn — þáltill. eða eitthvað slíkt, sem ekkert er svo gert með. Þannig er nú ástandið í þinginu, og ég tel þetta dálítið vafasaman hlut. Ég sé ekki að neinn þurfi að vera móðgaður á nokkurn hátt, þó að það sé ekki hægt að ræða við alla þm., áður en frv. er borið fram t. d. eins og þetta frv. Það er lagt fram af nokkrum mönnum. Það er ætlazt til, að það fari í n. Það hefur víst enginn okkar lýst því yfir, að við getum ekki gengið inn á breytingar. Ég fyrir mitt leyti sagði meðflm. mínum það strax, að persónulega óskaði ég eftir, að vissum ákvæðum væri breytt í frv. eins og það liggur fyrir. En við vitum það, að þótt einhver einn maður vilji eitthvað í 60 manna hóp, getur hann ekki ætlazt til þess að fá algerlega að ráða. Og það er mér vel ljóst.

Ég lagði fram frv. um lausn á þessu fyrir þremur árum. Tvisvar var það svæft, en svo stóð dómsmrh. upp, þegar ég kom með það í annað eða þriðja skipti, og lýsti því yfir, að þetta væri nauðsynjamál og þetta þyrfti að leysa, enda er hann manna sanngjarnastur og samvinnuþýðastur. Ég held, að vegna stuðnings dómsmrh. hafi óbeint komið þessi nefndarskipun. Við vorum, held ég, þrír í sjútvn. í fyrra, sem breyttum þessu frv., sem ég lagði upphaflega fram, og bættum inn í það. Ég taldi það raunar ekki til bóta, en ég gekk inn á það. Við lögðum þetta fram hér í fyrra. Það fékkst ekki samstaða um það m. a. af því, að hæstv. sjútvmrh. var á móti því, að þetta væru heimildarlög, og mér skildist, að hann væri því alls ekki fylgjandi, að hann kærði sig ekkert um að hafa þetta vald og óskaði eftir því, að þetta væri ákveðnara og hann þyrfti minni ábyrgð að bera á framkvæmdunum.

Ég held nefnilega, að það sé þannig með þessa landhelgislöggjöf, að við verðum að þreifa okkur áfram. Það getur enginn maður fullyrt í dag, hvað hagkvæmt er að gera t. d. eftir nokkur ár. Reynslan verður að skera úr í því efni, og ég held, að það sé þannig með landhelgina eins og með túnin okkar, að við þurfum að rækta hana á skynsamlegan hátt og nytja á skynsamlegan hátt. Og það er ómögulegt hvað lengi, sem þessi virðulega nefnd starfar, þá getur hún aldrei komið með þannig frv., að það sé hægt að fullyrða, að það sé varanleg lausn á málinu. Og við getum aldrei samþ. frv. um efni líkt og þetta, þannig að við getum ekki búizt við, að reynslan sýni, að hagkvæmt sé að breyta því á einhvern hátt. Við skulum ekki vera að gera okkur svo stóra.

Í þessu frv. er miðað við þriggja mílna takmörk frá strönd á Suðurlandi og fjögurra mílna takmörk fyrir norðan frá yztu annesjum, eins og gamla grunnlínan var, og viðvíkjandi því vil ég benda þessum mönnum á, sem eru að tala á móti þessu, að þetta er miklu meiri friðun en var, því að þeir fóru um allt alveg upp undir kálgarðana. Og ef einhvers staðar var einhver hraunlaus blettur hér á vestursvæðinu, var togað á honum. Þetta er þó friðun frá því, sem verið hefur, þannig að ástandið ætti að verða betra en það hefur verið undanfarin ár. Hitt má svo um deila — og persónulega hafði ég þá skoðun, að réttast væri að friða fyrir togi svæðið

vestan við Vestmannaeyjar síðari hluta vetrar a. m. k., hvað sem um sumartímann er. Við litum svo á, að þar ættu netabátarnir að fá þá aðstöðu, og eins er það með aðalhrygningarsvæðin. Raunar er það hraunið, sem verndar hrygningarsvæðin. Það vitum við, og sennilega væri allt annað ástand í okkar fiskveiðimálum, ef hraunið væri ekki til þess að forða frá því, að það væri togað á þeim svæðum. En þetta er allt atriði, sem þarf að athuga.

Viðvíkjandi Norðurlandi skal ég taka það fram, að ég legg ekkert sérstakt kapp á, að það sé neitt ákveðið um það nú. Ég lít svo á, að það skipti þá ekki miklu máli í vetur. Ég hygg, að þeir skjótist inn fyrir línuna, þegar ísinn kemur, eins og þeir gerðu s. l. vetur, hvort sem við samþykkjum þetta frv. eða ekki. Hitt er mér ljóst, og ég er búinn að tala um það ár eftir ár í Norðurl. v., að þeir gætu aldrei fengið hráefni að sumrinu og ekki nema takmarkað að vetrinum nema með togveiðum. Fyrst voru allir á móti þessu. Reynslan hefur bara sýnt, að þetta er satt. Nú fóru þeir að nota togbát í sumar á Sauðárkróki, og fólkið hafði nóga vinnu — líka á Skagaströnd — og hefur haft miklu meiri atvinnu heldur en vanalega. Á Siglufirði hefur alltaf verið gert dálítið af því að veiða í tog, og á Hofsósi eru þegar hafnar tilraunir til að fá togskip. Togveiðar fyrir Norðurl. v. eru frumskilyrði fyrir atvinnulífi í byggðunum. Hitt er svo annað mál, að þessir bátar þurfa ekki að veiða innan landhelgi á sumrin. Það, sem vakti fyrir mér, þegar ég kom með frv. upphaflega, var, að það væru veittar einhverjar undanþágur að vetrinum. Þá eiga bátar af takmarkaðri stærð erfitt með að fara lengst út í haf. Og það ætti að vera hægt án þess að eyðileggja fiskstofninn.

Annað er það, að það getur vel komið til greina, og þessi n. ætti að athuga það, hvort það gæti ekki komið til greina, að hafa möskvastærðina stærri en verið hefur, því að ég sé ekki ástæðu til að við séum að veiða smáfiskinn, þegar ástandið er þannig hjá fiskvinnslustöðvunum, að þær vilja helzt komast hjá því að vinna hann eins og var t. d. fyrir norðan í sumar. Það borgaði sig ekki fyrir frystihúsin að kaupa hann, verðið var það hátt á minni fiskinum, og þeir tóku hann alls ekki, og þá var það vitleysa að halda sig á þeim svæðum, þar sem smáfiskurinn var.

Svo þurfum við að vernda fiskstofninn framvegis. Ég er ekki neinn sérfræðingur í þessum málum, og þær upplýsingar, sem ég hef, og sú litla þekking byggist á samtölum við menn, sem eru mér reyndari. Mér hefur skilizt það, að smáfiskurinn héldi sig mest út af Norðausturlandi uppvaxtarárin. Ég tel það mjög athugandi, að við ættum að hætta að veiða í dragnót eða a. m. k. að takmarka það miklu meira en gert hefur verið. Ég er alveg með Jóni Árnasyni í því, að við ættum að friða Faxaflóasvæðið alveg. Þessu verður reynslan að skera úr. Ég álít, að stjórnin á þessum málum hafi ekki verið nógu góð, og það er ósæmilegt af Alþ. að hafa látið það viðgangast að geta ekki komið sér saman um einhverja skynsamlega lausn á þessu og láta flesta brjóta lögin. Þegar bátarnir gera það, er þá ekki eins eðlilegt, að stóru togararnir geri það líka. Það er ekki sæmandi fyrir þing og stjórn að haga löggjöfinni þannig, að fleiri tugir báta þverbrjóti lögin og það sé orðin hefð að brjóta þau. Ef lögin eru þannig, að það sé ekki hægt að fara eftir þeim, þá á að breyta þeim. Og þingið hefði auðvitað átt að vera búið að þessu. Þetta er ekki sæmandi fyrir okkur.

Svo er að nýta landhelgina. Mér er sagt, að í fjörðunum á Norðausturlandi sé mikið af kola og hann sé hægt að selja vissa tíma ársins, og við vitum, að í vetur var salan í Englandi óvenjulega góð. Þarna eru verðmæti, sem ekki eru fullnýtt. Þessu þarf að stjórna. Það þarf að veita vissri tölu báta heimild til þess að stunda þessar veiðar og stunda þær á skynsamlegan hátt, og mér er sagt, að koli muni frekar óþarfur þegar mikið er af honum. Sjálfsagt er að nýta kolann á skynsamlegan hátt. Fjarstæða er, eins og var gert fyrir Norðausturlandi, þegar dregið var með síldarnætur að veiða þorsk, að taka smáþorskinn í næturnar og verða að henda miklu af honum. Þetta er þó algerlega bannað. Og það er ekki von, að sjútvmrh. persónulega geti stjórnað þessu. Ég held, að í framtíðinni ætti það að vera þannig, að hann hefði í þjónustu sinni einhvern sérfróðan mann, sem gæti sinnt þessu og veitt undanþágurnar. Þetta væri maður, sem starfaði utan við alla stjórnmálaflokka og gæti þess vegna starfað áfram, þó að það yrðu ráðherraskipti. Þetta væri sérfróður maður. Það er víst margt embættið óþarfara en að hafa mann, sem stjórnaði þessum málum og veitti þær undanþágur, sem heimilt væri — ef það væri skynsamlegt — í samráði við okkar sérfræðinga í þessum málum. Þetta eru allt hlutir, sem þurfa að koma, og reynslan þarf að skera úr, á hvern hátt hagkvæmast er að framkvæma þá.

En hvað sem þessu öllu líður, er það frv., sem við flytjum nú, bráðabirgðalausn á málinu og til að leysa málið, meðan n. er að starfa. Þess vegna get ég ómögulega skilið, hvers vegna nm. taka þetta óstinnt upp, eins og það sé einhver árás á þeirra starf. Það er svo fjarri því. Það er ekkert verið að deila á þá, og þeir geta unnið í næði fyrir þessu og m. a. s. betra næði. Þeir geta farið sér hægar og ráðgazt meira við menn úti á landi. En þó að þeir kalli saman allar mögulegar nefndir og geri allt það bezta, sem þeir geta, munu þeir aldrei koma með nokkurt frv. þannig, að allir verði ánægðir með það og engar deilur verði um það. Og það eru ekkert meiri deilur, sem verða um þetta frv., en þó að þeir hefðu komið hér með frv. inn í þingið og lagt það fram. Það mundu verða einhverjar deilur og einhver óánægja með það. En þarna er mál, sem þarf að leysa. Það má vera, að það hefði verið hægt að komast hjá því, en það er enginn alvitur, og við verðum að taka hlutina, eins og þeir eru núna. Það er búið að binda fleiri tugi báta, og þeir vilja ekki fara af stað með þá, nema einhver lausn fáist á þessu, sem ekki er von raunar. Þeir hafa engin efni á að láta taka af sér veiðarfærin og aflann og sekta sig. Það er ekki sæmandi fyrir okkur að leysa þetta ekki á einhvern hátt.

Ég lít svo á, að þetta sé algerlega ópólitískt mál, því að það er sama, hvaða ríkisstj. er, fólkið verður að lifa í landinu, og það verður að geta unnið sín störf, þannig að ég lít ekki þannig á, að þetta sé á nokkurn hátt pólitískt mál. En við erum búnir að draga ósæmilega lengi að leysa þennan hlut, og ég held, að við kórónuðum það allt saman, ef við hlypum nú heim í jólafríið án þess að hafa manndóm til þess að taka á nokkurn

hátt afstöðu til þessa máls. Verði þessi till. okkar felld, verður hún felld. Það er ekki okkar sök. Þá taka þeir ábyrgðina á sig, sem fella hana.

Birgir Finnsson: Herra forseti. Það frv., sem hér liggur fyrir til umr. á þskj. 145, mun væntanlega koma til n., sem ég á sæti í, og get ég þar komið fram þeim sjónarmiðum, sem mér býður við að horfa í þessu máli. En ég vildi þó ekki láta 1. umr. málsins líða svo, að ég gerði ekki örfáar aths. í tilefni af flutningi þessa máls, en það verður mjög stutt, herra forseti.

Ég býst við, að engum hv. þm. dyljist, að landhelgismálið er mjög vandmeðfarið og á því eru margar hliðar. Ég vil fyrst nefna þá hlið, sem ég hygg, að enginn hv. ræðumaður hafi enn þá nefnt í þessum umr., sem fram hafa farið, en það er samhengið milli nútíðar og fortíðar í landhelgismálinu og þó ekki hvað sízt samhengið milli fortíðar og framtíðar. Við vitum það allir, að við þurftum mikið fyrir því að hafa að færa landhelgina út í 12 mílur miðað við þá grunnlínustaði, sem nú eru í gildi. Þetta kostaði langa og harða baráttu, og þá baráttu byggðum við á því sjónarmiði, að það væri landi og þjóð lífsnauðsyn að friða fiskimiðin næst ströndum landsins. Við vitum það líka, að það er í fullu gildi samþykkt, sem hv. Alþ. hefur gert um áframhald þessarar baráttu — áframhald, sem miðar að því að fá allt landgrunnið umhverfis landið friðað. Ég lít þess vegna þannig á, að allt, sem við gerum í landhelgismálinu, verðum við að miða við það, hvernig áhrif það hefur í þessu sambandi. Getur það skaðað málstað okkar við frekari aðgerðir við útfærslu landhelginnar, eða skiptir það engu máli?

Ég álít, að einhvern mesta sigur í landhelgismálinu hafi Íslendingar unnið með útfærslunni í 4 mílur, þegar grunnlínupunktarnir, sem þá voru ákveðnir, voru settir. Með þeirri aðgerð var í raun og veru stigið stærsta sporið í landhelgismálinu. Þá voru helztu flóar og firðir allt í kringum landið friðaðir, og mér er það mjög til efs, að það sé æskilegt spor í landhelgismálinu að ganga svo langt til móts við þá, sem nú heimta aukin réttindi til togveiða í landhelgi, að fara inn fyrir 4 mílur frá þeim grunnlínustöðum, sem nú gilda. En í því frv., sem hér liggur fyrir til umr., er gert ráð fyrir, að á Húnaflóa verði leyfðar togveiðar í landhelgi miðað við grunnlínupunkta, sem í gildi voru til 1. sept. 1958. Reyndar er lengra gengið í þessu efni, að því er tekur til suðurstrandarinnar. Þar er gert ráð fyrir, að farið verði allt upp að 3 sjómílum frá strandlengju.

Nú skal ég taka það fram, að mér er það vel ljóst, að staðhættir á hinum ýmsu stöðum á landinu eru ekki alls staðar þeir sömu. Þeir eru mjög breytilegir. Það er ekki sama aðstaða t. d. við Vestfirði eins og við suðurströndina einfaldlega vegna þess, hvernig landið er í lögun. Ég get vel skilið óskir þeirra sjómanna og útgerðarmanna við suðurströndina, sem telja sér ekki nægja minna en það, sem kallað hefur verið manna á milli að fara alla leið upp í kálgarðana. En þá kemur þetta, sem ég nefndi áðan, að við verðum að skoða þessa hluti í samhengi. Við höfum einsett okkur að vinna að því áfram — og ríkisstj. Íslands hefur unnið að því — að undirbúa nýja sókn í landhelgismálinu. Við höfum einsett okkur að vinna að því að fá allt landgrunnið friðað, og mér finnst þess vegna spurningin vera þessi: Geta ekki aðgerðir eins og þessar skaðað okkur í því máli? Ég mun þess vegna, þegar þetta mál kemur til hv. sjútvn., óska eftir því, að á fundi n. mæti sérfræðingar ríkisstj. í alþjóðarétti til þess að láta í ljós álit sitt á þessu atriði. Mín afstaða til þess, hvort komið verði til móts við óskir manna hér við suðurströndina að þessu leyti, mun byggjast á því, hvaða upplýsingar við fáum frá sérfræðingi ríkisstj. í alþjóðarétti. Varðandi Húnaflóa tel ég ekki koma til mála að taka upp grunnlínupunktana, sem í gildi voru til 1. sept. 1958, og mun reyna í sjútvn. hv. d. að fá því ákvæði frv. breytt.

Annað atriði, sem snertir Vestfirðina í þessu máli, er það, að takmörkin, sem togveiðarnar miðast við, eru miðuð við línu, sem á að vera dregin beint í norður frá Horni. Ég áskil mér einnig rétt til að flytja brtt. við það ákvæði að færa þá línu norðar. Eftir núgildandi reglum um grunnlínustaði hygg ég, að næsti grunnlínupunktur þar fyrir austan sé Skagatá. Ég viðurkenni fúslega, að auk þess, sem það er vandamál fyrir fiskvinnslustöðvar og einstök byggðarlög eins og Vestmannaeyjar og Grindavík, að fiskimiðin þar í nánd séu hagnýtt á sem skynsamlegastan hátt, hvort heldur er með togveiðum eða á annan hátt, þá er líka um að ræða í sambandi við þetta mál mikinn vanda allt í kringum landið hjá bátum, sem byggðir voru upphaflega fyrir síldveiðar. Látum okkur segja, að þetta séu allt að 200 tonna bátar, sem nú eru orðnir of litlir til að stunda þær veiðar, eftir að síldin hefur fjarlægzt landið eins mikið og raun ber vitni. Ég tel, að við verðum í sambandi við þetta mál að skoða einnig vanda þessara báta.

Það hefur verið deilt um það hér, hvort störf stjórnskipuðu nefndarinnar, sem hefur haft þetta mál til athugunar, væru ekki trufluð með flutningi þessa frv., og sumir hv. ræðumenn hafa tekið svo djúpt í árinni að segja, að þeir teldu, að með flutningi þessa frv. væri nefndarstörfunum í raun og veru lokið. Ég get nú ekki alveg fallizt á þetta sjónarmið. Ég álít, að við verðum, eins og ástandið er, að skoða þetta mál mjög vandlega og athuga, hvort ekki sé hægt að komast að einhverri niðurstöðu, sem geti gilt til bráðabirgða. Eins og atvinnuástandið er í landinu, getum við ekki skotið okkur undan þessum vanda, þó að hann sé mikill, eins og ég hef tekið fram. Ég veit, að öllum hv. alþm. er ljóst, að þetta mál er ákaflega vandleyst, þannig að hvort tveggja sé gert að leysa vandamál augnabliksins, ef svo mætti segja, og halda í horfinu með áframhaldandi sókn í málinu. Þennan vanda, álít ég, að Alþ. komist ekki hjá að glíma við, og ég skal þess vegna ekki skorast undan því að fjalla um þetta frv. í sjútvn., þótt tíminn til þess sé naumur.

Ég vil samt vænta þess, að landhelgismálanefndin, sem hæstv. ríkisstj. hefur skipað, verði látin halda áfram störfum. Þótt okkur takist að komast að einhverri niðurstöðu — sem mjög æskilegt væri, að viðtæk samstaða næðist um, þ. e. um þessa bráðabirgðalausn — þá álít ég, að það eigi að halda áfram að vinna að málinu á þeim grundvelli, sem landhelgismálanefndin hefur þegar lagt með viðtækri upplýsingasöfnun og viðræðum við þá aðila, sem mestra hagsmuna eiga að gæta.

En allt, sem við gerum í þessu efni, verður að vera

þannig fram sett af okkar hálfu, að við getum sannfært aðrar þjóðir um, að við stefnum að því hvort tveggja að vernda fiskstofnana við Ísland og hafa af þeim hámarksarð og við séum einfærir um það, en ætlum okkur ekki að eyða fiskstofnunum við Ísland. Ef svo fer, sem margir halda fram, að auknar togveiðar nær ströndinni þýði aukið dráp á smáfiski, þá hygg ég, að það sé verr af stað farið en heima setið. Við höfum verið að undirbúa till. um það á alþjóðavettvangi að fá friðuð stór svæði út af Norðurl. e., þar sem talið er, að séu uppeldisstöðvar ókynþroska fisks. Fiskifræðingar okkar hafa sýnt fram á, að það eru fyrst og fremst Englendingar, sem veiða þennan ungfisk í miklu stærra mæli en við, og við höfum þegar bent á hættuna, sem þessu er samfara. Það mundi ekki bæta okkar málstað að þessu leyti, ef við tækjum nú sjálfir upp á því að veiða ungfiskinn í enn þá stærra mæli en við höfum gert. Það hefur verið nefnt af hv. flm. þessa frv., að þeir væru til viðtals um það að setja í frv. ákvæði um aukna möskvastærð. Ég álít, að það sé skynsamleg till. og hana eigi að taka upp í sjútvn.

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. Ég mun ekki verða langorður um þetta mál að þessu sinni, þó að ég hefði haft löngun til að segja hér ýmislegt um landhelgina og afnot Íslendinga af henni. En ég álít, að þar sem hefur komið fram till. frá 1. flm. þessa máls um að vísa málinu til sjútvn., þá sé skynsamlegt, að málið komist úr þessu sem fyrst til n., enda muni henni ekki veita af tímanum til þess að skoða málið, ef það á að vera hægt að afstýra óhöppum eins og nú er komið.

Ég álít, að afnot af landhelginni sé eitt stærsta mál íslenzku þjóðarinnar, þ. e. að finna skynsamlegar reglur fyrir afnotum af landhelginni, og verður þar að taka jöfnum höndum tillit til þess að friða nægilega mikið af ungfiskinum, þ. e. að koma fiskinum upp, og hins, að sem arðsamastar veiðar geti átt sér stað í landhelginni og með heppilegum veiðarfærum. En það er hægara sagt en gert að koma þessu skynsamlega fyrir, eins og við vitum. Og margar uppástungur hafa komið fram á undanförnum árum, eins og hér hefur verið rakið í umr., en þær hafa þó verið skynsamlegastar að minni hyggju, sem miðað hafa í þá átt að setja niður æðimarga aðila til samstarfs til þess að reyna að komast að niðurstöðu, og það er sorglegt, hvað dregizt hefur að koma slíku samstarfi á. Ég skal þó ekki fara að metast um það í dag, hverjum það er að kenna, að það hefur dregizt og raunar heldur ekki, hverjum það er að kenna, að samstarfi hefur nú verið sundrað um sinn. En ég vil þó segja, að með flutningi þessa frv. og því, sem skeð hefur upp á síðkastið, hafi þessi mál færzt í óvænt efni úr allgóðu horfi, sem þau voru komin í.

Sannleikurinn er sá, að það er mjög nauðsynlegt fyrir þm. að gera sér grein fyrir því, að það var búið að gera eins konar sáttmála um það, hvernig vinna skyldi að þessu vandasama máli. Og þessi sáttmáli, ef má kalla hann því nafni, hefur verið undirbúinn ærið lengi, og það hefur verið mikil fyrirhöfn að koma honum í höfn. En sáttmálinn var þannig — það vitum við allir — að landhelgisnefndin skyldi hafa frið til þess að starfa og menn skyldu leggja sig fram um að starfa með henni. Þm. legðu vinnu í að kynna sér viðhorfin heima fyrir, þræðir skyldu síðan hnýttir saman á vegum landhelgisnefndarinnar í janúar í þeirri einlægu von, að hægt yrði í vetur að koma alveg nýrri skipan á þessi mál. Og stefnan hefur verið sú, að þá yrði að auka eitthvað heimildir til þess að veiða í landhelginni og leysa þannig það ófremdarástand, sem skapazt hefur í þeim efnum. Einnig sýnist ótvírætt og stutt að nokkru leyti af reynslu og a. m. k. sérfræðilegum vitnisburðum, að það muni vera skynsamlegt og óhætt að nota botnvörpuna meira en gert hefur verið á vissum svæðum, en reyna þá heldur að herða friðunina á öðrum svæðum. Raða sjónum niður í reiti, ef svo mætti segja, sem notaðir væru eftir því, sem skynsamlegast þætti, sumpart til friðunar, sumpart til þess að veiða með línu og handfæri eingöngu, sumpart til þess að veiða með netum og sumpart til þess að veiða með botnvörpu og dragnót — og þetta líklega mismunandi eftir árstíma. Á allt þetta hefur verið drepið hér, og enginn vafi er á því, að þetta verður niðurstaðan, en þetta er ekki einfalt mál að raða þessu saman, eins og margir hafa með réttu lagt áherzlu á.

Það er alveg óhætt að gera sér grein fyrir því, að svona vandasamt mál kemst ekki farsællega í höfn, ef allt er sett í uppnám í miðju kafi. Það þýðir ekki að vera með nein ólíkindalæti í þessu og segja, að það sé ekki gengið fram hjá neinum o. s. frv. Það getur verið gaman að velta vöngum með svona orðatiltækjum. En allt eru þetta ólíkindalæti. Við vitum það, að sé farið í að leysa einhvern viðkvæman þátt út úr þessu núna á stundinni, verður öllu meira og minna hleypt í uppnám og mikið af þeirri vinnu, sem búið er að leggja í að fá kyrrð í kringum málið og skynsamlega skoðun á því, reynist hafa verið unnið fyrir gýg. Og enginn veit, hversu langan tíma það tekur að fá aftur þannig ró á hugi manna, að þeir fáist til þess að skoða þetta mál með hæfilegri hugarró.

Í þessu eru hagsmunaárekstrar geysilega miklir bæði milli einstakra manna eftir því, hvernig tæki þeir eiga, og landshluta og byggðarlaga. Menn hafa mjög mismunandi skoðanir á þessum hlutum — einnig þeir, sem ekki eiga beinna hagsmuna að gæta nema þá sem Íslendingar, en það eiga allir í þessu þýðingarmikla máli. Sumir eru mjög uggandi út af ungfiskinum o. s. frv., o. s. frv. Ég vildi líta þannig á, að þetta frv. hafi komið eins og þruma úr heiðskíru lofti eða a. m. k. léttskýjuðu lofti. Það mætti kannske frekar segja það, því að aldrei hefur þetta orðið í þeim rétta skilningi fullkomlega heiðskírt. Ég mundi segja, að það væri nánast það, sem gerzt hefði, og er ákaflega mikið miður farið.

Það má vera, að mitt sjónarmið mótist nokkuð af því, að gengi þetta frv. fram óbreytt eins og það liggur fyrir, bætist það við, að þetta yrði ákaflega þungt högg fyrir Austurland, sem ég ásamt öðrum er umboðsmaður fyrir. Þetta mundi snerta Austfirðina þannig, að það yrði óbærilegt áfall fyrir þá, ef sá háttur yrði upp tekinn að hleypa togveiðiflotanum inn á netaveiðisvæðin við suðausturströndina, en Austfirðingar stunda mestmegnis netaveiðar á vetrum a. m. k. enn sem komið er. En hvernig það yrði í framtíðinni, ef komið yrði nýrri skipan á þessi mál, er aftur á móti ekki gott að segja. En eins og stendur, eru þeir búnir á netaveiðar, og verður að líta á málið frá því sjónarmiði.

Hv. 1. flm. málsins minntist á, að það hefði verið reynt að sníða frv. þannig, að mestu deilusvæðin væru skilin eftir. En ég vil benda á það mjög greinilega eftir því, sem ég get, að því er alls ekki þannig farið, vegna þess, að svæðið t. d. frá Kötlutanga og austur að Stokksnesi hlýtur alltaf að verða mjög mikið deilusvæði einmitt að þessu leyti — ekki sízt, ef málið er leyst að öðru leyti á jafnþröngum grundvelli og gert er ráð fyrir í þessari bráðabirgðalausn.

Ég mundi vilja taka undir það með hv. þm. Reykn., Jóni Skaftasyni, að skynsamlegast væri og það, sem þyrfti að reyna að leggja áherzlu á, að fá samkomulag um að láta þetta mál bíða, en landhelgisnefndin herti sig, eins og hún hafði gert ráð fyrir, og menn drifu sig í að reyna að hafa tilbúnar heildartill. í þessu máli, þegar Alþ. kæmi saman aftur, sem á víst að verða 7. febrúar eða ekki síðar, í þeirri von, að hægt yrði þá að hafa tilbúna lausn, sem nægilegur meiri hl. væri fyrir og þar sem tekið væri tillit til þess minni hl., sem skapaðist eftir því, sem unnt er.

Eins og hér hefur komið fram, kemur þetta, sem hér er lagt fram, svo herfilega fyrir, þar sem þm. voru búnir að gera ráð fyrir því að hafa fundi sumir hverjir í byggðarlögum sínum í jólafríinu og í janúarmánuði til þess að reyna að samræma sjónarmiðin og eyða margs konar misskilningi og ágreiningi — skulum við segja, — sem er fyrir hendi í þessu máli. En ef þetta mál yrði barið fram, ég tala nú ekki um, eins og það liggur fyrir, er öllu þessu stefnt í hættu og allt sett fullkomlega í uppnám a. m. k. á vissum landssvæðum, og er ómögulegt að sjá fyrir afleiðingarnar af því, enda gæti það orðið skaðlegast fyrir þá, sem mestan áhuga hafa á því að fá nýskipan í þessu, eins og hér hefur verið bent á í umr. áður.

Sé óhugsandi, að þetta verði gert, sýnist mér, að sjútvn. yrði að leggja sig fram um að breyta málinu þannig, að það yrði skaplegra en það er nú, og í því sambandi er mér efst í huga, að það yrðu að verða verulegar breytingar á málinu, að því er varðar möguleika til togveiða fyrir Suðurlandinu, og yrði að taka tillit til sjónarmiða Austfirðinga að þessu leyti, sem hér voru mjög greinilega sett fram af hv. þm. Austf., Lúðvík Jósefssyni. Þarf ég ekki að endurtaka það, sem hann sagði um þetta mál. En brtt. sú, sem komið hefur fram í málinu frá flm., breytir engu, eins og kom fram hjá hv. þm. Reykn., vegna þess að í henni er ekkert annað en það, sem áður var í frv. Hún tryggir ekkert í þessu tilliti, og gallinn á þessu öllu saman er sá, að hætt er við því, að jafnvel þó að hægt væri að finna einhverjar breytingar, sem gerðu þetta eitthvað bærilegra fyrir Austurland, gæti vel svo farið, að annar ágreiningur yrði einnig um þetta þannig vaxinn, að það stórskaðaði málið samt að berja frv. fram.

En fáist ekki viðunandi breytingar á þessu frv. og náist ekki samkomulag um það — og það vil ég, að sé algjörlega ljóst — þá eigum við þm. af Austurlandi engan annan kost en að gera allt, sem í okkar valdi stendur til þess að hindra framgang málsins.

Ég tel ekki hyggilegt eða ástæðu til að vera að ræða þetta ítarlegar núna við þessa umr. Ég tel bezt úr því, sem komið er, að till. hv. 1. flm. um, að málið fari til sjútvn., fái framgang nú í dag sem fyrst og n. geti tekið þetta vandasama mál til skoðunar, og ég vil alls ekki gefa upp vonina um, að n. takist að finna í þessu efni viðunandi vinnubrögð. En takist það ekki í sjútvn., tel ég, að það muni ekki heppnast, og tel henni því allmikinn vanda á höndum.

Flm. (Guðlaugur Gíslason): Herra forseti. Ég gerði allítarlega grein fyrir ástæðunni fyrir flutningi frv., um leið og frv. var lagt hér fyrir þessa hv. deild í gær, og einnig gerði ég þá grein fyrir efni frv. og ræddi þessi mál nokkuð í heild. Ég þarf því ekki að vera langorður um málið að þessu sinni, enda á ég sæti í sjútvn., þannig að mér gefst þar eins og öðrum nm. kostur á að gera enn ítarlegri grein fyrir málinu og koma þá við þeim sjónarmiðum, sem ég tel, að þar þurfi að koma til viðbótar.

Áður en ég geri grein fyrir þeirri till., sem flm. frv. hafa hér lagt fram á þskj. 177, eru það tvö atriði, sem ég vildi aðeins í örstuttu máli koma inn á: 1. Það hefur komið fram hér hjá a. m. k. tveimur — ef ekki þremur — hv. þm., að flutningur þessa frv. yrði til þess að torvelda störf þeirrar n., sem hæstv. sjútvmrh. skipaði með bréfi dagsettu 2. okt. Ég hélt, að ég hefði undirstrikað mjög ítarlega í framsöguræðu fyrir frv. í gær, að þetta er ekki hugmynd okkar, sem að frv. stöndum. Við teljum ekki, að nokkur sáttmáli um starfstilhögun n. hafi verið rofinn, heldur eigi og muni n. halda áfram að starfa á þeim grundvelli og eftir þeim reglum, sem hún sjálf hafði sett sér um þetta. Upplýsingasöfnun og fundahöld í einstökum kjördæmum eða hjá einstökum þm. geta alveg haldið áfram í jólafríinu eftir sem áður, þó að þetta frv. hafi verið lagt hér fram og þó að það yrði samþ., því að að því er stefnt að reyna að koma varanlegri heildarskipun á málið, en hér er aðeins um tímabundna bráðabirgðalausn að ræða. 2. Það hefur komið fram hér, að menn hafa látið í ljós efa um það, hvort ástæða hafi verið til að flytja þetta frv. Ég gerði einnig í framsögu grein fyrir ástæðunni fyrir flutningi frv. og þarf því ekki að vera langorður um það, en ég hygg þó, að það hljóti öllum alþm. að vera ljóst, að Alþ. getur ekki deilt á neinn ráðh., þó að hann framfylgi þeim l., sem Alþ. hefur sett. En þessi staðreynd lá fyrir eftir l. des., að þetta verður gert, og flutningur frv. byggist mjög — það vil ég undirstrika — á samhljóða samþykkt aðalfundar L. Í. Ú., sem haldinn var 4.—6. des., þar sem þeir leggja höfuðáherzlu á það, að bráðabirgðalausn verði fundin á þessu máli nú þegar fyrir áramót.

Ástandið, sem skapazt hafði, og samþykkt landsfundar hlaut að vera og er ástæðan fyrir flutningi þessa frv. Till. sú, sem við flytjum á þskj. 177, er flutt til þess að undirstrika það enn frekar, sem við töldum þó, að í frv. væri. Ég sagði hér í framsögu í gær, að við teldum, að í frv. fælist heimild til ráðh. til að gera hvaða takmarkanir, sem eðlilegt væri að gera í sambandi við veiðar með botnvörpu. Hér hefur það komið fram bæði hjá hv. 1. þm. Austf. og einnig hjá hv. 4. þm. Austf., að þeir eru mjög uggandi yfir því, að á því netasvæði Austfjarðabáta eða á því netasvæði, sem Austfjarðabátar hafa mest stundað netaveiðar á að undanförnu, yrðu leyfðar togveiðar. Við tilgreinum í till., sem hér liggur fyrir, einmitt netasvæðið vestan Stokksness og

ætlumst til, að það verði tekið sérstaklega til athugunar, þegar takmarka verður leyfi dragnótabáta á þeim svæðum, þar sem hætta er á, að árekstrar geti orðið milli neta- og botnvörpuveiða. Till. er beinlínis flutt til þess að undirstrika þetta, til þess að það fari ekkert á milli mála með það, að flm. meina það, að hæstv. sjútvmrh. geti bæði á þessum stað og annars staðar takmarkað veiði togbáta, ef það væri álitið, að hætta væri á árekstri milli þeirra og þeirra báta, sem veiða með netum.

Svæðið vestan Rauðanúps er tilgreint sérstaklega í till. vegna þess, að ábending hafði komið fram um það frá nokkrum hv. þm. úr Norðurl. e., að svæðið vestan Rauðanúps og allt vestur að Gjögurtá væri aðalveiðisvæði Húsavíkurbáta. Að áliti flm. gilti alveg sama um þetta og hið fyrra svæði, sem ég nefndi, að við töldum, að ráðh. hefði einurð til þess að gera ráðstafanir til verndar þessu svæði fyrir togveiðum, ef það væri talið nauðsynlegt. En við erum í till. að undirstrika það sérstaklega, að ráðh. hafi það í huga, þegar að því kemur að veita leyfin, að ábendingar og óskir hafa komið fram um þetta frá einstaka þm. og n. telur sjálfsagt, að þeim óskum verði mætt eftir því, sem ástæða þykir, eða eftir því, sem aðstæður eru til og eðlilegt kann að þykja.

Aðeins örfá orð viðvíkjandi því, sem hv. 5. þm. Vestf. sagði um tilganginn með friðun fiskveiðilandhelginnar. Ég hef oftar en einu sinni hlustað á einn aðila, sem kom þar nokkuð við sögu eða fylgdist mjög náið með því, þegar verið var að vinna að útfærslu landhelginnar í 12 mílur 1958. Ég hef hlustað á hann segja það oftar en einu sinni, að ein af röksemdunum fyrir því, að Íslendingar vildu fá þetta stóra svæði friðað, væri sú, að þeir yrðu afkomu þjóðarinnar vegna að hagnýta það sjálfir eftir þeim leiðum, sem þeir á hverjum tíma teldu þjóðinni fyrir beztu, þannig að ég hygg, að þá a. m. k. hafi legið fyrir, að það fari ekki milli mála, að þeim erlendu aðilum, sem þá var rætt við, hafi verið gert það ljóst, að Íslendingar mundu í framtíðinni nytja þetta svæði til bjargar þjóðinni, þannig að um það ættu varla að verða deilur.

Eins og ég sagði í upphafi, þarf ég ekki að tala lengra mál nú, því að þetta mál kemur vonandi fyrir þessa hv. d. aftur, þegar það er búið að vera í n., og gefst þá aðstaða til að ræða það frekar, ef ástæða er þá til. Ég bara vona, að hv. sjútvn. finni leið til þess að koma málunum þannig fyrir, að það þurfi ekki að vekja ótta manna við þessar aðgerðir og þurfi ekki að vekja frekar deilur um það en orðið hafa.

Félmrh. (Eggert G. Þorsteinsson): Herra forseti. Ég skal ekki taka þátt í almennum deilum um málið hér, en að gefnu tilefni vildi ég benda á eftirfarandi fjögur atriði:

1. Drátturinn á skipun hinnar margumtöluðu landhelgisnefndar stafar einfaldlega af því, að tilnefning flokkanna allra lá ekki fyrir fyrr en daginn áður en n. var skipuð.

2. (Gripið fram í.) Hef ég málfrelsi hér í d.? Þá getið þið spurt að því með eðlilegum hætti. Ég skal taka það fram, að það stóð ekki á framsóknarmönnum, ef það nægir.

Að sjálfsögðu mun landhelgisnefnd starfa áfram að þeim verkefnum, sem henni voru upphaflega falin, þrátt fyrir samþykkt þessa frv., sem hér er til umr., og ég tel persónulega, að þessi bráðabirgðalausn, sem frv. felur í sér, gefi tíma til að vinna að haldbetri lausn málsins og þurfi þess vegna nauðsynlega að ná fram að ganga.

3. Að aðalnetasvæðið vestan Stokksness verði friðað fyrir togveiðum yfir netatímann.

4. Að við útgáfu veiðileyfa verði tekið tillit til nauðsynlegrar friðunar fyrir botnvörpu á svæðinu frá Rauðanúpi vestur að Gjögurtá.

Dómsmrh. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Ég skal á engan hátt blanda mér í þær deilur, sem hér hafa verið uppi um frv. það, sem hér er til umr., en ég vil aðeins út af orðum þeim, sem hér féllu í ræðu hv. 5. þm. Vestf. um það, að hann teldi, að við þyrftum hér að hafa alla gát á gagnvart umheiminum um það, hvað við ákvörðuðum í máli sem þessu, segja það, að í þeim efnum tel ég ekkert að óttast. Það fer ekki milli mála, að fiskveiðilandhelgin er eign okkar Íslendinga. Við höfum aldrei dregið neina dul á það gagnvart öðrum, bæði á vettvangi Sameinuðu þjóðanna, á Genfarráðstefnum og annars staðar, að við mundum hagnýta þessa landhelgi sjálfir, en jafnframt höfum við tekið fram, að við mundum gera það á grundvelli þeirra l., sem gilt hafa hér frá 1948 um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins. Þau l. eru stutt, en þar segir m. a., með leyfi hæstv. forseta:

„Sjútvmrn. skal með reglugerð ákvarða takmörk verndarsvæða við strendur landsins innan endimarka landgrunnsins, þar sem allar veiðar skuli háðar íslenzkum reglum og eftirliti, enda verði friðun á landgrunninu á engan hátt rýrð frá því, sem verið hefur. Rn. skal einnig ákvarða allar þær reglur, sem nauðsynlegar eru til verndar fiskimiðunum á ofangreindum svæðum. Ráðstafanir þessar skulu gerðar að fengnum till. Fiskifélags Íslands og Atvinnudeildar Háskóla Íslands." — Nú mundi það vera Hafrannsóknastofnunin.

„Reglugerðin skal endurskoðuð eftir því, sem vísindalegar rannsóknir gefa tilefni til."

Í þessu felst, að við skuldbindum okkur til þess að fara eftir vísindalegu mati um nauðsyn verndar á fiskimiðum og þar með, að við munum hagnýta okkar eigin landhelgi með þeim fyrirvara, að hér sé hvorki um ofveiði eða rányrkju að ræða.

Loks vil ég segja það, að mér er það ljóst, að ég ber sem dómsmrh. ábyrgð á framkvæmd fiskveiðilöggjafarinnar eftir 1. des. s. l., en ég ber einnig ábyrgð á framkvæmd eða framkvæmdaleysi á vissum sviðum á þessari sömu löggjöf fyrir 1. des. Ég hef verið mjög sakaður af ýmsum um aðgerðarleysi í framkvæmd þessarar löggjafar, eins og kunnugt er, að því er lýtur að veiði íslenzku fiskibátanna. Mér er alveg ljóst, að ég ligg þar undir ámæli. Hvort ég hef í þeim efnum eitthvað mér til málsbóta, fer auðvitað eftir mati og verður áreiðanlega metið með ýmsu móti. Ég vil, að það fari ekki milli mála, að landhelgisgæzlan mun framkvæma, eftir því sem hún hefur aðstöðu til, hverja þá fiskveiðilöggjöf, sem á hverjum tíma er í gildi frá Alþ. Íslendinga.

Birgir Finnsson: Herra forseti. Það er aðeins örstutt aths. það, sem ég sagði í fyrri ræðu minni áðan um það, að við yrðum að skoða allar aðgerðir okkar í landhelgismálinu í samhengi bæði við það, sem áður hefur gerzt, og við það, sem kann að gerast, sagði ég vegna þess, að mér er ljóst, að fyrri gerðir okkar í landhelgismálinu hafa á alþjóðavettvangi haft geysimikil áhrif — m. a. s. svo, að ýmsar þjóðir, sem áður stóðu gegn okkur í landhelgismálinu og þeim aðgerðum, sem við höfum í því gert, hafa sjálfar fetað í okkar fótspor. Mér er kunnugt um það, að einstaka þjóðir, sem ekki studdu okkar málstað í útfærslu landhelginnar, eru nú sjálfar að hugsa um að ganga jafnvel enn þá lengra og stíga það spor, sem við höfum einsett okkur að stíga, hvenær sem það verður, þ. e. að fá allt landgrunnið friðað. Einmitt þessa dagana um það leyti, sem við erum að fjalla um þetta mál hérna, skeður það, að á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna er samþykkt till., sem Ísland er fyrsti flutningsaðili að, um verndun fiskstofnanna í úthöfum og aukna alþjóðasamvinnu um skynsamlega nýtingu og varðveizlu þeirra. Ég tel þess vegna að það, sem ég sagði um þetta atriði, hafi alls ekki verið að ástæðulausu sagt. Ég skal ekki tefja tímann hér í hv. Alþ. með því að lesa frásögn dagblaða eða nánar tiltekið dagblaðsins Vísis af afgreiðslu þessa máls á allsherjarþinginu, en ég vil benda hv. þdm. á að lesa þessa frásögn. Hún kann að vera lærdómsrík í sambandi við afgreiðslu þessa máls og undirstrikar einmitt það, sem ég áðan sagði, að allt, sem við gerum, hvort sem það eru bráðabirgðaaðgerðir í málinu eða aðgerð, sem er miðuð við lengri tíma, verður að skoðast í fullu samhengi bæði við það, sem áður hefur gerzt, og við það, sem fram undan er.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til sjútvn. með 27 shlj. atkv.

Á 32. fundi í Nd., 17. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 145, n. 192, 177, 191).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. og brtt. — Afbrigði leyfð og samþ. með 28 shlj. atkv.

Frsm. (Pétur Sigurðsson): Herra forseti. Sjútvn. hv. d. hefur haft mál þetta til meðferðar og skilar sameiginlegu nál. og sameiginlegum brtt. með þeim fyrirvörum, sem þar koma fram. Veigamestu breytingarnar, sem n. leggur til, að gerðar verði á frv., eru þessar:

Fyrir Norðurlandi ganga brtt. n. skemmra en ráð var fyrir gert í frv. í að opna fyrir botnvörpuveiðum, þannig að nú er miðað við 4 mílur frá þeim grunnlínupunktum, sem ákveðnir voru 1958, en í frv. var gert ráð fyrir þeim grunnlínupunktum, sem í gildi voru fyrir 1. sept. 1958. Þá leggur n. til í sambandi við veiðisvæði fyrir Norðurlandi, að tekin verði upp í frv. yfirlýsing hæstv. sjútvmrh. við 1. umr. málsins, en ákvæði þetta hljóðar svo:

„Þó skal við útgáfu veiðileyfa verða tekið tillit til nauðsynlegrar friðunar fyrir botnvörpu á svæðinu frá Rauðanúp vestur að Gjögurtá."

Það er rétt að vekja enn einu sinni athygli á því, að það svæði, sem lagt er til, að opnað verði fyrir Suðurlandi, er ekki miðað við grunnlínur, heldur við þrjár sjómílur frá strandlengju landsins. Frá þessu almenna ákvæði leggur þó n. til, að sú breyting sé gerð, að ráðh. sé heimilað að veita frekari heimildir til botnvörpuveiða innan þriggja mílnanna á mjög takmörkuðu svæði, sem nýtt hefur verið að mestu af litlum bátum úr Grindavík og reyndar fleiri útgerðarstöðum á Suðurnesjum. Þessi brtt. okkar er fram komin vegna eindreginna tilmæla og óska útgerðarmanna og skipstjórnarmanna úr Grindavík og einnig frá forstöðumönnum fiskvinnslustöðva á Suðurnesjum. N. bárust skrifleg tilmæli frá þessum aðilum, sem ég vil leyfa mér að lesa ásamt meðmælum hreppsnefndar Grindavíkurhrepps, með leyfi forseta. Segir í þessum tilmælum n. útvegsmanna og sjómanna, að þeir óski eftir að koma á framfæri við sjútvn. Nd. Alþ. eftirfarandi till. um hagnýtingu fiskveiðilandhelginnar á svæðinu frá Reykjanesvita að vestan að Selvogsvita að austan. Þeir telja síðan upp þessi þrjú litlu svæði, sem þeir óska eftir, að þeir fái til afnota fyrir sig, og þau eru auðkennd í tilmælum þeirra í gráðum og mínútum, eins og vera ber, en bera annars nafnið Grindavíkurleið, Hælisvík og Strandabergskriki. Í bréfinu segir svo áfram:

„Að gefnu tilefni viljum við taka skýrt fram, að á umræddu svæði milli Reykjaness og Selvogsvita eru engir aðrir staðir, þar sem hægt er að veiða með fiskitrolli með nokkrum teljandi árangri sérstaklega vegna þess, hve botninn er þar slæmur — þ. e. hraunbotn. Reynsla undanfarinna ára hefur sýnt, að á þessum tilteknu stöðum veiðist að langmestu leyti fullvaxinn fiskur. Auk þess er rétt að geta þess, að um árekstra við báta með önnur veiðarfæri hefur ekki verið að ræða, svo að teljandi sé."

Í bréfi hreppsnefndar Grindavíkurhrepps er skýrt fyrst frá því, að útvegsmenn og skipstjórar í Grindavík, sem kosnir hafi verið til þess að gera till. til landhelgisnefndarinnar á hagnýtingu fiskveiðilandhelginnar, hafi sent till. sínar til hreppsnefndarinnar og þær séu á þá leið, sem ég var að enda við að skýra, að vísu með einni viðbót, en hún er um lítið svæði í Reykjanesröst, sem þeir þó sleppa í tilmælum sínum til þingsins. Þeir hafa aðeins farið fram á þrjú tilnefnd svæði. Síðan segir í bréfi hreppsnefndar, með leyfi forseta:

„Hreppsnefndin hefur á fundi sínum í kvöld gert einróma samþykkt í málinu svohljóðandi: Hreppsnefnd Grindavíkurhrepps hefur jafnan átalið framkvæmd landhelgismálsins á undanförnum árum og talið það háskalegt öllu réttarfari í landinu að láta það viðgangast lítt átalið, að lögin væru freklega brotin með togveiðum í landhelginni. Er það út af fyrir sig fagnaðarefni, að nú skuli vera starfandi stjórnskipuð nefnd til að finna viðunandi lausn á þeim vanda, sem er og verið hefur, og gera till. um skynsamlega hagnýtingu fiskveiðilögsögunnar. Hér í Grindavík eru um 15—20 bátar, sem stunda togveiðar, og einkum eru það minni bátarnir, sem byggja alla sína afkomu á togveiðum. Eftir að sakaruppgjöf vegna landhelgisbrota var veitt í sambandi við 50 ára fullveldisafmæli þjóðarinnar, telja menn, að sú hefð, sem álitið var, að hefði skapazt, væri úr sögunni og því ekki unnt að hefja togveiðar með sama hætti og áður. Það verður ekki vefengt, hverja þýðingu togveiðar þessara báta hafa fyrir allt atvinnulíf

í þorpinu — einkum utan vetrarvertíðar í sambandi við hráefnisöflun fyrir frystihúsin. Eins er það staðreynd, að meginþorri þessara báta mundi ekki geta stundað togveiðar með nokkrum árangri utan við þriggja mílna mörkin í Grindavíkursjó. Því veldur fyrst og fremst smæð bátanna og erfiður botn. Það verður því að teljast eðlilegt, að þessir menn leiti eftir því að fá tryggingu fyrir því, sem kalla má lífshagsmuni þeirra og eru enda nátengdir atvinnulífi alls almennings í þorpi eins og Grindavík, sem byggir alla sína afkomu á sjávarútvegi. Hreppsnefndin mælir því eindregið með því við hv. Alþ., að með breyttri lagasetningu um hagnýtingu fiskveiðilögsögunnar verði fram bornar óskir virtar með því að leyfa togveiðar innan þriggja mílna markanna á þeim svæðum, sem skynsamleg rök mæla með því, að það sé gert til hagsmuna fyrir alþjóð."

Þetta var úr bréfi hreppsnefndarinnar. Auk þess bárust til nefndarinnar fjölmargar undirskriftir skipstjórnarmanna í Grindavík, sem skora á þingið að verða við þessum óskum Grindvíkinga. Enn fremur hafa borizt vottorð frá tveim frystihúsum á Suðurnesjum, sem m. a. geta um það, að þeir bátar, sem landað hafi hjá þeim og stundað veiðar frá Reykjanesi og austur með suðurströndinni, hafi eingöngu verið með stóran og góðan fisk. Þeir segja, að ýsa hafi varla sézt í aflanum, eftir að júnímánuður byrjaði, en þorskur hafi aflazt nokkuð fram eftir júlí. Þá mátti heita, að hann hyrfi, þar til nú aftur í haust, að þeir hafa komið með nokkurn afla af þorski, sem einmitt reyndist mjög vel til vinnslu í neytendaumbúðir fyrir Bandaríkjamarkað, eins og þeir taka fram. En þessi vottorð frá þessum frystihúsum eru mjög lík — efnislega þau sömu.

Eftir að við í n. höfðum skoðað þetta mál og kynnt okkur mjög vel, hvað fólst í þessum tilmælum þeirra Suðurnesjamanna, gátum við ekki annað en fallizt á, að þetta væri réttlætismál fyrir þá, að við yrðum við óskum þeirra. Staðreyndin er sú, að fyrir báta af þessari stærð á þessu svæði er eiginlega útilokað að stunda togveiðar nema á þessum litlu — þrem litlu — takmörkuðu svæðum. Að vísu eru til fleiri svæði, en það er ekki farið fram á, að þeir fái þessi botnvörpuveiðileyfi á öðrum svæðum, og samanlagt mundi ég gizka á, að þessi svæði séu ekki stærri en meðaljörð í sveit. Við höfum hins vegar af hagkvæmnisástæðum — og haft þá einnig í huga þá, sem eiga að gæta þessara svæða, þar á ég við Landhelgisgæzluna — afmarkað svæði eftir lengdarbaugum, sem liggja í austur- og vesturjaðri þessara svæða, sem þeir óskuðu eftir, að opnuð yrðu. Og í brtt. n. segir einmitt í sambandi við þessa breytingu, sem við leggjum til, að verði gerð á frv., að ráðh. sé heimilt að veita frekari heimildir til botnvörpuveiða á svæðinu, sem takmarkast að austan af lengdarbaug 21° og 57 mín. vesturlengdar og að vestan að lengdarbaug 22° og 32 mín. vesturlengdar.

Þá er í þessum brtt. n. komið á móti óskum sjómanna, útvegsmanna og reyndar kannske sérstaklega þeirra, sem töluðu máli hornfirzkra og austfirzkra sjómanna. Hvað viðvíkur netasvæðum þeirra, sem eru nokkuð hefðbundin fyrir vestan Stokksnes, leggur n. til, að togveiðar verði ekki heimilaðar á svæðinu frá Stokksnesi að Skaftárósum á tímabilinu frá 1. marz til 30. apríl.

Ein brtt. var lögð fram við frv. hér við 1. umr. á þskj. 177 um frekari takmarkanir á öllu svæðinu, sem opnað verður. Hún er tekin upp í brtt. n. og er á þessa leið: „Leyfi til togveiða má að öðru leyti takmarka hverju sinni við tíma og svæði, m. a. til þess að forða frá árekstrum á veiðisvæðum við báta með önnur veiðarfæri, svo sem línu og net. . ." Og að sjálfsögðu þarf ekki að taka það fram, að eftir sem áður er heimilt fyrir ráðh. að friða ákveðið svæði til nota eingöngu fyrir línu og/eða net, eins og raunar hefur verið framkvæmt á undanförnum vertíðum hér suðvestanlands.

Við 1. umr. málsins hér í hv. d. kom sá ótti fram eins og reyndar oft áður, er mál þetta hefur verið til umr. hér á Alþ., að slíkar aðgerðir í landhelgismálum okkar, sem lagðar eru til með þessu frv., gætu skaðað málstað okkar á erlendum vettvangi sérstaklega hjá þeim þjóðum, er við eigum eftir að kljást við um frekari friðunaraðgerðir utan 12 mílna markanna. Eins og fram kemur í nál. sjútvn., kom á fund n. dr. Gunnar Schram og gaf nefndarmönnum ýmsar fróðlegar upplýsingar. Hann taldi t. d. enga mótsögn í þessu frv. og í samþykkt þeirrar till. í nefnd hjá Sameinuðu þjóðunum, sem íslenzku fulltrúarnir beittu sér fyrir. Frv.-flutningur sem þessi er ekki nema eðlilegt framhald þeirrar áherzlu, sem fulltrúar okkar á erlendum vettvangi hafa alltaf lagt á nýtingu landhelginnar og verndun fiskstofna, þótt á fyrstu stigum þessa máls hafi aðaláherzlan verið lögð á verndarsjónarmiðið. Í viðræðum sínum við n. tók dr. Gunnar skýrt fram, að veiðarnar yrði að stunda undir vísindalegu eftirliti og um mjög tímabundnar og takmarkaðar heimildir væri að ræða.

Það má vera, að einhverjir hv. alþm. beri ugg í brjósti vegna þeirrar brtt. n., að mjög takmarkað svæði, sem ekki er samtals stærra, eins og ég tók fram áðan, en meðaljörð í sveit, verði opnað fyrir togveiðum innan þriggja mílnanna svonefndu. Nú vil ég taka það skýrt fram, að þrjár mílurnar eru ekkert viðmiðunarmark fyrir fiskgöngur eða friðunaraðgerðir. Sést það bezt á þessari aðstöðu á þrem áðurnefndum veiðisvæðum Grindvíkinga, þar sem göngufiskur fer um, en segja má, að þar séu engar eða þá mjög litlar uppeldisstöðvar. Hins vegar gætum við sagt, að við gætum á öðrum stöðum þurft að friða flóa og firði og kannske út fyrir þá og væru þriggja mílna mörkin — og hvað þá miklu fleiri mílur — alls ekki nægileg undir þeim kringumstæðum. Og ég þori hér um bil að fullyrða líka, að þorskurinn þekkir ekkert til þessarar línu, sem á sínum tíma réðst — að því er ég held eða eftir því sem mér hefur verið frá skýrt — af því, hvað langdrægar fallbyssur þeirra tíma voru. En í þessu sambandi er rétt að geta þess, að höfuðandstæðingar okkar gegn frekari friðunaraðgerðum utan 12 mílna markanna — sem við margir a. m. k. teljum enn vera höfuðandstæðinga okkar, en það eru Bretar og Þjóðverjar — telja síður en svo sjálfir, að þessi lína sé nein heilög lína. Á vissum stöðum í Bretlandi er ekki aðeins leyft að veiða með dregnum botnveiðarfærum inn að þremur mílunum, heldur innan þeirra líka. Hv. þm. Þorsteinn Gíslason, sem nú á sæti í Ed. hv. Alþ., hefur skýrt mér frá því, að

hann hafi nú í sumar og reyndar áður margoft séð fjölda togveiðibáta að veiðum sem næst fjöruborði við strendur Vestur-Þýzkalands. Og ég minnist þess frá minni sjómannstíð að hafa séð þetta einnig.

Það er mjög rækilega skýrt í grg. með frv., af hverju það sé flutt nú. Ég held — og er ég þá að lýsa minni persónulegu skoðun, en tala ekki fyrir n. í heild — að það sé a. m. k. mitt mat og því hafi ég gerzt meðflm. að frv., að það sé alveg sama, hve vel landhelgisnefnd hefði unnið nú á næstunni — þá á ég við janúarmánuð — hún hefði aldrei getað lagt fram frv. hér á Alþ. með heildarlausn á þeim vandamálum, sem við eigum við að glíma í sambandi við nýtingu landhelginnar fyrr en í fyrsta lagi viku til tvær vikur af febrúar, sem hefði þýtt það, að við hefðum ekki getað, ef okkur hefði auðnazt sú gæfa, samþykkt það frv. fyrr en í fyrsta lagi í lok febrúar. Þetta kemur m. a. til af því, að n. hefur sjálf mótað mjög ítarleg vinnubrögð og vill hafa samband við sem flesta, sem einmitt er gott, þegar unnið er væntanlega að endanlegri lausn eða a. m. k. að lausn, sem duga ætti næstu ár. Á hinn bóginn hefur rækilega verið skýrt frá því ástandi, sem skapazt hefur hjá umræddum bátaflota, sem þessar togveiðar hefur stundað á undanförnum misserum og jafnvel árum.

Ég held, að það sé ekki hægt að gagnrýna hæstv. dómsmrh. fyrir þá sakaruppgjöf, sem hann veitti þeim aðilum, sem brotlegir höfðu gerzt, og heldur ekki fyrir það að fyrirskipa, að refsiákvæðum laganna yrði framfylgt héðan í frá, og byggi ég þessa skoðun mína fyrst og fremst á skoðunum fróðra manna um það, að þær lögleysur, sem hafa verið hafðar í frammi af okkur sjálfum innan okkar eigin fiskveiðilögsögu, hafa að vísu skaðað okkur kannske meira en nokkuð annað á erlendum vettvangi. Við vitum hins vegar um þörf þessara báta og bátastærðar og þá ekki síður þörf sjávarplássanna — þaðan, sem þessir bátar eru gerðir út — fyrir það ágæta hráefni, sem þeir koma með að landi og hafa komið með og koma væntanlega með áfram. Það hafa að venju komið nokkur mótmæli gegn frv. Þau hafa komið m. a. frá hreppsnefnd Skagastrandar og — að mig minnir frá Hólmavík og Drangsnesi einnig. Persónulega hefði ég vonazt eftir því, að mótmæli gegn slíku frv. kæmu síðast frá þessum stöðum, þegar haft er í huga, að þarna eru á þessum stöðum fiskvinnslustöðvar, sem nú hafa verið árum saman hráefnislitlar eða -lausar, en hefði kannske mátt hugsa sér, að slík lausn sem þessi mundi koma á móti þörfum þeirra í því efni. Hins vegar, eins og ég tók fram í byrjun ræðu minnar, er komið til móts við óskir Norðlendinganna með því að færa mörkin utar en gert var ráð fyrir í frv., en það er sem sé till. n.

Ég vil taka það fram, að ég sjálfur — þótt ég vilji eiga þátt í því, að þessi lausn verði ráðin hér nú — hefði viljað, að málið hefði verið afgreitt í heild, og barðist fyrir því á sínum tíma, að svo væri gert. Ég hef líka verið með þær sérskoðanir í sambandi við botnvörpuna, að það skipti ekki höfuðmáli, hvort skipið væri 50, 100, 200, 300, 400 eða 500 tonn, en meginatriðið væri það, að þessi skip skiluðu þeim afla, sem þau fengju, til vinnslu í okkar hráefnissnauðu fiskvinnslustöðvar, og á ég þar að sjálfsögðu við hina stærri, gömlu togara, sem á sínum tíma m. a. voru byggðir til þess að sækja á hluta af þessum miðum, sem nú eru innan 12 mílna markanna. Ég mun hins vegar ekki í sambandi við þetta mál hreyfa hagsmunum þeirra hér vegna þess, eins og margtekið hefur verið fram, að hér er um bráðabirgðalausn að ræða, sem aðeins á að gilda næstu vetrarvertíð og sem væntanlega hefur það þá líka óbeint í för með sér, að við sýnum þann manndóm hér á Alþ., að við göngum frá þessu vandamáli, en látum ekki þjóðina horfa upp á okkar eigið dáðleysi, því að vissulega er ekki um annað að ræða, þegar ekki fæst afgreiðsla á máli sem þessu. Það er sem sé till. sjútvn. d., að frv. verði samþykkt með þeim breytingum, sem koma fram á þskj. 191.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Ég hef skrifað undir nál. sjútvn. með fyrirvara. Fyrirvari minn er einkum bundinn við það, að ég er óánægður með þá lausn, sem hér er stefnt að með þessu frv. Ég hefði kosið að hafa hér annan hátt á, eins og glögglega kom hér fram við 1. umr. málsins, þegar ég ræddi um það í allítarlegu máli. En ég stend að þeim breyt., sem sjútvn. hefur gert við frv., og tel, að þær stefni allar til bóta. Mér er ljóst, að eins og nú er komið þessum málum, verða gerðar bráðabirgðaráðstafanir varðandi þessi mál, og eftir að þær breyt. hafa fengizt á frv., sem nú koma fram í till. sjútvn., mun ég ekki beita mér gegn því, að þetta mál nái hér fram að ganga. Ég tel, að þær breyt., sem sjútvn. féllst á, séu mjög mikilvægar, en þó er mér það ljóst, að þessar bráðabirgðaráðstafanir eru svo ófullkomnar, að það hlýtur að verða undan þeim kvartað af ýmsum, þar sem þessar reglur eiga ekki við nema að litlu leyti. En ég held, að samt sem áður sé það svo, að það sé betra, að málið fái þessa afgreiðslu, sem hér er stefnt að, en það haldi áfram í þeirri flækju, sem það var komið í, þó að ég hefði kosið hina leiðina helzt, að hægt hefði verið að vinna með eðlilegum hætti á þeim grundvelli, sem landhelgismálanefnd hafði sett sér. Ég hef hér sem sé gert grein fyrir mínum fyrirvara í sambandi við þetta nál., og með tilliti til þess mun ég ekki standa gegn því, að þetta geti náð hér fram að ganga á þessu þingi.

Birgir Finnsson: Herra forseti. Ég skal ekki lengja umr. um þetta mál. Í ræðu frsm. komu fram öll þau atriði, sem máli skipta í sambandi við þá bráðabirgðalausn á landhelgismálinu, sem hér er um að ræða. Ég get tekið undir það, sem hv. 4. þm. Austf. sagði, að það er sjálfsagt enginn, sem að þessu máli stendur, ánægður með úrlausnina. Okkur er ljóst, að það þarf að leggja miklu meiri vinnu í það að leysa málið en hægt hefur verið á þeim tíma, sem sjútvn. hv. d. hefur haft til umráða, síðan hún fékk frv. til meðferðar. Ég vil þess vegna treysta þeim yfirlýsingum, sem voru gefnar við 1. umr. málsins, að landhelgisnefndin svonefnda haldi áfram að starfa. Ég lét við 1. umr. málsins í ljós efasemdir um, hvort það væri æskilegt fyrir okkur að veita undanþágur frá landhelginni innan fjögurra mílna markanna, sem nú gilda, miðað við grunnlínustaði, og þá ekki sízt, hvort hyggilegt væri að veita veiðileyfi enn þá nær landi eða innan við þriggja mílna mörkin. Frsm. sjútvn. gerði grein fyrir, hvaða skoðun dr. Gunnar Schram hafði á þessu, og eftir að hann hafði gefið n. þær upplýsingar, sem fram koma í nál., þá ákvað ég að

standa að því að koma þessu frv. áleiðis. En ég vil leggja áherzlu á, að það er mjög nauðsynlegt, að þeim þrem höfuðatriðum, sem dr. Gunnar Schram nefndi sem skilyrði fyrir því, að þessar undanþágur yrðu leyfðar, verði framfylgt. Þau atriði voru: 1) að undanþágurnar byggðust á till. Hafrannsóknastofnunarinnar og yrðu veittar undir vísindalegu eftirliti, 2) að það væri öllum gert ljóst, að ekki væri um almenna opnun landhelginnar að ræða, heldur eingöngu tímabundnar undanþágur og takmarkaðar við ákveðin svæði, 3) — og á það lagði hann einna mesta áherzlu, að þeim reglum og lagaákvæðum, sem sett kynnu að verða í sambandi við undanþágur í landhelginni, yrði rækilega framfylgt. Það kom fram hjá dr. Gunnari Schram, að hann teldi, að það væri fátt, sem skaðað gæti málstað okkar í landhelgismálinu jafnmikið og það að láta undir höfuð leggjast að framfylgja þeim reglum, sem í gildi væru á hverjum tíma.

Miðað við þær upplýsingar, að það hafi a. m. k. á síðari árum verið haldið fram þeirri skoðun af Íslands hálfu í landhelgismálinu, að við áskildum okkur rétt til fullrar hagnýtingar landhelginnar innan 12 mílna markanna, þannig að við hefðum sem mestan arð af fiskstofnunum, þá get ég ekki séð, að það sé veruleg hætta fólgin í því fyrir okkur að veita þessar undanþágur. Þó vil ég leggja á það áherzlu, að þegar baráttan fyrir útfærslu landhelginnar hófst, byggðist hún fyrst og fremst á þeirri nauðsyn okkar að vernda fiskstofnana við landið. Sú nauðsyn er auðvitað enn þá fyrir hendi, og þess vegna er bráðnauðsynlegt, að sérfræðingar okkar í þessum málum, fiskifræðingarnir, fylgist rækilega með þeim veiðum, sem verða hafnar samkv. þessum undanþágum, og ef út af bregður, þá tel ég, að eigi hiklaust að afturkalla leyfi, sem veitt kunna að verða.

Ég vil nefna hér dæmi, sem sýnir, hvað þetta vandamál getur verið erfitt viðfangs og flókið. Hv. frsm. sjútvn. skýrði frá ástæðunum til þess, að sjútvn. féllst á það að leyfa togveiðar innan þriggja mílna markanna sunnan til við Reykjanes. Fyrir okkur lágu upplýsingar um, að þarna veiddist ágætur fiskur, og það var vottfest af fiskmóttökustöðvum í Grindavík. Mér var sagt eftir ágætri heimild í dag, sem ég hef ekki ástæðu til að vefengja, að sumt af þeim fiski, sem bátar hafa undanfarið veitt þarna, hafi verið svo smátt og lélegt, að það hafi ekki einu sinni verið fært að slægja það og hafi það verið heilfryst ósnert. Nú get ég ekki sagt, hvorar upplýsingarnar eru réttari. Þarna stendur fullyrðing gegn fullyrðingu, en ef svona hlutir koma í ljós í sambandi við þessar undanþágur, þá á það að vera skylda Hafrannsóknastofnunarinnar að gera aðvart og að gera ráðstafanir til þess, að veiðileyfin verði afturkölluð. Ég lít þannig á, að þessar undanþágur, sem aðeins eiga að gilda samkv. till. sjútvn. frá 1. jan. til 30. apríl, séu eins konar tilraun, sem gerð verði í þessu efni. Við eigum að fylgjast vandlega með þeirri tilraun og draga af henni lærdóm eftir því, sem til tekst um framkvæmdina.

Ingvar Gíslason: Herra forseti. Ég skal ekki lengja umr. um þetta mál. Ég vil aðeins taka það fram, áður en þetta mál verður afgr. héðan, að með tilliti til þess, að frv. hefur tekið miklum stakkaskiptum í n. frá því, að það var lagt hér fram, þá mun ég ekki hindra framgang þess. Hins vegar vil ég einnig taka það fram, að ég treysti því, að landhelgisnefnd, sem skipuð var í haust, haldi áfram að starfa, skili áliti sínu sem fyrst og á hennar áliti verði frekari framtíðaraðgerðir í þessum málum byggðar.

ATKVGR.
Brtt. 177 tekin aftur.
— 191 (ný 1. gr.) samþ. með 29 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 22 shlj. atkv.

Á 33. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr. (A. 197).

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 27 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 24 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 30. fundi í Ed., 18. des., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 33. fundi í Ed., s. d., var frv. aftur tekið til 1. umr.

Jón Árm. Héðinsson: Herra forseti. Mér þykir rétt að segja hér nokkur orð í sambandi við þetta mál, þó að ég sé ekki flm. að málinu, eins og það kemur fyrir, þar sem það kemur frá Nd. Þó er málið að sumu leyti tengt þeirri n., sem skipuð var 2. okt. af hæstv. sjútvmrh. og kölluð hefur verið manna á meðal landhelgisn. Það mætti nú fjalla um breyt. á botnvörpu í hinni ísl. fiskveiðilögsögu í löngu máli, en tími er víst naumur, og ég mun þess vegna reyna að stikla á mjög stóru og aðeins drepa á örfá atriði. Það er öllum ljóst, sem fylgzt hafa með fiskveiðum okkar undanfarin ár, að mikil breyting hefur átt sér stað í útgerð bæði stórra og smárra skipa. Síldveiðin tók til sín stóran hluta flotans um tíma, síðan dvínaði hún, bátarnir áttu í vök að verjast með rekstur og menn hurfu þá að bolfiskveiðunum aftur. Línuveiði hafði farið þverrandi mörg undanfarin ár og hafði mjög dregið úr henni þegar árið 1960, en netaveiði vaxið hins vegar mjög mikið. Aftur á móti er kostnaður við netaveiðar allur mjög mikill og tekur til sín miklu fleiri menn um borð en togveiðin gerir. Nú hagar víða þannig til, að litlir bátar kunna að ná sæmilegum árangri á togveiðum, ef þeir fá að fiska á grynnra vatni, en þeir höfðu ekki tök á því að fiska á grynnra vatni nema fara inn fyrir hina ísl. fiskveiðilandhelgi. Hægt og bítandi seig í þá átt, að fjöldi manna fór inn í fiskveiðilögsöguna. Ekkert var að gert. Menn voru teknir og sektaðir, en síðan sat við það. Þessa sögu þekkja allir hv. þm. Ég þarf ekki að rekja hana mikið lengra, en þannig var komið, að mönnum víða af landinu, sem hugsa um þessi mál, fannst þetta orðið óþolandi ástand. Þá varð uppi hreyfing á s. l. þingi meðal nokkurra þm. að breyta

landhelgislögunum í betra horf, að því er okkur fannst, sem vildum gera það, þ. e. að rýmka togveiðiheimildina í fiskveiðilögsögunni. Það náði ekki fram að ganga, en á móti var okkur lofað, að það yrði gerð sérstök athugun á þessum málum, og það er vonandi, að það gæti orðið svo fljótt, að sú athugun lægi fyrir á þessu þingi.

Í haust, 2. okt. s. l., skipaði hæstv. sjútvmrh. fimm manna n., og áttu sæti í þessari n. fulltrúar allra þingflokka, og var ég skipaður formaður umræddrar n. Mér þykir ástæða til að taka það fram hér, þó að ég vilji síður fara að munnhöggvast við kollega í Nd., að ekki er alls kostar rétt frá sagt hjá hæstv. þm. þar, Lúðvík Jósefssyni, er hann segir orðrétt um mig: „En honum vannst heldur ekki tími til þess að kalla saman þessa n. fyrr en 31. okt." Ég hafði reynt að ná n. saman, eins og ég sagði frá á fundi í Sþ. fyrir nokkru, en vegna anna bæði hans og annars nm. var það ekki hægt fyrr en 31. okt., þó að við hinir þrír í n. hefðum tök á því að koma fyrr saman. Það má deila um svona smáatriði í löngu máli, ef menn hafa ánægju af því, en mér þykir rétt að leiðrétta það. Ef menn vilja tína ýmislegt til, sem miður hefur farið, eða finna að, þá geta menn gamnað sér við það, en ég sé ekki, að það færi lausn málsins miklu nær að vera með slíka hluti. Hins vegar var nm. öllum ljóst, að þetta mál þyrfti gaumgæfilega athugun, og ég er á því, eins og fram kemur í ræðu hv. þm., að nauðsynlegt er að fara að öllu með gát. Við settum því upp ákveðna vinnuáætlun, sem flestum þm. er kunnugt, og stefndum að því að geta skilað áliti í byrjun febrúar. Ég vænti þess, að það muni takast, og við munum halda áfram að vinna í þessu máli, þó að þetta frv. komi fram.

Hins vegar breyttust nokkuð viðhorf og gangur mála við sakaruppgjöf 1. des., og þess vegna komu fram víða ályktanir, að það þyrfti að gera eitthvað til bráðabirgða, og ég reikna með, að umrætt frv. sé árangur af því, að menn töldu sér margir hverjir ekki fært annað en reyna að leysa málið til bráðabirgða, því að hin lausnin er miklu viðtækari og þarf að ná yfir fiskveiðilögsöguna alla eftir erindisbréfinu og með henni þarf að taka tillit til hagnýtingar fiskveiðilögsögunnar, auðvitað mismunandi veiðiaðferða, kostnaðar og þar fram eftir götunum og gæða fisksins. Engu að síður held ég miðað við það, sem ég hef heyrt og séð í n. og á fundum nokkuð víða og fengið að vita í fjölmörgum símtölum, að þetta sé skref í rétta átt til að leysa mikið vandamál sérstaklega hér sunnanlands og að verulegu leyti fyrir Norðurlandi einnig. En þess er að gæta, að hagsmunir manna fara ekki alls staðar saman, og því er málið alltaf viðkvæmt. Með þeirri brtt., sem liggur fyrir á þskj. 191, sýnist mér, að það sé gengið verulega til móts við þá, sem eru hræddari og kunna að óttast, að þeir beri skarðan hlut frá borði, ef aukning á togveiðum verður fyrir hendi. Ég held, að Hafrannsóknastofnunin og Fiskifélag Íslands ættu að geta gert skynsamlegar till., eins og gert er ráð fyrir í brtt. til hæstv. ráðh. um að nýta þessa spildu, sem við viljum auka togveiðar á með fullri gætni og með fullkominni varúð, þannig að ekki verði leiðindaárekstrar.

Okkur er það öllum ljóst, að stór hluti bátaflotans verður að sækja á þessi mið og ódýrasta og bezta hráefnið fæst með toginu. Það mundi skapa víða verulegt atvinnuleysi, ef þessir bátar fengju ekki að njóta sín, og þó að erfitt sé að setja ákveðin mörk um stærð bátanna — 200 tonn fremur en eitthvað minna eða eitthvað stærra — þá er þetta málamiðlunartill. í bili, því að það er mjög viðkvæmt mál gagnvart þegnum landsins að segja: Þú skalt fá að starfa hérna, en ekki þarna. Engu að síður held ég, að það sé hægt að sætta sig við 200 tonna stærðarmörkin í bili, þó að ég fullyrði ekkert um það, hvaða stærðarmörk — ef einhver verða — landhelgisnefndin mun setja fram á sínum tíma.

Ég tel ekki ástæðu til að fara að lesa upp ýmsar samþykktir, sem maður hefur fengið um það að flýta þessu, þ. e. að koma bráðabirgðalausn til leiðar, því að það er óhugsandi, að við getum í þessari n. náð skyndilega niðurstöðu, sem við mættum vel við una. Við höfum sett okkur það takmark að hafa hagsmuni sem flestra í huga og leita þess vegna eftir ráðum vítt um land, fá menn á fundi annaðhvort hingað eða ferðast til þeirra út um land og heyra viðhorf þeirra. En ég held, að það sé rétt að stuðla að því, að þessi lausn náist fram, eins og hún liggur fyrir núna, og vil því ekki tefja umr. lengi, en vænti þess, að málinu verði vísað áfram til hæstv. sjútvn.

Einar Ágústsson: Herra forseti. Það hefur verið á það minnt hér af hv. 5. landsk. þm., að tíminn væri nú naumur á hv. Alþ. og það væri helzt ekki ástæða til þess að ræða málin af þeim sökum. Þetta hefur verið undirstrikað með því, að ekki hefur verið unnt að ræða þetta mál í samhengi, heldur hefur orðið að fresta umr. um það hér til þess að afgreiða sjö stjórnarfrv. á hálftíma — að mestu leyti án nokkurrar framsögu af hálfu þeirra, sem þau flytja, þ. e. hæstv. ráðh. Þrátt fyrir þessar augljósu annir og það flaustur, sem þessi vinnubrögð sýna á afgreiðslu mála hér á hv. Alþ. nú síðustu dagana, ætla ég að leyfa mér að ræða þetta mikilsverða mál, sem hér er til umr., með nokkrum orðum og tel mig ekki þurfa að biðja afsökunar á því svo mikilsvert sem þetta mál er.

Það hefur verið rakið hér að vísu í örstuttu máli, hver aðdragandinn er að flutningi þessa frv. Eins og allir hv. dm. vita, hefur þetta mál verið mikið vandamál og deilumál á undanförnum árum, þ. e. að hve miklu leyti þætti fært að hagnýta landhelgina til fiskveiða og hvernig þeim málum yrði fyrir komið. Og ég minnist þess, að á þeim stutta tíma, sem ég hef átt sæti hér á Alþ., hafa margsinnis verið fluttar till. um það af stjórnarandstæðingum — og ég hygg þó oftast framsóknarmönnum — að settar yrðu niður nefndir til þess að skoða þessi mál í heild. Á þetta hefur ekki verið fallizt. Það hefur ekki þótt ástæða til þess lengi vel a. m. k., að nein sameiginleg athugun á vegum þingflokkanna færi fram á þessu merka máli. Í fyrra, held ég, að það hafi verið, sem mjög margir þm. á þeim svæðum a. m. k., þar sem þessi mál eru kannske hvað viðkvæmust, fengu bréf frá útgerðarmönnum og frá ýmsum aðilum í sínum kjördæmum, þar sem þess var krafizt, að þm. beittu sér fyrir einhvers konar sameiginlegri lausn þessara mála. Og í framhaldi af þeim áskorunum í fyrra komu saman þm. úr, að ég hygg, upphaflega þrem kjördæmum, Reykjavík, Reykjaneskjördæmi og Suðurlandi, til þess sjálfir að reyna að mynda sér ein-

hverja skoðun og freista þess, hvort hægt væri að ná sameiginlegu áliti þessara manna.

Upp úr þessu, hygg ég, að komið hafi það, að hæstv. sjútvmrh. gekkst fyrir því, að sett yrði á laggirnar þingnefnd allra flokka til þess að skoða málið, og eins og hv. 5. landsk. sagði hér áðan, var það ætlunin, að þessi n. gæti skilað áliti það fljótt, að málið næði afgreiðslu á þessu þingi. Ég skal ekkert blanda mér í þær deilur, sem virðast hafa orðið um það, við hvern sé að sakast um, að n. tók ekki fyrr til starfa en raun ber vitni, en upplýst er þó, að hæstv. sjútvmrh. mun hafa skipað n. þann 2. okt. s. l. og að fyrsti fundur n. hafi síðan verið haldinn 31. okt. Verkefni þessarar n. var það að gera till. til ríkisstj. um fiskveiðar í fiskveiðilandhelgi. Till. eiga að miðast við sem bezta hagnýtingu fiskveiðilandhelginnar fyrir sjávarútveginn í heild og einstök útgerðarsvæði, og skulu þær ná til allra skipastærða og veiðiaðferða. Við tillögugerð sína skal n. gæta þess sérstaklega, að nauðsynlegt er að forðast ofveiði nytjafiska. Hér er sem sé sett n. til þess að reyna að fá heildarniðurstöðu í þetta mikilsverða mál, og ég hygg, að allir þingflokkar hafi mjög greiðlega skipað eða tilnefnt þessa menn og gengið til þessa samstarfs af heilum hug, vegna þess að þeir vissu, hve nauðsynlegt það var að fá niðurstöðu í málinu.

Þessi n. var búin að koma sér saman um ákveðna vinnuáætlun. Hún hafði ákveðið það í sinn hóp að hafa náið samráð við þingflokkana um hvað eina, sem að þessu máli lyti, og eftir því, hvað málinu miðaði áfram, og það get ég sagt hér, að a. m. k. fulltrúi Framsfl. í n. hafði þetta samráð við sinn þingflokk. Hann lét okkur vita það jafnóðum og n. tók skref fyrir skref í þessu máli. Og þessi vinnuáætlun var þannig, eins og hér hefur raunar aðeins verið drepið á, að n. ætlaði sér að hafa samráð við sem flesta aðila víðs vegar um landið og skrifaði af því tilefni bréf til 1. þm. hvers kjördæmis, þar sem samstarfs þeirra var leitað og þeir beðnir að tilnefna menn úr kjördæmum sínum, sem n. gæti haft samráð við — 3—5 menn. Í bréfi n. segir, að tilkynning um tilnefningu þessara manna þurfi að hafa borizt n. fyrir 15. jan. n. k., þar sem n. gerir þá ráð fyrir sérstökum fundahöldum með þessum fulltrúum og þm. til að móta endanlegar till. Jafnhliða því að kveðja til þessa menn á hinum einstöku stöðum hafði n. ráðgert samtöl hér í Reykjavík og ferðalög víðs vegar um landið til þess að kynna sér þessi mál. Og ég verð að segja það, að ég tel, að þessi vinnubrögð hafi verið mjög til fyrirmyndar.

Ég legg engan dóm á það, hvort mátt hefði byrja á þessu eitthvað fyrr. Það má alltaf segja það. En ég held, að þarna hafi verið myndarlega af stað farið og það sé ástæða til þess að geta þess. Þessi áætlun var mjög skynsamleg og hefði að mínum dómi átt að framfylgja henni. En síðan er sagt, að á meðan hafi gerzt þeir atburðir, sem hafi óhjákvæmilega kallað á það, að nýjar till. yrðu settar fram. — [Fundarhlé].

Herra forseti. Þegar ég gerði hlé á ræðunni áðan, minnir mig, að ég væri staddur þar í sögunni, að þann 1. des. hefðu verið gerðar ráðstafanir, sem samkv. túlkun flm. og aðstandenda þessa frv. gerbreyttu svo öllum aðstæðum, að til bráðabirgða- og skyndiráðstafana varð að grípa. Þær ráðstafanir, sem hér mun vera átt við, er sú ákvörðun dómsmrh. að fara fram á það við forseta landsins, að hann gefi upp sakir öllum þeim, sem fram að þeim tíma hefðu brotið landhelgislöggjöfina, og jafnframt sú ákvörðun hæstv. ráðh., að þar eftir skyldi öllum, sem gerðu sig seka um landhelgisbrot, refsað eftir fyllstu landsins lögum.

Hér virðist vera starfað þannig, að vinstri höndin viti ekki, hvað sú hægri gerir, því að rétt áður en þessi ákvörðun dómsmrh. er birt, hefur hæstv. sjútvmrh., eins og ég áðan lýsti, gefið fyrirskipanir um það, að öll landhelgismálin skuli endurskoðuð af þar til kjörinni þingnefnd, og skipað þá n. og afmarkað henni starfssvið. Sú n. hefur lagt á ráðin um það, hvernig þetta verk eigi að vinna, en hún er sem sé stöðvuð þarna í miðju starfi og gripið fram fyrir hendurnar á henni með stjórnvaldaráðstöfunum, og í kjölfar þeirra er svo lagt fram það frv., sem hér um ræðir á þskj. 197 um breyt. á l. nr. 62 1967 um bann gegn veiðum með botnvörpu og flotvörpu. Mér finnst þessi vinnubrögð mjög svo einkennileg, að ekki sé meira sagt. Þetta ástand, sem hæstv. dómsmrh. ætlaði að kippa í liðinn, er hann þó búinn að láta viðgangast árum saman án þess að gera nokkuð til þess að lagfæra það. Þegar svo loksins er kominn skriður á það í sjútvmrn. að koma þessum málum á einhvern skynsamlegan grundvöll og það er búið að kjósa til þess og skipa til þess góða menn, sem hafa sýnt, að þeir hafa góðan vilja til þess að leysa málið og voru komnir á rekspöl með að gera það, þá er tekið fram fyrir hendurnar á þeim á þennan hátt. Mér finnst þessi vinnubrögð mjög ámælisverð og vil átelja þau.

Hv. 5. landsk. þm., formaður þessarar landhelgisnefndar, lýsti því hér yfir áðan, að þrátt fyrir þetta mundi n. halda áfram störfum og hún gæti skilað áliti, að mér skildist, í byrjun febrúar eða um leið og þing kemur saman. Hér er því aðeins um eins mánaðar tímabil að tefla, sem þessum bráðabirgðaráðstöfunum er ætlað að gilda í raun og veru, þó að í frv. segi, að þau skuli gilda til 30. apríl n. k. En ég er alveg sannfærður um það, að það verður miklu erfiðara fyrir þessa hv. n. og fyrir Alþ. að breyta þessum reglum, ef það kynni nú að koma í ljós við athugun n., að þess þyrfti, eftir að búið er að veita þær undanþágur, sem frv. gerir ráð fyrir. Og það mun sýna sig, að það verður erfitt.

Hér er um bráðabirgðalausn svokallaða að ræða — bráðabirgðalausn, sem tekur til tiltekins afmarkaðs landshluta í tiltekinn tíma. Þegar þetta frv. kom fyrst fram í hv. Nd., var gegn því mjög sterk andstaða sérstaklega frá þm. af vissum landsvæðum. Nú er búið að breyta þessu talsvert, teygja þetta og toga, þannig að sjútvn. Nd. hefur staðið að sameiginlegu nál. Það má vel vera. Ég vil ekkert draga úr því, að þær breytingar, sem n. gerði á frv., séu til einhverra bóta. En þessar breytingar eru þær, að bætt er inn, þar sem rætt er um undanþágurnar fyrir Suðurlandi og Norðurlandi, að tillit sé tekið til nauðsynlegrar friðunar fyrir botnvörpu á svæðinu frá Rauðanúp vestur að Gjögurtá. Þetta á við um Norðurland, en fyrir sunnan eru þær undanþágur settar inn, að togveiðar skuli ekki heimilaðar á svæðinu frá Stokksnesi að Skaftárósum á tímabilinu frá 1. marz til 30. apríl og leyfi til togveiða megi að öðru leyti takmarka hverju sinni við tíma og svæði, m. a. til þess að forða frá árekstrum á veiðisvæðum við báta með

önnur veiðifæri svo sem línu og net. Hér eru settar inn nýjar undanþágur frá þeim undanþágum, sem frv. gengur út á að veita, og það getur vel verið, að þetta sé til mikilla bóta. Ég vil ekki gera lítið úr því. En ég hygg, að landhelgisgæzla verði nú allerfið, þegar búið er að búta veiðisvæðin jafnmikið niður og hér er gert ráð fyrir og þegar þar að auki veiðiskipin eru af vissri stærð, sem þarna mega vera. En það má vel vera, að það sé hægt að leysa það. Ég er viss um það, að undanþágan, sem lýtur að því að banna togveiðarnar á tilteknum tíma á tilteknum svæðum til þess að forða frá árekstrum við báta með önnur veiðarfæri svo sem línu eða net, er algerlega nauðsynleg, því að það gæti virzt, að flm. frv. hefðu gleymt því, að nokkur afli bærist á land frá þeim veiðarfærum, sem þar eru tiltekin. En það hefur rifjazt upp í n., og er það þá vel.

Þessi till. gengur út á það, að það séu það, sem ég kalla nú stóra báta — allt að 200 smálestum, sem eigi að fá að fiska allt að 3 mílum frá landi. Ég segi það sem mína skoðun og hef áður sagt það hér á hv. Alþ., að ég er hræddur við þessa tilslökun, sem sífellt er verið að leita á með. Það er ekkert langt síðan við heyrðum það, að landhelgisútfærslan hefði tekið af togurunum svo til allan rekstrargrundvöll. Það væru ný stór togaramið, sem áður hefðu verið þeim opin, en væru þeim lokuð nú, og þetta væri m. a. ástæðan fyrir því, hvernig togaraútgerð hefur gengið hér að undanförnu. Og ég minnist þess, að það hafa komið fram háværar kröfur frá útgerðarmönnum togara um, að það yrðu gerðar undanþágur fyrir þá. Það kann að vera, að það sé mikill munur á togara og 200 tonna bát. Það er nokkur stærðarmunur, en ég tók eftir því, að í þeirri ræðu, sem hv. 5. landsk. hélt hér áðan, sagði hann það, að það væri algerlega óákveðið — sem eðlilegt er — hjá landhelgisnefndinni, við hvaða stærð yrði miðað — ég tók svo eftir, að hann orðaði það svo — þ. e. hvaða stærðarmörk ætti að ákveða, ef einhver yrðu. Og þetta skil ég svo, þangað til það verður leiðrétt, að það sé — a. m. k. í hans hug — alls ekki fráleitt, að stærðarmörkin verði miklu hærri en þetta — jafnvel upp í það, að a. m. k. minnstu togarar fengju að fara þar inn. En ég skal fúslega viðurkenna það, að ég hef ekki mikið vit á sjósókn og ætla þess vegna ekki að fara að halda neinn fræðilegan fyrirlestur um það. En ég þykist þó skilja það, að til þess höfum við togara og önnur stærri skip að sækja aflann þangað, sem lengra er að fara, fyrst og fremst vegna þess að minni skipin hafa sýnt það, að þau henta ekkert síður fyrir þær veiðar — upp í landsteinum nánast — sem hér er fyrst og fremst verið að fjalla um.

Ég skal líka kannast við það, að ég hef verið hræddur við togveiðar á ýmsum af þessum svæðum, sem hér er ráðgert að taka þær upp á — hræddur við þær vegna þess, að þær spilltu uppeldissvæðum fisksins. Ég skal fúslega viðurkenna það, og ég mun einhvern tíma hafa sagt það hér og kannske oftar en einu sinni. En ég skal gera þá játningu hér, að síðustu greinar, sem ég hef lesið um þessi mál, og þá kannske alveg sérstaklega grein eftir Aðalstein Sigurðsson, fiskifræðing, sem birtist í tímaritinu Ægi ekki alls fyrir löngu, hafa dregið nokkuð úr þessari hræðslu minni við það, að togveiðarnar væru hættulegar í þessu tilliti. Og ég tel auðvitað sjálfsagt að hafa það, sem sannast reynist í þessu, og fara eftir því, sem færustu sérfræðingar okkar leggja til, þannig að ég ætla ekki hér að halda því fram, að togveiðar innan þessara marka megi í engum tilfellum eiga sér stað.

Það er sífellt verið að auka annir og áhyggjur hæstv. sjútvmrh. Nú er síðast verið að leggja það á hann, að hann eigi að setja reglur um allar þessar veiðar og undanþágur frá þeim. Ég öfunda hann ekki af því að fá þessa sendingu. Ég tók svo eftir um daginn, þegar við vorum að ræða hér um ráðstöfun á gengishagnaði, að hæstv. sjútvmrh. kallaði þetta kvöð, sem á sig væri lögð að úthluta fjárveitingum til sjávarútvegsins eftir sinni yfirsýn. Hvað kallar hann þá þetta, þegar honum er fengið alræðisvald í því að ákveða, hvað fiskstofninn við strendur landsins þoli af slíkum veiðum? Kvöð er a. m. k. tæplega nægilega sterkt orð um það. En það er nú ekki ástæða til þess að vorkenna honum. Ég mun heldur ekki gera það, því að hann á að hafa hér við hlið sér Hafrannsóknastofnunina, sem er skipuð væntanlega færustu sérfræðingum í þessu máli.

Það getur vel verið, að það sé óhjákvæmilegt, að við göngum enn nær fiskstofninum en gert hefur verið á undanförnum árum og við sjáum enga leið út úr efnahagsvandamálum þjóðarinnar aðra en þá að veiða innar og innar — nær og nær landi. Þótt við gerum þetta, hvort sem það er nú með leyfi yfirvaldanna eða ekki, þá gengur aflinn saman, og það gerist á sama tíma, sem aðrar þjóðir bæta stórkostlega við sig í aflamagni a. m. k. — ég tel víst í úrvinnslu aflans líka — og það er svo komið fyrir þeirri miklu fiskveiðiþjóð, Íslendingum, að Danir eru farnir að fiska meira en við, og ég hygg, að það sé tæpast heppilegur samanburður. Þetta finnst mér gefa það til kynna, að hér hafi ekki verið nægilega fylgzt með nýjum aðferðum á fjarlægari miðum, en menn hafi fremur einbeitt sér að því að fá undanþágur frá þeirri friðun fiskstofnanna, sem lögleidd var hér 1958. En það getur vel skeð, að við höfum ekki aðrar leiðir til þess að sjá þjóðinni farborða en þær að tæma það forðabúr, sem okkur er fengið hér við strendur landsins, áður en við höfum manndóm í okkur til þess að koma hér á nýjum atvinnugreinum, sem gætu a. m. k. létt undir, en skemmtileg tilhugsun er það ekki.

Ég vil aðeins, áður en ég lýk máli mínu, minna á það, sem mér er þó kannske efst í huga í sambandi við öll þessi mál, en það eru þeir möguleikar, sem við Íslendingar höfum í framtíðinni á því að stækka friðunarsvæðin, þ. e. að færa út landhelgina. Þegar við gerðum þetta á sínum tíma 1958, þá vorum við frjálsir að því samkv. alþjóðarétti að gera þessa útfærslu einhliða. Við spurðum engan að því, og við þurftum engan að því að spyrja. Síðan hafa aðstæður í þessu tilliti breytzt. Við höfum gert samning, sem leiðir það af sér, að við getum ekki lengur farið okkar máli einhliða fram. Við verðum að sækja til annarra um það, hvort við fáum þessa útfærslu eða ekki. Ég held þrátt fyrir það, sem haft er eftir þjóðréttarfræðingum hér á þskj. 192, að sterkustu rök Íslendinga hafi verið og verði fyrir útfærslu landhelginnar þau, að það séu friðunarráðstafanir, sem þar er stefnt að. Og ef við spillum á einhvern hátt möguleikum okkar til þess, er illa farið, og þá er það spor, sem getur orðið erfitt að leiðrétta.

Ég geri ekki ráð fyrir því, að það þýði úr því, sem

komið er, að halda hér uppi löngum ræðuhöldum í tilefni af þessu frv. Sjútvn. hv. Nd. er orðin sammála, og ég þykist vita, að meiri hl. hér í Ed. sé einnig fyrir því, að þetta frv. fái fram að ganga. En ég endurtek það, sem ég hef áður sagt í þessari stuttu ræðu, að ég vil nú koma til móts við þá, sem ráða þinghaldinu með því að halda ekki langa ræðu á síðustu dögum þess, og ég tel mig hafa staðið við það, en niðurstaðan verði sú, að hér séu óskynsamleg vinnubrögð viðhöfð. Skynsamlegustu vinnubrögðin hefðu að mínum dómi verið þau, að n. hefði fengið að halda áfram óslitið sínu starfi og taka við málunum eins og þau þá voru, en sé ekki bundin af nýrri lagasetningu, sem flaustrað er af á Alþ. á síðustu dögum þess í algjöru tímaleysi.

Páll Þorsteinsson: Herra forseti. Ég tel ástæðu til að fara nokkrum orðum um þetta frv., sem hér liggur fyrir, og mun ég þá fyrst í mjög stuttu máli drepa á nokkur meginatriði í landhelgismálinu, vegna þess að þetta mál og hagnýting landhelginnar er í beinu samhengi við það, sem unnið hefur verið á því sviði að undanförnu. Í því sambandi get ég í stuttu máli gert grein fyrir skoðun minni á því, en að því búnu mun ég ræða sérstaklega nokkur ákvæði þessa frv.

Það mun nú enginn ágreiningur vera um það milli manna, að efnahagslegar undirstöður íslenzks sjálfstæðis eru gróðurmoldin og orkan, sem felst í fallvötnunum, og þó ekki síst fiskimiðin. Og það hefur verið haldið uppi mikilli sókn í landhelgismálinu vegna þess, að afkoma sjávarútvegsins er svo mjög bundin við það, hversu rúm landhelgin er og hvernig hún er hagnýtt. Af Íslands hálfu hafa verið gerðar kröfur í þessu efni og réttarstaða þjóðarinnar mjög vel skýrð á alþjóðavettvangi. Við segjum: Landgrunnið kringum Ísland er jarðfræðilega og jarðsögulega óaðskiljanlegur hluti af Íslandi sjálfu og þetta fiskauðuga landgrunn viljum við eiga. Við Íslendingar teljum okkur eiga tilkall til þess — sögulegan rétt, þjóðlegan rétt og landfræðilegan, og hér kemur og til sá helgi réttur, sem lífsnauðsyn heillar þjóðar skapar.

Á fyrstu öldum Íslands byggðar var raunar ekki um neina landhelgi að ræða í nútímaskilningi þess orðs. Og þannig var það langt fram eftir öldum, að reglur um landhelgi kringum Ísland fóru eftir því, sem þjóðhöfðingjarnir, sem töldu sig eiga tilkall til yfirráða í Norðurhöfum, settu. En fyrst mun reglan um viðáttu fiskveiðilandhelgi við Ísland hafa verið miðuð við 48 sjómílur, síðan við 36 sjómílur, en árið 1682 er landhelgin bundin við 16 sjómílur, og sú regla var í gildi í 170 ár. En árið 1859 var gerð breyting á dönsku landhelgisgæzlunni við Ísland af hálfu danskra stjórnarvalda, þannig að þá og eftirleiðis er gæzlan aðeins látin taka til fjögurra sjómílna þrátt fyrir mótmæli af hálfu Íslendinga í því efni. En það er ekki óeðlilegt að minnast þess nú, að það eru að verða 100 ár, síðan Alþ. Íslendinga lét landhelgismálið til sín taka. Árið 1869 bar Alþ. fram bænarskrá til konungs út af landhelgismálinu, og þar segir svo, að þingið verði að álíta, að hið eina ráð til að verja landið gegn því tjóni, sem yfir vofi í þessu efni, sé það, að hinum útlendu fiskimönnum verði haldið til að hegða sér eftir lögum þeim, sem gilda um þetta efni. Þannig verði samkv. opnu bréfi frá 13. maí 1682 stranglega bannað að fiska nær landi en 4 danskar mílur, þ. e. 16 sjómílur.

Ég verð að segja, að í orðalagi þessarar bænarskrár og því frumkvæði af hálfu Alþ. að gera hana úr garði felst furðumikil reisn, þegar miðað er við alla aðstöðu þess tíma. Þá hafði Alþ. ekki löggjafarvald, heldur var einungis ráðgefandi samkoma. Þá þurftu Íslendingar að stríða við mikla erfiðleika á atvinnusviðinu m. a. af völdum fjárkláða, sem geisaði víða í landinu, og þá áttu þeir við að búa hjá herraþjóðinni, Dönum, það hugarfar, sem leiddi til setningar stöðulaganna 1871 svo sem alkunnugt er. Þetta þurfa löggjafarnir að hafa í huga jafnt nú sem endranær. En framkvæmd þessa máls varð ekki sú, sem samþykkt Alþ. 1869 fór fram á, heldur varð framhaldið það, eins og kunnugt er, að danska stjórnin gerði fyrir hönd Íslands samning við Breta um víðáttu fiskveiðilandhelginnar árið 1901, og sá samningur átti að gilda til 50 ára.

Það er alveg víst, að þessi samningur, sem gilti í hálfa öld, hefur bæði beinlínis og óbeinlínis markað spor í atvinnusögu þessarar þjóðar. Þegar að því kom, að þetta samningstímabil væri á enda, hófst Alþ. handa um að fylgja málinu eftir á þann hátt að stefna markvisst að stækkun fiskveiðilandhelginnar. Fyrsta stóra sporið í því efni er setning l. 1948 um vísindalega verndun fiskimiðanna á landgrunninu og á þeim grundvelli, sem með þeirri löggjöf var lagður, hefur sóknin síðan staðið. Fyrst var reglugerðin sett 1950 um útfærslu fyrir Norðurlandi, næsta skrefið var 1952 með útfærslu í 4 sjómílur og svo lokaskrefið 1958, þegar landhelgin var færð út í 12 sjómílur. Við stefnum að því með þessum aðgerðum að fá lögsögu yfir sem stærstu svæði í kringum strendur Íslands og að geta fjarlægt erlend fiskiskip af þessu hafsvæði, en við tökum jafnframt á okkur þá skyldu og þær skuldbindingar að nota ekki þau veiðarfæri, sem spilla fiskstofninum og tortíma um of ungviði. Ég leyfi mér að fletta upp lögunum, sem sóknin í landhelgismálinu hefur verið grundvölluð á. Og 1. gr. l. um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Sjútvmrn. skal með reglugerð ákvarða takmörk verndarsvæða við strendur landsins innan endimarka landgrunnsins, þar sem allar veiðar skuli háðar íslenzkum reglum og eftirliti, enda verði friðun á landgrunninu á engan hátt rýrð frá því, sem verið hefur. Rn. skal einnig ákvarða allar þær reglur, sem nauðsynlegar eru til verndar fiskimiðunum á ofangreindum svæðum. Ráðstafanir þessar skulu gerðar að fengnum till. Fiskifélags Íslands og Atvinnudeildar Háskóla Íslands.

Reglugerðin skal endurskoðuð eftir því, sem vísindalegar rannsóknir gefa tilefni til."

Það er alveg ótvírætt, sem ég sagði, að við stefnum að því að fá lögsögu yfir sem stærstu hafsvæði kringum Ísland, en tökum um leið á okkur a. m. k. þá siðferðilegu skyldu að hafa gát á því, hvaða veiðarfæri eru notuð og hvernig fiskimiðin eru nytjuð. Það hafa engin lagafyrirmæli, svo að mér sé kunnugt, verið sett um að banna eða takmarka handfæraveiðar eða línuveiðar, en við skulum gefa því gaum, að það eru í gildi lög um bann gegn veiðum með botnvörpu, og ég ætla, að þau lög séu að stofni til frá 1920, þó að þau hafi verið endurskoðuð síðar og þau lög, sem nú gilda um þetta

efni séu frá 1967. En þá vaknar þessi spurning, hvers vegna hafa lög um bann gegn veiðum með botnvörpu verið í gildi í 47 ár eða 48 ár? Var það á sínum tíma að ástæðulausu, að þau lög voru sett, og er það að ófyrirsynju, að þau eru enn í gildi? Ég held, að svo sé ekki. Ég held, að sú lagasetning hafi á sínum tíma verið lögfest af ríkri nauðsyn til að hafa gát á því, hvernig fiskimiðin eru hagnýtt. Og ég held, að það sé full ástæða til þess að halda þessum lögum enn í gildi, enda leggur það enginn til að nema þau úr gildi. Nú vil ég leyfa mér að lesa 1. gr. l., með leyfi hæstv. forseta, um bann gegn veiðum með botnvörpu og flotvörpu, sem nú eru í gildi, þ. e. lög nr. 62 frá 18. maí 1967. 1. gr. þeirra hljóðar svo eða 1. mgr. greinarinnar:

„Í fiskveiðilandhelgi Íslands, eins og hún er ákveðin í reglugerð settri samkv. l. nr. 44 5. apríl 1948, skulu bannaðar vera fiskveiðar með botnvörpu og flotvörpu. Rétt er ráðh. að veita íslenzkum skipum undanþágu frá banni þessu, þó utan þeirra marka, sem sett voru í reglugerð nr. 21 19. marz 1952." — Ég endurtek: Þó utan þeirra marka, sem sett voru í reglugerð nr. 21 19. marz 1952.

En með reglugerðinni, sem sett var 1952, var stigið það skref að loka fjörðum og flóum fyrir botnvörpuveiðum og færa fiskveiðitakmörkin út í 4 sjómílur frá grunnlínupunktum. Það, sem er sérstaklega eftirtektarvert við þetta frv. og ég vildi leyfa mér með þessum orðum að leggja sérstaka áherzlu á, þannig að það fari ekki fram hjá neinum hv. dm., að með þessu frv. er lagt til, að á vissu svæði við strönd landsins séu togveiðar leyfðar inn að þrem sjómílum frá strandlengju. Það er fyrir innan þau mörk, sem l. sjálf, sem þetta frv. er breyting á, ákveða, að ekki megi leyfa togveiðar. Þetta er grundvallaratriði l. sjálfra, að þó skulu ekki leyfðar togveiðar fyrir innan mörkin, sem sett voru með reglugerðinni 1952. En þetta frv. er bráðabirgðaákvæði, þar sem aðalefni þess er ákvæði til bráðabirgða við þessi gildandi lög og með þessum ákvæðum til bráðabirgða á að ganga í berhögg við grundvallaratriði í sjálfri löggjöfinni, sem í gildi er um 4 sjómílur á vissu svæði við strönd landsins. Þetta tel ég mjög eftirtektarvert og þess eðlis, að það megi ekki fara fram hjá hv. þdm., sem greiða atkv. um þetta mál, hvað hér er í efni.

Nú segi ég svipað eins og sá, sem síðast talaði hér, hv. 11. þm. Reykv., að ég hef alltaf haft beyg af því, að þessi ágengni manna og tilhneiging til þess að opna ný og ný svæði fyrir togveiðum nær og nær ströndinni sé vægt til orða tekið mjög varhugaverð. Og ég tel, að ýmislegt hafi komið fram nú á síðari tímum, sem rennir stoðum undir þessa skoðun. Ég minnist þess, að á árinu 1966, að mig minnir, var það gert heyrinkunnugt á ráðstefnu fiskifræðinga, sem haldin var, að mig minnir, í Bretlandi, að aukin togveiði erlendra veiðiskipa á svæðinu hér austan við landið utan 12 mílna landhelginnar mundi hafa stórkostleg áhrif á það að skerða fiskstofninn. Þar væri sópað upp í botnvörpur fiski, sem ekki væri fullvaxinn, og mundi þetta hafa hin alvarlegustu áhrif á aðstöðu okkar Íslendinga til veiða innan landhelginnar. Það er mín skoðun, að allt, sem við gerum í þá stefnu að opna fleiri og fleiri svæði fyrir togveiðum, veiki hinn siðferðilega rétt okkar til þess að berjast á erlendum vettvangi fyrir aukinni friðun og það dragi úr áhrifum okkar, ef við förum gálauslega að innan okkar eigin landhelgi í þessum efnum. Skoðun mín almennt í þessu máli er því nú eins og jafnan áður byggð á þeim sjónarmiðum, að okkur beri að sýna fyllstu varfærni í því að leyfa togveiðar nálægt ströndinni og með því séum við að styrkja sóknaraðstöðu okkar og siðferðilegan rétt til frekari útfærslu landhelginnar til þess að ná yfirráðum yfir landgrunninu eins og stefnt er að með l. frá 1948. Þess vegna vil ég nú sem jafnan áður hafa þá afstöðu til þessa máls, að það sé miðað við að hafa fulla gát á því að leyfa togveiðar.

Í þessu frv. er miðað við stærð skipa allt að 200 brúttórúmlestum. Það má vel vera, að það sé talsverður munur á því, hvort um togara sé að ræða eða 200 smálesta skip gagnvart fiskimiðunum, en mér virðist þó, að í því efni sé ekki um eðlismun að ræða.

Nú er mér það vel ljóst, að þetta frv. hefur átt nokkurn aðdraganda og á þann hátt, að þrátt fyrir þau lagaákvæði, sem ég hef vitnað til, hafa togveiðar vélbáta farið mjög í vöxt við strendur landsins á undanförnum árum, og nú er málið komið í það horf, að það er vandasamt. En ég vil benda á það, að þetta mál er ekki nýtt af nálinni þannig, að það hafi þá ekki verið full ástæða til að taka það fastari tökum miklu fyrr en gert hefur verið. Og það er svo, að við þm. Framsfl. höfum fyrir löngu eða alllöngu komið auga á það, að hér er um vandasamt mál að ræða og að nauðsyn beri til að setja um það almennar, fastar reglur. Á þinginu 1966 fluttu sjö þm. Framsfl. till. til þál. um undirbúning heildarlöggjafar um hagnýtingu fiskimiðanna umhverfis landið. Jón Skaftason var 1. flm. og hafði orð fyrir þeim um þetta mál, og sú till. var um það, að Alþ. ályktaði að kjósa níu manna n. til þess að undirbúa setningu heildarlöggjafar um hagnýtingu fiskimiðanna umhverfis landið. Skulu 5 nm. kosnir hlutbundinni kosningu í sameinuðu Alþ., en Hafrannsóknastofnunin tilnefna tvo nm., Landssamband ísl. útvegsmanna 1 nm. og heildarsamtök sjómanna 1 nm. Þetta lögðum við framsóknarmenn til á þinginu 1966, en þá fékk þetta mál ekki undirtektir af hálfu meiri hl. þingsins. Hefði þá þessi till. verið samþ. og hafizt handa um svipað nefndarstarf eins og nú er unnið að, hefði þetta mál aldrei orðið jafnvandasamt eins og það er nú orðið.

Framhald þessa máls varð þó það, að s. l. vor var horfið að því ráði að skipa mþn. til þess að starfa að þessu máli, og hefur hv. 11. þm. Reykv., Einar Ágústsson, gert þann þátt málsins hér að sérstöku umræðuefni, en ég hef enga tilhneigingu til þess að draga hér þessar umr. um skör fram og skal því ekki fara að endurtaka það, sem hann sagði um það efni. Ég get þó ekki látið hjá líða að minna á það, að svo hefur tiltekizt um skipan þessarar n., að það er mjög skammt, síðan hún gat tekið þetta mál þeim tökum, sem henni ber að gera, og sá tími, sem hún hefur haft til starfa, er ákaflega skammur. En á meðan mþn. er að starfa, er þessu frv. komið á framfæri hér á hv. Alþ., og það stendur sjálfsagt að einhverju leyti í sambandi við þá ákvörðun hæstv. dómsmrh. að gefa upp sakir fullveldisdaginn 1. des. þeim, sem höfðu gerzt brotlegir við l. vegna fiskveiða með botnvörpu í landhelgi. En sú

framkvæmd hefur að undanförnu farið þannig úr hendi, að ekki verður betur séð en það hafi fremur ýtt undir togveiðar innan fiskveiðilandhelginnar — ýtt undir lögbrot fremur en dregið úr þeim. Og það er vitanlega, hvernig sem á málið er litið, stórkostlega ámælisvert.

Nú hefur það komið greinilega fram, að þetta mál er flutt ekki sízt eða jafnvel aðallega með hagsmuni Vestmannaeyja fyrir augum. Ég veit það vel og viðurkenni fúslega, að Vestmannaeyjar eru sá staður, sem hefur lagt þjóðarbúinu mjög mikil verðmæti í hendur á undanförnum árum, og að útgerð þar hefur lengst af verið með blóma og stunduð af mikilli atorku og myndarskap. Mér er vel kunnugt um það, að fólk úr mínu byggðarlagi hefur árum saman sótt atvinnu til Vestmannaeyja, enda hafa ýmsir menn þaðan verið eftirsóttir í skiprúm á flota Vestmannaeyja, svo að það hefur ekki staðið á því, að þeir fengju þar atvinnu. En allt fram undir síðustu ár hefur þessi útgerð verið stunduð með línu fram eftir vetrinum og síðan með netum. Eins og ég sagði áður, hefur nú hin síðustu ár mjög sótt í það horf, að ýtt væri undir togveiðar og þá farið ógætilega og mjög nálægt landi sums staðar við þær veiðar. Með þessu frv. er stefnt að því að auka heimildir til þess að leyfa togveiðar á vissum svæðum, þannig að bátar geti stundað þær veiðar án þess að brjóta ákvæði gildandi laga um það efni.

En þá hlýt ég að koma að því, sem ég benti á fyrr í þessari ræðu, að þessum heimildum er mjög misskipt eftir því, hvort um Norðurland er að ræða eða Suðurland. Heimildin úti fyrir Norðurlandi er miðuð við, að togveiðar verði heimilaðar á svæði, sem er utan við 4 sjómílur frá grunnlínupunktum, og þetta ákvæði er því í samræmi við 1. gr. gildandi laga um bann við veiðum með botnvörpu og flotvörpu. En þegar kemur að svæðinu fyrir Suðurlandi, er önnur regla tekin upp. Þá er ekki miðað við grunnlínupunkta, heldur strandlengju. Þá er ekki miðað við 4 sjómílur — ekki einu sinni frá strandlengju, heldur þrjár sjómílur, og brýtur það í bága, eins og ég sagði áðan, við grundvallarreglu gildandi laga. Og þessu til viðbótar hefur sú breyting verið gerð á frv. í Nd., að á vissu svæði á þó að vera heimilt að veita frekari heimildir til botnvörpuveiða og það svæði á að takmarkast að austan af lengdarbaug 21° og 57 mín. vesturlengdar og að vestan af lengdarbaug 22° 32 mín. vesturlengdar. Mér hefur virzt svona í fljótu bragði þetta svæði vera út af Reykjanesi eða hér út af suðurströndinni vestanverðri. En það á að leggja það á vald reglugerðargjafans, þ. e. ráðh., hvort á því svæði verða leyfðar togveiðar alveg inn að landsteinum eða ekki.

Eins og frv. var úr garði gert, þegar það var flutt inn í þingið, var gert ráð fyrir því, að á öllu hafsvæðinu frá Garðsskaga og austur að Stokksnesi yrðu leyfðar togveiðar inn að þrem mílum frá ströndinni, en ekki frá grunnlínupunktum. Nú er það sýnilegt, að með þessu er ekki stefnt að því að leysa þetta vandamál í heild fyrir landið allt. Vel hefði það getað leitt til þess, að bátar héðan úr útgerðarstöðum frá Faxaflóa hefðu flykkzt á þetta svæði og þrengt mjög að bátaflota Vestmannaeyja — t. d. á þessu svæði, sem opnað var — af því, að það er ekki höfð heildarsýn yfir vandamálið allt samkv. þessu frv. En að öðru leyti stefndi frv. beinlínis að því að auka svigrúm — við skulum segja — Vestmannaeyjabáta austur á bóginn, en þá um leið að kreppa að veiðisvæði Hornafjarðar og Austfjarða, því að aðalveiðisvæði Hornafjarðar er vestur með ströndinni allt vestur í Meðallandsbugt, sem kallað er, eða vestur fyrir Ingólfshöfða. Og það er svo um útgerðarstöðvarnar á Austfjörðum — a. m. k. með ströndinni allt norður að Neskaupstað, að bátafloti þeirra, hinir stærri bátar, hafa ekki nothæf mið til þorskveiða á vetrarvertíðinni úti fyrir fjörðunum, en sækja vestur með ströndinni á sömu mið og Hornafjarðarbátarnir allt vestur fyrir Ingólfshöfða, flytja síðan fiskinn þessa leið austur á sínar heimahafnir og halda með því uppi atvinnu á þessum stöðum. Með því að opna þetta þannig, eins og lagt var til í frv., var greinilega að því stefnt að kreppa að útgerðarstöðum á þessu svæði.

Nú vil ég taka fram, að að þessu leyti hefur frv. tekið miklum breytingum í hv. Nd., og út af fyrir sig tel ég, að frv. sé stórum betra eftir þær breytingar en það var áður. Samt sem áður tel ég, að í þessu felist enn of rúmar heimildir, og legg ég þá enn áherzlu á þetta, að taka á upp þriggja mílna reglu frá ströndinni og einnig þessa heimild um að opna á svæðinu milli 21. og 22. lengdarbaugs eitthvað meira en að þremur mílum — jafnvel alveg upp í landsteina. Og í þriðja lagi er enn nokkuð óákveðið orðalag á þeirri setningu í frv., sem kveður svo á, að leyfi til togveiða má að öðru leyti takmarka hverju sinni við tíma og svæði, m. a. til þess að forða frá árekstrum á veiðisvæðum við báta með önnur veiðarfæri svo sem línu og net. Ég viðurkenni, að hugsunin, sem að baki þessu liggur, er í sjálfu sér góð. Þetta er þó ákaflega ónákvæmt orðalag, og fyrir þá, sem eru yfirleitt andstæðir auknum heimildum, er ekki mikil trygging fengin með þessu orðalagi. Og ég tek einnig undir það, sem hv. 11. þm. Reykv. sagði, að ég held, að það sé nú allmikill vandi lagður á herðar hæstv. sjútvmrh. með að setja reglur samkv. þessari lagagrein.

Niðurstaða mín verður sú — ég skal fara að ljúka máli mínu — að ég hefði talið rétt og sjálfsagt að bíða eftir starfi nefndarinnar, sem er að vinna að málinu í heild, og leggja ekki kapp á að knýja þetta mál fram til úrlausnar nú, heldur leggja kapp á það, að nefndin starfi nú í þinghléinu um og eftir áramótin og það yrði þá hægt á grundvelli þeirra till., sem hún gerir, að setja heildarreglur um þetta mál, þegar þingið kemur saman aftur í febrúar. Ég er þeirrar skoðunar, alveg eins og kom fram hjá hv. 11. þm. Reykv., að færi svo, að till. n. gengju skemmra en lagt er til í þessu frv., verði miklum mun erfiðara að breyta til aftur, þ. e. taka af þau réttindi, sem veitt eru með þessu, eftir að einu sinni er búið að veita þau samkv. sérstökum lögum. Og í þriðja lagi tel ég, eins og ég hef þegar gert grein fyrir, ýmis ákvæði þessarar frvgr. vera þannig, að það sé mikið svigrúm til að setja allvíðtækar reglur í þessu efni, og ég mun því ekki sjá mér það fært að styðja þetta frv., en mun greiða atkv. gegn því.

Karl Guðjónsson: Herra forseti. Það hafa lengi verið hér meðal margra þm. nokkuð svipaðar hugmyndir um landhelgi og botnvörpu eins og hið fyrrnefnda væri

blómagarður, en hið síðara væri sauðkind eða einhvers konar skemmdarvargur í fallegum blómagarði. Það má vera, að það byggist á þessum hugmyndum, að svo lengi hefur dregizt að taka raunhæfum tökum á landhelgismálum okkar, en þau hafa sannast að segja um margra ára skeið verið hrein feimnismál hjá rn., sem áttu að framkvæma refsingar fyrir brot á þeim lögum, sem um þau giltu. Á hinn bóginn hafa fiskveiðarnar og þá líka fiskveiðar með botnvörpu verið undirstaða í atvinnulífi Íslendinga. Þær hafa skipt sköpum um það, hvort atvinna hefur verið í landinu eða atvinnuleysi á stundum, og einnig um það, hvort þjóðarbúið hefði nægilegar tekjur fyrir sig að leggja eða hvort það væri í kreppuástandi, eins og það er nú.

Framkvæmd þessara mála hefur verið þannig, að togveiðibátar hafa verið gerðir út víðs vegar um landið, og þeir hafa aflað svo sem þeir hafa getað og þá einnig innan landhelginnar. Varðskipin hafa elt bátana á röndum, stöðvað þá við veiðarnar og skipað þeim heim til hafnar, þar sem fógeti hefur sett upp sína embættishúfu og yfirheyrt þá. Þeir hafa gert tilraunir til þess að koma sér undan því að viðurkenna landhelgisbrot. Stundum hefur þeim máske tekizt það, en ærið oft hafa þeir hlotið býsna þunga dóma. En þegar til framkvæmdanna hefur komið á þeim dómum, þá hefur þeim verið slegið á frest, svo að viðkomandi skipstjórar hafa oft og iðulega sloppið með meira og minna skaddað taugakerfi og hafa haldið áfram að reka sína atvinnu — reyna að afla fisks, en það sjá allir hver sanngirni hér hefur verið á ferðinni gagnvart þeim mönnum, sem forystuhlutverki hafa gegnt í því að draga á land sjávarafla. Þeir hafa sem sé verið látnir lifa í stöðugum ótta. Ef þeir ekki fiska, er þeim sagt upp sem skipstjórum. Þeir eru búnir að missa sína atvinnu. Útgerðin, sem þeir stundum eru þátttakendur í sjálfir, er komin á vonarvöl. Með þessu veiðarfæri hefur ekki verið hægt að stunda veiðar með fullnægjandi hætti nema fara inn fyrir landhelgislínu.

Upp á þetta hefur ríkisstj. horft árum saman. Alþ. hefur gert það líka, og það hefur ekkert verið gert annað en halda þessum skrípaleik áfram, sem hefur mjög slæm áhrif á alla aðila. Í fyrsta lagi er það ákaflega slæmt, að mjög mikið sé um lögbrot, og skapar ekki virðingu fyrir lögum landsins. Það er sömuleiðis mjög slæmt fyrir stjórnarvöldin sjálf að framkvæma ekki þær refsingar, sem lög fyrirskipa. En verst af öllu er þetta þó fyrir mennina, sem í því hafa staðið að draga afla að landi með þeim ráðum, sem tiltæk voru, alltaf í stöðugum ótta um það, að þeir fái refsingar fyrir.

Þó að það sjónarmið hafi stundum verið ríkjandi hér á Alþ., að landhelgin væri blómagarður og botnvarpan væri einhvers konar skemmdarverkagripur, þá eiga alls ekki allir alþm. sammerkt í því og sjálfsagt ekki heldur ráðh., og á síðari árum hefur sá skilningur farið vaxandi, að þessu væri reyndar ekki þannig farið. Landhelgin væri ekki fyrst og fremst okkar blómagarður, heldur væri hún sá brunnur, sem við verðum að sækja okkar lífsuppihald í, og spurningin er því ekki um það að banna þar veiðar, heldur hitt að nýta hana skynsamlega.

Því frv., sem hér er á ferðinni og ég er nú reyndar ekki alls kostar ánægður með, fylgir grg., og ég verð að telja, að aðaluppistaðan í henni sé sú, sem segir í síðustu mgr. hennar, en þar segir um umsagnir fiskifræðinga um togveiðar: „Eru þær undantekningarlaust á þann veg, að togveiðar út af fyrir sig með þeirri möskvastærð, sem nú er ákveðin, séu fiskstofnunum ekkert hættulegri en sum veiðarfæri önnur, sem notuð eru."

Ég tek alveg undir það. Mér er kunnugt um það, að þetta er rétt hermt, og ég tel þetta vera veigamestu rökin, sem hér eru fram færð. En ef við viljum taka það gilt, að botnvarpa sé ekki hættulegra veiðarfæri en sum önnur, sem notuð eru, hvers vegna þá að vera að banna hana umfram önnur veiðarfæri? Hvers vegna ekki að nema úr gildi l. um bann við togveiðum? Ég teldi, að það væri tímabært að gera það. Hitt viðurkenni ég og tel enda sjálfsagt, að okkar veiðisvæðum og þá alveg sérstaklega þeim veiðisvæðum, sem liggja innan landhelginnar, sé skipt á sem hagnýtastan hátt og skipt með sem mestri hagræðingu á milli veiðiskipa — máske af tilteknum stærðum. Það er eðlilegt, að stærstu skipunum séu frekar ætluð djúpmiðin og þá smærri skipunum grunnmiðin. En það á ekkert skylt við það, að botnvarpan sé viðsjálsgripur, sem eigi að fjarlægja með öllu af tilteknum svæðum. Þessi vandi er auðvitað ekki nýtilkominn, og það er ákaflega slæmt, að við honum skuli ekki hafa verið brugðizt með röggsemi, heldur dregið að leysa hann allt til þessa.

Frv. er nú fram komið af sérstökum ástæðum vegna þess, að nú er svo komið, að rn. telur sér nauðsynlegt að framfylgja gildandi lögum og hefur sýnt lit á því, að það muni gera það framvegis. Auðvitað verður rn. ekki láð það, þó að einn góðan veðurdag komi að því, að það geti ekki látið hjá líða að framkvæma l. Ég get vel skilið það. Um það má auðvitað deila, hvort sú stefna hafi verið tekin upp á réttum eða skökkum tíma, en hitt vitum við öll, að að því hlaut að koma, að rn. sæi sér ekki fært að láta undan dragast að framkvæma l. Í samræmi við þessi orð, sem ég hef sagt hér, vil ég lýsa því sérstaklega, að vissir hlutar af þessu frv. eru þannig vaxnir, að ég tel ekki vera í þeim réttlæti.

Í fyrsta lagi þetta: Hér á að opna landhelgina að vissu leyti fyrir Norðurlandi og fyrir Suðurlandi, en ekki annars staðar. Ekki er þetta þó, vegna þess að ekki séu til togskip í öðrum landsfjórðungum en þessum tveimur. Á Vestfjörðum er allmikið af togskipum. Sama má segja um Breiðafjörð, og þó er alveg sérstaklega mjög mikið af þeim við Faxaflóa. En á öllum þessum svæðum og einnig á Austfjörðum eiga togskip ekki að fá leyfi til þess að sækja á sín heimamið, en þau mega fara norður fyrir land, og þau mega fara suður fyrir land og fiska þar. Með þessum hætti er greinilega raskað jafnvægi, þannig að það liggur hreinlega fyrir, að það mun koma óeðlilega mikill urmull togveiðiskipa á veiðisvæðin fyrir norðan og þó alveg sérstaklega fyrir sunnan. Ég geri ráð fyrir því, að á Vestfjörðum, Breiðafirði, Faxaflóa og Austfjörðum sé um það bil helmingur og líklega meira en helmingur af þeim togveiðiskipum, sem hér um ræðir. Þar af leiðandi tel ég, að það sé hæpinn ávinningur fyrir Norðlendinga og Sunnlendinga að fá þá alla á sín mið án þess að mega sjálfir víkja sér á þau mið, sem eðlilegust væru þessum bátum, sem nú eru væntanlegir norður fyrir — eða aðallega suður fyrir land. Þess vegna tel ég, að það þurfi

að athuga þetta frv. enn og sjá, hvort ekki er hægt að fá rökrænni lausn á þessu máli en hér er gerð till. um í frv. Það er þó ekki ákvarðað með sama hætti, hvar megi leyfa togveiðar fyrir Norðurlandi annars vegar og Suðurlandi hins vegar. Á Suðurlandi er þetta aðallega miðað við, að togveiðarnar megi leyfa 3 mílur frá ströndinni, en þó séu frekari heimildir til þess að fara nær landi á tilteknu afmörkuðu svæði, sem nánar er skilgreint í frv. Ég tel þetta eðlilegt og er því út af fyrir sig samþykkur. Á Norðurlandi er farið svolítið öðruvísi að. Þar er miðað við, að ekki megi fara nær en að 4 mílum.

Mér er næstum óskiljanlegt, hvernig þetta frv. hefur getað farið með því orðalagi, sem á því er, gegnum þrjár umr. í Nd. og gegnum æruverðuga n. þar, án þess að gerð væri á því breyting, þar sem í frv. segir, að leyfa megi togveiðar allt að 4 sjómílum frá grunnlínupunktum. Mér sýnist, að sums staðar megi þá alveg fara upp í grös, því að illa trúi ég því, þó að ég hafi nú ekki á korti fyrir mér, hversu þéttir grunnlínupunktar eru í þessum landsfjórðungi, að nvergi sé lengra á milli þeirra en 8 mílur, og svo virðist vera eftir frv., að draga eigi hring um punktana sjálfa. En ég get ekki ímyndað mér, að það sé það, sem fyrir tillögumönnum vakir, heldur hitt, að ekki megi fara nær landi en allt að 4 mílum frá grunnlínum, sem dregnar eru milli grunnlínupunkta. Ég vil m. a. víkja því að þeirri n., sem um frv. hlýtur að fjalla hér í þessari hv. þd., að leiðrétta þetta, ef rétt er skilið hjá mér, að það vaki fyrir tillögumönnum, að hér sé um að ræða grunnlínur, en ekki grunnlínupunkta. Ef þetta væri hins vegar meint eins og það stendur á blaðinu, þá er þetta eitthvað annað kerfi en ég hef nokkurn tíma heyrt nefnt, og ætla ég, að það verði að kryfja til mergjar, hvort um er að ræða handvömm í frv. eða í því felist eitthvað allt annað en mér sýnist, að vaki fyrir mönnum.

Með því að þessar umr. fara fram á býsna óvenjulegum tíma og nokkuð mikið þykir við liggja, að breytt verði þeim reglum, sem gilda í þessum efnum — og ég er því samþykkur — þá skal ég reyna að stytta mál mitt sem mest og ekki tefja þetta lengur en brýn þörf krefur. En ég vil sem sé biðja n. að athuga það, hvort hún getur ekki komizt að samkomulagi um rökréttara samhengi í lausn þessa vanda í heild en frv. gerir ráð fyrir, þ. e. að hún efni ekki til þess, að skip úr stórum landshlutum og skipmörgum verði endilega send á þau svæði ein, sem opnuð eru, en síðan verði öðrum svæðum haldið lokuðum — óeðlilega lokuðum, eftir að þetta frv. væri samþ. eða þessar hugmyndir gerðar raunhæfar, þar sem ég get ekki betur séð, en jafnmikil rök liggi fyrir því, að togveiðar verði leyfðar eða rýmkað verði um heimild til þeirra eins og gert er ráð fyrir, að gert verði fyrir Suður- og Norðurlandi.

Ég vil taka undir það, sem hv. síðasti ræðumaður, hv. 2. þm. Austf., nefndi áðan, að hér er ekki tekið á vandanum í heild, heldur aðeins hluta af honum, sem gæti raskað jafnvægi. Nú er mér það alveg ljóst, að hér er ekki um að ræða nema bráðabirgðalausn á þessu máli. En lengi býr að fyrstu gerð, og ég teldi það fullkomlega ómaksins vert að skoða það, hvort hér er ekki hægt að koma við réttlátari háttum um rýmkun á landhelginni en sú rýmkun ein getur talizt, sem frv. gerir ráð fyrir.

Að svo mæltu skal ég láta máli mínu lokið, en ég vænti þess, að hv. sjútvn. — það er sjálfsagt hún, sem fær málið til meðferðar — taki það til athugunar, sem ég hef hér bent á. Hvað líður brtt.-flutningi, læt ég hann bíða, þar til ég sé álit n. hér um. En hitt vil ég leggja áherzlu á, að breytinga er þörf frá gildandi reglum.

Ég get ekki tekið undir það, sem hv. síðasti ræðumaður sagði, að hér sé gengið of langt í rýmkunum. Þvert á móti tel ég, að hér sé gengið of skammt, en engu að síður get ég mjög tekið undir ýmislegt, sem hann sagði um efnismeðferð málsins. Og ég verð að segja það, að þó að til þess sé ætlazt af okkur alþm., að við komumst af með lítinn tíma til þess að afgreiða svona mál, þá hefur það svo lengi dregizt hjá rn. að gera einhverjar raunhæfar tilraunir til að leysa málið, að mér sýnist, að það mundi allt eins geta dregizt hjá því að setja reglugerð samkv. þessu frv. eða samkv. frv. eins og það verður endanlega, þannig að það sé ekki við því að búast, að það hljóti endilega að verða til að flýta fyrir málinu, þó að Alþ. flaustri því af. Ég tel, að það verði þeim mun erfiðara að gera reglugerð samkv. því, sem málið er í rauninni órökréttara, svo að það sé vel til þess vinnandi, að Alþ. skoði málið af nokkurri gaumgæfni, en afgreiði það þó svo fljótt, sem verða má.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv. og til sjútvn. með 18 shlj. atkv.

Á 36. fundi í Ed., 19. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 197, n. 211).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 16 shlj. atkv.

Frsm. (Pétur Benediktsson): Herra forseti. Sjútvn. hefur haft fund um þetta frv. og er því meðmælt, að d. ljái því fylgi. Þó er þetta samþykki bundið fyrirvara frá einstökum nefndarmönnum, fjórum af sjö, og munu þeir væntanlega gera nánari grein fyrir, í hverju þeir fyrirvarar liggja. Ég vil taka fram strax, að okkur hefur þótt nauðsyn á að leiðrétta villu, sem komizt hefur inn í frv., þar sem talað er um: „allt að 4 sjómílum frá grunnlínupunktum.“ Við föllumst alveg á það, sem bent var á af hv. 6. þm. Sunnl. við 1. umr., að þetta er í sjálfu sér meiningarleysa, og höfum þess vegna borið fram till. um leiðréttingu, þannig að í stað orðsins „grunnlínupunktum“ komi þarna: „línu, sem dregin er á milli grunnlínupunkta.“ Kannske hefðum við getað verið stuttorðari og sagt aðeins „frá grunnlínu“, en a. m. k. á þetta ekki að geta orkað tvímælis, eins og við höfum orðað það.

Þetta frv., sem hér liggur fyrir, er ekki fyrirferðarmikið. Það er varla hægt að segja, að það hafi svo mikið sem eina frvgr. Það er aðeins ákvæði til bráðabirgða og mun það vera frekar óvenjulegt, að frv. láti ekki meira yfir sér. En samt er þetta mjög merkilegt frv. að því leyti, að með því má segja, að verði viss þáttaskil í meðferð landhelgismálsins hér á Alþ. Hingað til hafa kraftarnir beinzt að því fyrst og fremst — og ég vil segja næstum eingöngu — að færa út túngarðinn, ef svo má

að orði komast, þ. e. að breikka það svæði frá strandlínunni og frá mynni fjarða og flóa, sem lögsaga landsins nái til, að því er snertir fiskveiðar. Og í þessu hefur okkur orðið blessunarlega mikið ágengt á seinustu áratugum frá því lögin um vísindalega verndun landgrunnsins voru sett. Vonandi tekst að halda áfram í sama horfinu og að ná lögsögu yfir landgrunninu öllu, áður en of langur tími líður. Því að það er það, sem við erum sammála um að stefna að í þessu máli. En það er eins og með bóndann, sem færir út túngarðinn, að hann gerir það ekki eingöngu, af því að hann elski grasið sem slíkt, heldur til þess að hafa af því meiri nytjar.

Þegar ég var ungur, var það einsdæmi að sjá stórgrip beitt á ræktað land, en þetta þekkjum við um allt land núna; það þykir henta að hafa mjólkurkýrnar og jafnvel sauðfé að haustinu á túngresi til þess að ná betri arði af búskapnum. Og eins hlýtur það að vera tilgangurinn með stækkun landhelginnar að hafa hennar betri not en við gátum gert, á meðan hún var svo þröng sem hún var fyrir aðeins 20 árum. Og það er einmitt þetta, sem er stóra atriðið við þetta litla frv., að það er fyrsta skrefið í því að nýta þau auðæfi, sem þarna eru á sem hagkvæmastan hátt og eftir því sem bezt hentar á hverjum stað.

Ég skil ákaflega vel, að það sé uggur í mönnum, þegar farið er inn á nýja braut, og hef mikla samúð með sjónarmiðum hv. 2. þm. Austf., sem fram komu við 1. umr., en ég held einmitt, að samanburðurinn við túnræktina ætti að færa honum sem góðum landbúnaðarfrömuði heim sanninn um, að hér er um nokkuð skyld viðhorf að ræða.

Einnig skil ég það, að hv. 11. þm. Reykv. harmaði það, að málið hafði ekki fengið ítarlegri og meiri undirbúning hjá þeirri n., sem skipuð var einmitt til að undirbúa framtíðarlausn eða a. m. k. næsta skrefið í þessu máli. En það hefur atvikazt svo, að það er nauðsyn að gera eitthvað nú þegar í þessum málum, og þess vegna setjum við bráðabirgðaákvæði, sem eiga þó heldur að verða n. til hjálpar en hið gagnstæða, en ekki hindra það starf, sem þessi ágæta n. á væntanlega eftir að vinna, og sú ráðstefna fróðra manna í þessum efnum, sem hún hefur kallað saman í næsta mánuði. Allir þessir hlutir þurfa ekki að rekast á, heldur er hér tekið skref til bráðabirgða, sem á síður en svo að hindra framtíðarlausnina.

Það hefur verið haft orð á því, að það væri einkennilegt, að hér væri ekki farið eftir einni ákveðinni meginreglu um lausn vandamálsins. Þetta tel ég höfuðkost frv. Þetta sýnir, að þeir, sem það hafa undirbúið, gera sér ljóst, að aðstæður eru mismunandi á mismunandi stöðum kringum landið og að það, sem getur verið réttmætt við Vestmannaeyjar, þarf t. d. ekki að vera réttmætt við Grímsey, af því að atvinnuháttum er mismunandi háttað á þessum tveim stöðum. Það er ljóst, að í frv. er gengið lengst til móts við kröfur Vestmanneyinga, og það er að mínum dómi réttmætt, því að þeir eiga þarna mest í húfi, en þar næst eru vissir af íbúum Reykjaness, sem einnig eiga þarna mjög mikilla hagsmuna að gæta — og þá fyrst og fremst Grindvíkingar. Þarna hefur einnig verið borin fram till., sem fer nokkuð í bága við þá stefnu, sem almenn hefur verið áður, þ. e. að fara alls ekki inn fyrir vissa grunnlínu, því gert er ráð fyrir að gefa veiðileyfi á mjög takmörkuðu svæði, sem ná allt upp í landsteina. Þd. til upplýsingar vil ég gefa þá skýringu, að þarna sunnan Reykjaness er yfirleitt hraunsvæði, þar sem togveiðar koma ekki til greina, en innan þess svæðis, sem þarna er gerð almenn undantekning á, eru þrjár bleyður í hrauninu, hver um sig mjög takmörkuð. Þetta eru einmitt staðirnir, þar sem togbátarnir hafa oft fengið góðan afla. Síðan er tekið upp það nýmæli að fylgja strandlengjunni, en ekki grunnlínum sunnanlands, en aftur á móti að norðan er grunnlínunum fylgt, og þetta hygg ég, að sé rétt aðferð og einnig að það sé réttmætt að hafa línuna fjær landi fyrir norðan heldur en sunnan vegna þess, hve ólíkt hagar til á þessum svæðum.

Til þess að mæta óskum Húsvíkinga og annarra aðila við Skjálfandaflóa hefur einnig verið bætt inn í frv., síðan það var flutt, ákvæði, sem á að vernda rétt þeirra, þar sem segir:

„Þó skal við útgáfu veiðileyfa verða tekið tillit til nauðsynlegrar friðunar fyrir botnvörpu á svæðinu frá Rauðanúp vestur að Gjögurtá."

Í því sambandi langar mig til að segja d. frá símskeyti, sem er rétt nýkomið frá Grímseyingum, þar sem þeir segja svo, með leyfi hv. forseta:

„Grímseyingar vilja hér með lýsa óánægju sinni vegna fram komins frv. um togveiðar í landhelgi og skora á þm. að hlutast til um, að ekki verði ógnað búsetu fólks á smástöðum, sem eiga alla afkomu sína undir sjávarafla, með því að láta togbáta spilla möguleikum á mannsæmandi lífi. – Hreppsnefndin."

Ég vona, að þetta sjónarmið Grímseyinga og þeirra hagsmunir verði hafðir í heiðri á allan hátt, af hv. rn., þegar til leyfaveitinga kemur. Ég sé nú, að ráðh. eru ekki hér inni í svipinn, en sjútvn. mun beina athygli réttra yfirvalda að þessari réttmætu beiðni íbúanna á norðurhjara Íslands.

Það er ekkert nýmæli um svæðið frá Garðsskaga norður að Horni, því að það er lokað eins og áður, og sama gildir um Austfirði, að þar er ekkert að gert í bili, en þessi svæði bæði bíða þeirrar athugunar, sem fram fer í landhelgisnefnd. Ég held, að það séu varla fleiri atriði, sem ég þarf að taka fram, og leyfi mér að mælast til þess, að hv. d. samþykki frv. með þeirri brtt., sem fram er borin.

Ólafur Jóhannesson: Herra forseti. Eins og nál. á þskj. 211 ber með sér, virðist vera ákaflega takmörkuð ánægja hjá meiri hl. nm. með þetta frv., því að meiri hl. nm. hefur skrifað undir meðmæli með frv. með fyrirvara. Ég er á meðal þeirra, sem hafa skrifað undir með fyrirvara, og ég vil aðeins með örfáum orðum gera grein fyrir því, hvers vegna ég hef hér fyrirvara á, en mun ekki fara að ræða þetta mál mjög almennt nú.

Ég verð að segja það, að ég er á engan hátt ánægður með afgreiðslu þessa máls. Og ég er ekki ánægður með þetta frv., eins og frá því er gengið og til þess er stofnað. En ég vil þó ekki leggjast gegn því, úr því sem komið er, og þar sem hér er aðeins um bráðabirgðaákvæði að ræða, sem ætlað er að gilda um mjög takmarkaðan tíma, eins og margbent hefur verið á af öðrum í þessum umr., hefðu það verið eðlilegust vinnubrögð í þessu máli, að landhelgisnefnd sem svo hefur verið kölluð,

hefði verið gefið færi á að ljúka sínu starfi og að aðgerðir hefðu verið látnar bíða á meðan. Ég tel, að í þessu máli verði að fara mjög varlega bæði vegna friðunarsjónarmiða og til þess, að möguleikum til frekari útfærslu sé ekki á nokkurn hátt spillt. Ég tel, að hér í d. hafi ekkert tóm gefizt til þess að athuga þetta mál. Ég hefði t. d. talið æskilegt, að tal hefði verið haft af fiskifræðingum og þeir látnir gera sjútvn. grein fyrir sínum sjónarmiðum. Til þess hefur ekki gefizt neitt tóm, þar sem áherzla er lögð á að afgreiða þetta mál fyrir þingfrestun.

Ég hefði líka gjarnan viljað athuga um breytingar á þessu frv. til enn frekara öryggis því, að fiskimiðum og fiskstofnum yrði ekki spillt. Ég hefði gjarnan viljað — eða ég hefði gjarnan getað hugsað mér það, að veiðileyfi yrðu bundin þeim skilyrðum, að lagt yrði upp á tilteknum stöðum. Til þess hefur heldur ekkert ráðrúm gefizt, því að ljóst er, að slíkar breytingar, ef gera ætti, þyrfti að athuga mjög gaumgæfilega, og ég vil fyrir mitt leyti ekki hrapa að því að gera brtt. við þetta mál. Ég viðurkenni hins vegar, að vandræðaástand hefur skapazt í þessum málefnum. Mér eru ljósir hagsmunir ýmissa útgerðarstaða í þessu sambandi, og af þeim sökum — og þar sem samkomulag varð í Nd. a. m. k. að verulegu leyti um þetta mál — þá vil ég, eins og ég hef áður sagt, ekki leggjast gegn því, að mál þetta sé nú afgreitt, en vissulega er hér um mjög þýðingarmikið og vandasamt mál að ræða.

Hér er um viðkvæmt hagsmunamál að tefla, sem verður að vega og meta út frá ýmsum sjónarmiðum, og ég held, að það megi ekki líta á þetta mál út frá neinum stundarhagsmunum, heldur verði að horfa á það með framtíðina í huga. Auðvitað eigum við að nýta landhelgina á sem skynsamlegastan hátt, um það eru sjálfsagt allir sammála, en hins vegar eru ekki allir jafnsammála um það, hvort þær veiðiaðferðir, sem hér er um að tefla séu hættulausar fyrir fiskstofnana og fiskimiðin. Sumir líta svo á, að hætta sé á því, að um rányrkju verði að tefla, ef þessar veiðiaðferðir verði notaðar. Ég skal engan dóm leggja á það. En sé litið til þess atriðis, sem hv. síðasti ræðumaður ræddi um til samanburðar, þ. e. túnin, þá er það að vísu góðra gjalda vert, að túnin hafa verið færð út og stækkuð á síðari árum. En hitt skiptir nú líka verulegu máli, hvernig með túnin er farið. Arður sá, sem þau gefa af sér, fer nokkuð mikið eftir því, og ekki held ég, að það mundi þykja búmannlegt, ef farið yrði að beita hrossum á túnin. Kýrnar þykja skaðlausar, en deildar meiningar, held ég, séu um það, hversu hyggilegt það sé í raun og veru fyrir afrakstur túnanna að beita sauðfé á þau í stórum stíl. En hvað um það. Það er sjálfsagt að nýta þau auðæfi, sem hér eru við strendur landsins á sem skynsamlegastan hátt, en þó þannig, að það sé ekki gert á kostnað framtíðarinnar. Þess verðum við vel að gæta, og þess vegna tel ég, að hvert og eitt skref í þessu máli þurfi vel að athuga.

En sá fyrirvari, sem ég vil alveg sérstaklega leggja áherzlu á í þessu sambandi, er sá, að ég lít svo á, að hér sé um hreint bráðabirgðaúrræði að tefla til lausnar á neyðaraðstöðu, sem skapazt hefur fyrir það, hvernig haldið hefur verið á þessu máli. Ég lít svo á og vil taka það sérstaklega fram, að mitt atkvæði með þessu ber ekki að skoða á þann hátt, að ég taki á nokkurn hátt afstöðu til þess, hvernig með mál þetta verður farið, þegar n. margumtalaða hefur lokið starfi sínu og málið allt í heild sinni verður lagt fyrir Alþ. Ég vil ekki skoða þetta mál og þær ákvarðanir, sem teknar eru í þessu frv., á neinn hátt sem fordæmi fyrir frambúðarlausn þessa máls. Bæði af því, að hér er um þmfrv. að ræða og a. m. k. sumir af aðstandendum þess munu starfa í þessari landhelgisnefnd, og svo af hinu, að hv. frsm. lagði nokkra áherzlu á það hér áðan, að hér væri verið að stíga eitthvert fyrsta skrefið í þessu máli, undirstrika ég það alveg sérstaklega, að frá mínu sjónarmiði er með þessu skrefi, sem hér er stigið, ekkert fordæmi skapað. Og með þeim fyrirvara vil ég þó gefa þessu frv. mitt atkv.

Jón Árnason: Herra forseti. Ég held, að öllum hv. alþm. sé ljóst, að með þessu frv., sem hér er til umr., er Alþ. að taka afstöðu til afgreiðslu á einu af mestu vandamálunum, sem snúa að framkvæmd fiskveiðanna hér við land. Ég held einnig, að allri þjóðinni sé það ljóst, að mál þessi, þ. e. ólöglegar togveiðar íslenzkra fiskiskipa innan fiskveiðilandhelginnar, voru komin í það óefni, að slíkt var að öllu leyti óviðunandi til frambúðar. Það var því fyllilega tímabært, þegar hæstv. dómsmrh. ákvað að taka þessi mál föstum tökum svo sem gert hefur verið nú að undanförnu.

Ég tel, að okkur beri skylda til að fara okkur hægt í þeim efnum, þ. e. í því að opna landhelgina fyrir lítið takmarkaðar togveiðar. Og á vissum svæðum, tel ég, að ekki komi til greina, að botnvörpuveiðar verði leyfðar. Í því sambandi nefni ég t. d. Faxaflóann. Það er löngu vitað, að mikill hluti af íslenzka þorskstofninum leitar sér skjóls í Faxaflóanum, þegar eftir að klak fisksins hefur átt sér stað á hinum miklu klakstöðvum hérna við suðurströndina, á Selvogsbanka og víðar. Faxaflóinn er því í orðsins fyllstu merkingu ekkert annað en klakstöð, og sjá allir, hve nauðsynlegt er að takmarka alla veiði og notkun veiðarfæra í fullu samræmi við það. Sem betur fer, hafa flm. þessa frv. ekki talið sér fært að leggja til, að botnvörpuveiðar verði leyfðar í Faxaflóa, og vona ég, að sú skoðun verði enn ráðandi, þegar þessi mál hafa hlotið meiri athugun og endurskoðun hjá þeirri n., sem hefur málið nú til meðferðar.

Það hefur lengst af verið eitt beittasta vopnið, sem Íslendingar hafa átt í baráttu sinni fyrir útfærslu landhelginnar og verndun fiskimiðanna á grunnmiðum umhverfis landið, að nauðsynlegt væri að koma í veg fyrir ofveiði og rányrkju á grunnmiðunum og þá sérstaklega með þeim veiðarfærum, sem vitað er að valda mestri skaðsemi varðandi ungfiskinn. Í því sambandi er rétt að minnast þess, hvað fiskifræðingarnir sögðu og héldu fram þegar á fyrstu árunum, er farið var að berjast fyrir útvíkkun landhelginnar hér við land. Það voru erlendir fiskifræðingar, sem tóku þátt í þeim rannsóknum, sem áttu sér stað hér í Faxaflóa, þegar barátta okkar hófst fyrir aukinni friðun og stækkun landhelginnar. Niðurstaða þeirra rannsókna, sem þá áttu sér stað, fól það í sér, að við höfðum sterk rök fyrir því, að réttmætt væri að færa landhelgina út. Og sterkustu rökin, sem Íslendingar höfðu í þeim efnum, voru

einmitt upplýsingar fiskifræðinganna, sem héldu því fram, að það hefði komið í ljós við þá rannsókn, sem þá átti sér stað, að einmitt innan takmarka landhelgislínunnar var gnægð fiskjar — sérstaklega þó af uppvaxandi ungviði, en utan hennar var þá ekkert annað en ördeyða. Þetta var það, sem fiskifræðingarnir sögðu á þeim tíma. Við vitum það, að Englendingar, Fransmenn og aðrar þjóðir, sem héldu uppi togveiðum á botnvörpuskipum hér við land og stunduðu það í áratugaraðir, gengu náttúrlega hart að þessum fiskstofni hér á okkar fiskimiðum. Og þessar upplýsingar, sem lágu fyrir samkvæmt skýrslum fiskifræðinganna bæði íslenzkra og erlendra á þeim tímum, sem landhelgin var færð út og sérstök veiðisvæði friðuð, komu okkur einmitt að haldi í þeirri baráttu.

Ég mun hins vegar ekki mæla því gegn — það dettur mér ekki í hug — að Íslendingar eigi að hagnýta á sem beztan hátt þau auðæfi, sem í hafinu búa og eru með úrfærslu fiskveiðilandhelginnar orðin óskoruð eign okkar Íslendinga. Það tek ég undir, og það ber okkur skylda til að gera. En þið skulið líka hafa það hugfast, að Íslendingar stefna enn þá að stærri og meiri áfanga í landhelgismálinu. Það hefur verið um það rætt, að næsta markið, sem við stefnum að í þeim efnum, sé að friða allt landgrunnið og þá vitanlega ekki til annars en til hagnýtingar fyrir þjóðina. Og hvernig okkur verður ágengt í þeim áfanga — það skulum við hafa hugfast — mun byggjast ekki sízt á því, hvernig við förum með þann feng, sem við höfum aflað okkur, þ. e. fiskveiðilögsöguna. Hvernig við hagnýtum fiskveiðar á þeim svæðum, sem við höfum gert kröfur til, að verði friðuð — og þá ekki aðeins til þess, að íslenzka þjóðin geti hagnýtt fiskimiðin, þó að það séu náttúrlega sterk rök fyrir málinu, heldur einnig til þess að vernda fiskstofninn og til þess, að nauðsynleg efling fiskstofnanna geti átt sér stað umhverfis landið, svo mikið sem íslenzka þjóðin á undir því, að stofnarnir aukist og eflist, en gangi ekki til þurrðar, eins og því miður á sér stað nú við land okkar og við þekkjum ríkast í sambandi við síldveiðarnar. Og það er ekki aðeins síldveiðar fyrir Norður- og Austurlandi, heldur og rányrkjan, sem átti sér stað við síldveiðarnar hér við Suðvesturland, sem ætti að vera okkur hollt dæmi um það, að það ber að fara varlega í þeim efnum að beita ekki skaðlegum veiðarfærum of mikið við veiði á ungfiski.

Þá er eitt, sem ég vildi víkja sérstaklega að í sambandi við þetta mál og ég tel, að skipti miklu máli um afgreiðslu þess. Það er sú málsgrein í bráðabirgðaákvæðinu, sem hér er til umr., þar sem reynt er að hafa þann fyrirvara á, að á einstökum svæðum eigi sér ekki stað árekstrar milli veiðitækja, hvort sem menn eru með línuveiði, netaveiði eða botnvörpu. Hér getur verið um geysilega stórt hagsmunamál að ræða, og mér finnst, eins og þetta er orðað í frv., sem hér liggur fyrir, að allt of laust sé tekið á í þeim efnum, og ég mun því leyfa mér að bera fram skriflega brtt. við það ákvæði við þessa umr. og biðja hæstv. forseta að leita afbrigða fyrir þeirri brtt., sem ég vil leyfa mér að lýsa. En það er brtt. við þetta frv., og felur það í sér, að í stað orðanna: „Leyfi til togveiða má að öðru leyti takmarka hverju sinni við tíma og svæði...“ o. s. frv., eins og þar stendur, komi: „Leyfi til togveiða skal að öðru leyti takmarka hverju sinni við tíma og svæði.“ Ég vil kveða hér alveg ákveðið að í þessum efnum. Ég vil ekki, að það standi, að það megi gera þetta, heldur vil ég, að það standi, að það skuli gera þetta. Því að við vitum það, að innan þessara takmarka, sem nú er verið að friða, eru veiðisvæði, sem hafa á undanförnum vertíðum verið friðuð sérstaklega fyrir línu, og það er út af Reykjanesinu, út af Garðsskaganum, og verði það ekki ákveðið gert, þá hafa þessir bátar, sem hafa hagnýtt þessi svæði bæði frá Keflavík og Sandgerði, ekkert lögverndað svæði til að hafa veiðarfæri sín á. Og ég tel, að hér sé um svo mikið hagsmunamál að ræða, að við svo búið megi ekki standa, þ. e. að svo vægt orðalag, sem í þessu felst, verði látið standa í sambandi við afgreiðslu málsins.

Ég vil ekki tefja afgreiðslu þessa máls með því að flytja hér langa ræðu, enda er ég ekki vanur því í sambandi við afgreiðslu mála. En ég vil aðeins að lokum minna á það, að það hefur kostað Íslendinga mikla vinnu að ná stórum áföngum í landhelgismálinu, en það hefur tekizt undir traustri forustu. Það er í þessum efnum, eins og svo oft, að þó að það kosti mikla fyrirhöfn og baráttu að afla fjár, þá er hitt ekki minni vandi að fara vel með þau verðmæti, sem aflað hefur verið, og sóa þeim ekki á gáleysislegan hátt, sem mér virðist því miður, að sé hér verið að gera með þeim ráðstöfunum, sem munu ná fram að ganga, ef þetta frv. verður samþ. Og ég vil sérstaklega leggja áherzlu á það, þó að þessi brtt., sem ég ber hér fram með frv., sé ekki margorð og í henni felist aðeins breyting á einu orði, þá tel ég hana skipta miklu máli um það, hvort ég fylgi þessu frv. eða ekki við endanlega afgreiðslu í deildinni.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 217) leyfð og samþ. með 13 shlj. atkv.

Karl Guðjónsson: Herra forseti. Ég vil taka undir þau orð, sem hv. frsm. n. lét hér falla í sinni framsöguræðu, að hér er um merkilegt mál að ræða að því leyti, að það lítur út fyrir að vera fyrsta mál sinnar tegundar, sem gerir ráð fyrir því, að Alþ. hlutist til um hagkvæmari nýtingu landhelginnar en áður hefur þekkzt. Samþykktir Alþ. hafa, eins og hann réttilega tók fram, fyrst og fremst beinzt að því á umliðnum árum að stækka landhelgina, en það er augsýnilegt, að að þeim þætti hlýtur að koma, að löggjafinn og stjórnarvöld landsins gera ráðstafanir til þess, að við náum bezta hugsanlegum árangri — bezta afrakstri, sem hægt er að ná úr landhelginni, án þess að gengið sé á stofninn. Ég vil gjarnan undirstrika það, að þetta, sem hann setti fram, er einnig mín skoðun. Ég mun í samræmi við þetta, þar sem ég tel, að frv. sé skref í þá átt að koma þessu fram, styðja það.

Hins vegar hef ég, — eins og ég lýsti reyndar hér við 1. umr. málsins, ýmislegt við málið að athuga, og sannleikurinn er sjálfsagt sá, að það finnst trúlega ekki neinn sá aðili á Alþ. hvorki meðal flm. frv. né annarra, sem er alls kostar ánægður með málið, heldur er hér greinilega um samkomulag að ræða, þar sem enginn einn hefur getað haft allt eftir sínu höfði, heldur hafa

verið þræddar nokkuð hlykkjóttar götur, til þess að málið ætti frekar lífsvon í meðförum þingsins.

Ég hef látið þess getið, að ég telji það stærstan annmarka á þessu frv., að það kemur til með að raska allverulega þeirri hagkvæmni, sem í því felst, að verstöðvar séu sem næst þeim fiskimiðum, sem skip frá verstöðvunum sækja á. Það er náttúrlega engin hagkvæmni í því að láta bát frá Vestfjörðum sækja mið við Vestmannaeyjar. Að öðru jöfnu felst í þessu bein óhagkvæmni. Og með því að opna fiskveiðilandhelgina eða rýmka veiðirétt skipanna á fáum svæðum verður það auðvitað til þess, að verulegir tilflutningar hljóta að verða á flotanum. Þetta er ekki í hagkvæmnisátt, og þess vegna orðaði ég það hérna við 1. umr., hvort ekki væri möguleiki á að bæta hér úr með því að opna landhelgina almennt fyrir þeim veiðum, sem hér um ræðir, þ. e. botnvörpuveiðum. En það er eins og við þekkjum. Það hræðist það margur þm., að botnvarpa sé eitthvað allt annað en önnur veiðarfæri, rétt eins og sá fiskur, sem veiðist á línu, í net eða á handfæri, sé ekki drepinn. En þetta er ekki svona. Hann er ekkert meira drepinn — sá, sem veiðist í botnvörpu. Og það hafa fiskifræðingar margsinnis undirstrikað, að sóknin í stofninn er aðalatriðið, en ekki hitt, hvort viðkomandi fiskur sér sitt endadægur hangandi á krók, flæktur í neti eða innbyrtur á þilfar á fiskibát og hvolft úr botnvörpu þangað. N. hefur nú ekki séð sér fært að gera neinar breytingar í þessa átt, og get ég skilið, að það kunni að vera á því verulegir annmarkar. Engu að síður vil ég freista þess með brtt. að spyrna hér nokkuð við í því, að óeðlileg tilfærsla flotans á miðunum eigi sér stað í svo miklum mæli, sem ég þykist sjá fram á, að annars muni verða. Þessa brtt. leyfi ég mér að leggja hér fram skriflega og biðja hæstv. forseta um að leita þeirra afbrigða, sem til þarf, svo að hún fái að koma hér til umr. og atkvgr.

Till. er á þessa leið: „Aftan við ákvæði til bráðabirgða bætist svo hljóðandi málsgr.: Þær rýmkanir á veiðiheimildum, sem í þessum l. felast, skulu þó aðeins ná til þeirra fiskiskipa, sem gerð eru út frá höfnum á svæðinu frá Horni að Rauðanúpi norðanlands og frá Stokksnesi að Garðsskaga sunnanlands.“ En þetta eru þau svæði, sem rýmkunin á að taka til. Hún á ekki að taka til Vestfjarða, ekki Breiðafjarðar, ekki Faxaflóa og ekki Austfjarða. Þá finnst mér það rökrétt, að skip frá þeim stöðum verði heldur ekki gerð út á botnvörpu eða a. m. k. ekki til að veiða nær landi en þau hingað til hafa mátt. Og auk þess tel ég, að það sé þjóðhagslega engin bót að efna til þess, að helmingur veiðiflotans flengi sjóinn tugi og hundruð mílna í leit að fiski, sem kannske liggur á næstu grösum við þeirra bæjardyr. Herra forseti. Ég leyfi mér að leggja þessa till. fram.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 218) leyfð og samþ. með 16 shlj. atkv.

Einar Ágústsson: Herra forseti. Það eru nú aðeins örfáar aths. um þetta frv., sem er hér til umr., sem ég vildi koma á framfæri, áður en til atkv. verður gengið. Það hefur glögglega komið í ljós í þeim umr., sem hér hafa átt sér stað um málið, og á því nál., sem sjútvn. hefur látið frá sér fara á þskj. 211, hversu þessi bráðabirgðalausn er illa undirbúin, verð ég að segja, og henni flaustrað af, þar sem fjórir af sjö nm. í sjútvn. hv., sem vilja þó standa að samþykkt frv., skrifa undir það með fyrirvara. Og fleiri af þeim mönnum, sem lýsa sig fylgjandi stefnunni, sem frv. markar, hafa séð sig tilneydda til þess að bera fram brtt.

Þetta finnst mér renna stoðum undir það, sem ég minntist á hér í gær, að það hafi verið misráðið að grípa fram fyrir hendurnar á þeirri n., sem seint og um síðir hafði verið sett á laggirnar til þess að undirbúa þetta mál og hafði komið sér niður á skynsamleg og heppileg vinnubrögð. En yfir því þýðir ekki meira að fárast, og skal ég heldur ekki gera það, en ég vil segja í framhaldi af því, sem hér kom fram hjá hv. frsm. sjútvn., að ég er honum ósammála um það enn eins og ég var í gær, að þessi bráðabirgðaákvæði hjálpi landhelgisnefndinni á nokkurn hátt til þess að komast að heppilegri og réttlátri niðurstöðu. Ég er sömu skoðunar og ég var um það efni hér í gær, að búið er að skapa tiltekinn rétt á tilteknum svæðum og muni það gera þessari n. mjög erfitt fyrir um það að breyta því, þó að hún við sína athugun kæmist að þeirri niðurstöðu, að breytinga þar væri þörf. Svo ég held, að það sé alveg öðru nær. Mér finnst heldur ekki hér um svo ákaflega langan tíma að ræða, sem málið mundi tefjast, þó að n. fengi að starfa, þar sem upplýst er, að n. treysti sér til að leggja niðurstöður sínar fyrir þingið strax og það kemur saman á ný í byrjun febrúar. Hér hlýtur fyrst og fremst að vera um sumaratvinnu að ræða, enda er lögð áherzla á það í grg. með upphaflegu till., að veigamesta röksemdin sé sú staðreynd, að á aðalveiðisvæðunum bæði fyrir Suður- og Norðurlandi verði bátar ekki gerðir út yfir sumartímann með neinum árangri nema á botnvörpuveiðar. Nú er óralangt til sumarsins, þegar landhelgisnefndin hefur talið sér fært að skila sínu áliti, og nú er þetta ár nærri liðið, og það er þess vegna um mjög skamma stund hér að ræða.

Og það sýnir enn fremur að mínum dómi, hversu frv. er ófullkomið, að þeir, sem tala hér fyrir því, verða að gera sérstaka fyrirvara um tiltekin svæði. Það hefur t. d. borizt símskeyti frá Grímsey, og það er svo alvarlegs eðlis fyrir þetta mál, að það verður að taka það sérstaklega fram og leggja ríkt á við ráðh., að það verði nú tekið tillit til þess, þegar farið verður að ákveða svæðin, að Grímseyingar verði ekki afskiptir í þessu máli. Og þannig er þetta, að því er mér finnst, að mér finnst þetta vera fljótráðið. Nú er upplýst hér af mönnum í sjútvn., að það hefur ekki unnizt tími til þess að kalla til þá sérfræðinga, sem þó eiga að hafa þessi mál með höndum, eftir að frv. verður að l. Hefði það ekki verið viðkunnanlegra fyrir hv. alþm., sem ætla sér að samþykkja þessa breyt., að vita það, hvað sérfræðingarnir lögðu til? Þeir kannske vita það eftir öðrum leiðum, en sjútvn. sem slík hefur ekki fengið upplýsingar um það, eftir því sem hér hefur komið fram.

Ég var að mörgu leyti mjög ánægður með þá ræðu, sem hv. 2. þm. Vesturl. flutti hér. Hann flutti mjög sterk rök fyrir því, að við yrðum að fara varlega í landhelgismálinu og við yrðum að leggja mjög ríka áherzlu á þær friðunaraðgerðir, sem eru, voru og verða áreiðanlega forsenda þess, að okkur takist á erlendum

vettvangi að fá þá útfærslu landhelginnar, sem við allir stefnum að og vonumst eftir. Ég er t. d. mjög ánægður með það, að hann skyldi leggja svo ríka áherzlu á það, að Faxaflói yrði friðaður, þó að það komi þessu máli ekki beint við, þá er sú góða vísa aldrei of oft kveðin. Það má gjarnan leggja á það áherzlu hér. Hins vegar er ég ekki eins hrifinn af þeim kafla ræðu hans, sem fjallaði um þau föstu tök, sem hv. dómsmrh. hefði á þessum málum. Þau föstu tök sýnist mér vera þannig, að af því, að lögbrotin voru orðin það mörg og mikil, að ekki var hægt að halda uppi löggæzlu, sé horfið að því ráði að heimila glæpinn. Og ég vil nú fastlega vonast til þess, að hv. dómsmrh. láti þessi föstu tök sín ekki ná til fleiri sviða þjóðlífsins. Þrátt fyrir fangelsisskort og dýra löggæzlu held ég samt, að það verði að halda uppi lögum og rétti með tiltækum ráðum.

Hv. 6. þm. Sunnl. vildi gera breyt. á þessu frv. Hann taldi það raska þeirri hagkvæmni, sem lýsti sér í því, að skipin væru gerð út sem næst miðunum, ef aðeins væru opnuð hólf sums staðar, en annars staðar ekki. Þetta er náttúrlega ein röksemdin fyrir því, sem hér hefur verið haldið fram bæði af mér og öðrum, þ. e. að þessi mál þurfi að skoðast í heild. Og hann bendir réttilega á það, að það geti orðið stórkostleg örtröð í þessum hólfum, eftir að veiðar hafa verið heimilaðar á sumum svæðum innan landhelginnar, en ekki á öðrum. Það má vera, að hv. flm. og stuðningsmenn þessa frv. vilji fallast á till. hans um það, að aðeins þeir bátar, sem gerðir eru út á tilteknum svæðum, fái að veiða í þessum hólfum; ég skal ekki segja um það. En það hygg ég þó, að hafi ýmsar miður góðar afleiðingar í för með sér.

Mér finnst hins vegar brtt. hv. 2. þm. Vesturl. vera til bóta. Yfirleitt finnst mér þær till. eða brtt. við þetta frv., sem hníga að frekari takmörkunum, vera til bóta, og sú till., sem hann flytur hér, er þannig, að hún dregur úr þeim heimildafans, sem samkv. þessu frv. er fenginn hv. sjútvmrh. til að moða úr, þegar þar að kemur. Ég mun fylgja henni, en að öðru leyti vil ég nota þetta tækifæri og lýsa því yfir, að ég er ennþá ákveðnari í því eftir að hafa hlýtt á þá, sem mest hafa fyrir þessu máli talað hér í hv. d., að vera andvígur frv. og greiði atkv. á móti.

Frsm. (Pétur Benediktsson): Herra forseti. Ég get verið fáorður. Aðrir menn ýmsir hafa gert grein fyrir fyrirvörum sínum, og það er svo með þetta mál, að svo er margt sinnið sem skinnið; satt er það. En er það ekki tilgangur með þinghaldi að reyna að ná einhverjum sameiginlegum kjarna úr því, sem í fljótu bragði sýnast vera ólíkar skoðanir, þ. e. reyna það, sem meiri hl. álítur þó til bóta, þó að enginn einstakur fái allt, sem hann gjarnan vildi. Ég vona, að hv. 3. þm. Norðurl. v. hafi ekki misskilið orð mín, þegar ég nefndi fyrsta skrefið, þannig að ég væri að halda því fram, að nú ættum við að komast upp að fjórum mílum eða þrem frá strandlengju, þar sem það væri unnt, og brjótast jafnvel enn þá lengra, þar sem þess væri nokkur kostur, unz við værum komnir upp í hvern kálgarð landsmanna; þetta er fjarri því að vera mín skoðun á málinu. Þvert á móti er ég í mjög veigamiklum atriðum sammála hv. 2. þm. Vesturl. um það, að hér þarf að sýna hina ítrustu gætni.

Ef ég á að vera einhverjum ósammála af þeim, sem hafa talað, þá er það einna helzt 11. þm. Reykv., þegar hann talar um, að það sé misráðið að taka fram fyrir hendurnar á n., og skírskotar til þess, að hér sé ekki um ákaflega langan tíma að ræða. En það, sem á veltur, er það, að hér er ekki um langan tíma að ræða, en erfiðan og óheppilegan tíma. Atvikin haga því svo, a. m. k. þar sem ég þekki til í einni verstöð á Reykjanesi, að þar mundi meiri hluti minni bátanna missa þessa vertíð, ef þeir komast ekki á togveiðarnar. Með hvaða rétti þeir hafa stundað togveiðar, hef ég — í þeirri von, að ég verði í kjöri aftur — talið ráðlegt að leiða hjá mér, en svo mikið er víst, að þeir telja öruggt, að ekki verði úr veiði hjá þeim, ef þeir þurfi nú að fara að breyta um veiðiaðferð. En viðvíkjandi því að taka fram fyrir hendurnar á landhelgisnefndinni, þá vil ég benda á, að það er ekki rétt, að það sé alltaf tími til að bíða eftir úrskurði hinna beztu manna. Við skulum bara hugsa okkur, að sjúklingur liggi á skurðarborði og það sé einhver ákaflega merkilegur sjúkdómur að honum. Á þá að kalla saman læknaþing eða á a. m. k. að halda fund með öllum prófessorunum, meðan hann liggur með opinn magann á skurðarborðinu, eða á að gera það bezta, sem menn hafa vit á í bili. Ég er hræddur um, að anzi oft sé það úrræðið, sem við verðum að hafa.

Það hafa komið fram tvær brtt. Önnur er frá 2. hv. þm. Vesturl. — um að segja „skal" í staðinn fyrir „má". Það er alveg eins gott að segja hlutina afdráttarlaust. Ég fyrir mitt leyti vil styðja þá till. og skora á d. að samþykkja hana. Till. hv. 6. þm. Sunnl. hefur að vísu vissa hluti til síns ágætis, en menn sækja oft mið, sem ekki eru beint fram undan verstöðinni eða innan sömu grunnlínupunkta. Ég veit, að á Reykjanesinu mundi það vera stór hnekkir fyrir þá, sem búa norðanvert á nesinu, ef þeir mættu ekki sækja mið í hrauninu sunnan Reykjaness, og sama hygg ég vera um Reykvíkinga og e. t. v. fleiri. Mér sýnist samkv. frvgr., að rn. geti sýnt gát í því, hve mikið af leyfum það veitir og þá m. a. með tilliti til þess, hvaðan menn koma. Ef þessi till. væri samþ., óttast ég, að hún gæti stefnt málinu í nokkra hættu — a. m. k. ættum við ekki að samþykkja hana án athugunar í sjútvn. Ég vildi mælast til þess við hv. 6. þm. Sunnl., sem ég veit, að er málinu hlynntur almennt, að taka till. aftur annaðhvort algjörlega með tilliti til þess, að nú er aðeins um þetta eina skamma veiðitímabil að ræða, eða þá a. m. k. fyrir 3. umr.

Jón Árm. Héðinsson: Herra forseti. Mig langar til þess að segja hér aðeins nokkur orð í þessu sambandi. Ég vil upplýsa það þá fyrst, að þessi umrædda landhelgisnefnd leitaði til sjútvmrh. um möguleika á því, að hugsanlegur ferðakostnaður yrði greiddur, þ. e. annaðhvort færum við á viss landsvæði eða fengjum til okkar í Reykjavík vissa menn frá einstökum landsvæðum. Hv. sjútvmrh. ræddi þetta við hv. fjmrh., og ég fékk jákvæðar undirtektir, þannig að ég vil fullvissa hv. þd. um það, að þessi n. mun starfa, eins og til var ætlazt, og reyna að skila áliti sem fyrst í febrúar. Hvort okkur tekst að framfylgja okkar vinnuáætlun, það veit maður ekki á þessu stigi, en ég vil hvetja þá þm., sem hafa fengið bréf frá okkur og eru í þessari hv. d., til að stuðla að því, að ákveðnir menn á viðkomandi svæðum verði útnefndir, þannig að við getum kvatt menn til þess að

vinna að lausn þessa máls í heild. Ég vildi koma þessari aths. hér inn vegna umræðna um starfsemi n. sem slíkrar.

Að öðru leyti vil ég ekki eyða miklum tíma í þetta, þó að ástæða væri til. Maður verður var við það, að flestir eru hlynntir málinu, þó að eðlilegt sé að fara að öllu með gát. Í landhelgismálinu er sjálfsagt að fara að öllu með gát. Það er þess eðlis. Við þurfum að sækja út á við með aukna friðun á fiskveiðilögsögunni, og þess vegna er eðlilegt, að við gáum mjög að okkur, þegar við erum að tala um að auka heimildir til togveiði innan sjálfrar landhelginnar. En ég vil aðeins upplýsa það vegna till. hv. 6. þm. Sunnl., að það atriði að binda þessa rýmkun við báta, sem eru tengdir rýmkunarsvæðunum, hefur verið marg-margrætt og er mjög viðkvæmt mál. Og ég tel, að það þurfi mjög gagngerða athugun á því, ef slíkt skref yrði tekið — mjög gagngerða athugun. Ég persónulega tel nokkur rök fyrir þessu, en þegar maður talar um þetta við marga menn, þá er erfitt að draga línu — mjög erfitt, og það verður varla hugsanlegt, nema við sjáum heildarmyndina fyrir okkur. Þess vegna finnst mér á þessu stigi óvarlegt að leggja þetta til og deila um það og mundi mælast til þess, að hv. þm. athugaði möguleika á því að draga þessa till. til baka, vegna þess að hún snertir mjög, mjög viðkvæmt mál. Það er erfitt, þegar við drögum línuna, ef svo verður gert, um Garðsskaga að segja við skipstjórann, sem er rétt norðan við: „Þú hreyfir þig ekki," jafnvel þótt sá skipstjóri hafi oft sótt suður fyrir í röstina og jafnvel enn lengra suður, en nú má ekki hreyfa sig suður fyrir þennan hugsaða punkt — þessa hugsuðu línu réttvísandi vestur. Þetta veit ég, að þessi hv. þm. skilur mætavel. Þess vegna er eðlilegt að draga till. til baka, þegar þessi mál eru athuguð nánar, því að þetta mun koma mjög á dagskrá, þegar við ræðum við hina einstöku fulltrúa víða að. Þeir, sem eru algjörlega andvígir breytingum á togveiðiheimildum, kynnu að verða að láta undan. Það veit maður ekki á þessu stigi, en að dæma um það núna tel ég ekki eðlilegt.

Karl Guðjónsson: Herra forseti. Ég viðurkenni að sjálfsögðu það, sem tveir hv. síðustu ræðumenn hafa hér sagt, að þetta mál er allt saman viðkvæmt mjög, og t. d. það, sem hv. 4. þm. Reykn. sagði hér um þetta áðan, að útgerð í hans kjördæmi yrði þannig í tvennu lagi, annars vegar væru þeir, sem hefðu rýmkaðan veiðirétt og hins vegar þeir, sem ekki hefðu hann, og mundi það valda nokkurri óánægju. Þetta er augljóst mál. Og að þessu vék einnig hv. 5. landsk. þm., og þetta er alveg hárrétt hjá þeim, en að vísu er það ekki ég, sem geri málið viðkvæmt með þessu, heldur er það sú ákvörðun að hafa Garðsskaga sem grunnlínupunktinn í þessu; hann skiptir réttindunum. En mér fyndist ekki óeðlilegt, að hann skipti þá einnig skyldunum eða sem því svarar. Ég viðurkenni það, að ég er ákaflega tregur til þess að stefna málinu í hættu. Ég óska ekki eftir því, að það verði fellt eða dagi uppi, en það er fleira en þetta, sem er viðkvæmt í málinu. Hugsum okkur t. d. Vestmannaeyjabáta. Það hefur verið haft hér á orði, að þetta frv. hafi aðallega verið gert fyrir Vestmanneyinga. Það eru tvær hliðar á því. Það er að vísu hárrétt, að Vestmanneyingar mundu njóta góðs af því að fá rýmkaðan veiðirétt, en hvort þeir yrðu alls kostar ánægðir með það, að miðin hjá þeim fylltust af Reykvíkingum, Breiðfirðingum o. s. frv. — bátum frá fjarlægum stöðum, þar sem veiðiheimild hefði ekki verið rýmkuð. Það er annað mál. Ég er ekki jafnsannfærður um, að ánægja mundi ríkja yfir því. Við skulum bara hugsa okkur tilteknar aðstæður, sem vel gætu skapazt. Við Vestmannaeyjar yrðu þá máske á togveiðum 20—30 bátar á einhverju litlu, afmörkuðu svæði. Þar af væru máske flestir frá Reykjavík, Keflavík eða Vestfjörðum, en inni í hópnum væru kannske einhverjir frá Vestmannaeyjum líka. Í þessu frv. felst líka sú viðkvæma ákvörðun, að stærð bátanna sé takmörkuð við 200 brúttólestir. Mér er kunnugt um, að fáeinir bátar í Vestmannaeyjum stunda togveiðar, sem stærri eru en svo, að þeir eigi að njóta þessara heimilda, og hugsum okkur svo, að það kæmi landhelgisgæzluflugvél eða landhelgisgæzluskip, tíndi úr tvo til þrjá Vestmannaeyjabáta meðal Reykjavíkurbátanna, flytti þá til hafnar, sektaði þá og gerði afla þeirra og veiðarfæri upptæk o. s. frv. Þetta er líka viðkvæmt mál. Og það er ekki aðeins þetta, sem ég hef fjallað hér um, sem er viðkvæmt í málinu. Við eigum alveg vafalaust eftir að sjá framan í alls konar viðkvæmni í þessu máli. Engu að síður þá vil ég virða nokkurs orð þeirra manna, sem hér hafa talað á undan mér, þeirra hv. 4. þm. Reykn. og 5. landsk. þm., sem jafnframt er nú formaður í þeirri landhelgisnefnd, sem á nú að fjalla um þessi mál, fyrir lengra tímabil og einnig vil ég ekki tefla málinu í þá hættu, að máske sitji allt eftir í sama farinu, sem augljóslega er nokkur hætta á. Þess vegna mun ég við þessa umr. taka till. aftur.

ATKVGR.
Brtt. 218 tekin aftur.
Brtt. 211 samþ. með 15 shlj. atkv.
Brtt. 217 samþ. með 18 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 15:3 atkv.
2. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 15:2 atkv.

Á 37. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr. (A. 219).

Of skammt var liðið frá 2. umr. – Afbrigði leyfð og samþ. með 15 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 15:3 atkv. og endursent Nd.

Á 39. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að frv. væri endursent frá Ed., eftir 3. umr. þar.

Á sama fundi var frv. tekið til einnar umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Ed. — Afbrigði leyfð og samþ. með 24 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 25 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 229).

71. Sala landspildu úr preststsetursjörðinni Hálsi í Hálshreppi.

Á 12. fundi í Nd., 11. nóv., var útbýtt:

Frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja Hálshreppi í Suður-Þingeyjarsýslu tiltekna landspildu úr preststsetursjörðinni Hálsi í Hálshreppi [50. mál] (þmfrv., A. 53).

Á 16. fundi í Nd., 18. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Bragi Sigurjónsson): Herra forseti. Frv. það sem hér er flutt, er varðandi sölu á lítilli landspildu úr preststsetursjörðinni Hálsi í Suður-Þingeyjarsýslu og er flutt að beiðni hreppsnefndar Hálshrepps. Eins og hv. þm. mun kunnugt, er nýlega búið að byggja nýja brú yfir Fnjóská nokkru norðar heldur en sú brú er á Fnjóská, sem hingað til hefur verið notuð og tengir saman austur- og vesturhluta Fnjóskadals ásamt ýmsum öðrum landsbyggðum. En við þessa brúargerð má segja, að miðja hreppsins flytjist nokkuð til eða frá Skógum og út fyrir Nes, og þeir, sem þarna þekkja til, vita, að hvorki er til fundahús né íþróttamannvirki í Fnjóskadal, en hugmynd hreppsbúa er að koma þessu hvort tveggja upp. Staðurinn, sem hér ræðir um, er fast við Fnjóská sunnan vegarins nýja, sem kemur í framhaldi af Fnjóskárbrú, og í frv. er nefnt, hve stór landspildan er, en þetta er, eins og tekið er fram í grg. með frv., óræktaðir hrísmóar og tekur því ekkert undan neinu gæðalandi hjá jörðinni, sem nú er leigð út, en er ekki í raun og veru preststsetursjörð nema að vissu marki. Presturinn, sem þar býr, er ekki búandi maður.

Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um þetta. Með frv. er prentuð sem fskj. beiðni Hálshrepps um þetta mál, og það skýrir í raun og veru allt, sem skýra þarf varðandi frv. Ég legg svo til, að því verði vísað til 2. umr. og hv. landbn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til landbn. með 24 shlj. atkv.

Á 42. fundi í Nd., 10. febr., var frv. tekið til 2. umr. (A. 53, n. 214).

Frsm. (Jónas Pétursson): Herra forseti. Frv. þetta hefur verið til athugunar hjá landbn. hv. d., og svo sem fram kemur í nál. á þskj. 214, þá leggja undirritaðir fjórir nm. til, að frv. verði samþ. með breyt., sem þar er tilgreind. Ég sé það, að það hefur láðst í nál. að geta um það, að þeir 3 nm., sem ekki hafa undirritað nál., voru fjarstaddir við afgreiðslu málsins. Þetta mál var sent ýmsum aðilum til umsagnar, svo sem venja er. Það var sent landnámsstjóra, biskupi og kirkjumálaráðuneytinu, og það bárust umsagnir frá þessum aðilum öllum, sem mæltu með því, að sala þessa lands, sem um er rætt í frv., verði heimiluð. En það kom fram í öllum þessum umsögnum sú ábending, að ef landspildan lægi að Fnjóská, þá skyldi undanskilinn veiðiréttur í ánni. Enn fremur er lögð áherzla á það hjá biskupi, að andvirði hins selda lands verði látið koma staðnum að gagni á þann hátt, sem héraðsprófastur og sóknarprestur staðarins leggja til. Og í samræmi við þessar ábendingar umsagnanna er sú brtt., sem hér er flutt af n. á þskj. 214.

Nefndin leggur sem sagt til, að frv. verði samþ. með þeirri breyt., sem þar greinir.

ATKVGR.
Brtt. 214 samþ. með 21 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 23 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 24 shlj. atkv.

Á 43. fundi í Nd., 11. febr., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 22 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 41. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 43. fundi í Ed., 17. febr., var frv. tekið til 1. umr. (A. 244).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv. og til landbn. með 16 shlj. atkv.

Á 53. fundi í Ed., 3. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 244, n. 295).

Frsm. (Steinþór Gestsson): Herra forseti. Frv. það til l. um heimild fyrir ríkisstj. til að selja Hálshreppi í Suður-Þingeyjarsýslu tiltekna landspildu úr preststsetursjörðinni Hálsi í Hálshreppi hefur verið athugað og samþ. í hv. Nd. Landbn. þessarar hv. d. hefur athugað frv. og kynnt sér þær umsagnir, sem um það hafa borizt, og voru nm. sammála um að leggja til, að frv. yrði samþ. óbreytt. Frv. var sent biskupsskrifstofunni, landnámsstjóra og kirkjumálaráðuneytinu til umsagnar. Eins og ég gat um, þá kynnti n. sér þær umsagnir, og er óhætt að segja það, að frv., eins og það liggur hér fyrir þessari hv. d. er mjög í samræmi við þær ábendingar og till., sem settar hafa verið fram hjá öllum þessum aðilum.

Ég hygg, að það sé ekki þörf á því að gera frv. frekar að umræðuefni. Grg. og skýringar fylgja frv. sjálfu, sem ég efast ekki um, að þingmenn hafa kynnt sér, og sýndist okkur, að allt mælti með því, að frv. næði fram að ganga. Landbn. leggur sem sagt til, að frv. verði samþ.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Á 54. fundi í Ed., 4. marz, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 17 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 320).

72. Skattfrelsi Sonningsverðlauna Halldórs Laxness.

Á 50. fundi í Ed., 24. febr., var útbýtt:
Frv. til l. um skattfrelsi Sonningsverðlauna Halldórs Laxness [150. mál] (þmfrv., A. 280).

Frsm. (Pétur Benediktsson): Herra forseti. Fjhn. Ed. flytur þetta frv. í samráði við ríkisstjórnina, og er efni þess það, að verðlaun Sonnings, sem Halldóri Laxness voru veitt í Danmörku snemma árs 1969, skuli undanþegin tekjuskatti og útsvari.

Þessi meðferð málsins er sama eðlis og þá er sama manni voru veitt Nóbelsverðlaunin 1956. Þá sýndist einhlítt að draga ekki úr þeim sóma, sem skáldinu var sýndur, með því að láta ríkis- og sveitarsjóði taka til sín helming verðlaunanna eða vel það. Bæði flm. og ríkisstj. virðist einsýnt að fara eins að að þessu sinni.

Verðlaun þau, sem hér um ræðir, eru kennd við stofnanda sjóðsins, C. J. Sonning, sem var lengst af blaðamaður og var stofnandi blaðsins Hovedstaden í Kaupmannahöfn. Það mun hafa verið einhvern tíma snemma á öldinni. Seinna bjó hann lengi í Lundúnum, og síðar í Hamborg, og var tengdur ýmsum dönskum blöðum sem fréttaritari á mörgum sviðum, skrifaði einnig töluvert af skáldsögum undir dulnefni, og ennfremur var hann a. m. k. á síðari árum ævi sinnar, en hann lézt fyrir um það bil 20 árum, aðili að byggingu húsa og mun hafa auðgazt vel á þeirri starfsemi.

Þessi verðlaun skulu samkv. stofnskránni ekki vera undir 100 þús. dönskum kr. hverju sinni og geta verið hærri, munu nú vera, eftir því sem blaðafregnir segja, kringum 150 þús. d. kr. Þeim er úthlutað af Kaupmannahafnarháskóla til Dana eða útlendings, sem unnið hefur störf menningu Evrópu til þurftar. Ég kann ekki nöfn þeirra allra, sem áður hafa hlotið verðlaunin, en í þeirra hópi eru ekki lakari nöfn en Sir Winston Churchill, Niels Bohr, Bertrand Russel, Alvar Aalto, sem teiknaði Norræna húsið hérna úti í mýrinni, og Albert Schweitzer. Ég tel, að landi voru sé mikill sómi sýndur með því, að höfuðskáld vort og rithöfundur hefur verið sæmdur þessum verðlaunum og tekinn í þennan hóp merkra og frægra manna fyrir sína verðleika, og ég álít, að við getum ekki þakkað það betur en með því, að hinir opinberu sjóðir falli frá kröfu sinni um hlutdeild í verðlaununum.

Í viðtali við Morgunblaðið komst Halldór Laxness svo að orði, að hann hafi „þakkað játandi", þegar honum hafði verið skýrt frá þessum verðlaunum. Á sama hátt „játaði ég þakkandi", þegar mér gafst kostur á að flytja þetta mál. Þar sem það er flutt af fjhn., þá hygg ég ekki að ástæða sé til að vísa því til n., en legg til, að því verði vísað til 2. umr. og að það megi öðlast skjóta og jákvæða afgreiðslu í hv. þd.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv.

Á 52. fundi í Ed., 27. febr., var frv. tekið til 2. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 17 shlj. atkv.

Á 53. fundi í Ed., 3. marz, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 17 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 58. fundi í Nd., 3. marz, skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á 59. fundi í Nd., 4. marz, var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 60. fundi í Nd., s. d., var frv. aftur tekið til 1. umr.

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. Í frv. þessu er lagt til, að einn merkur og frægur rithöfundur hér á landi skuli sleppa við að greiða tekjuskatt og útsvar af verðlaunum, sem hann er um þessar mundir að fá í hendur úr konungsríkinu Danmörku. En hvernig er búið að öðru fólki í þessu efni? Mig langar til að nefna dæmi um það.

Ég hef lesið í nýlega prentaðri bók frásagnir af einum embættismanni hérlendum. Sá heitir Jón og er prestur á Snæfellsnesi í námunda við Jökulinn. Séra Jón hefur ættarnafn eins og fleiri merkir menn. Ættarnafn hans er Prímus. Þetta er hæfileikamaður, bæði á andlega sviðinu og hinu verklega, völundur hinn mesti og sérlega fróður um allar vélar. Í tómstundum sínum gerir hann við prímusa fyrir fólk og fleiri vélar. Þetta er góðhjartaður maður, þessi prestur. Ég býst ekki við, að hann gangi ríkt eftir borgun fyrir viðgerðir, sem hann innir af höndum fyrir fólk, einkum ef fátækir eiga í hlut. Þó get ég búizt við, að honum áskotnist nokkrir skildingar árlega fyrir þessi aukastörf. En hann verður að borga af þessum aukatekjum sínum skatta og útsvar samkvæmt landslögum. Sögn er um það, að séra Jón Prímus hafi tekið sér ferð á hendur um fjallveg örðugan til einnar verstöðvar þar á nesinu þeirra erinda að gera við vélar í frystihúsi. Þetta frystihús er illa statt fjárhagslega. Þannig er um fleiri frystihús og mörg önnur atvinnufyrirtæki hér á landi um þessar mundir. Stafar það ekki sízt af því, að núverandi ráðherrar hafa setið of lengi í ráðherrastólum. Ég er ekki viss um það, að séra Jón Prímus geri háar kröfur til frystihússins um borgun fyrir sína vinnu þar, því að þetta er, eins og ég tók fram áðan, eftir lýsingum að dæma góðviljaður maður og vill öllum gott gera. En hitt tel ég alveg víst, að forráðamenn frystihússins hafi séð sóma sinn í því að láta prestinn hafa frítt uppihald, meðan hann vann hjá þeim við að koma vélunum í gang. Þá koma nú skattayfir-

völdin til skjalanna. Þau meta til peningaverðs matinn, sem fer ofan í prest þessa daga, sem hann er að vinna þarna, og síðan er matsupphæðinni skellt ofan á embættislaun hans og reiknaður tekjuskattur og útsvar af allri summunni. Þannig koma skattamenn fram við þennan þjón drottins.

Séra Jón Prímus er kvæntur maður. Með því að eiginkona hans hefur dvalið langdvölum í útlöndum við ýmis viðfangsefni, hefur hann búið með ráðskonu. Sú nefnist Hnallþóra, gerðarlegasti kvenmaður í sjón og raun, m. a. vel fær í kökubakstri og öðrum innanbæjarstörfum. Hún hlýtur því að hafa sæmilegt kaup hjá presti. En hún verður að borga af þessu skatt og útsvar. Fröken Hnallþóra nýtur engrar miskunnar hjá Magnúsi, ekki heldur hjá yfirvöldum í því sveitarfélagi, þar sem hún á heima.

Ég ætla að nefna eitt dæmi enn og nú af manni í Reykjavík. Einn af mörgum, sem þar búa, nefnist Umbi. Þetta mun vera fágætt nafn. Að minnsta kosti man ég ekki eftir því, að ég hafi heyrt fleiri menn nefnda, sem bera þetta heiti. Umbi þessi gerðist sendimaður biskups, fór í umboði hans vestur til að vísitera í prestakalli séra Jóns Prímusar. Biskup lofaði að borga honum fyrir þetta eftir embættismannataxta, og ég er ekki í nokkrum vafa um það, að biskup hefur staðið við það fyrirheit. En þetta eru ekki allt hreinar tekjur hjá umboðsmanninum. Hann varð fyrir fjárhagstjóni í ferðinni vegna stórskemmda á skófatnaði. Þegar hann hóf vesturför, var fótabúnaður hans þannig, að hann var í boxkálfskóm, támjóum. Er hann hafði lokið erindum þar vestra og var snúinn heim á leið, festist bifreið, er hann sat í, í forarvilpu. Umbi varð því að fara fótgangandi langa leið í aurbleytu. Skór hans voru því ákaflega illa útlítandi, þegar hann kom heim til sín til Reykjavíkur, hann gat ekki sýnt sig í þeim á strætum höfuðstaðarins og alls ekki gengið á þeim í biskupsstofu til að skila sínum skýrslum. Ekki gat hann heldur farið á þessum skóm á dansgólf, þó að hann hefði löngun til að stíga dansspor með fögrum konum og fjörugum á skemmtistöðum borgarinnar á síðkvöldum. Umba var því nauðugur einn kostur að fara í skóverzlun og kaupa handa sér nýja skó. En þó að færa mætti rök að því, að þessi kostnaður hans við skókaupin stæði í beinu sambandi við förina á Snæfellsnes, fær hann ekki að draga verð nýju stígvélanna frá launum þeim, sem biskup borgaði honum, áður en lagður er á þau skattur og útsvar. Skattstjórinn og borgarstjórinn í henni Reykjavík eru ekki á þeim buxunum að leyfa honum þetta.

Ég hef nefnt hér þrjú dæmi, sem sýna það, við hvað menn eiga að búa í skattamálum. En undir þessu sama skattalögmáli eru landsmenn yfirleitt allir. Og mér er spurn: Á þá ekki skáldið í Gljúfrasteini í Mosfellshreppi í Kjósarsýslu, Halldór Guðjónsson Kiljan Laxness, einnig að fá sæti við þetta sama stóra borð með vinum sínum, séra Jóni Prímusi, fröken Hnallþóru ráðskonu, Umba biskupssendimanni, Helga hreppsnefndaroddvita og hrossakaupmanni í Langavatnsdal og öðrum landslýð yfirleitt, þ. á m. öðrum skáldum og listamönnum, ha?

Já, skáldum vel á minnzt. Íslenzka ríkið greiðir rithöfundum og öðrum listamönnum ár hvert nokkurt fé úr sjóði sínum, sem kunnugt er. Þetta reiknast allt skattskyldar tekjur hjá rithöfundum. Það er lagður tekjuskattur og tekjuútsvar á öll þessi listamannalaun. Það, sem um getur í frumvarpskríli þessu, sem hér liggur fyrir, er að vísu annað folald úr annarri meri, eins og segir á einum stað í þeirri merku bók, sem ég hef hér lítillega vitnað til. Dönsk folöld munu vera stærri en íslenzk folöld, og þá er mér spurn: Hvers vegna ætti stórt folald hingað komið úr konungsríkinu Danmörku að vera lakari skattstofn fyrir okkar ríkissjóð en lítið folald, vaxið upp í lýðveldinu Íslandi, ha?

Þó að ég hafi borið fram hér nokkrar athugasemdir, tel ég sjálfsagt, að mál þetta fái þinglega afgreiðslu. Ég vil því, að frv. verði vísað til þn., sem skoði það vandlega í krók og kring.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 33 shlj. atkv. og til fjhn. með 30 shlj. atkv.

Á 69. og 70. fundi í Nd., 25. og 27. marz, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 80. fundi í Nd., 22. apríl, var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 280, n. 373, 378 og 380, 384).

Frsm. meiri hl. (*Matthías Á. Mathiesen*): Herra forseti. Fjhn. þessarar hv. d. hefur haft til meðferðar frv. það, sem er á þskj. 280 um skattfrelsi Sonningsverðlauna Halldórs Laxness. Eins og fram kemur á þskj. 373, 378 og 380 hefur fjhn. þessarar hv. d. ekki orðið sammála um afgreiðslu þessa máls. Meiri hl. n. mælir með því á þskj. 380, að frv. verði samþ. óbreytt, en tveir minni hl. gera grein fyrir sínum skoðunum á þskj. 373 með nokkuð sérstökum hætti þar og á þskj. 378. Hv. þm. mun að sjálfsögðu mjög kunnugt um mál þetta, svo mjög sem það hefur verið á dagskrá undanfarna daga, og ég tel ekki ástæðu þess vegna til þess að fjölyrða um efni þess né aðdraganda. Hér er um að ræða, að skáldinu Halldóri Laxness hafa verið veitt Sonningsverðlaun, sem nefnd eru svo og veitt eru af Hafnarháskóla, og ýmsir þekktir menn hafa hlotið áður, svo sem Sir Winston Churchill, Niels Bohr, Bertrand Russel, Alvar Aalto og Albert Schweitzer.

Fjhn. hv. Ed. taldi, að hér væri um slík verðlaun að ræða, að ekki væri óeðlilegt, að af hálfu skattyfirvalda yrði farið að með sama hætti og þegar nefnt skáld hlaut Nóbelsverðlaunin. Þegar á meðan n. hafði mál þetta til afgreiðslu komu til viðræðna við form. fjhn. form. og ritari Bandalags ísl. listamanna, þeir Hannes K. Davíðsson arkitekt og Ingólfur Kristjánsson rithöfundur, og beindu þeim tilmælum til n., að hún hlutaðist til um að breyta frv. í þá átt, að hér yrði ekki aðeins um að ræða skattfrelsi þessa skálds í þessu einstaka tilfelli, heldur yrði frv. breytt í það horf, að það fjallaði almennt um skattfrelsi verðlauna til handa listamönnum, sem þeir fengju án þess að gera sjálfir í samkeppni tilraunir til þess að afla sér þeirra. N. ræddi þetta og varð sammála um, að hún félli sig ekki á að gera brtt. þessa efnis, taldi, að til þess að setja slíka löggjöf þyrfti nánari undirbúning og athugun, sem gæti þá fram farið hvort

heldur á vegum þingsins eða vegum menntmrn. og þessi hugmynd þá sérstaklega athuguð.

Á þskj. 384 hefur hv. 6. þm. Reykv. flutt brtt., sem miðar í þessa átt. Hann mun að sjálfsögðu gera grein fyrir sínu máli, en frá því að hann flutti þessa till. og þar til nú að 2. umr. fer fram, hefur n. setið á fundum og m. a. tekið til athugunar þessa till. hans og samþykkt að halda sér við sína fyrri skoðun, að málið krefðist meiri undirbúnings en svo, að hægt væri að breyta því í þá átt, sem hér um ræðir.

Ég sé svo ekki ástæðu til þess að fjölyrða um málið. Eins og ég gat um áðan, leggur meiri hl. n. til á þskj. 380, að frv. verði samþ. óbreytt.

Frsm. 1. minni hl. (Skúli Guðmundsson): Herra forseti. Fyrir liggur nál. á þskj. 380 frá meiri hl. fjhn. Í þessum meiri hl. eru 4 menn úr 4 þingflokkum. Nál. þeirra er tvær línur prentaðar og eitt orð þar að auki. Þar eru engar skýringar á afstöðu meiri hl., og þær komu heldur ekki fram í framsöguræðu fyrirliðans, hv. 1. þm. Reykn. Hverjir eiga að borga skatta til hins opinbera, ef þeir ríku eiga að vera leystir frá þeirri kvöð? Meiri hl. fjhn. nefnir ekki slíka smámuni. Þetta er þó atriði, sem hv. þdm. mættu gjarnan íhuga.

Ríkissjóður okkar er búinn að vera 10 ár undir handarjaðri Sjálfstfl.- og Alþfl.-manna. Hann er illa kominn eftir vistina hjá þeim. Getur ekki verið, að sá frægi höfundur Halldór Laxness hafi löngun til að hlaupa undir bagga með vesalings ríkissjóðnum? Veit meiri hl. fjhn. nokkuð um hug skáldsins? Halldór Laxness slapp við skattgreiðslur af Nóbelsverðlaunum, sem hann hlaut fyrir 12—13 árum. Ætli hann kæri sig um meiri góðgerðir af því tagi? Getur ekki verið, að hann sé orðinn leiður á sætabrauðinu, eins og Umbi vinur hans, þegar hann var sendimaður á Snæfellsnesinu sællar minningar? Veit meiri hl. nokkuð um þetta? Líklega veit meiri hl. n. ekkert um þetta og önnur höfuðatriði málsins, þó að hann mæli með því, að frv. verði samþykkt.

Ég lagði fram nál. um þetta frv. fyrir rúmum mánuði. Það er prentað á þskj. 373. Þegar eftir að þetta nál. mitt kom fram, sagði Morgunblaðið frá því, að blaðamaður þar hefði átt tal við skáldið í Gljúfrasteini. Blaðamaðurinn lýsti áliti mínu fyrir rithöfundinum og spurði um álit hans. Og það stóð á prenti í þessu blaði, að rithöfundurinn hefði m. a. sagt, að hann hefði ekkert við þetta að athuga.

Í nál. mínu hef ég leyft mér að flytja dagskrártill. og dagskráin er rökstudd í nál. Ég vænti þess, að hæstv. forseti beri dagskrártill. mína undir atkv. þdm., þegar umr. er lokið, eins og venjulegt er, og ég óska eftir nafnakalli um dagskrártill. mína.

Frsm. 2. minni hl. (Guðlaugur Gíslason): Herra forseti. Ég tel ekki, að ég þurfi að hafa langa framsögu um nál. okkar hv. 2. þm. Norðurl. v. Við gerum þar grein fyrir ástæðunni fyrir því, hvers vegna við leggjum til, að frv. verði fellt. Við teljum okkur hafa öruggar upplýsingar um það, að í því landi, sem þessi verðlaun eru veitt, Danmörku, verði þeir aðilar, séu þeir þar búsettir, að greiða skatta og skyldur af þessum verðlaunum, ef þeim eru þau veitt. Við sjáum ekki neina ástæðu fyrir því, að hér á landi skuli um þetta gilda aðrar reglur. Það má segja, að það hafi getað talizt eðlilegt á sínum tíma, þegar Halldóri Kiljan Laxness voru veitt skattfríðindi vegna Nóbelsverðlauna vegna þess, að þar er um slíkan sérstæðan atburð að ræða, sem snertir heiður þjóðarinnar allrar, og þess vegna eðlilegt, að hann í því sambandi nyti nokkurra forréttinda. Ef hins vegar á að fara inn á þá braut að veita í hverju tilfelli skattfríðindi, ef einhver maður hlýtur einhverja umbun eða viðurkenningu fyrir sín störf, hvort heldur er á erlendum eða innlendum vettvangi, þá er það miklu stærra mál en svo, að ekki þurfi að athuga betur en hér virðist hafa verið gert í sambandi við þetta mál, sem hér liggur fyrir. Enda kemur það fram á þskj. 384, þar sem hv. 6. þm. Reykv. flytur brtt., að þetta muni geta leitt það af sér, að það verði um nokkuð almenna opnun á l. um skatta og útsvör að ræða, ef farið verður inn á þá braut, eins og hér er lagt til, að samþykkja það frv., sem fyrir liggur óbreytt, eins og meiri hl. fjhn. hefur lagt til. Við flm. 2. minni hl. fjhn. teljum, að þetta sé það stórt mál og þess eðlis, að ef ríkisvaldið treystir sér til þess að fara að opna tekjuskattslögin og gera þar sérstakar undanþágur og ívilnanir, þá sé það kannski margt fleira, sem fyrr ætti að koma til greina, sem tekið yrði tillit til heldur en þess, sem hér er um að ræða. Auðvitað eru heilir hópar manna, margir einstaklingar, sem mjög mundu óska þess, að þeir hlytu slíka umbun, eins og hér er gert ráð fyrir í þessu frv. í sambandi við greiðslu sinna skatta. Og ég hygg, að margir aðilar í þjóðfélaginu gætu vissulega fært rök fyrir því, að það væri eðlilegt, að ríkisvaldið og sveitarstjórnir mættu þeim í einhverju og mætu þeirra störf kannski sérstaklega með því að veita þeim sérstaka fyrirgreiðslu og sérstaka niðurfellingu skatta eða útsvara. Ég og meðflm. minn að áliti 2. minni hl. á þskj. 378, við teljum rétt að benda á það, að við teljum ekki, að í neinu sé skertur heiður Halldórs Laxness, þó að hann yrði látinn greiða samkv. gildandi lögum og reglum alla skatta og skyldur af þeim tekjum, sem honum hafa hlotnazt með þessum verðlaunum. Við bendum á þetta vegna þess, að við höfum heyrt það og á það hafði verið bent, að þetta væri heldur niðrandi fyrir skáldið, en við teljum, að svo sé ekki nema síður sé. Við teljum hann mjög vel kominn að þeim heiðri, sem honum þarna hlotnast og þeim tekjum, sem hann hefur fengið með veitingu Sonningsverðlaunanna, en við teljum alveg hiklaust, að hann eigi, eins og aðrir íslenzkir þegnar, að greiða af þessum hluta tekna sinna, eins og öðrum, skatta og skyldur til ríkis og bæja, og engin ástæða sé til þess að fella það niður með sérstakri löggjöf. Ég vil undirstrika það, sem ég sagði hér í upphafi, að ef það á á annað borð að fara að opna lögin um greiðslu tekju- og eignarskatts og útsvara, þá sé það mjög margt, sem þar komi til greina, þetta sé það stórt mál, að það verði að skoðast mjög vandlega, áður en í það er farið að gera í einföldu frv. þær ráðstafanir, sem hér er lagt til.

Ég skal svo ekki hafa í bili um þetta fleiri orð, tel mig ekki þurfa að rökstyðja það frekar. Það eru sjálfsagt um það skiptar skoðanir, eins og hér kemur fram, bæði innan fjhn. Alþ. og meðal þjóðarinnar, en okkar skoðun er afdráttarlaus sú, að frv. þetta beri að fella.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Ég ætla í þessu máli að fara að dæmi hv. fyrri minni hl. fjhn., er hann rímaði nál. sitt, og tala í léttum tón. Ef einhver söngelskur hv. þm. kynni að vilja taka undir það, sem ég segi, þá er lagið: Stóð ég úti í tunglsljósi.

Fjárhagsnefndin ræddi um mikið skattamál.
Mjög ber það að harma, að allt fór það í bál.
Flest getur í þingnefndum furðulegt hent,
framsóknarmennirnir klofnuðu í tvennt.

Skúli reyndist andríkur og orti prýðisljóð,
þótt ekki væri skynsamlegt, sem þar í kvæði stóð.
En Vilhjálmur reyndist skynsamur,
hann víst má eiga það,
þótt væri það lítið, sem hann festi á blað.

Er það nokkuð undarlegt, ef að er betur gáð
þótt einingin sé lítil og tvenn þeirra ráð,
því hér er ekki um að ræða hagsmunamál
fyrir hreina og góða,
dygga og trygga framsóknarsál.

Ef ekki er um slíkt að tefla,
allt er hjá þeim til,
allra handa skoðanir hverjum manni í vil.
Eru þeir ekki til dæmis með og móti her,
með og móti amerísku varnarliði hér?

Og vilja þeir ekki hækka kaup
og lækka kaup um leið?
Ef leiðtoginn er Thorlacius, hleypt er á skeið.
En Erlendur í SÍS er á ísagrárri spöng,
hann engan heyrir lengur fjaðraþyt né söng.

Maddama Framsókn forðum oft sig furðulega bar,
nú furðar menn að sjá, hve hún er mikið skar.
Stundum hún andvarpar ein með sjálfri sér:
Er það máske feigðin, sem kallar að mér?

Magnús Kjartansson: Herra forseti. Maður er dálítið feiminn að koma hér í stólinn eftir þessa skemmtilegu framlengingu á þingveizluræðuhöldum og því miður get ég ekki haldið áfram í sömu tóntegund og hæstv. menntmrh. Mér fannst, þegar þetta frv. var lagt fram, að það væri heldur óhönduglega fram borið. Á sínum tíma voru sett sérstök lög um Nóbelsverðlaun Halldórs Laxness, og þar var um alveg sjálfsagða lagasetningu að ræða. Þar var um að ræða einstæðan stórviðburð. Ég hygg ekki, að það sé nein ástæða til þess að ætla eða gera sér vonir um, að sá atburður endurtaki sig á þessari öld. En Sonningsverðlaun þau, sem Halldór Laxness fékk frá Kaupmannahafnarháskóla eru hliðstæð mörgum öðrum verðlaunum, sem mjög er hugsanlegt, að Íslendingar muni fá á næstunni. Þessi Sonningsverðlaunasjóður sker sig ekki á neinn hátt úr ýmsum öðrum sjóðum, sem starfandi eru t. d. á Norðurlöndum og Íslendingar munu hafa aðgang að. Ég vil minna á það í því sambandi, að árlega taka Íslendingar þátt í störfum nefndar, sem ákveður bókmenntaverðlaun Norðurlandaráðs, sem er allveruleg upphæð. Á vegum Norðurlandaráðs er einnig starfandi tónskáldasjóður og ekki er það neitt ólíklegt, að heiðursverðlaun úr honum falli einhvern tíma Íslendingi í skaut, og þannig er um ýmsa fleiri verðlaunasjóði. Hér innanlands er einnig farið að veita nokkuð há heiðursverðlaun. Mig minnir, að um síðustu áramót hafi t. d. fjórum mönnum verið veitt úr bókasafnssjóði upphæð, sem var held ég 100 þús. kr. á mann, og þó að þar sé um að ræða allmiklu minni upphæð en Sonningsverðlaunin eru, þá getur það engu að síður verið býsna há upphæð fyrir þá, sem hreppa hana. Þess vegna virtist mér einsætt, að setja þyrfti í lög ákvæði um það, að slík heiðursverðlaun, sem veitt eru án umsóknar, væru undanþegin sköttum. Slík ákvæði eru í lögum víða í grannlöndum okkar, ýmist ákvæði um, að slík heiðursverðlaun, sem veitt eru án umsóknar, séu alveg skattfrjáls eða um þau gildi sérstakar reglur. Mér þykir rétt að leggja áherzlu á það, vegna ræðu þeirrar, sem hv. 3. þm. Sunnl. flutti hér áðan, þar sem hann taldi, að skattfrelsi á þessu sviði mundi opna fyrir fjölmörg önnur svið, að um það er ég ekki á sömu skoðun Hér er um að ræða heiðursverðlaun, eins og ég sagði áðan, sem veitt eru án umsóknar mönnum, sem hafa skarað sérstaklega fram úr, og þó að Íslendingar séu góðum gáfum gæddir, þá gerast slíkir atburðir ekki oft. Ég tel, að það sé sjálfsagt, að stjórnarvöld og þjóðin samfagni slíkum mönnum með því að afsala sér því, að verulegur hluti upphæðarinnar renni í opinbera sjóði. Ef það gerist, missa slík heiðursverðlaun að verulegu leyti tilgang sinn. Þarna held ég, að sé um að ræða undantekningu, sem hafi það mikla sérstöðu, að við séum ekki að opna fyrir annað með þessu móti.

Hv. frsm. fjhn. greindi frá því, að forsvarsmenn Bandalags ísl. listamanna hefðu komið á fund n. og mælzt til þess, að frv. yrði breytt í sömu átt og felst í brtt. þeirri, sem ég flyt á þskj. 384. Svo var að heyra á frsm. n., að meiri hl. n. hefði í rauninni ekki verið andvígur þessari málaleitan. Aðeins hefði hann talið, að málið þyrfti nánari undirbúning og athugun, annaðhvort á vegum þingsins eða rn. Ég á dálítið bágt með að sætta mig við það, að þessi hv. n. hefði ekki getað leyst úr jafnlitlu vandamáli og þetta er í raun og veru. Hér er um að ræða að orða tiltekna hugsun í lagaformi og þeir 4 þm., sem skipa meiri hl. þessarar n., eru orðnir það vanir löggjafar, að þetta hefði ekki átt að vera ofverk þeirra, ef þeir hefðu haft áhuga á því að leysa málið á þennan hátt. Ég vil t. d. minna á það, að hv. frsm. n. er nýbúinn að leggja hér fram frv. á þingi með ákvæði um það, að arður af hlutabréfum skuli vera skattfrjáls og hlutabréf skuli undanþegin eignarskatti. Ég held, að það hefði ekki verið neitt flóknara vandamál að orða þessa hugmynd um almenna undanþágu á heiðurslaunum en þetta áhugamál hv. þm. um sérstaka ívilnun fyrir arð og hlutabréf. Ég get sem sé ekki sætt mig við, að þetta viðhorf meiri hl. n. sé raunverulegt. Ég er sannfærður um það, að þessum ágætu og vel verki förnu alþm. hefði verið í lófa lagið að orða þessa hugsun í lagabúningi, ef þeir hefðu haft áhuga á því.

Hins vegar tel ég það mjög óeðlilegt að afgreiða þetta frv. til l. um skattfrelsi Sonningsverðlauna Halldórs Laxness nema því aðeins, að menn ætli sér að ganga þannig frá málum, að aðrir þeir, sem kunna að fá hliðstæð heiðursverðlaun án umsókna njóti sömu fyrir-

greiðslu hér á Alþ. Allt annað væri ósæmilegt með öllu. Og ég held líka, að það væru fráleit vinnubrögð, ef menn ætluðust til þess, að flutt skuli frv. á Alþ. í hverju slíku tilviki í stað þess að setja almenna reglu. Ég er hræddur um, að af því gætu oft spunnizt heldur leiðinlegar umr. og kannski engan veginn jafn skáldlegar og þær umr., sem orðið hafa um þetta mál. Og inn í það gæti hreinlega blandazt afstaða hv. alþm. til þess manns, sem í hlut ætti í það og það skipti, persónulegt mat manna á verðleikum hans sem einstaklings. Það væru algerlega fráleit vinnubrögð.

Það má vel vera, að mönnum finnist, að það orðalag, sem ég geri till. um í brtt. minni, hitti ekki í mark. Mönnum kunna að finnast þau of ströng eða of víðtæk, og mér hefði raunar þótt fróðlegt, ef menn hefðu viljað lýsa skoðunum sínum á því atriði. En ef Alþ. er á því, að við setjum tilteknar reglur um skattfrelsi slíkra heiðursverðlauna, þá finnst mér, að við eigum að gera það nú. Og það er fullt ráðrúm til þess, annað hvort á þeim tíma, sem eftir er af þessu þingi eða í byrjun þinghaldsins í haust, því að úr því, sem komið er, kemur þetta ekki til framkvæmda fyrr en í sambandi við skattgreiðslur á næsta ári. Og ég held, að Alþ. leysi þetta mál helzt á sómasamlegan hátt með því að taka upp þessi vinnubrögð, og vildi mjög eindregið beina því til manna, hvort þeir vildu ekki hafa þennan hátt á.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 81. fundi í Nd., 25. apríl, var fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.

Rökstudd dagskrá á þskj. 373 felld með 28:7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: PJ, PS, SkG, SV, BGuðm, GuðlG, GunnG.

nei: JP, LJós, MK, MB, MÁM, SI, SE, EKJ, VH, ÞÞ, ÁÞ, BGr, BF, BBen, BrS, RG, EystJ, FÞ, GeirG, JJ, GÞG, HS, HV, IngJ, IG, JóhH, JónasÁ, SB.

5 þm. (SP, BK, BP, EðS, JSk) fjarstaddir.

Brtt. 384 felld með 24:10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: IG, JSk, JónasÁ, LJós, MK, ÞÞ, ÁÞ, BrS, GeirG, JJ.

nei: GuðlG, GunnG, GÞG, HS, HV, IngJ, JóhH, JP, MB, MÁM, PJ, PS, SI, SE, SkG, SV, EKJ, BGr, BF, BBen, BGuðm, RG, FÞ, SB.

VH, EystJ greiddu ekki atkv.

4 þm. (SP, BK, BP, EðS) fjarstaddir.

1. gr. samþ. með 24:10 atkv.

2. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 23 shlj. atkv.

Á 82. fundi í Nd., 28. apríl, var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 19:7 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 580).

---

73. Sala Úlfarsfells í Helgafellssveit.

Á 59. fundi í Nd., 4. marz, var útbýtt:

Frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja eyðijörðina Úlfarsfell í Helgafellssveit [164. mál] (þmfrv., A. 317).

Á 61. fundi í Nd., 6. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Friðjón Þórðarson): Herra forseti. Frv. þetta fjallar um heimild fyrir ríkisstj. til að selja eyðijörðina Úlfarsfell í Helgafellssveit. Í þessu máli þarf ekki langa framsögu. Það er að vísu svo, að eitt sinn var vel búið á Úlfarsfelli. Í Eyrbyggju segir eitthvað á þá leið, að Úlfar bóndi á Úlfarsfelli „var svá fésæll, að fé hans dó aldrei af megri eða drephríðum". Nú er öldin önnur. Þessi jörð hefur verið í eyði yfir 20 ár, en s. l. 14 ár eða svo hefur hún verið nytjuð af feðgunum á Arnarstöðum í Helgafellssveit. Sú jörð er fremur landlítil, og er því full þörf fyrir þá að fá aukið land.

Ég vil benda á, að hreppsnefnd Helgafellssveitar hefur lýst sig einróma samþykka þessari sölu, sbr. fskj. það, sem hér er prentað, og bendir í því m. a. á það, hversu jörðin hefur lengi verið í eyði og hitt, að telja megi öruggt, að hún byggist ekki aftur sem sérstakt býli.

Ég hef þessi orð ekki fleiri, en legg til, að máli þessu verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. landbn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til landbn. með 22 shlj. atkv.

Á 74. fundi í Nd., 10. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 317, n. 435).

Frsm. (Bjartmar Guðmundsson): Herra forseti. Frv. þetta hefur verið rætt á fundi landbn. og verið sent til umsagnar bæði landnámsstjóra og Jarðeignadeild ríkisins. Þetta er heimild um sölu á eyðijörð, og það hefur enginn, sem um þetta mál hefur fjallað, neitt við það að athuga að heimila söluna, og n. mælir einróma með því, að það verði samþ. óbreytt.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.

2. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 23 shlj. atkv.

Á 75. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 21 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 21 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 72. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 73. fundi í Ed., 14. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til landbn. með 13 shlj. atkv.

Á 78. fundi í Ed., 25. apríl, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 79. fundi í Ed., 28. apríl, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 317, n. 543).

Frsm. (Jón Árnason): Herra forseti. Frv. til l. um heimild fyrir ríkisstj. til að selja eyðijörðina Úlfarsfell í Helgafellssveit hefur verið til athugunar í hv. landbn. Mál þetta er komið frá hv. Nd., en hún hafði leitað umsagnar landnámsstjóra ríkisins um málið. Kemur þar fram í áliti landnámsstjóra, að hann telur eðlilegt, að ábúanda Arnarstaða í sömu sveit sé seld jörðin, þar sem Úlfarsfell sé of landlítil jörð til þess að unnt verði að byggja hana á ný. Eins og fram kemur í fskj. með frv., mæla allir hreppsnefndarmenn í Helgafellssveit með sölu jarðarinnar til Hans Sigurðssonar, bónda á Arnarstöðum, og hafa þar með hafnað væntanlegum forkaupsrétti að jörðinni fyrir hreppsins hönd, þegar til kemur.

Herra forseti. Ég vil því fyrir hönd landbn., sem mælir einróma með samþykkt frv., leyfa mér að leggja til, að frv. verði samþykkt og því að lokinni þessari umr. vísað til 3. umr.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.

2. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 17 shlj. atkv.

Á 80. fundi í Ed., 29. apríl, var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 15 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 603).

---

74. Bann gegn veiðum með botnvörpu og flotvörpu (frv. sjútvn. Nd.).

Á 83. fundi í Nd., 29. apríl, var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 88 20. des. 1968, um breyt. á l. nr. 62 18. maí 1967, um bann gegn veiðum með botnvörpu og flotvörpu [242. mál] (þmfrv., A. 591).

Á 84. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 26 shlj. atkv.

Frsm. (Birgir Finnsson): Herra forseti. Svo sem kunnugt er, liggur fyrir hér í hv. d. annað frv. til l. um breyt. á l. nr. 62 frá 18. maí 1967, um bann gegn veiðum með botnvörpu og flotvörpu. Það frv. er árangur af miklu starfi, sem svokölluð landhelgisnefnd hefur unnið að undanförnu. Frv. var í gær vísað til sjútvn. d., og sjútvn. hefur þegar haldið um það einn fund.

Fyrr á þinginu, eða fyrir áramót, voru leyfðar meiri undanþágur til togveiða innan landhelginnar en áður hafa gilt, og er af afgreiðslu þess máls augljóst, að þingvilji er fyrir því, að botnvörpuveiðar innan landhelginnar verði leyfðar í auknum mæli frá því, sem verið hefur. Hins vegar munu vera nokkuð skiptar skoðanir um einstök atriði í framkvæmd málsins, þ. e. a. s. varðandi það, á hvaða stöðum togveiðar skuli leyfðar og á hvaða tímum. Þær undanþágur, sem samþ. voru á þinginu í haust, renna út annað kvöld, þ. e. 30. apríl. Það er augljóst, að Alþ. vinnst ekki tími til þess að fjalla um hið nýja frv., sem nú liggur hér fyrir, á svo skömmum tíma. Í sjútvn. varð þess vegna um það algert samkomulag í morgun, að flytja það frv., sem hér liggur fyrir, til þess að Alþ. gefist tóm til að athuga nánar og afgreiða frv. á þskj. 551. Ég vil geta þess, að ákveðinn hefur verið fundur í sjútvn. d. í fyrramálið kl. 11, og ef ekki kemur neitt sérstakt fyrir, þá er reiknað með, að n. geti gengið frá nál. sínu um það frv. á morgun.

Það frv., sem hér liggur fyrir, er flutt af þessum ástæðum. Fyrir hönd sjútvn. mæli ég eindregið með því, að frv. hljóti afgreiðslu hér í hv. d. í dag. Frv. er flutt af n. og þarf því ekki að fara til n. Ég beini þeim tilmælum til hæstv. forseta og hv. þdm., að þeir greiði fyrir afgreiðslu málsins.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 26 shlj. atkv.

Á 85. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 2. umr.

Of skammt var liðið frá 1. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 26 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.

2. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 26 shlj. atkv.

Á 86. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 27 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 26 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 80. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 81. fundi í Ed., 30. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Félmrh. (Eggert G. Þorsteinsson): Herra forseti. Frv. þetta er flutt, eins og hv. þdm. mun e. t. v. kunnugt, vegna þess, að út renna á morgun þær heimildir, sem í l. hafa verið um veiði með botnvörpu og flotvörpu innan fiskveiðilandhelgi Íslands. Það mun einnig kunnugt hv. þdm., að n. hefur nýlega skilað áliti, sem upp úr hefur verið samið sérstakt frv. allviðamikið, og hefur þegar komið til 1. umr. og n. í hv. Nd. um allverulegar rýmkanir í þessu skyni, en fyrirsjáanlegt er, að það frv., svo viðamikið sem það er, muni ekki geta hlotið afgreiðslu Alþ., áður en þær heimildir, sem nú eru í l., renna út, og þess vegna er þetta frv. flutt til þess að veita 10 daga viðbótarheimild til þess, að þær reglugerðir og heimildir, sem nýttar hafa verið, megi gilda áfram þann tíma, sem það hugsanlega tæki Alþ. að afgreiða sjálft aðalfrv. Ég tel mikla nauðsyn á, að frv. fái skjóta og góða afgreiðslu hér í þessari hv. þd., eins og það hefur fengið í hv. Ed., og það hefur þar verið afgr. á einum degi gegnum þrjár umr. Ég legg því mikla áherzlu á það, ef d. telur sér fært að veita þessar heimildir, sem frv. þetta kveður á um, svo að ekki þurfi að koma til öngþveitis á fiskimiðunum ofan á þá örðugleika, sem við er að etja.

Ég legg til, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til hv. sjútvn. og ítreka tilmæli mín um, að n. hraði svo störfum sem kostur er.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv. og til sjútvn. með 16 shlj. atkv.

Á 82. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 2. umr. (A. 591).

Of skammt var liðið frá 1. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 15 shlj. atkv.

Frsm. (Pétur Benediktsson): Herra forseti. Sjútvn. hefur haldið fund um þetta frv. og er samdóma um að mæla með, að það verði samþ. og nauðsynleg afbrigði frá þingsköpum verði veitt, til þess að það megi ná fram að ganga í dag.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.

2. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 17 shlj. atkv.

Á 83. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 17 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 612).

---

75. Sala Hauganeslands.

Á 63. fundi í Nd., 11. marz, var útbýtt:

Frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja Árskógshreppi Hauganesland [172. mál] (þmfrv., A. 337).

Á 64. fundi í Nd., 13. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 65. fundi í Nd., 17. marz, var frv. aftur tekið til 1. umr.

Flm. (Stefán Valgeirsson): Herra forseti. Frv. þetta, sem ásamt mér er flutt af hv. 11. landsk. þm., er þess efnis, að leitað er heimildar Alþ. til þess að selja Árskógshreppi land það, sem tilheyrir Hauganesi í þeim hreppi. Frv. er flutt að beiðni hreppsnefndar Árskógshrepps, eins og tekið er fram í grg., sem fylgir frv. Ástæðan fyrir því, að þessarar heimildar er leitað nú, er sú, að íbúar Hauganess eru mjög óánægðir yfir því að þurfa að sækja öll sín mál til Reykjavíkur, t. d. vegna lóða undir verbúðir og íbúðarhús eða annarrar mannvirkjagerðar. Íbúarnir eru rúmlega 100 á Hauganesi, og þetta er vaxandi útgerðarstaður. Meginhluti þess lands, sem nú tilheyrir Hauganesi, er frá jörðinni Selá, en sú jörð er í eigu ríkisins. Var þetta land tekið undan Selá fyrir æðimörgum árum. Enn fremur er lítil skák af landi Hauganess frá Brimnesi, og keypti ríkið það land fyrir fáum árum. Þetta mál er þess eðlis, að það ætti að liggja ljóst fyrir hv. alþm. og þarflaust að hafa frekari framsögu um málið. Legg ég því til að lokinni þessari umr., að málinu verði vísað til 2. umr. og hv. landbn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til landbn. með 25 shlj. atkv.

Á 81. fundi í Nd., 25. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 337, n. 523).

Frsm. (Bjartmar Guðmundsson): Herra forseti. Frv. þetta hefur verið sent til umsagnar bæði Landnáminu og Jarðeignadeild ríkisins, eins og venja er til um slík frv., og hafa ekki neinar mótbárur komið frá þessum aðilum gegn því að heimila þessa jarðarsölu, og mælir n. eindregið með því, að frv. verði samþykkt.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.

2. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 21 shlj. atkv.

Á 82. fundi í Nd., 28. apríl, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 28 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 79. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 80. fundi í Ed., 29. apríl, var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv. og til landbn. með 17 shlj. atkv.

Á 86. fundi í Ed., 6. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 337, n. 617).

Frsm. (Steinþór Gestsson): Herra forseti. Landbn. hefur haft þetta frv. til ath. og mælir hún með því, að það verði samþ. óbreytt. Einn nm. var fjarverandi, þegar málið var afgr. í n. Ég hygg, að ég þurfi ekki að hafa mörg orð um frv., en ég vil þó taka það fram, að á fundi hreppsnefndar Árskógshrepps, sem haldinn var í vetur, var samþ. samhljóða að óska eftir því, að ríkisstj. fengi heimild til þess að selja Árskógshreppi Hauganesland. Hauganes er, eins og kunnugt er, vaxandi útgerðarstaður. Þar eru nú um 100 íbúar, og þeir telja það vera sér hagsmunamál, að hreppurinn eignist það land, sem þetta þéttbýli stendur á. Í umsögn, sem borizt hefur frá landbrn., jarðeignadeildinni, er það tekið fram, að sú stefna hafi verið ríkjandi, að ríkið styðji sveitarfélögin í því að eignast það land, sem þau standi á, og það er upplýst, að mikið land hafi verið selt þannig úr ríkiseign á undanförnum árum. Einnig upplýsir jarðeignadeildin, að ekki sé sjáanlegt, að sérstakir hagsmunir séu tengdir því fyrir ríkissjóð að eiga áfram það land, sem Hauganes stendur á, og getur því fyrir sitt leyti mælt með því, að landið verði selt. Þær upplýsingar, sem hér liggja fyrir, urðu til þess, að landbn. varð sammála um það að mæla með því, að þessi heimild yrði veitt, og það sem að sjálfsögðu eru sterkustu meðmælin með þeirri ráðabreytni er sá einhugur, sem ríkir heima fyrir um það, að þessi ráðstöfun sé gerð. Eins og ég hef þegar tekið fram, þá mælir landbn. með því að frv. þetta nái fram að ganga óbreytt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 88. fundi í Ed., 8. maí, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 17 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 677).

---

76. Sjómannalög.

Á 41. fundi í Sþ., 18. apríl, var útbýtt frá Nd.:
Frv. til l. um breyt. á sjómannalögum, nr. 67 31. des. 1963 [219. mál] (þmfrv., A. 481).

Á 79. fundi í Nd., 21. apríl, var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.

Á 80. fundi í Nd., 22. apríl, var frv. aftur tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 29 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Guðlaugur Gíslason): Herra forseti. Ég hef leyft mér ásamt hv. 10. þm. Reykv. að flytja hér á þskj. 481 frv. til l. um breyt. á sjómannalögum. Frv. er þess efnis, að aftan við 24. gr. l. bætist ný málsgr. þess efnis, að óheimilt sé að framselja eða veðsetja samningsbundnar dánarbætur og ekki megi leggja á þær löghald né gera í þeim fjárnám eða lögtak né halda bótagreiðslu til opinberra gjalda. Hér er um að ræða hinar samningsbundnu sérstöku bætur, sem sjómenn sömdu um á sínum tíma við útgerðarmenn og munu þá hafa numið allt að 200 þús. kr., en hafa nú hækkað í allt að 400 þúsund kr., ef um dauðsfall er að ræða. Samkvæmt l. um almannatryggingar eru bætur samkvæmt l. verndaðar eins og 1. gr. þessa frv. gerir ráð fyrir. Þó að flm. telji, að eðli málsins samkvæmt muni einnig þær bætur, sem hér um ræðir, njóta þeirrar verndar, sem er að finna í l. um almannatryggingar, þá þykir þeim þó rétt, til að taka af allan vafa, að flytja það frv., sem hér liggur fyrir, um hinar sérstöku bætur, sem samið hefur verið um milli sjómanna og útgerðarmanna.

Ég leyfi mér, herra forseti, að leggja til, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. sjútvn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 27 shlj. atkv. og til sjútvn. með 25 shlj. atkv.

Á 82. fundi í Nd., 28. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 481, n. 554).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 32 shlj. atkv.

Frsm. (Pétur Sigurðsson): Herra forseti. Sjútvn. hv. d. hefur athugað frv. og leggur einróma til, að það verði samþ.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 31 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 30 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 37 shlj. atkv.

Á 83. fundi í Nd., 29. apríl, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 26 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 80. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 84. fundi í Ed., 2. maí, var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til sjútvn. með 14 shlj. atkv.

Á 86. fundi í Ed., 6. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 481, n. 626).

Frsm. (Pétur Benediktsson): Herra forseti. Þetta er ákaflega einfalt mál, sem hér liggur fyrir deildinni, sem sé að aftan við 24. gr. sjómannalaga bætist ný málsgr. svo hljóðandi:

„Óheimilt er að framselja eða veðsetja samningsbundnar dánarbætur, og ekki má leggja á þær löghald né gera í þeim fjárnám eða lögtak né halda bótagreiðslu til opinberra gjalda."

Það, sem þarna segir, er í fullu samræmi við gildandi löggjöf um almannatryggingar, en einhverjir málafærslumenn munu hafa gert tilraun nýlega til að leggja hald á slíkar samningsbundnar dánarbætur. Eftir minni lögfræði ætti nú ekki að vera neinn vafi á því, að þarna væri um ólögmæta kröfugerð að ræða, en hv. flm. málsins í Nd. þótti þó réttara, að af skyldi tekinn með l. allur vafi um það atriði. Það er a. m. k. ekki verr farið en heima setið að gera þetta deginum ljósara, og er því sjútvn. öll á einu máli um það að mæla með samþ. þessa frv.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.

2. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 88. fundi í Ed., 8. maí, var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 18 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 678).

---

77. Sala Þykkvabæjar I í Landbroti.

Á 60. fundi í Ed., 18. marz, var útbýtt:

Frv. til l. um heimild fyrir hreppsnefndina í Kirkjubæjarhreppi í Vestur-Skaftafellssýslu til að selja jörðina Þykkvabæ I í Landbroti [185. mál] (þmfrv., A. 364).

Á 61. fundi í Ed., 20. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Björn Fr. Björnsson): Herra forseti. Frv. það, sem hér liggur fyrir, er flutt af okkur hv. 5. þm. Sunnl. og flutt að beiðni hreppsnefndar Kirkjubæjarhrepps í Vestur-Skaftafellssýslu. Frv. þetta fjallar um heimild hreppsnefndar Kirkjubæjarhrepps í Vestur-Skaftafellssýslu til þess að selja jörðina Þykkvabæ I í Landbroti Ingu Þórarinsdóttur, núv. ábúanda jarðarinnar, en með nokkuð sérstökum hætti, sem byggist á því, að hreppurinn fékk á sínum tíma jörðina Þykkvabæ I að gjöf með vissum skilyrðum. Og vil ég nú fjalla um þessar sérstöku aðstæður, sem eru fyrir hendi í þessu máli.

Með gjafabréfi hjónanna Helga Þórarinssonar og Höllu Einarsdóttur, dags. 15. des. 1913, afhentu þau Kirkjubæjarhreppi hálfa jörðina Þykkvabæ til eignar með vissum skilyrðum. Meginskilyrði voru þessi: Jörðin skyldi vera ævarandi eign þessa hrepps, Kirkjubæjarhrepps og því mætti eigi selja jörðina, gefa eða veðsetja. Ættingjar gefanda hefðu forgangsrétt um ábúð jarðarinnar. Að jörðin yrði bætt og prýdd svo sem kostur er hverju sinni. Afgjöld af jörðinni féllu þannig: 1/4 hluti þeirra til sveitarsjóðs Kirkjubæjarhrepps, en 3/4 hlutar til Ræktunarsjóðs Þykkvabæjar I, sem í gjafabréfinu er sett skipulagsskrá um með tilheyrandi ákvæðum að því er varðar tekjuöflun þessa ræktunarsjóðs og starfsemi að öðru leyti. Sjóðnum er ætlað að hafa það hlutverk á hendi að bæta jörðina og enn fremur og í öðru lagi að verðlauna bændur innan Kirkjubæjarhrepps fyrir jarðabætur, húsabætur og aðrar nytsamar búnaðarframkvæmdir á ábýlisjörðum þeirra. Hreppsnefndin þáði svo þessa gjöf, sem var fram sett í nefndu gjafabréfi, hinn 14. jan. 1914, og gjafabréfið hlaut konungsstaðfestingu 14. ágúst s.á., og skömmu síðar var skipulagsskrá sjóðsins birt í Stjórnartíðindum. Gefendurnir bjuggu á jörðinni, þar til Helgi Þórarinsson dó 18.11. 1915. Þá tók Þórarinn, sonur þeirra hjóna, við búsforráðum og sat jörðina með samþykki allra hlutaðeigenda. Var á þeim tíma, þegar Þórarinn Helgason sat jörðina, lagt fé mjög í jarðabætur og húsabætur.

Núverandi ábúandi þessarar jarðar er Inga Þórarinsdóttir, dóttir Þórarins Helgasonar, þ. e. a. s. sonardóttir gefendanna. Hún hefur lýst yfir, að hún geti ekki lengur búið á þessari jörð, nema hún fái hana keypta, og það skal líka tekið fram, að það eru engir aðrir, sem vitað er um, sem hafa hug á að taka þessa jörð til ábúðar við þau skilyrði, sem sett hafa verið. En talið er, að endurbyggja þurfi öll hús jarðarinnar meira og minna, og að sjálfsögðu er ekki hægt að leggja í slíkar framkvæmdir, nema lán séu fengin, og þá þarf auðvitað að setja jörðina að veði.

Nú hefur ábúandinn, Inga Þórarinsdóttir, fengið loforð um það frá hreppsnefndinni, að hreppsnefndin sé fús til að selja henni jörðina fyrir sitt leyti. En að því tilskildu, að söluverðinu verði varið í sem nánustu samræmi við tilgang gjafabréfsins. Að óbreyttu virðist það ljóst öllum þeim, sem nærri þessu máli koma, að enginn ábúandi fáist á þessa jörð. Hún niðist aðeins niður og endar sem umkomulítil eyðijörð. Búnaðarhættir og ábúðarreglur eru almennt þannig í dag, að þær eru með allt öðru sniði en þegar gjafabréfið fyrir mörgum tugum ára var samið og hreppurinn tók við gjöfinni. Hinn almenni tilgangur með gjöfinni næst því engan veginn, og þau hlunnindi, sem gjöfin átti annars

vegar að veita gefendum og ættmennum þeirra um framtíð og hreppnum áttu að verða til framfara og hagnaðar, má segja, að séu úr sögunni með öllu. Hins vegar verður þessi gjöf til erfiðleika á marga lund, ekki sízt fyrir eigandann, hreppsnefndina, og svo til sárra leiðinda öllum aðilum, ef eigi verður að gert.

En nú vill svo vel til, og það er ekki ævinlega í skipulagsskrám eða gjafabréfum, sem skipulagsskrár hafa verið gerðar um, að ákvæði séu um, hvernig fara skuli, ef eitthvað ber út af með þær aðstæður, sem fyrir hendi voru í upphafi og breytzt hafa verulega. En það vill svo vel til, að í gjafabréfinu, sem er undirstaða alls í þessu máli, eru ákvæði, þar sem segir:

„Reglum þeim, sem settar eru að framan um gjöf þessa, getur enginn breytt nema löggjafarþing Íslendinga, og þó því aðeins, að eigi verði hjá því komizt sakir breyttrar tíðar eða óviðráðanlegra atvika, en gæta skal þess þá vandlega, að breytingin samrýmist, svo sem auðið er, tilgangi okkar (þ. e. a. s. gefendanna) með gjöfinni."

Og með hliðsjón af þessu ákvæði í skipulagsskránni er þetta frv., sem hér liggur fyrir, fram borið. Við flm. vitum ekki betur en allir ættmenn gefenda, sem látið hafa sig nokkuð varða þetta mál, séu sammála um, að sú breyting verði gerð, sem frv. gerir ráð fyrir. Og ég vil geta þess, að annar gefendanna, frú Halla Einarsdóttir, sagði í bréfi til hreppsnefndar Kirkjubæjarhrepps árið 1946 m. a., að vegna breyttra aðstæðna óski hún eftir því, að hreppurinn gefi eftir sinn eignarrétt samkv. gjafabréfinu, ef auðið er. Annar gefenda var sem sagt á því ári, 1946, alveg inni á því, að hér þyrfti gerbreyting á að verða.

Í frv., eins og það liggur hér fyrir d., eru sérstök ákvæði um ráðstöfun jarðarinnar, sem eigi verður annað séð en fyllilega séu í anda megintilgangs gjafabréfsins, þ. e. að náinn ættingi, sem ábúð hefur haft um nokkuð langan tíma á jörðinni, — ég held, að ég megi segja 17 ár — eignist jörðina og hún verði séreign þessa ættingja og þar um gerður sérstakur kaupmáli, enn fremur að kaupandi skuldbindi sig til þess að gera jörðina að ættaróðali. Með betri hætti verður vart að okkar áliti flm. a. m. k., betur hægt að tryggja annan megintilgang gjafabréfsins, þ. e. að jörðinni verði vel viðhaldið og henni verði sýndur sá sómi, sem til er ætlazt af gefendum. Þá er enn fremur ákvæði í frv. um skyldur hreppsnefndarinnar, þ. e. seljanda, ef til þess kemur, að heimildin fáist til sölu á jörðinni, að sjá svo um, að söluverðinu skuli varið í sem nánustu samræmi við vilja gefendanna. En um söluverð fari eftir samningum milli aðila eða, ef þeir ekki nást, þá að mati dómkvaddra manna. Með þessu móti þykir nokkuð vel séð fyrir þörfum ræktunarsjóðs jarðarinnar. En stofnun hans, Ræktunarsjóðs Þykkvabæjar, var og er hitt meginatriði gjafabréfsins. Og okkur sýnist, að þeim hagsmunum, sem sjóðnum er ætlað að þjóna, sé þannig nægilega vel fyrir séð. Ef kaupverð jarðarinnar verður eitthvað nálægt því, sem gerist og gengur um jarðarverð almennt, ekki sízt á þeim slóðum, sem hér um ræðir, í Skaftafellssýslu, þá hlotnast sjóðnum þegar allálitleg fúlga, sem að öðrum kosti væri býsna langt í. Með bezta vilja verður því eigi annað álitið en sú ráðstöfun, sem frv. greinir um þessa gerð, sé tiltækari eins og máli er háttað en aðrar og mjög eðlileg eftir öllum atvikum.

Þetta frv. var til meðferðar á síðasta þingi, en hlaut ekki afgreiðslu, og ég vil geta þess, að þá voru ekki öll þau skilyrði í frv., sem nú eru þar sett að beztu manna yfirsýn. Það er ósk okkar flm., að frv. geti fengið fullnaðarafgreiðslu á því þingi, sem nú situr, og við væntum þess, að slíkur ágreiningur verði ekki uppi, að orðið geti til tafar framgangi málsins, eins og það er útlistað í grg., en henni fylgja ýmis fskj., sem eiga að upplýsa til fulls eðli málsins.

Að lokinni þessari umr. er þess óskað, að það verði látið ganga til 2. umr. og hv. landbn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til landbn. með 11 shlj. atkv.

Á 74. fundi í Ed., 15. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 364, n. 447).

Frsm. (Steinþór Gestsson): Herra forseti. Þetta frv. til l. um heimild fyrir hreppsnefndina í Kirkjubæjarhreppi í V.-Skaft. til þess að selja jörðina Þykkvabæ I í Landbroti hefur landbn. haft til athugunar, og eins og nál. á þskj. 447 ber með sér, þá mælir n. með því, að frv. verði samþ. óbreytt. Ég vil geta þess hér, að á síðasta þingi lá samhljóða frv. þessu fyrir Nd. og fékk þar fullnaðarafgreiðslu, en barst þessari hv. deild á síðasta degi þingsins og varð því ekki útrætt og hlaut því ekki afgreiðslu deildarinnar. Það hefur ekkert það komið fram í málinu, sem okkur virðist mæla gegn því, að þetta frv. nái fram að ganga. Við höfum kynnt okkur þær umsagnir, sem um það bárust til Nd. á síðasta þingi, enn fremur kynnt okkur hug afkomenda þeirra Helga Þórarinssonar og Höllu Einarsdóttur til þessa máls, og þær athuganir hafa leitt til þess, að við höfum tekið þá afstöðu að mæla með því, að frv. verði samþ. óbreytt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Á 75. fundi í Ed., 17. apríl, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 14 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 78. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.

Á 79. fundi í Nd., 21. apríl, var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til landbn. með 23 shlj. atkv.

Á 87. fundi í Nd., 2. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 364, n. 598).

Frsm. (Bjartmar Guðmundsson): Herra forseti. Þessi jörð, sem hér er um að ræða, jörðin Þykkvibær I í Landbroti, var afhent Kirkjubæjarhreppi með gjafabréfi 15. des. 1913 og fylgdu þeirri gjöf margháttuð skilyrði, þ. á m. það, að jörðin skyldi vera ævarandi eign Kirkjubæjarhrepps, nema ákvæðum um þetta yrði breytt á Alþingi. Það voru flókin fyrirmæli í þessu gjafabréfi, og er ekki ástæða til að lengja tíma með því að rifja það allt upp, en fyrir gefendum vakti það, að þeirra afkomendur ættu fyrsta rétt til þess að fá þessa jörð leigða. Þetta frv. var lagt fyrir Alþ. í fyrra og þá voru ýmis vandkvæði á því að afgreiða það. Það tók nokkuð langan tíma að athuga þessi gögn öll, svo að það dróst á langinn, að frv. næði fram að ganga. Nú hefur frv. hins vegar gengið í gegnum Ed. og fengið þar afgreiðslu, að því er ég hygg nokkurn veginn samhljóða, og að baki þeirrar afgreiðslu liggur það, að náðst hefur fullkomið samkomulag, að því er mér er tjáð, milli þeirra aðila, sem þetta mál snertir, þ. e. a. s. ættingja hinna upphaflegu gefenda, sem láta þetta mál sig einhverju varða. Hreppsnefndin telur, að það sé nauðsynlegt að selja jörðina þeim ábúanda, sem nú er og óskar að fá hana, til þess að hann geti gert þar nauðsynlegar umbætur og byggingar og það muni velta á því, hvort þessi söluheimild fáist á Alþingi, hvort jörðin haldist í byggð eftirleiðis. Þeir, sem eru búnir að kynna sér þetta mál frá öllum hliðum, telja nú eðlilegt, að Alþingi veiti þessa heimild og á sama máli er landbn. Nd. og leggur til, að frv. verði samþ.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 88. fundi í Nd., 5. maí, var fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 24 shlj. atkv.

Á 89. fundi í Nd., 6. maí, var frv. tekið til 3. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 90. fundi í Nd., 8. maí, var frv. aftur tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 22 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 684).

---

78. Húsnæðismálastofnun ríkisins (frv. BA).

Á 24. fundi í Ed., 10. des., var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 19, 10. maí 1965, um Húsnæðismálastofnun ríkisins [108. mál] (þmfrv., A. 139).

Á 25. fundi í Ed., 12. des., var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 28. fundi í Ed., 14. des., var frv. aftur tekið til 1. umr.
Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 16 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Benóný Arnórsson): Herra forseti. Frv. því, sem hér er flutt á þskj. 139, um breyt. á l. nr. 19 10. maí 1965, um Húsnæðismálastofnun ríkisins, er ætlað að koma því til leiðar, að sveitarfélög, þar sem svo er ástatt, að péttbýliskjarnar eru að myndast eða talið er æskilegt, að myndist, geti gerzt aðilar að lánum húsnæðismálastjórnar. Nú hef ég verið spurður að því, eftir að ég lagði frv. þetta fram, hvort ég héldi, að fátækir hreppar í sveitum landsins geti byggt leiguhúsnæði. Það er rétt, að flestir sveitahreppar eiga mjög erfitt með að ná endum saman fjárhagslega, en frumskilyrði fyrir því, að þeir geti eflzt, er, að þeir hafi möguleika á að laða til sín fólk. Það þarf að renna ýmsum stoðum undir sveitarfélögin nú á tímum, ekki síður en atvinnuvegina, slíkar byrðar eru nú lagðar á þau ár frá ári. Þess vegna er það stórt atriði, að hrepparnir geti haldið því fólki, sem áfram vill eiga heima í sveitunum, þótt það hafi ekki aðstöðu til búskapar. Íbúðabyggingar eru ekki neitt smáfyrirtæki í dag hér á okkar blessaða landi, og er þá ekki nein furða, þótt fólk vilji hafa nokkuð örugga endursölumöguleika á slíku fyrirtæki, en þeir eru vissulega mjög takmarkaðir meðan byggðakjarnar eru að myndast og festa að komast í athafnalíf þeirra.

Í því sveitarfélagi, sem ég þekki bezt til, hefur á undanförnum árum verið að myndast smábyggðakjarni. Ég tel mig því hafa nokkra þekkingu á, hversu mikið atriði það er, að slík þróun eigi sér stað. Þess vegna er ég ekki í nokkrum vafa um, að sú aðstoð, sem sveitarfélögin geta veitt, ef frv. þetta verður að lögum, komi margföld aftur. Þá má gera ráð fyrir því, að eigi landbúnaður á Íslandi framtíð fyrir sér, myndist hér stétt landbúnaðarverkamanna, og er hennar raunar þörf í dag, þótt afkoma búanna hafi verið á þann veg, að þau hafa ekki þolað, að slík vinna væri keypt, og máske hafa líka húsnæðismálin ráðið nokkru þar um. Þá má og benda á, að þéttbýlismyndun í sveitum landsins ætti að auka líkur á því, að læknar fengjust til þess að starfa úti á landsbyggðinni, og væri þá vel. En það mál er að komast í þann rembihnút, að valdið getur straumhvörfum í íslenzku þjóðlífi, og verður að taka þau mál föstum tökum nú þegar og á þann hátt, að læknarnir þjóni fólkinu, en ekki fólkið læknunum.

Ég mun nú ekki hafa þessi orð öllu fleiri, því að ég hygg, að hv. þm. sé ljóst, hvað átt er við með frv. þessu. En benda vil ég þó á, að hætta er á, ef atvinnuleysisvofan færist yfir og langvarandi kreppuástand myndast, að skollið geti yfir annað fólksflutningatímabil úr sveitum og hinum strjálbýlli stöðum landsins, þá er aftur fer að lifna um atvinnu, því að sennilegt er, að það verði fyrr, þar sem þéttbýlið er mest. En hinar dreifðu byggðir þola ekki nýja blóðtöku í þeim efnum. Og skilji ráðamenn þjóðarinnar tímans kall, ættu þeir að vinna

að því eftir mætti að færa smáiðnað og annan atvinnurekstur, er henta þætti, í sveitir landsins og fá í staðinn gróandi þjóðlíf.

Herra forseti. Ég legg til, að málinu verði vísað til 2. umr. og hv. heilbr.- og félmn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 15 shlj. atkv.

Á 71. fundi í Ed., 10. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 139, n. 412).

Frsm. (Jón Þorsteinsson): Herra forseti. Í þessu frv. til breyt. á l. um Húsnæðismálastofnun ríkisins, sem flutt var af Benóný Arnórssyni, felst sú breyting, að húsnæðismálastjórn verði heimilað að veita lán til einstakra sveitarfélaga til byggingar leiguhúsnæðis utan kaupstaða og kauptúna, þar sem svo er ástatt, að þéttbýliskjarnar hafa myndazt, ef talið er æskilegt, að þeir myndist í sambandi við atvinnufyrirtæki eða menntasetur, en óvissir endursölumöguleikar íbúða hindra eðlilega byggingarstarfsemi að mati sveitarstjórnar, eins og í frv. segir. En eins og l. eru nú, er húsnæðismálastjórn einungis heimilt að veita þessi lán til byggingar leiguhúsnæðis í kaupstöðum og kauptúnum, en ekki utan þeirra, en það er sem sagt markmið frv. að víkka þessa heimild þannig, að hún geti í ýmsum tilfellum náð til húsnæðis, sem er byggt utan kaupstaða og kauptúna.

Þessu frv. var vísað til heilbr.- og félmn., og sendi n. það til umsagnar bæði til húsnæðismálastjórnar og til Sambands ísl. sveitarfélaga. Húsnæðismálastjórn sendi aldrei neina umsögn, en stjórn Sambands ísl. sveitarfélaga mælti með því, að þetta frv. yrði samþ., en gaf um leið ábendingu um breyt., sem felst í því, að miða þetta fyrst og fremst við skipulagsskylda staði. Heilbr.- og félmn. tók upp þessa till. Sambands ísl. sveitarfélaga lítið breytta og gerði hana að sinni till., og hún kemur fram á þskj. 412, þar sem nál. er birt og þar sem segir, að n. hafi athugað frv. og mæli með samþykkt þess með þeirri breyt., sem þar greinir á eftir. En sú breyting felur það í sér, að húsnæðismálastjórn geti veitt sveitarfélögum lán til byggingar leiguhúsnæðis í kaupstöðum, kauptúnum og öðrum skipulagsbundnum stöðum, þannig að þetta er gert miklu einfaldara heldur en í frv. sjálfu. En með skipulagsbundnum stöðum er átt við þá staði, sem greinir í 4. gr. skipulagslaga, en í þeirri gr. segir, að skylt sé að gera skipulagsuppdrætti af öllum kaupstöðum, kauptúnum og þorpum, þar sem búa hundrað íbúar eða fleiri. Ráðh. getur að fengnu leyfi skipulagsstjóra úrskurðað, að ákvæði laga þessara nái til annarra staða heldur en um ræðir í 1. mgr. Þetta segja skipulagslögin og þar sem í okkar brtt. er talað um skipulagsbundna staði, eigum við við þá staði, þar sem skipulag hefur verið gert, annaðhvort vegna þess að það hefur verið skylt eða vegna þess, að ráðh. hafi úrskurðað svo.

Að vísu má segja, að við þessa orðalagsbreytingu á frv., sem n. gerir, komi það fram, að húsnæðismálastjórn geti einnig veitt lán til Öryrkjabandalags Íslands og til byggingar elliheimila á þessum skipulagsbundnu stöðum, sem er umfram það, sem stóð í frv. En nm. töldu alveg rétt, að þetta fylgdist allt saman að eins og verið hefur í l. En niðurstaða n. var sem sagt sú að mæla með því, að þetta frv. verði samþ. með þeirri breyt., sem fram kemur á þskj. 412 og ég hef hér að framan lýst.

ATKVGR.

Brtt. 412,1 (ný 1. gr.) samþ. með 15 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 16 shlj. atkv.

Á 72. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr. (A. 449).

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 15 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 15 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 76. fundi í Nd., 14. apríl, skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.

Á 77. fundi í Nd., 15. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 26 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 29 shlj. atkv.

Á 93. fundi í Nd., 12. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 449, n. 693).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 29 shlj. atkv.

Á 94. fundi í Nd., 13. maí, var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 29 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 752).

---

79. Áfengislög.

Á 29. fundi í Nd., 14. des., var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á áfengislögum, nr. 58 24. apríl 1954 [120. mál] (þmfrv., A. 173).

Á 30. og 31. fundi í Nd., 16. og 17. des., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 42. fundi í Nd., 10. febr., var frv. enn tekið til 1. umr.

Frsm. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Alþingi kaus í maímánuði 1964 áfengismálanefnd samkv. þál. um athugun á áfengisvandamálinu. Þessi nefnd skilaði till. sínum til ríkisstj. og lagði til tilteknar breyt. á áfengisl. Þær breyt. lagði ríkisstj. fyrir í frumvarpsformi á þinginu 1966, og varð frv. ekki útrætt á því þingi. Allshn. tók þetta mál upp að nýju á síðasta þingi og flutti frv., sem þá varð eigi útrætt, en tekur það frv. nú aftur upp óbreytt, eins og það var flutt á síðasta þingi. Frá því frv., sem áfengismálanefnd fyrst lagði til, hafa verið gerðar nokkrar breyt., og eru þær helztar, að 21 árs aldur er nú færður í 20 ára aldur, en það er í samræmi við breytingar á aldursmörkum, sem samþykktar voru á síðasta Alþingi um kosningarrétt og kjörgengi, lögræðisaldur og hjúskaparaldur, og þá er einnig fellt niður úr frv. áfengislaganefndar það skilyrði, sem var í hennar frv., að skylda vinveitingahús til að hafa opið án vínveitinga eitt laugardagskvöld af hverjum fjórum, og auk þess er lagt til, að önnur skilriki en nafnskírteini geti orðið sönnunargögn um aldur á sama hátt og nafnskírteini, og er þá átt við ökuskírteini, vegabréf og önnur opinber skírteini, sem veita upplýsingar um aldur.

Loks er tekin upp í frv. tillaga borgarstjórnar Reykjavíkur um breytt fyrirkomulag áfengisvarna í Reykjavík í samræmi við samþykkt borgarstjórnar frá 20. júlí 1967, um nýskipan félagsmála í Reykjavík. Er samþykkt borgarstjórnarinnar prentuð sem fskj. með þessu frv.

Ég sé ekki ástæðu til þess að hafa þessa framsögu lengri. Þetta frv. var mjög rætt hér á síðasta þingi, og allshn. taldi rétt að flytja frv. að nýju, þó að einstakir nm. áskilji sér rétt til þess að fylgja eða flytja brtt., sem fram kunna að koma við frv. Enn fremur hafa einstakir nm. í allshn. óskað eftir því, að þrátt fyrir það, að þetta frv. sé flutt af n., verði því að lokinni þessari umr. vísað til n. til frekari athugunar.

Sigurvin Einarsson: Herra forseti. Einu sinni enn eru áfengislög til umræðu í þessari hv. d. Á undanförnum 5 árum hafa verið flutt fimm frv. um áfengismál og einni þáltill. betur. Sú þáltill. var um mþn. í áfengismálum og hún var samþ., og gerði hún ráð fyrir kosningu 7 alþm. í þessa mþn., eins og mönnum er kunnugt um. En frumvörpin fimm hafa enn ekki náð fram að ganga, neitt þeirra, hvað sem verður nú um þetta fimmta í röðinni.

Fyrsta frv. af þessum fimm var stjfrv., flutt 1963. Flutningur þess frv. var ekki alveg að ástæðulausu. Svo hafði viljað til, að um hvítasunnuleytið það ár hafði hópur æskufólks lagt leið sína austur í Þjórsárdal sér til skemmtunar. Unglingarnir höfðu með sér miklar birgðir af áfengi og héldu þarna upp á hátíðina austur frá í óslitinni áfengisvímu. En þar sem þetta var svo að segja á bersvæði, vakti þetta nokkra athygli, og um þennan atburð urðu allverulegar umræður og blaðaskrif. Jafnframt voru felldir harðir dómar yfir þessum unglingum, sem vænta mátti, þó að mönnum hefði nú reyndar átt að skiljast, að það gat varla verið í fyrsta sinn, sem þeir neyttu áfengis. Fyrsta sporið á þessari braut er ekki venjulega stigið með þeim hætti, að unglingar safni að sér áfengisbirgðum og haldi svo til fjalla til drykkjunnar. Nei, það má telja víst, að þessir unglingar hafi haft nokkur kynni af áfengisnautn, áður en þeir lögðu í þessa eftirminnilegu ferð, þó að þeir kysu að hafa þennan hátt á að þessu sinni. Þó að Þjórsárdalsförin væri óvenjuleg að forminu til, tel ég, að hún hafi ekki verið neitt annað en spegilmynd af venju, sem sumt æskufólk hafði þegar tamið sér, þ. e. áfengisneyzlu að einhverju leyti, og þess vegna verð ég að líta svo á, að alvarlegasta hliðin á þessum Þjórsárdalsatburði hafi í raun og veru verið þetta, að hann var sýnishorn af venju, sem æskufólk hafði vanið sig á. Það eru nú liðin bráðum 6 ár síðan þessi atburður gerðist, og það er farið að falla í gleymsku fyrir mér, hvaða rannsókn fram hafi farið á þessum atburði. Getur meir en verið, að það hafi alls ekki verið sagt frá þeirri rannsókn opinberlega, og veit ég því ekki, hvort hún hefur verið mikil eða lítil. En það held ég, að mönnum ætti þó að vera ljóst, að þessir unglingar eru ekki hinir sekustu í þessu máli, þó að þeir sekir séu, því er ekki að neita, heldur eru það fullorðnir menn, og það eru fyrst og fremst þeir, sem selt hafa eða veitt hafa unglingunum áfengið. Hvort nokkuð hefur verið gert í því efni að rannsaka þá hlið málsins, veit ég ekkert um. En ég verð þó að telja, að það hafi verið brýnust skylda að gera það.

Skömmu eftir þessa Þjórsárdalsferð skipaði hæstv. ríkisstj. nefnd til að gera tillögur um breytingar á áfengislöggjöfinni. Sú nefnd skilaði tillögum til hæstv. ríkisstj., og ríkisstj. samdi svo frv., sem hún flutti í þingbyrjun 1963. Þetta stjfrv. 1963 fór til allshn., og hv. allshn. skilaði nál., sem var í tvennu lagi, ásamt brtt. bæði frá meiri og minni hl. n. Engin afgreiðsla fékkst á frv. og það dagaði uppi. Á næsta þingi, 1964, flutti svo hæstv. fjmrh. þáltill. um mþn. í áfengismálum, sem ég nefndi áðan, og var sú till. samþ. Hann var svo kosinn form. þeirrar n. Á þinginu 1965 fluttu nokkrir alþm. frv. um breytingar á áfengislögunum. Það frv. miðaði ekki að því að draga úr áfengisneyzlu æskufólks eða hafði inni að halda neinar umbætur á áfengislöggjöfinni. Þvert á móti var efni þess frv. eingöngu það að heimila bruggun og sölu á áfengu öli í landinu. Þetta frv. fékk þinglega afgreiðslu og hana góða, því að það var kolfellt.

Þá kemur árið 1966. Þá hafði mþn. í áfengismálum lokið störfum, samið frv. ásamt umfangsmikilli skýrslu um ástandið í áfengismálum og skilað þessum gögnum til hæstv. ríkisstj. Ríkisstj. flutti svo þetta frv. óbreytt. Í þessu frv. mþn. — og þar með stjfrv. — voru engar brtt. við áfengislöggjöfina aðrar en þær, sem allir nm. mþn. höfðu orðið sammála um. Það var því ekki að búast við, að það yrðu mjög róttækar brtt. gerðar þarna, þegar svo var málum hagað. En auðvitað var þetta gert af nefndarinnar hálfu í þeirri von, að þá tækist betur til um afgreiðslu málsins á þinginu og það fengi skjóta samþykkt Alþ. En niðurstaðan varð alveg eins og áður. Frv. dagaði uppi.

Á þinginu 1967 flytur svo hv. allshn. frv. um áfengislöggjöfina. Það frv. var í veigamiklum atriðum mjög á

annan veg en það, sem mþn. hafði samið og hæstv. ríkisstj. hafði áður flutt. En það var líka tekið fram við flutning þess frv., að einstakir nm. hefðu óbundnar hendur um afstöðu til þess. Þeir urðu aðeins við tilmælum um, að frv. yrði flutt í nefndarinnar nafni, en höfðu enga afstöðu tekið aðra. Það kom svo í ljós við 2. umr. um frv., að n. klofnaði um það og fluttar voru brtt. bæði frá meiri og minni hl. n. og frá einstökum þm. Enn fór sem fyrr. Frv. dagaði uppi, komst ekki nema til 2. umr. í þeirri þd. — Og svo kemur fimmta frv., þetta, sem nú er hér til umræðu. En það er, orðrétt, sama frv., sem flutt var hér í fyrra, og með sömu skýringum af n. hálfu. Það er ekki aðeins, að það sé sagt, að einstakir nm. hafi óbundnar hendur um brtt., sem fluttar kynnu að verða, heldur segir í nál.: „einstakir nm. hafa óbundnar hendur um afstöðu til frv.". Það er nefnilega ómögulegt að vita, nema að sumir nm. séu algjörlega á móti frv. eins og það leggur sig.

Hvað um þetta frv. verður, skal ég engu spá um, en svona er nú þessi fimm ára saga af afrekum Alþ. til endurbóta á áfengislöggjöfinni. Þessi saga færir mér heim sanninn um það, að hneykslan manna vegna Þjórsárdalsferðar æskufólks um hvítasunnu 1963 hafi ekki rist sérlega djúpt, og það er vægast sagt Alþ. til lítils sóma, hvernig það hefur tekið á þessu máli, að flutt skuli vera frv. þing eftir þing, þ. á m. 2 stjfrv. og 2 frv. flutt af þingnefnd, og ekkert hefur verið afgr. enn. Ég held, að það sé ekki ofmælt, að þetta bendi til þess, að það sé harla lítið meint með þessum frumvarpsflutningi og einnig með till. um skipun mþn. í þessu máli á sínum tíma. Það er ekki hægt að skýra þetta á annan veg. Þetta sé gert til málamynda og ekkert annað. Það er hins vegar ekkert við því að segja, þó að skoðanamunur sé um einstök atriði áfengislaganna. Slíkt er daglegt brauð í fjöldamörgum málum, og kippir enginn sér upp við það. En að frv. skuli vera svæfð þing eftir þing af ásettu ráði, það er ekki viðunandi.

Þetta frv., eins og það er úr garði gert, er ekki stórt í sniðum, og eins og hv. frsm. drap á, þá er hér í veigamiklum atriðum vikið frá frv. mþn. á sínum tíma, og ég verð að telja, að þetta frv. ráði harla litla bót á ástandinu í áfengismálum. Ég vil því beina því alvarlega til hv. allshn., sem nú mun taka frv. á ný til athugunar, að hún endurskoði það rækilega og leitist við að koma því í það horf, að það nái fram að ganga og að það verði til bóta.

Ég hef hug á því að flytja brtt. við þetta frv., en mér hefur dottið í hug að hafa þau vinnubrögð á að þessu sinni að gera það ekki fyrst í stað, heldur koma mínum brtt. á framfæri við hv. n., svo að hún athugi rækilega, hvað hún kynni að geta fallizt á af þeim. Ég tel það skynsamlegri vinnubrögð og vil a. m. k. sjá, hvort það ber nokkurn árangur. Við þessa umræðu skal ég ekki fara að gera einstök ákvæði þessa frv. að umtalsefni, en ég vil nefna, svona rétt sem dæmi, að ég tel mikla þörf á því að taka til rækilegrar athugunar, hvaða lagaákvæði skuli gilda t. d. um það, að unglingum skuli selt áfengi, selt eða veitt áfengi, hvaða tökum eigi að taka þá menn, sem aka bifreiðum ölvaðir og valda slysum og jafnvel dauða, og fleira af þessu tagi, sem áreiðanlega þarf að setja ný lagaákvæði um. En viðurlög við þessu og mörgu fleiru eru svo lítilfjörleg og orðin svo úrelt á þeim 15 árum, sem núverandi áfengislög hafa gilt, að það er óhjákvæmilegt að endurskoða þetta. Þá vil ég í þriðja lagi nefna upphæð sekta fyrir brot á lögunum. Náttúrlega er það ekkert sérstakt um þessi lög frekar en um ýmis önnur lög, að sektarákvæði, krónuupphæð sekta, er algjörlega orðin í ósamræmi við það, sem var, þegar t. d. þessi l. voru sett. Mér virðist t. d., að krónan sé ekki meiri að verðmæti nú en svona 20—25% af því, sem hún var, þegar núgildandi áfengislög tóku gildi. Á þessu geta menn séð, hvort það er nokkurt hóf á því að hafa slík sektarákvæði enn þann dag í dag. Ætli menn taki það svo sérlega nærri sér, þó að þeir þurfi að greiða þessar upphæðir núna fyrir að brjóta þessi lög? Nei, þeir gera það sannarlega ekki.

Ég endurtek tilmæli mín til hv. allshn., að hún endurskoði nú þetta frv. rækilega og beiti sér fyrir því, að gagnleg lagaákvæði verði nú samþ. og áfengislögin fái á sig þá mynd, að þau geti orðið að meira gagni en þau, sem enn eru í gildi.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 29 shlj. atkv.

Á 50., 54., 55., 56., 63. og 64. fundi í Nd., 20., 24. og 25. febr. og 11. og 13. marz, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 65. fundi í Nd., 17. marz, var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 173, 313, 346).

Frsm. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Allshn. hefur lagt fram brtt. á þskj. 346 við frv. það, sem hér liggur fyrir til 2. umr., og ég vil taka það fram, að einstakir nm. áskilja sér rétt til að hafa óbundnar hendur í sambandi við atkvgr. um einstakar brtt., en n. í heild þykir þó rétt að flytja þessar till. Höfuðbreytingin í þeim er breyting sektarákvæða. Þau eru hækkuð, sérstaklega við þær greinar áfengislaganna, sem upprunalega frv. nær ekki til, og þar eru sektarákvæði um 2½-földuð frá gildandi l. Eins eru allmargar brtt. um það, að í stað orðanna „Áfengisverzlun ríkisins" komi: Áfengis- og tóbaksverzlun ríkisins. Fyrsta till. af þeim þremur, sem eru hér nýjar, er sú, að í 4. mgr. 12. gr. l. skuli í stað orðanna „ef telja má, að veitingahúsarekstur sé aðallega fyrir erlenda ferðamenn" koma: á þeim tíma, sem heimsóknir erlendra ferðamanna eru að jafnaði mestar, þ. e. frá 1. júní til 30. sept. Þessi breyting er flutt fyrir beiðni Sambands veitinga- og gistihúsaeigenda, en á aðalfundi þeirra samtaka, sem haldinn var 1968, er skorað á dómsmrn. að láta endurskoða áfengislöggjöfina varðandi vínsöluleyfi til handa þeim veitingahúsum, sem staðsett eru í þeim byggðarlögum, sem engin áfengisútsala er starfrækt í, en veitingahúsin annars talin fullnægja þeim kröfum, sem gerðar eru til vínveitingahúsa. Dómsmrn. sendi allshn. þessa beiðni Sambands veitinga- og gistihúsaeigenda og óskaði eftir því, að n. tæki upp þessa breytingu við áfengislögin.

Önnur breytingin, sem er nýmæli, er um það, að í 4. mgr., 1. tölul. 33. gr. áfengislaganna skuli í stað orðanna „skal skipið gert upptækt handa ríkissjóði með dómi" koma: skal heimilt að gera skipið upptækt handa ríkissjóði með dómi. Ég tel, að ég þurfi ekki að fara um það mörgum orðum, að þegar líkt stendur á eins og í sam-

bandi við hið svonefnda Ásmundarmál, þá hygg ég, að það sé skynsamlegra og réttara að hafa þetta orðalag þannig, að það skal heimilt í stað þess að hafa það skilyrðislaust, að skipið sé gert upptækt.

Þriðja brtt. er við 38. gr. áfengisl., á þá leið, að í stað orðanna „svo og með því að selja áfengi, án þess að neytt sé á staðnum“ komi: svo og með því að selja eða afhenda áfengi, án þess að neytt sé á staðnum, eða hann brýtur á annan hátt fyrirmæli, sem um áfengisveitingar gilda.

Að öðru leyti tel ég, að brtt. skýri sig sjálfar, en ég vil aðeins vekja athygli á því, sem ég raunar sagði, þegar ég fylgdi þessu frv. úr hlaði fyrir hönd allshn. við 1. umr., að allshn. hefur flutt þetta frv. að verulegu leyti óbreytt frá því, sem áfengismálanefndin lagði til, að öðru leyti en því, að við í allshn. höfum tekið úr alveg eina till. áfengismálanefndar um það, að hvert vínveitingahús, er vínveitingaleyfi hefur, skuli halda uppi fullkominni þjónustu án vínveitinga a. m. k. eitt laugardagskvöld af hverjum 4 eftir kl. 8 síðdegis samkv. reglum, sem ráðh. setur að fengnum till. áfengisvarnaráðs. Meiri hl. allshn. hefur ekki talið rétt að þröngva þannig kosti vínveitingahúsa af þeirri ástæðu, að hún telur það ekki vera til bóta, því að ásókn á hina staðina, sem opnir eru, yrði þá miklu meiri, og ég vil því bæta við, að ég tel, að með því að leggja slíkar hömlur á veitingahúsin, geri það auðvitað meira heldur en að snerta mjög alvarlega þeirra rekstur. Hitt er miklu veigameira, að við komumst ekki framhjá þeirri staðreynd, að áfengisneyzla er allalmenn, og ég hygg, að það sé ekki spor í rétta átt að loka þessum vínveitingahúsum til þess að færa áfengisneyzluna enn meira inn á heimilin. Og ég hygg, að það muni hafa ráðið mestu um þá skoðun nm. í allshn. að vilja ekki taka þetta ákvæði upp í frv.

Að svo mæltu ætla ég ekki að hafa fleiri orð um þetta, en vil þó að lokum bæta því við, að eitt erindi hefur borizt enn til allshn., sem ekki hefur verið lagt fyrir n., en mun verða gert á milli 2. og 3. umr., svo að ef n. sýnist svo, getur enn komið ein brtt. við þetta frv.

Sigurvin Einarsson: Herra forseti. Ég sé, að hv. allshn. er með frjálslyndari nefndum í þessari hv. d. Í fyrsta lagi flytur hún frv. um breytingar á áfengisl. óumbeðin og án þess að henni hafi verið falið það af neinum. Segir svo í grg., að einstakir nm. hafi enga afstöðu tekið til frv. Síðan flytur sama n. allmargar brtt. við frv., og segir frsm., að einstakir nm. hafi enga afstöðu tekið til þeirra heldur, og ég tek þetta svo, að þetta lofi góðu. Mér finnst, að það hafi ekki allar n. sýnt svona mikið frjálslyndi í störfum.

Ég hef leyft mér ásamt hv. 4. þm. Austf. og hv. 4. þm. Reykv. að flytja nokkrar brtt. við þetta frv., og eru þær brtt. á þskj. 313. Í fáum orðum sagt eru það 5 meginefnisatriði, sem felast í þessum brtt. okkar. Það er í fyrsta lagi að veita æskufólki kost á að sækja almenna skemmtistaði, þótt vínveitingahús séu, þar sem fullkomin þjónusta er veitt á allan hátt, án allra vínveitinga þó, fjórða hvert laugardagskvöld eða eitt kvöld af hverjum 28. Þessi till. er tekin orðrétt upp úr frv. mþn. í áfengismálum, en sú n. var skipuð 7 þm. alveg eins og allshn. þessarar hv. d. Og í þessari mþn. voru allir þessir 7 sammála um, að þessa ráðstöfun þyrfti að gera. Hugmyndin á bak við þessa till. er þessi, að æskufólk, sérstaklega í þéttbýlinu, á ekki kost á þeim skemmtistöðum og þeim skemmtiatriðum, sem eru við þeirra hæfi, og það þarf að veita þeim aðstöðu til að sækja hina almennu skemmtistaði án þess að verða fyrir barðinu á áfenginu. Ef hins vegar væru til í hverjum bæ skemmtistaðir við hæfi unglinga, svo að ekki þyrfti til þess að koma, að þeir sæktu þessa vínveitingastaði, þá þyrfti heldur ekki að koma til þessa ákvæðis. Þessi þörf æskufólksins er býsna sterk og hún er viðurkennd af flestum. M. a. hefur Reykjavíkurborg nú stofnað til slíks samkomustaðar handa æskufólki með Tónabæ, einmitt vegna þessara þarfa. En þrátt fyrir það sjá allir, að sá skemmtistaður fullnægir ekki nema að sáralitlu leyti þeirri þörf, sem er fyrir skemmtanir æskufólks hér í höfuðborginni.

Annað meginefnisatriði í þessum till. okkar er það, að þegar unglingar verða uppvísir að áfengisneyzlu, beinist rannsókn slíkra mála frá upphafi að því að finna þá, sem sekastir eru óneitanlega, en það eru þeir menn, sem selja eða veita unglingunum áfengið og þá að sjálfsögðu ólöglega.

Þriðja efnisatriðið í þessum till. er það að þyngja verulega refsingar fyrir að aka bifreið undir áhrifum áfengis og sérstaklega þó, þegar slíkur bifreiðaakstur ölvaðs ökumanns veldur slysi eða dauða á mönnum.

Fjórða efnisatriðið í þessum till. er það að þyngja einnig refsingar fyrir að selja eða veita unglingum áfengi. En samkv. núgildandi l. eru þær refsingar nauða lítilfjörlegar.

Fimmta efnisatriðið er, að sektarákvæði l. í krónuupphæðum er breytt til samræmis við verðgildi íslenzkra peninga, eins og það hefur breytzt frá því 1954, að áfengisl. voru sett, þar til nú. Hvað viðvíkur 1. till. á þskj. 313, a-lið hennar, þá er sú grein, eins og ég sagði, tekin orðrétt upp úr frv. mþn. um, að vínveitingahúsin skuli hafa áfengislausar veitingar eitt laugardagskvöld af hverjum fjórum. Hef ég greint frá því, í hvaða tilgangi þessi till. er flutt. Nú er engin ástæða til að draga dul á það, sem hv. frsm. n. sagði hér áðan, að þetta kemur við hagsmuni vínveitingahúsa, en ég vænti þess, að eitt kvöld af hverjum 28 sé ekki svo mikil skerðing, að um hana sé ræðandi, ef einhver ávinningur fæst á móti í þágu æskufólksins. Auðvitað er sjálfsagt að viðurkenna það, að þessir hagsmunir rekast þarna á, annars vegar hinir menningarlegu hagsmunir æskufólks, hins vegar hinir peningalegu hagsmunir vínveitingahúsa, og hv. alþm. verða auðvitað að gera upp á milli þessara atriða, þegar til kemur.

B-liður 1. brtt. er um sektarákvæði, og þær till. eru margar á þessu þskj. og mun ég víkja að þeim öllum í einu lagi að lokum, þar sem þær eru allar sama efnis. 2. brtt., a-liður, er um það, hvernig menn eiga að sanna aldur sinn til þess að hafa rétt til áfengiskaupa, hvort sem er í vínveitingahúsi eða í verzlun. Í frv. mþn. var sagt, að sönnunargildi skyldi eingöngu vera nafnskírteini með mynd. Síðar hafa komið fram till. um, að ökuskírteini ættu einnig að geta gilt, og við höfum tekið upp í okkar brtt., að aldur skuli menn sanna, þegar á þarf að halda, með öðru hvoru, nafnskírteini með mynd eða ökuskírteini, því að þar er einnig mynd, en heldur ekki á neinn annan hátt sé hægt að sanna aldur sinn.

Aftur á móti segir í 3. gr. frv., „að sanna skuli aldur sinn með nafnskírteini með mynd eða á annan fullnægjandi hátt". Þetta atriði „á annan fullnægjandi hátt" var rækilega rætt í mþn. Og þar komu menn að því atriði, hver eigi að dæma um það, hvenær aldur er sannaður á fullnægjandi hátt. Þegar unglingur kemur inn í vínveitingahús eða vínverzlun og vill kaupa þar áfengi og hann á að fara að sanna aldur sinn, hver á þá að meta það, hvort hann geri það á fullnægjandi hátt? Það er engum til að dreifa nema áfengissalanum sjálfum, sem á að meta það. Þvert á móti því, sem mþn. lagði til, að sönnunargagnið væri ótvírætt. Ég býst við, að margur áfengissali mundi telja það nægjanlegt að spyrja viðkomandi aðila: Hvað ertu gamall? Og ef hann segir 22 ára t. d. „Já, gerðu svo vel og gakktu inn og kauptu." Hann telur þetta fullnægjandi hátt. Það er einmitt þetta, sem er verið að fyrirbyggja með því að hafa þetta tæmandi, á hvern hátt megi sanna aldur sinn. Og ef Alþ. samþykkir t. d., að þetta standi eins og er í þessu frv. „eða á annan fullnægjandi hátt", þá skiptir engu máli, þótt ekkert sé minnzt á nafnskírteini eða neitt annað. Matið er látið í hendur þeirra, sem áfengi selja, hvort sem er, og þá er það dauður bókstafur að vera að tala um nokkurt nafnskírteini. Þetta atriði kemur þrisvar fyrir í þessu frv. og er því 2. brtt. á þskj. 313, a-liður, svo og 3. og 4. brtt. um það sama, að fella alls staðar niður þessi orð „á annan fullnægjandi hátt," en í staðinn komi ökuskírteini, og yrði þá ákvæði frv., að aldur skuli sanna með nafnskírteini með mynd eða ökuskírteini.

Í sambandi við þetta mál, aldur þeirra, sem vilja kaupa áfengi, vil ég benda á, að það hefur komið þráfaldlega fram sá misskilningur hjá mönnum og það jafnvel hjá alþm., að unglingum sé óheimilt að koma inn í vínveitingahús, nema þeir hafi náð 21 árs aldri. Ég sá meira að segja í einhverju dagblaði fyrir stuttu síðan, að þar eru hjón að fárast yfir því, að þau hafi komið hér í veitingahús í bænum og þar eð konan hafi ekki verið orðin 21 árs, þótt eiginmaðurinn væri 23 ára, hafi þau verið rekin frá og eru mjög að bölsótast yfir þessum vitlausu lögum, sem slík ákvæði hafa. Mér vitanlega eru ekki til nokkur lög, er segja neitt til um þetta. Ég veit ekki betur en það sé öllum unglingum frjálst að fara inn í hvaða veitingahús sem er og hvenær sem er. Hér er um algeran misskilning að ræða. Það eru nefnilega enn þá ekki komin nein ákvæði um þetta í l. mér vitanlega. Hitt er annað mál, að í lögreglusamþykkt Reykjavíkur og sennilega í lögreglusamþykktum fleiri bæjarfélaga er ákvæði um, að yngri menn en 16 ára megi ekki sækja vínveitingahús eftir kl. 8 á kvöldin. Hins vegar er í þessu frv. og var í mþn.-frv. ákvæði um það, að yngri menn en 18 ára megi ekki sækja vínveitingahús á kvöldin, og um það veit ég ekki til að hafi nokkurs staðar komið fram ágreiningur. Það ákvæði er í þessu frv. og það var í mþn.-frv. og ég hef ekkert við það að athuga. Aftur á móti er sú breyting í þessu frv. frá því, sem var í frv. mþn., að miðað er hér við 20 ára aldur, þegar ákveðið er, hverjir megi kaupa áfengi, en er í núv. l. 21 árs. Ég mun ekki fara að gera neina aths. við þetta, þó að mér sé það heldur óljúfara, að þetta aldursmark sé fært niður í 20 ár. Það er búið að gera það á öðrum sviðum, um kosningaaldurinn, um hjúskaparaldur og manndómsaldur, og ég mun ekki gera aths. við það. En það eru allt önnur ákvæði, sem gilda um að mega kaupa áfengi eða mega sækja vínveitingahús.

Ég hef áður vikið að 2. og 5. brtt., þar sem þyngdar eru refsingar fyrir það annars vegar að selja unglingum áfengi, hins vegar að aka ölvaðir bifreið, og þarf ég ekki að fara frekari orðum um þær till. Þá er lagt til í brtt. okkar þremenninganna, að niður falli 3. og 4. mgr. 1. tölul. 33. gr. núv. áfengislaga. En þessar tvær mgr. í núv. áfengisl. hljóða þannig, með leyfi hæstv. forseta:

„Skip skal ávallt vera að veði til tryggingar greiðslu á sektum og málskostnaði, og má kyrrsetja það og selja, að undangengnu fjárnámi, til lúkningar hvoru tveggja. Flytji skip hingað ólöglega áfengi, svo að telja megi það verulegan hluta af farmi þess, skal skipið gert upptækt handa ríkissjóði með dómi."

Það eru þessar tvær mgr., sem við leggjum til, að falli niður. Nú hefur hv. allshn. flutt brtt. við síðari mgr., eins og hv. frsm. gat um áðan, þess efnis, að í staðinn fyrir orðalagið „skal skipið gert upptækt handa ríkissjóði með dómi" komi: „heimilt skal að gera skipið upptækt með dómi". Þetta er veruleg bót á greininni. En hitt skil ég ekki, vegna hvers þeir telja, að fyrri mgr., sem ég las áðan, geti staðizt. Mönnum er kunnugt um, eins og hv. frsm. n. sagði áðan, hvað gerðist hér í fyrrasumar í hinu svokallaða Ásmundarmáli, að skip var gert upptækt með dómi, þrátt fyrir það, að eigandi skipsins, sem varð fyrir þessu skakkafalli, var alsaklaus maður í því máli. En mér sýnist, að þó að þessi leiðrétting sé gerð, sem n. nefnir, sem er til bóta, þurfi að breyta fyrri mgr. líka, þar sem segir, að skip skuli vera að veði til tryggingar greiðslu á sektum og málskostnaði. Má kyrrsetja það og selja, að undangengnu fjárnámi, til lúkningar hvoru tveggja. Saklaus maður getur orðið fyrir þessum ákvæðum alveg eins og kom fyrir í fyrra. Enda ætla ég, að það sé frjáls aðgangur að eignum sökudólga, þó að ekki séu þessi ákvæði í l. Ég vildi mjög mælast til þess, að hv. n. athugaði þetta. Hér er aðeins verið að vernda saklausa menn frá því að verða fyrir refsingum, sem aðrir ættu að verða fyrir.

Og loks eru það brtt. okkar, sem eru allmargar, um sektarákvæði í krónutölu. Það er alkunna, að íslenzk króna hefur rýrnað að verðgildi í stórum stíl frá því að áfengislögin tóku gildi fyrir 15 árum. Ég ætla, að það séu til næg gögn fyrir því, bæði hjá Hagstofu Íslands og Efnahagsstofnuninni, sem sýni verðlagshækkanir á þessu 15 ára tímabili, og eftir því, sem ég fæ bezt séð, er krónan núna ekki meira en 20—25% að verðmæti, miðað við vöruverð, hjá því, sem hún var fyrir 15 árum. Nú eru það okkar till., að með sama hætti skuli breyta upphæðum sekta í krónutölum eins og verðlag hefur hækkað á þessu tímabili. Og það er a. m. k. 300—320%, sem verðlagið hefur hækkað á almennum vörum, og því leggjum við til, að allar sektir hækki um sömu upphæð eða 300%. Það þýðir, að fyrir brot, sem áður var refsað fyrir með 100 kr. sekt, skuli nú refsað fyrir með 400 kr. sekt. Og ég get ekki séð, að það sé harkalega farið að þessum lögbrjótum, þó að þeir þurfi að greiða 400 kr. fyrir brot, sem áður voru greiddar 100 kr. fyrir, fyrst allur almenningur í þessu landi verður að greiða a. m. k. 400 kr. fyrir þær lífsnauðsynjar, sem þeir borguðu áður með 100 kr. Mér sýnist ekki frambærilegt að taka

meiri silkihönzkum á þeim, sem brjóta lög, en öllum almenningi, sem gerir það ekki. Allar okkar till. um sektarákvæðin fara eftir þessari reglu. Hins vegar er hv. n. miskunnsöm að þessu leyti. Hún vill ekki þessa hækkun á sektum í krónutölu. Hún vill ekki fara nema á miðja leið, hækka sektirnar um 150%, þegar við leggjum til, að þær hækki um 300% eða líkt og almennar vörur hafa hækkað í verði.

Síðan þetta frv. var lagt fram, hefur nýtt mál skotið upp kollinum hér í höfuðborginni, sem mér sýnist, að snerti áfengislög að einhverju leyti. Það eru hinir svonefndu næturklúbbar, sem mjög hafa verið umræddir í blöðum og fréttum. Og eftir því, sem blöðin segja frá, er ákaflega sennilegt, að þörf sé á einhverjum nýjum lagaákvæðum inn í áfengislöggjöfina, sem snerti þessa næturklúbba. Eftir þessum blaðafregnum að dæma sýnast hér hafa verið framin einhver grófustu áfengislagabrot, sem orðið hafa í seinni tíð. Ég vil gjarnan minna hv. þm. á, að það væri ekki úr vegi, að þeir litu í Alþýðublaðið 11. marz. Þar er frásögn af þessum málum á forsíðu með mynd úr sjálfri stofnuninni einni, næturklúbb. Þar geta menn séð mynd af ungri stúlku. Hún er svona á að gizka 16—17 ára eftir því, sem ráðið verður af myndinni, hallast þar upp að vegg við barinn og virðist ekki vita mikið af sér. Ég skal ekki fara hér með neinar fullyrðingar um sekt eða sakleysi manna í þessum efnum, en eitthvað mun nú vera athugavert við starfsemina, þar sem lögregluyfirvöld telja sig knúin til að loka þessum stofnunum og meira en það, taka í sína vörzlu dvalargesti þaðan, allvænan hóp til yfirheyrslu og rannsóknar. Lögregluyfirvöld gera ekki slíkt bara upp úr þurru. Mér sýnist því, að það geti komið á daginn, þótt síðar verði, að þetta fyrirbæri, næturklúbbarnir, hafi eitthvað brotið af sér, og e. t. v. sé þarna um brot að ræða, sem sé öllu stærra í sniðum en jafnvel Þjórsárdalsför unglinganna um hvítasunnuleytið 1963, því að þarna eru það ekki aðeins 3—4 menn, sem um er að ræða, heldur, að mér virðist, jafnvel nokkur hundruð manns. En hversu lengi þetta hefur verið stundað, veit ég ekkert um, hvort það eru nokkrar vikur eða nokkrir mánuðir eða hvað. Það þekki ég ekki.

En það hefur gerzt fleira í sambandi við þessa næturklúbba og hefur vakið nokkra athygli mína. Það er það, að Ríkisútvarpið hefur tekið næturklúbbana sem einn dagskrárlið hjá sér, að ég ætla, s. l. laugardagskvöld og notar þetta sem nokkurs konar skoðanakönnun. Það er starfsmaður Ríkisútvarpsins, sem kemur þar fram með skoðanakönnun, ef skoðanakönnun skyldi nú kalla. Hann er a. m. k. að leita eftir áliti manna á næturklúbbum. Þessi starfsmaður Ríkisútvarpsins virðist sjálfur semja spurningar og virðist sjálfur í umboði Ríkisútvarpsins velja sér menn til þess að svara þessum spurningum. Þetta er hans skoðanakönnun, hliðstæð því, sem hann hefur oft viðhaft áður. Spurningin þetta kvöld var eitthvað á þá leið, hvað menn segðu um það, hvort þeir teldu heppilegt að hafa næturklúbba starfandi. Og svörin urðu nokkurn veginn á eina leið. Ég ætla, að það hafi verið flestallir, sem svöruðu á þann veg, að næturklúbbar væru góðir, þeir væru jafnvel æskilegir, og sérstaklega var ein kona, sem spurð var, skorinorð og sagðist nú að vísu ekki hafa tekið þátt sjálf í starfseminni, en sonur sinn hefði gert það og hann hefði skemmt sér ljómandi vel og sér sýndust næturklúbbar alveg ágætir. Ég heyrði ekki nema einn, það var aðeins einn af þeim, sem spurðir voru, sem eitthvað hafði að athuga við þessar stofnanir. En þetta var niðurstaðan. Svo að segja allir eða flestallir mæltu mjög með hinum nýju stofnunum.

Nú undrar mig ekkert sérstaklega, þó að svör af þessu tagi komi fram. En sem skoðanakönnun hef ég ýmislegt við þetta að athuga, og þá fyrst og fremst, að ríkisstofnun, Ríkisútvarpið, skuli beita sér fyrir skoðanakönnunum af þessu tagi. Og ekki aðeins í þetta sinn, heldur mjög oft áður. Hvað eiga þeir að hugsa, allir þeir hlustendur víðs vegar um land, sem heyra þessa skoðanakönnun? Hljóta þeir ekki að líta svo á, að þarna komi fram álit Reykvíkinga almennt á næturklúbbum, það sé á þessa leið? Mér er tjáð, að þegar erlendis eru viðhafðar skoðanakannanir, sem mjög oft ber við, sé tilgangurinn með þeim sá að leiða í ljós almenningsálit á einhverju máli, einhverri spurningu, einhverju atriði. Og til þess að þessi skoðanakönnun hafi gildi, sé mjög til hennar vandað, m. a. gætt hins fullkomnasta hlutleysis og öll framkvæmdin gerð af mikilli nákvæmni og spurningar lagðar fyrir mikinn mannfjölda, allt miðað við það, að niðurstaðan verði sem réttust spegilmynd af áliti þjóðarinnar, jafnvel þótt um stórveldi sé að ræða. Þannig hef ég skilið skoðanakannanir. En þessar skoðanakannanir, sem hér er farið að stunda, eru heldur en ekki með öðrum hætti. Eftir því, sem manni koma þær fyrir sjónir, virðist Ríkisútvarpið afhenda einum manni vald til að framkvæma þessar skoðanakannanir. Og hann semur spurningarnar, og hann velur sér fólkið til þess að svara. Ég held, að allir geti nú séð, að hægt væri með þessum vinnubrögðum að tryggja sér fyrirfram ákveðin svör, þegar svona er í pottinn búið. En hver er þá tilgangurinn með þessu fyrirtæki Ríkisútvarpsins? Er Ríkisútvarpið þarna að leita eftir réttri spegilmynd af skoðunum þjóðarinnar í einhverju máli? Ég skal engu spá um það, hvernig hlutlaus og nákvæm skoðanakönnun um næturklúbbana yrði hér í Reykjavík. En ákaflega á ég erfitt með að trúa því, að hún yrði eitthvað á þá leið, sem kom fram á laugardagskvöldið var, og hvernig ætli það liti út, ef t. d. Ríkisútvarpið færi að fela þessum sama manni eða öðrum að koma með skoðanakönnun af þessu tagi um spurninguna: Á að greiða verðlagsuppbót á laun?, svo að ég nefni dæmi. Það getur vel verið, að útkoman yrði sú, ef þessum hætti yrði haldið áfram, að það svöruðu 9 neitandi, en aðeins einn eða svo játandi. En hvaða gildi hefði slíkt og hver væri tilgangurinn með því að birta þjóðinni þetta? Þetta hefði ekki svo ýkja mikið að segja, ef Ríkisútvarpið veldi til þessa aðeins einhver lítilfjörleg eða ómerkileg mál, þar sem almenningur lætur sér í léttu rúmi liggja, hver spurningin er og hvernig henni er svarað. En þegar þessi ríkisstofnun er farin að taka fyrir hápólitísk mál, einhver hin mestu ágreinings- og deilumál í þjóðfélaginu, og koma með þau svona framreidd í útvarp, þá tel ég, að gegni nokkuð öðru máli. Ég held, að það væri hægur vandi að notfæra sér þessa starfsemi sem ómengaðan pólitískan áróður.

Það vill nú svo til, að hér í þessari hv. d. eiga sæti þrír hv. alþm., sem allir eiga sæti í útvarpsráði. Ég vil beina þeirri spurningu til þessara hv. manna, sem því miður

eru líklega ekki allir staddir hér inni, hver sé tilgangurinn með þessari starfsemi Ríkisútvarpsins og hversu vel þeir telji, að þetta samræmist þeirri hlutleysisreglu, sem útvarpinu er lögð á herðar samkv. lögum. Ég vænti þess, að ég fái einhver svör við þessu, því að þetta er í raun og veru ekkert hégómamál, og hér er um mikilsverða og merka stofnun að ræða, sem a. m. k. má ekki láta sig nein alvarleg mistök henda.

Umr. frestað.

Á 66. fundi í Nd., 18. marz, var fram haldið 2. umr. um frv.

Benedikt Gröndal: Herra forseti. Þegar frv. þetta var til umr. á síðasta fundi, talaði hv. 1. þm. Vestf. um það nokkurt mál. Í þeirri ræðu sinni gerði hann sérstaka árás á Ríkisútvarpið og einn af starfsmönnum þess, Árna Gunnarsson, fyrir útvarpsþátt, sem Árni stjórnar. Tilefni árásarinnar var, að Árni hafði í þessum þætti átt viðtöl við ýmislegt fólk um næturklúbba þá, sem mikið hefur verið rætt um hér í Reykjavík í seinni tíð, og kannað viðhorf manna til þeirra. Þótti hv. 1. þm. Vestf. þetta mjög óviðeigandi og fór ýmsum orðum í gagnrýnisátt bæði um útvarpsmanninn og um stofnunina, sem fyrir þessu stæði.

Hv. 1. þm. Vestf. kallaði þennan útvarpsþátt skoðanakönnun, og vil ég byrja á að leiðrétta þá hugmynd hans. Þátturinn var ekki skoðanakönnun, og forstöðumaður þáttarins hefur fullvissað mig um, að hann hafi hvorki að þessu sinni eða við önnur slík tækifæri notað orðið skoðanakönnun eða reynt að gefa í skyn, að hann væri að flytja það, sem kallað er skoðanakönnun.

Skoðanakönnun er hugtak, sem þýðir, að reynt er með úrtaki úr stærri heild að fá mynd, sem ætla má, að gefi hugmynd um skoðanir heildarinnar. Hins vegar er það óskylt mál, þó að hljóðvarp, sjónvarp eða blöð eigi viðtöl við fleiri eða færri einstaklinga, sem aðeins flytja þá hver sína skoðun. Nú er það svo, að þessi fjölmiðlunartæki eiga jafnan mikið af viðtölum við hina háttsettu ráðamenn þjóðfélagsins í ýmsum greinum og spyrja þá álits. Þess vegna hafa bæði blöð og útvarp tekið upp á því að leita stundum viðtala við almenning, við fólk, sem valið er af tilviljun, og er erfitt að telja nokkuð óeðlilegt við það. Það er þetta, sem gerðist. Árni Gunnarsson leitaði til nokkurs hóps manna og spurði um skoðanir á næturklúbbum. Árni hefur ávallt verið mjög samvizkusamur um það, hvernig hann velur fólk, sem hann á viðtöl við á þennan hátt, hvort sem er í síma eða án síma, og hefur oft haft vitni að því, að hann gerði það á algerlega tilviljanakenndan hátt, en gerði enga tilraun til þess að ráða því fyrir fram sjálfur, hvaða fólk veldist. Það vill svo til, að meðal þeirra, sem spurðir voru um næturklúbbana, voru t. d. tveir lögregluþjónar, þó að þess væri ekki getið í útvarpsviðtalinu. Ég vil því ítreka, að þessi þáttur var ekki skoðanakönnun. Hann bar og engin merki þess, að útvarpið eða stjórnandinn teldu þetta vera skoðanakönnun. Það var ekki flutt sem slíkt, heldur var aðeins um að ræða skoðanir nokkurra einstaklinga.

Í öðru lagi talaði hv. 1. þm. Vestf. nokkuð um hlutleysi Ríkisútvarpsins. Ég tel ástæðu til að leiðrétta þetta og minna hann á, að í lögum og reglugerðum Ríkisútvarpsins er ekki talað um hlutleysi, heldur um óhlutdrægni, sem oft og tíðum getur verið óskylt mál. Það er vitað, að Ríkisútvarpið hefur reynt að auka mjög flutning á ýmiss konar samræðuþáttum og viðtalsþáttum, sem gefa fólki tækifæri til að flytja skoðanir og taka upp frjálslyndari hætti í þeim efnum heldur en áður voru. Þegar litið er á slíka þætti með tilliti til lagaákvæða um óhlutdrægni, verður að líta á starfsemi útvarpsins sem heildar. Ef það hefur farið svo í þessum umræddu þætti, að allmiklu fleiri hlustendur, sem spurðir voru, reyndust fylgjandi því, að næturklúbbar yrðu hér áfram heldur en voru á móti, þá bið ég menn að íhuga um leið, að Ríkisútvarpið hefur árum saman og allt frá stofnun sinni lagt sig sérstaklega fram um að flytja efni um baráttuna gegn áfenginu og misnotkun þess.

Væri það mál athugað, hygg ég, að það mundi hallast verulega á og þau met mundu ekki breytast, þó að þessar skoðanir hafi komið fram í þættinum.

Árni Gunnarsson hefur flutt útvarpsþátt, sem hefur almennt fengið góða dóma, þótt vera ferskur og lifandi, og ég tel, að þessi árás, sem á hann var gerð hér í þingsalnum, sé byggð á algerum misskilningi og vildi því ekki láta málið hjá líða án þess, að fram kæmu mótmæli gegn árásinni.

Sigurvin Einarsson: Herra forseti. Hv. 5. þm. Vesturl., sem jafnframt er formaður útvarpsráðs, hefur gert að umtalsefni ummæli mín í gær um það, sem ég kallaði skoðanakönnun hjá útvarpinu. Ég hafði bent á þessa skoðanakönnun, sem ég kalla svo, sem fram fór s. l. laugardagskvöld um ágæti næturklúbba. Hann talar um það, hv. þm., að ég hafi hafið árás á starfsmann útvarpsins. Ég veit ekki til, að ég hafi nefnt einn einasta starfsmann útvarpsins í ræðu minni í gær, heldur talaði ég um Ríkisútvarpið. Mig skiptir engu máli, hvaða starfsmaður það er, sem Ríkisútvarpið sjálft felur að framkvæma ákveðna hluti í útvarpinu. Ég er ekkert að ásaka neinn ákveðinn mann, heldur útvarpið sjálft, fyrir að hafa tekið upp þann hátt að eiga ýmis viðtöl með spurningum og leita eftir svörum manna um mjög mikilsverð og oft hápólitísk deilumál í þjóðfélaginu. Ég nefndi sem dæmi, að þarna komu fram skoðanir, sem virtust vera ákaflega einkennilega einhliða á þessu máli, og ég taldi það ótrúlegt, að þarna hefði komið fram nokkur mynd af almennum skoðunum manna hér í höfuðstaðnum á nytsemi næturklúbba. En það er ekki aðeins þetta mál, sem ég átti við og ég nefndi, heldur að margt fleira af þessu tagi hefði verið framkvæmt í útvarpinu. Ég skal ekkert dæma um það, hvaða tjón það kann að hafa gert, þessi viðtöl. En Ríkisútvarpið sjálft hefur haldið uppi þessum hætti um alllangt skeið að láta einn starfsmann sinn semja spurningar og velja sjálfur fólk, að því er manni skilst, til þess að svara þeim. Mér er tjáð t. d., að í vetur einhvern tíma hafi Ríkisútvarpið efnt til þáttar um spurninguna: Er rétt, að ríkisstj. segi af sér? Ég heyrði ekki þennan þátt og veit ekkert um svörin við henni. En þetta er dæmi um það, að það eru engin smámál, sem Ríkisútvarpið er farið að taka fyrir og leita eftir skoðunum manna á. Það, sem gerist í þessum tilvikum, er aðeins þetta, að það er verið á þennan hátt að láta þjóðinni í té upplýs-

ingar um skoðanir manna á ákveðnu máli, án þess að það sé nokkur trygging, meira að segja nokkrar líkur til þess, að það sé nokkuð á þessu að byggja, hvað snertir almenningsálit. Þetta kalla ég skoðanakönnun og þetta er ekkert annað en skoðanakönnun. Ríkisútvarpið er að leita þarna eftir skoðunum manna, og hlustendur víðs vegar um land hljóta að líta svo á, að þarna komi fram almennar skoðanir. Annars er ekkert vit í þessu. Ég spurði í gær þessa hv. þm., sem eiga sæti í útvarpsráði og einnig eru hér í þessari hv. d., hver væri tilgangurinn með þessu. Því hafa hv. þm. ekki svarað. Er Ríkisútvarpið að skemmta einhverjum með þessu? Er það að leiða einhvern ákveðinn sannleika í ljós um hápólitísk og umdeild mál í þjóðfélaginu? Hver er tilgangurinn með þessu? Það er þetta, sem ég átel. Hv. þm. segir, að Ríkisútvarpið hafi ekki notað orðið skoðanakönnun. Það skiptir engu máli. Það er könnun fyrir því. Það er verið að leita eftir skoðunum þarna. Það er því ekkert annað en skoðanakönnun, þetta, þó að ómerkileg sé.

Þá vitnar hv. þm. í það, að dagblöðin leyfi sér þetta. Þau spyrji fólk um álit á einu og öðru. Á þá Ríkisútvarpið að gera allt, sem dagblöð gera? Er allt til fyrirmyndar hjá dagblöðunum, sem Ríkisútvarpið gæti þá tileinkað sér? Ég held, að það sé síður en svo. Það verður að gera strangari kröfur til ríkisstofnana eins og útvarpsins heldur en það. Hv. þm. segir, að þessi fréttamaður, sem ég þekki ekki neitt, hafi samvizkusamlega spurt og valið menn í þessu efni. Auðvitað veit ég ekkert um, hversu samvizkusamlega hann hefur gert það. Það er enginn til frásagnar, ekki einu sinni formaður útvarpsráðs, nema hann hafi þá verið með honum í þessu. Eða hverjir eru þarna viðstaddir? Eftir hvaða reglum, eftir hvaða lögmálum er farið, þegar verið er að velja menn í slíka spurningaþætti? Mér þótti það einkennilegt, ég endurtek það, mér þótti það einkennilegt, að svo að segja allir, sem þarna voru spurðir um næturklúbbana, voru sömu skoðunar svo að segja, — að þessir næturklúbbar væru bara góðar stofnanir. Þær væru æskilegar og jafnvel ágætar stofnanir. Mig undrar þetta og ef þetta er á öðrum sviðum svipað, þykir mér hér ekki rétt að farið. Hv. þm. talaði um, að það væri rangt hjá mér, að Ríkisútvarpinu bæri að sýna hlutleysi, heldur ætti það að sýna óhlutdrægni. Þetta heyrir þá undir óhlutdrægni, þetta með næturklúbbana eða hvað? Ég sé ekki, að þetta skipti ákaflega miklu máli, hvort orðið er notað, því að hvort sem það er óhlutdrægni eða hlutdrægni, hvort sem þar er hlutleysi eða ekki, þá er þetta að mínum dómi, þegar um stórmál, deilumál, er að ræða og hápólitískt mál, eins og hefur átt sér stað, lítt viðunandi, og þá á þessi þáttur ekki við og það á að leggja hann niður.

Frsm. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Ég kvaddi mér nú ekki hljóðs vegna þeirra umr., sem hafa farið fram um starfsemi næturklúbbanna. Ég segi fyrir mitt leyti, að ég er allsendis ókunnugur því háttalagi, sem þar á sér stað og legg engan dóm á það. Hins vegar er kannski skiljanlegt, að menn, sem eru komnir fast að sjötugu, séu ekki spenntir fyrir starfrækslu næturklúbba, því að þeir fara sennilega fyrr að sofa. En það erindi, sem ég á hér í ræðustólinn, er út af ræðu hv. 1. þm. Vestf. hér í gær. Þá hafði hann nokkur orð um það, að nm. í allshn. þessarar hv. d. væru frjálslyndir, því að þeir vildu hafa óbundnar hendur í afstöðu til þeirra till., sem þeir sjálfir flyttu, og mér virtist þm. líka þetta vel, svoleiðis að ég er nú ánægður með það. En hins vegar er þetta auðvitað háttur allra frjálslyndra manna. Það voru einstakir nm. í n. með þessari till., en ekki mjög spenntir fyrir annarri, en þeir komu sér saman um að flytja þessar till., og við erum allsendis óhræddir um það, hvernig þær fara. Menn hafa alveg frjálsar hendur, og ég vona, að hv. þd. afgreiði þessar till. auðvitað eftir því, sem hverjum þm. lízt sjálfum á.

Hitt fannst mér öllu lakara hjá hv. þm., þegar hann sagði, að allshn. hefði verið að flytja þetta frv. óbeðin. Ég vil nú bara minna á ræðu þessa hv. þm. við 1. umr., því að þá flutti hann hér mikið harmatal um það, hvernig hafði farið fyrir þessu frv., sem áfengismálanefndin samdi á sínum tíma og ríkisstj. lagði síðan óbreytt fram sem álit áfengismálanefndar, en náði ekki fram á því þingi og var síðan flutt af allshn., náði þá ekki fram að ganga og var enn flutt á síðasta þingi, og hann lýsti því átakanlega, hvernig því væri eiginlega háttað, þegar þessi áfengismál kæmu til umr. hér á Alþ., svo að ég hélt, að það sæti þá sízt á honum að kvarta undan því, að n. eins og allshn. hefði þá framtak í sér til þess að flytja það frv., sem er að verulegu leyti samið m. a. af þessum hv. þm.

Það er aðeins tvennt í ræðu hv. þm., sem ég vil vekja athygli á. Það er b-liður 9. brtt. þeirra, að sala, veitingar eða hvers konar afhending áfengis til ungmenna yngri en 20 ára varðar sektum, í fyrsta sinn kr. 5 þús. til 50 þús. Ítrekað brot skal auk sekta varða fangelsi allt að 30 dögum. Ég hygg, að það muni vera erfitt að vera þjónn á vínveitingahúsi og eiga yfir höfði sér fangelsi allt að 30 dögum, ef dyravörðurinn hleypir ungmenni innan við 20 ára aldur inn, og ég býst nú við, að þjónar biðji ekki um nafnskírteini eða ökuskírteini við hvern sjúss, sem pantaður er, og því muni þessum þjónum kannske verða það á að afgreiða menn, sem ekki hafa náð 20 ára aldri, og ef þeir verða uppvísir að því að hafa gert slíkt, þá skal samkv. till., sem flutt er af hv. 1. þm. Vestf. ásamt þremur öðrum þm., þá geti slíkur maður átt von á því að sæta fangelsi allt að 30 dögum. Mér finnst þetta harðir kostir, og ég hygg, að þegar hv. flm. þessarar till. fara að líta betur á þessa till. sjái þeir, að hér sé gengið fulllangt, og væri þessi till. betur óflutt en flutt.

Þá furða ég mig mjög á þeirri túlkun, sem hv. 1. þm. Vestf. viðhafði hér í sambandi við að sýna skilríki upp á að eiga aðgang að vínveitingahúsum, nafnskírteini eða ökuskírteini. Við í allshn. leggjum til, að þetta sé víðtækara og nota megi önnur sönnunargögn um aldur. Hv. þm. reyndi mjög að hártoga það, en í grg. frv. segir, að lagt sé til, að önnur skilríki en nafnskírteini geti orðið sönnunargögn um aldur á sama hátt og nafnskírteini, og er þá átt við ökuskírteini, vegabréf og önnur þvílík opinber skírteini, sem veita upplýsingar um aldur. Ég held, að þetta fari ekki á milli mála, og við skulum taka sem dæmi, að útlendingur er hér á ferð og ætlar inn á veitingahús. Það orkar tvímælis, hvort maðurinn er orðinn 20 ára eða ekki. Hann á ekki nafnskírteini, og hann á ekki ökuskírteini, en hann á vegabréf. Þá á dyravörðurinn að fussa við slíkum manni og segja:

Vegabréf gildir ekki hér, það þarf nafnskírteini eða ökuskírteini, og þú færð ekki að fara hér inn. Þetta finnst mér vera svona heldur þröngt sjónarmið hjá hv. flm. þessarar till. og tel ég þessa till. þeirra hina mestu fjarstæðu.

Benedikt Gröndal: Herra forseti. Það kemur að sjálfsögðu engum á óvart, þó að það komi enn einu sinni í ljós, að öldungadeildin í Framsfl. samanstendur af íhaldssömustu mönnum í þessu þjóðfélagi, m. a. í hlutum eins og þeim, sem við höfum verið að tala um. En ég get sagt eftir reynslu mína af útvarps- og sjónvarpsmálum og raunar í blaðamennsku yfirleitt, að sem betur fer gildir þetta ekki um nema lítið brot af Framsfl. T. d. sitja tveir framsóknarmenn í útvarpsráði, sem hafa reynzt frjálslyndir og tekið þátt í að gera þar ýmsar breytingar. Hingað til hafa þeir ekki haldið uppi gagnrýni á neitt svipaðan hátt og hv. þm. gerir hér. Það verður fróðlegt að sjá á útvarpsráðsfundi, sem verður seinna í dag, hvort fulltrúar Framsfl. taka upp þá kröfu 1. þm. Vestf., að Ríkisútvarpinu verði lokað fyrir Árna Gunnarssyni fréttamanni.

Hv. þm. gat ekki gert sér grein fyrir því, að orðið skoðanakönnun væri farið að hafa sérstaka merkingu, þ. e. að reynt er með úrtaki að komast að því, hvað allur fjöldinn telji um eitt eða annað málefni. Það er allt annað en viðtöl á förnum vegi. Viðtöl á förnum vegi við almennt fólk, sem valið er á ýmsan hátt, er þekkt fyrirbrigði bæði í blaðamennsku, útvarpi og sjónvarpi og þykir hvarvetna geta veitt hið ágætasta efni. Tilgangurinn með slíkum viðtölum í þætti Árna Gunnarssonar er fyrst og fremst að vekja umræður. Ef einhver heldur, að viðtöl við 4, 5 eða 6 menn, sem sagt er að séu valdir af handahófi, eigi að vera mynd af skoðun einhvers fjölda, þá er það hreinn misskilningur. Ég held, að hv. þm. ætti þá að reyna að hlusta betur og skilja, hvað stjórnendur þessara þátta segja. Hann hélt því fram, að óhlutdrægni Ríkisútvarpsins hefði verið brotin, af því að í einum viðtalsþætti reyndust fleiri vera fylgjandi hinum svokölluðu næturklúbbum en á móti þeim. Við erum að tala um áfengismál, og ég vil ítreka, að ég óska eftir því, að Ríkisútvarpið sé þá dæmt sem heild, hvort það sýni almennt hlutdrægni á móti bindindissemi og baráttu gegn áfengi. Ríkisútvarpið sem heild flytur svo mikið efni, sem lýsir áhuga og stuðningi við þá baráttu, sem háð er gegn áfengi og því tjóni, sem það veldur, að það er alveg fráleitt að halda því fram, að Ríkisútvarpið hafi sýnt nokkra slíka hlutdrægni.

Þórarinn Þórarinsson: Herra forseti. Það mun hafa verið hv. 1. þm. Vestf., sem beindi hér fsp. í gær til okkar þm., sem eigum sæti í útvarpsráði, varðandi þátt, sem var fluttur í Ríkisútvarpið s. l. laugardag. Það mun hafa gerzt, að í þætti Árna Gunnarssonar, Daglegt líf, hafi verið flutt viðtal við nokkrar persónur um næturklúbba. Ég hlýddi nú því miður ekki á þennan þátt, svo að ég get ekki dæmt um það, sem þar fór fram, en ég vil aðeins minna á það í þessu sambandi eins og hv. 5. þm. Vesturl. hefur bent á, að meðal þeirra kvaða, sem útvarpið leggur starfsmönnum sínum á herðar, m. a. þeim, sem sjá um þætti sem þessa, er það, að fyllstu óhlutdrægni sé gætt gagnvart mönnum og málefnum og skoðunum. Þetta þýðir að sjálfsögðu það, að sé verið að setja þarna fram eða halda fram ákveðnum skoðunum í slíkum þáttum, þurfa helzt bæði sjónarmiðin að koma fram eða fleiri, ef fyrir hendi eru í viðkomandi máli. Þetta er venjulega gert í þessum þáttum á þann hátt, að það eru látnir koma fram menn, sem túlka bæði sjónarmiðin eða öll, ef fleiri eru. Ég hygg, að með þeirri aðferð, að hringt er til ónafngreindra eða vissra manna, án þess að vitað sé fyrirfram, hverjar skoðanir þeirra séu á máli, þá geti út úr slíkum upphringingum komið það, að það sé túlkuð alveg önnur skoðunin eða sjónarmiðið. Þess vegna er það mitt álit, að þessi aðferð sé mjög vafasöm með tilliti til þess, að hún geti samrýmzt þeim reglum útvarpsins að gæta fyllstu óhlutdrægni. Þetta hefur ekki borið neitt sérstaklega á góma í útvarpsráði, en ég mundi lýsa því sem minni skoðun í þessu efni, að ég teldi þessa aðferð óheppilega, ekki vegna þess að það sé endilega tilgangur þess manns, sem spyr eða stjórnar þessum þáttum, að hann ætli sér að fá fram eitt ákveðið sjónarmið, heldur getur þetta alltaf orðið þannig, þegar hann hringir til manna, sem hann veit kannske ekki neitt fyrirfram, hvaða skoðanir hafa á málinu, að það verði alveg einlit hjörð, sem þarna kemur fram. Þess vegna tel ég, að þetta sé ekki heppileg aðferð hjá útvarpinu eða starfsmönnum þess að leita eftir skoðunum eða áliti manna með þessum hætti.

Ég vil annars segja það um þennan þátt, sem Árni Gunnarsson hefur stjórnað í útvarpinu um nokkurra missera skeið, að mér finnst honum hafa tekizt að mörgu leyti vel. Þetta er mjög vandasamt verk, sem hann sér þarna um. Verkefnið er, eins og nafnið á þættinum bendir til, að reyna að bregða upp myndum af því, sem er að gerast í daglega lífinu og efst er á baugi hverju sinni, með samtölum við menn með ýmsum hætti. Þetta hefur að mínum dómi oft tekizt mjög vel og verið til upplýsingar og glöggvunar og fróðleiks á viðkomandi máli, en við, sem vinnum við blöðin, þekkjum það mætavel, að þegar menn eiga annríkt og þurfa kannske að vinna verk sín á síðustu stundu, þá geta alltaf orðið einhver mistök í þessum efnum, án þess að það sé beinlínis viljandi gert. Ég get sagt það um það atriði, sem hér er talað um eins og ég raunar hef áður tekið fram, að ég álít þessar hringingar með þessum hætti til ónafngreindra manna eða manna, sem viðkomandi spyrjandi veit ekki um, hvaða skoðanir hafa á málinu, að þær geti orðið til þess, að niðurstaðan stríði gegn reglum útvarpsins um að fyllstu óhlutdrægni sé gætt gagnvart mönnum og málefnum. Þess vegna álít ég, að þegar verið er að leita eftir skoðunum eða áliti manna á málum, þá eigi það að vera með því að leitað sé til manna, sem fyrirfram sé vitað um, hvaða skoðanir hafa á málinu, og með því sé tryggt, að mismunandi sjónarmið fái nokkurn veginn notið sín.

Sigurvin Einarsson: Herra forseti. Ég hef í raun og veru fáu að svara hv. 5. þm. Vesturl., vegna þess að hann gerði ekkert annað en að endurtaka það, sem hann var búinn að segja áður. Hann byrjaði bara á afturendanum og endaði á þeim fyrri. En það er ekkert við því að segja. Hann endurtók fullyrðingar sínar um það, að ég væri að ráðast á Árna Gunnarsson. Ég vissi

ekki, hvað þessi maður hét, sem var að tala um klúbbana, auk heldur meira og hef aldrei þennan mann séð og veit ekkert um hann. Ég deili á Ríkisútvarpið, en ekki neinn starfsmann. Það er Ríkisútvarpið sjálft, það er útvarpsráð, það er m. a. þessi hv. þm., sem ber ábyrgð á því, sem birt er í útvarpinu. Hann var að tala um öldungadeildina í Framsfl. Er það þá unglingadeildin í Alþfl., sem stendur fyrir þessari skoðanakönnun þarna í útvarpinu eða hvað er það? Kannske það sé skýring í málinu. Hann sagði, að þetta væru bara viðtöl á förnum vegi, en þau koma í útvarpið, öll þjóðin hlustar. Er þá óhætt að koma með hvað sem er með því að kalla það viðtöl á förnum vegi? Það væri laglegt, ef menn tækju sér það fyrir hendur að fara að ræða t. d. stjórnarfarið í landinu, verðlagsuppbót á laun, skuldirnar við útlönd og fleira, en gerðu það bara á förnum vegi. Þá er það gott. Ég skal láta þetta duga.

Annar hv. útvarpsráðsmaður hefur tekið hér til máls og þó að hann langi auðheyrilega til þess að bera blak af útvarpsráði, þá varð hann að viðurkenna, að þetta væri vafasöm starfsemi. Jæja, það er þá í áttina. Ég hef þá haft eitthvað fyrir mér, fyrst ég fæ slíka játningu frá aðila úr „æðsta ráðinu" þarna innfrá.

Hv. 4. þm. Vestf. drap á tvö atriði í brtt. okkar þremenninga við áfengislagafrv. Annað var það sem hann hneykslaðist alveg hroðalega á, að það væri gert ráð fyrir allt að 30 daga fangelsi fyrir að selja unglingum áfengi og taldi þetta eitthvert gífurlegt hneyksli. Ætli hann hafi lesið mikið áfengislögin? Í 39. gr. áfengislaga, sem nú eru í gildi, eru ákvæði um það, að hafi maður brotið gegn ákvæðum 18. gr. l. ítrekað, þá varðar það auk sektar fangelsi, allt að 3 mánuðum. Þar er átt við smygl. Þó að smygl sé út af fyrir sig ekki neinn virðingarverður atvinnuvegur, þá álít ég, að hinn sé þó enn þá verri, að temja sér að selja unglingum áfengi, og það sé ekki of djúpt tekið í árinni, að þeir, sem það gera, eigi á hættu 30 daga fangelsi, fyrst menn eiga á hættu þriggja mánaða fangelsi fyrir smygl, svo hér er ekki um neitt einsdæmi að ræða. Hv. þm. nefndi annað atriði sem sé það, að það væri ekki nóg að nefna nafnskírteini og ökuskírteini, það gæti komið einhver unglingur utan úr heimi, sem hefði þetta hvorugt, en hefði aftur á móti vegabréf og þess vegna þyrfti að standa í l., að menn sönnuðu aldur sinn á annan fullnægjandi hátt. Ég skal gera þann samning við hv. þm. undir eins að bæta inn í frv. vegabréfi, en fella niður orðin „á annan fullnægjandi hátt", sem þýðir það, að áfengissalarnir sjálfir eiga að meta það, hvernig menn sanna aldur sinn, en þetta er ekki viðvíkjandi því að fá inngöngu í veitingahús, heldur aðeins hvort það er leyfilegt að selja unglingum áfengi. Ég get því mjög vel fallizt á þá hugmynd hans að bæta þessu inn, ef honum þykið það betra, vegabréf í staðinn fyrir orðin „á fullnægjandi hátt".

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 67. fundi í Nd., 20. marz, var enn fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.

Brtt. 346, 1—2 (5 nýjar gr. í stað 1. gr., verða 1.—5. gr.) samþ. með 24 shlj. atkv.

— 313,1 kom ekki til atkv.

— 346,3 (ný gr., verður 6. gr.) samþ. með 25 shlj. atkv.

— 346,4 tekin aftur.

2. gr. (verður 7. gr.) samþ. með 25 shlj. atkv.

Brtt. 346,5 (ný gr., verður 8. gr.) samþ. með 26 shlj. atkv.

— 346,6 (ný 3. gr., verður 9. gr.) samþ. með 27:5 atkv.

— 313,2 kom ekki til atkv.

— 346,7 (ný 4. gr., verður 10. gr.) samþ. með 26 shlj. atkv.

— 313,3 felld með 16:8 atkv.

5. gr. (verður 11. gr.) samþ. með 24 shlj. atkv.

Brtt. 313,4 felld með 18:9 atkv.

6. gr. (verður 12. gr.) samþ. með 22 shlj. atkv.

Brtt. 313,5 felld með 16:9 atkv.

— 346,8 (tvær nýjar gr., verða 13.—14. gr.) samþ. með 26 shlj. atkv.

7. gr. (verður 15. gr.) samþ. með 25 shlj. atkv.

Brtt. 313,6 felld með 17:7 atkv.

— 346,9. a.b. tekin aftur.

— 346,9 (fimm nýjar gr., verða 16.—20. gr.) samþ. með 21 shlj. atkv.

— 313,7 felld með 18:9 atkv.

— 346,10 samþ. með 26 shlj. atkv.

8. gr. (verður 21. gr.), svo breytt, samþ. með 24 shlj. atkv.

Brtt. 346,11 (ný 9. gr., verður 22. gr.) samþ. með 21 shlj. atkv.

— 313,8 kom ekki til atkv.

— 313,9 felld með 20:11 atkv.

— 346,12 samþ. með 22 shlj. atkv.

10. gr. (verður 23. gr.), svo breytt, samþ. með 23 shlj. atkv.

Brtt. 313,10 felld með 16:10 atkv.

— 346,13 samþ. með 22 shlj. atkv.

11. gr. (verður 24. gr.), svo breytt, samþ. með 21 shlj. atkv.

Brtt. 313,11 felld með 17:11 atkv.

— 346,14 samþ. með 21 shlj. atkv.

12. gr. (verður 25. gr.), svo breytt, samþ. með 22 shlj. atkv.

Brtt. 313,12 felld með 18:9 atkv.

13. gr. (verður 26. gr.) samþ. með 22 shlj. atkv.

Brtt. 313,13 felld með 19:9 atkv.

— 346,15 samþ. með 22 shlj. atkv.

14. gr. (verður 27. gr.), svo breytt, samþ. með 22 shlj. atkv.

Brtt. 313,14 felld með 18:8 atkv.

— 346,16 samþ. með 24 shlj. atkv.

15. gr. (verður 28. gr.), svo breytt, samþ. með 25 shlj. atkv.

16.—17. gr. (verða 29.—30. gr.) samþ. með 24 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 25 shlj. atkv.

Á 70., 74. og 76. fundi í Nd., 27. marz, 10. og 14. apríl, var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 77. fundi í Nd., 15. apríl, var frv. enn tekið til 3. umr. (A. 382, 396, 397, 419, 422).

Frsm. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Allshn. flytur hér brtt. á þskj. 396. Hún er við 12. gr. l., og er meginbreytingin frá gildandi lögum sú, að þar sem segir í upphafi 12. gr. áfengislaganna, að í kaupstöðum, þar sem áfengisútsala er, geti dómsmrh. veitt veitingahúsum leyfi til vínveitinga, þegar eftirtalin skilyrði eru fyrir hendi, sem þar eru tiltekin, leggur allshn. til með þessari brtt., að þessi heimild verði nokkuð rýmkuð þannig, að dómsmrh. er heimilt að veita veitingahúsum leyfi til vínveitinga að uppfylltum þeim skilyrðum, sem eru óbreytt og áður hafa verið, og sömuleiðis er gert ráð fyrir því í þessari brtt., að það sé einnig heimilt að veita *vínveitingaleyfi húsum utan kaupstaða á þeim árstíma*, sem heimsóknir erlendra ferðamanna eru að jafnaði mestar, þ. e. frá 1. júní til 30. sept. Sömuleiðis er lagt til, að 6. mgr. í 12. gr. *áfengislaganna falli niður*, en hún er svo hljóðandi, að ef áfengisútsala í kaupstað er lögð niður samkv. ákvæðum 10. gr., falli samtímis úr gildi vínveitingaleyfi veitingahúsa þar.

Það kom fyrir allshn. erindi, sem var sent frá eigendum veitingahúss í Hafnarfirði, fyrirtæki, sem Skiphóll heitir, og þar er skýrt frá því, að þetta félag hafi tekið á leigu húseign við Strandgötu í Hafnarfirði, og þar hefur verið komið fyrir kaffisölu á jarðhæð og opnaður jafnframt 50 manna salur á 2. hæð hússins, þar sem ýmis félagasamtök í þessu bæjarfélagi hafa fengið aðstöðu. Enn fremur er verið að vinna að innréttingu á 200 manna samkomusal á 3. hæð hússins. Þessir aðilar óskuðu eftir því að fá vínveitingaleyfi, en samkv. l. eins og þau eru nú, er það ekki heimilt, þar sem engin áfengisútsala er í Hafnarfirði, en hins vegar benda þeir réttilega á það, að í fjölmörgum tilfellum fara ýmsir aðilar úr kaupstaðnum til Reykjavíkur til þess að halda árshátíðir sínar og aðrar veizlur, sem slíkir aðilar efna til, og þar með er gengið fram hjá þessu eina stærsta bæjarfélagi landsins af þeirri einu ástæðu, að áfengisútsala er ekki í Hafnarfirði. Allshn. taldi rétt að verða við þessum tilmælum og breyta 12. gr. áfengislaganna á þann hátt, sem ég hef þegar skýrt frá, og brtt. liggur nú fyrir á þskj. 396. Við teljum ekki ástæðu til þess að binda þetta endilega við, að áfengisútsala þurfi að vera í viðkomandi kaupstað eða viðkomandi héraði og því teljum við eðlilegt, að þessi breyting sé gerð. En hins vegar höldum við ákveðið við það, að áður en vínveitingaleyfi er veitt, skuli leita umsagnar bæjarstjórnar eða sýslunefndar í þeim kaupstað eða sýslu, er í hlut á, og er ráðh. óheimilt að veita slíkt leyfi, ef hlutaðeigandi bæjarstjórn eða sýslunefnd reynist leyfisveitingunni mótfallin. Við 7. gr. er brtt., sem er nánast sagt leiðréttíng — í stað orðanna „1. maí, 17. júní, 1. desember og sumardaginn fyrsta“ í 1. mgr. komi: „sumardaginn fyrsta, 1. maí, 17. júní og fyrsta mánudag í ágúst“ og síðan eru aftur aðrar leiðréttingar í sambandi við Áfengisverzlun ríkisins, sem breytt er í Áfengis- og tóbaksverzlun ríkisins, en þetta sást mönnum yfir, þegar brtt. voru fluttar við 2. umr.

3. brtt. er við 16. gr., um að á eftir a-lið komi nýr stafliður, 4. mgr. l. tölul. orðist svo:

„Flytji skip hingað ólöglega áfengi, svo að telja megi það verulegan hluta af farmi þess, skal heimilt að gera skipið upptækt handa ríkissjóði með dómi.“

Ég vil aðeins leiðrétta, að það hefur slæðzt þarna villa, þegar brtt. var prentuð, sem ég vildi leyfa mér að leiðrétta hér með, að í stað orðanna „skal heimilt“ komi „er heimilt“. Að öðru leyti tel ég ekki ástæðu til þess að skýra frekar þær brtt., sem allshn. flytur við áfengislögin, en hins vegar eru hér fleiri brtt., sem að sjálfsögðu munu verða til þess, að miklar umr. verða um þessi mál í heild, og ætla ég á þessu stigi ekki að taka þátt í því, fyrr en þá e. t. v. að frsm. þeirra brtt. hafa flutt sínar ræður.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Ég hef leyft mér að flytja hér brtt. við þetta frv. ásamt hv. 1. þm. Vestf. og 1. þm. Norðurl. v. Brtt. okkar er á þskj. 397. Hér er um að ræða tvær till. Sú fyrri er á þessa leið:

„Hvert veitingahús, er vínveitingaleyfi hefur, skal halda uppi *fullkominni þjónustu án vínveitinga* a. m. k. eitt laugardagskvöld af hverjum fjórum eftir kl. 8 síðd., samkv. reglum, er ráðh. setur að fengnum till. áfengisvarnaráðs.“

Þessi till. er samhljóða brtt., sem mþn. sú, sem athugaði áfengislögin samkv. ákvörðun Alþ., lagði hér fram við áfengislöggjöfina. Við teljum eðlilegt, að þau veitingahús, sem fá vínveitingaleyfi, taki á sig þessa þjónustu, sem hér er rætt um, og þá sérstaklega fyrir þá aðila, sem ekki óska sérstaklega eftir vínveitingum. Það er kunnugt, að samkomuhús ýmis hafa sótt mjög fast á það að fá vínveitingaleyfi, því að það fer varla á milli mála, að það hefur gefið þeim talsverðar tekjur í aðra hönd, svo að það sýnist ekki óeðlilegt, að þessi hús, sem sækja svona mikið eftir þessum heimildum, taki á sig þá þjónustu, sem hér er um að ræða, þ. e. að þau skuli a. m. k. halda uppi fullkominni þjónustu eitt laugardagskvöld af *hverjum fjórum* eftir kl. 8 síðdegis án vínveitinga. Ég vænti sem sagt, að hv. þd. geti fallizt á það, að hér sé ekki farið fram á of mikið við þessa aðila, þó að þeir yrðu að halda uppi *slíkri þjónustu*, sem þarna er gert ráð fyrir, enda er þetta í fullu samræmi við till. mþn., sem um málið fjallaði.

Hin brtt. okkar á þessu sama þskj. er þannig, að ákveðið skuli verða, að verði ungmenni innan 20 ára aldurs uppvíst að ölvun, skuli viðkomandi lögregluyfirvöld þegar í stað rannsaka, hver selt hafi eða veitt því áfengið, og skuli hinir seku sæta refsingu samkv. 45. gr. þessara laga. Það hefur verið allmikið um það rætt, sérstaklega í vissum tilvikum, að vínveitingastaðir eða aðrir, sem vín hafa með höndum, hafi veitt ungmennum vín, en slíkt brýtur fullkomlega í bága við áfengislögin, þar sem óheimilt er að selja eða veita yngra fólki en því, sem náð hefur 20 ára aldri, vín. Í vissum tilfellum hefur borið mjög mikið á þessu og jafnvel verið settar á laggirnar sérstakar rannsóknarnefndir til þess að athuga um framferði unglinganna, sem af þessu hefur hlotizt. En það er álit okkar, að þegar slík atvik verða, sé sjálfsagt að láta fara fram sérstaka rannsókn á því, hver það er í raun og veru, sem veitt hefur þessum ungmennum hið ólöglega áfengi í þessum tilfellum og þeir, sem sekir reynast, verði látnir sæta refsingu samkv. lögum. Það hjálpar vitanlega lítið í þessum tilfellum að

fyllast vandlætingu yfir því, að unglingarnir skuli hafa reynzt drukknir. En hitt skiptir vitanlega öllu máli að reyna að finna þann seka í þessum efnum, hver það hefur verið, sem veitt hefur þeim áfengið, því að samkv. lögum er það óheimilt að veita ungmennum á þessum aldri áfengi. Okkur hefur fundizt skorta mjög á, að lögregluyfirvöld í landinu teldu sér raunverulega skylt að láta fara fram rannsóknir af þessu tagi. Því viljum við setja það skýlaust inn í áfengislögin, að ef það kemur fyrir, að ungmenni innan 20 ára aldurs reynast vera drukkin, skuli fara fram rannsókn á því, hvaðan áfengið er komið, hver hinn seki er, sem selt hefur þeim eða veitt áfengið. Það er mín skoðun, að ef undanbragðalaus rannsókn færi fram í þessum efnum, mundi vera hægt að koma í veg fyrir vínveitingar til ungmenna í mörgum tilfellum. En nú sýnist mér, að vettlingatök séu á þessu hjá lögregluyfirvöldum, sem láti þetta að mestu leyti afskiptalaust, þegar slíkt kemur upp.

Ég hef þá gert grein fyrir þessum tveimur brtt., sem við flytjum á þskj. 397, og þarf þá ekki að fjölyrða um þetta meir að sinni. Hér eru að vísu komnar fram ýmsar aðrar brtt. við áfengislögin, þ. á m. sú till., sem er á þskj. 419 og gerir ráð fyrir því, að heimilað verði að selja sterkt öl. Þessi till. mun að sjálfsögðu verða hér til umr. síðar, þegar frsm. till. hefur gert grein fyrir henni, og geri ég þá ráð fyrir því að taka einhvern þátt í þeim umr., en skal ekki frekar víkja að henni, meðan frsm. hafa ekki gert grein fyrir till. En ég vænti, að till. okkar á þskj. 397 fáist nú samþykktar.

Pétur Sigurðsson: Herra forseti. Ég mun hafa sama hátt á og síðasti ræðumaður að ræða ekki þær brtt. aðrar, sem hér hafa komið fram við þetta mál, sem á dagskránni er, heldur skýra með nokkrum orðum þá brtt., sem ég hef leyft mér að flytja ásamt fjórum öðrum hv. þm. á þskj. 419. Það má segja, að þetta mál sé svo margrætt hér í þessari hv. deild, að efnislega þyrfti ekki að skýra það á þessu stigi, nema þá að tilefni gefist til, eins og þegar hefur verið tilkynnt, síðar í umr. og mun ég þá halda mig við þá skoðun.

Sú meginbreyting hefur verið gerð á þessu máli, frá því að það var síðast flutt hér, að lagt er til, að áður en ákvörðun sé tekin, skuli þjóðin sjálf dæma um, hvort þessi leið skuli farin eða ekki. Að leyfa sem sagt tilbúning og sölu á áfengu öli hér innanlands, sem er veikasta stig áfengra drykkja, sem við þekkjum, með sömu meðferð og annað áfengi hér í landinu, innan þess ramma, sem áfengislögin hafa mótað. Það eru þó nokkrir aðilar, sem hafa rætt við mig, sem hafa sagt eitthvað á þessa leið. Ja, ég mun verða á móti þessu, vegna þess að það er verið að leggja undir dóm þjóðarinnar mál, sem á að vera til úrlausnar hjá Alþ. sjálfu. Aðrir hafa sagt: Ég verð á móti málinu, vegna þess að þarna er verið að leggja til, að mál verði lagt undir dóm þjóðarinnar, sem er miklu minna um vert heldur en mörg önnur mál, sem lagt hefur verið til, að þjóðin fengi að segja álit sitt á með sérstakri atkvgr. Við báða þessa aðila vil ég taka það fram, að ég held, að áfengislöggjöfin sé eina löggjöfin, sem hefur notað þetta um langt árabil, en í 10. gr. áfengislaganna segir m.a., að ef ætti að stofna til eða loka útsölustað Áfengisverzlunar ríkisins, þá skuli sú ákvörðun borin undir atkvæði viðkomandi aðila í viðkomandi sveitarfélagi. Við þurfum heldur ekki annað en að renna huganum til baka. Þegar bannlögin voru samþykkt fór fram þjóðaratkvgr. og eins þegar þau voru upphafin á sínum tíma, þannig að fordæmið er fyrir hendi, að þjóðin sjálf, kjósendur, útkljái þetta deilumál, enda hafa ábyggilega mjög margir þm. talið rétt að láta aðra segja til um, hvað þeir vildu í þessu efni. En þetta mál hefur ekki enn þá fengið þá meðferð, og þess vegna hafa meðflutningsmenn mínir, hv. þm. Jón Skaftason, Matthías Bjarnason, Steingrímur Pálsson og Björn Pálsson, leyft sér að leggja það til við hv. deild, að sá háttur verði á hafður, að áður en ríkisstj. geti veitt þessar heimildir, skuli þjóðin sjálf dæma þar um. Ég hef líka talið óþarft að senda mál þetta til n. Það hefur verið í n. nú á mörgum undanförnum þingum, og það hafa borizt umsagnir um það frá ýmsum aðilum, sem auðvitað hafa enn þá tækifæri og hafa sýnt það, að þeir vilja nota það tækifæri til að segja sinn hug um þetta mál, en þar sem það er lagt til, að það sé þjóðin, sem dæmi um málið, þá höfum við ekki lagt til, að málið fari til n. eða sérstakra umsagna væri leitað.

Ég þykist ekki á þessu stigi hafa ástæðu til þess að ræða málið frekar efnislega. Eins og ég tók fram í byrjun míns máls, þá hefur þetta mál verið ítrekað til umræðu hér í þessari hv. deild, og rætt mjög ítarlega. Ég geri ráð fyrir því, að svo verði enn nú, og þá munum við auðvitað, sem flytjum þetta mál, taka til máls á seinna stigi málsins, og þá ekki aðeins um þessa brtt., heldur og aðrar, sem fram hafa komið við áfengislögin, þótt ég geti auðvitað skýrt frá því strax eins og fram hefur komið á þskj., að ég er fylgjandi brtt., sem komið hafa frá allshn., en mun verða á móti þeim brtt., sem koma fram á þskj. 397 og ég mun þá síðar gera nánari grein fyrir.

Sigurvin Einarsson: Herra forseti. 12. gr. núgildandi áfengislaga hefur orðið nokkurt umhugsunarefni, að mér virðist, hjá sumum hv. þm., ef marka má af þeim brtt., sem fram eru komnar nú þegar við hana. Mér sýnist því rétt að rifja upp fyrir hv. þm., hvað felst í þessari 12. gr. áfengislaganna, en það er í fáum orðum sagt þetta: Í fyrsta lagi, að í kaupstöðum, þar sem áfengisútsala er, er ráðh. heimilt að veita veitingahúsi vínveitingaleyfi, ef fullnægt er ákveðnum skilyrðum. Í öðru lagi, að utan kaupstaða getur ráðh. veitt sams konar leyfi með sömu skilyrðum að fenginni umsögn viðkomandi sýslunefnda, ef það er einkum í þágu erlendra ferðamanna. Í þriðja lagi, að ef áfengisútsala í kaupstað er lögð niður, — en það er á valdi bæjarbúa sjálfra að gera það með almennri atkvgr. hvenær sem er, — þá fellur vínveitingaleyfi veitingahúsa í þeim kaupstað úr gildi um leið. Í fjórða lagi: ef veitingamaður brýtur gegn settum skilyrðum, þá skal hann þegar í stað missa vínveitingaleyfi sitt, og í fimmta lagi, að löggæzlumönnum er skylt að hafa gætur á starfsemi vínveitingahúsa, og ráðh. getur sett eftirlitsmenn með starfseminni á kostnað veitingahúsanna. Þetta er efnið í 12. gr. áfengislaganna. Nú hefur hv. allshn. flutt brtt. við þessa gr. í frv. sjálfu, sem búið er að samþ. í þessari hv. deild. Síðan flutti hv. n. aðra brtt. við þessa sömu gr., og hana er líka búið að samþykkja í þessari hv.

deild, og nú flytur hv. allshn. þriðju brtt. við sömu gr., og hún er hér til umr. og er á þskj. 396.

Ég tel rétt að vekja athygli hv. þm. sérstaklega á þessari brtt., sem ekki hefur komið til umr. hér fyrr að þessu sinni. Efnið í þessari brtt. er það, að það á að afnema þá reglu, sem hefur frá upphafi verið í gildi, að því aðeins megi leyfa veitingahúsi vínveitingar í kaupstað, að þar sé áfengisútsala. Þessi regla er byggð á því, að íbúar hvers kaupstaðar eiga að ráða því sjálfir með atkvgr., hvort þeir vilja hafa áfengissölu í bæjarfélaginu, hvort sem hún er frá verzlun eða veitingahúsi. Þess vegna er óheimilt að koma upp vínveitingahúsi, þar sem ekki er áfengisútsala, og jafnframt er því aðeins hægt að setja á áfengisútsölu, að íbúar kaupstaðarins hafi samþykkt það með almennri atkvgr. Þetta er sú regla, sem hefur gilt og gildir enn, að íbúar hvers kaupstaðar ráði þessu sjálfir, hvort áfengissala eigi sér þar stað, hvort sem hún er frá verzlun eða veitingahúsi, en með þessari brtt. á þskj. 396 á að afnema regluna, þ. e. ráðh. á að vera heimilt að leyfa vínveitingahús í kaupstað, ef bæjarstjórn eða meirihluti bæjarstjórnar fellst á það, jafnvel þó að íbúar kaupstaðarins hafi fellt það við atkvgr. að hafa þar áfengissölu. Þetta er efnið í till. Það liggur auðvitað í augum uppi, að áhugamönnum um áfengisneyzlu mundi að sjálfsögðu veitast það léttara að fá vínveitingahús í kaupstaðnum, ef þeir þurfa ekki að hafa nema meiri hluta bæjarstjórnar sér hliðhollan, heldur en að eiga undir högg að sækja um meiri hluta allra atkvæðisbærra manna í bæjarfélaginu. Þetta er aðferð til þess að koma á vínveitingahúsum, þar sem fólkið vill þau ekki.

Í 13 kaupstöðum utan höfuðborgarinnar eru nú vínveitingahús aðeins í einum þeirra, það er á Akureyri. Hins vegar eru áfengisútsölur í 6 kaupstöðum af 13. Það má telja líklegt, að í hinum 7 kaupstöðunum sé engin áfengisútsala, af því að bæjarbúar kæra sig ekki um áfengissölu þar í neinu formi. En með samþykkt þessarar till. á þskj. 396 gæti áhugamönnum um vínveitingar auðveldlega tekizt að koma á vínveitingahúsum í öllum kaupstöðum landsins, hvað sem fólkið segði þar, ef þeir hafa tök á meiri hluta viðkomandi bæjarstjórnar. Þetta er efnið í tillögunni. Ég hef leyft mér að flytja brtt. á þskj. 422, þar sem ég legg til, að þessi fyrsti töluliður á þskj. 396 falli niður. Ég vil ekki opna þá möguleika, að verið sé að koma á áfengissölu í bæjarfélögum gegn vilja fólksins, þó að meiri hluti bæjarstjórnar hafi fallizt á það. Þeir, sem hins vegar kunna að samþykkja þessa brtt. hv. n., eru með því að svipta kaupstaðarbúa þeim rétti, sem þeir hafa haft, að geta ráðið þessum málum, og ég vona, að hv. þm. hugsi sig um, áður en þeir gera það. Þótt nú sé áfengisútsala í 6 kaupstöðum af 13, þá geta íbúarnir losað sig við þær með atkvæðagreiðslu hvenær sem er, og slíkt hefur verið gert, en vínveitingahús, sem búið er að leyfa í skjóli þessarar lagabreytingar, sem hér á að koma, geta þeir ekki losað sig við, ef þessi till. verður samþykkt.

Ég held ég hafi tekið rétt hér eftir áðan hjá hv. frsm. 10. þm. Reykv., nei, það mun hafa verið hv. 4. þm. Vestf., að þetta sé sérstaklega gert vegna Hafnarfjarðar. Ég missti af því, hver það er í Hafnarfirði, sem er að óska eftir vínveitingahúsi þar. Ég held, að það sé ekki bæjarstjórnin samt, en einhver er að óska eftir því, og það eru engar fréttir, þó einhver finnist í Hafnarfirði svipaðs sinnis og þessir fimm hv. þm. En það hefur átt sér stað, að Hafnfirðingar hafa fellt með atkvgr. að hafa hjá sér áfengissölu í neinu formi. Nú á að ganga fram hjá því. Ég sé ekki ástæðu til þess að tala lengur um þessa till., ég held, að það liggi alveg ljóst fyrir öllum, hvað er meint með henni. En þá kemur till. á þskj. 419. Hún er ekki flutt af allshn., hún er flutt af fimm hv. þm. Þar er lagt til að heimila bruggun og sölu á áfengum bjór, ef meiri hl. alþingiskjósenda, sem greiða atkv., samþykki það við þjóðaratkvgr., sem á að fara fram að ári. Sams konar till. kom fram í frumvarpsformi fyrir 3 árum, nema að þar var ekki gert ráð fyrir þjóðaratkvgr. Það frv. var fellt hér í hv. deild með 23 atkv. gegn 16, að viðhöfðu nafnakalli þá. Þegar slík till. sem þessi kemur fram, þá hlýtur maður að spyrja að því, enda hefur oft verið um það spurt, í hvaða tilgangi er hún flutt, tillagan um áfenga bjórinn? Því að varla er hún tilgangslaus. Og ég vil spyrja hv. flm. þessarar till. nú, í hvaða tilgangi flytja þeir tillöguna? Ég held, að það geti ekki verið um nema tvenns konar tilgang að ræða, annaðhvort er hún flutt til þess að draga úr áfengisneyzlu í landinu eða hún er til þess að auka hana. Annar tilgangur getur ekki verið með henni. Og verði þessi till. samþykkt, þá er það öllum ljóst, að afleiðingin verður annaðhvort aukin áfengisneyzla eða minnkuð áfengisneyzla. Hingað til hafa þessar till., sem hvað eftir annað hafa verið fluttar, strandað á því, að alþm. hafa ekki talið það vera til bóta að samþykkja slíkt. Alfreð Gíslason læknir og fyrrv. alþm. hefur kynnt sér þessi mál sérstaklega, hvaða áhrif neyzla áfenga bjórsins hefur haft í nágrannalöndum okkar. Hann hefur skrifað um þetta mjög fróðlega ritgerð, sem er óprentuð enn, og hann hefur leyft mér að lesa yfir þessa ritgerð og taka upp úr henni, ef mér sýndist svo. Ég vil nú leyfa mér, með leyfi hæstv. forseta, að lesa hér stuttan kafla úr þessari ritgerð læknisins um þetta efni. Hann segir:

„Árið 1959 voru að tilhlutun Norðurlandaráðs skipaðar nefndir, er athuga skyldu áfengismálin í norrænum höfuðborgum, öðrum en Reykjavík. Nefndirnar létu þegar fara fram rannsókn á drykkjuvenjum unglinga, hver í sinni höfuðborg, og eru niðurstöður fróðlegar á marga lund. Áfengisneyzla ungmenna reyndist misjöfn í hinum ýmsu höfuðborgum, og mest í Kaupmannahöfn. Þegar tekið var meðaltal, voru 60% drengja á aldrinum 14 ára farnir að neyta áfengis, 80% 16 ára pilta og 90% þeirra, er voru 18 ára. Það kom fram, að flestir drengjanna byrjuðu með öldrykkju, tóku síðan til við vínið og enduðu á sterkum drykkjum. Í Osló drekka 14 ára áfengisneytendur nærri eingöngu bjór, en í Kaupmannahöfn reynist helmingurinn þegar kominn í kynni við brenndu drykkina. Við 18 ára aldur hafa um 20% áfengisneytenda í Osló, Stokkhólmi og Helsingfors aldrei bragðað sterka drykki, en í Kaupmannahöfn aðeins 8%. Þar er bjórdrykkjan meiri og almennari en í öðrum höfuðborgum Norðurlanda, og þar sem annars staðar byrja börnin á öli, en lenda fyrr í neyzlu vína og sterkra drykkja."

Enn fremur segir í þessari ritgerð:

„Víða í bæjum og borgum þykir mikið kveða að drykkjuskap um helgar. Þá ganga ölóðir menn berserksgang og valda spjöllum á almannafæri, svo og í

heimahúsum, og fangageymslurnar yfirfyllast af drykkjurútum. Þannig er þetta í Svíþjóð og talið vandamál. Þar var það margra álit, að orsök ófarnaðarins væri einhliða neyzla sterkra drykkja og að ráðið til úrbóta væri að fá menn til að drekka létt vín og bjór í stað brennivíns. Þessi skoðun hlaut hljómgrunn hjá ráðamönnum þar í landi. Í samræmi við þennan skilning á vandamálinu var í Svíþjóð gerð mikil rýmkun á bjórsölu fyrir liðlega 3 árum. Síðan hafa matvöruverzlanir mátt selja áfengt öl, að vissum skilyrðum uppfylltum, og þessi mikla rýmkun ásamt verðlækkun á léttum vínum átti að verða til þess, að úr drægi neyzlu brenndra drykkja og þá um leið úr ofurölvun. Áhrif þessara ráðstafana eru nú tekin að koma í ljós. Bjór- og vínneyzla hefur aukizt til muna þessi síðustu ár, en gagnstætt von manna dregur ekki úr neyzlu sterku drykkjanna. Drykkjulæti eru jafnmikil um helgar og áður var, hin aukna öl- og víndrykkja dreifist á alla daga vikunnar. Þeir, sem fyrr drukku sig fulla í vikulok, gera það enn og hafa einungis bætt ölinu á sig aðra daga vikunnar. Þá vekur það athygli, hversu fyrrverandi drykkjumönnum reynist erfiðara en áður að standast áfengisfreistingar, og er því um kennt, að áfengt öl blasi nú við, svo að segja í hverri búð. Loks er þess getið, að nú eftir aðeins 3 ár frá því rýmkað var um bjórsölu, er í Svíþjóð tekið að brydda á hreinni bjórofdrykkju, sem áður þekktist þar lítt. Frá þessari dapurlegu reynslu segir sænskur læknir nýlega í tímaritsgrein, Alkohol-frågan, 9. hefti, 1968. Þessi læknir segir: Ölalkoholism visar ökning senare åren, – en þessi læknir, sem Alfreð Gíslason vitnar til, er Klaus Sjöberg, sem er læknir við geðsjúkrahús í Svíþjóð. — Áfengi bjórinn kemur þannig ekki í stað brennivínsins, heldur til viðbótar því. Í Svíþjóð eru fáanlegar öltegundir mismunandi að áfengismagni. Sú tegund, sem leyfð var frjáls sala á síðustu árin og hér er getið um, hefur 3½% vinanda miðað við rúmmál. Hins vegar er sterkur bjór þar 5,6%, og er sala hans takmörkunum háð.

Fyrir nokkru ákváðu sænsk stjórnvöld að gera staðbundna og tímabundna tilraun með frjálsa sölu þessa sterka öls. Tilraunin hófst í nóv. 1967 og skyldi standa þangað til í des. 1968 og takmarkast við tvö lén, Gautaborg, Bohus og Värmland. Í júní 1968, hálfu ári fyrr en til stóð, var tilrauninni snögglega hætt, svo slæm varð reynslan. Drykkjuskapur magnaðist á þessum stöðum og horfði til vandræða vorið 1968. Það var bjórdrykkja unglinga, sem einkum olli áhyggjum og beinlínis knúði ríkisstj. til að kippa að sér hendinni.

Í maí 1965 bar það til tíðinda í Danmörku, að ölgerðarmenn gerðu verkfall, og stóð það í 6 vikur. Reynt var að bæta fólki þetta upp með innfluttu öli, en samt dró mikið úr bjórneyzlu í landinu þennan tíma. Afleiðingin varð minnkandi drykkjuskapur og kom m. a. fram í því, að tala umferðarslysa af völdum ölvaðra ökumanna lækkaði um þriðjung fyrstu verkfallsvikurnar."

Þetta er það, sem ég hef tekið upp úr hinni óprentuðu ritgerð Alfreðs Gíslasonar læknis. Hér er ekki um að villast, að neyzla áfenga bjórsins, sem átti að draga úr neyzlu sterkra drykkja, gerði það ekki, heldur varð neyzlan hrein viðbót við fyrri áfengisneyzlu. Ekki er hitt síður athyglisvert, að í höfuðborgum þessara nágrannalanda okkar hefur neyzla áfenga bjórsins komið því til leiðar, að 60% af 14 ára drengjum eru orðnir áfengisneytendur og 80% þeirra, sem eru orðnir 16 ára að aldri. Nú kunna menn að segja, að í þessum löndum sé miklu frjálsari sala á áfengum bjór en gert er ráð fyrir í till. á þskj. 419, en því frjálsari sem salan á áfenga bjórnum er, því meir hefði hún þá átt að draga úr neyzlu sterku drykkjanna, en hún dró ekkert úr neyzlu þeirra. Allt varð þetta viðbót. Auðvitað mundi reynslan hér á landi verða alveg sú sama, ef þá ekki verri. Það vantar svo sem ekki, að með áfengislögunum, sem hér eru til umr., er bannað að selja eða veita unglingum áfengi, samkvæmt till. allshn., sem þessi hv. deild er búin að samþykkja, ætla ég, að það sé ekki ofmælt, að þeir, sem mestu áhrifin hafa á það, hvort unglingar neyta áfengis, séu vínsalarnir sjálfir, vínveitingahúsin og vínverzlanirnar. Þessir aðilar eiga að dæma um það, hvort unglingarnir sýna nokkur eða engin skilríki fyrir því, hvort þeir hafa leyfi eða heimild til að kaupa áfengi. Þeir eiga að meta það sjálfir, sem selja áfengið. Þannig er nú búið að breyta frv. Ég held, að áfengi bjórinn verði ekki síður unglingunum tiltækur en sterka vínið er nú, og mér dettur í hug, að næturklúbbarnir muni nú ekki láta sitt eftir liggja.

Ég get ekki látið hjá líða, þegar ég minnist á þessi mál, að minna á frv., sem flutt var á Alþ. 1932 um sama efni, um bruggun og sölu á áfengu öli. En um það frv. sagði páv. forsrh., Tryggvi Þórhallsson, í þingræðu, með leyfi hæstv. forseta:

„Frv. ætti að geta fengið fulla afgreiðslu nú þegar við þessa umr., því að mínu áliti er ekki um margt að ræða í sambandi við það. Það er ástæðulaust að fara út frá því að tala um kreppuráðstafanir og öflun ríkistekna og því um líkt. Það eina, sem hér er um að ræða, er hinn aukni drykkjuskapur í landinu, sem af því mundi leiða, ef leitt yrði í lög, að brugga skuli og selja áfengt öl. Sumpart mundi það auka drykkjuskapinn strax og sumpart leggja grundvöll að vaxandi drykkjuskap í framtíðinni. Þessi afleiðing yfirgnæfir svo allar aðrar ástæður með og móti frv., að um þær ætti ekki að þurfa að ræða. — Ölið mundi vekja drykkjufýsnina hjá ungum mönnum, verkamönnum og skólapiltum. Eins og Spánarvínið hefur reynzt kvenfólkinu hættulegt, mundi ölið reynast unglingum og öðrum, sem lítil peningaráð hafa."

Þetta voru orð hins merka manns, en það hafa fleiri merkir menn látið til sín heyra um, hvaða áhrif mundu verða af sölu og bruggun á sterkum bjór hér í landinu. Síðast í morgun birtist merk grein eftir einn af mætustu borgurum þessa þjóðfélags, að ég ætla, Helga Ingvarsson, fyrrv. yfirlækni á Vífilsstöðum. Ég hygg, að hv. þm. muni virða orð hans í þessu máli a. m. k. eins mikils og ýmissa annarra, svo mikils virtur er hann og vandaður á allan hátt, og að það megi treysta honum til nokkurrar leiðsagnar í þessu máli, ekki síður en þjóðin treysti honum til leiðsagnar í að útrýma berklaveikinni á Íslandi. Ég vil lesa stuttan kafla úr þessari grein, með leyfi hæstv. forseta, sem Helgi Ingvarsson skrifar og birt er í morgun. Hann segir:

„Að undanförnu hafa till. um sölu áfengs bjórs ýmist verið felldar eða dagað uppi á Alþ. Sennilega hefur meiri hl. alþm. þótt viðurhlutamikið að bera persónulega ábyrgð á því, að einu viðbrögð Alþ. í áfengismál-

um væru þau að auka á fjölbreytni áfengistegunda, sem eingöngu gæti orðið til þess að fjölga áfengisneytendum og auka drykkjuskap í landinu. Margir óttast líka og ekki að ástæðulausu, að bjórinn yrði tálbeita fyrir unglinga og þá drykkjumenn, sem eru að berjast við að reyna að hætta allri áfengisneyzlu. Gamlir drykkjumenn fúlsa heldur ekki við bjórnum. Af 130 mönnum, sem handteknir voru vegna ölvunarafbrota á tilteknu svæði í Englandi, neyttu 18% eingöngu bjórs og léttra víntegunda. Nú hafa nokkrir alþm. fundið upp á því klókindabragði að bera fram till. um þjóðaratkvgr. um bruggun bjórs. Með þessu yrði ábyrgðinni af afköstum bjórsins velt af einstökum þm. yfir á þann ópersónulega fjölda, sem ljær bjórnum lið sitt. Úrslit í almennri atkvgr. um hömlur á áfengissölu í Keflavík og Vestmannaeyjum geta gefið bjórmönnum nokkra von um framgang þessa áhugamáls þeirra. Mér er óskiljanlegt, að ábyrgir aðilar skuli leggja kapp á að knýja fram þá breytingu á áfengislöggjöfinni, sem líkleg er til að auka á drykkjuskap. Sannast að segja er hér eins og víðast annars staðar slíkt sinnuleysi og öngþveiti ríkjandi í áfengismálum, að full þörf er á, að sem flestir legðust á eitt til að reyna að finna ráð til útbóta." Þetta voru orð Helga Ingvarssonar yfirlæknis.

Nú kunna menn að segja, að í þessum löndum, nágrannalöndunum, sem ég hef vitnað til og birt upplýsingar um, að í þessum löndum sé frjálsari sala á áfengum bjór heldur en gert er ráð fyrir í þeirri till., sem liggur fyrir á þskj. 419. En ég ætla, eins og ég sagði áðan, að það breyti harla litlu vegna þess, að ástandið er almennt svo, að þeir, sem ætla sér og vilja ná í þennan drykk, hvort sem er bjór eða sterkt vín, geta það eins og löggjöfinni er háttað og á að verða háttað eftir þessa meðferð að þessu sinni hér á Alþ.

Að sjálfsögðu verður því á lofti haldið og hefur þegar verið gert, að samkv. till. á þskj. 419 um áfenga ölið eigi að fara fram þjóðaratkvgr. og það sé sannarlega réttmætt, að þjóðin fái að ráða. En þrír af fimm flm. þessarar till. fluttu fyrir þremur árum frv. um bruggun og sölu á áfengu öli, og ekki hugkvæmdist þeim þá, að þörf væri á þjóðaratkvgr. Þeir höfðu ekkert við það að athuga þá, að Alþ. réði úrslitum þessa máls eins og annarra þingmála. En það frv. var, eins og áður er sagt, fellt með miklum atkvæðamun, og þess vegna er nú gripið til þess ráðs að reyna að koma málinu fram með till. um þjóðaratkvgr. eins og yfirlæknirinn frá Vífilsstöðum bendir á, af því sennilega, að hv. flm. hefur ekki þótt líklegt, að þeim tækist að koma málinu fram hér á Alþ., án þess að slíkt ákvæði væri. En sé þörf á þjóðaratkvgr. um þetta mál, hversu oft hefði þá ekki átt að fara fram þjóðaratkvgr. um mikilsverð og afdrifarík mál á undanförnum árum og áratugum? Þjóðaratkv. getur verið nauðsynlegt eða réttmætt, ef um sérstök stórmál er að ræða. En því aðeins er réttmætt að leggja spurningu fyrir þjóðina, sem á að svara játandi eða neitandi, að hverjum og einum sé gert sem allra auðveldast að gera sér grein fyrir, hvað er þjóðinni fyrir beztu í málinu. Hér á þjóðin að svara, hvort brugga eigi og selja áfengan bjór í landinu. Er þá ekki viðbúið, að fjöldi manna hugsi sem svo: Vonandi minnkar drykkjuskapurinn og þá sérstaklega hjá unglingum, þegar þeir geta valið sér þetta saklausa öl í staðinn fyrir sterku vínin, og þess vegna svara ég játandi. Ég ætla, að svo geti farið um mikinn fjölda manna. Og svona hugsuðu Svíar líka og ekki aðeins almennir borgarar, heldur yfirvöldin sjálf. En hvernig fór? Reynslan hjá þeim varð dýrkeypt. Eiga svo Íslendingar að falla í sömu gröfina? Eða er það eitthvað betra að gera það með þjóðaratkvgr., ef illa á að fara? Og þá er aðalatriðið fyrir mér í þessu máli það, að mig hryllir við, ef íslenzkir foreldrar eiga von á því, áður en langt um líður, að 60% af 14 ára drengjunum þeirra verði orðnir áfengisneytendur eins og er í höfuðborgum nágrannalandanna. Eða hvaða ástæðu höfum við til að ætla, að betur fari hér?

Þjóðaratkv. hefur ekki farið fram á Íslandi í 25 ár eða síðan þjóðin greiddi atkv. um endurreisn lýðveldisins og fullveldi 1944. Í þessi 25 ár hefur Alþ. haft mörg stórmál og jafnvel örlagarík mál til meðferðar. Samt hefur engin þjóðaratkvgr. farið fram um þau. En nú á 25 ára afmæli fullveldisins kemur fram mál á Alþ., sem flm. þykir svo mikilsvert, að því hæfi ekki lakari eða óvirðulegri meðferð en ákvörðuninni um fullveldið. Og málið er áfengur bjór. Ég verð að segja það, að mér er forvitni á að sjá, hverjir verða sammála flm. í þessu efni.

Ég gat þess hér áður, að tilgangurinn með flutningi till. á þskj. 419 um áfengt öl hlyti að vera annaðhvort sá að draga úr áfengisneyzlu í landinu eða auka hana. Það getur ekki verið neinn tilgangur þar á milli. Ég hef sýnt fram á, að reynsla nágrannaþjóðanna er sú, að áfenga ölið auki hana og það svo mikið sem bjórdrykkjunni nemur, að meiri hl. 14 ára skólapilta í höfuðborgum fjögurra Norðurlanda eru orðnir áfengisneytendur vegna áfenga ölsins, og í Kaupmannahöfn t. d. eru 9 af hverjum 10 18 ára piltum, sem höfðu vanið sig á öldrykkju, orðnir neytendur sterku drykkjanna. Og nú liggur fyrir till. á þskj. 419 um áfengan bjór á Íslandi. Hvernig á þá að svara spurningunni: Er till. flutt til þess að draga úr áfengisneyzlu í landinu eða til að auka hana? Getur það verið, að reynsla nágrannaþjóðanna hafi farið fram hjá flm. þessarar till.? Ég ætla mér ekki að bera þeim það á brýn. Þvert á móti hygg ég, að þeim sé ekki síður kunnugt um reynslu nágrannaþjóðanna í þessum efnum en mér. Og af þessu dreg ég þá ályktun, að till. sé ekki flutt til þess að draga úr áfengisneyzlu í landinu. Hv. flm. munu gera sér það ljóst, að áfengisneyzlan muni aukast sérstaklega meðal æskufólks. Ég geri ráð fyrir, að þeir líti svo á, að það geri þjóðinni ekkert til, ef þeir líta þá ekki svo á, að það sé til bóta, því að annars flyttu þeir ekki þessa till. Alþm. er að sjálfsögðu frjálst að hafa hvaða skoðun, sem þeim sýnist í hverju máli og fylgja henni fram. Hér eru skiptar skoðanir um það, hvort aukin áfengisneyzla, sérstaklega æskufólks, verði þjóðinni til góðs eða ekki. Ég mun síðar en svo harma það, að þjóðin fái ótvíræða mynd af því, hvernig alþm. líta á það mál. Niðurlag till. á þskj. 419 er ákvæði til bráðabirgða svo hljóðandi, með leyfi forseta:

„Ríkisstj. er skylt að láta á árinu 1970 fara fram þjóðaratkvgr. meðal alþingiskjósenda um, hvort þeir vilji leyfa tilbúning og sölu áfengs öls samkv. því, sem segir í 7. gr. Ef meiri hl. þeirra, er atkvæði greiða, er samþykktur, öðlast 7. gr. gildi. Við þjóðaratkvgr. skal fara eftir lögum um kosningar til Alþingis, eftir því sem við á."

Þarna stendur „ef meiri hl. þeirra, er atkvæði greiða, er samþykktur“. Ég veit ekki, hvað þetta er. Ég held, að þetta hljóti að vera prentvilla og eigi að vera „samþykkur“. Eða hver ætti að samþykkja meiri hl.? Þetta hlýtur að vera prentvilla og eigi að vera „samþykkur“. Og þá lít ég svo á, að mgr. sé svona: „Ef meiri hl. þeirra, sem atkvæði greiða, er samþykkur, öðlast 7. gr. gildi“.

Ég vona, að hv. flm. leiðrétti þetta, ef það er röng tilgáta hjá mér, að þarna sé um prentvillu að ræða. En nú vil ég spyrja: Ef meiri hl. þeirra, sem atkvæði greiða, er ekki samþykkur, hvað þá? Það er svo sem augljóst. 7. gr. öðlast þá ekki gildi. Hún öðlast aðeins gildi, ef meiri hl. þeirra, er atkvæði greiða, er samþykkur áfenga bjórnum. Annars öðlast 7. gr. ekki gildi. Ég vil vekja athygli hv. þm. á þessu orðalagi þarna í till. Þetta er nefnilega alveg óvenjulegt. Það er talsvert meira í 7. gr. en það, sem stendur í þessu plaggi. Það stendur m. a. í 7. gr., að bannað skuli að brugga eða selja áfenga drykki á Íslandi. Þá fellur þetta niður. Ekki veit ég, hvort þetta bráðabirgðaákvæði er orðað svona af ásettu ráði eða ekki. Ég ætla ekkert að dæma um það. Ég ætla ekki einu sinni að gizka á það. En sé þetta orðað svona af ásettu ráði, þá fer nú till. að verða viðameiri en mönnum hefur kannske dottið í hug. Þá verður niðurstaðan þessi: Ef þjóðin samþykkir við almenna atkvgr. bruggun og sölu á áfengum bjór, þá fær þjóðin hann. En ef þjóðin samþykkir hana ekki, þá er ekki lengur bannað að brugga áfenga drykki, og þá mun heldur ekki standa á áfenga bjórnum. Niðurstaðan verður sú sama, hvort sem þjóðin samþykkir eða fellir till. um áfengan bjór.

Þetta er snilldarlega orðað. Það þarf alveg sérstaka hugkvæmni til þess að geta orðað till. á Alþ. á þennan veg, ef þetta er ekki fyrir einhverja handvömm. Ég segi, að ef þetta er gert af ásettu ráði, er það held ég einsdæmi um orðalag á till., sem flutt er á Alþingi. Að geta komizt að sömu niðurstöðu, hvort sem menn eru með eða móti, það er laglega af sér vikið. En ef þetta verður samþ. eins og till. er þarna úr garði gerð og ég hef nú bent hv. þm. á, þá fer 8. gr. l. að verða einkennilegt fyrirbrigði í íslenzkri löggjöf. Ég ætla ekki einu sinni að fara yfir þá gr.

Þetta frv., áfengislagafrv., sem hér liggur fyrir til 3. umr. eins og það var flutt og eins og það er enn eftir tvær umr., er þannig úr garði gert að mínum dómi, að það skiptir litlu máli, hvort það er samþ. eða fellt. Þótt frv. verði að lögum eins og það er nú eftir 2. umr., þá held ég, að enginn maður muni merkja hina minnstu breytingu til bóta á áfengismálum þjóðarinnar. En verði brtt. á þskj. 419, sem ég hef núna gert að umtalsefni, bráðabirgðaákvæðið, samþ. og svo einnig vinveitingahúsin í kaupstöðunum hjá fólkinu, sem vill ekki hafa þau, ef þetta verður hvort tveggja samþ., þá skiptir það ekki litlu máli, hvort frv. í heild verður samþ. þannig eða ekki. Ég býst við meira að segja, að það verði mjög eftirminnilegt, ef það yrði samþ. þannig. Það vakti athygli mína strax við 1. umr. málsins, eins og ég gat um þá, hvernig á því gæti staðið, að hv. allshn. flytti óumbeðið frv., sem nm. lýstu jafnframt yfir, að þeir hefðu enga afstöðu tekið til, og skömmu síðar flutti n. margar brtt. við sitt eigið frv. og enn lýstu nm. því yfir, að þeir hefðu enga afstöðu tekið til þeirra till. Þetta vakti athygli mína, og ég hef ekki fengið neina skýringu á þessu fyrr en nú. Nú tel ég mig hafa fengið hana. Ég held, að skýringin sé sú, að a. m. k. sumir hv. nm. hafi séð, að frv., sem fyrir þá var lagt og þeir voru beðnir að samþykkja, að n. flytti, var hvorki fugl né fiskur. Það var meinlaust og gagnslaust, og þeir sáu enga ástæðu til þess að fara að neita því að tengja nafn n. við frv., enda held ég, að frv. sjálft sé ekkert annað en umbúðir, umbúðir um kjarna, kjarnann á þskj. 419, og hv. áhugamönnum um áfenga bjórinn hafi þótt rétt að sýna ekki kjarnann fyrr en við síðustu umr. í þessari hv. d. Lengur gátu þeir ekki dregið að sýna hann, og nú er hann hér. En hv. allshn. hefur ekki tengt sitt nafn við þá till. En hvernig ætli standi á því, að till. um áfenga bjórinn kemur ekki fram fyrr en á síðasta stigi, við síðustu umr. málsins hér í hv. d.? Mig grunar, að það sé vegna þess, að það hafi ekki átt að brenna sig á sama soðinu og fyrir þremur árum, þegar frv. var flutt þá, að gefa fólki víðs vegar um landið tóm til að frétta a. m. k. af þessu frv. eða till. og senda mótmæli, eins og það gerði þá. En þá drifu að mótmælin. Mig minnir, að það hafi verið um 30 eða yfir 30 félagssamtök og stofnanir í landinu, sem sendu þá mótmæli, enda tók málið sinn tíma, fyrst rætt við 1. umr., síðan vísað til n. og loks rætt við 2. umr. Þetta tók sinn tíma eins og gengur og gefur að skilja. En nú þykir hv. flm. heppilegra, að till. um áfenga bjórinn komi aldrei til n. Og það tekst þeim með því að flytja hana við 3. umr. Þannig hafði fólk almennt í landinu lítið svigrúm til þess að kynna sér málið. En samt hafa komið mótmæli, þótt skammur væri tíminn síðan þessi till. kom í dagsins ljós. Ég sé, að í gærdag hafa Alþ. borizt mótmæli víðs vegar að af landinu gegn till. um áfenga bjórinn frá 35 félagssamtökum og stofnunum víðs vegar um land. En í dag fyrir hádegi bárust síðan mótmæli, eins og hæstv. forseti las hér upp. Erindin eru 23. Ég get ekki sannprófað, hvort þau eru öll gegn áfenga bjórnum, en mér er tjáð, að þau séu það. Af 36 erindum, sem nefnd voru af stóli forseta í gær, var eitt um kvensjúkdómadeild, en 35 mótmæli gegn áfenga bjórnum. Hér eru nú erindi, sem eru 23 talsins og komu fyrir hádegi, en eins og ég sagði áðan, get ég ekki fullyrt um, hvort þau eru öll mótmæli gegn áfenga bjórnum. En líti maður yfir listann, bendir margt til þess. Sérstaklega er áberandi, hvað félagssamtök kvenna víðs vegar um landið hafa mótmælt hér sterklega. Það er yfirgnæfandi, hvað konur mótmæla þessari till., ungmennafélög, slysavarnafélög, bindindisfélög og áfengisvarnanefndir og félög áfengisvarnanefnda.

Þá ætla ég, að komið hafi mótmæli frá Sambandi ísl. barnakennara og e. t. v. fleiri kennarasamtökum, sem ég hef ekki haft tækifæri til að kynna mér enn sem komið er. Svona eru undirtektirnar, jafnvel þótt örskammur tími líði frá því að till. var flutt. En hvar eru meðmælin með till.? Senda engir Alþ. bendingu um, að það sé nauðsynlegt að samþykkja þetta mál? Ekki gerðu þeir það 1966. Það kom ekki ein einasta rödd til Alþ. til stuðnings bjórfrv. þá. Og ekki er ein einasta rödd komin enn fram, hvað snertir þetta mál mér vitanlega.

Ég tel rétt að þessu sinni að orðlengja ekki meira um þær till., sem hér liggja fyrir. Það gengur sinn gang að sjálfsögðu, þetta mál, gegnum hv. d. eða til atkv. í

þessari hv. d. eins og önnur mál. Ég bíð rólegur eftir þeim úrslitum, sem um þetta verða, en ég er ánægður að einu leyti, eins og ég hef reyndar nefnt áður. Ég er mjög ánægður yfir því að fá rétta og ótvíræða mynd af skoðunum hv. þm. hvers og eins í málinu. Því fagna ég. Þessa mynd fengum við fyrir þremur árum, og mér er ánægja í að fá þá mynd enn á ný.

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. Nú er hringt stóru bjöllunni. 5 hv. þm. leggja fram till. á þskj. 419 um þjóðaratkvgr. Fyrirliði þeirra er hv. 10. þm. Reykv., Pétur Sigurðsson. Meðreiðarmenn hans eru hv. 2. þm. Reykn., Jón Skaftason, hv. 4. þm. Vestf., Matthías Bjarnason, hv. 8. landsk. þm., Steingrímur Pálsson og hv. 5. þm. Norðurl. v., Björn Pálsson.

En um hvað á þessi atkvgr. að vera? E. t. v. um nýja stjórnarskrá handa lýðveldinu? Ýmsir munu mæla, að kominn sé tími til þess að athuga það mál og greiða um það atkvæði. Eða um nýjar leiðir í skóla- og menningarmálum, heilbrigðismálum eða jafnvel efnahagsmálum, sem eru eilíft vandamál? Nei. Það er ekkert af þessu, sem þeir vilja láta greiða atkvæði um. Fimmmenningarnir vilja láta þjóðina segja til um það með almennri atkvgr., hvort hún óski eftir meiri áfengisneyzlu í landinu. Áfengið hefur sína fylgifiska og ekki fallega. Það er óþarfi að lýsa þeim. Ef til kemur, verður atkvgr. um það, hvort gefa eigi þessu fylgdarliði áfengisins aukinn byr í seglin.

Mér þykir sennilegast, að persónulegar þrár flm. liggi að baki till. Líklega eru þeir þyrstir, og trúlega eru þeir haldnir minnimáttarkennd vegna þess, að líkamlegt vaxtarlag þeirra sé öðruvísi en þeir vilja hafa það. Þeir búast við að verða betur metnir af samtíðarfólki, ef þeir verða gildari um miðjuna, hafa heyrt, að öldrykkju fylgdu stærri magar, svonefndar bjórvambir, og telja þær eftirsóknarverðar.

En þurfa fimmmenningarnir endilega að þamba öl til þess að fá kúlur framan á sig? Geta þeir ekki notað eitthvað af þeim mörgu áfengistegundum, sem fást hér í vínverzlun ríkisins? Þeir munu svara því til, að vegna þess að þeir drykkir eru sterkir, sé tæplega hægt að drekka nógu mikið magn af þeim. En geta þeir þá ekki brugðið á ráð Bárðar gamla á Búrfelli að þynna mjaðarskömmina með vatni? Bárður fór með sinn kút að bæjarlæknum og bætti þar í hann, en tillögumennirnir munu allir hafa vatnsleiðslur í sínum húsum, svo að blöndunin getur orðið þeim auðveldari en Bárði. Falli hinum fimm hv. þm. ekki þetta ráð, má benda þeim á annað. Þegar þingi lýkur í vor, gætu þeir farið til Kaupmannahafnar og gengið þar á ölkrár næsta sumar. Ef þeir stunda vel drykkjuna, gætu þeir sennilega verið búnir að fá álitlegar kúlur framan á sig á næsta hausti, þegar Alþingi kemur saman, gætu þá komið til þings hressir og pattaralegir, allvel gildir um miðbikið, lausir við vanmáttarkenndina og vel færir til löggjafarstarfa.

Það er alldýrt fyrirtæki að láta fara fram þjóðaratkvgr. Kostnaður ríkisins við þetta er töluverður, og svo eru dagsverk kjósendanna. Í samanburði við þetta eru það smámunir einir, þó að tillögumennirnir fimm verði utanlands næsta sumar í persónulegum erindum fyrir sig. Ég er viss um, að allt slampast af og jörðin heldur áfram að snúast, þó að þessir fimm dándismenn verði fjarri sínu föðurlandi í fáeina mánuði. En brtt. þeirra tel ég ósköp kjánalegan samsetning og legg til, að hún verði felld.

Jón Skaftason: Herra forseti. Ég hafði, satt að segja, ekki ætlað að taka þátt í þessum umr. að þessu sinni, þar sem ég hef verið að undanförnu að reyna að afla mér upplýsinga, sem enn þá hafa ekki borizt, réttra upplýsinga um reynslu þeirra þjóða, sem skyldastar okkur eru, af milliölinu og sterka ölinu og hvaða áhrif það hefði haft á neyzluvenjur og víndrykkju í þessum löndum. Ég á von á að fá nýjar upplýsingar um þetta atriði frá Svíþjóð, en því miður eru þær ekki enn þá komnar, þannig að ég hafði hugsað mér að bíða með að taka til máls um þetta mál, þar til þær upplýsingar eru fengnar. En ég kemst þó ekki hjá því vegna ræðna tveggja flokksbræðra minna úr eldri deild flokksins að segja hér nokkur orð um þær ræður. Ég er farinn í gegnum nokkuð mörg ár að kannast við þann tón, sem ég heyrði í þeim, hvernig sumir gefa sér forsendur og halda heilar ræður út frá forsendum, sem hvergi eru til staðar nema í þeirra eigin hugarheimi, enda niðurstaðan oft eftir því. En þetta er nú kannske innanríkismál í þeim flokki, sem ég tilheyri, og skal ég ekki fara að flíka því mjög hér.

Ég verð að segja það, að vinur minn, hv. 1. þm. Vestf., flutti hér alleinkennilega ræðu, og er þá ekki mikið sagt. Mér fannst, að á ýmsum sviðum væri málflutningur hans ærið mótsagnakenndur. Tímans vegna skal ég aðeins víkja að þessu örfáum orðum, ekki fara út í öll þau atriði, sem ástæða væri til að víkja að, heldur aðeins nokkur. Hann harmaði mjög þá breytingu, sem lagt væri til að gerð yrði á gildandi lögum um, hvaða skilyrði þyrftu að vera fyrir hendi til þess, að veitingahús í 1. flokki gætu öðlazt vínveitingaleyfi. Og hann komst að þeirri niðurstöðu, að ef þessi brtt., sem flutt er á þskj. 396, yrði samþ., væri þar með verið að koma hlutunum þannig fyrir, að vínveitingahús í kaupstöðum gætu selt áfengi í óþökk meiri hluta bæjarbúa, eins og hann orðaði það og hneykslaðist hann eðlilega mjög á því. Hins vegar virtist það ekki valda honum neinum hrellingum eða hneykslan að virða að vettugi þjóðarvilja, ef meiri hluti þjóðarinnar við atkvgr. lýsti því yfir, að hann væri því samþykkur og teldi til bóta frá því ófremdarástandi, sem nú ríkir í áfengismálunum, að leyfa sölu á léttu öli í landinu eftir nákvæmlega sömu reglum og nú gilda um sölu á sterku áfengi. Honum fannst ástæðulaust, að meiri hluti þjóðarinnar fengi tækifæri til þess að segja sína skoðun á þessu máli, og honum fannst ekkert athugavert heldur við það, þó sú skoðun þjóðarinnar, sem kæmi fram í atkvgr., yrði að engu metin. Hv. þm. sagði: Í hvaða tilgangi er till. fimmmenninganna flutt? Og hann komst að þeirri skynsamlegu niðurstöðu, að annaðhvort vekti fyrir okkur að auka á áfengisneyzluna í landinu með því að leggja til, að leyfð yrði framleiðsla á léttum bjór ellegar þá að við gerðum okkur væntanlega vonir um að minnka áfengisneyzluna. Þetta er rétt hjá hv. þm. Öðrum hvorum þessum kosti er til að dreifa. En hv. þm. var ekki í miklum vafa sjálfur um það, hver niðurstaðan yrði af þessu, ef létt öl yrði framleitt í landinu og leyft til sölu. Hann flutti um það atriði nokkuð langa ræðu og vitnaði þar í ýmsa mæta

menn, og skal ég ekkert fara á þessu stigi málanna að rífast um það við hann. En ég vil benda honum á, að það eru ýmsir aðrir og ekkert ómerkari menn, sem hafa alveg þveröfugar skoðanir á áhrifum þess á vínneyzluna í löndunum. Og meðan hv. þm. var að tala og flokksbróðir hans, sem talaði á eftir, las ég í fljótheitum yfir mjög athyglisverða skýrslu, sem birtist í Nordisk Kontakt, 5. hefti 1969 á bls. 306, um reynsluna af þessu í Svíþjóð. Þetta hefti liggur hér frammi á borðum allra þm., og getur hver og einn lesið þetta og kynnt sér af eigin reynd, hver reynslan er þar sögð hafa verið af tilkomu ölsins í Svíþjóð. Ég þýddi nokkur atriði úr þessari skýrslu, meðan hv. þm. var að tala og í ónákvæmri og óvandaðri þýðingu ætla ég, með leyfi hæstv. forseta, að lesa upp efnisleg atriði úr þeirri skýrslu. Yfirskrift skýrslunnar er „Áfengissalan minnkar í Svíþjóð". Undirfyrirsögn er „Óróa hjá brennivínsframleiðendum og kartöfluframleiðendum". Það er undirfyrirsögnin. Í inngangi skýrslunnar segir:

„Með mikilli gleði tilkynntu sænsk áfengismálayfirvöld þann 20. febr. s. l., að vínsalan árið 1968 hefði verið sú lægsta síðan verkfallsárið 1963. Sala sænsku áfengisverzlunarinnar minnkaði á árinu 1968 um 4.4% eða í 50.4 milljarða lítra. Það vill segja, að minnkun frá árinu 1967 er um 2.3 milljarða lítra."

Þetta er nýjasta reynsla Svía af árinu 1968, borið saman við árið 1967. Enn fremur segir í skýrslunni m. a. þetta:

„Yfirstjórn áfengismálanna lýsti yfir mikilli ánægju með fráhvarfið frá sterku drykkjunum til léttu drykkjanna, og forsvarsmenn bindindishreyfingarinnar voru að sjálfsögðu mjög ánægðir."

Síðar í þessari skýrslu segir enn fremur, að meðal þeirra, sem mótmæltu þessari þróun, væri að sjálfsögðu formaður samtaka sænskra brennivínsframleiðenda. Hv. þm., sem töluðu hér á undan mér, létu báðir að því liggja, hvor á sinn hátt að vísu, að fyrir okkur flm. brtt., sem hér er verið að ræða, lægi það að auka á þau vandræði, sem hér væru til staðar vegna neyzlu áfengis. Það er auðvelt að gera mönnum upp tilgang með flutningi mála. En ég vil biðja þessa hv. ágætu þm. að athuga nú betur, áður en þeir leyfa sér að staðhæfa hluti, sem þeir gerðu áðan, þá reynslu, sem ég var hér að lýsa og fengizt hefði í Svíþjóð. Það er enginn vandi að draga upp sorglegar myndir af áhrifum neyzlu áfengis á unglinga og raunar alla þá, sem þess neyta í óhófi. Áfengið er til staðar í landinu. Því verður ekki breytt nema með banni, og enginn hér á hv. Alþingi hefur, meðan ég hef hér setið, lagt það til eða talið það framkvæmanlegt að banna algerlega sölu á áfengum drykkjum í landinu.

Ég tel það vera. eins og sagt er í hnefaleikum, að berja fyrir neðan beltisstað, þegar tveir síðustu ræðumenn voru að láta að því liggja, að við vildum með tillöguflutningi okkar auka á þetta vandamál. Ég þori að fullyrða, að við ætlumst allir til þess og við trúum því, þar til reynslan afsannar það, að með tilkomu létta ölsins muni fara hér, kannske ekki alveg í upphafi, en mjög fljótlega þannig, að ekki einasta dragi úr neyzlu áfengisins, heldur verði neyzlan sjálf miklu mennilegri heldur en hún er í dag við þau ákvæði, sem eru gildandi um sölu áfengisins. Ég skal verða fyrstur manna til að draga réttar ályktanir af þeirri reynslu, sem við fáum væntanlega eftir 2—3 ár, ef leyft verður að selja létt öl í landinu. Sjái ég fram á það og séu færð fyrir því rök, að það geri ástandið, illt ástand, enn þá verra, þá skal ekki standa á mér að breyta til þeirra reglna, sem í gildi eru í dag. En ég trúi því enn þá, að ef framleiðsla á léttu öli verður leyfð, munum við bæta ástand þessara mála í landinu, en ekki gera það verra. Það er aðalatriðið. En á þessu stigi málanna ætla ég ekki að lengja þessar umr. mikið meira.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 78. fundi í Nd., 17. apríl, var fram haldið 3. umr. um frv.

ATKVGR.

Brtt. 419,1 felld með 18:17 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GÞG, IG, JóhH, JSk, JP, MB, PJ, PS, SP, EKJ, BGr, BF, BBen, BP, GuðlG, GunnG, SB.

nei: HV, JónasÁ, LJós, MK, MÁM, SI, SE, SkG, SV, VH, ÞÞ, ÁÞ, BGuðm, BrS, RG, EystJ, GeirG, JJ.

HS greiddi ekki atkv.

4 þm. (IngJ, BK, EðS, FÞ) fjarstaddir.

3 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Ingvar Gíslason: Herra forseti. Ég er að meginstefnu talsmaður þess, að þjóðaratkvæðis sé leitað oftar og í fleiri málum en hér tíðkast. Allsherjaráfengisbanni var komið á hér á landi að afstaðinni þjóðaratkvgr. árið 1909. Áfengisbanni að undanskildu ölbanni var aflétt að afstaðinni þjóðaratkvgr. árið 1934. Það er í samræmi við íslenzka hefð og áfengislöggjöf að leita til þjóðarinnar í heild eða íbúa einstakra sveitarfélaga um það, hvort áfengi skuli selt í landinu eða einstökum sveitarfélögum eða ekki. Ég tel persónulega ekki bót að því að selja áfengt öl á Íslandi og mun í þjóðaratkvgr. greiða atkv. gegn afnámi ölbannsins, ef til slíkrar atkvgr. kemur. Hins vegar fæ ég ekki skilið þá meinbægni að ætla að hindra lýðræðislega kosningaraðferð, þegar hennar er kostur í viðkvæmu deilumáli, sem ekki er pólitísks eðlis. Þjóðin á að dæma í þessu máli milliliðalaust. Ég segi já.

Stefán Valgeirsson: Herra forseti. Þótt ég sé því fylgjandi, að þjóðaratkvgr. verði látin fara fram um ýmis mál, er miklu skipta fyrir þjóðina, þá tel ég, að bjórinn sé ekki í flokki þeirra mála og fráleitt með öllu að samþykkja, að þjóðaratkvgr. verði látin fara fram um bjórinn, meðan það er ekki gert um þau mál, sem mestu skipta. Það kann að vera, að sumir hafi trú á því, að bjórdrykkja muni bjarga þjóðinni út úr þeim vandræðum, sem viðreisnarstefnan hefur komið henni í, en gæti ekki brugðið til beggja vona og er líklegt, að vaxandi ölæði verði til þess að endurreisa okkar þjóðlíf? Ég tel, að það séu önnur mál, sem meira er aðkallandi að finna lausn á, eins og nú er komið fyrir þjóðinni, og segi ég því nei.

Vilhjálmur Hjálmarsson: Því fer víðs fjarri, að ég hafi svo auðugt ímyndunarafl, að ég geti talið mér trú um, að áfengisvandamálið leysist, þó að við verði bætt nýrri tegund áfengis. Enn fremur tel ég þetta mál hvergi

nærri svo stórt, að forsvaranlegt sé að efna til þjóðaratkvgr. um það, og segi því nei.

Brtt. 422 felld með 19:10 atkv.
— 396,11 samþ. með 19:6 atkv.
— 397,1 felld með 19:7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JónasÁ, LJós, SE, SkG, SV, VH, ÁÞ.

nei: JóhH, JSk, JP, MK, MB, MÁM, PJ, PS, SP, EKJ, BGr, BF, BBen, BGuðm, GuðlG, GunnG, GÞG, HV, SB.

BP, BrS, RG, EystJ, GeirG, JJ, HS, IG greiddu ekki atkv.

6 þm. (SI, ÞÞ, BK, EðS, FÞ, IngJ) fjarstaddir.

Brtt. 396,2 samþ. með 22 shlj. atkv.
— 397,2 felld með 15:12 atkv.
— 396,3 samþ. með 23 shlj. atkv.
— 419,2 kom ekki til atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 24 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 41. fundi í Sþ., 18. apríl, var frv. útbýtt frá Ed. eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 484).

Á 76. fundi í Ed., 21. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til allshn. með 14 shlj. atkv.

Á 84., 85. og 86. fundi í Ed., 2., 5. og 6. maí, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 88. fundi í Ed., 8. maí, var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 484, n. 593, 578, 594, 623).

Frsm. (Jón Þorsteinsson): Herra forseti. Frv. þetta til breyt. á áfengislögum, sem er allumfangsmikið mál, hefur alllengi verið til meðferðar á hv. Alþ., en það hefur nú legið svo að segja tvo vetur í Nd., hlaut ekki afgreiðslu þar á þinginu í fyrra, en nú fyrir skömmu var það afgr. úr Nd. hingað til hv. Ed. Ég hygg, að menn ættu að geta orðið sammála um, að það sé nauðsyn á að fara að ljúka þessu máli og afgreiða þennan lagabálk og kannske alls óviðeigandi að láta þetta mál vera miklu lengur til meðferðar Alþ. og mikil nauðsyn að reyna að ljúka því á þessu þingi, þó að vissulega sé ekki hægt að neita því, að Ed. hafi hér æðiskamman tíma til stefnu til þess að kryfja svo viðamikið mál til mergjar og óhjákvæmilegt sé að hraða afgreiðslunni hér og tími vinnist ekki til þess að athuga þetta mál eins gaumgæfilega og efni gætu staðið til. Auk þess, þar sem mjög er nú orðið stutt til þingslita, þá verður á það að líta, að alltaf er sá möguleiki fyrir hendi, að hér verði gerðar breyt. á þessu frv., þannig að það þurfi aftur að fara fyrir Nd., áður en málinu verður endanlega lokið.

Þetta frv. er upphaflega samið af mþn., sem Alþ. kaus á árinu 1964. Það frv., sem sú n. samdi, var síðan lagt fram í Nd. af allshn., en allshn. þeirrar d. mun hafa gert einhverjar breyt. á hinu upphaflega frv. mþn., áður en það var lagt fram. Síðar hafa svo í meðförum Nd. orðið ýmsar breyt. á frv., og ég skal ekki rekja hér, hvernig og frá hvaða tíma þessar breyt. eru eða hvað upphaflega kom frá mþn., hvað frá allshn., sem breytti því, áður en hún lagði það fram, og hvaða breyt. hafi síðan orðið í Nd., ég skal ekki fara að sundurliða það hér, heldur að ræða frv., eins og það nú liggur fyrir.

Þetta frv. liggur hér fyrir Ed. á tveimur þskj., þ. e. a. s. á þskj. 382 og þskj. 484. Það er vissulega nokkuð óaðgengilegt fyrir hv. dm., að menn skuli ekki hafa frv. í þeim búningi, sem það nú er, á einu skjali og verða þess vegna að lesa saman tvö skjöl til þess að átta sig á því, hvernig málið stendur.

Eins og sjá má, eru hér gerðar margvíslegar breyt. á áfengislöggjöfinni. Menn geta kannske haft skiptar skoðanir um það, hvort þessar breyt. séu út af fyrir sig róttækar, og sú breyt., sem róttækust var og kom fram í Nd., var þar felld, tillaga um þjóðaratkvæðagreiðslu um sterka bjórinn.

Ég skal nú leitast við að gera grein fyrir því í stuttu máli, í hverju helztu breyt. frá gildandi löggjöf eru fólgnar í þessu frv. Í nokkrum ákvæðum þessa frv. er einungis um þá breyt. að tefla, að sett er inn Áfengis- og tóbaksverzlun ríkisins í staðinn fyrir Áfengisverzlun ríkisins, og þarf ekki að fjölyrða um þá breyt. Einnig eru nokkur ákvæði um breyt. á sektum, þar sem krónutala sekta er yfirleitt nokkuð hækkuð, og tel ég ekki þörf á að gera þau ákvæði sérstaklega að umtalsefni.

En þá skal ég víkja að öðrum breyt., sem í þessu frv. felast. Það er þá fyrst 5. gr. frv., sem í sinni núverandi mynd er á þskj. 484 og er breyt. við 12. gr. gildandi áfengislaga. En í upphafi 12. gr. áfengislaga, eins og þau eru nú, segir: „Í kaupstöðum, þar sem áfengisútsala er, getur dómsmrh. veitt veitingahúsum leyfi til vínveitinga, þegar eftirtalin skilyrði eru fyrir hendi.“ — Þarna er í lögunum tekið skýrt fram: í kaupstöðum, þar sem áfengisútsala er, þannig að óheimilt hefur verið samkv. áfengislögum að veita vínveitingaleyfi veitingahúsum í kaupstöðum, þar sem áfengisútsala er ekki. Hins vegar er þessu breytt hér með 5. gr. frv., en í því segir, að dómsmrh. sé heimilt að veita veitingahúsum leyfi til vínveitinga, þegar eftirfarandi skilyrði eru fyrir hendi: að veitingahúsið hafi á boðstólum mat og fjölbreytta óáfenga drykki við hóflegu verði, og að veitingahúsið sé fyrsta flokks, að því er snertir húsakynni, veitingar og þjónustu. Þarna er sem sagt fellt niður það skilyrði, að það þurfi að vera áfengisútsala á þeim stað, þar sem veitingahúsið er.

Svo kemur enn fremur í niðurlagi þessarar 5. gr. frv. ákvæði, þar sem segir, að áður en vínveitingaleyfi er veitt, skuli leita umsagnar bæjarstjórnar eða sýslunefndar í þeim kaupstað eða sýslu, er í hlut á, og ráðh. er óheimilt að veita slíkt leyfi, ef hlutaðeigandi bæjarstjórn eða sýslunefnd reynist leyfisveitingu mótfallin. Og í niðurlagi þessarar 5. gr. segir: Utan kaupstaða er einungis heimilt að veita vínveitingaleyfi á þeim árstíma, sem heimsóknir erlendra ferðamanna eru að jafnaði mestar, þ. e. á tímabilinu frá 1. júní til 30. sept. Þetta á sem sagt við utan kaupstaða. En þetta er nokkuð breytt frá gildandi lögum, því að í 12. gr. áfengislag-

anna segir um þetta, að það sé heimilt utan kaupstaða að uppfylltum áður greindum skilyrðum að veita veitingahúsum leyfi til vínveitinga, ef telja má, að veitingahúsareksturinn sé aðallega fyrir erlenda ferðamenn. Þá er sem sagt ekki tiltekinn í lögunum neinn sérstakur árstími, eins og er í frv.

Þá er næsta breyt., sem ég vil gera hér grein fyrir. Það er 7. gr. frv. Hún er á þskj. 484, og í henni felst breyting við 14. gr. gildandi áfengislaga í fyrsta lagi varðandi lokun áfengisbúða. Í þessari gr. laganna hafa verið taldir upp þeir dagar, sem áfengisverzlanir eiga að vera lokaðar: 1. maí, 17. júní, sumardagurinn fyrsti o. s. frv., en þarna í frv. er bætt við fyrsta mánudeginum í ágúst, þ. e. frídegi verzlunarmanna. Og í C-lið 7. gr. frv. er sett fram nýtt ákvæði til viðbótar 14. gr. laganna, en í síðustu mgr. þessarar 14. gr. segir í gildandi lögum:

„Lögreglustjórum er heimilt að loka áfengisútsölu eða banna vínveitingar á veitingastöðum, sem leyfi hafa til áfengisveitinga, fyrirvaralaust um lengri eða skemmri tíma, þegar sérstaklega stendur á. Áfengisverzlun ríkisins eða veitingamaður, sem í hlut á, getur skotið ákvörðun lögreglustjóra til dómsmrh."

En hér er bætt við: „Á sama hátt er lögreglustjórum heimilt, ef sérstaklega stendur á, að banna um stundarsakir afhendingu áfengissendinga, þ. á m. úr pósti." Þetta ákvæði hygg ég að sé sérstaklega sett vegna verstöðvanna og síldarbæjanna, þar sem í fyrsta lagi kann nú að vera, að engin áfengisútsala sé, og í landlegum fá menn pantað vín annaðhvort í pósti eða á annan hátt, og jafnvel þar sem áfengisútsölur eru, en þeim er svo með þessu skilyrði lokað, þá vilja menn bæta sér þetta upp með því að fá sendar í skyndingu stórar sendingar, og það var talið, sérstaklega af lögreglustjórum á þessum stöðum, að það væri alveg nauðsynlegt að fá þessa viðbótarheimild til þess að þetta bann 14. gr. kæmi að fullum notum, þegar það á við.

Næsta breyting, sem ég ætla að gera hér að umtalsefni, er við 16. gr. áfengislaganna, þ. e. 9. gr. frv. á þskj. 382, en í henni segir:

„Áfengi má ekki afhenda né veita neinum, sem er bersýnilega ölvaður. Óheimilt er að selja þeim manni áfengi, sem sekur hefur gerzt um óleyfilega sölu eða bruggun áfengis. Skylt er að tilkynna útsölustöðum Áfengis- og tóbaksverzlunar ríkisins jafnóðum, hverjir gerzt hafa sekir um ólöglega sölu eða bruggun áfengis."

Þetta er í sjálfu sér ekki sérstakt nýmæli, sem ég hef enn lesið, en það er áframhaldið, sem segir í þessari 9. gr. frv.:

„Yngri mönnum en 20 ára má ekki selja, veita eða afhenda áfengi með nokkrum hætti. Ávallt þegar ástæða er til að ætla, að kaupandi eða viðtakandi áfengis hafi ekki náð þessum aldri, skal sá, sem selur, veitir eða afhendir það, láta hlutaðeiganda sanna aldur sinn á þann hátt að sýna nafnskírteini með mynd eða á annan fullnægjandi hátt."

Aðalbreytingin hér er sú, að aldursmörkin eru lækkuð úr 21 ári niður í 20 ár og er það að sjálfsögðu til samræmis við þær breytingar á aldursmörkum, sem gerðar hafa verið á undanförnum árum að því er varðar kosningarrétt og kjörgengi, lögræði, hjúskap og annað þess háttar, og var auðvitað talið eðlilegt, að við það aldursmark yrði einnig miðað hér, þ. e. að 21 ár yrði lækkað í 20 ár eins og undir öðrum tilvikum. Í þessari gr., sem ég las, er líka hert nokkuð á þessu, þannig að það er tekið fram, að yngri mönnum en 20 ára megi ekki selja, veita eða afhenda áfengi með nokkrum hætti. En þetta er nýmæli og kveðið þarna nokkuð fastara að orði heldur en í gildandi lögum.

Þá er næsta breyting, sem ég geri hér að umtalsefni, 10. gr. frv. á þskj. 382, og það er einkum b-liðurinn, en í þessari 10. gr. felst breyting við 17. gr. áfengislaga, en við þá grein skal bæta nýrri mgr. svo hljóðandi samkv. frv.: „Áfengissendingar skulu greinilega merktar þannig, að séð verði á umbúðum, að innihald sendingarinnar sé áfengi ætlað til neyzlu. Nú leikur vafi á, hvort áfengi sé í sendingu, og skal þá hlutaðeigandi afgreiðslumaður, þ. á m. póstafgreiðslumaður, neita að taka við sendingu." Það er auðvitað nauðsynlegt í sambandi við það, sem áður er fram komið, að hægt er að stöðva afgreiðslu áfengissendinga úr pósti eða áfengissendinga yfirleitt, hvort sem það er úr pósti eða á annan hátt, að áfengissendingarnar séu greinilega merktar.

Þá kem ég að 11. gr. frv., sem er á þessu sama þskj. 382. Í henni felst breyting við 19. gr. áfengislaga, og með þessari 11. gr. er lagt til, að ný mgr. bætist aftan við 19. gr., sem hljóði þannig:

„Ökumönnum leigubifreiða og annarra almenningsbifreiða er bannað að taka ölvuð ungmenni yngri en 20 ára til flutnings í bifreiðum sínum eða leyfa þeim áfengisneyzlu þar. Þó skal heimilt að flytja slík ungmenni án tafar til heimila þeirra, til lögregluyfirvalda og á sjúkrahús. Þá er ölvaður maður óskar flutnings með leigubifreið eða annarri almenningsbifreið, eða farþegi í slíku farartæki neytir áfengis í því, skal bifreiðarstjóri krefjast þess, að hlutaðeigandi sanni aldur sinn með nafnskírteini með mynd eða á annan fullnægjandi hátt, ef hann hefur ástæðu til að ætla, að hlutaðeigandi hafi ekki náð 20 ára aldri."

Ég hygg nú, að þetta ákvæði sé upphaflega tilkomið vegna almennrar ölvunar ungmenna á útiskemmtistöðum á sumrin og menn hafi litið svo á, að þarna vantaði nauðsynlega lagaheimild til að hamla gegn þessu. Kann að vera álitamál, hvort það sé alls kostar auðvelt að framkvæma þessa lagagr., eins og hún hljóðar hér.

Þá kem ég að 12. gr. frv., en í henni felast breytingar við 20. gr. laganna. Við þessa 20. gr. á samkv. frv. að bæta tveimur nýjum mgr. sem hljóða þannig:

„Bannað er að bera með sér áfengi inn á veitingastað, annað en það, sem þangað er flutt til heimilla veitinga. Á sama hátt er bannað að bera með sér áfengi út af veitingastað."

Þetta hefur ekki áður verið í lögunum, en ég geri nú ráð fyrir, að eftir slíkum reglum hafi verið farið, þó að þær hafi e. t. v. ekki stuðzt við alveg skýra lagaheimild. En það er 2. mgr. þessarar 12. gr., sem er ein þýðingarmesta breytingin við þessi lög, en í henni segir: „Ungmennum yngri en 18 ára er óheimil dvöl eftir kl. 8 að kvöldi á veitingastað, þar sem vínveitingar eru leyfðar, nema í fylgd með foreldrum sínum eða maka. Dyraverðir, eftirlitsmenn og framreiðslumenn skulu láta ungmenni, er koma á slíka staði eða dveljast þar eftir kl. 8 að kvöldi án samfylgdar foreldra sinna eða maka,

sanna aldur sinn á þann hátt að sýna nafnskírteini með mynd eða á annan fullnægjandi hátt, enda sé ástæða til að ætla, að hlutaðeigandi hafi ekki náð 18 ára aldri.“

Það er þá fyrst þessi regla, að ungmennum yngri en 18 ára sé óheimil dvöl eftir kl. 8 að kvöldi á veitingastað, þar sem vínveitingar eru leyfðar. Þetta er aðalreglan eftir frv. og undantekningar einungis leyfðar, ef þessi ungmenni eru í fylgd með foreldrum sínum eða maka. Ég hygg, að á veitingastöðum hafi gilt sú regla, að það megi hleypa inn ungmennum allt niður í 16 ára aldur. Í áfengislögunum eins og þau eru nú er að vísu sagt, að ekki megi veita neinum, sem er yngri en 21 árs áfengi, en í lögunum hefur ekki, að því er ég bezt fæ séð, verið sett nein regla niður á við, sem segir, hvað menn mega yngstir koma þarna inn. Um þetta efni hefur verið farið eftir lögreglusamþykktum, sem, held ég, almennast leyfa 16 ára ungmennum og eldri að fara á veitingastaði, þó að vín sé haft þar um hönd. Að vísu munu kannske einhverjir vínveitingastaðir hafa sett sjálfir aðrar reglur og jafnvel í sumum tilfellum ekki hleypt þeim, sem eru yngri en 21 árs, inn. Þetta er auðvitað mikið vandamál, eins og allir sjá, að á veitingastað, þar sem vín er haft um hönd og vínveitingar eru heimilar, skuli reglan vera sú, að þeir, sem eru orðnir 21 árs, mega kaupa þar áfengi og neyta þess, en hinir, sem hafa rétt til að vera þar og eru yngri, hafa ekki rétt til þess að njóta þar áfengisveitinga. Það er auðvitað alveg augljóst mál, að þetta hlýtur að vera mjög örðugt í framkvæmd og fyrir þá, sem reka veitingahús og vinna við veitingastarfsemi á slíkum stöðum, má segja, að þetta hljóti eiginlega að vera nær óframkvæmanlegt að gæta lagareglnanna að þessu leyti. En það má þó segja, að miðað við það, sem verið hefur, þar sem 21 árs menn mega njóta áfengis, en 16 ára unglingar mega koma inn, sem ég hygg að sé nú aðalreglan, þó að þetta kunni nú að vera eitthvað breytilegt eftir stöðum, og ég þekki þetta nú ekki svo nákvæmlega, að ég geti fullyrt þetta alveg, þá má segja, að bilið minnkar þó anzi mikið með þessu frv., þannig að nú mega þeir, sem eru 20 ára, neyta áfengis og þeir, sem eru yngri en 18 ára, mega ekki koma inn á staðina nema alveg í sérstökum undantekningartilfellum, þegar þeir eru í fylgd með foreldrum eða maka, þannig að það má vissulega segja, að samkv. frv. sé nokkuð dregið úr vandanum, þó að hann sé alls ekki leystur að fullu.

Þá vík ég að 13. gr. frv. Hún snertir eingöngu kjör áfengisvarnaráðunauts og segir þar, að hann taki laun samkv. kjarasamningum opinberra starfsmanna.

Um 14. gr. er nú ekkert sérstakt að segja. Þar er einungis vitnað til laga um meðferð ölvaðra manna og drykkjusjúkra og breytinga, sem gerðar hafa verið á þeim, frá því að áfengislögunum síðast var breytt á Alþ.

Í 15. gr. þessa frv. er nýmæli, sem segir, að dómsmrh. sé heimilt að fela félagsmálaráði Reykjavíkur störf áfengisvarnanefndar í Reykjavík að nokkru eða öllu leyti. Ráðh. kveður á um starfssvið í reglugerð. Skipan félagsmálaráðs, fjöldi ráðsmanna og kjörtímabil ákvarðast af borgarstjórn Reykjavíkur. Það er eðlilegt, þar sem í Reykjavík hefur verið stofnað sérstakt félagsmálaráð, sem fer með störf áfengisvarnanefndar og reyndar fleiri, þá sé þessi lagabreyting þörf og ráðinu heimilað að fara með áfengisvarnir samkv. áfengislögum.

Önnur ákvæði skal ég ekki fara hér út í. Það, sem eftir er að rekja, varðar nær eingöngu brot á lögunum, þar sem krónutala sekta er hækkuð, eins og eðlilegt er, og auðvitað sett sektarákvæði við þeim nýmælum, sem í þessu frv. greinir.

Þessu frv. var vísað til allshn., og ræddi allshn. það nokkuð, þó að tími væri heldur naumur til stefnu miðað við það, að þetta mál þarf helzt að afgreiðast frá þessu þingi. Ég hygg, að einstakir nm. hafi nokkuð mismunandi skoðanir á þessu frv. eða einstökum ákvæðum þess, og niðurstaðan í n. varð því sú í þessu máli, eins og oft vill verða undir hliðstæðum kringumstæðum, að n. mælti með því, að þetta frv. yrði samþ., en einstakir nm. áskildu sér þó allan rétt til þess að flytja brtt. við frv. eða fylgja brtt. við það, sem fram kynnu að koma.

Pétur Benediktsson: Herra forseti. Það var með hangandi hendi, að ég skrifaði undir nál., sem mælti með samþykkt þessa frv. Þó má náttúrlega segja, að það skipti ekki miklu máli, þótt fáeinum vitlausum greinum sé bætt við heimskulegustu löggjöf þessa lands, áfengislögin. Að þessu sinni kemur þó það sjaldgæfa fyrir, að ein gr. af viti er í frv., og það er hún, sem gerir það að verkum, að ég mæli með samþykkt þess. Það er nú erfitt, eins og málið er búið í hendur hv. þd., að segja, um hvaða grein maður er að tala. Það mun vera 16. gr. frv., en 33. gr. laganna, bókstafur b, 4. mgr., 1. tölul., sem orðist svo: „Flytji skip hingað ólöglega áfengi, svo að telja megi það verulegan hluta af farmi þess, er heimilt að gera skipið upptækt handa ríkissjóði.“ Þetta með heimildina er nýmæli í lögunum. Hingað til var það skylda, og einn af mínum ágætu kjósendum varð fyrir barðinu á þessu. Hann hafði leigt öðrum bát sinn til fiskveiða. Það næsta, sem hann fréttir um skipið, er, að þá er það úti í Belgíu og hlaðið af smygluðu áfengi. Mannaumginn átti engan þátt í þessu, það vissu allir, en það þurfti að náða hann af refsingu fyrir glæp, sem hann hafði aldrei framið. En skv. frv. verður nú heimilt – aðeins heimilt – að framfylgja þessum grimmdarákvæðum, og ég skil það þannig, að sú heimild verði ekki notuð, nema eigandi skipsins sé annaðhvort í vitorði með smyglurunum eða taki þátt í leik, þar sem hann, góður og skynsamur maður, hlaut að sjá, hvað væri á seyði. Annars verði þessi heimild ekki notuð.

Burtséð frá þessu og þeirri raunhæfu breytingu að setja orðin „Áfengis- og tóbaksverzlun ríkisins“ í staðinn fyrir „Áfengisverzlun ríkisins,“ þá skipta nú hin ákvæðin ekki mjög miklu máli í framkvæmdinni. Því að vitanlega fer um þessi ákvæði eins og önnur ákvæði áfengislaganna — það dettur engum ófullum manni í hug að fara eftir þeim. Þau verða jafnmargir dauðir bókstafir eins og núv. áfengislöggjöf. Það er ekki skortur á refsiákvæðum og lagaheimildum fyrir yfirvöldin, sem gerir það að verkum, að það er tæplega komandi á veitingahús hér að kvöldi til fyrir drukknum ungmennum, sem liggja þar á gólfinu eða þvælast að borðum manna. Það er ekki það, að það skorti lögin, það skortir viljann til að framkvæma lög, sem gefa allt of víðar heimildir og órýmilegar heimildir.

Ég nennti nú ekki að fara að eltast við margt í frv., en

samt fannst mér ég samvizku minnar vegna verða að gera ofurlitlar aths., þar sem nú á að fara að bæta þremur flokkum við löggæzlulið þessa lands, sem sagt póstmönnum, leigubílstjórum og veitingaþjónum. Allir þessir menn eiga að geta hlaupið á eftir manni og heimtað nafnskírteini og þeir eiga að geta látið merkja sendingar, sem manni eru sendar, með leiðindaáletrunum, og einn flokkur þeirra á að geta frestað afhendingu á löglegum sendingum. Þá má ekki lengur koma drukknu ungmenni heim til kunningja þess og láta það sofa úr sér, og ég veit ekki hvað og hvað. En út af þessu öllu er ég með sex smátillögur.

Sú fyrsta er við 7. gr. frv., en hún tekur í sjálfu sér einnig til 10. gr. þess. Hún segir, að í staðinn fyrir það, að þarna er gert ráð fyrir því í 7. gr., að lögreglustjórum sé heimilt, þegar sérstaklega stendur á, að banna um stundarsakir afhendingu áfengissendinga, þ. á m. úr pósti, þá vil ég takmarka þessa heimild, að það megi ekki tefja nema í einn sólarhring í senn slíkar lögmætar sendingar til manna, og ef grunur leikur á, að sending, sem ekki er merkt sem áfengissending, innihaldi áfengi, þá megi lögreglustjóri eða fulltrúi hans heimta, að sendingin sé opnuð í hans viðurvist, en ella gæti hann tafið afhendinguna. En skv. frv. eiga póstmenn að leika löggæzluvöld yfir mönnum. Þessa brtt. mína álít ég vera afar nauðsynlega til verndar persónufrelsi viðtakenda póstsendinganna.

Þá kemur 9. gr. Hún er töluvert umfangsmikil, því að hún er alger umorðun á 16. gr. laganna, þar sem í dag standa margir staðlausir stafir. T. d. hefst, með leyfi hæstv. forseta, 2. mgr. 16. gr. þannig, eins og hún er í frv.: „Óheimilt er að selja þeim manni áfengi, er sekur hefur gerzt um óleyfilega sölu eða bruggun áfengis. Skylt er að tilkynna útsölumönnum Áfengis- og tóbaksverzlunar ríkisins jafnóðum, hverjir gerzt hafa sekir um óleyfilega sölu eða bruggun áfengis.“ — Á þá að dæma þann, sem einu sinni hefur gerzt bruggari, til ævilangrar bruggunar eða ævilangs bindindis? Eða á hann að taka þátt í þeim yfirdrepsskap, sem er alls staðar kringum þessi lög, að vera með sendisvein til að fara inn í áfengisverzlunina fyrir sig? Hverjum dettur í hug, að nokkur maður hafi neitað sér um áfengi út af þessum lagabókstaf? Að þetta hafi stöðvað kaup á einni einustu flösku? Dettur nokkrum manni í hug, að nokkur útsölumaður áfengis hafi nokkurn tíma litið í þessa spjaldskrá, sem þarna er gert að skyldu að færa? Vitanlega ekki. Þetta er þvættingur, sem ekki á að hafa í lögum. Og síðan segir seinna í þessari sömu gr., að yngri mönnum en 20 ára má ekki selja, veita eða afhenda áfengi með nokkrum hætti. Það er alveg nóg að gefa þarna fyrirmæli til Áfengis- og tóbaksverzlunar ríkisins og vínveitingahúsa. Þess vegna vil ég orða 16. gr. í heild þannig: „Útsölur Áfengis- og tóbaksverzlunar ríkisins og vínveitingahúsa mega ekki afhenda ölvuðum mönnum áfengi. Ekki mega þessir aðilar heldur selja eða veita yngri manni en 20 ára áfengi. Ef vafi leikur á um aldur manns, verður hann að geta sannað sitt mál með nafnskírteini eða á annan fullnægjandi hátt.“ Þetta sýnist mér framkvæmanlegt. Við skulum reyna að halda okkur á jörðinni og reyna að setja lög um það, sem er framkvæmanlegt í þessum efnum.

Þá kemur 10. gr. Þar vil ég fella niður seinni málsl. Það er þetta sama, sem ég var að tala um áðan með póstsendingarnar. Og 11. gr. vil ég fella niður með öllu. Það er kjánaleg hnýsni og óþarft og að mínu viti mjög heimskulegt ákvæði, sem á að fara að lögfesta.

Þá er 15. gr. Það er nú meinlaust, smáhortittur, sem þarf að leiðrétta. Það stendur í henni í sambandi við félagsmálaráð í Reykjavík: „Ráðh. kveður nánar á um starfssvið í reglugerð.“ Þarna hlýtur náttúrlega að vera átt við starfssvið félagsmálaráðsins að þessu leyti, því að það er Reykjavíkurbær, sem skipar félagsmálaráðið og ákveður þess almenna starfssvið. Ég hugsa, að það geti ekki orðið ágreiningur um þessa brtt.

Og þá er 20. gr. Þar er aftur verið að gera hlutina strangari að óþörfu heldur en þeir þurfa að vera, og þess vegna legg ég til, að hún sé felld niður.

Páll Þorsteinsson: Herra forseti. Ég hef leyft mér að bera fram á þskj. 623 brtt. við þetta frv. og vil gera grein fyrir efni þessara brtt. með nokkrum orðum.

Þetta frv., sem hér er nú til 2. umr., hefur fengið mikinn undirbúning og á sér nokkuð langan aðdraganda. Ég ætla, að upphaf þessa máls hafi verið það, að á þinginu 1965 komu fram nokkrar till., sem snertu áfengismál og miðuðu að því að veita aukið aðhald um áfengisneyzlu, einkum meðal ungmenna, en menn höfðu það fyrir augum, að áfengisnautn virtist fara vaxandi bæði á samkomustöðum og í hópferðum úti í náttúru landsins og höfðu orðið óhöpp af þessum sökum. Ein af þeim till., sem flutt var í þessu efni, var frá Magnúsi Jónssyni, núv. hæstv. fjmrh., þar sem hann lagði til, að skipuð yrði nefnd sjö alþingismanna til þess að endurskoða áfengislöggjöfina. Þessi till. var samþykkt og mþn. kosin. Og þetta frv. er árangur af starfi þessarar mþn. Þegar frv., sem hún samdi, var fyrst flutt á þinginu 1966, fylgdu því mörg fskj., þar sem rökstuðningur fyrir efni frv. og upplýsingar um mörg mikilvæg atriði, sem mþn. hafði aflað sér af hálfu manna, sem eru mjög kunnugir þessum málum og framkvæmd þeirra. Eitt af þeim ákvæðum, sem höfundar frv. tóku upp, var það, að ungmennum innan tiltekins aldurs skyldi óheimil dvöl eftir kl. 8 að kvöldi á veitingastað, þar sem vínveitingar eru leyfðar, nema í fylgd með foreldrum sínum eða maka. Segja má, að þetta ákvæði skerði nokkuð frelsi ungmenna til þess að njóta skemmtunar á 1. flokks veitingahúsum í kaupstað, sem fengið hafa vínveitingaleyfi. En til þess að koma nokkuð til móts við það sjónarmið, var einnig í frv. mþn. ákvæði þess efnis, að hvert veitingahús, sem vínveitingaleyfi hefur, skuli halda uppi fullkominni þjónustu án vínveitinga a. m. k. eitt laugardagskvöld af hverjum fjórum eftir kl. 8 síðdegis samkv. reglum, er ráðh. setur að fengnum till. áfengisvarnaráðs.

En við meðferð málsins í hv. Nd. var þetta ákvæði fellt niður úr frv. mþn. Nokkrir hv. þm., sem sæti eiga í Nd., hafa í sambandi við afgreiðslu málsins á þessu þingi beitt sér fyrir því að taka þetta ákvæði inn í frv., en það náði ekki nægu fylgi í hv. Nd. til þess að það yrði samþ. Ég hef leyft mér að taka þessa till. upp og vil freista þess að leita eftir vilja þessarar hv. þd. um hana og vona, að hún taki hv. Nd. fram í þessu efni og samþykki þetta ákvæði, sem stóð í hinu upphaflega frv., sem mþn. samdi, eins og ég hef áður sagt.

Þá flyt ég brtt. við 9. gr. Það er, að við gr. bætist svo hljóðandi ákvæði: Verði ungmenni innan 20 ára aldurs uppvíst að ölvun, skulu viðkomandi lögregluyfirvöld þegar í stað rannsaka, hver selt hafi eða veitt því áfengi og skulu hinir seku sæta refsingu skv. 45. gr. þessara laga. „Á skal að ósi stemma" er fornt orðtak, og það er að sjálfsögðu mjög nauðsynlegt að setja reglur, sem reisa skorður við því, að áfengi verði ungmennum að fótakefli. En eitt af því, sem þarf að gefa gætur í því efni að mínum dómi, er að fylgjast með því, hvar ungmenni, sem ekki hafa leyfi til þess að fá áfengi keypt skv. ákvæðum þessa frv., kunna að hafa fengið aðstöðu til að ná í það og neyta áfengisins. Og miðar þetta ákvæði, sem ég nú mæli fyrir, að því að auðvelda rannsókn á því, hver selt hafi eða veitt áfengið og að greiða fyrir því, að sá, sem slíkt hefur gert, sæti refsingu fyrir skv. nánari ákvæðum 45. gr.

Ég vil loks gera að umtalsefni með nokkrum orðum 5. gr. frv., eins og hún er nú á þskj. 484, en þar er um að ræða breytingu á 12. gr. áfengislaga. Hv. frsm. allshn. rakti nokkuð, í hverju þessar breytingar eru fólgnar frá gildandi lögum, og þarf ég því ekki að fara langt út í það efni. En ég vil aðeins drepa á það, að eins og lögin eru nú, er áfengisútsala leyfð einungis í kaupstað, og áður en áfengisútsölu er komið á fót, þarf almenna atkvæðagreiðslu í því sveitarfélagi eða í þeim kaupstað, sem í hlut á, og áfengisútsala verður því aðeins sett á fót í kaupstaðnum, að meiri hl. atkvæða hafi fallið á þann veg, að slíkt leyfi skuli veitt. Og í lögunum, eins og þau eru nú, er samhengi að þessu leyti þannig, að vínveitingaleyfi er einungis hægt að veita húsum, veitingahúsum, á stöðum, þar sem áfengisútsala hefur verið leyfð, og ef atkvæðagreiðsla er síðan endurtekin og þar verður samþykkt að leggja áfengisútsölu niður í kaupstað, skal vínveitingaleyfi veitingahúss, sem þar starfar og hefur áður fengið umrætt leyfi, falla úr gildi. Frá þessu er aðeins ein undantekning, sú, að ef veitingahús hefur aðallega þá starfsemi með höndum að veita erlendum ferðamönnum, geti það veitingahús fengið sérstakt leyfi til þess að hafa vínveitingar um hönd, meðan þjónustan er aðallega bundin við erlenda ferðamenn. Með þessari 5. gr. frv. er gerð sú breyting á þessari skipan, að það á að vera heimilt að veita vínveitingaleyfi veitingahúsum utan kaupstaða á stöðum, þar sem áfengisútsala hefur ekki verið leyfð. Til þess þarf ekki skv. frvgr. atkvæðagreiðslu kosningarbærra manna í sveitarfélaginu, sem í hlut á, heldur einungis samþykki sýslunefndar, og þessi leyfi á ekki að binda við það, að það veitingahús, sem í hlut á, veiti aðallega þjónustu erlendum ferðamönnum, en að sönnu á leyfisveitingin að gilda á þeim árstíma, þegar heimsóknir erlendra ferðamanna eru að jafnaði mestar, þ. e. frá 1. júní til 30. sept.

Þetta sýnist mér vera miklu rýmra ákvæði en það, sem nú er í gildandi lögum. Samkv. gildandi lögum getur eitt tiltekið veitingahús sótt um leyfi, ef það færir með umsókninni sönnur á, að þjónustan sé eingöngu eða aðallega vegna erlendra ferðamanna, en samkv. ákvæðinu, eins og það er nú í frvgr., má veita veitingahúsum víðs vegar úti um land vínveitingaleyfi á tímabilinu 1. júní — 30. sept., svo framarlega sem samþykki hlutaðeigandi sýslunefndar liggur fyrir. Ég tel, að með þessari frvgr. sé gengið lengra en góðu hófi gegnir, og ég mun því, þegar greinar frv. verða bornar upp, greiða atkv. móti 5. gr. frv., eins og hún hljóðar nú á þskj. 484. Það geri ég með þeim skilningi, að verði þessi gr. í frv. felld, stendur eftir 12. gr. laganna, eins og hún er nú, og ég vil heldur framkvæmdina í því formi, sem 12. gr. laganna mælir fyrir um, en 5. gr. þessa frv.

Einar Ágústsson: Herra forseti. Ég ætla ekki að gera að umtalsefni frv., breytingu á áfengislögum, almennt. Ég skrifaði undir það nál. okkar í allshn. með þeim fyrirvara, að ég hefði leyfi til þess að flytja eða fylgja brtt., sem fram kynnu að koma. Það mun ég gera. Ég ætla hér að mæla fyrir svolítilli brtt. við 14. gr. frv.

14. gr. frv. fjallar um það, eins og hv. þm. hafa fyrir framan sig, að af ágóða Áfengis- og tóbaksverzlunar ríkisins skuli árlega leggja í Gæzluvistarsjóð framlag, eins og ákveðið er í lögum um meðferð ölvaðra manna og drykkjusjúkra frá 1964, og skuli fara um meðferð þessa fjár eftir ákvörðun heilbrigðisstjórnar eins og þau lög segja fyrir um. Nú vil ég geta þess, að fyrr á þinginu flutti ég ásamt hv. 4. þm. Sunnl. frv. á þskj. 268 um það að hækka það framlag til Gæzluvistarsjóðs, sem samkv. lögum um meðferð ölvaðra manna og drykkjusjúkra á að renna þangað, en það er eins og menn muna, 2½% af tekjum af áfengissölu.

Þetta frv. mitt og hv. 4. þm. Sunnl. hefur nú verið til meðferðar hjá hv. heilbr.- og félmn. þessarar d. og eftir þeim fregnum, sem ég hef haft af afdrifum þess þar, kemur það í ljós, að n. er ekki á einu máli um afstöðu sína til þessa frv., þar sem hv. meiri hl. vill vísa því til ríkisstj., en minni hl. vill samþykkja frv. Nú ber ég fyllsta traust til hæstv. ríkisstj. að því leyti, að ég tel, að hún hljóti að sjá það, að þetta framlag til meðferðar ölvaðra manna og drykkjusjúkra, sem á fyrst og fremst að renna til þess að byggja nýjar sjúkradeildir, er orðið allt of lágt. Það var ákveðið nokkuð ríflega á árinu 1964, þegar það fyrst var tekið upp, 7½ millj. kr., en með þeirri verðrýrnun peninganna, sem orðið hefur síðan, hljóta allir að sjá, og þá hæstv. ríkisstj. einnig, að hér er orðið langtum of lítið framlag. Þess vegna hef ég út af fyrir sig fyllstu trú á því, að lagfæringar verði á þessu gerðar, en þessi málsmeðferð hv. n. þýðir þó a. m. k. eins árs frest, að þetta framlag hækki, og það finnst mér ekki mega. Mér finnst ekki mega fresta því með hliðsjón af ástandi þessara mála, eins og ég reyndi að lýsa því hér við 1. umr. um frv. á þskj. 268. Í þessum sjóði, Gæzluvistarsjóði, er nú um 9 millj. kr. óráðstafað, eftir þeim upplýsingum, sem ég hef getað fengið nákvæmastar. En það er aðkallandi nauðsyn að byggja sjúkradeild fyrir þessa menn, sem lögin eiga sérstaklega að vernda, og sú bygging hefur verið til athugunar í rn. lengi, eftir því sem mér er tjáð, og nauðsyn þessa er þar ljós, en fjármagnið vantar. Og það hefur ekki verið talið fært að hefjast handa um byggingu slíkrar deildar með svo lítið fjármagn sem 9½ millj. kr. er. Þessi brtt., sem ég er hér að mæla fyrir, er örlítið breytt frá frv. Í frv. var talað um 2½% framlag af tekjum af áfengissölu. Ég hef nú breytt þessu þannig og við flm., að framlagið skuli á árinu 1969 eigi vera lægra en 15 millj. kr., þ. e. breytt í tiltekna fjárhæð. Það höfum við gert til þess að koma til móts við þá, sem hér hafa látið uppi efasemdir um það,

að það væri óheppilegt, bæði í þessu tilfelli og öðrum, að ákvarða fjárframlög af tilteknum tekjustofnum miðað við hundraðshluta, og talið, að það væri betra, svo menn vissu, að hverju verið væri að ganga, að ákveða tiltekna fjárhæð, en miðað við þær tekjur af áfengissölu, sem varð t. d. á s. l. ári, eru þessar upphæðir mjög áþekkar, 2½% af áfengissölunni á s. l. ári mundi hafa numið eitthvað nálægt 15 millj. kr., og þess vegna er þessi upphæð sett þarna.

Ég vil aðeins segja frá því í þessu sambandi, að málefni ölvaðra manna og drykkjusjúkra, þ. e. drykkjusjúklinga, voru til umræðu í borgarstjórn Reykjavíkur ekki alls fyrir löngu. Þar var einróma samþykkt áskorun, sem hefur verið lögð fram hér á lestrarsal, til hv. Alþingis að samþykkja það frv., sem ég og hv. 4. þm. Sunnl. lögðum fram um aukið framlag til Gæzluvistarsjóðs, annaðhvort í því formi, sem frv. er, eða einhverju öðru formi, sem kæmi að svipuðum notum, og sá fyrirvari hygg ég að hafi lotið að því, að menn voru með efasemdir um það, að heppilegt væri að ákveða framlagið í prósentum og vildu frekar hafa það í ákveðinni fjárhæð. Ég er fús til þess, ef mönnum þykir of fljótt, menn eru ekki alveg tilbúnir kannske til að greiða atkvæði um þessar till. við 2. umr. — væri ég fús til þess, ef óskir kæmu fram, að taka till. aftur til 3. umr. Ég mun þó ekki gera það, nema óskir komi fram um það, en að öðru leyti leyfi ég mér að leggja þessa brtt. fram hér skriflega og biðja hæstv. forseta að leita afbrigða, þannig að hún megi koma fyrir, en brtt. er svona:

Brtt. við frv. til l. um breyt. á áfengislögum nr. 58 24. apríl 1954 frá Einari Ágústssyni og Birni Fr. Björnssyni.

Við 14. gr. frv. bætist ákvæði til bráðabirgða svo hljóðandi: Á árinu 1969 skal framlag til Gæzluvistarsjóðs, skv. 1. mgr. þó eigi vera lægra en 15 millj. kr.

Ástæðan til þess, að við flytjum þessa till. um bráðabirgðaákvæðið er einfaldlega sú, að við ætlum þessu aðeins að gilda á yfirstandandi ári, í trausti þess, að fyrir næsta fjárlagaár hafi hæstv. ríkisstj. lokið þeirri endurskoðun, sem deildin, og þá væntanlega Alþ., ætlar að fela henni á þessum málum öllum.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 674) leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

Auður Auðuns: Herra forseti. Ég hef leyft mér á þskj. 594 að flytja brtt. við frv. Mín brtt. er ofur einföld og er efni hennar það, að aftan við 15. gr. frv. komi ákvæði **um heimild til handa dómsmrh. til að fela félagsmálaráði, ef sveitarstjórn utan Reykjavíkur ákveður að koma slíku á stofn hjá sér, störf áfengisvarnanefndar að nokkru leyti.**

Á s. l. hausti var haldin ráðstefna Sambands ísl. sveitarfélaga um félagsmál, og þar var samþykkt ályktun, þar sem því var beint til stjórnar sambandsins, að hún ynni að því, að gerðar yrðu þær breytingar á lögunum, sem nauðsynlegar væru til þess að sveitarstjórnir fengju heimild til að fella undir eina stjórn meðferð félagsmála í sveitarfélögunum með stofnun sérstaks félagsmálaráðs, og falla þá að sjálfsögðu störf áfengisvarnanefndar undir þann flokk mála, félagsmál, og er þessi brtt. flutt að beiðni stjórnar Sambands ísl. sveitarfélaga.

Hv. síðasti ræðumaður, 11. þm. Reykv., flutti hér skriflega brtt. áðan, og eins og kom fram í hans ræðu, — *ég kom nú reyndar ekki í þd. fyrr en eitthvað var liðið á* ræðuna, — þá lét hann þess getið, að í þd., sem hefur til meðferðar frv., sem hann er 1. flm. að, þar sem lagt er til, að framlag til Gæzluvistarsjóðs verði ákveðið sem hundraðshluti af tekjum Áfengisverzlunarinnar, þar hef ég lýst mig fylgjandi því, að þeirri till. yrði vísað til ríkisstj., og get ég þegar lýst því yfir í samræmi við þá afstöðu mína þar, að ég mun ekki sjá mér fært að greiða hans till. atkv., og skal ég ekki fjölyrða frekar um það.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 89. fundi í Ed., 9. maí, var fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
2.—4. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
5. gr. samþ. með 16:1 atkv.
Brtt. 623,1 felld með 12:4 atkv.
6. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 578,1 felld með 8:5 atkv.
7. gr. samþ. með 14:1 atkv.
8. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Brtt. 578,2 felld með 7:7 atkv.
Brtt. 623,2 felld með 10:6 atkv.
9. gr. samþ. með 12:1 atkv.
Brtt. 578,3 felld með 8:4 atkv.
10. gr. samþ. með 12:1 atkv.
Brtt. 578,4 felld með 9:4 atkv.
11. gr. samþ. með 12:3 atkv.
12.—13. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Brtt. 674 felld með 10:6 atkv.
14. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
Brtt. 578,5 samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 594 samþ. með 17 shlj. atkv.
15. gr., svo breytt, samþ. með 16 shlj. atkv.
16.—19. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
Brtt. 578,6 felld með 11:3 atkv.
20. gr. samþ. með 15:1 atkv.
21.—30. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 18 shlj. atkv.

Á 91. fundi í Ed., 12. maí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 705).

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 16 shlj. atkv.

Frsm. (Jón Þorsteinsson): Herra forseti. Fyrir hönd allshn. vil ég lýsa hér smávægilegri, en þó nauðsynlegri brtt. við 29. gr. frv., en þar segir, að lög þessi öðlist gildi 1. maí 1969. En þetta er nauðsynlegt að leiðrétta, því að það hæfir ekki að láta lögin gilda aftur fyrir sig og reyndar óframkvæmanlegt. Og því er hér lagt til, að í staðinn fyrir 1. maí komi 1. júní, en þar sem þessi till. er

skrifleg og of seint fram borin, þá vænti ég þess, að hæstv. forseti leiti afbrigða fyrir henni.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 725) leyfð og samþ. með 16 shlj. atkv.

Brtt. 725 samþ. með 17 shlj. atkv.

Frv. samþ. með 14 shlj. atkv. og endursent Nd.

Á 94. fundi í Nd., 13. maí, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 726).

Á 95. fundi í Nd., 16. maí, var frv. tekið til einnar umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 21 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 778).

---

80. Skólakostnaður (frv. BGuðm).

Á 41. fundi í Sþ., 18. apríl, var útbýtt frá Nd.:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 49 29. apríl 1967, um skólakostnað [218. mál] (þmfrv., A. 480).

Á 79. fundi í Nd., 21. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 80. fundi í Nd., 22. apríl, var frv. aftur tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 29 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Bjartmar Guðmundsson): Herra forseti. Árið 1962 var sú breyting gerð á skólakostnaðarlögum, að umráðamönnum héraðsskóla var í sjálfsvald sett, hvort ríkið tæki við rekstri og stofnkostnaði viðkomandi héraðsskóla. Á stuttum tíma, eftir að þessi l. tóku gildi, munu forráðamenn allra héraðsskóla í landinu hafa notfært sér þessa heimild og óskað eftir því, að ríkið tæki við rekstri skólanna og þá einnig þeim kostnaði, sem leiddi af nýjum byggingum þar. Ákvæði um þetta voru þau áður, að héruðin kostuðu að 1/4 hluta byggingar slíkra skóla og einnig að 1/4 hluta rekstur þeirra fyrir utan þann kostnað, sem leiddi af kennslunni sjálfri. Árið 1967 voru gerðar allsherjarbreytingar á skólakostnaðarlögunum, og í upphaflegri gerð þess frv. var gert ráð fyrir, að þetta næði í fyrsta lagi til barnaskóla og unglingaskóla, héraðsskóla og húsmæðraskóla. En áður en þessi l. voru afgreidd, var sú undanþága gerð, að umráðamenn húsmæðraskólanna máttu velja um það, hvort skólarnir störfuðu áfram eftir l. frá 1955 eða eftir hinum nýju skólakostnaðarlögum. Stjórnir allra húsmæðraskóla munu þegar hafa óskað eftir því að starfa samkv. eldri lögum, því að það var hagkvæmara fyrir héruðin, að hlutföllin væru 3/4 og 1/4 kostnaðar, en það breytist mjög með tilkomu nýju skólakostnaðarlaganna.

Nú er þess að geta, að þó að héruðin í landinu, sem standa að héraðsskólunum öll með tölu nema eitt, teldu sér það hagkvæmara að afhenda ríkinu héraðsskólana, þá var það eitt hérað, sem ekki vildi ganga þessa leið. Með þessu frv. er lagt til, að aðstandendur Laugaskóla í Þingeyjarsýslu megi velja um það, hvort skólinn starfi áfram eftir l. frá 1955 eða hvort hann verður afhentur ríkinu. Með breyt. á l. 1967 kom það í ljós, að hlutur héraðsins í rekstri skólans hækkaði nokkuð frá því, sem verið hafði. Og við athugun, sem gerð hefur verið af menntmrn. og eftirlitsmanni skóla, Aðalsteini Eiríkssyni, kemur í ljós, að á þessu skólaári muni rekstrarkostnaður við Laugaskóla verða um 1/2 millj. kr. hærri en áður, meðan hann starfaði eftir eldri ákvæðum. Þetta er það þungur baggi fyrir héraðið, að það mun naumast telja sig fært að rísa undir honum ofan á það, sem áður var, sem mun hafa verið eitthvað um 250—300 þús. kr. á ári. Þess ber að geta, að þetta eru ekki ný útgjöld fyrir ríkið miðað við það, sem áður var, þó að frv. þetta verði samþ. Hins ber einnig að geta, að við Laugaskóla eru byggingar í gangi, sem kosta héraðið nokkuð mikið fé á ári, þar sem það greiðir 1/4 af kostnaði við þær byggingar. Ef þetta frv. nær ekki fram að ganga, sem ég vænti, að verði þó, þá eru horfur á því, að héraðið sjái sér ekki fært að reka skólann áfram á sama hátt og verið hefur og muni þá gefast upp og neyðast til að afhenda hann ríkinu, eins og þegar er búið að gera við aðra héraðsskóla. Mundi þá að sjálfsögðu koma á ríkið kostnaður við þær byggingar, sem verið er að vinna að við Laugaskóla, og einnig við þær, sem eru ógerðar, og yrðu þær á þann hátt mun kostnaðarsamari fyrir ríkið en er og verið hefur.

Ég tel, að það sé ekki farið fram á neitt annað en réttlætismál í þessu efni með því að bera fram þetta frv., og vænti þess, að það fái góðar undirtektir hér í deildinni og nái fram að ganga, áður en þingi lýkur nú í vor. Tel ég svo ekki ástæðu til að hafa þessi orð fleiri, en legg til, að frv. verði sent hv. menntmn. að lokinni þessari umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til menntmn. með 23 shlj. atkv.

Á 87. fundi í Nd., 2. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 480, n. 615).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 21 shlj. atkv.

Frsm. (Bjartmar Guðmundsson): Herra forseti. Ég hef litlu við að bæta þau orð, sem ég sagði við flutning þessa máls fyrir nokkrum dögum, en vil þó geta þess, að menntmn. sendi frv. til umsagnar skólaeftirlitinu eða nánar tiltekið Aðalsteini Eiríkssyni, sem stendur fyrir því. Hann er allra manna kunnugastur framkvæmd laga um skólakostnað, bæði eldri laga og einnig þeirra laga, sem nú hafa gengið í gildi frá 1967. Ég vil leyfa

mér, með leyfi forseta, að lesa kafla úr álitsgerð hans um þetta frv., sem hljóðar svo:

„Við afgreiðslu l. nr. 49/1967 var, svo sem kunnugt er, samþykkt, að húsmæðraskólar mættu vera áfram undir ákvæðum l. nr. 41/1955, ef sveitarfélög óskuðu þess, þar sem sýnt þótti, að ákvæði hinna nýju l. yrðu sveitarfélögum mjög í óhag, hvað snerti þennan skólakostnað. Sama gildir og um skóla eins og héraðsskólann á Laugum. Var það raunar vangá ein, að ekki var vakin athygli á þessum eina héraðsskóla, sem nú er kostaður sameiginlega af ríki og sveitarfélögum.

Það mun ekki hafa verið ætlunin með setningu hinna nýju skólakostnaðarlaga að þrengja hag sveitarfélaga. Þess vegna var samþ., að húsmæðraskólarnir kæmu undir áðurnefnda undanþáguheimild, ef þess yrði óskað, og það hafa allir hlutaðeigendur gert. Nákvæmlega sömu rök liggja til þess, að sama gildi um héraðsskólann á Laugum. Að honum stendur eitt sýslufélag, er kostar hann móti ríkinu, og hlutur þess verður allmiklu meiri eftir ákvæðum nýju l. en hinna eldri. Vísast um þetta atriði til meðfylgjandi samanburðaryfirlits miðað við kostnað 1967."

Svo fylgir hér yfirlit um þann kostnað, sem hefði fallið á þennan tiltekna skóla 1967, ef þau ákvæði hefðu verið í gildi þá, sem nú eru í gildi samkv. l., sem ég nefndi áðan frá 1967. Það kemur í ljós, sem ég raunar vissi, að þarna þyngist allmikið hlutur sýslufélagsins, og það, sem þetta frv. á að koma til leiðar, er það, að sýslufélagið sitji við sama borð og áður, ef það á annað borð ekki kýs að afhenda skólann ríkinu, eins og aðrir héraðsskólar hafa þegar verið afhentir því. Ég hygg, að það þurfi ekki um þetta mál mikið að ræða. Ég vænti þess, að það þyki eðlilegt, að þetta frv. verði samþ., og ég vil geta þess, að sá samanburður á kostnaði, sem þarna er birtur á þskj. 615, er gerður eftir ósk frá menntmrn. og var því eftirlitsmaðurinn viðbúinn að afhenda okkur það, þegar þess var óskað. Menntmn. leggur svo til, að þetta frv. verði samþ.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 21 shlj. atkv.

Á 88. fundi í Nd., 5. maí, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 32 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 85. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3 umr. þar.
Á 86. fundi í Ed., 6. maí, var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til menntmn. með 9:2 atkv.

Á 93. fundi í Ed., 13. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 480, n. 711).

Frsm. (Steinþór Gestsson): Herra forseti. Frv. þetta er komið frá Nd. og fékk þar þá afgreiðslu, að það var samþ. einróma. Menntmn. hv. Ed. hefur rætt frv. og var sammála um að mæla með því, að þeir héraðsskólar, sem reistir hafa verið af ríki og sveitarfélögum og ekki hafa verið afhentir ríkinu samkv. l. nr. 34 frá 18. apríl 1962, skuli sitja við sama borð og húsmæðraskólar, en um þá segir svo í 29. gr. skólakostnaðarlaga: „Þó geta sveitarfélög, sem að húsmæðraskóla standa, að fengnum till. skólanefndar fyrir 1. sept. 1968, ákveðið, að skipting rekstrarkostnaðar skólans skuli áfram fara eftir reglum l. nr. 41/1955."

Frv. það, sem hér liggur fyrir til umr., er hins vegar ónákvæmt orðað, að því er varðar skiptingu kostnaðar, þar sem sagt er í 1. gr., að slíkir héraðsskólar skuli starfa áfram eftir l. frá 1955. Menntmn. hefur orðið ásátt um að bera fram brtt. á þskj. 711, þar sem orðalag er bundið við rekstrarkostnað og því í fullu samræmi við undanþáguheimildir þær, sem húsmæðraskólar hafa í skólakostnaðarlögum. Mér þykir rétt að vekja athygli hv. dm. á umsögn Aðalsteins Eiríkssonar, eftirlitsmanns fjármála skóla, sem er að finna í álitsgerð hans, er barst hv. menntmn. Nd. Þar segir hann m. a.: „Við afgreiðslu l. nr. 49/1967 var, svo sem kunnugt er, samþykkt, að húsmæðraskólar mættu vera áfram undir ákvæðum l. nr. 41/1955, ef sveitarfélög óskuðu þess, þar sem sýnt þótti, að ákvæði hinna nýju l. yrðu sveitarfélögum mjög í óhag, hvað snerti þennan skólakostnað. Sama gildir og um skóla eins og héraðsskólann á Laugum. Var það raunar vangá ein, að ekki var vakin athygli á þessum eina héraðsskóla, sem nú er kostaður sameiginlega af ríki og sveitarfélögum." Þetta er álit eftirlitsmanns með fjármálum skóla og studdi það mjög að þessu áliti menntmn. d., að það bæri að mæla með þessari breyt., sem hér er borin fram. En eins og ég gat um áðan, þá sýndist n. orðalag 1. gr. frv. vera ónákvæmt, og hefur n. því komið sér saman um það orðalag, sem er á gr. á brtt. á þskj. 711. Ég sé ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um þetta frv. að sinni, en ég vil leggja áherzlu á þá till. menntmn., að frv. verði samþ. með þeirri breyt., sem er að finna á þskj. nr. 711.

ATKVGR.
Brtt. 711 samþ. með 12 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Á 95. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr. (A. 756).
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 15 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 16 shlj. atkv. og endursent Nd.

Á 94. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að frv. væri endursent frá Ed., eftir 3. umr. þar.

Á 95. fundi í Nd., 16. maí, var frv. tekið til einnar umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 24 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 779).

81. Útflutningur hrossa.

Á 36. fundi í Sþ., 19. marz, var útbýtt frá Ed.:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 64 26. nóv. 1958, um útflutning hrossa [186. mál] (þmfrv., A. 365).

Á 62. fundi í Ed., 24. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Frsm. (Steinþór Gestsson): Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til að þessu sinni að rekja svo mjög efnisatriði þessa frv. Það er, eins og fram kemur í grg., flutt af landbn. að beiðni Ræktunar- og útflutningsfélags stóðbænda. Þær breytingartill., sem Búnaðarþing gerði á s. l. vetri við þær till., hefur landbn. fellt saman, og er frv. flutt samkv. því. En ég sé ástæðu til að fara nokkrum almennum orðum um þessi mál, ef það gæti orðið til þess að skýra þau nokkuð fyrir hv. alþm.

Það mun vera öllum kunnugt, að á fyrstu 2—3 áratugum þessarar aldar var allmikill útflutningur á hrossum héðan frá Íslandi. Voru hrossin fyrst og fremst notuð í kolanámum í Stóra-Bretlandi, og varð þarna um verulegan útflutning að ræða og sæmilegt verð, að því er talið var þá, fyrir þau hross, sem út voru flutt. Eins og allir þekkja, þá eru þessi verkefni úr sögunni fyrir hestana. Vélar hafa verið teknar til þess að leysa þá af hólmi í þessum efnum. Féll því sú sala niður með öllu, og var enginn útflutningur á hrossum frá Íslandi um skeið. Útflutningur mun hafa hafizt að nýju eftir 1950. Þá var breytt um vinnu fyrir hrossin, þannig að nú voru þau seld til þess að vera sporthestar fyrir fólk ýmist á meginlandinu ellegar á Bretlandi. Höfuðútflutningurinn hefur beinzt til V.-Þýzkalands, nokkuð til Hollands, Sviss og nú að síðustu til Danmerkur og til Bandaríkjanna. Þetta munu vera helztu löndin, sem hafa keypt hross héðan frá Íslandi. Á árinu 1968 munu hafa verið flutt út 650 hross, ung og gömul. Fyrir þennan útflutning mun hafa fengizt á árinu 1960 nokkuð á 10. millj. kr., og er því meðalverð á hross rúmlega 13 þús. kr. Þetta meðalverð er ekki hátt miðað við það, sem er hér á hrossum innanlands, en þess ber þó að gæta í þessu sambandi, að nokkuð verulegur hluti af útflutningshrossunum mun hafa verið folöld, og að sjálfsögðu hefur það dregið verðið nokkuð niður. En þó er það svo, að almennt er það álit þeirra, sem þarna þekkja til, að þetta verð hefði getað verið nokkuð hærra, ef verulega vel hefði verið staðið að þessum málum af okkar hendi.

Horfurnar í þessum útflutningsmálum eru þær nú, að eftirspurn er allmikil eftir hrossum og einkum frá þeim löndum, sem áður hafa keypt af okkur. Í V.-Þýzkalandi og Bandaríkjunum er vaxandi eftirspurn, í Danmörku er hún miklu meiri en hún hefur verið að undanförnu og í Hollandi er nokkur eftirspurn. Að sjálfsögðu hefur gengisbreytingin, sem gerð var á s. l. hausti, haft nokkur áhrif á verðið til framleiðenda hérna heima fyrir, þannig að ég hygg, að nú fáist fyrir hross, sem verið er að kaupa og flytja úr landi um þessar mundir frá 20 þús. og upp í 60 þús. kr., þ. e. þegar miðað er við tamin hross. Þarna er allmiklu betra og mikið betra verð um að ræða en verið hefur áður. Verðið er hækkandi erlendis. Þessi útflutningsvara er lúxusvara, og sölumöguleikar okkar eru til þess að gera góðir á þessu sviði vegna þess, hversu framleiðslan hér er lítil miðað við stærð þess markaðar, sem við förum inn á. Þetta verð, sem ég hef nefnt hér — 20 þús. til 60 þús. kr., er að sjálfsögðu miðað við, að þetta séu valin hross, sem fara úr landi. Og ég verð að segja, að mér finnst, að það sé það, sem við þurfum fyrst og fremst að keppa að, þ. e. að flytja út sem allra bezta vöru á þessu sviði, því að það segir sig sjálft, að í þessari verzlun eins og annarri, þá hefur það úrslitaáhrif á sölumöguleikana í framtíðinni, að vandað sé til þeirrar vöru, sem verið er að selja. Hins vegar hefur það viljað brenna við á undanförnum árum, að farið hefur gripur og gripur, sem hefur langt frá því staðizt þær kröfur, sem gerðar hafa verið til þeirra af kaupandanum, og hefur að sjálfsögðu rýrt álit á þeirri framleiðslu, sem við höfum verið að koma í verð. Eins og getið er um í grg. með þessu frv., þá er það einn megintilgangur með flutningi þessara till. að koma við þeirri vöruvöndun, sem líkleg væri til þess að stuðla að því, að við ynnum og kæmumst inn á tryggari markað en fram til þessa hefur verið.

Og annar liður í þessu efni, sem ekki er hægt að ganga fram hjá, þegar rætt er um útflutning á hrossum, er, að nú er svo komið, að úti á meginlandi Evrópu — a. m. k. í V.-Þýzkalandi og Danmörku og e. t. v. víðar – er hafin nokkur ræktun á íslenzka hestinum. Þeir hafa fengið útflutta kynbótagripi og geta því ræktað hross af okkar stofni, og það er komið af stað á nokkrum stöðum, og um það hefur nokkuð verið deilt, hvort þar hafi verið farið inn á rétta braut eða ekki. Ýmsir telja, að eðlilegra hefði verið, að við hefðum einir haft ræktun hrossanna með höndum, en aðeins selt gelta hesta úr landi, svo að öðrum gæfist ekki kostur á að hefja ræktun hrossa af íslenzkum stofni. Því er til að svara, að mér er ekki kunnugt um, að það þekkist nokkurs staðar um víða veröld að einoka ræktun á einstökum kynjum. Kynbótakýr eru fluttar milli landa hvarvetna og af ýmsum búfjárkynjum, og reynslan virðist vera sú, þegar litið er á þetta mál í heild, að þar sem sérstakir stofnar hafa verið ræktaðir í heimalandi, virðist vera mjög erfitt að koma fram jafngóðri ræktun í nýju umhverfi og fá það sama út úr ræktun kynjanna í nýju umhverfi og hægt er í þeirra heimalandi. Þetta á ekki einungis við um hesta. Þetta á við um flest þau búfjárkyn, sem ræktuð hafa verið.

Mér er kunnugt um það t. d., að sá mjólkurkúastofn, sem einna mest hefur verið sótzt eftir í veröldinni, er ræktaður hingað og þangað út um heimsbyggðina, en það er ævarandi, að alltaf er verið að kaupa nýja kynbótagripi frá heimalandinu til þess að halda við þeim kostum, sem ræktaðir voru heima í upprunalegu heimalandi þessa búfjárkyns. Ég hygg því, að það fari ekki á milli mála, að við eigum einmitt að nota okkur af þessu sama. Við eigum að stuðla að því, að það sé mögulegt að rækta íslenzka hesta annars staðar en hér heima, og ef sú ræktun tekst sæmilega hjá okkar viðskiptaþjóðum, þá hygg ég, að þetta verði fyrst og fremst til þess að auka hróður okkar hestakyns og það verði aldrei til þess, að við lendum í hættulegri samkeppni vegna þess, eins og ég gat um áðan, hvað markaðssvæðið er stórt, sem við þurfum að fara inn á, en okkar framleiðsla lítil. Auk þess hygg ég, þó að ég kunni ekki að sanna það hér með dæmum, að á erlendri grund verði ekki hægt að framleiða nákvæmlega sömu gerð af íslenzka hestinum og við framleiðum hér heima. Einmitt þessi svipur, sem er á honum, þegar við komum honum héðan úr landi, virðist vera mjög eftirsóknarverður hjá þeim, sem njóta hestsins erlendis, og ef við stöndum nægilega fast saman um það og tryggjum nægilega vel okkar kynbótastarfsemi hér heima fyrir, þá hygg ég, að við munum eiga á þessum vettvangi mikið verk að vinna — verk, sem á að svara þeim kostnaði, sem til þess verður lagður. Hvar sem okkar íslenzki hestur hefur verið tekinn í notkun meðal annarra þjóða, þá hefur hann þótt sérstæður og hefur unnið sér hylli hvarvetna, þar sem hann hefur komið, sem sérlega góður og þægilegur reiðhestur.

Ég hygg, að það frv., sem hér er flutt, muni stuðla að því, að meiri festa komist á útflutning á þessum verðmæta varningi, sem við getum flutt úr landi og tryggt okkur sölumöguleika á í framtíðinni betur en nú er hægt að gera. Ég sé ekki ástæðu til þess að hafa fleiri orð um þetta að sinni, herra forseti, en ég legg til, að frv. verði vísað til 2. umr.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv.

Á 85. fundi í Ed., 5. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 365, 618).

Frsm. (Steinþór Gestsson): Herra forseti. Ég þarf að vísu ekki að hafa mörg orð um þetta frv., sem hér liggur fyrir til umr. Það er upphaflega flutt af landbn., og það liggur því ekki fyrir neitt nál. hér við þessa 2. umr. Hins vegar hefur landbn. hugað betur að þessu frv., frá því að 1. umr. fór fram, og hefur orðið ásátt um að orða um 2. gr. l., og er hún flutt sem brtt. á sérstöku þskj. Það má segja, að í því felist ekki nein höfuðbreyting. Aðeins er gert ráð fyrir því með þessari umorðun gr., að það verði ekki misskilið, hver hafi með höndum eftirlit með útflutningi kynbótahrossa. Ég vildi aðeins láta það koma fram hérna við þessa umr., af hvaða tilefni gr. er orðuð um. Við nánari athugun virtist okkur, að það gæti verið nokkrum vafa undirorpið og lægi ekki nægilega ljóst fyrir í frv. — jafnmikilvægt og það er að hafa verulegt eftirlit með útflutningi á kynbótahrossum — hver ætti að hafa hönd í bagga um eftirlit með leyfisveitingum á útflutningi þeirra. Ég sé ekki ástæðu til þess að hafa fleiri orð um þessa brtt. Við leggjum til, að hún verði samþ. og frv. síðan vísað til 3. umr.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 618 (ný 2. gr.) samþ. með 13 shlj. atkv.
3.—5. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Á 86. fundi í Ed., 6. maí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 652).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 89. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á 90. fundi í Nd., 8. maí, var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til landbn. með 24 shlj. atkv.

Á 94. fundi í Nd., 13. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 652, n. 709).

Frsm. (Bjartmar Guðmundsson): Herra forseti. Þetta mál er komið frá Ed. og var skoðað þar allvandlega. Landbn. Nd. hefur einnig athugað frv. og hefur ekkert við það að athuga og leggur til, að það verði samþ.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
2.—5. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 24 shlj. atkv.

Á 95. fundi í Nd., 16. maí, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 27 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 781).

82. Sala Höfðahóla með Hólagerði og Spákonufells í Höfðahreppi.

Á 77. fundi í Nd., 15. apríl, var útbýtt:
Frv. til l. um heimild fyrir ríkisstj. til að selja jarðirnar Höfðahóla og Stóra-Spákonufell í Höfðahreppi [210. mál] (þmfrv., A. 452).

Á 78. fundi í Nd., 17. apríl, var frv. tekið til 1. umr.
Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 25 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Pálmi Jónsson): Herra forseti. Frv. þetta, sem ég flyt hér ásamt öðrum þeim hv. þm. Norðurl. v., sem sæti eiga í þessari hv. d., er flutt að beiðni hreppsnefndar Höfðahrepps í Austur-Húnavatnssýslu. Með frv. er farið fram á heimild fyrir ríkisstj. til þess að selja Höfðahreppi jarðirnar Höfðahóla og Stóra-Spákonufell í sama hreppi. Þessar jarðir eru báðar fyrir löngu komnar í eyði sem bújarðir, en í landi þeirra hefur byggzt kauptúnið Höfðakaupstaður, og er það nú ósk hreppsnefndarinnar í Höfðahreppi að fá jarðirnar keyptar. Það virðist fullkomlega eðlilegt, að sú heimild verði veitt og hreppnum gert kleift að eignast þetta land. Í frv. er, eins og venja er til, ákvæði um, að kaupverð fari eftir því, sem um semst, eða eftir mati dómkvaddra manna.
Ég leyfi mér svo, herra forseti, að óska þess, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. landbn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til landbn. með 22 shlj. atkv.

Á 89. fundi í Nd., 6. maí, var frv. tekið til 2. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 90. fundi í Nd., 8. maí, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 452, n. 638, 639).

Frsm. (Pálmi Jónsson): Herra forseti. Landbn. þessarar hv. d. hefur athugað frv. þetta og sent það til umsagnar jarðeignadeildar ríkisins og landnámsstjóra, eins og venja er til um slík frv. Umsagnir þessara aðila voru jákvæðar, en fram komu ábendingar varðandi nöfn jarðanna, sem mér sem flm. þessa frv. höfðu verið gefnar skakkar upplýsingar um, þegar ég flutti frv. N. leggur til, að frv. sé breytt í samræmi við þær ábendingar, sem fram komu, þannig að í stað orðanna „Höfðahóla og Stóra-Spákonufell" komi: „Höfðahóla með Hólagerði og Spákonufell". Flytur n. brtt. um þetta efni á þskj. 639 og einnig um, að fyrirsögn frv. breytist í samræmi við það. Að öðru leyti leggur n. til, að frv. verði samþ. með þessum breytingum.

ATKVGR.
Brtt. 639,1 samþ. með 24 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 23 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Brtt. 639,2 (ný fyrirsögn) samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 24 shlj. atkv., með fyrirsögninni:
Frv. til l. um heimild fyrir ríkisstj. til að selja jarðirnar Höfðahóla með Hólagerði og Spákonufell í Höfðahreppi.

Á 91. fundi í Nd., 9. maí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 685).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 24 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 89. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 91. fundi í Ed., 12. maí, var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til landbn. með 17 shlj. atkv.

Á 96. fundi í Ed., 16. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 685, n. 743).

Frsm. (Steinþór Gestsson): Herra forseti. Ég þarf ekki að hafa mörg orð um þetta frv., sem hér liggur fyrir til umr. N. hefur orðið sammála um að mæla með því, að það verði samþ. óbreytt, eins og það kom frá Nd. Jarðirnar Höfðahólar og Spákonufell hafa verið í eyði sem bújarðir í fjölda ára, og það er talið ólíklegt, að þær eða hluti úr þeim muni byggjast aftur sem slíkar. Upp af landi þessara jarða hefur byggzt kauptúnið Höfðakaupstaður, og hefur kaupstaðurinn eða hreppurinn, eins og sjá má af fskj. með frv., áhuga á því, að hreppurinn fái keypt það land, sem kauptúnið stendur á.
Eins og ég tók fram, hefur landbn. orðið ásátt um að mæla með því, að frv. verði samþ. óbreytt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 17 shlj. atkv.

Á 97. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 17 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 17. shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 790).

83. Heimild til að selja Keflavíkurkaupstað landssvæði, sem áður tilheyrði samningssvæði varnarliðsins.

Á 77. fundi í Nd., 15. apríl, var útbýtt:
Frv. til l. um heimild fyrir ríkisstj. til að selja Keflavíkurkaupstað landssvæði, sem áður tilheyrði samningssvæði varnarliðsins [211. mál] (þmfrv., A. 454).

Á 78. fundi í Nd., 17. apríl, var frv. tekið til 1. umr.
Frv. of seint fram komið. – Deildin leyfði með 25 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Ég hef leyft mér ásamt fjórum hv. þm. þessarar d. að flytja frv. um heimild fyrir ríkisstj. til þess að selja Keflavíkurkaupstað landssvæði, sem áður tilheyrði samningssvæði varnarliðsins. Fram kemur í grg., að frv. er flutt að beiðni bæjarstjórnar Keflavíkur, en hér er um að ræða landssvæði það, sem með l. frá 1966 var fært undir lögsagnarumdæmi Keflavíkurkaupstaðar.
Ég sé ekki ástæðu til þess að fjölyrða um frv., en legg til, að að lokinni þessari umr. verði því vísað til 2. umr. og heilbr.- og félmn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 24 shlj. atkv.

Á 90. fundi í Nd., 8. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 454, n. 645).

Frsm. (Friðjón Þórðarson): Herra forseti. Heilbr.- og félmn. þessarar hv. d. hefur fjallað um frv. þetta til l. um heimild fyrir ríkisstj. til að selja Keflavíkurkaupstað landssvæði, sem áður tilheyrði samningssvæði varnarliðsins. Flm. eru úr röðum þm. í öllum flokkum. Frv. var sent til umsagnar jarðeignadeildar ríkisins, landnámsstjóra og varnarmáladeildar utanrrn. Umsagnir hafa borizt frá þessum aðilum og eru allar á einn veg, að ekkert sé við frv. þetta að athuga. Á hinn bóginn hefur borizt bréf frá lögmanni Keflavíkur h.f., en jörðin Keflavík átti hluta af því landi, sem tekið var eignarnámi samkv. heimild í 8. gr. l. nr. 24 frá 12. febr. 1945. Telur hann eða umbjóðendur hans, að brostin sé forsenda fyrir eignarnáminu, ef hinu eignarnumda landi sé skilað aftur eða það selt öðrum. Eigi þá fyrri eigandi rétt til þess að leysa til sín landið á ný — a. m. k. sé það til athugunar. Af umsögn varnarmáladeildar kemur fram, að land þetta hafi verið eignarnumið með yfirvirðingargerð dags. 12. jan. 1948. Séu því nú liðin rúmlega 21 ár, síðan eignarnámið fór fram. Almennt er litið svo á, að eignarnám sé eigi látið ganga til baka á umræddan veg, enda þótt aðstæður breytist á líkan hátt og hér er um að ræða, enda eru engin ákvæði um forkaupsrétt eignarnámsþola að finna í eignarheimildum að þessum landssvæðum. Að þessu athuguðu ákvað n. að mæla með samþykkt frv.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
2.—4. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 23 shlj. atkv.

Á 91. fundi í Nd., 9. maí, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 22 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 89. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 91. fundi í Ed., 12. maí, var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv. og til allshn. með 16 shlj. atkv.

Á 96. fundi í Ed., 16. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 454, n. 745).

Frsm. (Pétur Benediktsson): Herra forseti. Það mál, sem hér liggur fyrir, er komið í þessa hv. d. frá Nd., þar sem það var borið fram fyrr á þessu þingi. Málið er ofur einfalt. Nokkur landspilda, sem áður var hluti af því svæði, sem varnarliðið hafði til umráða, hefur nú losnað úr þeim álögum og er því til ráðstöfunar innan lögsagnarumdæmis Keflavíkur, og Keflavíkurkaupstaður hefur farið fram á að fá landið keypt. Ég hygg, að málið hafi verið afgr. án nokkurrar andspyrnu frá nokkurri hlið í hv. Nd., og allshn. er sammála um að mæla með framgangi þess hér og fer fram á það við hv. d., að frvgr. verði samþ. og málinu vísað til 3. umr.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
2.—4. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 18 shlj. atkv.

Á 97. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 17 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 17 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 792).

84. Sala landspildna úr landi Vífilsstaða.

Á 40. fundi í Sþ., 16. apríl, var útbýtt frá Nd.:
Frv. til l. um heimild fyrir ríkisstj. til að selja Garðahreppi landspildur úr landi Vífilsstaða [215. mál] (þmfrv., A. 460).

Á 78. fundi í Nd., 17. apríl, var frv. tekið til 1. umr.
Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 25 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Ég hef leyft mér á þskj. 460 að flytja frv. til l. um heimild fyrir ríkisstj. til þess að selja Garðahreppi landspildur úr landi Vífilsstaða. Frv. þetta er flutt, eins og fram kemur í grg., að beiðni hreppsnefndar Garðahrepps, og er um það að ræða, að landspildur úr landi Vífilsstaða verði seldar hreppnum. Landspildur þær, sem gert er ráð fyrir, að þar verði seldar, eru fyrir neðan væntanlegt vegarstæði, þar sem helzt er gert ráð fyrir, að Reykjanesbraut liggi eða rétt fyrir neðan Vífilsstaði.
Ég sé ekki ástæðu til þess að fjölyrða um frv., en legg til, að því verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og heilbr.- og félmn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 21 shlj. atkv.

Á 93. fundi í Nd., 12. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 460, n. 692).

Frsm. (Guðlaugur Gíslason): Herra forseti. Frv. það, sem hér liggur fyrir, er flutt af fimm þm. úr Reykjaneskjördæmi. Það hefur hlotið athugun í heilbr.- og félmn. og var sent til umsagnar stjórnar ríkisspítalanna, sem út af fyrir sig getur fallizt á frv., eins og það er, með þeim ábendingum, sem fram koma í umsögn hennar. N. hefur einróma mælt með, að frv. verði samþ.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
2.–4. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 21 shlj. atkv.

Á 94. fundi í Nd., 13. maí, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 29 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 93. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 96. fundi í Ed., 16. maí, var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til landbn. með 13 shlj. atkv.

Á 97. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 2. umr. (A. 460, n. 782).
Of skammt var liðið frá 1. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 17 shlj. atkv.

Frsm. (Steinþór Gestsson): Herra forseti. Eins og hv. þdm. er kunnugt, þá barst þetta frv. landbn. í dag, en hún hefur lítils háttar fjallað um það og kynnt sér viðhorf stjórnar ríkisspítalanna um þetta málefni. Þetta land, sem hér er um að ræða að selja Garðahreppi, er úr landi Vífilsstaða og heyrir því undir stjórn ríkisspítalanna. Stjórn spítalanna hefur tjáð sig samþykka því, að þessi sala færi fram, og hefur því meiri hluti landbn. orðið sammála um að mæla með því, að frv. verði samþ. óbreytt. Ég vil taka það fram, að til eins af nm., Karls Guðjónssonar, hefur ekki náðst.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
2.—4. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 17 shlj. atkv.

Á 98. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 16 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 16 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 796).

---

85. Loðdýrarækt (frv. meiri hl. landbn. Ed.).

Á 65. fundi í Ed., 28. marz, var útbýtt:
Frv. til l. um loðdýrarækt [198. mál] (þmfrv., A. 403).

Á 73. fundi í Ed., 14. apríl, var frv. tekið til 1. umr.
Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 12 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Frsm. (Sveinn Guðmundsson): Herra forseti. Frv. til l. um loðdýrarækt, 198. mál Ed., er flutt af meiri hl. allshn. að tilhlutan landbrn. Minni hl., sem ekki stendur að flutningi þessa frv., er hv. 4. þm. Sunnl. og hv. 11. þm. Reykv. Skýra þeir eflaust afstöðu sína undir umr. Frv. þetta er samið af meiri hl. mþn., sem skipuð var 16. des. s. l. til að endurskoða frv. til l. um sama efni, sem

borið var fram á síðasta Alþ. og þá vísað til hæstv. ríkisstj. Þeir af nm., sem staðið hafa að samningu þessa frv., eru: Ásberg Sigurðsson, formaður n., og alþm. Jónas Pétursson og Bragi Sigurjónsson. Minni hl. mþn., sem ekki stendur að lagafrv., eru Stefán Valgeirsson alþm. og Örnólfur Thorlacius menntaskólakennari.

Í bréfi, sem meiri hl. mþn. hefur ritað landbrn., kemur fram, að hún hefur kallað til fundar við sig ýmsa forvígismenn með mismunandi sjónarmið og hagsmuni, svo sem dr. Þórð Þorbjarnarson, forstjóra Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins, Pál A. Pálsson yfirdýralækni, Pétur Gunnarsson, forstjóra Rannsóknastofnunar landbúnaðarins og síðasta formann Loðdýraræktarfélags Íslands, svo og veiðistjóra, Svein Einarsson, og fulltrúa frá hraðfrystihúsunum og fulltrúa náttúruverndarráðs. Þá hefur n., eins og fram kemur í grg., aflað sér mikilla gagna, m. a. erlendis frá, um loðdýrarækt. Minkurinn er svo margræddur hér á hv. Alþ., að óþarfi er að rekja öll þau lagaákvæði, sem í gildi hafa verið, eða þau lagafrv., sem fram hafa verið borin undanfarin ár. Með l. nr. 32 frá 1951, sem enn eru í gildi, er minkaeldi algerlega bannað. Segir á þá leið í þeim l., að óheimilt sé að reisa ný minkabú, en löglega útbúin búr máttu þó standa í þrjú misseri og steinsteypt búr allt að 5 ár.

Að sjálfsögðu hefur þetta bann við minkaeldi verið sett vegna þess, hversu illa hefur verið búið um minkabúin, minkurinn hefur sloppið úr vörzlu og gert usla. Það er því vel skiljanlegt, hversu erfiðlega hefur gengið að fá breytt þessum l. frá 1951 um loðdýrarækt. Þeir hv. alþm., sem þekkja öll þau mistök, vilja eflaust fara varlega með leyfi fyrir mink á nýjan leik. Það mun hafa tíðkazt áður, að frv. um loðdýrarækt hafi verið falin landbn. til umsagnar eða fyrirgreiðslu. Svo er einnig með lagafrv., sem liggur fyrir hæstv. Nd. um minkaeldi í Vestmannaeyjum. Hér hefur hins vegar allshn. tekið þetta mál til flutnings. Raunverulega er það eðli málsins samkv. Loðdýrarækt er ekki einvörðungu landbúnaðarmál, þótt framgangur þess geti lyft undir íslenzkan landbúnað meira en margt annað eins og nú hagar til, bæði beint og óbeint. Á ég þar t. d. við úrgangsafurðir frá sláturhúsunum, sem nú fara fyrir lítið hjá bændum, en er úrvalsfæða fyrir loðdýr. Þetta mál er ekki síður til hagsbóta íslenzkum sjávarútvegi, sem framleiðir stærstan hluta þeirrar fæðu, sem loðdýrin þarfnast, fiskúrgangs, sem nú er frystur við ærinn kostnað og seldur úr landi til frændþjóða okkar og fæðir þar ekki aðeins minkinn, heldur raunverulega hluta af þessum þjóðum. Dýrmætt hráefni, sem við getum gert okkur meiri mat úr til stórfelldrar gjaldeyrisöflunar, fer fyrir lítið, sem orsakast af mistökum áranna 1930—1951, mistökum, sem þetta lagafrv. girðir fyrir að endurtaki sig.

Frv. það, sem hér er lagt fram, gerir ráð fyrir að leyfa loðdýrarækt og þar með minkabú gegn ákveðnum skilyrðum, sem nú eru miklu strangari en áður var, meðan slík framleiðsla var leyfð lögum samkv. Frv. gerir ráð fyrir, að þeir, sem hafi í hyggju að stofnsetja loðdýrabú eða loðdýragarða, sendi um það umsókn til landbrn. Skulu fylgja með ítarlegar tæknilegar upplýsingar og umsögn viðkomandi sveitar- eða bæjarstjórnar. Veiðistjóri skal láta uppi álit sitt á umsókninni og taka út búið samkv. þessu lagafrv., en búið á að hafa þrefalda vörn, vírnetsbúr, dýrheldan skála með steyptum undirstöðuramma og dýrheldu ytri girðingu. Auk þess er til skilið, að forstöðumenn loðdýrabúa séu kunnáttumenn með minnst eins árs reynslu í hirðingu, fóðrun og meðferð dýranna.

Í ítarlegri grg., sem prentuð er með frv., er skýrt frá þróun minkaræktar í heiminum, einnig markaðs- og sölumálum. Þar kemur fram, að Norðurlöndin eru stærstu framleiðendur minkaskinna með 9½ millj. skinna eða 40% af heimsframleiðslunni. Kemur einnig fram, að 1967 hafa tekjur Norðurlandanna hvers um sig af sölu loðskinna numið 2000—3000 millj. ísl. kr., og allt hefur þetta skeð á árunum frá 1930, þegar við einnig höfðum loðdýrarækt hér á landi. Er nú svo komið, að ekkert Norðurlandanna er aflögufært með minkafóður nema Norðmenn og að sjálfsögðu við Íslendingar. Nú eru flutt út 8—10 þús. tonn af frystum fiskúrgangi til fóðurs loðdýra, en eins og fram kemur í áætlun Efnahagsstofnunarinnar, sem prentuð er einnig hér með frv., er fiskmeti 75% af fóðurþörf minksins. Með minkarækt skapast þannig mikill og góður markaður, ekki aðeins fyrir fiskúrgang, heldur sláturúrgang og nokkuð af undanrennu. Ég skal ekki gylla hinn beina hagnað, sem af loðdýrarækt kann að fást. En það má fullyrða, að með henni skapast dýrmætur markaður fyrir úrgangsfisk og sláturúrgang, sem nú er lítt nýttur. Er áætlað, að framleiða megi hér 2—3 millj. skinna með því hráefni, sem nú fellur til í landinu. Ef líta mætti á þetta mál með þvílíkri bjartsýni, stæðum við jafnfætis hverju hinna Norðurlandanna sem væri og hefðum skapað útflutningsverðmæti allt að 3000 millj. kr. á ári. Og mér er nær að halda, að hefði ekki tilraun okkar um minkaeldi á árunum 1930—1951 farið svo gersamlega út um þúfur, værum við nú þegar hálfdrættingar á móti hverju hinna Norðurlandanna. Að frændur okkar standa fremst allra þjóða á þessu sviði gæti líka komið okkur til góða. Einmitt nú, þegar rætt er um aukna samvinnu við þessi lönd, gætum við eflaust fengið í okkar hendur dýrmæta reynslu þessara þjóða, sem mundi skapa okkur möguleika til þess að forðast dýr mistök í byrjun nú á nýjan leik.

Einnig má benda á það, að Kanadamenn standa þjóða fremst í þessari atvinnugrein, þó að þeir hafi hins vegar ekki aukið minkarækt sína undanfarin ár vegna þess, hversu fóðurkostnaður hjá þeim er nú orðinn hár og fóður takmarkað. En benda má á það, að formaður Loðdýraræktarsambands Kanada er einmitt Vestur-Íslendingur og giftur vestur-íslenzkri konu, bæði fædd að vísu í Kanada, en miklir Íslandsvinir. Hefur þessi landi okkar, Jóhann Sigurðsson, eldlegan áhuga fyrir að miðla okkur löndum sínum af sinni kunnáttu og telur, að hér sé stórmál á ferðum og líkir því við stofnun Eimskipafélags Íslands á sínum tíma. Úr þessari átt gæti okkur því borizt dýrmæt hjálp og stuðningur í þessu máli.

Öllum, sem skyn bera á þessi mál, ber saman um, að Ísland sé vel fallið til minkaræktar hvað loftslag snertir. Minkurinn virðist þarfnast kaldra heimkynna og minkarækt í heitari heimshlutum hefur ekki tekizt. Í umræðum, sem fram hafa farið undanfarin ár, þegar

hliðstæð frv. hafa verið rædd hér á hv. Alþ., hefur það aðallega verið fundið að þeim lagafrv., að ekki væru í þeim nægilega ítarleg ákvæði um öryggi, ekkert, sem sannaði fjárhagsgrundvöll undir slíkum rekstri, engar kröfur um sérþekkingu og að síðustu, að forðazt væri að nefna mink á nafn, heldur aðeins talað um loðdýrarækt. Úr þessu hafa höfundar þessa frv. greinilega bætt, nema helzt, ef minkurinn er ekki nægilega oft nefndur í þessu frv. Gild rök þeirra, sem banna vilja minkaeldi, eru fyrst og fremst þau, að ætíð sé hætta á, að minkurinn sleppi úr búrum sínum, og þá sé voðinn vís. Ljóst er, að illa hefur verið búið um þessi mál, þegar minkaeldi hófst hér um 1930. Löggjafinn hafði ekki sett nægilega strangar reglur um minkabú, eftirliti hefur verið áfátt, trassaskapar og vankunnáttu hefur gætt hjá mörgum þeirra, sem ábyrgð hafa átt að bera. Þannig hefur þetta því miður oft gengið fyrir sig hér á landi, þegar farið hefur verið af stað með nýjungar, en af reynslunni og árekstrunum öðlast menn þekkingu og vita þá betur, hvað er að varast næst.

Þetta finnst mér eiga hér við. Við höfum rekið okkur áþreifanlega á og vitum nú, hvað er að varast. Þetta lagafrv. er einmitt byggt á þeirri dýrkeyptu reynslu og þótt okkur verði á skyssa, þurfum við ekki og höfum ekki ráð á að vera fullir fordóma að eilífu. Ekki er úr vegi að kynna hér að nýju umsögn veiðistjóra, Sveins Einarssonar, um minkarækt, er hann skrifaði landbn. Nd., þegar minkur var til umr. hér á hv. Alþ., en þar segir m. a., með leyfi hæstv. forseta:

„Það hefur greinilega komið fram, bæði í ræðu og riti manna um þetta mál, að þeir telja aðalhættuna, ef minkaeldið verði tekið upp að nýju, vera í því fólgna, að minkur sleppi að meira eða minna leyti úr búrum sínum og auki þannig villiminkastofninn í landinu. Um þetta atriði er ég þeirrar skoðunar nú eins og áður, að þessi hætta hljóti að vera hverfandi, ef fyllsta öryggis er gætt með gerð búranna og allan aðbúnað og í því efni stuðzt við reynslu nágrannaþjóða okkar á Norðurlöndum. Danir hafa ströng ákvæði um gerð minkabúa, og virðist allt benda til, að lítil brögð séu að því, að minkur sleppi úr haldi hjá þeim. Og nýlega hófu þeir minkaeldi í Grænlandi og einnig fyrir nokkrum árum í Færeyjum, en í báðum þessum löndum voru engir villiminkar fyrir áður."

Þetta var umsögn veiðistjóra frá árinu 1965. Fyrir hv. Nd. leggur nú frv. um minkaeldi í Vestmannaeyjum, flutt af hv. 3. þm. Sunnl. og hv. 10 þm. Reykv. Álit landbn. Nd. er þegar komið fram á þskj. 428, og er þar lagt til, að því frv. verði vísað frá með rökst. dagskrá á þeim forsendum, að frv. það, sem hér er mælt fyrir, sé væntanlegt inn í þingið.

Þar sem frv. þetta er flutt af þm., er ekki gerð till. um að vísa málinu til n. að nýju að þessari umr. lokinni, en hins vegar munu flm. taka að sjálfsögðu til athugunar einstakar ábendingar frá hv. þm., komi þeir með brtt. Að svo mæltu óska ég, að frv. verði vísað til 2. umr. að þessari umr. lokinni.

Einar Ágústsson: Herra forseti. Ég bjóst nú kannske við því, að einhver andstæðingur loðdýraræktar stæði hér upp til þess að koma fram með aths. við þetta frv. Má vera, að þeir eigi eftir að gera það. En ég stend ekki hér upp beinlínis til þess að hafa á móti því, að loðdýrarækt verði reynd hér að nýju, heldur vil ég gera grein fyrir því, hvernig á því stendur, að ég er ekki einn af meðflm. þessa frv., þó að ég eigi sæti í hv. allshn., en meiri hl. þeirrar n., 5 af 7, flytur frv., eins og þskj. 403 ber með sér.

Ég ætla að leyfa mér að rekja örlítið aðdragandann að því, hvernig þessi flutningur er til kominn. Eins og hv. frsm. gat um hér áðan, hv. 7. landsk. þm., skipaði landbrh. þann 16. des. 1968 5 manna n. til að endurskoða frv. til l. um loðdýrarækt, sem var til meðferðar á síðasta Alþ. og þá vísað til ríkisstj. vegna of lítils undirbúnings og fleiri atriða. Þessari n. var enn fremur falið að athuga þau atriði, sem máli kynnu að skipta í sambandi við loðdýraeldi hér á landi, og gera till. til rn. um, hvort leyfa skuli minkaeldi hér á landi eða ekki. Ef n. kæmist að jákvæðri niðurstöðu, skyldi hún gera till. um, hvernig um minkabú skuli búið og um aðrar varúðarráðstafanir, er skipta kynnu máli til þess að verja þessa nýju atvinnugrein áföllum og náttúru landsins tjóni. Eftir þeim upplýsingum, sem ég hef fengið um störf þessarar n., þá eru þau þannig, að hún hóf störf 10. janúar s. l. og hefur haldið nokkra fundi. Hún boðaði til sín nokkra menn til að upplýsa málið, en eftir því, sem mér er frá skýrt, mun ekkert nýtt hafa komið þar fram frá því, sem áður var komið fram í fyrra, þegar landbn. Nd. Alþingis hafði málið til meðferðar, enda má kannske segja, að þess hafi ekki verið að vænta, þar sem n. ræddi við sömu aðila og landbn. gerði. N. varð svo ekki sammála um afgreiðslu málsins, eins og hv. frsm. greindi frá. Meiri hl., þeir Ásberg Sigurðsson, Jónas Pétursson og Bragi Sigurjónsson, sem munu hafa verið, a. m. k. tveir þeirra, flm. að því loðdýraræktarfrv., sem fyrir Nd. var í fyrra, leggja vitanlega til, að loðdýrarækt verði leyfð, en minni hl., sem í áttu sæti Stefán Valgeirsson alþm. og Örnólfur Thorlacius menntaskólakennari, lítur svo á, að n. hafi alls ekki haft aðstöðu til að kanna málið eins og landbrh. hafði lagt fyrir n. að gera og þess vegna sé ekkert á því að byggja, sem frá n. kemur á þessu stigi.

Í grg., sem ég hef undir höndum frá þessum tveimur nm. í minni hl., í bréfi, sem þeir munu hafa skrifað hæstv. landbrh., segja þeir m. a., með leyfi forseta; ég sé ekki annað en rétt sé, að þeirra álit komi hér fram, þar sem þegar er búið að prenta og vísa til álits meiri hl., og ég leyfi mér þess vegna að lesa hér dálítinn kafla úr þessari skýrslu. Það er þá svona:

„Enginn nm. hefur neina reynslu eða sérþekkingu varðandi minkarækt, og því hlýtur n. að þurfa talsverðan tíma til þess að kynna sér málið, ef hún á að vera þess umkomin að taka afstöðu til þess, sem byggð sé á könnun, eða gera till. um gerð mannvirkja, þar sem fyllsta öryggis sé gætt, eftir því sem það er hægt, og hins, að kostnaður fari ekki úr hófi fram, hvað þá um annað, sem málið varðar. Benda má á ýmis atriði í grg. meiri hl., sem þarfnast frekari athugunar. Þar er t. d. fullyrt, að fóðurkostnaður standi því fyrir þrifum, að minkarækt hafi aukizt á Norðurlöndum og í Kanada undanfarin ár. Minni hl. bendir á þann möguleika, að markaðsörðugleikar ráði hér miklu og telur fráleitt, að flutt

verði frv. um minkarækt fyrr en markaðsmálin eru betur könnuð. Mjög ábatasamur liður í loðdýrarækt og verzlun er fólginn í sölu lifdýra til annarra búa, einkum nýrra loðdýrabúa. Ber því að taka með varúð áhuga erlendra aðila á endurvakningu minkaræktar á Íslandi á þessum tímum, þegar girt virðist fyrir útþenslu möguleika þessarar atvinnugreinar innanlands hjá þeim. Frá því að minkarækt var lögð niður á Íslandi, **hafa miklar framfarir orðið í fræðilegri fóðrun, hirðingu og kynbótum aliminka**, svo sem fram kemur í grg. meiri hl. Frumskilyrði þess, að minkaeldi verði arðvænlegur atvinnuvegur hér á landi er vitanlega, að íslenzkir minkaræktendur tileinki sér þessi vísindalegu vinnubrögð. Erlendis munu aliminkar aldir á fóðurblöndum með þekktri og mjög jafnri samsetningu. Þó að fiskúrgangur frá sumaraflanum ásamt ýmsum úrgangi og ruslafiski, svo að vitnað sé í grg. meiri hl, geti eflaust orðið undirstaða verðmæts minkafóðurs, þarf að auka þessa undirstöðufæðu ýmsum steinefnum og bætiefnum. Búast má við, að þessi viðbót þurfi að vera breytileg eftir efnasamsetningu úrgangsfisksins og ekki fáist úrvalsskinn af minkum nema óslitið fræðilegt eftirlit sé haft með blöndun fóðursins. Ef miðað verður við erlenda reynslu, yrði trúlega hagkvæmast að setja upp sérstakar blöndunarstöðvar, þar sem úr fisk- og sláturúrgangi ásamt tilskildum viðbótarefnum væri framleitt fullgilt minkafóður í stað þess, að fiskúrgangur af breytilegri samsetningu færi beint í hakkavélina, eins og meiri hl. gerir ráð fyrir í grg. sinni. Hér er greinilega svo sem í fleiri atriðum þörf frekari könnunar, og búast má þarna við kostnaði, sem ekki er gert ráð fyrir í lauslegri athugun Efnahagsstofnunarinnar. Að athuguðu máli leggur minni hl. til, að n. fái málið til endurskoðunar, byggi afstöðu sína á könnun, en ekki trú eða trúleysi á þýðingu þess fyrir þjóðina og verði búin að ljúka störfum fyrir næsta reglulegt Alþingi, enda er það í fullu samræmi við erindisbréf nefndarinnar."

Þetta var úr skýrslu minni hl. þeirrar n., sem hæstv. landbrh. skipaði til þess að athuga fram komið frv. frá í fyrra um loðdýrarækt, en auk þessa sameiginlega álits hefur svo einn nm., Örnólfur Thorlacius, skilað sérstöku áliti til landbrh., þar sem hann fjallar fyrst og fremst um málið frá náttúruverndarlegu sjónarmiði. Ég sé nú ekki ástæðu til þess að lesa þetta bréf í heild. Það er alllangt, en með leyfi forseta vil ég vekja athygli á fáeinum atriðum, sem í því eru:

„Ýmis umsvif í atvinnulífi nútíma þjóðfélags eru þess eðlis, að náttúru lands eða sjávar er af þeim nokkur hætta. Með vaxandi menntun almennings og auknum tómstundum eykst skilningur manna á þeim auði, sem fólginn er í óspilltri náttúru, auk þess sem rányrkju á náttúruauðlindum fylgir oft fjárhagslegt tjón. Þegar innflutningur minka hófst hér fyrir 40 árum tæpum, urðu náttúrufræðingar og ýmsir fleiri aðilar til að vara við því tjóni, sem af þessu dýri mundi hljótast, ef það næði að ílendast hér. Þessum viðvörunum var ekki sinnt, en þær hafa nú löngu sannazt.

Þegar nú er íhugað, hvort leyfa skuli minkaeldi á nýjan leik hérlendis, ber að athuga, hver hætta náttúru landsins geti enn stafað af þessari atvinnugrein og meta, hvort ágóði af minkaeldi verði slíkur, að hann réttlæti, að banninu gegn minkaeldi á Íslandi verði aflétt."

Síðar segir hér í þessu bréfi: „Aliminkar, sem úr haldi sleppa, hegða sér á allt annan veg en villiminkar, sem fyrir eru í landinu og aðhæfzt hafa hér aðstæðum. Nægir í þessu sambandi að vekja athygli á því, að á meðan minkarækt var stunduð hérlendis, bárust tíðar fréttir af spjöllum, sem minkar unnu á alifuglum, auk þess sem minka varð oft vart í þéttbýli, jafnvel inni í höfuðborginni. Nú er minkastofninn í landinu mun stærri og útbreiddari en þá var, en samt fréttist sjaldan um ásókn minka í hænsn eða aðra alifugla, og menn verða á allan hátt minna varir við villiminka en áður. Ástæða er til að ætla, að spjöll þau, sem nýsloppnir minkar valda á villtri náttúru landsins, einkum á **fuglalífi, séu líka meiri en búsifjar af völdum hagvanra** villiminka. Ýmsir vísindamenn telja t. d., að nýsloppnir aliminkar æxlist örar en minkar, sem komnir eru í jafnvægi við umhverfið."

Ég sé ekki ástæðu til þess að svo stöddu að vitna frekar í þetta bréf. En framhaldið að því er snertir hv. allshn. er svo það, að formaður n. kemur með þau tilmæli á fund frá hæstv. landbrh., að n. flytji það frv., sem meiri hl. þeirrar n., sem ég áður vísaði í, stendur að. Ég tel þessi vinnubrögð mjög einkennileg, satt að segja. Frv. er vísað til hæstv. landbrh. til athugunar vegna ónógs undirbúnings, eins og ég hef rakið. Það fer fram nokkur athugun á því frv. í n., sem ekki verður sammála um niðurstöður þess. Hæstv. landbrh. tekur við frv. á ný og fær svo hv. allshn. Ed., til að flytja það frv. Ég átta mig ekki fyllilega á þessu. Hver er afstaða hæstv. **landbrh. til frv.? Ber þá að skilja þetta frv. og þessa** málsmeðferð svo, að hæstv. landbrh. hafi ekki treyst sér til sjálfur að flytja þetta frv. eða hver er meiningin? Ég sé, að hæstv. landbrh. er ekki viðstaddur, enda telur hann sjálfsagt þetta ekki lengur sitt mál. Aðrir hafa tekið það upp á sína arma, og er ekkert við því að segja. Þeir svara þá kannske fyrir hann, ef þeim finnst það ómaksins vert. En þessi vinnubrögð voru nú því valdandi, að ég sá enga ástæðu til þess að taka þetta ómak af hæstv. landbrh. að flytja þetta frv. og þess vegna er ég nú ekki meðflm. að því, en alls ekki vegna þess, að ég hafi endanlega myndað mér þá ákveðnu skoðun, að alls **ekki megi taka hér upp loðdýrarækt. Ég er t. d. alger**lega sammála hv. 7. landsk. þm. um það, að fordómar, sem byggðir eru á fyrri mistökum, eru varasamir. Ég er alls ekki þeirrar skoðunar, að þó að við höfum ekki getað sinnt minkarækt fyrir 30—40 árum og ekki haft ástæður, fjármagn eða kannske þekkingu til þess að loka þá inni í nægilega tryggum búrum, þannig að þeir slyppu ekki, þá getum við það ekki í dag. Það er ekki það, sem ég er hræddastur við í þessu sambandi, alls ekki. Og ég tek alveg undir hans ummæli um það. Aftur **á móti er ég alls ekki eins viss og hann virðist vera um** það, að hér sé um arðvænlega atvinnugrein að ræða. Ég er ekki kunnugur þessu máli erlendis, engan veginn. En ég hef þó ekki komizt hjá því að sjá fregnir af því, t. d. á s. l. ári, að loðdýrabændur á Norðurlöndum, a. m. k. í **Danmörku og Noregi, urðu að drepa helminginn af** stofninum til þess að halda uppi verðinu. Eitthvað virðist mér þessar fréttir geta kannske bent til þess, að

markaðsmöguleikar íslenzkra loðskinna, ekki sízt þá á meðan þau eru á einhverju frumstigi, geti verið erfiðir. Ég skal þó ekkert fullyrða um það. Þá tek ég alveg undir það, sem sagði í skýrslu minni hl., að ég tel þessa áætlun frá Efnahagsstofnuninni, — rekstraráætlun um rekstur minkabús — mjög lauslega, mjög svo lauslega, svo að ekki sé meira sagt.

Hv. 7. landsk. sagði, að n. sú, sem sett var að tilhlutan landbrh. til þess að athuga þessi mál, hefði kvatt á fund sinn ýmsa menn. Ég rengi það ekki á nokkurn hátt. En hvað sögðu þessir menn? Það liggur ekki fyrir t. d. í nál. eða í grg. Það liggur ekkert fyrir. Hvaða menn voru þetta? Hv. 7. landsk. upplýsti það að nokkru. Minni hl. n. segir, að það hafi verið sömu mennirnir og voru búnir að láta í té umsögn um frv., þegar það var fyrr á ferð í hv. Nd., og ég veit ekki, hvort menn hafa búizt við því, að þeir hefðu aðra skoðun á málinu 6 mánuðum síðar, en þeir virðast ekki hafa haft það.

Ég skal svo ekki vera að halda hér langa ræðu um þetta mál, sérstaklega vegna þess, að eins og ég segi, þá hef ég ekki enn þá gert það upp við mig, hver afstaða mín er til frv., og það, að ég flutti ekki frv., er af öðrum ástæðum, eins og ég hef rætt hér, en ekki það, að ég væri endilega eindregið mótfallinn því. En ég tel alveg fráleitt, að frv. fari ekki til n., alveg fráleitt. Frv. er ekki flutt af n. Það er flutt af nokkrum mönnum í n. Ég man ekki betur, þegar n. var að koma sér saman um það að flytja frv., að þá væru margir nm., sem létu þess getið, að þeir vildu hafa fyrirvara um það, hvort þeir fylgdu því raunverulega eða ekki. Þeir gerðu þetta í þægðarskyni og greiðaskyni við hæstv. landbrh. og ég get skilið það að ýmsu leyti. En ég man ekki betur heldur en a. m. k. sumir nm. væru óákveðnir í því þá, hvort þeir mundu fylgja því til endaloka eða ekki. Þess vegna tel ég, að frv. eigi að fara til n. Og satt að segja tel ég, að þetta frv. eigi að fara til landbn., þó að það sé flutt af nokkrum mönnum í allshn. og ég rökstyð það á þann hátt, að loðdýrabúskapur samkv. eldri l. a. m. k. heyrði undir landbrn. og Búnaðarfélagið að nokkru leyti. Ég veit, að það er ekki gert ráð fyrir því beinlínis í þessu frv., en væntanlega verður nú eitthvert rn. að fjalla um þetta. Hafa menn gert sér það ljóst, hvaða rn. það er, sem á að hafa endanlegt úrskurðarvald um ýmis atriði, sem frv. varðar? Er það kannske viðskmrn. vegna gjaldeyrisins, sem aflast, eða kannske sjútvmrn. vegna þess, að úrgangurinn kemur aðallega þaðan? Nei, það er landbrn. Og er þá ekki réttast, að hv. landbn. fjalli um þetta mál eins og önnur mál, sem landbúnað varða? Þar að auki er það hæstv. landbrh., sem hefur beitt sér fyrir flutningi þessa frv., eins og kom fram af framsöguræðu hv. 7. landsk. Og þó að honum finnist kannske afkvæmið ekki sérlega fritt, þá er hann ekkert of góður, finnst mér, til þess að bera ábyrgð á því, því að að hans frumkvæði er málið flutt, og eins og önnur mál, sem frá honum koma, álít ég eindregið, að málið eigi að fara til hv. landbn. og það er till. mín.

Jón Þorsteinsson: Herra forseti. Ég vildi nú aðeins leggja hér fáein orð í belg, eingöngu vegna þess, að ég er formaður þeirrar n., sem þetta mál fékk til meðferðar frá landbrn., þ. e. formaður allshn. Í fyrstu leit nú út fyrir það, að allshn. yrði sammála um að flytja þetta frv., en þá með þeim áskilnaði, að hver nm. hefði frjálsar hendur, eins og það er kallað og er nú nokkuð tíðkað, þegar n. flytja frv., þannig að nm. skuldbindi sig ekki um stuðning við frv., þegar það kæmi hér til kasta þd. En þessi varð ekki niðurstaðan. Það varð þannig, að n. klofnaði og 5 nm. stóðu að flutningi frv., en tveir stóðu ekki að þeim flutningi. Ég skildi þetta þannig, þegar málið var afgreitt, að þessir nm., sem skipuðu meiri hl. allshn., skuldbyndu sig þar með til þess að styðja málið í grundvallaratriðum, þ. e. að þeir hefðu frjálsar hendur um einhverjar minni háttar breytingar, en að þeir væru í grundvallaratriðum fylgjandi frv., en hefðu ekki eins frjálsar hendur og annars tíðkast eða hefði verið gert, ef öll n. hefði flutt frv. Auðvitað má um það deila, fyrir hvaða n. slíkt frv. á að bera, en þetta var sent allshn. og ef hv. 11. þm. Reykv. hefði þá verið eindregið þeirrar skoðunar, að það væri landbn., sem ætti að fjalla um málið, — ég viðurkenni vel, að þetta getur verið matsatriði, — þá finnst mér, að það hefði átt að koma fram í allshn., eða hún hefði átt að taka þá afstöðu og segja: N. telur ekki eðlilegt, að hún fjalli um þetta mál og sendir það aftur til baka til rn. Það var ekki gert, heldur tók n. þá afstöðu, eða meiri hl. hennar, að flytja málið. Mér finnst þess vegna mjög óeðlilegt, að eftir að meiri hl. tiltekinnar n. hefur flutt mál, sé því vísað til annarrar n. hér í hv. d., og mér finnst raunar óþarft, úr því að meiri hl. n. flytur málið, að vísa því formlega til n. Hitt finnst mér hins vegar eðlilegt, ef hér koma fram við 1. eða 2. umr. málsins aths. við frv. og till. til breytinga, að þá komi allshn. saman og fjalli um það, án þess að um formlega vísun til n. sé að ræða. Það held ég, að hafi oft verið tíðkað, og það fyndist mér eðlilegast í þessum tilvikum.

Hv. 11. þm. Reykv. var nú að gagnrýna þessa meðferð hæstv. landbrh. að senda málið til allshn. og taldi, að eiginlega hefði n. verið að taka af honum vandann. Hann hefði þá átt að flytja þetta sjálfur. Það er nú allalgengt, að rn. og ráðh. sendi mál til n. og óski eftir því, að n. flytji það. Og þess vegna er það ekkert nýtt í þessu efni. Um skoðanir landbrh. veit ég ekki. En mér skilst þó samt sem áður, að ef hv. 11. þm. Reykv. hefði verið landbrh. í þessu tilfelli, þá hefði hann nú farið eitthvað svipað að, því að hann hefur ekki, að mér skilst, og ég er ekkert að álasa honum fyrir það, gert upp hug sinn endanlega til málsins. Hvað ætti t. d. ráðh. að gera, sem ekki væri búinn að gera upp við sig sjálfur, hvort hann styddi mál eða ekki? Væri ekki eðlilegast að reyna að koma þessu á framfæri við þingið á þennan hátt, eins og gert var hér. En ég vil sem sagt undirstrika það, að ég tel alveg óþarft að vísa málinu til n., eins og það er fram borið, og alls ekki viðeigandi, að það lendi þá hjá annarri n. heldur en þeirri, sem fjallaði um það frá upphafi.

Einar Ágústsson: Herra forseti. Það eru nú aðeins eitt eða tvö atriði í sambandi við þá ræðu, sem hér var síðast haldin. Ég skal ekki hafa neitt á móti því, sem hann segir, og veit ekkert um það, hvað þeim fimmmenningum, sem frv. flytja, hefur farið á milli, eftir að við

tveir fórum úr n. að þessu leyti, og það er þess vegna mjög líklegt og ég tek það gilt, að allir hv. flm. séu ákveðnir í því að styðja frv. En ég var einungis að rekja svona raddir, sem komu fram í n., áður en endanlega var ákveðið, hverjir stæðu að flutningi frv. og ekkert meira um þetta að segja.

Hv. 3. landsk. sagði, að þær aths., sem ég hafði hér fram að færa um það, hvaða n. ætti að flytja frv. eða að einhverju leyti taka það að sér, hefðu átt að koma fram í allshn. Ég vil aðeins minna hann á, að þær komu fram. Á fyrsta fundi, sem þetta frv. var sýnt, gerðum við tveir, sem ekki stöndum að flutningi frv., ég og hv. 4. þm. Sunnl., þá aths. við þetta, að við teldum, að það væri fremur landbn., sem um þetta mál ætti að fjalla. Og ég man ekki betur en málið væri þá tekið af dagskrá og það væri ekki fyrr en á síðari fundi, sem það varð svo endanlega niðurstaðan, að allshn. eða hluti hennar tæki málið að sér. Þetta skiptir auðvitað sáralitlu máli. En ég vil bara koma þessu á framfæri, úr því að sú rödd kom fram, að ég væri að flytja mál þetta of seint. Ég tel ekki, að ég hafi gert það, tel, að ég hafi flutt það strax og tækifæri gafst.

Um það, hvað ég mundi gera, ef ég væri landbrh., skal þess getið, að þá hugsun hef ég nú satt að segja aldrei hugsað. En hv. 3. landsk. ályktar, að ég mundi hafa farið svipað að eins og hæstv. landbrh. gerir nú vegna þess, að ég væri ekki búinn að gera upp hug minn til málsins. Ég held, að ég mundi alls ekki hafa farið að eins og hæstv. landbrh. hefur gert. Ég mundi bara ekki hafa hreyft þessu máli fyrr en ég væri búinn að gera hug minn upp um það. Og ég mundi þá annaðhvort hafa neitað að flytja frv. og ekkert verið að vafstrast í þessu eða látið rn. eða ríkisstj. flytja það, svo að hvora leiðina sem ég hefði farið í því, þá er ég alveg viss um, að ég hefði ekki farið þá leið, sem hæstv. landbrh. hefur valið.

Deildin sker auðvitað úr um það, hvort hún telur þörf á því, að fleiri n. fjalli um þetta mál. Þrátt fyrir þær ábendingar, sem komu frá hv. 3. landsk., sem ég viðurkenni, að eru að ýmsu leyti réttar, þannig að það er e. t. v. ekkert einsdæmi, að n. eða nefndarhluti flytji mál, þá sé ég ekki ástæðu til þess að draga þá till. til baka, sem ég áðan gerði um það, að málið færi til landbn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 13:1 atkv.
Till. um að vísa frv. til landbn. felld með 8:8 atkv.

Karl Guðjónsson: Herra forseti. Eins og fram hefur komið hér í umr., stendur að flutningi þessa frv. meiri hl. allshn. d., en þegar um það var rætt í n., að það væri nokkuð óvenjulegt, að nefndarhluti flytti frv., þá var einnig um það talað, að þeir, sem að flutningnum stæðu, gætu komið fram aths. sínum við einstaka liði frv., enda þótt þeir fylgdu því að meginefni. Ég tel þess vegna vera býsna fjarri lagi að vísa ekki málinu til neinnar n., þar sem það hefur þó í för með sér, að sá minni hl., sem ekki felldi sig við flutning frv. í n., á þess ekki kost að gefa út neitt nál. um málið. Þess vegna geri ég það að till. minni, eftir að fellt hefur verið að vísa frv. til þeirrar n., sem till. hafði komið fram um, að málinu verði formlega vísað að nýju til allshn. og það fái þar þinglega meðferð, þannig að þeir nefndarhlutar, sá nefndarhluti eða þeir nefndarhlutar, sem vilja koma sérstöku áliti á framfæri um málið, eigi þess kost eins og um önnur mál. Þess vegna er það mín till., að því verði vísað til allshn. til afgreiðslu með þessum hætti.

ATKVGR.
Frv. vísað til allshn. með 13:1 atkv.

Á 77. fundi í Ed., 22. apríl, var frv. tekið til 2. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.

Á 78. fundi í Ed., 25. apríl, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 403, n. 476 og 518).

Frsm. meiri hl. (Sveinn Guðmundsson): Herra forseti. Frv. til l. um loðdýrarækt, 198. mál Ed., hefur verið til athugunar í allshn. Á þskj. 476 skilar meiri hl. áliti og mælir með frv. óbreyttu. Minni hl., hv. 4. þm. Sunnl., skilar séráliti á þskj. 518. Í framsögu gerði ég ítarlega grein fyrir þessu máli, og er óþarfi að endurtaka það nú. Við 1. umr. var það aðallega fundið þessu frv. til foráttu, m. a. af hv. þdm., sem annars fylgja frv., að ýmislegt væri ókannað varðandi markaðsmál, blöndunarstöðvar fyrir fóður og önnur hrein teknisk atriði. Þetta er í sjálfu sér rétt varðandi hina teknisku hlið, en gert er ráð fyrir margs konar reglugerðaratriðum, sem sett yrðu, ef frv. yrði að l. Það má einnig upplýsa, að undanfarin 2 ár hefur af áhugamönnum um loðdýrarækt verið unnið að því að stofna félagsskap, sem hefði það að markmiði að taka upp minkaeldi, ef löggjöfin leyfir. Forvígismenn þessa félagsskapar hafa fengið Gunnar Torfason byggingaverkfræðing til þess að hanna loðdýragarð, sem sameinar alla kosti og kröfur, sem gera verði til minkabús. Þessi hugmynd að minkagarði hefur verið til sýnis á alþjóðaráðstefnu minkaframleiðenda í Frankfurt í Þýzkalandi. Var það álit manna, að þessi hugmynd Gunnars Torfasonar bæri af, og töldu sérfræðingar, að svo rammgerðar varnir sem þar væru ráðgerðar, væru óþarflega miklar og meiri en það, sem þekkist annars staðar.

Þá var fundið að því við 1. umr., að áætlun Efnahagsstofnunarinnar, sem fylgir með frv., væri lausleg. Ég hafði samband við Efnahagsstofnunina, og var mér tjáð, að þeir hafi haft í huga alla varfærni við gerð áætlunarinnar og haft hliðsjón af þeim upplýsingum, sem hægt var að afla, m. a. frá Danmörku. Efi um, að minkarækt gæti verið ábatasöm, sem gert er ráð fyrir í áætlun Efnahagsstofnunarinnar, er því ástæðulaus. En ég vil undirstrika það, sem ég sagði í framsögu, að sá markaður, sem hér skapast fyrir úrgangsfisk og sláturúrgang, er mikilsverður fyrir okkur Íslendinga. Og þótt dýr mistök hafi áður hent okkur varðandi minkinn, þá gerir þetta lagafrv. ráð fyrir fyllstu varúðarráðstöfunum. Ég sé ekki annað en að allir séu sammála um að búa nú svo um hnútana, að þetta lagafrv. verði íslenzkum atvinnuvegum veruleg lyftistöng. Eins og ég tók fram í framsögu, þá skil ég vel hræðslu þeirra manna við minkinn, sem muna reynslu fyrri ára. En dýrkeypt reynsla er okkur einmitt mikils virði. Hún skapar okkur einmitt nú þá möguleika, sem eru undir-

staða þess, að hér sé hægt að breyta um stefnu, leyfa minkaeldi. Reynsla getur að vísu verið beizk, en við höfum tekið út þessa beizku reynslu, og hún á að forða okkur frá þeim mistökum, sem urðu þessari atvinnugrein að falli fyrir 20 árum.

Um markaðsmál fyrir minkaskinn má svo ætíð deila, en miklar vonir má binda við það, hversu lífskjör fara batnandi í hinum menntaða heimi, sem svo orsakar betri markað fyrir slíka vöru, og ekki síður hitt, hversu við hér höfum aflögu ákjósanlegt fóður fyrir minkinn, sem aðrar þjóðir hafa ekki aflögu nú orðið. Gærusútun hefur verið stunduð hér á landi síðan 1906. Nú í ár hafa sútunarverksmiðjur mikið bætt aðstöð sína og hafa mikil verkefni og arðsöm framundan. Með réttri gengisskráningu og meiri eftirspurn hefur hlaupið mikil gróska einmitt í sútun. Þannig mun Samb. ísl. samvinnufélaga hafa ákveðið bygging sútunarverksmiðju á Akureyri, sem geti afkastað 300 þús. skinnum á ári. Aðrar verksmiðjur, svo sem hér í Reykjavík og á Akranesi, vinna af fullum krafti, og það er spá mín, að þær 700—800 þús. gærur, sem falla til á ári, verði allar fullnýttar hér innanlands áður en langt um líður og verðmæti þeirra margfaldað frá því, sem nú er. Þannig gæti líka orðið með minkaskinn, ekki aðeins, að þau yrðu fullverkuð hérlendis, heldur einnig, að feldskurður yrði hér stórkostleg iðngrein, sem mundi enn margfalda verðmæti þeirrar grávöru, sem hér er rætt um að leyfa framleiðslu á. Meiri hl. allshn., sex af sjö nm., mælir því eindregið með því, að þetta frv. verði samþ. eins og það liggur fyrir hér í hv. þd.

Frsm. minni hl. (Björn Fr. Björnsson): Herra forseti. Eins og hv. frsm. meiri hl. allshn. hv. d. hefur getið um, varð ekki samkomulag í n. um þetta mál. Það var aðeins einn fundur í þessu máli haldinn og hann skammur og engir til kallaðir til athugunar málsins, og meiri hl. n., 6 nm. af 7, leggur til, að frv., eins og það hér liggur fyrir, verði samþ. Ég gat ekki fallizt á þessa afgreiðslu málsins og leyfði mér því að skila séráliti sem minni hl. allshn. Frv. um sama efni, loðdýrarækt, hefur tvívegis áður með nokkru millibili legið fyrir Alþ. og verið um það nokkur ágreiningur. Hinn 16. des. s. l. skipaði hv. landbrh. 5 manna n. til að endurskoða frv. til l. um loðdýrarækt, sem borið hafði verið fram af nokkrum þm. á þingi 1965—1966. N. skipuðu þeir Ásberg Sigurðsson borgarfógeti, form., og alþm. Bragi Sigurjónsson, Jónas Pétursson og Stefán Valgeirsson og Örnólfur Thorlacius menntaskólakennari. Þessi mþn. mun hafa tekið til starfa 10. jan. s. l. og síðan haldið nokkra fundi. Hún mun hafa kallað nokkra menn á sinn fund til athugunar og ráðagerða í sambandi við þetta frv. Flestir, ef ekki allir, þessir menn hafa oft og sumir æði oft verið kvaddir til álitsgerðar um þetta sama efni. Eigi kemur það fram í grg. fyrir þessu frv. né í áliti meiri hl. mþn., hvað þessir menn, sem kvaddir voru til fundar við mþn., hafi álitið um þetta mál. Ég segi fyrir mig, að mér þætti t. d. fróðlegt að vita, hvað yfirdýralæknir hefur sagt, því hann mun hafa verið kvaddur á fund mþn. En svo, þegar til kom, var mþn. alls ekki samdóma. Meiri hl., Ásberg Sigurðsson, Bragi Sigurjónsson og Jónas Pétursson, samþykkti að mæla með framgangi þessa frv., sem nú liggur hér fyrir hv. Ed., en þeir Stefán Valgeirsson og Örnólfur Thorlacius lögðu til, að mþn. hefði málið áfram til frekari könnunar.

Í grg. minni hl. mþn. er lagt til, að nefndin fái málið til endurskoðunar og byggi afstöðu sína til þessa frv. og málsins í heild ekki á trú eða trúleysi á þýðingu þess fyrir þjóðina, heldur á gagngerðri rannsókn málsins allt til botns, og enn fremur gerir minni hl. till. um það í sinni álitsgerð, að mþn. verði búin að ljúka störfum fyrir næsta reglulegt Alþ., enda sé það í samræmi við skipunarbréf mþn. Engar nýjar upplýsingar virðast liggja fyrir fram yfir það, sem áður hefur verið, að öðru leyti en því, að frv. fylgir nú lausleg áætlun um rekstur þúsund læðna minkabús á Íslandi, og þessi áætlun er gerð af Efnahagsstofnun ríkisins í febr. s. l.

Ég vil enn minnast á nokkur atriði úr álitsgerð minni hl. Þar segir t. d., að n. hafi haft allt of skamman tíma til starfa, til þess að tóm gæfist til að kynna sér málið, t. d. hjá erlendum aðilum, svo að nokkuð sé á að byggja, en aðeins er getið um einn erlendan aðila í grg. með frv., sem gagna kvað hafa verið leitað hjá, og það er „Dansk Pelsdyravlerforening". En um innlenda sérfræðinga er víst væntanlega ekki að ræða, því að við eigum enga slíka, sem eru sérfróðir um minkaeldi, ekki enn sem komið er. Enn fremur segir í álitsgerð minni hl., að hann líti svo á, að mþn. hafi alls ekki haft aðstöðu til að kanna málið eins og landbrh. lagði fyrir hana að gera, og því ekkert á því að byggja, sem frá mþn. kemur á þessu stigi málsins. Þetta segir í álitsgerð minni hl. mþn. Og þetta er sagt nokkrum vikum áður en frv. það, sem hér liggur fyrir, er lagt fyrir Alþ. Hér þykir mér vægast sagt fast að orði kveðið af hálfu minni hl. mþn., en af þessari yfirlýsingu verður vart annað ráðið en að mþn. hafi alls ekki í dag lokið sínu áætlunarverki. Og það er nokkurt alvörumál, ef mþn. hefur skotið sér undan því að sinna því, sem fyrir hana var lagt í erindisbréfinu. Þó ekki væri nema af þessari sök einni, þá er að mínu áliti sú ein aðferð rétt hér hjá okkur í hv. Ed. að ljúka málsmeðferð að sinni og að málsefnið allt í heild verði tekið til gagngerðrar og ítarlegrar athugunar af hálfu þeirra, sem höfðu það verkefni á hendi og var fengið það í hendur af hálfu hv. landbrh. Eftir þá könnun mætti ætla, að nokkurn veginn fengist heildarsýn yfir þetta mál, þannig að allir megindrættir a. m. k. væru nægilega ljósir.

En til viðbótar þessu, sem ég hef nú rakið um störf n. og álit minni hl. mþn., vil ég leyfa mér að bæta örfáum atriðum við, sem mættu verða til umhugsunar við frekari könnun málsins, ef til þess kæmi.

Í grg. frv. er að því vikið, að ekki sé ólíklegt, að minkaeldi sé fremur á fallanda fæti, a. m. k. í þrem ríkjum, ef ekki fjórum, þ. e. a. s. í Danmörku, Finnlandi og Kanada og jafnvel Svíþjóð, og er talið, að orsökin muni vera sú, að fóðurkostnaður í minkaeldi sé orðinn svo mikill og reksturinn því svo dýr, að það sé vafasamt a. m. k., að nokkur framför verði eða drift í minkaeldi í þessum ríkjum. En mætti ég spyrja: gætu ekki enn fremur komið aðrar orsakir til? Ég hygg, að í Danmörku t. d. vanti ekki sláturúrgang. Danir eru með

fiskveiðar og þær eru ekki á fallanda fæti. Þær eru fremur í framför, og það mætti segja mér, að fiskúrgangur mundi e. t. v. fremur aukast, a. m. k. hjá Dönum og ég gæti trúað hjá Kanadamönnum líka, því að þar er mikil fiskrækt stunduð, eins og við vitum öll. Þetta er sem sagt alveg ókannað, en því er slegið fram, að aukinn fóðurkostnaður geti leitt til þess, að minkaeldi verði miður stundað á næstu árum en verið hefur í þessum fjórum ríkjum, sem ég minntist á.

Það er hvergi getið um það í grg., hvorki hjá meiri hl. mþn. né í grg. fyrir frv. hér, með hverjum hætti væri líklegast, að við kæmumst inn á yfirfyllta og mjög viðkvæma grávörumarkaði víðs vegar í heimi. Er það nokkuð víst, að við getum, ef til kæmi, framleitt slíka vöru, að fyrir hana fengist jafnan eitt hæsta markaðsverð? Þetta er að sjálfsögðu ókannað, og þetta verður ekki kannað til fulls nema við reynslu, það skal viðurkennt. En hitt er annað, að það er ekki vikið að því í grg. frv. einu orði að kalla, hverjar líkur mættu teljast til þess, að við kæmumst inn á þennan viðkvæma grávörumarkað með okkar skinn, þannig að þar yrði um markaðsverð að ræða, sem við gætum sætt okkur við eða þyrftum.

Þá vitum við það, að minkaeldi er orðin mun viðkvæmari atvinnugrein en hefur verið, vegna þess að strangari kröfur eru nú gerðar til gæða og útlits og annars slíks, og hún er því mjög áhættusöm atvinnugrein og áfallagjörn. Kunnugir segja, að ekkert megi bera út af í fóðrun og hirðingu og kynbótum aliminka, og því er yfirleitt slegið föstu, að hér sé um vísindagrein að ræða, sem okkur Íslendingum er að mestu — eða kannske má segja að öllu ókunn, eins og hún er rekin í dag hjá öðrum þjóðum. Þá eru verðsveiflur æðimiklar á markaðnum, og í grg. meiri hl. mþn. er getið um, hverjar þær hafa verið á nokkrum síðustu áratugum. Kemur það í ljós, að verðlækkunartímabil hafa orðið ein sjö á síðustu áratugum og sum hver staðið yfir allt að tveim árum, hvert fyrir sig. Og þá er þess einnig getið í grg. fyrir frv., að í Bandaríkjunum hafi meðalverð á skinnum lækkað 1965—1967 frá 10% aukningu í 26.7% lækkun á verði. Þetta eru allverulegar sveiflur, en koma engum okkar að sjálfsögðu á óvart.

Áætlun Efnahagsstofnunar ríkisins fjallar um þúsund læðna minkabú hér á landi, og í þessari áætlun er stuðzt við upplýsingar frá aðeins einum aðila, sem ég hef nefnt hér áður, dönskum, sem sjálfsagt hefur reynslu, því skal ekki neitað. Í áætlun Efnahagsstofnunarinnar kemur fram, að fjármagn er áætlað í slíkt bú röskar 10 millj. kr. og hreinn hagnaður reynist við útreikning Efnahagsstofnunar ríkisins 295 þús. kr. Nú er það svo, að í frv. sjálfu er gert ráð fyrir því, að sérfræðingar fjalli um fóðrun og meðferð þessara dýra, ef til kæmi, og það yrðu sjálfsagt erlendir sérfræðingar. Ég er býsna hræddur um það, að þeir mundu kosta meira en um getur í áætlun Efnahagsstofnunar ríkisins, þótt ég að sjálfsögðu geti ekki sannað það, en ég efast um, að þeir fengjust fyrir þá fjárhæð, sem þar er nefnd, og ég hygg, að um fleiri kostnaðarliði sé líku máli að gegna. Það megi efast um það, að þeir fái allir staðizt. Og í niðurstöðu Efnahagsstofnunarinnar segir á þessa leið: „Miðað við þær upplýsingar og forsendur, sem byggt er á, þá virðist vænlegt, **að gerð sé tilraun til minkaræktar á Íslandi.**" En hér liggur fyrir okkur hvorki meira né minna en heildarfrv. um loðdýrarækt og gert ráð fyrir því, að ekki sé um ýkja miklar hömlur að ræða fram yfir það, sem leiðir af sjálfu sér og nauðsynlegt er, þannig að menn almennt, sem hafa nægilegt fjármagn í hendinni, geti lagt í að stofna til minkabús, ef þeir fullnægja þeim skilyrðum, sem sett yrðu í l. samhljóða ákvæðum þess frv., sem hér liggur fyrir.

Svo segir Efnahagsstofnunin líka: „En hafa ber í huga, að sumt í athuguninni er varla nógu ítarlegt." Það gæti bæði verið til hækkunar og lækkunar á einstökum liðum. Ég skal ekki segja um það, en athugunin er sem sagt varla nógu ítarleg, segja þeir sjálfir, sem hana hafa gert. Fyrir efunarmenn í þessum málum eru slíkar upplýsingar væntanlega ekki ýkja sannfærandi um þjóðhagslegt gildi minkaræktar og þaðan af síður til að **byggja á heildarlöggjöf um loðdýrarækt í landinu sem** atvinnugrein. Það virðist líka eðlilegra samkvæmt þessari ályktun Efnahagsstofnunar ríkisins, að gerð væri tilraun með nokkur minkabú, ef mönnum sýndist svo. Þá vil ég geta þess, sem ekki þarf þó, því það er á **allra vitorði, að hér ríkir í okkar landi geigvænlegur** fjármagnsskortur og hefur farið sífellt vaxandi nú um sinn, og hans gætir í öllum undirstöðuatvinnugreinum landsmanna og raunar út um allt efnahagskerfið. Þegar svo mikill vandi er þeim mönnum á höndum, sem fást við þessar atvinnugreinar og aðrar, gæti maður ætlað, að við stöldruðum a. m. k. aðeins við, þegar lagt er til, að stofnað sé til svo mikillar fjárfestingar, því að það **þarf meira en lítið til að hefja hreinlega nýja atvinnu**grein — eða a. m. k. í alveg nýju horfi frá því sem áður var — og fjármagna hana með tugum milljóna kr. Ég hygg, að margur mundi hugsa sem svo, að það væri eitthvað annað nauðsynlegra nú í bráðasta ganginn, vegna þess að í margt af því, sem þjóð okkar er ekki aðeins þarft, heldur líka nauðsynlegt til framdráttar í **dag, vantar fjármagn, svo að þetta er að sjálfsögðu til athugunar eins og nú standa sakir. Árið 1965, þegar frv. um sama efni lá fyrir hv. Alþ., þá var ekki sá fjár**magnsskortur og það getuleysi í þessum efnum, sem nú ríkir.

Erlend fóðurefni til minkaeldis eru mjög dýr sum hver. Þau þyrfti að flytja inn til landsins, a. m. k. 40% og **jafnvel 40—50% af heildarverði fóðurs. En innlendu fóðurefnin eru miklu drýgri að magni.** Gæti nú ekki svo farið, að hin innlendu fóðurefni, t. d. fiskúrgangur og sitthvað fleira af því tagi, margfölduðust að verðgildi í útflutningi, þegar til kemur. Kunnugt er það, að vísindamenn víða um heim fást við rannsóknir í þeim tilgangi að búa til fóðurmjöl til manneldis úr ýmsum slíkum úrgangi. Ef það tækist, sem maður skal vona að verði innan tíðar, þá er ekki vafi á því, að þessi svokölluðu úrgangsefni gætu orðið ákaflega verðmikil bæði hér hjá okkur á innlendum markaði og ekki síður til útflutnings á erlendum markaði. Og þá er spurningin þessi líka: Eru ekki íslenzku fóðurefnin allt of lágt reiknuð inn í áætlunardæmi Efnahagsstofnunar ríkis**ins? Hingað hefur til okkar alþm. borizt bréf frá Náttúrufræðifélaginu. Ásamt með þessu bréfi slæddist plagg, að vísu óundirritað, en þar er reiknað með**

gerólíkum og hærri tölum í sambandi við fiskúrgang og sláturúrgang heldur en Efnahagsstofnun ríkisins gerir í sinni áætlun. Nú skal ég ekki dæma um sannleiksgildi þessarar kostnaðaráætlunar eða athugasemdar um kostnaðaráætlun, sem barst með þessu bréfi, en hitt er annað mál, að mér finnst rétt, þegar tæpt er á slíku, að það sé tekið til yfirvegunar, hvað sé rétt í málinu, því að ef þessar athugasemdir um kostnaðaráætlunina eru réttar, þá skýtur hér æðiskökku við og niðurstaðan í áætlun Efnahagsstofnunar ríkisins með breyttum tölum verði þá mjög neikvæð, þ. e. a. s. það yrði mikill halli á rekstri minkabúsins. En sem sagt, ég vil óska eftir því, að þessi athugasemd, þó að hún sé ekki sérlega formlega í stakk búin, verði til þess, að þetta verði athugað og bæði ég og aðrir, sem erum fremur fáfróðir í þessu efni, fáum nægilegar upplýsingar í hendur um það, og ég tel, að varla megi minna vera. Loðdýrarækt er alls ekki nýr atvinnuvegur hér á landi. Minkaeldi var stundað hér um nærfellt tveggja áratuga skeið og við mjög dapurlega reynslu og lauk með þeim ósköpum, að þjóðin hlaut hina verstu plágu af, villiminkinn alræmda, og hann hefur valdið, eins og við vitum öll, ómetanlegu tjóni á náttúru og hlunnindum, víðast hvar um land, þar sem hann hefur komið við. Það er því varla undrunarefni, þó að mörgum Íslendingi sé það mjög fjarri skapi að stofna að nýju til minkaræktar og telji mikils þurfa við, ef að því ráði yrði horfið, og hvað sem öllu öðru líður í sambandi við vörzlu á minkum, þá er það almennt viðurkennt, að minkar muni alltaf sleppa úr haldi meira og minna, það verði aldrei hægt að girða fyrir það. Hversu margir sérfræðingar sem væru tilkallaðir og hversu margir verðir, getur slíkt hent, að allir minkar gætu sloppið úr búri, ef því er að skipta, og ekki er til meiri vargur í véum heldur en nýútsloppinn minkur. Hann er versta tegund af mink vegna græðgi, þó svo hann jafni sig, þegar hann fer að liggja úti um lengri tíma.

Einhvern tíma heyrði ég talað um það á árunum, þegar verið var með frv. hér á þingi, að þetta ættu að vera steinsteypt búr alveg í hólf og gólf. Ég sé nú ekki að í þessu frv. sé um það getið. Hitt er annað mál, að það er talað um steyptan ramma og dýrheldu yfirgirðingu úr traustu, viðurkenndu efni, svoleiðis að þarna hefur nú töluvert dregið úr örygginu frá því, sem maður hélt, að ætti við að hafa. Í sambandi við þau ósköp, sem yfir okkur hafa gengið vegna ásóknar villiminksins víðast hvar um land, hafa íslenzkir náttúrufræðingar, náttúrudýrkendur og náttúruverndarráðsmenn allir orðið á einu máli um það, að hér ætti að beita hinni mestu varfærni og áráttulaus íhugun ætti að eiga sér stað um málið. Það er óþarfi að rekja ummæli þessara manna. Við höfum lesið bæði fyrr og síðar þessar umsagnir, og fer ég ekki nánar út í þær. En það, sem vekur einnig eftirtekt og ekki sízt í grg., er, að það er töluverður áróður í henni, og hv. frsm. meiri hl. tók upp úr henni einmitt töluvert áróðursbragð. Það er talað um batnandi efnahag í vestrænum heimi og hvað eina og að fólk sé farið að kaupa miklu meira en áður, bæði minkaskinn og pelsa o. s. frv. Að vísu vonum við, að um batnandi efnahag sé að ræða, en óvíst er þetta og ekki allt upp úr því að leggja. Svo er það eitt, að tízkan og tildrið í loðskinnum er hvort tveggja háð duttlungum markaðsins, sem eru svo og svo í hvert skipti, og engu verður slegið föstu um þann markað. Og svo kemur eitt enn, sem er einnig áróðursbragð og hv. frsm. gat um í framsöguræðu sinni og stendur í grg., að það verði ekki langt að bíða þess, að við getum framleitt loðskinn fyrir milljarð kr. Þetta þótti Morgunblaðinu, eða pilti, sem skrifar í það af og til, heldur þykkt smurt og gerði að því góðlátlegt grín og hélt, að slíkt væri í órafjarlægð frá okkar tíma. Og ég segi nú bara, var það furða, að pilturinn fann til þess; það gera flestir. En því skal svo ekki neitað, að við getum fengið erlendan gjaldeyri út úr þessu, ef sæmilega heppnast, erlendan gjaldeyri að einhverju leyti, það má vel vera; það er fjarri mér að ætla, að svo gæti ekki orðið. En svona langt megum við ekki seilast í ákafanum að tala um milljarða kr. þegar í stað.

Svo vildi ég minnast á löggjöfina frá 1962 um innflutning búfjár. Í þeirri löggjöf er gert ráð fyrir því, að bannaður sé innflutningur búfjár, þ. á m. loðdýra. Þessum lögum verður þá að breyta. Í lögunum segir enn fremur, að sé leyfður innflutningur, verði að fara svo og svo með hið innflutta dýr og hafa það úti í eyju og láta það vera í vörzlu þar vikum saman o. s. frv. Við þessari löggjöf hreyfir alls ekki þetta frv., þannig að fari svo, að þetta frv. fari í gegnum báðar d. á þessu þingi, þá er að sjálfsögðu engin vissa fyrir því, hvort komizt verður í gegnum þann hreinsunareld, sem þessi lagaákvæði eru, þ. e. a. s. ákvæðin í l. um innflutning búfjár.

Efnahagsstofnun ríkisins segir í sinni áætlun, að hún telji vænlegt eftir þeim upplýsingum, sem fyrir liggja, að stofna til tilrauna um minkabú. Fyndist mér réttara, ef ekki fengist ráðrúm til frekari rannsóknar málsins eins og ég legg til, að hafa ákvæði til bráðab. í frv. á þá lund, að veita skuli aðeins leyfi til stofnunar og rekstrar ákveðins, takmarkaðs fjölda minkabúa í tilraunaskyni um ákveðið árabil og sjá þannig, hvernig gengur til með þennan rekstur. En vissulega verður reksturinn og hlýtur að verða, a. m. k. fyrsta kastið og fram eftir, óhjákvæmilega dýr og óvissa að ríkja, eins og ég hef áður sagt, um alla eða flestalla kostnaðarliði, svo ekki sé talað um hagfellda sölu á skinnum eða dýrum, ef við færum að selja þau. Það gæti kannske orðið sæmilegt, ég veit ekki um það, en búast má við áföllum fyrirséðum, eins og t. d. að minkar sleppi úr haldi. Það er ekki lítið áfall, ef einhver brögð yrðu að slíku. Eða ófyrirséðum áföllum af ýmsu tagi eins og sölutregðu og verðlækkun af og til, kannske langvarandi. Síðan er alls óljóst, hvaðan og með hverjum hætti fjáröflun á að eiga sér stað í þessi minkabú. Þeir, sem gera tilraun í þessu skyni með eldi á minkum, hljóta að hafa sérlega góða fjárhagslega aðstöðu, hjá því fer ekki, aðstöðu, sem er óvíst, að sé rétt að leyfa til að koma slíku fram, meðan í öðrum atvinnugreinum og á mörgum sviðum út um allt þjóðfélagið skortir mjög tiltakanlega fjármagn, og vissulega þyrftu hinir sömu, ef til stofnunar kæmi á minkabúi, að hafa samband við hina færustu sérfræðinga erlendis og greiða þeim dýrum dómum.

Fáist ekki frestað málinu til aukinnar athugunar og í þá stefnu, sem minni hl. mþn. vill, þá mun ég, ef því skiptir, bera fram á síðara stigi eða fylgja till. um stofnun nokkurra tilraunabúa, til þess að þetta mál yrði ekki þannig afgr. út úr deildinni, að það væri almennt,

heldur mjög takmarkað í horfi. Þegar nú alls þessa er gætt, sem ég hef nú lauslega drepið á, og ekki sýnist bráð þörf á að stofna til minkaeldis í landinu, eins og sakir standa, þá tel ég, að ekki verði hjá því komizt að álíta, að hér þurfi frekari rannsókna við, enda málið ekki svo lítið umdeilt. Því leyfi ég mér, herra forseti, að leggja til, að frv. þessu verði vísað til ríkisstj.

Páll Þorsteinsson: Herra forseti. Þetta mál er þannig vaxið, að ég tel ástæðu til að fara um það nokkrum orðum nú við þessa umr. Málið virðist vera knúið áfram með nokkrum hraða, því það hefur komið fram í umr., að mþn., sem situr að störfum að tilhlutan hæstv. ríkisstj., hefur ekki unnizt tóm til að ljúka störfum. En þrátt fyrir það er frv. þetta flutt, og þingnefndin, sem hefur haft frv. til athugunar, virðist ekki hafa varið löngum tíma til þess að kanna málið, því það kom fram í umr., að um það hefði verið haldinn aðeins einn stuttur fundur, og það nægði til þess, að nm. tækju afstöðu til málsins. En loðdýraræktin er eitt af þeim fáu málum, þar sem við Íslendingar höfum allmikla reynslu við að styðjast, því að nú er komið hátt á fjórða áratug síðan loðdýrarækt var hafin hér á landi og hún var stunduð allvíða um land um nokkuð langt árabil.

Eftir 1930 féllu landbúnaðarafurðir mjög í verði, þannig að bændur munu ekki hafa fengið í sinn vasa nema svona 4—8 kr. fyrir dilkinn og átti það sinn þátt í því, að þeir, sem forustu höfðu á sviði atvinnumálanna, fóru mjög að huga að nýjum atvinnugreinum. Og þá kom skinnaframleiðsla af ýmsum tegundum mjög til álita. Þá var flutt inn karakúlfé í því skyni að koma upp nýrri atvinnugrein til stuðnings landbúnaðinum, en sú saga, sem er af þeim innflutningi, er ákaflega dapurleg, og reynslan varð á allt annan veg heldur en þeir bjartsýnu menn, sem að þeim innflutningi stóðu í öndverðu, gerðu sér vonir um. Um svipað leyti voru flutt inn og ræktuð hér í loðdýrabúrum loðdýr, bæði minkar og refir. Fyrst munu þetta hafa verið áhugamenn, sem gengust fyrir þessari framleiðslu og stofnuðu félag með sér, loðdýraræktarfélag, en þegar þessi framleiðsla var tekin að vaxa, þá voru sett lög um loðdýrarækt 1937. Og í sambandi við þá lagasetningu ríkti mikil bjartsýni. Þá var gert ráð fyrir því og það kom raunar til framkvæmda, að þessi atvinnugrein yrði rekin í svo stórum mæli, að eftirlit með henni og leiðbeiningar yrði falið sérstökum loðdýraræktarráðunaut frá Búnaðarfélagi Íslands, og það var fest í l. að stofna sérstaka deild í Búnaðarbankanum, loðdýralánadeild, til þess að styðja þessa mikilvægu atvinnugrein, sem menn gerðu sér svo bjartar vonir um.

En í sambandi við þetta mál var það frá öndverðu tvennt, sem sérstaklega var um að ræða. Annað var hagnaðarvonin og hitt áhættan, sem þessari nýbreytni fylgdi, og þá eins og raunar hefur ávallt verið síðan, skiptust skoðanir manna mjög um það, hvort þessara atriða væri mikilvægara, eða með öðrum orðum, hvernig ætti að meta þá áhættu, sem þessari atvinnugrein fylgir. Náttúrufræðingar, sem störfuðu á áratugnum 1930—40, vöruðu mjög sterklega við innflutningi loðdýra, t. d. innflutningi á minki, svo að þær viðvaranir fóru alls ekki fram hjá alþm. Sá, sem kvað einna sterkast að orði um þetta, var náttúrufræðingurinn Guðmundur G. Bárðarson, sem lýsti í ritgerð eftir 1930 lifnaðarháttum minksins og dró upp mynd af því, hvaða hætta væri því samfara að flytja hann til landsins og hvað líklegt væri, að af því mundi hljótast. Og reynslan, sem við höfum nú við að styðjast, er sú, að það, sem náttúrufræðingarnir sögðu fyrirfram um minkinn, hefur komið fram. Hins vegar var hagnaðarvonin, og það sjónarmið varð í meiri hluta að leyfa loðdýrarækt, svo sett voru lög um það efni, eins og ég hef þegar minnzt á. Ég tek það fram, að ég vil ekki ámæla þeim mönnum, sem gengust fyrir þessari nýjung í atvinnulífi landsmanna á sinni tíð, en það væri miklu fremur ámælisvert af okkur, ef við tækjum ekki tillit til þeirrar reynslu, sem nú er fyrir hendi um þetta efni.

Ég ætla að leyfa mér í sambandi við þetta mál að lýsa með örfáum orðum þeirri reynslu, sem ég sjálfur hef orðið áskynja í þessu efni, og ég vona, að þeir, sem beita sér fyrir framgangi þessa frv., lýsi sinni eigin reynslu, en fari ekki einungis eftir fréttum ofan úr Efnahagsstofnun eða einhverjum lauslegum fréttum utan úr löndum. Þm. A-Skaftfellinga, fyrirrennari minn hér á Alþ., Þorbergur Þorleifsson í Hólum, var fyrsti flm. að frv. um loðdýrarækt, þegar málið var fyrst tekið upp á Alþ. 1936, og hann var þá og ávallt síðan, meðan honum entist aldur, mikill áhugamaður um loðdýrarækt, og hann lét ekki við það eitt sitja að beita sér fyrir málinu hér á þingi, heldur setti hann upp refabú á sínu búi, Hólum í Hornafirði, og var því haldið við í mörg ár. Ýmsir fleiri í mínu héraði tóku sér fordæmi þm. til fyrirmyndar, svo að þar voru á allmörgum bæjum sett upp loðdýrabú og refir ræktaðir til skinnaframleiðslu um allmörg ár. M. a. var eitt slíkt bú rekið á næsta bæ við heimili mitt, þannig að ég hafði um mörg ár, mátti segja, fyrir augum, hvernig þessari ræktun reiddi af, og þeir, sem þar lögðu hönd að, eru miklir náttúrufræðingar og hirðumenn í umgengni, þannig að það mun vandfundið fólk, sem er hæfara til að hafa með höndum slíka framleiðslu heldur en þar átti sér stað. Og ég get af þessari kynningu af refarækt fullyrt það, að á þessari framleiðslu reyndust vera mikil vanhöld af ýmsum orsökum, vanhöld, sem menn fyrirfram, þeir sem bjartsýnir voru á þessa framleiðslu, gerðu sér ekki grein fyrir. Og það voru ekki aðeins vanhöld á framleiðslunni, heldur líka kom það fljótt í ljós, að skinnin voru háð miklum verðsveiflum, og ég vil minna á það, ef hér kunna að vera einhverjir af deildarmönnum, sem ekki hafa athugað það, að 5 árum eftir að lög um loðdýrarækt voru sett, var borin fram hér á Alþ. till. um verðuppbætur á útflutt refa- og minkaskinn. Ég er ekki að segja það, að í sjálfu sér hafi það verið nein óhæfa, því að vitanlega höfum við þá og síðar flutt út vöru, sem hefur þurft að verðbæta, en þetta sýnir aðeins, að þessi framleiðsla er háð svipuðum — ja, ekki minni sveiflum heldur en margt annað í okkar atvinnurekstri.

Ég vil einnig víkja að því, að frá því að ég man eftir mér hef ég getað fylgzt með sölu kópaskinna, vegna þess að í mínu byggðarlagi er ár hvert lögð nokkur stund á selveiðar og að koma þeirri vöru á markað. Nú er það svo um kópaskinn, að þó þau séu ekki að öllu leyti sambærileg við minkaskinn, þá eru þau samt varningur, sem er mjög háður tízkunni. Vorkópaskinn eru notuð í kápur, líklega aðallega kvenkápur, og það

er vara, sem er mjög háð tízkunni hverju sinni. Við vitum það ákaflega vel, að það eru miklar verðbreytingar á þessari framleiðslu, en sá er munur á framleiðslu selskinna og minkaskinna, að það þarf ekki að leggja í neinn kostnað við kópinn annan en þann að veiða hann, en minkinn þarf að ala í búrum og veita honum mjög nákvæma umhirðu og jafnvel fæðu eftir vísindalega útreiknuðum matseðli. Á minni ævi hafa komið tímabil, þar sem selskinn hafa fallið svo í verði, að það hefur ekki þótt svara kostnaði að veiða kópinn, svo aftur önnur tímabil, þar sem þessi vara hefur verið í svo háu verði, að það hefur þótt mjög gróðavænlegt að stunda þessa veiði, þar sem eitt kópsskinn hefur komizt að verðmæti upp undir 2000 kr. En hér er þó ekki gert ráð fyrir, að minkaskinn seljist fyrir nema eitthvað um 1100—1200 kr. samkv. áætlun, sem fylgir þessu frv. Ég vildi segja þessi orð af minni eigin reynslu, og ég endurtek það, að ég vænti þess, að þeir hv. þm., sem hér standa að þessu máli og ætla að veita því brautargengi, segi eitthvað sjálfir frá sinni reynslu hér í þessum umr., en byggi ekki eingöngu á trú eða á fréttum, sem menn fá annars staðar frá.

Nú má meta hagnaðinn af loðdýraræktinni, annars vegar fyrir einstaklinginn, framleiðandann sjálfan, sem að henni hefur unnið, og hins vegar hagnaðinn fyrir þjóðarbúið í heild. Það er kunnara en frá þurfi að segja, hvaða skaðvaldur villiminkurinn hefur reynzt í náttúru landsins, fuglalífi og sjálfsagt að því er varðar silung og lax í vötnum, og gagnvart æðarvarpi, en þessi hlunnindi eru talsvert verðmikil, a. m. k. æðarvarpið og lax- og silungsveiði. En ég vil leyfa mér að spyrja: Hefur þingnefndin, sem fjallaði um þetta frv., athugað verzlunarskýrslur frá þeim árum, sem loðdýrarækt var stunduð hér á landi? Hvað hlaut þjóðarbúið í arð af skinnaframleiðslunni, og hvað ætli til frádráttar því eigi þá að koma vegna þess skaða, sem villiminkurinn hefur valdið? En eftir nokkur ár var reynslan orðin sú af loðdýraræktinni, að það voru samþ. hér lög, sem fela í sér bann við minkaeldi, og þetta mál, bann við minkaeldi, var tekið upp hér á hv. Alþ. aðeins 5 árum síðar en heildarlöggjöf um loðdýrarækt var samþ. Þeir, sem beittu sér fyrir banni við minkaeldi öðrum fremur hér á hv. Alþ., voru hinir merku þingskörungar Pétur Ottesen og Jörundur Brynjólfsson. Halda menn, að þessir mætu og reyndu þm. hafi ekki haft neina þekkingu á atvinnuvegum landsmanna? Það má minnast þess í þessu sambandi, að annar þeirra, Pétur Ottesen, átti um mjög langt skeið sæti bæði í stjórn Búnaðarfélags Íslands og Fiskifélags Íslands, þannig að hann var alla sína ævi mjög tengdur báðum þessum aðalatvinnuvegum Íslendinga, og um Jörund Brynjólfsson er það vitanlega kunnugt, að hann var stórbóndi og sérstaklega tengdur landbúnaðinum á sinni löngu og merku starfsævi.

Við höfum því mikla reynslu við að styðjast, þegar við eigum að greiða atkv. um þetta mál, sem hér liggur fyrir, og enn er það hið sama eins og var eftir 1930, sem við verðum að gera okkur grein fyrir. Annars vegar er hagnaðarvonin. Er hún rétt metin í sambandi við það frv., sem hér er lagt fram, og þá áætlun sem því fylgir? Hins vegar er áhættan, sem því fylgir að leyfa nú að nýju minkaeldi í landinu. Ef stefnt væri að því með frv. að veiða þann villimink, sem fyrir er í landinu, og flytja hann lifandi í búr og fara að rækta dýr af þeim stofni, þá væri það að sjálfsögðu góðra gjalda vert, en ég hygg, að það sé ekki stefnt að því með þessu frv., heldur að flytja inn nýjar tegundir, og ég hygg, að sá villiminkur, sem hér er nú útbreiddur í landinu, sé aðallega af stofni Kanadaminks, en ég hef heyrt talað um, að það verði fluttur inn minkur frá Alaska eða Evrópulöndum, sem væri stærri og harðfengari og enn þá grimmari heldur en sá villiminkur, sem við höfum nú, og sé þetta rétt, þá sýnir það, hver alvara er hér á ferð. Nú telja ýmsir, að það sé ekki hægt að búa svo um búrin, að það sé útilokað, að minkar sleppi úr búrunum. Ég ætla í þessu efni að minna á erindi, sem menntaskólakennari og náttútufræðingur, Örnólfur Thorlacius, flutti fyrir fáum árum um minkaeldi hér á landi, og minna á, hvað hann segir um þetta efni, með leyfi hæstv. forseta:

„Í áróðri um minkarækt hefur þeirri skoðun mjög verið haldið á lofti, bæði áður en loðdýrafrv. var flutt (þ. e. a. s. það, sem var hér á fyrri þingum til meðferðar) og í sambandi við það, að minkar hafi því sem næst hvergi sloppið úr búrum nema hér á landi. Þetta er alrangt og bendir annað tveggja til þess, að minkaeldissinnar hérlendis séu ekki of vandir að meðulum eða þeir beri harla lítið skyn á það, sem þeir þykjast öðrum fróðari um. Verður hvorugt til að auka traust manna á því, að þeir muni reynast þeim vanda betur vaxnir en fyrirrennarar þeirra að halda minkunum innan húss. Norðmenn hafa nú miklar áhyggjur af sívaxandi útþenslu villiminks í Noregi. Þar er landnám minkanna enn á útþensluskeiði. Norskir náttúrufræðingar gera ráð fyrir, að ekki verði þess mjög langt að bíða, að minkurinn verði kominn um allan Noreg. Svipaða sögu er að segja um Svíþjóð. Þar er minkurinn í mikilli útbreiðslu og veldur víða tjóni. Í Finnlandi er eitthvað um villimink, sem sloppið hefur úr búrum, en ekki virðist hann jafnútbreiddur þar og í Skandinavíu, enda er evrópskur villiminkur fyrir í Finnlandi og því tæpast eins góð skilyrði til útbreiðslu fyrir hinn ameríska og í grannlöndunum vestan Finnlands. Danmörk hefur stundum verið tilnefnd í umr. um minkaeldi hérlendis. Minkaræktarsinnar halda því fram, að minkar sleppi aldrei úr búrum í Danmörku. Þetta er ekki rétt. Að vísu hefur villiminkur í Danmörku ekki valdið neinum stórvandræðum til þessa. Bæði munu staðhættir í Danmörku gera baráttu við minka óvenjulega auðvelda og svo eru þar sérlega strangar reglur um geymslu loðdýra. Samt sleppa minkar annað veifið úr búrum þar, svo að villiminkar eru þar nú að staðaldri. Auðséð er af þessu, að sá áróður minkaræktunarsinna er rangur, að hægt verði að hindra, að minkar sleppi úr búrunum. Það verður aldrei hægt að fyrirbyggja með öllu, að aliminkar sleppi út. Hversu vel sem um hnútana er búið, geta alltaf orðið ófyrirsjáanleg óhöpp. Búrin geta t. d. skemmzt af völdum illviðris. Þess eru mörg dæmi frá Noregi.“

Þetta segir Örnólfur Thorlacius um frágang búranna og reynslu í öðrum löndum í sambandi við það. Og ég vil benda á, að það er alveg eins mikil ástæða til að ætla, að þau varnaðarorð, sem hér eru fram borin, muni reynast rétt, ef minkaeldi verður leyft að nýju, á sama hátt sem þau varnaðarorð, er eldri náttúrufræðingar

sögðu og gerðu þm. grein fyrir, hafa í öllum atriðum reynzt rétt.

Ég sé, að í frv. þessu eða í grg. þess er verið að impra á því, að við munum hafa aðstöðu til að flytja út um 1 millj. minkaskinna og fá þannig gjaldeyri, sem nemur 1100—1200 millj. Ég hygg, að í þessu felist nú nokkuð mikil bjartsýni, að hér sé ekki alls kostar raunhæft á málinu tekið, en ég bendi á þetta til þess að sýna, að hjá áhugamönnum í þessu efni er hér stefnt að því, að þessi framleiðsla verði ekki í smáum stíl. Til þess að framleiða 1 millj. minkaskinna þarf mörg minkabú að minni hyggju, og eftir því sem minkabúin verða fleiri og framleiðslan færist í aukana, vex sú hætta, að minkahópar stærri eða minni sleppi og síðan útbreiðist sá stofn um landið til viðbótar við þá minka, sem fyrir eru. En ég tek eftir því líka, sem frsm. minni hl. vakti athygli á, að það er ekki gert ráð fyrir að geyma minkana nú eftirleiðis í steyptum búrum, sem var þó miðað við í þeim l., sem nú gilda um loðdýrarækt, því að loðdýrarækt er alls ekki bönnuð yfirleitt hér á landi, þó að minkaeldi sé bannað. Ef við gerum okkur grein fyrir þeirri áhættu, sem því er samfara, að ný tegund minka sleppi úr búrum, jafnvel stærri og harðfengari stofn heldur en villiminkurinn, sem nú er í landinu, þá verðum við jafnframt að íhuga, hvaða áhrif það mundi hafa t. d. á æðarvarp, en af því eru veruleg hlunnindi, og ég hygg, að æðardúnn sé nú í mjög háu verði ekki síður en minkaskinn. Við skulum líka gera okkur grein fyrir því, hvaða áhrif þetta mundi hafa á fiskeldi hér á landi, en nú hefur verið um það fjallað af ýmsum að undanförnu að koma á fót nýrri atvinnugrein hér í landinu, þ. e. fiskeldi, og ég sé mér til mikillar ánægju, að nú nýlega hefur verið útbýtt meðal þm. frv. um breyt. á laxveiðil., sem mun fela í sér ákvæði er lúta að nýjungum á þessu sviði. Ég vil leyfa mér að minna hv. þdm. á það, að það er til í þingtíðindum umsögn eins hins lærðasta og reyndasta fiskifræðings, sem á síðari árum hefur starfað hér á landi, Árna Friðrikssonar, um það, hvað minkurinn sé skaðvænlegur í sambandi við fiskgengd í ám og vötnum. Ég ætla að leyfa mér, með leyfi hæstv. forseta, að lesa nokkur orð úr álitsgerð, sem dr. Árni Friðriksson lét í té í sambandi við frv., sem um var fjallað á sinni tíð og snerti minkaeldi. Hann segir svo:

„Villiminkar gætu í bili e. t. v. gert nokkurt gagn með því að fækka andartegundum, sem hættulegar eru vatnafiskunum, en á hinn bóginn gætu þeir orðið til mikils tjóns með því að fækka nytjafugli. Í vötnum vorum og ám eru engir fiskar að hornsílinu undanskildu aðrir en nytjafiskar, en það tjón, sem villiminkar gætu gert á þeim, ef þeim væri farið að fjölga allverulega, er óútreiknanlegt.“ Þessi orð eru raunar miðuð við fiskgengd í ám og vötnum eins og hún hefur verið, en hvað skyldi þá gerast, ef við stefndum að því að taka upp fiskeldi í verulegum mæli á ýmsum stöðum á landinu og ætluðum svo jafnframt að búa þannig um, að hætta væri á nýjum stofni villiminka, sem gengi lausum hala hér í náttúru landsins? Ég vil benda mönnum á að íhuga bæði þessi mál í samhengi og af fullkomnu raunsæi.

Enn er það sem fyrri, að hagnaðarvonin er öllum ofarlega í huga, og það virðist gæta mikillar bjartsýni hjá þeim, sem flytja þetta mál, um að minkaeldi muni leiða mikinn hagnað af sér, bæði fyrir framleiðendurna sjálfa og þjóðarbúið. Ég hef áður vikið að þeim verðsveiflum, sem skinnasala yfirleitt er háð, ekki síður en aðrar vörur, sem við þurfum að selja, og skal ekki endurtaka það. Ég vil í öðru lagi minna á það, að þegar lög um bann við minkaeldi voru sett 1951, þá var leyft að halda áfram minkaeldi í steyptum búrum næstu 5 ár, þ. e. a. s. til ársins 1956. Ég spyr: Hefur þingn., sem hefur fjallað um þetta frv., kannað það, hvaða árangur varð af minkaeldinu á þessu tímabili? Stóð það með blóma á árunum 1951—56? Ég vil í þriðja lagi minna á það, að loðdýrarækt er alls ekki bönnuð hér á landi. Við höfum í gildi lög um loðdýrarækt, og það er aðeins eitt ákvæði í þeim l., sem segir, að óheimilt sé að reisa ný minkabú eftir að l. þessi koma til framkvæmda, og því banni hefur vitanlega verið fylgt. En ég benti á það í upphafi þessarar ræðu, að l. um loðdýrarækt, sem sett voru 1937, tóku jöfnum höndum til refaræktar og minkaræktar, og á þeim tíma, sem loðdýrarækt var stunduð hér, voru refir hafðir í búrum mjög víða. En ég spyr: Hvað er að segja um refaræktina nú? Og ef svo er sem ég hygg, að hún sé lítið eða ekki stunduð, hvers vegna er svo komið? Við þurfum engin ný lög, til þess að hægt sé að ala refi hér í búrum. Vilja flm. þessa frv. gera grein fyrir því, hvað það er, sem veldur, að refaræktin hefur lagzt niður? Ég hef lýst reynslunni, sem ég varð áskynja um á sínum tíma í mínu héraði, og það skyldi ekki vera, að sama reynslan væri annars staðar á landinu.

Halda þá flm. þessa frv., að það sé öruggt, að minkaskinnin ein muni um alla framtíð halda verðgildi, þó að refaskinn falli í verði og refarækt leggist niður fyrst og fremst af þeim sökum? Og hafa þeir gefið því gætur, að í sjálfri grg. þessa frv. er talað um, að til þess að tryggja gæði skinnanna þurfi að vera ákaflega mikil litafjölbreytni og það séu nú á markaðnum um 40—50 litaafbrigði af minkaskinnum. Tízkan er breytingum háð, og eitt litaafbrigðið er í tízku á þessum tíma, en svo fellur það fyrir öðru litaafbrigði, sem verður talið verðmeira og fegurra í svipinn. Hvernig halda þeir, að verði fyrir okkur að bregðast við þessum tíðu sveiflum á markaðinum, sem standa í sambandi við tízkuna? Eða búast menn við því, að það sé auðvelt að breyta litaafbrigðum skinnanna, t. d. með fóðrun eða á einhvern annan hátt? Ég held, að þetta sé ekki skoðað af fullu raunsæi, og að það sé — því miður, vil ég segja — of mikil bjartsýni um hagnaðarvonina, sem kemur fram í sambandi við þetta frv.

Hv. frsm. minni hl. minntist nokkuð á fóðrunina og að það væri í raun og veru heil vísindagrein, hvernig að henni þyrfti að standa, og í þessu þskj. er einnig minnt á, að hún útheimti mjög mikla nákvæmni og að flytja þurfi inn fóðurblöndur með vissum efnum, til þess að skinnaframleiðslan verði í eðlilegu horfi, en það má segja, að grundvallaratriðið í þessu máli eru þó markaðshorfurnar, eins og þær eru núna. Ég hef litla þekkingu á því, hvernig horfur eru nú í næstu framtíð um markaðinn, en ég vil þó segja það, að ég hef heyrt mann, sem lærður er í búvísindum og er við störf úti í Skandinavíu, segja það, að það sé í raun og veru offramleiðsla á minkaskinnum á Norðurlöndum nú á

þessum tímum, en framleiðendur minkaskinna í Noregi, Svíþjóð og Danmörku hafi myndað með sér samband og það sé svo sterkt og sá félagsskapur svo vel skipulagður, að þeir haldi minkastofninum í hæfilegri stærð til þess að halda markaðinum uppi á þeirri framleiðslu, sem fyrir er. Ég hef sjálfur ekki haft aðstöðu til að kanna þetta og hef ekki neina sérþekkingu á þessu sviði, en þetta hef ég heyrt, og þetta allt er þannig vaxið, að ég tel alveg fráleitt að afgreiða þetta mál án nánari athugunar á því öllu heldur en enn hefur farið fram, og nú er það kunnugt, sem ég gat um í upphafi þessa máls, að mþn. er að starfa að málinu og hún hefur ekki enn þá lokið störfum. Það á að vera næsta skrefið í málinu að fresta afgreiðslu þess nú eða vísa því til ríkisstj., eins og minni hl. leggur til, og bíða eftir heildaráliti mþn., sem er að athuga málið á sem breiðustum grundvelli.

Ég mun því að svo stöddu láta þessi orð nægja, en vildi ekki láta hjá líða að koma á framfæri þeim sjónarmiðum í þessu máli, sem ég hef hér vikið að.

Frsm. meiri hl. (Sveinn Guðmundsson): Herra forseti. Hv. 2. þm. Austf. hefur nú miðlað okkur miklum fróðleik úr ævisögu sinni og öðru viðkomandi reynslu sinni af mink og minkaeldi. Síðast í ræðu sinni vék hann að því, að mþn., sem skipuð var og hóf starf í desember, hefði ekki lokið störfum sínum. Fyrir n. lá meiri hluta álit nm., sem höfðu lokið sínum störfum, og mér skilst, að þeir af nefndarmönnum, sem ekki hafa skilað sínu áliti, hafi verið mótfallnir þessu frv., sem n. samdi, og við því er ekkert að segja, en ég tel ekki, að þessi n. muni halda þessum störfum sínum áfram. Það er náttúrlega margt, sem þarna kemur til. Hv. þm. óskaði eftir, að fylgismenn frv. létu reynslu sína í ljós hér í þingsalnum. Persónuleg reynsla manna er vissulega misjöfn. Ég man þó eftir því, þegar ég var ungur að alast upp, að það voru mikil loðdýraræktarbú á því svæði og þau voru a. m. k. fyrir sjávarþorpin mikils virði. Það var mikill úrgangur, sem fór til þessara minkabúa, þó að verðið væri ekki hátt þá. Ég hafði gaman af að heyra það, að sá heiðursmaður Þorleifur í Hólum hefði verið mikill minkaræktarmaður, svo og náttúrlega mörgu öðru, sem hv. þm. miðlaði okkur um loðdýrarækt.

Hv. 4. þm. Sunnl. spurði ýmissa spurninga, m. a. hvað yfirdýralæknir hefði sagt um minkaeldið, en þess er getið í grg., að hann hafi verið kallaður til nefndarinnar. **Mér skilst, að hann hafi ekki talið ástæðu til þess** að vera á móti minkarækt sérstaklega, og þá er náttúrlega **litið á málið út frá pestum og öðrum skaðlegum** áhrifum, sem minkurinn kynni að hafa á bústofn landsmanna. Það má líka geta þess, að ég sá einhvers staðar sagt frá fundi á Selfossi núna fyrir mjög stuttu, þar sem einmitt var rætt um loðdýrarækt, og á þeim fundi var dýralæknir Suðurlandskjördæmis eða Árnessýslu fundarstjóri, en hann er mikill áhugamaður um minkaeldi. Sami hv. þm., frsm. minni hl., minntist á í grg., að minkaeldið væri á fallandi fæti á Norður**löndum. Þarna skýtur náttúrlega skökku við, ef hann les** í grg. á bls. 3, því að þar er talið upp, hvernig minkaeldi hefur aukizt, hver framleiðsluaukningin hefur orðið 1960—67 einmitt á Norðurlöndum, og ég sé ástæðu til að lesa upp þessar tölur: 1960 hafa verið framleiddar 2,9 millj. skinna, 1961 3,7 millj., 1962 4,4 millj., 1963 4,8 millj., 1964 5,6 millj., 1965 6,7 millj. skinna, árið 1966 8,3 millj. og árið 1967 9,5 millj. skinna. Samfelld aukning er 15—30% árlega, og eru þá öll Norðurlöndin tekin þarna með. Það er náttúrlega eins með grávörumarkaðinn eins og margan annan markað, sem við verðum að sækja á með okkar útflutningsvörur, en það má minnast á það, að t. d. í Noregi hefur nýlega verið reist stórhýsi í Osló einmitt fyrir skinnauppboð, og ég sé ekki ástæðu til að halda annað en að minkaskinn frá Íslandi gætu komið yfir á þennan markað. Þennan markað sækja Ameríkanar, Þjóðverjar, Frakkar og aðrar þjóðir, sem kaupa þessa vöru. Hv. 4. þm. Sunnl. talaði líka um, að alls staðar vantaði fjármagn. Það er rétt, það vantar alls staðar fjármagn, en ekki er þó meiningin að leggja árar í bát og hefja engar nýjar atvinnugreinar, þó að hér sé mikill fjármagnsskortur. Mér skildist jafnvel á þessum hv. þm., að hann vildi jafnvel banna að setja fjármagn í þessa atvinnugrein. Það er náttúrlega ekki gott að ganga svo langt með að hefta frelsi manna. Þá var fundið að því, að í frv. væri ekki gert ráð fyrir steinsteyptum búrum, heldur aðeins steinsteyptum römmum undir búrin. Það er að sjálfsögðu reglugerðaratriði, hvaða byggingarefni mundi verða notað eða leyft að nota, en minna má á það, að þróun byggingarefna er svo ör, að það eru t. d. til stáltegundir, sem ekki ryðga **og eru miklu öruggari heldur en steinsteypa, svo það** hlýtur að vera reglugerðaratriði og verða breytilegt eftir **því, hver framþróunin verður. Það gladdi mig hins vegar** að heyra það hjá hv. 4. þm. Sunnl., að hann mundi fylgja lagafrv. um tilraunabú, þannig að honum er ekki alls varnað, nema síður sé. Hann minntist líka á bréf, sem hv. alþm. hefur borizt frá Hinu íslenzka náttúrufræðifélagi. Ég hef þetta bréf hér undir höndum og plagg, sem því fylgdi, sem er hið furðulegasta, enda óundirskrifað. En í þessu bréfi eru hinar mestu fullyrðingar, sem ekkert eiga skylt við veruleikann. Með þessu plaggi eru einnig látnar fylgja athugasemdir við kostnaðaráætlun Efnahagsstofnunarinnar, sem hv. þm. gerði einnig að umtalsefni. Ef litið er á þessar athugasemdir, kemur strax í ljós, að sá samanburður getur ekki staðizt. Borinn er t. d. saman kostnaður, sem er miðaður við frystan fiskúrgang annars vegar, en nýjan hins vegar. Vitað er þó, að mjög er kostnaðarsamt að frysta minkafóður til útflutnings eins og nú er gert, og verður því eðlilega af þeim ástæðum mun hærra verð á frystu minkafóðri. Ég bar þessar furðulegu athugasemdir undir Efnahagsstofnunina og hef fengið umsögn hennar um þær. Efnahagsstofnunin segir í umsögn sinni m. a., með leyfi hæstv. forseta:

„Það er greinilega skýrt frá því, að í athuguninni er miðað við, að fiskmeti og sláturúrgangur sé nýtt, ekki fryst, en þau einingarverð, sem koma fram í athugasemdunum, eru miðuð við, að fóðrið sé fryst og flutt út, og eru einingarverðin því ekki sambærileg," og síðar í sama bréfi Efnahagsstofnunarinnar, sem dags. er 22. apríl, segir: „Auk þess er miklu af innyflum og blóði hreinlega hent, en þar sem það væri samningsatriði á **milli minkabús og sláturhúsa, hvert verð yrði á nýjum** sláturúrgangi og þess eru engin nýleg fordæmi hér á landi, þá er erfitt að segja nákvæmlega, hver kostnaðurinn yrði á hvert kíló, en líklegt, **að dreifingarkostnað-**

ur framangreindra sláturafurða sé allt að helmingur smásöluverðsins, og sé einnig tekið tillit til þess magns, sem hent er, er ekki fjarri lagi, að minkabú gæti fengið sláturúrgang á 5 kr. kg.“

Þá fullyrðir náttúruverndarnefnd í bréfi sínu, að hefði verið farið að þeirra ráðum í byrjun, þá væri enginn villiminkur nú á Íslandi. Þetta er að sjálfsögðu engin speki. Þótt minkurinn syndi 3 km. á klst., þá hefði hann líklega aldrei haft þol til að synda til landsins af sjálfsdáðum. Staðreyndin er, að við höfum illu heilli villiminkinn og verðum að hugsa út frá því, en ekki hlaupa til baka, aftur til ársins 1929 og stinga þar hausnum í sandinn eins og strúturinn. En það stendur fleira í þessu furðulega bréfi. Eitt er það, að þessir náttúrumenn upplýsa, að minkur, sem sleppur úr búri, aðlagi sig seint og illa hinni frjálsu náttúru. Þetta er rétt, og þannig leitar minkurinn ætíð aftur til búrsins, a. m. k. fyrstu 3 sólarhringana eftir að hann sleppur. Er því talið nær öruggt að hann náist, ef minkabúrin hafa gildrur við minkagarðana, þegar minkurinn leitar aftur til heimkynna sinna.

Þá telur náttúruverndarn. í bréfi sínu, að það muni draga úr áhuga fyrir að halda villiminknum í skefjum, verði minkarækt leyfð á ný hér á landi. Hér væri einnig rökrétt að snúa við dæminu. Gera má ráð fyrir, að minkarækt mundi skapa aðhald og leiða til þess, að fylgzt yrði mun betur með villiminknum en verið hefur, og má geta þess, að talið er, að villiminkurinn, sem nú verður að telja íslenzkan, hafi vegna þeirrar veðráttu, sem hann hefur átt við að búa um 30 ára skeið, breytt um háralag, að þelið sé nú þéttara heldur en á ræktuðum mink, þannig að náist þessi minkur eða yrðlingar og séu aldir upp í minkabúum, þá megi fá af þeim verðmeiri skinn en af venjulegum öldum mink. Ef þetta yrði reyndin, þá yrði það beint hagsmunamál þeirra, sem ættu minkabú, að ná sem flestum villtum yrðlingum og yrðu þá gerðir út sérstakir leiðangrar af forsvarsmönnum minkagarðanna. Mundi þá dæmið algerlega snúast við, leyfð minkarækt yrði til þess að útrýma villimink á Íslandi.

Frsm. minni hl. (Björn Fr. Björnsson): Herra forseti. Síðasti ræðumaður var nú ekki sérlega vísindalegur í niðurstöðum sínum og þaðan af síður að hann kæmi með sérstaklega nýjar upplýsingar í þessu mjög umdeilda og viðkvæma máli, og stendur því algerlega við það sama að öðru leyti en því, að hann las úr bréfi Efnahagsstofnunar ríkisins ummæli um þær athugasemdir, sem hér liggja frammi frá Náttúrufræðifélaginu um verð á innlendu minkafóðri. Ég skal ekki þrátta um þá skýrslu, sem Efnahagsstofnunin hefur gefið, en tel þó, að þetta fóðurkostnaðarmál sé hvergi nærri nægilega upplýst og þó ekki væri nema vegna þessa eins ætti að fresta málsmeðferð hér í hv. deild.

Þessi hv. frsm. gat þess, að minni hl. hefði ekki skilað álitsgerð, en það gerði hann, og úr henni las ég nokkrar setningar, sem ég byggi mjög á minn málflutning um frávísun máls að sinni. Og í niðurstöðu minni hl. var greinilega fram tekið, að hans álit væri, að kanna bæri þetta mál áfram, svo að það fer ekki á milli mála. Ég spurði enn fremur um markaðsmál, hvort þau hefðu verið könnuð, og það kemur í ljós, að svo er alls ekki, en reiknað er með að komast inn á markaði með úrvals skinnavöru. Þetta þykir mér a. m. k. ekki mjög sannfærandi. Hann talaði um fundinn að Selfossi. Jú, hann var sögulegur. Mér er sagt, að það hafi verið 4—5 menn á þessum fundi, þar af hafði einn áhugasamur maður komið úr Grindavík og hann stjórnað fundinum, svo hafi dýralæknirinn úr Árnessýslu komið þarna og tveir eða þrír menn aðrir og það var nú allur áhuginn. Þetta sagði mér bóndi einn, sem kom að austan í gær. Ég sel það ekki dýrara en ég keypti. Frsm. meiri hl. efast um það, að ég hafi farið rétt með, þegar ég segi í nefndaráliti og enda líka í orðum mínum hér áðan, að það sé talið líklegt, að minkarækt sé á fallanda fæti í Danmörku, Finnlandi, Kanada og Svíþjóð. Ég hafði það þó úr grg. frv., og hann vildi hallast að því, að ég færi með rangt mál. Nú ætla ég að lesa þennan hluta grg., með leyfi hæstv. forseta:

„Hver þjóð um sig flytur inn um 50 þús. tonn af minkafóðri (og þá er talað um Norðurlöndin). Þetta kostar ekki aðeins gjaldeyri, heldur verður fóðurkostnaðurinn óeðlilega hár, vegna þess að frysta þarf vöruna og geyma hana.“ (Gripið fram í.) A. m. k. ekki í Noregi. Og enn fremur: „Þetta veldur því, að þessar þjóðir geta ekki öllu lengur aukið minkarækt sína. Svíar og Kanadamenn hafa t. d. ekki aukið minkarækt sína undanfarin ár vegna þess, hve fóðurkostnaðurinn er orðinn hár. Ólíklegt er, að Danir og Finnar geti aukið framleiðslu sína verulega af sömu ástæðu.“

Þetta er í grg. fyrir því máli, sem hv. frsm. flytur hér í deildinni. Og enn fremur:

„Þá hefur framleiðsluaukning í Bandaríkjunum verið tiltölulega hægfara, og framleiðendur kvarta mjög vegna mikils kostnaðar og erfiðrar samkeppnisaðstöðu.“

Ég hygg því, að ég hafi farið með alveg rétt mál, en hv. frsm. ekki athugað grg. til fulls. Hitt er annað, að málflutningur hans er, eins og búast mátti við af hans hálfu, hógvær og laus við alla áreitni. Ég sagði líka í mínum orðum áðan, að með því að auka fjármagn í sjávarútvegi á ýmsa lund og fara þar nýjar leiðir gætum við margfaldað söluverð sjávarafurða okkar á erlendum markaði. Þetta stendur alveg óhaggað. Og mér finnst það meira en vafasamt, hvort fyrirmenn í þjóðfélaginu eigi að hafa þau orð við þessa áhugasömu minkamenn, að þeir megi gjarnan leggja í þetta, ef þeir vilji láta fé sitt af mörkum til fjármögnunar. Þannig finnst mér, að fyrirmenn þjóðfélagsins megi alls ekki tala í sambandi við þessa nýju grein, sem er mjög á völtum fæti í nágrannalöndum okkar og jafnvel í Bandaríkjunum og við ætlum svo að byrja á hér. Vissulega munum við verða fyrir margvíslegum áföllum í fyrstu, t. d. tapa mörgum minkum úr búi. Það er stórt áfall. Nú, skinn geta eyðilagzt og allt hvað eina komið til, og við ekki dottið ofan á þá erlendu sérfræðinga, þótt dýrir séu, sem gætu varnað því, að afföll yrðu mikil.

Í l. um innflutning búfjár segir í 1. gr.: „Bannað er að flytja til landsins hvers konar dýr, tamin eða villt, þar með taldir fuglar. Landbrh. getur þó vikið frá banni þessu og leyft innflutning á búfé o. s. frv., enda sé stranglega fylgt þeim fyrirmælum, sem felast í lögum þessum og reglugerðum, er settar verða samkv. þeim.“

Í 4. gr. segir: „Áður en búfé eða önnur dýr eru flutt inn samkvæmt l. þessum, skal ríkið byggja sóttvarnarstöð, svo og setja saman bú í eyju í nágrenni Reykjavíkur, þar sem hins innflutta fénaðar er gætt og hann ræktaður eins og l. þessi mæla fyrir um og þær reglugerðir, sem eftir þeim verða settar."

Ég veit ekki betur heldur en að minkurinn heyri undir þessa löggjöf, eða það skilst mér a. m. k., og þá sjáum við, að það er ekki auðhlaupið að fara út í minkarækt, þó áhugamenn um minkarækt hér á hv. Alþ. komi þessu frv. í gegn. Þá vil ég að lokum geta þess, að ég spurðist fyrir um það, hvert hefði verið álit yfirdýralæknis um þetta mál og hv. frsm. sagði, að hann vissi ekki betur en að yfirdýralæknir væri samþykkur því að þetta frv. fengi byr á Alþ. En ég leyfði mér að efast um að svo væri, en það má vel vera, enda mun hann, ef frv. nær fram að ganga sem l., að sjálfsögðu bera höfuðábyrgð á innflutningi minka til landsins.

Ræða hv. frsm. meiri hl. gefur mér ekki tilefni til þess að fara nánar út í málið. Ég þykist hafa í framsöguræðu minni rakið það, að vísu í stórum dráttum, en drepið á flest þau efni, sem ég taldi vera þess eðlis, að nauðsyn væri, að tekin yrðu til rannsóknar og gaumgæfilegrar könnunar, áður en frv. yrði samþ. Ég vil alveg sérstaklega vekja athygli á þeim orðum hv. þm. Páls Þorsteinssonar, sem hann viðhafði í sambandi við fiskeldi, fiskirækt í vötnum og ám í þessu landi. Ef okkur tekst — sem margir vona og vildu að næði fram að ganga — að efla fiskirækt að þessu leyti, þá segir það sig sjálft, að **ef siga á á lönd og í vötn, þar sem fiskirækt er, villimink** á næstu árum, þá væri það hreinn dauðadómur yfir **þeirri ræktun, sem annars mundi færa að** mínu áliti á næstu árum björg í bú svo að um munaði.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 79. fundi í Ed., 28. apríl, var fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.

Till. á þskj. 518 um að vísa málinu til ríkisstj. felld með 13:6 atkv.

1. gr. samþ. með 13:6 atkv.

2.—13. gr. samþ. með 13:3 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 13:3 atkv.

Á 80. fundi í Ed., 29. apríl, var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 14:4 atkv. og afgr. til Nd.

Á 83. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.

Á 87. fundi í Nd., 2. maí, var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 19:1 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: RG, FÞ, GuðlG, GunnG, GÞG, IngJ, JóhH, JP, MB, MÁM, PJ, PS, SI, SP, EKJ, ÞÞ, BF, BBen, SB.

nei: SkG.

EystJ, JJ, HS, JSk, JónasÁ, LJós, SE, SV, VH, ÁÞ, BGr, BGuðm greiddu ekki atkv.

8 þm. (GeirG, HV, IG, MK, BK, BP, BrS, EðS) fjarstaddir.

Tveir þm. gerðu svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. Ég tel, að hæstv. forseti hafi brotið lög á mér með því að meina mér að taka til máls við þessa 1. umr., en úr því að ég fæ nú að gera grein fyrir **mínu atkv., þá langar mig til að lesa hér** upp bréf, sem mér hefur borizt um þetta mál frá náttúruverndarnefnd Hins íslenzka náttúrufræðifélags. Mér þykir mjög sennilegt, að fleiri þm. hafi fengið sams konar bréf. Bréfinu fylgir ljósrit að greinarkorni, sem mér skilst, að sé úr brezku tímariti (**Forseti:** Ég leyfi mér að vekja athygli hv. þm. á því, að hann hefur fengið orðið til þess að gera grein fyrir atkv. sínu, en ekki til þess að taka til máls efnislega um málið. Ég vil fara fram á það, að hv. þm. geri grein fyrir atkv. sínu.) Ég ætla að gera það. (**Forseti:** En ekki með því að halda ræðu.) Ég ætla að fá leyfi til að lesa hér upp bréf og gera grein fyrir mínu atkv. á þann hátt m. a.

Í þessu greinarkorni er sagt frá því, að Bretar hafi í hyggju að herða mjög eftirlit með innflutningi margra dýrategunda, sem geta borið hundaæði, og sé minkur á meðal þeirra. Og í fréttinni kemur einnig fram, að hundaæði breiðist út í Evrópu.

Þá eru hér í þessu bréfi aths. við kostnaðaráætlun.

„Í áætlun um fóðurþörf í fskj. frá Efnahagsstofnuninni er gert ráð fyrir, að fiskúrgangur kosti kr. 1.00 pr. kg. Þetta stangast illilega á við þá fullyrðingu, sem hefur verið rauður þráður í áróðri minkamanna, að þeir gætu borgað mun hærra verð fyrir fiskúrgang en nú er gert, því að 1.00 kr. er það verð, sem greitt er nú fyrir lélegasta fiskúrgang í mjölvinnslu. Við höfum aflað okkur upplýsinga um útflutningsverð á fiskúrgangi og sláturúrgangi hjá SÍS, Sláturfélagi Suðurlands og Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna, og fara þær tölur hér á eftir. Verð á fiskúrgangi er fob., en á sláturúrgangi cif. Við viljum vinsamlegast biðja yður að bera þessar tölur saman við þær, sem eru í fskj. Efnahagsstofnunarinnar, en þær eru fengnar beint frá minkamönnum sjálfum." Og síðan segir hér: „Fiskúrgangur, afskurður af flökum 6.40 kr. pr. kg, bein, heilir hryggir eða möluð, 3.70 kr. pr. kg og heill úrgangsfiskur 5.30 kr. pr. kg. Og sláturúrgangur úr sauðfé og stórgripum var fyrir gengisfellingu kr. 12 pr. kg, en er nú um 18 kr. kg. Minkamenn hafa haldið því á lofti, að fiskur og fiskúrgangur væri 75% af fóðri minka. Þetta er hins vegar mjög blekkjandi, því að hlutfall þessa þáttar í kostnaði er samkv. fskj. 38.5% og er það ívið minna en hlutfall hins innflutta fóðurs, sem er 39.3%. Að lokum viljum við benda á, að svo virðist sem ekki sé lengur gert ráð fyrir hinum rammbyggilegu steinsteyptu minkabúrum, sem minkamenn tefldu mjög fram í upphafi. Fleira væri hægt að tína til, en við vonum, að þetta muni nægja til að vekja menn til umhugsunar.

Náttúruverndarnefnd Hins íslenzka náttúrufræðifélags skorar á Alþingi að leyfa ekki minkaeldi í landinu

að nýju. Máli okkar til stuðnings viljum við leyfa okkur að benda á eftirfarandi atriði:

1. Náttúrufræðingar, sem fjallað hafa um þetta mál, eru sammála um, að ekki beri að leyfa minkarækt á Íslandi að nýju. Ef farið hefði verið að þeirra ráðum í upphafi, væri enginn minkur á Íslandi nú.

2. Reynslan hefur sýnt, að enginn getur ábyrgzt, að minkar sleppi ekki úr haldi. Minkabúr geta t. d. skemmzt af völdum náttúruhamfara eða dýrin komizt út á annan hátt. Þetta hefur ekki aðeins gerzt hér á landi, heldur einnig í öðrum löndum, svo sem Danmörku, Noregi, Svíþjóð, Finnlandi og Bretlandi, þrátt fyrir varúðarráðstafanir. Afleiðingin verður sú, að öðru hverju koma hópar aliminka út í náttúruna, en það eru einmitt slíkir minkar, sem mestu tjóni valda. Þeir fara um myrðandi án tillits til þarfa. Einnig verður að gera ráð fyrir, að þessum minkum fjölgi miklu örar en þeim villtu minkum, sem fyrir eru. Það tekur minka, sem sleppa úr búrum, langan tíma að aðlaga sig umhverfi sínu og taka upp lífshætti villtra dýra. Þetta hefur því í för með sér, meðan minkaeldi er stundað, að sífelld röskun verður á jafnvægi í náttúrunni, en slíkt getur haft hinar alvarlegustu afleiðingar. Sá minkastofn, sem fyrir er í landinu, hefur að baki sér aðlögunarskeið og hefur tekið upp lifnaðarhætti villtra dýra. Ætti því tjón það, sem hann veldur, að fara minnkandi, enda er sennilega að komast á jafnvægi í náttúrunni eftir uppnám það, sem hann olli með fyrstu tilkomu sinni. Minkastofn þessi hefur þó ekki verið rannsakaður enn, hvorki stofnstærð hans né lifnaðarhættir. Að svo stöddu er því erfitt að meta, hvaða tjóni núverandi villiminkastofn kann að valda í framtíðinni, ef ekki tekst að útrýma honum.

3. Nefndin dregur í efa, að skilyrði til minkaræktar hér á landi séu eins góð og forsvarsmenn minkaræktar vilja vera láta. Í þessu sambandi viljum við benda á þá staðreynd, að minkarækt hafði að mestu lagzt niður af sjálfsdáðum, er hún var bönnuð árið 1951."

Nú er ég rétt að segja búinn, herra forseti.

„4. Ísland hefur algera sérstöðu að því er varðar fábreytni í gróðri og dýralífi og verður því að gæta alveg sérstakrar varúðar við innflutning dýra. Við viljum minna á það tjón, sem hlotizt hefur af innflutningi dýra að vanhugsuðu og órannsökuðu máli. Erlendis er bæði hundapest og hundaæði í minkastofninum. En hundaæði er mjög alvarlegur og mannskæður sjúkdómur, eins og kunnugt er.

5. Nefndin telur hættu á, að draga mundi úr áhuga á því að halda villiminknum í skefjum, ef minkarækt yrði leyfð, þar sem alltaf mætti gera ráð fyrir, að dýr slyppu úr haldi að nýju. Einnig hafa erlendir aðilar látið í ljós áhuga á því að gera tilraun til að eyða villiminki hér á landi með sýkingu, en slíkar tilraunir er auðvitað aðeins hægt að framkvæma í landi, þar sem minkabú eru ekki fyrir hendi. Um leið og við ítrekum andstöðu okkar og mótmæli gegn innflutningi minka og minkarækt, viljum við skora á Alþingi að beita öllum tiltækum ráðum til eyðingar og útrýmingar villiminknum í landinu."

Þetta er frá náttúruverndarnefnd Hins íslenzka náttúrufræðifélags. Nú vil ég færa hæstv. forseta þakkir fyrir að leyfa mér að flytja þessa aths. við atkvgr. og með skírskotun til þess, sem hér kemur fram frá náttúruverndarnefndinni, þá segi ég nei.

Forseti (SB): Það gleður forseta, að hv. þm. skuli vera sáttur við hann sem forseta, enda þótt hann harmi, að svo löng grg. skuli koma fyrir atkv. hans inni í miðri atkvgr.

Þórarinn Þórarinsson: Herra forseti. Ég hafði við upphaf atkvgr. ætlað mér að sitja hjá, en þar sem hv. 1. þm. Norðurl. v. hefur fengið aðstöðu til að gera svo rækilega grein fyrir atkv. sínu, þá segi ég já.

Frv. vísað til allshn. með 21 shlj. atkv.

Á 93. fundi í Nd., 12. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 403, n. 688 og 699).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 32 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Jónas Pétursson): Herra forseti. Frv. það, sem hér er til 2. umr., er frv. til l. um loðdýrarækt og er flutt af hv. meiri hl. allshn. Ed. og hefur hlotið afgreiðslu í þeirri hv. d. Eins og fram kemur í nál., sem allshn. þessarar hv. d. hefur skilað um málið, varð hún ekki einhuga um afgreiðsluna. Svo sem fram kemur á þskj. 688, leggur meiri hl. til, að frv. verði samþ., en minni hl., þeir hv. þm. Magnús Kjartansson og Jónas Jónsson, hafa skilað séráliti á þskj. 699 og leggja til, að frv. verði vísað frá með rökst. dagskrá.

Þetta mál hefur um nokkurra ára skeið legið hér fyrir hv. Alþ., var síðast vísað til ríkisstj. og það varð til þess, að skipuð var n. á s. l. vetri af hæstv. landbrh. til þess að endurskoða frv., sem áður var vísað til stjórnarinnar, og gera að nýju till. um það, hvort lagt skyldi til, að minkaeldi yrði leyft hér að nýju og skilaði þá um það lagafrv. Þessi mþn., sem starfaði um nokkurra vikna skeið í vetur, skilaði áliti til hæstv. ríkisstj., en varð þó ekki sammála. Hún var skipuð þannig, þessi n., að það var einn fulltrúi frá hverjum þingflokkanna, sem þeir tilnefndu sjálfir, og síðan formaður, sem skipaður var af ríkisstj. Þrír af þessum nm. skiluðu því frv. til ríkisstj., sem hér liggur fyrir og hefur verið samþ. af hv. Ed., eins og ég hef áður getið, en minni hl. skilaði hins vegar séráliti, og grg. hans hefur verið prentuð með sem fskj. hjá hv. minni hl. allshn. d.

Ég sé ekki ástæðu til að hafa langt mál um þetta, nema sérstakt tilefni gefist til. Eins og ég sagði áðan, hefur þetta mál mjög verið rætt, bæði hér á hv. Alþ. og eins í blöðum nú að undanförnu, og meira að segja í Ríkisútvarpinu. Það hafa verið mjög skiptar skoðanir um það fram til þessa, en mér er óhætt að segja það, að þær skoðanir eru nú greinilega mjög að breytast. Það kom m. a. fram í afgreiðslu hv. Ed., sem nú var að miklum meiri hl. samþykk því að afgreiða þetta frv., sem inniheldur fyrst og fremst þá breytingu frá núgildandi lögum, að þar er numið í burtu það bann við minkaeldi, sem verið hefur í gildi. Og eins og vakin er athygli á í nál. meiri hl. allshn., þá er hér í raun og veru um þá eina breytingu að ræða, sem máli skiptir, að

numið er úr gildi bann gegn minkaeldi. Samkv. þeim lögum, sem í gildi eru og hafa verið, er hvers konar loðdýraeldi heimilt í landinu, annað heldur en eldi minka. En það er einmitt sú dýrategundin, sem farið hefur algera sigurför um öll nálæg lönd í þessari framleiðslugrein, og ég verð að segja það, að mér finnst, að þetta atriði, þetta meginatriði, — þegar menn gera sér grein fyrir því, sé í raun og veru ósköp auðvelt að taka afstöðu í þessu máli.

Ég vil aðeins víkja hér að einu atriði, sem fram kemur í áliti minni hl. þeirrar n., sem undirbjó þetta frv. fyrir ríkisstj. og Alþ., og sem ég verð að játa, að ég hafði ekki séð fyrri heldur en núna, þegar þetta mál lá fyrir hv. allshn. d. En í þessu áliti, sem þeir undirrita hv. þm. Stefán Valgeirsson og Örnólfur Thorlacius, en það eru tveir þeirra manna, sem voru í n., sem undirbjó frv., segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Minni hl. lítur svo á, að n. hafi alls ekki haft aðstöðu til að kanna málið, eins og landbrh. lagði fyrir n. að gera, og því ekkert á því að byggja, sem frá n. kemur á þessu stigi málsins.“ Og svo halda þeir áfram: „Ef landbrh. gerir sér að góðu slík vinnubrögð, er það sýnt, að þessi nefndarskipun hefur aldrei verið nema til málamynda, aðeins til að geta sagt, að n. hafi verið skipuð í málið og hafi gert um það till.“ Ég ætla ekki að svara nema fyrir mig þeim ásökunum, sem í þessu felast. Og hvort sem þessir hv. meðnm. mínir hafa haft þá tilfinningu, að ég hafi yfirleitt enga alúð lagt í mitt starf í n., þá mótmæli ég því algerlega, og ég vil bara lýsa því hér yfir, að að því leyti, sem ég tók þátt í störfum þessarar n., gerði ég það af fullkominni ábyrgðartilfinningu og gerði mér grein fyrir öllum atriðum málsins. Hitt er svo rétt, að ég hafði, áður en til þess kom, að ég starfaði í þessari n., gert mér grein fyrir meginatriðum þessa máls. Og ég tel svona heldur ósmekklegar, þessar tvær klausur, sem þarna standa í nál.

Ég skal ekki fjölyrða meira um þetta á þessu stigi. Við leggjum til, meiri hl. hv. allshn., að frv. verði samþ. hér í þessari hv. d. eins og það liggur nú fyrir á þskj. 403.

Frsm. minni hl. (Magnús Kjartansson): Herra forseti. Það er ekki að furða, þó að þingstörfin komist smávegis í uppnám, þegar sá atburður hefur gerzt, að stjfrv. hefur verið fellt. **(Gripið fram í:** Er þetta nú rétt?) Ja, það var tilkynnt hér úr forsetastóli, og það verður að hafa það fyrir satt, sem forseti tilkynnir, er það ekki? **(Forsrh.:** Forsetinn hefur sagt rangt til.) Sagt rangt til. Hvað á hæstv. forsrh. við? (Gripið fram í.)

En að sjálfsögðu skiptir það ekki miklu máli, í hvaða röð ræðumenn koma og taka til máls um loðdýrarækt, en minkurinn hefur seinustu árin ekki verið jafnnærgöngull við nokkra stofnun eins og hið háa Alþ. Það hefur verið árvisst, að flutt hafi verið minkafrv. á hverju einasta ári, og umr. um það mál hafa verið fjarskalega einkennilegar að minni hyggju. Menn hafa talað um það af feiknalegum tilfinningahita, hvort sem þeir voru meðmæltir eða andvígir minkaeldi. Ég verð að segja það eins og er, að ég hef eiginlega ekki heyrt jafneinkennilegar ræður haldnar af nokkru tilefni eins og þessu. Sumir virðast telja, að þetta dýr sé eins og pokurinn sjálfur, en aðrir eru þeirrar skoðunar, að þarna sé hvorki meira né minna en bjargvættur þjóðarbúsins; minkaeldi geti verið atvinnugrein, sem bjargi Íslendingum út úr þeim stórfellda vanda, sem við er að eiga. Ég held, að þessi sjónarmið séu bæði öfgafull. Það er í sjálfu sér matsatriði, hvort hér á að taka upp minkaeldi eða ekki. Og til þess að hægt sé að taka afstöðu til þess máls, þurfa menn að hafa tiltækar nægar röksemdir með og móti.

Röksemdirnar á móti eru algerlega ljósar, reynsla, sem við höfum þegar fengið af minkaeldi; bæði gekk það illa á sínum tíma og auk þess gerðist þá sá atburður, að minkar sluppu úr búrum og gerðu mikinn usla og óskemmtilega breytingu á náttúru Íslands. Þetta hefur verið landsmönnum mikið áhyggjuefni, og þetta verða menn að sjálfsögðu að hafa í huga. Náttúrufræðingar segja okkur, að enda þótt nú yrði tryggilegar gengið frá minkabúrum en verið hefur, sé það fullvíst, að minkar muni sleppa og að ný gerð minka muni valda nýjum usla vegna þess, að ræktaðir minkar hegði sér öðruvísi í náttúrunni en þeir minkar, sem eru orðnir hagvanir hér um langt skeið, og af því gæti hlotizt nýr vandi. Ýmsar aðrar hættur benda menn á, t. d. að minkar, sem nú eru fluttir inn frá útlöndum, gætu flutt hingað háskalega sjúkdóma. Við vitum það vel, að náttúra okkar hefur verið einangruð, og hér eru t. d. ekki ýmsir dýrasjúkdómar, sem eru í löndum umhverfis okkur. Ef slíkir sjúkdómar berast hingað, geta hlotizt af því alvarlegar afleiðingar. Í þessu sambandi hafa menn nú síðast bent á hundaæði, sem berst með minkum. Þessar staðreyndir allar ber mönnum að hafa í huga og meta eftir því, sem þeir telja, að gildi þeirra sé.

Svo kemur á móti hin röksemdin, að minkaeldi geti verið arðbær atvinnuvegur á Íslandi. Ef sú er raunin, að minkaeldi væri í raun og veru arðbær atvinnuvegur, þá getur það komið upp sem matsatriði, hvort ekki sé rétt að taka þann atvinnuveg upp á nýjan leik, jafnvel þótt verið sé að leiða vissar hættur yfir íslenzka náttúru. Við vitum það vel, að þannig er því háttað á ýmsum sviðum. Við hefjum ýmsa atvinnuvegi og atvinnuframkvæmdir, sem við vitum að spilla stundum dýrmætum þáttum í náttúru okkar. Við gerum það vegna þess, að arðurinn er talinn mikilvægari en skaðsemin. Slíkt er alltaf matsatriði. Til þess að fá hv. alþm. til þess að breyta þeirri afstöðu sinni, sem staðið hefur um mjög langt skeið, að standa gegn minkaeldi, verður að bera fram veigamiklar og fullgildar röksemdir fyrir því, að fjárhagslegur ábati af minkarækt sé svo mikill, að það svari kostnaði að leggja í þær hættur, sem augljóslega eru þessu samfara. Mér skildist, að sú n., sem skipuð var að tilhlutan hæstv. landbrh. í janúar í vetur, hafi einmitt átt að kanna gaumgæfilega þessa hlið málsins, færa að því öflug rök, að minkaeldi gæti orðið arðbær atvinnuvegur á Íslandi. En mér finnst, að meiri hl. þessarar n. hafi gersamlega mistekizt þetta ætlunarverk. Ég er algerlega sammála því, sem minni hl. segir, að meiri hl. hafi kastað hendi til þessa verkefnis, e. t. v. vegna þess, að sumir nm. hafi verið svo sannfærðir um ágæti minkaræktar fyrirfram, að þeir hafi ekki talið ástæðu til að kanna þetta mál betur.

Í þessu sambandi vil ég aðeins benda á þá grg., sem fylgir frv. Þar er mikið af almennum frásögnum um minkaeldi í öðrum löndum, en um Ísland er fjarskalega

lítið sagt. Leitað hefur verið til Efnahagsstofnunarinnar um að gera áætlun um rekstur þúsund læða minkabús á Íslandi. En ef þetta plagg frá Efnahagsstofnuninni er til marks um venjuleg vinnubrögð þeirrar stofnunar, þá fæ ég ekki aukið álit á henni. Ég vil t. d. benda mönnum á það, að gert er ráð fyrir því í þessari áætlun, að greiðsla fyrir fiskúrgang til minkaeldis eigi að vera 1 kr. pr. kg. Nú hafa menn heyrt það hér um margra ára skeið, að einn af kostunum við minkaeldi eigi að vera sá, að þannig fáist mun hærra verð en hingað til fyrir fiskúrgang frá fiskvinnslustöðvum; þetta geti aðstoðað sjávarútveginn og gert verðmæta vöru, sem jafnvel spillist að öðrum kosti. En þetta verð, sem þarna er reiknað með, er sama verð, og greitt hefur verið fyrir lélegasta fiskúrgang til mjölvinnslu. Almennt verð á fiskúrgangi hefur verið miklum mun hærra. Samkv. upplýsingum, sem gefnar hafa verið um útflutningsverð á fiskúrgangi og sláturúrgangi frá Sambandi ísl. samvinnufélaga, Sláturfélagi Suðurlands og Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna, kemur í ljós, að fiskúrgangur, afskurður af flökum, hefur verið seldur á 6.40 kr., ekki 1 kr. Bein, heilir hryggir eða möluð, hafa verið seld á 3.70 kr., og heill úrgangsfiskur hefur verið seldur á 5.30 kr. kg. Sláturúrgangur, lungu úr sauðfé og stórgripum, er ekki seldur á 5 kr. eins og talað er um í áætluninni, heldur á hvorki meira né minna en 18 kr. Annaðhvort verður að endurskoða þá kenningu, að frystihúsin hagnist svona mikið á því að selja úrgang til minkaeldis, ef þessi áætlun á að standa, eða ef verðið á að hækka til samræmis við það verð, sem tíðkast í raun og veru, þá verður ábatinn af minkabúinu þeim mun minni. Um þetta þarf að liggja fyrir algerlega raunsæ grg.

Þegar minkaeldi var hér á Íslandi hið fyrra sinni, misheppnaðist það vafalaust ekki sízt vegna þess, að menn ímynduðu sér, að hægt væri að fóðra þessi dýr á úrgangi og þyrfti sannarlega ekki að hirða mikið um matinn, sem í þau færi. Þetta er alger misskilningur. Minkaeldi er ákaflega vandasamt eins og annað dýraeldi, og mjög vel þarf að huga að því, að ætið sé slíkt, að það tryggi, að feldurinn verði sem fullkomnastur. Það nægir sannarlega ekki að kasta fyrir dýrin einhverjum úrgangi. Samt segir meiri hl. n. sem svo, að fiskúrgang væri hægt að láta beint í hakkavélina fyrir dýrin í einstökum búum. Nefndin gefur þannig í skyn, að það sé hægt að hafa þessa úreltu aðferð við að fóðra dýrin. Þetta er fráleitur misskilningur. Ég er alveg sannfærður um það, að ef taka á upp minkaeldi á Íslandi og haga því á nútímalegan hátt, verður ekki undan því komizt, að hér verði stofnuð sérstök verksmiðja til þess að framleiða minkafóður og til þess að tryggja, að í það hráefni, sem til er í landinu, verði blandað bæði steinefnum og bætiefnum og öðrum þeim efnum, sem nauðsynleg eru til þess, að dýrin skili þeim feldi, sem til er ætlazt. En ef slík verksmiðja verður stofnuð á Íslandi, þurfa menn að gera sér grein fyrir því, hver er stofnkostnaður við hana, hver rekstrarkostnaður verður og hvað fóðrið frá henni muni kosta. Áður en við vitum þetta höfum við ekki hugmynd um, hversu hagkvæmur þessi rekstur er. Þess vegna höfum við, minni hl. allshn., gert það að till. okkar, að þeirri könnun, sem hafin var í janúar og sem að okkar hyggju er alls ekki málefnalega lokið, verði haldið áfram. Við leggjum til, að málið verði afgreitt með rökst. dagskrá í trausti þess, að framkvæmd verði frekari rannsókn á kostum og göllum minkaeldis á Íslandi.

Birgir Kjaran: Herra forseti. Þá er minkurinn enn einu sinni kominn á Alþ. Að vísu í sakleysislegu gervi, því hans er hvergi getið í frv. og aðeins rætt um loðdýr, en að vísu er hann nefndur í grg. Og í 1. gr. frv. er okkur tjáð, að hæstv. landbrh. skeri úr um, hvort dýrategund þessi skuli teljast til loðdýra eða ekki. Með fullri virðingu fyrir hæstv. landbrh. og hans alkunna dugnaði leyfi ég mér að efast um, að hann hafi nánari þekkingu af loðdýrum en náttúrufræðistofnanir landsins, að ég tali nú ekki um yfirdýralækni. Mér skilst, að með frv. þessu, ef að l. verður, eigi að gera tilraun til minkaeldis hér á landi. Hér þarf engra tilrauna við. Minkarækt var hafin hér á landi í kringum 1930 og vissir voru menn þá um, að þarna yrði um mikinn tekjustofn að ræða. Minkurinn gæti aldrei sloppið úr búri og aldrei orðið skaðvaldur, hvað þá þjóðarvágestur. Ekki voru þó nema tvö ár liðin, þar til minkurinn var orðinn villt dýr í landinu, sem miklu tjóni olli í varpi, við veiðivötn og jafnvel á skepnum. Svo rammt kvað að þessu, að árið 1939 var horfið að því að veita opinber verðlaun fyrir að bana mink. Hann hafði þá lagt fögur fuglaver í eyði, svo sem í Slútnesi, í Viðey og víðar. Árið 1951 voru svo samþ. lög um, að minkarækt skyldi lögð niður í landinu á næstu fimm árum og skeði það. Minkarækt hefur sem sé verið reynd hér á landi í aldarfjórðung með þeim afleiðingum, að nauðsyn þótti til að leggja bann við henni. Samkv. l. um innflutning búfjár frá 1962 þarf samþykki yfirdýralæknis, en ekki umsögn til þess að heimila innflutning dýra. Þar segir og, að í því landi, sem dýrin eru flutt frá, megi ekki vera neinir þeir búfjársjúkdómar, sem menn kunni að óttast að borizt gætu á þennan hátt til landsins. Stríðir þetta frv. gegn þeim l., og mér er kunnugt, að yfirdýralæknir er mjög andvígur því, að hér sé slakað á, enda hefur sú reynsla, sem fengizt hefur af óvarlegum innflutningi búpenings, verið svo dýru verði keypt, að öllum ábyrgum mönnum ætti að vera ljóst, að til þess eru vítin að varast þau.

Varðandi hugsanlegan hagnað og hins vegar hættur af minkaeldi vildi ég m. a. leyfa mér að vitna til eftirfarandi: Í marz 1966 var haldin ráðstefna í Stokkhólmi um villt dýr á Norðurlöndum: Vildt rovdyrs nordiske konferense. Var minkurinn þar m. a. til umræðu. Þar komst einn kunnáttumanna svo að orði, með leyfi hæstv. forseta: „Það er fjarri lagi, að minkaeldi í Skandinavíu muni framvegis verða samkeppnishæft. Jafnóvíst er það og, að tízkan muni áframhaldandi gera minkaskinnin eftirsótt, þar sem þau eru víðs fjarri að vera beztu loðskinnin, sem við höfum.“ Og hann heldur áfram: „Persónulega er ég þeirrar skoðunar, að minkaræktin muni fyrr eða síðar lenda í alvarlegri kreppu.“

Á Norðurlöndum og Bretlandi er minkurinn nú plága, sem ekki verður ráðið við. M. a. var þetta mál eða innflutningur dýra — og þar með talinn minkurinn, — til umræðu í brezka þinginu og var þar mjög varað við honum. Dönum hefur að vísu tekizt vegna landslags að halda stofninum í skefjum, en í Noregi, Svíþjóð og Bretlandi er hann stöðugt vaxandi plága. Í Noregi hefur

landbrn. skipað nefnd til að gera till. um eyðingu minksins. Á Norðurlöndum hefur og komið til mála að skattleggja minkabúin og verja skatttekjunum til eyðingar villiminksins. Í Rússlandi skeði það, að þar kom upp minkapest og eyðilagði að mestu rússneska minkastofninn. En það varð hins vegar Dönum til happs. Þar var minkaeldi komið í nokkurt fjárhagslegt öngþveiti, og hafði ríkisstj. ráðgert að lóga þar miklum fjölda minka, ½—1 millj., en þetta slys í Rússlandi olli því, að danskur minkabúskapur rétti við, vegna þess að þeir gátu selt dýr til Rússlands.

Þá veit ég ekki, hvort formælendur minkainnflutnings gera sér ljósa þá sjúkdómshættu, sem slíku getur fylgt. Minkurinn ber með sér vissa sjúkdóma, sem geta borizt í önnur skyld dýr, svo sem hunda. Má þar nefna tríkínur og bendilorma, en versta farsótt er minkafárið eða minkaæðið, sem berst í hunda og veldur hundafári. Þetta er talinn mjög hættulegur og skaðvænlegur sjúkdómur, sem herjar nágrannalönd okkar, Norðurlöndin, Bretland og einnig N.-Ameríku. Fram til þessa hefur dýralæknum okkar og ströngu eftirliti með búfjárinnflutningi tekizt að forða íslenzka hundinum frá þessu fári, en mikil hætta er á, að sá sjúkdómur gæti borizt til landsins með innflutningi minka, og væri þá illa farið, ef við lóguðum íslenzka fjárhundinum, sem svo dyggilega hefur fylgt íslenzka bóndanum í meira en þúsund ár, en fengjum í staðinn villta minka.

Þá vildi ég leyfa mér að fara fáeinum orðum um þá fjárhagsáætlun, sem sett var fram varðandi hagnað af minkaeldi, og þar vitna nokkuð til grg., sem kom frá Náttúrufræðifélaginu og næsti ræðumaður á undan gat um. Með leyfi hæstv. forseta þá segir í þessari grg.:

Í áætlun um fóðurþörf á fskj. frá Efnahagsstofnuninni er gert ráð fyrir, að fiskúrgangur kosti 1 kr. hvert kg. Þetta stangast illilega á við þá fullyrðingu, sem hefur verið rauður þráður í áróðri minkamanna, að þeir gætu borgað mun hærra verð fyrir fiskúrgang en nú er gert. Því að 1 kr. er það verð, sem greitt er nú fyrir lélegasta fiskúrgang í mjölvinnslu. Við höfum aflað okkur upplýsinga um útflutningsverð á fiskúrgangi og sláturúrgangi hjá Sambandi ísl. samvinnufélaga, Sláturfélagi Suðurlands og Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna og fara þær tölur hér á eftir.

Verð á fiskúrgangi er fob., en á sláturúrgangi cif. Við viljum vinsamlega biðja yður að bera þessar tölur saman við þær, sem eru á fskj. Efnahagsstofnunarinnar, en þær eru fengnar frá minkamönnum sjálfum. Fiskúrgangur, fyrsti afskurður 6.40 kg., bein 3.70, heill úrgangsfiskur 5.30 og sláturúrgangur, lungu og annað 12 kr. og er nú um 18 kr. Minkamenn hafa og mjög haldið því á loft, að fiskur og fiskúrgangur væri 75% af fóðri minkanna. Þetta er hins vegar mjög blekkjandi, því hlutfall þessa þáttar í kostnaði er samkv. fskj. 38.6% og er það ívið minna en hlutfall hins innflutta fóðurs. Eins og síðasti ræðumaður benti á, nægir og hvergi nærri að hafa fiskúrganginn, heldur þarf að blanda saman við ýmiss konar öðrum efnum, steinefnum, bætiefnum og öðru slíku. Og minkurinn étur heldur ekki slorið eins og það kemur fyrir, heldur þarf að mala þetta og það þarf að búa úr þessu sérstakar kökur, sem minkarnir eru fóðraðir með, og til þess þyrfti verksmiðju, sem ég skal ekki segja, hvað kostaði, en vafalaust kostar nokkurn pening, en um það mál liggja engar áætlanir fyrir frá þeim nefndum, sem um þetta hafa fjallað.

Eins og hér var getið, skipaði landbrh. n. í þessu máli, og n. klofnaði, að mér skilst, efnislega og einnig sökum vinnubragða eða þess tíma, sem henni var ætlaður til starfa. Í áliti minni hl. segir m. a., með leyfi forseta: „Minni hl. lítur svo á, að n. hafi alls ekki haft aðstöðu til þess að kanna málið eins og landbrh. lagði fyrir n. að gera og því ekkert á því að byggja, sem frá n. kemur á þessu stigi málsins. Enginn nm. hefur neina reynslu eða sérþekkingu varðandi minkarækt, og því hlýtur n. að þurfa talsverðan tíma til að kynna sér málið, ef hún á að vera þess umkomin að taka afstöðu til þess, sem byggð sé á könnun, eða gera till. um gerð mannvirkja, þar sem fyllsta öryggis sé gætt, eftir því sem það er hægt og hins, að kostnaður fari ekki úr hófi fram, hvað þá um annað, sem málið varðar. Benda má á ýmis atriði í grg. meiri hl., sem þarfnast frekari athugunar. Þar er til dæmis fullyrt, að fóðurkostnaður standi því fyrir þrifum, að minkarækt hafi aukizt á Norðurlöndum og í Kanada undanfarin ár. Minni hl. vill benda á þann möguleika, að markaðsmöguleikar ráði hér miklu og telur fráleitt, að flutt verði frv. um minkarækt fyrr en markaðsmálin eru betur könnuð.“ Við þetta vildi ég bæta því, að hagur eða hagnaður þeirra þjóða, sem hann hafa haft, hefur hvað mest verið fólginn í útflutningi lifdýra, en ekki beint í skinnasölunni sjálfri.

Í áliti minni hl., þeirra Stefáns Valgeirssonar og Örnólfs Thorlaciusar, sem voru í þessari n., er landbrh. skipaði, segir svo að lokum: „Að athuguðu máli leggur minni hl. til, að n. fái málið til endurskoðunar, byggi afstöðu sína á könnun, en ekki á trú eða trúleysi á þýðingu þess fyrir þjóðina og verði búin að ljúka störfum fyrir næsta reglulegt Alþ., enda er það í fullu samræmi við erindisbréf n. Ef frv. það, sem meiri hl. hefur gengið frá og sent rn., verður nú lagt fyrir Alþ., er ekki líklegt, að það nái fram að ganga, þar sem ekkert nýtt hefur komið fram í málinu, sem ætla má að breyti afstöðu þm. til málsins.“

Þá segir í álitsgerð, sem Örnólfur Thorlacius hefur samið einn, m. a. þetta, sem ég — með leyfi forseta — mun flytja hér og tel nauðsynlegt, að þm. sé kunnugt. Það hljóðar þannig: „Þegar nú er íhugað, hvort leyfa skuli minkaeldi á nýjan leik hérlendis, ber að athuga, hver hætta náttúru landsins geti enn stafað af þessari atvinnugrein og meta hvort ágóði af minkaeldi verði slíkur, að hann réttlæti, að banninu gegn minkaeldi á Íslandi verði aflétt. Í minnihl.-áliti okkar Stefáns Valgeirssonar,“ segir Örnólfur áfram, „eru færð rök fyrir því, að viðhlítandi könnun á ábatasemi minkaeldis hérlendis hefur enn ekki farið fram. Ef frv. til l. um loðdýrarækt verður samt lagt fyrir Alþ. að þessu sinni, leyfi ég mér að vekja athygli á því, að hættan af innflutningi aliminks er engan veginn úr sögunni, þótt fyrir sé í landinu villiminkur og ósennilegt sé, að honum verði útrýmt, a. m. k. með þeim aðferðum, sem nú eru tiltækar. Aliminkar, sem úr haldi sleppa, hegða sér á allt annan veg en villiminkar, sem fyrir eru í landinu og aðhæfzt hafa hér aðstæðum. Nægir í þessu sambandi að vekja athygli á því, að á meðan minkarækt var stunduð hérlendis, bárust tíðar fréttir af spjöllum, sem minkar höfðu unnið á alifuglum, auk þess sem minka

varð oft vart í þéttbýli, jafnvel inni í höfuðborginni. Nú er minkastofninn í landinu mun stærri og útbreiddari en þá var, en samt fréttist sjaldan af ásókn minka á hænsn eða aðra alifugla og menn verða á allan hátt minna varir við villiminkana en áður.“ Þá segir hann enn: „Því er oft haldið fram, að með traustlegum frágangi minkabús megi koma að mestu eða öllu leyti í veg fyrir, að minkar sleppi úr haldi og að auðvelt sé að ná þeim fáu kvikindum, sem sleppa kunni úr búrunum. Reynsla nágranna okkar á Norðurlöndum og raunar annarra þjóða, sem minkaeldi stunda, sýnir hins vegar, að aliminkar sleppa jafnt og þétt úr haldi. Í Danmörku eru náttúrlegar aðstæður þannig, að auðvelt er að veiða þau dýr, sem sleppa, svo villiminkurinn er þar ekkert vandamál. En í Skandinavíu lifir enn og breiðist út talsverður stofn villiminka, og er álit margra sérfræðinga, að ókleift sé að halda þessum stofni niðri, meðan minkaeldi fer þar fram. Í þessum löndum voru þó fyrir marðartegundir með svipuðum lifnaðarháttum og minkar, en hér var ekkert slíkt dýr til fyrir, er minkaeldi hófst, þannig að jafnvægi náttúrunnar var og er enn mun meiri hætta búin hér af minkaeldi en í flestum öðrum löndum. Þau rök, sem fram hafa verið færð um **ábatasemi minkaræktar hér á landi, virðast mér mjög** ófullnægjandi, svo sem fyrr greinir, en það sem ég hef nú talið, hvetur hins vegar til varfærni. Þeir fulltrúar náttúrufræðinga, sem látið hafa í ljós álit sitt um þetta mál, t. d. náttúruverndarráð og stjórn Hins ísl. náttúrufræðifélags, hafa varað við innflutningi aliminka á sömu forsendum og hér hefur verið rakið.“

Þar sem ég tel, að hér sé um mikið alvörumál að ræða, er ég að eyða nokkuð lengri tíma en ég kannske hefði óskað, þar sem svo er áliðið þings, en sé hér ástæðu til að geta nokkurra aths., sem Hið ísl. náttúrufræðifélag hefur gert við þetta frv., með leyfi hæstv. forseta:

„Reynslan hefur sýnt, að enginn getur ábyrgzt, að minkar sleppi ekki úr haldi, minkabúr geta t. d. skemmzt af völdum **náttúruhamfara og dýrin komizt** út á annan hátt. Þetta hefur ekki aðeins gerzt hér á landi, heldur einnig í öðrum löndum, svo sem Danmörku, Noregi, Svíþjóð, Finnlandi og Bretlandi, þrátt fyrir varúðarráðstafanir. Afleiðingin verður sú, að öðru hvoru koma hópar aliminka út í náttúruna, en það eru einmitt slíkir minkar, sem mestu tjóni valda. Þeir fara um myrðandi án tillits til þarfa. Einnig verður að gera ráð fyrir, að þessum minkum fjölgi miklu örar en þeim villiminkum, sem fyrir eru. Það tekur minka, sem sleppa úr búri, langan tíma að aðlagast umhverfi sínu og taka upp lífshætti villtra dýra. Þetta hefur því í för með sér, að meðan minkaeldi er stundað, verður sífelld röskun á jafnvægi í náttúrunni, en slíkt getur haft hinar alvarlegustu afleiðingar. Sá minkastofn, sem fyrir er í landinu, hefur að baki sér aðlögunarskeið og hefur tekið upp lifnaðarhætti villtra dýra. Ætti tjón það, sem hann veldur, að fara minnkandi, enda er hann sennilega að komast í jafnvægi í náttúrunni eftir uppnám það, sem hann olli með fyrstu tilkomu sinni. Minkastofn þessi hefur þó ekki verið rannsakaður enn, hvorki stofnstærð hans né lifnaðarhættir hans. Að svo stöddu er því erfitt að meta, hvaða tjóni núverandi villiminkastofn kann að valda í framtíðinni, ef ekki tekst að útrýma honum.“

Það er hér sitt hvað fleira fróðlegt í þessu, en ég tel ekki ástæðu til að tíunda það frekar, en vil að lokum leyfa mér að segja þetta: Ég vil leyfa mér að vara mjög við innflutningi minka til landsins, sökum þeirrar slæmu reynslu og stórfellda afhroðs, sem slíkar tilraunir hafa áður haft í för með sér, þegar spendýr hafa verið flutt inn til þessa lands, sem svo lengi hefur búið að eigin stofni búfjár, sem aðhæfður er landi og landsgæðum, en óvarinn mjög gegn smiti frá því, sem aðflutt er. Tel ég þá menn takast mikla ábyrgð á hendur, sem slíkt hugsa sér, því að mér er nær að halda, að hér sé aðeins um enn eina áhættuatvinnugreinina að ræða fyrir þjóðfélagið, en ekki þá geysilegu bjargarhellu, sem margir vilja láta í veðri vaka, og telja jafnvel, að þessi svokallaði nýi atvinnuvegur eigi að geta rétt þjóðarskútuna við, þrátt fyrir alla þá örðugleika, sem nú hafa steðjað að. Og ég yrði ekkert undrandi yfir því, ef minkarækt yrði tekin hér upp, þó að það liði ekki óralangur tími, **þangað til hún yrði komin inn í styrkjakerfið, svo vinsælt og skemmtilegt sem það nú er.** Í þriðja lagi: loðdýrarækt er mjög nostursamur atvinnuvegur, þar sem kunnáttu, reynslu og vísindalegs eftirlits er krafizt. Yrði því trúlega að byggja hann upp hér í fyrstu að mestu eða öllu með erlendum kunnáttumönnum, svo að hér yrði um litla atvinnubót að ræða. Í fjórða lagi er hér um atvinnurekstur að ræða, sem krefst allmikillar fjárfestingar, en skilar ekki ört arði, ef einhver er. T. d. má geta þess, að sölur skinna yrðu vafalítið hjá okkur sem öðrum að fara um hendur umboðsmanna, sem sitja á svokölluðum skinnamörkuðum eða kauphringum, þar sem slík viðskipti eiga sér stað. Kunnugur maður þeim málum, sem í áratugi hefur fengizt við loðskinnaverzlun, segir, að uppgjör fyrir slíkar sölur fáist yfirleitt ekki nema einu sinni á ári. Og hann bætti því við, að margs konar skinn hefði hann selt og keypt, en lífsafkomu sína vildi hann sízt eiga undir minkaskinnum.

Við Íslendingar höfum reynt þessa atvinnugrein og mistekizt. Er það ekki nóg? Aðstæður í dag gefa engin betri fyrirheit en afkoman var þá. Til þessa atvinnuvegar þyrfti töluvert fjármagn, sem ég held að væri í okkar fjársnauða landi betur varið í annan atvinnurekstur eða tilrauna á öðrum sviðum, sem við höfum meiri reynslu og sennilega betri aðstæður til. Af þessari tilraun með minkarækt gætu hlotizt varanleg náttúruspjöll, sem ekki verða endurheimt með neinum fjármunum. Við þurfum áreiðanlega að reyna að auka á fjölbreytni atvinnuvega okkar, ef við viljum halda sæmilegum lífskjörum, en minnumst þess, að við búum ekki í þessu landi einungis vegna lífskjara, heldur engu síður vegna þess, að við búum í fögru landi, sem eitt fárra í hinum svokallaða siðmenntaða heimi heldur töluverðu af upprunalegri náttúru, jurta- og fuglalífi, óvirkjuðum fossum, hverum og kvikri jarðskorpu. Þær eru að vísu flestar þjóðirnar, sem lifa í þéttbýli Evrópu, sem öfunda okkur af þessari auðlegð og vildu gefa mikið fyrir að geta endurheimt sína náttúrusjóði. Hugsum okkur því tvisvar um áður en við stígum nokkurt það spor, smátt eða stórt, sem rýrir náttúrufegurð Íslands. Við betrumbætum ekki það, sem okkur

var gefið í vöggugjöf, með því að flytja meindýr til landsins eins og minkinn.

Herra forseti, ég vil styðja þá rökstuddu dagskrá, sem hér var borin fram.

Stefán Valgeirsson: Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð vegna ummæla 3. þm. Austf. áðan, þegar hann hélt hér framsögu fyrir meirihl.-áliti þessarar hv. n. Hann las upp úr grg. okkar, minni hl. í þessari mþn., og taldi, að þar væri ýmislegt ofsagt. Þess vegna vil ég spyrja hv. 3. þm. Austf.: Til hvers var n. skipuð? Til hvers var hún skipuð? Það vill nú svo vel til, að við hv. 3. þm. eigum báðir sæti í landbn. Nd., sem hafði þetta sama mál til meðferðar í fyrravetur á síðasta þingi, og vitum við því alveg, hvað kom fram í sambandi við störf landbn. um þetta mál. Ég vil því spyrja hann: Kom eitthvað nýtt fram í störfum þessarar mþn. fram yfir það, sem landbn. í fyrra var búin að kanna? Hann gat um það, hv. þm., gat um það enn fremur, að honum hefði verið alveg ókunnugt um afstöðu minni hl., hefði ekki séð þetta plagg. Mér kemur það dálítið á óvart vegna þess, að í upphafi vildi ég haga störfum n. á allt annan veg heldur en hún vann sín störf, og það fær enginn mig til þess að skrifa undir svona nál., sem meiri hl. gerði, þar sem ég tel, að hún hafi ekki unnið það starf, sem henni var ætlað. En þrátt fyrir það, að ég hafi þessa afstöðu, þá var ég með því að gefa leyfi fyrir loðdýrarækt í fyrra og sú afstaða hefur ekki breytzt, en hins vegar tek ég ekki þátt í svona vinnubrögðum.

Guðlaugur Gíslason: Herra forseti. Það eru að sjálfsögðu nú eins og áður allskiptar skoðanir um það mál, sem hér er til umr. Hv. 6. þm. Reykv. rakti þetta mjög málefnalega, bæði þau rök, sem fram hafa komið gegn því að leyfa minkaeldið, og einnig þau rök, sem kynnu að vera fyrir, að það yrði leyft. Það, sem hér hefur komið fram gegn minkaeldi nú, er nákvæmlega það sama og áður hefur verið haldið fram, og er það aðalatriðið, að mér skilst, hjá þeim mönnum, sem mælt hafa gegn frv., að minkaeldi hafi verið leyft hér áður og þá mistekizt. Hv. 7. þm. Reykv. bætti við, þegar hann var að benda á þetta og sagði þá orðrétt: „Er það ekki nóg?“ Ég verð að segja, að ég tel þessi rök ákaflega léttvæg, og hvernig hefði yfirleitt farið fyrir íslenzku þjóðinni, hefði hún alltaf átt að hætta við hverja einustu atvinnugrein, sem í upphafi hafði mistekizt? Eða liggur það fyrir t. d. nú, að Íslendingar gefi frá sér hugmynd um að koma hér á niðursuðuiðnaði sjávarafurða til útflutnings? Við vitum öll, að það hafa verið gerðar með þetta tilraunir í mörg ár, og því miður hafa þær ekki borið þann árangur, sem menn í upphafi hafa ætlað. Ef það er svo, að einhver mistök í upphafi eigi að vera nægjanleg rök fyrir því, að ekki eigi að hugsa um þann atvinnurekstur meira, þá hygg ég, að við værum illa komnir og að framtíð okkar væri ekki vel borgið, ef sá hugsunarháttur á að vera ríkjandi hér á Alþ. Ég vil benda sérstaklega á þetta, á þessa iðngrein, sem á oft mjög erfitt uppdráttar. Við vitum ekki sjálfir nákvæmlega enn þá, við erum ekki komnir til botns í því, af hverju þetta stafar. Aðrar þjóðir geta gert þetta með árangri. Nágrannaþjóðir okkar, Norðmenn og fleiri, reka þennan iðnað með árangri og hafa gert um áratugi, en hjá okkur hefur þetta mistekizt, og ef ætti að dæma út frá þessu einu, þá ættu Íslendingar nú í dag bókstaflega að hætta að hugsa um þennan iðnað og jafnvel banna með l. Ég tel þetta því engin rök, það sem hefur verið bent á gegn frv., að þessi atvinnugrein hafi ekki borið árangur, þann árangur, sem til var ætlazt.

Ég vil einnig benda á það, sem mér er mjög kunnugt um, að fyrst þegar farið var að stunda þorskanetaveiðar hér á landi, það var í Vestmannaeyjum, þá mistókst sú tilraun gersamlega fyrstu 2 árin og var ekki reynd í 3—4 ár þar á eftir. Þá kom hingað erlendur aðili, norskur maður, sem hafði stundað þessar veiðar við Noreg, og benti þeim sjómönnum á, sem áhuga höfðu fyrir því, hvað að væri og gerði tilraun með þetta. Og ég segi það alveg óhikað, að þessar veiðar — þótt um það megi svo deila, hvort rétt sé að stunda þær eða ekki — hafa a. m. k. byggt upp það byggðarlag, Vestmannaeyjar, í þann bæ, sem það er í dag. Hefði átt, eftir fyrstu tilraun, að hætta við þetta og ekki hugsa um það meira, þá væri þar bókstaflega allt önnur aðstaða og það væri ekki sá bær, sem þar er nú, hefði það sjónarmið átt að ráða. Ég tel því, að það sé gersamlega út í hött og ekki nokkur rök fyrir því, að ekki eigi að leyfa minkaeldi hér á landi, og að sú tilraun, sem þá var gerð, — ég skal viðurkenna af mikilli vanþekkingu, alltof mikilli vanþekkingu og vankunnáttu um málið — hún eigi ekki að ráða úrslitum um það, hvort Alþ. nú í dag, 15 eða 20 árum síðar, vill láta þá aðila, sem áhuga hafa fyrir þessu, gera tilraun á ný eða ekki. Framfarir hér á landi yrðu að mínum dómi ekki miklar, ef þetta sjónarmið ætti alls staðar að vera ráðandi, eins og það virðist vera allsráðandi og nær einustu rökin hjá þeim, sem mæla gegn minkafrv.

Ég skal ekki fara út í það að staðhæfa, að þær áætlanir, sem hér liggja fyrir, séu með öllu réttar, ég tel mig ekki hafa næga þekkingu til að gera það. En það er annað, sem ég hef greinilga orðið var við og verulega hefur aukið trú mína á því, að þarna geti verið um arðvænlegan atvinnuveg að ræða, sem sé það, að eftir að frv. kom hér fram í haust um leyfi til minkaeldis í Vestmannaeyjum, þá hafa tveir erlendir aðilar, tveir danskir aðilar, sett sig í samband við bæjarstjórann í Vestmannaeyjum og mig einnig annar, með tilmælum um það, að ef þetta yrði leyft, ef Vestmannaeyingar fengju þessa heimild, þá óskuðu þeir eftir því að fá að leggja hlutafé í það fyrirtæki og útvega nægilegt fjármagn til að byggja það upp og sérfræðinga til þess að standa fyrir því. Ég tel, að þetta bendi mjög til þess, að þeir aðilar, sem þekkja þessi mál og hafa reynslu í þessu landi, hafi trú á því, að hér geti verið um arðvænlegt fyrirtæki að ræða. Þetta hefur mjög styrkt mig í þeirri trú, að það sé sjálfsagt að leyfa þeim aðilum, sem vilja eyða tíma og kannske einhverju fé til þess að rannsaka málið, að gera það, og ef þeir komast að þeirri niðurstöðu, að það sé skynsamlegt að leggja fjármuni í minkarækt, þá eigi þeir að hafa heimild til þess að gera það. Þeir eru þar fyrst og fremst að hætta sínum eigin fjármunum, þó hér hafi verið bent á það, að þetta gæti endað með því að koma undir styrkjakerfið. Ég veit ekki, í hvaða atvinnugrein við höfum nokkra tryggingu fyrir því, að hún geti ekki á einhverjum tíma við ein-

hverjar aðstæður lent undir styrkjakerfinu. Ég er ekki að halda því fram, að þetta eigi þar að lenda, og ég hef, satt að segja, ekki trú á því, að þetta lendi þar. Ég hef það mikla trú á málinu, að ég álít, að ef þeim mönnum, sem þarna vilja fá aðstöðu til þess að skoða það, kanna það til hlítar eftir þeim upplýsingum, sem þeir geta aflað sér, sem hljóta að verða fyrst og fremst erlendis frá, ef þeim er leyft þetta og leyft að halda áfram að setja upp minkabú, ef þeir sjálfir telja það hagkvæmt, þá hef ég trú á, að við séum að fara inn á rétta braut.

Hv. 7. þm. Reykv. hafði hér margt um málið að segja. Við höfum heyrt flest af því áður. Ég tel, að þar hafi fá ný rök komið á móti því. Þessu hefur verið haldið fram áður og á það bent. Það hefur verið sjónarmið út af fyrir sig, sem auðvitað má deila um, hvort einhver hætta geti stafað af því, að minkar sleppi út í náttúruna og valdi þar tjóni, en ef þar er gætt þeirrar fyllstu varúðar, sem nú virðist vera gætt hjá þeim þjóðum, sem þessa atvinnugrein leyfa, t. d. í Danmörku og víðar, þá hygg ég, að sú hætta sé ekki nálægt því eins mikil og menn vilja vera láta. A. m. k. held ég, að Færeyingar óttist ekki um sitt fuglalíf, því að þar er risið upp stórt minkabú. Ég held, að þeir geri það ekki út í bláinn, hvorki fjárhagslega eða að þeir hafi ekki einnig haft friðunar- eða verndunarsjónarmið í huga gagnvart náttúru í Færeyjum. Þannig tel ég, að allt bendi til þess, að það væri mjög óhyggilegt af Alþ. að vilja ekki leyfa þeim aðilum, sem vilja fá að skoða málið og vilja fá að leggja fjármuni í það, ef þeir telja það fjárhagslega hagkvæmt, að það væri mjög óskynsamlegt að vilja ekki leyfa mönnum að gera það, því að þarna getur risið upp ný atvinnugrein, sem verulega getur bætt — kannske ekki beint atvinnu, því að það er vitað, að þetta er ekki mikið á atvinnusviðinu, það þarf ekki marga menn í kringum hvert bú — en þetta getur orðið til gjaldeyrisöflunar fyrir okkur og fiskiðnaðinum, að ég tel, í heild til nokkurs ávinnings.

Ég skal nú ekki tefja hér tíma þingsins með langri ræðu um þetta mál. Ég tel, að þetta liggi frá fyrri tímum nokkuð ljóst fyrir. Menn hafa á þessu ákveðnar skoðanir, bæði þeir, sem eru með því, og þeir, sem eru á móti því, en ég vil segja það, að í þeim ræðum, sem hér hafa verið fluttar gegn minkaeldi, hefur að mínum dómi ekkert nýtt komið fram. Það eru alveg nákvæmlega sömu rökin, sem beitt hefur verið áður og bent á og reynt að hræða þm. með því, að þetta hafi mistekizt hér áður. Ég ætla ekki að fara fleiri orðum um það. Það er aðeins eitt, sem hefur komið nýtt inn, og það er þessi hætta með hundaæðið. Ég skal ekki dæma um það. En hvernig er þetta hjá Dönum og annars staðar? Hefur þetta valdið miklu tjóni eða miklum skaða? Ég verð að viðurkenna, að ég hef ekki um það neinar umsagnir, hef ekki fylgzt með því. En hins vegar hef ég bókstaflega ekki heyrt um það heldur. Og a. m. k. hvað Vestmannaeyjar áhrærir, þar sem hundahald er bannað, ekki einn einasti hundur til, þar ætti það a. m. k. ekki að valda tjóni að þessu leyti, svo að það væri óhætt að samþykkja frv. það, sem hér liggur fyrir, um það einangraða atriði, ef þetta yrði fellt.

Það liggur alveg ljóst fyrir og er rétt, sem hv. 7. þm. Reykv. benti á, að ef einhverjir aðilar mundu vilja í þetta ráðast, hlytu þeir auðvitað að verða að fá umsögn og aðstoð erlendra sérfræðinga til þess að koma þessu á fót. Að því leyti er það rétt, að það yrði kannske ekki mikil atvinnubót fyrir íslenzka aðila, því að ég tel, að það væri mjög óvarfærnislega að farið, ef svo yrði ekki með farið, að þeir sem vildu stofna minkabú, hlytu að leita til erlendra aðila um allar upplýsingar og beina aðstoð, ekki einasta við uppbyggingu búanna, heldur einnig við rekstur þeirra svona fyrstu árin, á meðan Íslendingar væru að kynna sér málið betur.

Ég vil ekki hafa um þetta fleiri orð, en eins og hefur réttilega verið bent á, að ég hygg, að nokkuð sé óvarlega reiknuð sú áætlun, þar sem rætt er um fiskverð, — eina krónu — sem gert er ráð fyrir, þá hygg ég, að það megi einnig benda á, að í tekjuhliðinni sé mjög varlga áætlað verð á skinnum. Ég hef hér fyrir mér úrklippu úr dönsku blaði, Ålborg Stiftamtstidende frá því í jan. 1969, þar sem gerð er grein fyrir uppboði á finnskum minkaskinnum. Meðalverð skinna af karldýrum var á því 138 danskar kr., og meðalverð á skinnum af kvendýrum var þá nokkru lægra. En ég hygg, að í áætluninni sé reiknað með 100 d. kr., þannig að það virðist vera, að á tekjuhliðinni sé einnig mjög varlega farið í þá áætlun.

Um að minkur sé tízkufyrirbæri, það ber mönnum svo langt frá því saman um. Þetta er það loðskinn, sem langsamlega bezt hefur haldið velli undanfarin ár og áratugi á skinnamörkuðum bæði austan hafs og vestan, og ég hef ekki fengið neinar ábendingar um það eða getað aflað mér upplýsinga um það, að það væru sérstaklega slæmar horfur eða breytt viðhorf um sölu minkaskinna eins og væri. Það má vel vera, að þarna verði sveiflur í markaði eins og gengur og gerist, en að nú í dag séu eitthvað sérstaklega breyttar horfur á skinnamörkuðum, þar sem minkaskinn eru seld, held ég að liggi ekki fyrir. Og það sem, eins og ég sagði, hefur sannfært mig um, að það beri að skoða þetta mál mjög gaumgæfilega og að ástæða sé til að ætla, að Íslendingar geti gert þetta með árangri, er einnig það, sem ég benti á, að hinir dönsku aðilar, sem til mín hafa leitað og bæjarstjórans í Vestmannaeyjum með fjárframlag og fjárútvegun í huga, þeir, sem þessi mál þekkja bezt og reka þetta í stórum stíl, þeir telja þetta arðvænlegt fyrirtæki.

Jón Skaftason: Herra forseti. Það mál, sem er hér til umr., er — eins og hv. dm. vafalaust vita allir — mikið deilumál, bæði hér á hv. Alþ. og eins á meðal manna úti um allt land. Þær ræður, sem fluttar hafa verið núna við þessa umr., endurspegla það líka, að hér er um málefni að ræða, sem ágreiningur ríkir um í þessari hv. d. Ég vil þá áður en ég vík að því efnislega benda aðeins á, að mér virðist, miðað við þá atkvgr., sem var í Ed. um þetta mál, að stuðningur við þá stefnu, sem frv. mótar, hafi vaxið mjög á hv. Alþ., í Ed. a. m. k., og hygg ég, að það sé aðeins spegilmyndin af því, sem hér hefur verið að gerast með þjóðinni hin síðari ár. Hér hafa bæði hv. 6. þm. Reykv. og eins hv. 7. þm. Reykv. varað mjög við því að samþykkja þetta frv. Þeir fluttu viss og sterk rök fyrir þeirri afstöðu sinni, sem sjálfsagt er að athuga og taka til greina. Ég vil þó benda á það, sem raunar kom fram í ræðu hv. síðasta ræðumanns, að þegar hv. 7. þm. Reykv. talar um, að hér sé verið að efna til nýs og áhættusams atvinnuvegs, þá er hann ekki að segja

nokkuð nýtt. Benda má á, að ekkert sérstakt gildir um þennan atvinnuveg í landinu, loðdýraræktina, umfram margt annað, sem við höfum stundað undanfarandi áratugi og aldir og lifum enda af. Hver mundi vilja halda því fram t. d., að sjávarútvegurinn væri ekki áhættusamur, þar sem við eigum jafnmikið undir atvikum, sem við ekkert ráðum um, bæði um göngur fisksins á miðin og annað. Landbúnaðurinn verður ekki heldur talinn áhættulaus atvinnuvegur. Þar eigum við mikið undir veðri og öðru, sem við ekki ráðum neitt við, og áföll hafa sannarlega orðið á undanförnum áratugum í öllum okkar höfuðatvinnuvegum. Þannig að út af fyrir sig yrði ekki um neitt nýnæmi að ræða, þótt loðdýraræktin sem atvinnugrein sé ekki alveg áhættulaus. En þegar menn eru að benda á þá reynslu, sem Íslendingar hafa haft af þeirri tilraun, sem gerð var hér fyrir nokkrum áratugum í minkarækt, og gefa sér þar með, að hún hljóti að verða endurtekin, ef þetta frv. verði samþ., þá finnst mér, að menn gleymi einu ákaflega veigamiklu atriði í því sambandi, og það er, að í frv. er að finna ákvæði um mjög strangar öryggisráðstafanir í þeim minkagörðum eða minkabúum, sem leyfð yrðu, miklu, miklu strangari en voru í lögum hér áður fyrr og að því, er ég bezt veit, þær ströngustu öryggiskröfur, sem nokkurs staðar munu vera gerðar í nokkru landi, þar sem minkahald eða loðdýrarækt er stunduð. Þetta hlýtur að sjálfsögðu að hafa verulega mikil áhrif á afstöðu þeirra manna, sem eru að reyna að koma sér niður á ákveðna afstöðu til þessa frv., og hljóta þeir þá að skoða þetta eins og annað, því það er ekki ómerkasta innleggið í málinu nú.

Ég lít nánast á þetta mál sem spurningu um það, hvort það sé virkilega svo, að Íslendingar geti ekki — eins og aðrir — stundað atvinnuveg, sem fyrirfram má **telja, að verulegar líkur séu til, að hægt sé að reka með** talsvert góðum arði hér á landi. Erum við virkilega það miklu síður hæfir til þess að stunda loðdýrarækt en frændur okkar Norðmenn, Danir, Svíar og fleiri, að það þurfi að vera gefið, að þessi atvinnugrein verði hér í kaldakoli, þó að hún sé rekin með verulegum ábata og hagnaði á Norðurlöndum? Ég vil ekki, þrátt fyrir slæma **reynslu, skrifa undir þá skoðun, að Íslendingar geti ekki** með tíð og tíma, og ef rétt er farið í málið, eins og mér virðist eiga að gera með frv., að þá getum við ekki stundað þessa atvinnugrein alveg eins og frændur okkar á Norðurlöndum. Og auk þess er ég, persónulega, sannfærður um það, að við höfum á ýmsan hátt talsvert betri aðstöðu til þess að gera þetta hér að arðvænlegum atvinnuvegi heldur en frændur okkar á Norðurlöndum hafa. Í sambandi við þetta langar mig til að benda hv. alþm. á að lesa grein, athyglisverða grein, sem mér fannst vera, sem birtist í Tímanum í gær og er skrifuð af Jóni Jóhannessyni, cand. mag., sem hefur, að því að ég veit til, lagt sig talsvert eftir að kynna sér þá reynslu, sem ýmsar aðrar þjóðir hafa haft í sambandi við loðdýrarækt.

Það eru aðallega tvö atriði, sem ég hef reynt að gera **mér grein fyrir til þess að geta byggt á afstöðu til þessa** frv. Það er í fyrra lagi: Er ekki sennilegt, svo að ekki sé nú meira sagt, að með loðdýrarækt sé hægt að stofna til nýrrar og arðvænlegrar atvinnugreinar, sem renni traustum og nokkuð gildum stoðum undir útflutningstekjur landsmanna? Þetta er fyrra atriðið. Hið síðara atriði, sem ég hef reynt að gera mér líka grein fyrir, er: Kaupum við þessa nýju atvinnugrein og þessar nýju útflutningstekjur, sem við væntanlega fáum af minkaeldi í landinu, of dýru verði? Um fyrra atriðið get ég sagt, að það er að vísu ekki um mjög mikla eða langa reynslu hér á landi að ræða í þessum efnum af eðlilegum ástæðum, þar sem minkaeldi hefur verið rekið hér um stutt árabil og var þá algerlega á byrjunarstigi, en vissulega er til reynsla fyrir því, hvernig þessi atvinnugrein hefur gengið og hvernig hún hefur verið rekin t. d. á Norðurlöndum og víða annars staðar, og ég hef reynt að leggja mig eftir því að afla mér upplýsinga um, hver reynslan hefur verið, ekki síst á Norðurlöndum, og langar mig til þess að víkja lítillega að því í þeim fáu orðum, sem ég ætla að segja um frv. núna við þessar umræður.

Í Danmörku byrjar minkaeldið á síðari hluta þriðja tugar aldarinnar, en verulegur skriður komst ekki á málin fyrr en upp úr síðari heimsstyrjöldinni, en þá komst framleiðslan upp í 100 þús. minkaskinn á ári. 1968 var framleiðslan komin upp í 3 millj. skinna, og voru þau seld fyrir 3.1 milljarð ísl. króna. Hinar öru framfarir á sviði minkaeldis í Danmörku er fyrst og fremst að þakka hagstæðum fiskimarkaði. Hinir dönsku minkagarðar eru aðallega staðsettir umhverfis fiskibæina, t. d. í Esbjerg og norður við Limafjörð. Í Finnlandi byrjaði minkaræktin upp úr 1930, en fyrst 1953 komst ársframleiðslan upp í 100 þús. skinn. 1968 var framleiðslan komin upp í 2.2 millj. skinna og voru loðskinn fimmti stærsti útflutningsliður þeirra. Finnar hafa 40-faldað ársframleiðslu sína frá árinu 1950. Það tók Norðmenn hins vegar nokkru lengri tíma að komast í gang með minkarækt heldur en hin Norðurlöndin, en þar höfðu menn staðið framarlega á sviði refaræktar. 1927 voru fyrstu minkarnir fluttir inn frá Kanada og síðan var talsvert magn flutt inn frá Svíþjóð, og stofninn jókst hægt og hægt. Skömmu eftir 1930 kom alvarlegur afturkippur, og margir Norðmenn hættu þá minkaeldinu. Skömmu fyrir 1940 kom góður kippur í minkaræktina, en á stríðsárunum var ógerningur að afla fóðurs og stofninn dróst aftur saman, og í stríðslokin voru aðeins til um 30 þús. eldisdýr í Noregi. Frá árinu 1952 hefur minkaræktin þar tekið hröðum framförum, þó ekki jafnhröðum og í Danmörku og Svíþjóð. 1968 var ársframleiðslan komin upp í 2.3 millj. skinna og seldust þau fyrir 2.5 milljarða ísl. kr. Athygli skal hér vakin á því, að Íslendingar gáfust upp á minkaræktinni upp úr 1950, þegar l. var breytt, rétt í þann mund, er verulega **fór að birta til í markaðsmálunum. Voru menn þá hér**lendis rétt byrjaðir á minkarækt og fengu aldrei að sýna, hvað þeir gátu á þessum sviðum. Verður það að teljast kaldhæðni örlaganna. Í Svíþjóð voru fyrstu minkabúin stofnuð 1928, og 1939 voru til um 100 þús. dýr og hvolpar, en einnig þar dróst búskapurinn saman, og verulegur skriður komst ekki á málin fyrr en 1950. **Árið 1953 var framleiðslan komin upp í ½ millj. skinna** á ári og 1968 upp í 1.7 millj. skinna, sem **seldust fyrir 1.9 milljarða ísl. kr. Fjöldi eldisdýra á** hvert bú á Norðurlöndum árið 1964 er frá aðeins nokkrum dýrum og upp í 10 þús., en meðaltalan er ekki há. Í Danmörku er meðaltalan 165 kvendýr, í Finnlandi

120 og í Noregi 117. Eins og sést af ofangreindum tölum, er stærsti hluti minkabúanna á Norðurlöndum lítil bú, og getur þetta því með réttu kallast smábúskapur. Þó er nokkur munur frá landi til lands. Noregur er og hefur ávallt verið smábúaland, en í Svíþjóð hafa minkabúin yfirleitt verið stærri en á hinum Norðurlöndunum. Í Danmörku og í Finnlandi eru til margir smáminkabændur og einstakir stórbúgarðar, þar sem framleiðslan fer upp í 30—50 þús. skinn á ári. Fjöldi minkabúa á Norðurlöndum mun vera um 12 þús., og gefur sú tala til kynna, hversu áfjáðir menn þarlendis eru í að afla tekna með skinnaframleiðslu.

Nú er svo komið, að öll Norðurlöndin nema Noregur verða að flytja inn fisk- og sláturúrgang vegna minkaræktar sinnar, m. a. um 8—10 þús. tonn frá Íslandi. Hver þjóð um sig flytur inn um 50 þús. tonn af minkafóðri. Þetta kostar ekki aðeins gjaldeyri, heldur verður fóðurkostnaðurinn óeðlilega hár vegna þess, að frysta þarf vöruna og geyma og flytja hana síðan landa á milli. Þetta veldur því, að þessar þjóðir geta ekki öllu lengur aukið minkarækt sína. Svíar og Kanadamenn hafa t. d. ekki aukið minkarækt sína undanfarin ár, vegna þess hve fóðurkostnaðurinn er orðinn hár. Ólíklegt er, að Danir og Finnar geti aukið framleiðslu sína verulega af sömu ástæðu. Þá hefur framleiðsluaukning í Bandaríkjunum verið tiltölulega hægfara, og framleiðendur kvarta mjög vegna mikils kostnaðar og erfiðrar samkeppnisaðstöðu. Hins vegar er vitað, að Rússar eru að ráðgera að auka framleiðslu sína stórlega næstu ár.

Íslendingar hafa mikla möguleika til að afla ódýrs minkafóðurs. Við veiðum meira af þorski og öðrum fiski en Norðmenn, sem þó veiða mest allra Norðurlandaþjóða. Þorskafli okkar er um og yfir 300 þús. tonn árlega. Í vaxandi mæli mun þessi afli fara til flökunar og frystingar á næstu árum og við það eykst fiskúrgangurinn, sem nauðsynlegt er að koma í betra verð. Undanfarin ár hafa fallið til um 100—120 þús. tonn af fiskúrgangi, sem farið hefur í fiskimjölsverksmiðjurnar. Af þessum fiskúrgangi mætti framleiða um 2—3 millj. skinna, ef öllu væri til skila haldið, nýju, frystu eða í formi fiskimjöls. Söluverðmæti þessara skinna væri 2—3 milljarðar kr. á ári. Um ¼ hluti þorskaflans aflast á sumrin, þegar fóðurþörf minkanna er mest. Þann fiskúrgang þyrfti yfirleitt ekki að frysta og geyma með ærnum kostnaði, heldur láta beint í hakkavélina fyrir dýrin. Af fiskúrgangi frá sumaraflanum ásamt með ýmsum úrgangs- og ruslfiski, sem nú er yfirleitt hent, mætti framleiða um 1 millj. minkaskinna að söluverðmæti 1150—1200 millj. kr. Af þessu er ljóst, að minkaeldi á Íslandi er stórkostlegt, þjóðhagslegt spursmál fyrir okkur. Útlitið er mjög bjart í skinnaframleiðslu hér á landi, ekki síst vegna þess, að Bandaríkjamenn eru nú farnir að nýta fiskúrgang meir til manneldis heldur en áður hefur verið gert. Þetta leiðir svo af sér hærri eldiskostnað minkanna þarlendis. Hér á Íslandi er fiskúrgangi sturtað niður í fjöru í tonnatali daglega til eldis mávum og hröfnum og engum til gagns. Talið er, að einn maður geti mjög auðveldlega annað 300 tæfa bú ásamt tilheyrandi hvolpafjölda og 30—40 karldýrum. Meiri vinnukraft þarf þó á fengitíma og um sláturtíma. Slík bú eiga að geta gefið af sér um 1.5 millj. kr. á ári í brúttótekjur. Fæðiskostnaður er ríflega áætlaður kr. 300 þús. á ári miðað við núverandi verðlag. Stærð lóðar undir fyrrgreinda stærð af búi þarf að vera í minnsta lagi 1200 m^2, en væri ágæt 2500 m^2.

Um það hefur verið nokkuð deilt hér, hvort það væri rétt, sem ýmsir halda fram, að hárgæði íslenzka villiminksins væru jafnvel enn þá meiri heldur en nokkurs staðar þekkist annars staðar frá, og sýnist þar sitt hverjum eins og um annað raunar, er lýtur að minkaeldi í landinu. Mér hefur verið sögð sú saga, sem ég hygg, að sé rétt, að formaður Loðdýraræktarsambands Kanada hafi óskað eftir að fá að rannsaka ullarþel á músum íslenzkum, þar eð þel á músum og minkum á sama landssvæði er mjög svipað. Niðurstöður af þessum rannsóknum voru mjög jákvæðar og verður manni þá einnig á að hugsa til íslenzku sauðkindarinnar, sem gefur af sér einna gæðahæstu ull í heiminum. Eru því ekki fyrirfram miklar og verulegar líkur til þess, að það sé rétt, þegar staðhæft er, að íslenzki minkafeldurinn sé vegna háralags enn þá dýrmætari heldur en þekkist nokkurs staðar annars staðar, þar sem minkarækt er stunduð?

Mikið hefur verið rætt um og ritað um skaðsemi villiminks í íslenzkri náttúru og skal ég á engan hátt gera lítið úr því. Bent hefur þó verið á, að Kanadamenn hafa sleppt mink lausum við ár og vötn, þar sem fiskirækt átti að hefjast, í þeim tilgangi, að hann eyddi fugli, sem nærist á miklu magni af fiskiseiðum. En minkur ræðst á fullorðna fiska og þarf þar af leiðandi færri fiska sér til lífsviðurværis. Talið er, að villiminkur valdi aðeins 10% tjóni á fiskistofni miðað við fiskendur og máva. Hér hafa á síðustu árum verið metveiðiár hvað lax áhrærir. Menn hafa einnig lært að útbúa hænsnabú sín þannig, að minkurinn komist ekki auðveldlega þar inn. Því hefur verið haldið fram, að minkur væri hér orðinn það villtur, að hann kæmi ekki lengur nálægt mannabústöðum. Þetta er misskilningur. Minkurinn leitar á hænsnabúin hvenær sem færi gefst, og nægir í því sambandi að benda á, að fyrir stuttu drap hann 36 hænur að Brunná við Akureyri. Hænsnabú eru nú betur varin heldur en áður var og eru þakin þéttmöskvuðum vírnetum í gólfi, veggjum og lofti, ef þau þá eru ekki steinsteypt. Það er með ólíkindum, að minkur, sem slyppi úr búri í dag, mundi gera meiri usla í hænsnabúunum heldur en villiminkurinn getur gert.

Ég skal nú ekki orðlengja þetta. Mér er ljóst, að hér er komið að síðustu starfsdögum þingsins og ýmislegt er eftir að afgreiða úr d., en ég fæ ekki betur séð og á því byggist mín afstaða um stuðning við þetta frv., að þegar tekið er tillit til alls, bæði þeirra raka, sem mæla ótvírætt með því, að hagkvæmt sé fyrir okkur að leyfa minkahald í landinu á ný með þeim öryggisráðstöfunum, sem frv. hefur að geyma, þegar þetta er vegið á aðra vogina og svo það á hina vogina, hvaða óhagræði og hvaða áhættu við kunnum að taka á okkur með því að leyfa þetta minkahald á ný, þá sýnist mér enginn vafi vera á því, hvor lóðaskálin er þyngri og hvort vegi þyngra til hags fyrir vaxandi þjóð í landi, sem á sannarlega ekki allt of margra úrkosta völ til þess að standa undir þeim lífskjörum, sem Íslendingar eru orðnir vanir fram á síðustu árin a. m. k. og sambærileg má telja við það, sem þekkist á Norðurlöndum, og við, sem teljum okkur til yngri hluta þjóðarinnar, viljum engan veginn

sætta okkur við að þurfa að hætta við. Þess vegna er það ótvírætt, að ég styð að framgangi þessa frv. Ég bind enda við það talsvert miklar vonir, að reynslan eigi eftir að sýna okkur það innan nokkurra ára, að hér séum við e. t. v. að leggja einn af veigameiri steinum í þann grundvöll, sem við byggjum afkomu okkar á, og vil ég gjarnan vera þátttakandi í því að leggja þann stein í grundvöll þjóðlífsins.

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. Já, hv. 2. þm. Reykn. segist vilja leggja stein í grundvöll þjóðlífsins með því að láta flytja inn á nýjan leik þessi skaðræðisdýr, minkana, sem hér hafa valdið stórkostlegu tjóni. Við þurfum ekki að flytja inn mink, en við þurfum að reyna að útrýma til fulls þessu dýri hér úr landinu. Og ég vil vekja athygli á einu, sem kemur hér fram í umsögn Hins íslenzka náttúrufræðifélags, sem prentuð er með áliti minni hl. allshn. Þar segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Erlendir aðilar hafa látið í ljós áhuga á því að gera tilraun til að eyða villimink hér á landi með sýkingu", en bætir svo við: „Slíkar tilraunir er auðvitað aðeins hægt að framkvæma í landi, þar sem minkabú eru ekki fyrir hendi".

Ég tel, að það ætti að kynna sér þetta mál nánar og athuga það, ef þess er kostur að fá þessa erlendu aðila til þess að vinna að útrýmingu minksins með sýkingu, og ég vil segja það, að útlendingar hafa oft verið fengnir hingað til lands til verka, sem minni árangur hafa borið heldur en þetta, ef takast mætti að útrýma villiminkum með þeirra aðstoð á þennan hátt.

Það liggja engar viðhlítandi áætlanir fyrir um rekstur loðdýrabúa hér, þótt leyfður verði. Menn eru að tala um það, hvað framleiðslan sé mikil í nágrannalöndunum, og hv. 2. þm. Reykn. var að enda við að lesa upp margar tölur í þessu sambandi. En hann nefndi nú ekki rekstrarafkomu þessara búa, svo að ég tæki eftir. En ég hef hins vegar fengið upplýsingar nokkrar um rekstrarafkomu loðdýrabúa í Noregi. Ég fékk þetta fyrir milligöngu sendiráðs okkar í Osló um áramótin síðustu, og þar með fylgdi bréf til sendiráðsins frá Norges pelsdyravlsslag dags. 27. des. 1968.

Viðvíkjandi rekstrarútkomunni af loðdýraræktinni segir þetta samlag, að meðalbúin muni ekki hafa haft neinn ágóða af rekstrinum tvö síðustu árin, en flestir þeir, sem hafa þetta bara í smáum stíl á heimilum sínum, munu hins vegar hafa fengið nokkurn veginn viðunandi greiðslu fyrir sína vinnu við þetta. Hins vegar þeir, sem hafi ekki haft góðan stofn, muni ekki hafa haft neina möguleika til að fá viðunandi fyrir sína vinnu við þetta loðdýraeldi.

Það er sagt, að það séu nú ekki til opinberar skýrslur um reikningslega afkomu þessa atvinnurekstrar í Noregi. En þeir standa í þeirri meiningu, þeir, sem skrifa bréfið, að útkoman hjá þeim, sem hafa rekið bú með aðkeyptum vinnukrafti, hafi verið negatív tvö síðustu árin.

Það er talið og það er sjálfsagt rétt, að ýmsir, sem hafa haft þennan rekstur, bjargi sér nokkuð með lífdýrasölu. En það er nú ekki endalaust hægt að selja öðrum dýr til að ala. Það var þannig með refaræktina, sem var ærið mikil víða hér á landi fyrir 30—40 árum. A. m. k. var það reynsla í mínu héraði, þar var nokkuð um refabú og meðan menn gátu selt nágrönnum sínum tófur til að ala, þá höfðu þeir sæmilega upp úr þessu. En svo þegar lífdýrasalan var búin, var draumurinn búinn um leið. Þá datt botninn úr þessu öllu. Það var nefnilega ekki hægt að byggja þetta á skinnaframleiðslu og útflutningi refaskinna. Þetta var nú reynslan af þeim atvinnurekstri.

Menn eru að velta vöngum yfir því, hvað sé hægt að gera til þess að auka framleiðslu hér á landi og koma upp atvinnugreinum, sem geti skilað ágóða fyrir þjóðina. Þetta er eðlilegt. En við höfum hér mikla möguleika, sem ekki hafa verið notaðir nema að litlu leyti. Það er talað um það núna og verið að undirbúa það að fullvinna að miklu leyti íslenzkar kindagærur, og ég get nú búizt við því, að þegar svo er komið, verði varanlegri markaður fyrir pelsa úr íslenzkum sauðskinnum heldur en úr minkaskinnum.

Ég vil nefna fleira, sem við ættum að sýna meiri áhuga heldur en minkarækinni. Það er vitað mál, að æðarvarp hefur verið í afturför hér á landi undanfarið. Útflutningur á æðardún er langtum minni nú í seinni tíð heldur en áður var. Það er einnig ljóst, að það er hægt að stórauka æðarvarpið, ef menn leggja sig fram við það. Það er áreiðanlega víðar hægt en á Mýrum í Dýrafirði að auka æðarvarpið.

Æðarfugl eða minkur. Ég verð að biðja afsökunar á, að ég nefni þetta tvennt í sömu andránni. Ég veit, að það er syndsamlegt, annars vegar þessi dásamlegi fugl og hins vegar þetta óargadýr.

Þá er það líka vitað mál, að það er hægt að stórauka fiskirækt í ám og vötnum. En þarna er minkurinn skaðvaldur eins og á fleiri sviðum. Og það þarf engar áætlanir eða ágizkanir um þetta. Það er alveg öruggt, að þetta hvort tveggja, æðarvarpið og fiskirækt í ám og vötnum, gefur mikinn arð, öruggan arð. Það er alveg fullvíst. En það er engin vissa með minkinn, ekki nokkur. Og meira að segja einn af áhugamönnum um framgang þessa frv., sem var að tala hér í dag, hv. 3. þm. Sunnl., dró í efa — eða hann sagði, að það yrði nú kannske ekki mikill ágóði af þessu fyrir Íslendinga, því að þeir mundu þurfa að fá erlenda menn til þess að annast uppeldi þessara dýra fyrir sig. En það þarf enga útlendinga til þess að auka æðarvarpið hér á landi og ekki heldur fiskirækt í ám og vötnum. Og það getur allt farið í vasa Íslendinga, sem af því kemur.

Auðvitað sleppa minkar hér, ef þeir verða fluttir inn, eins og þeir gerðu í gamla daga og eins og þeir gera í okkar nágrannalöndum. Þeir sleppa og ganga um eyðileggjandi fugla og fiska. Þeir munu tjóni valda, miklu tjóni á fuglalífi og dýrmætum fiskastofni í ám og vötnum. Ég tel það ákaflega misráðið að samþykkja þetta frv. og mun því greiða atkv. með hinni rökst. dagskrá á þskj. 699.

Friðjón Þórðarson: Herra forseti. Við höfum nú fengið að hlusta á langar rökræður, bæði með og móti þessu frv. til l. um loðdýrarækt, og ætla ég ekki að bæta miklu þar við, aðeins gera með örfáum orðum grein fyrir minni afstöðu. Hún er sú, að ég er stuðningsmaður þessa frv., bæði af því, að loðskinnaverzlun er ævaforn

og ábatasöm atvinnugrein, eins og fram kemur í grg. frv. og engin ástæða til annars en hún geti orðið það einnig nú á okkar dögum. En í öðru lagi — og það er kannske aðalatriðið, — að minkurinn er þegar orðinn útbreiddur sem villidýr og ekki séð, að útrýming hans verði a. m. k. á næstu árum eða áratugum. En einmitt af þessari ástæðu verð ég að taka það fram, að ég er andvígur því, að minkarækt sé leyfð í Vestmannaeyjum, ekki vegna þess, að ég geti ekki unnt Vestmannaeyingum að njóta arðsemi af minkarækt, heldur vegna þess, að eyjarnar eru fugla- og fiskaparadís, en ósnortnar af þessu vargdýri. Ég verð að láta þetta koma fram, af því að ég meina það.

Og ég skal líka geta þess, að enda þótt minkarækt verði leyfð, má í engu slaka á útrýmingu villiminksins. Þess vegna teldi ég það einnig koma mjög vel til athugunar að skattleggja minkabúin og verja því fé til frekari útrýmingar villiminksins. Ég tel, að í 6. gr. frv. sé allvel um hnútana búið. Þar er það landbrn., sem veitir leyfi til þess að stofnsetja loðdýrabú með ýmsum skilyrðum. Ég álít, að það ætti heldur að veita færri leyfi en fleiri, fara gætilega í sakirnar, a. m. k. fyrst í stað, búa vel um hnútana, en að því fullnægðu sé ég ekki annað en þetta geti orðið til þess að auka fjölbreytni atvinnulífs okkar. Hitt er svo annað mál, að áhætta í atvinnurekstri, þessum sem öðrum, verður aldrei umflúin.

Birgir Kjaran: Herra forseti. Það voru nokkur atriði í ræðu hv. 3. þm. Sunnl., sem gefa mér tilefni til að svara í fáum orðum. Hann gat þess, að einustu rökin, sem ég hefði fært fram gegn minkaeldinu, væru þau, að minkaeldi hefði mistekizt hér á landi fyrir aldarfjórðungi síðan, þegar það var reynt. Ég held nú, að a. m. k. þeim þm., sem á mál mitt hlýddu, hljóti að vera það ljóst, að hér er ekki með rétt mál farið, því að ég færði ýmis og mörg önnur rök fyrir þessu máli. Hann gat þess, og áttu víst að teljast stoðir, sem rynnu undir þetta frv., að einhvern tíma í fyrndinni hefði verið gerð tveggja ára misheppnuð tilraun með einhverja tegund þorskveiða, trúlega við Vestmannaeyjar, en það hefði ekki þótt skera úr og síðar hefði betur tekizt til. Ég verð nú að segja alveg eins og er, að mér finnst aldarfjórðungur allmikill reynslutími og ólíkur til að jafna en tveimur árum. Ég fullyrði því, að þessi rök standa enn í gildi, því að mér vitanlega hafa aðstæður ekki breytzt hér á landi, svo að minni hætta sé af minkaeldi eða að minkurinn geti orðið sá skaðvaldur, sem hann hefur reynzt, en áður var.

Þá voru nokkur önnur atriði, sem ég tel, að leiðréttingar þurfi við. Ég gat ekki betur skilið og trúi, að ég hermi rétt, að nefndur þm. taldi, að Ísland væri sérstaklega hagstætt til minkaeldis. Þessu er nú því miður ekki þannig varið, því að Ísland er einmitt að mörgu leyti fremur illa sett og verr sett en önnur lönd, nema kannske hvað fóður dýranna snertir, því að loftslag hér er yfirleitt, a. m. k. í mörgum landshlutum, mjög rakt og rakara heldur en henta þykir, þar sem minkarækt er rekin með góðum árangri, enda hefur þetta glögglega komið í ljós og kom í ljós á sínum tíma, að íslenzku minkaskinnin voru alla tíð gæðarýrari heldur en t. d. þau grænlenzku.

Þm. nefndi, að það ætti að vera skaðlaust að leyfa mönnum að skoða málið o. s. frv. Hér er ekki verið að ræða um að skoða neitt mál. Hér er verið að ræða um að leyfa minkaeldi, en ekkert að íhuga frekar, hvort það sé úr þessu æskilegt að breyta þeirri löggjöf, sem taldi minkaeldi ekki rétt. Og hann sagði, ef ég man rétt, að honum fyndist ekki nema sanngjarnt að leyfa þeim, sem það vildu, að hætta sínum eigin fjármunum í þessa tilraun. Þetta er bara ekki neitt einkamál. Það er ekki aðeins áhætta þessara einstaklinga með þeirra fjárhag og fjármál, heldur er þetta mál, sem snertir landið, sem snertir náttúru landsins og þar af leiðandi snertir þjóðina alla og ekki eingöngu og sízt af öllu fyrst og fremst peningamál eða einkamál nokkurra manna, sem kynnu að vilja leggja í þennan áhætturekstur.

Þá skildist mér og, að hann teldi þessa atvinnugrein vera nokkuð árvissa og kannske öðrum fremur og væri það nú í okkar landi, sem svo mjög er háð kenjum náttúru og sveiflum verðlags, til bóta. Þessu er þó ekki þannig varið. Minkaskinn hafa að vísu stundum í nokkur ár verið verðtraust, en þó er það þannig, að þarna getur skeð verðhrun, og man ég ekki réttara en það, að slíkt eða töluvert verðhrun og tilfinnanlegt þeim, sem þessa verzlun stunda, hafi átt sér stað fyrir fáum árum síðan, mig minnir einhvern tíma eftir 1960, þó að ég kunni ekki alveg með ártalið að fara.

Varðandi hundaæðið, sem ég gat um hér áðan og honum virtist koma ókunnuglega fyrir, þá hef ég minn fróðleik bæði úr erlendum ritum um þetta og sömuleiðis af viðtölum við yfirdýralækni, Pál A. Pálsson, og efast ég ekki um, að hann gæti gefið honum gagnmerkar og góðar upplýsingar um það mál. Hvort þessa sjúkdóms, sem þykir illkynjaður og hvimleiður, hefur orðið vart í öðrum löndum, þar sem þetta hefur verið, þá get ég upplýst það, að svo hefur verið og verið til tjóns, en þó að það sé slæmt í þeim löndum, þar sem hundar eru að mestu leyti aðeins hafðir sem kjölturakkar og til skemmtunar, þá held ég, að það sé tvímælalaust hættumeira í landi, þar sem íslenzki hundurinn er verðmætt dýr við búrekstur, þar sem sauðfjárrækt er rekin.

Ég ætla ekki að orðlengja þetta, en vil árétta það, að ég tel, að hér sé á ferðinni mikið alvörumál, þar sem menn megi ekki hugsa um einhverja augnabliks ímyndaða stundarhagsmuni, heldur verði að hugsa um framtíðina og íslenzka náttúru og varðveizlu hennar.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 94. fundi í Nd., 13. maí, var fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.

Rökst. dagskrá á þskj. 699 felld með 24:16 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: EðS, EystJ, JJ, HV, RA, LJós, MK, SE, SkG, SV, VH, ÞÞ, ÁÞ, BGr, ÞK, BGuðm.

nei: BP, USt, EmJ, FÞ, GeirG, GuðlG, ÓL, GÞG, HS, IngJ, IG, JóhH, JSk, JP, MB, MÁM, ÞB, PS, SI, SP, EKJ, BF, BBen, SB.

1. gr. samþ. með 23:12 atkv.

2.—13. gr. samþ. með 23:10 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 24:11 atkv.

Á 95. fundi í Nd., 16. maí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 403, 763).

Benedikt Gröndal: Herra forseti. Við atkvgr. við 2. umr. um frv. um loðdýrarækt kom í ljós, að í þessari hv. d. er mjög sterkur meiri hl., sem vill, að frv. verði að lögum. Ég mun því ekki halda áfram almennum umr. um grundvallaratriði málsins hér við 3. umr., en vil aðeins leyfa mér að hreyfa einu atriði í sambandi við 4. gr. frv.

Eftir mjög dýrkeypta reynslu hafa Íslendingar undanfarna áratugi verið afar varkárir í sambandi við allt það, sem leitt gæti til þess, að dýrasjúkdómar berist hingað til lands. Alþ. hefur gengið fram fyrir skjöldu og sett við hvert tækifæri löggjöf, sem hefur borið það með sér, að þingið vill, að í þessum efnum sé gætt allrar þeirrar varðúðar, sem hugsanleg er til þess að forðast það, að hingað berist sjúkdómar utanlands frá, sem ástæða er til að ætla, að náttúra Íslands sé mjög veik fyrir vegna einangrunar um aldir. Sem dæmi get ég nefnt l. um innflutning búfjár. Í 1. gr. þeirra standa þessi orð:

„Bannað er að flytja til landsins hvers konar dýr, tamin og villt", o. s. frv. Þó segir síðar í gr., að landbrh. geti vikið frá banni þessu, ef þar til greind skilyrði eru uppfyllt.

Í 2. gr. segir: „Landbrh. getur þó því aðeins notað heimild 1. gr. þessara laga, að stjórn Búnaðarfélags Íslands mæli með því og yfirdýralæknir samþykki innflutninginn."

Nú er 4. gr. í frv. um loðdýrarækt að vissu leyti um sama efni og 1. og 2. gr. l. um innflutning búfjár. En þó er þarna örlítið misræmi, og gengur loðdýraræktarfrv. skemmra heldur en hin eldri lög um innflutning búfjár. Skal ég ekki segja, hvernig dómstólar eða aðrir mundu úrskurða, ef til þeirra kæmi, hvor l. ættu að gilda. Til þess að taka af allan vafa um þetta, höfum við fjórir þm. flutt á þskj. 763 till. um það, að síðasta mgr. 4. gr. verði orðuð þannig: „Innflutningsleyfi fyrir loðdýrum má aðeins veita að fengnu samþykki yfirdýralæknis."

Ef þessi till. yrði samþykkt, kæmist á samræmi við l. um innflutning búfjár, og þá hygg ég, að þessi hv. þd. hefði gert það í verki, sem fram kom í ræðum flestra þeirra, sem töluðu fyrir þessu frv., að þeir væru opnir fyrir hvers konar ráðstöfunum, sem gera þyrfti til þess, að ekki hlytist neinn skaði af loðdýrarækt, ef til hennar kemur, og þeir vildu mjög gjarnan stuðla að hvers konar ráðstöfunum, sem gætu leitt til þess, að sem tryggilegast væri um þessa hnúta búið. Ég vil því vænta þess, að hinn sterki og óvænti meiri hl., sem vill afgreiða þetta mál, vilji ganga til móts við minni hl. um það eitt, að þarna verði samræmi og í þessum l. verði ekki slakað á ákvæðum í sambandi við hugsanlega sýkingarhættu, heldur verði þau höfð eins og þau eru í hinum eldri l. um innflutning búfjár. Það er sérstök ástæða til þess að slaka ekki á þessu atriði vegna þess, að það er upplýst, að í minkastofni ýmissa nágrannalanda okkar er nú fyrir hendi sýkingarhætta og það er hætta, sem ég tel, að við verðum að reyna að forðast, hvað sem á dynur, að berist hingað til lands okkur til mikils tjóns. Ég vil því fara fram á það við hv. d., að hún taki vel þessari litlu brtt. og samþykki hana.

Birgir Kjaran: Herra forseti. Þar sem mál þetta verður nú trúlega afgreitt úr d., vil ég þó leyfa mér að fara fáeinum orðum um það til viðbótar því, sem ég hef áður sagt.

Ég hef fyrr í þessum umr. bent á þá miklu hættu, sem fylgt getur innflutningi búfjár, og talið, að við ættum að draga nokkurn lærdóm af því og að aldrei sé yfirleitt of varlega farið í þessum efnum. Einn þm., hv. 3. þm. Sunnl., hefur viljað gera lítið úr þessari reynslu okkar. Ég held því hins vegar fram, að vítin séu til þess að varast þau. Í þessu sambandi vil ég t. d. nefna mæðiveiki, sem hingað barst til landsins með karakúlfénu 1933 og herjað hefur landið í 35 ár og kostað ríkið beint í mæðiveikivarnir um 200 millj. kr., og þó mun meira, ef allt óbeint tjón bænda og þjóðarinnar allrar yrði reiknað þar til peningavirðis. Um kostnað af eyðingu minka er það að segja, að hann er áætlaður, beinn kostnaður ríkisins á þeim árum, sem sú starfsemi hefur verið rekin, nær 15 millj. kr. og þar við bætist auðvitað geysilegt þjóðartjón eða tjón, sem bændur sjálfir hafa orðið fyrir og ekki fengið bætt við búpeningstjón. Þessi faraldur er mjög mikill eins og menn mega bezt marka af því, að á ári hverju er nú eytt um 3000 yrðlingum og sér þó ekki neitt lát á, þannig að viðkoman minnki. Ég álít, að þessar tölur tali sínu máli og sé reynsla, sem vert sé að hafa hugfasta, þegar nú er verið að taka ákvörðun um það, hvort eigi á ný að gera enn eina tilraun til innflutnings á því spendýri, sem við höfum haft jafnömurlega reynslu af og minkurinn er. Mér er spurn, finnst mönnum virkilega ekki mæðiveikin og minkaplágan vera nægilega dýr lexía til þess að rasa nú ekki um ráð fram, — blindaðir af einhverjum ímyndunargróða?

Þeir, sem fluttu inn karakúlfé á sínum tíma, voru grandalausir, þótt sumir hefðu raunar aðvarað þá. Þeir, sem fluttu inn fyrstu minkana, gerðu það og í góðri trú. En við höfum reynsluna og getum því ekki skotið okkur undir góða trú og ókunnugleik. Við höfum sjálfir reynsluna og við höfum þessa reynslu manna hvarvetna, þar sem minkaeldi hefur verið rekið. Við vitum, að því fylgir gífurleg — glæfraleg áhætta, vil ég segja, hætta á óbætanlegum náttúruspjöllum og á hinn bóginn vafasamur peningahagnaður. Þjóðin og landið hafa ekki efni á slíku fjárhættuspili að mínu viti.

Kannske er þm. þetta allt saman fullljóst, en vilja samt taka á sig áhættuna. Ég vil hins vegar ekki taka á mig slíka áhættu. Það kann að vera, að spár mínar reynist rangar, og mundi ég aðeins gleðjast yfir því sökum þess, að aðvaranir mínar eru ekki sprottnar af neinni sérvizku eða meinsemi í garð þeirra manna, sem trú hafa á minkaeldi, eða annarra, sem hug hafa á að auka fjölbreytni atvinnuvega landsmanna, — síður en svo og þvert á móti. Ég óttast hins vegar, að ef minkurinn eyðileggur — við skulum segja fuglalíf Heimaeyjar í Vestmannaeyjum, mundi það draga úr nýjum atvinnuvegi þar, straumi ferðamanna til Eyjanna, sem þar er orðinn verulegur tekjustofn, sem fer vaxandi

sökum þess, hve Vestmannaeyjar eru sérstætt og fagurt land og ekki sízt vegna hins fjölskrúðuga fuglalífs, sem þar er fyrir hendi.

Við flm. þessarar brtt., sem er á þskj. 763 og gerð hefur verið grein fyrir, teljum það lágmarkskröfu, að ekki sé linað á því eftirliti, sem nú er með innflutningi dýra til landsins. Og við teljum ekki, að það eigi að gilda neinar sérstakar reglur öðrum fremur um minkinn en önnur spendýr. En eins og nú er, er gert ráð fyrir því, að leita þurfi samþykkis yfirdýralæknis til þess, að heimilaður sé innflutningur dýra. En með þessu frv. er slakað svo mjög á, að nú er aðeins þörf umsagnar hans. Mér dettur ekki í hug, að nokkur þm. treysti ekki dýralækninum, yfirdýralækni Íslands, sem ég hef aldrei heyrt annað en væri mætur embættismaður og kynni sitt fag, til þess að vera sá ráðgjafi í þessum málum, sem úrslitaáhrif eigi að hafa, eins og verið hefur. Ég get heldur ekki séð, hvaða rök hníga undir það, að minkurinn eigi að setjast á eitthvað og sérstakt plan æðra en önnur spendýr hafa. Ég vona því, að þm., þótt þá greini á, hvort haft skuli minkaeldi eða ekki í landinu, geti fallizt á þessa hóflegu brtt., sem við hér flytjum og aðeins á að viðhalda því fyrirkomulagi, sem verið hefur, að leitað sé til kunnáttumanna í þessum efnum, og hann er talinn beztur, yfirdýralæknir landsins.

ATKVGR.

Brtt. 763 felld með 21:15 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: BK, BGuðm, EystJ, JJ, RJ, LJós, MK, SE, SkG, SV, SP, VH, ÞÞ, ÁÞ, BGr.

nei: BBen, USt, EmJ, FÞ, GeirG, GuðlG, ÓL, GÞG, HS, IG, JóhH, JSk, JP, MB, MÁM, ÞB, PS, SI, EKJ, BF, SB.

4 þm. (BP, EðS, HV, RA) fjarstaddir.

Frv. samþ. með 21:11 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 797).

86. Húsnæðismálastofnun ríkisins (frv. EÁ og BFB).

Á 80. fundi í Ed., 29. apríl, var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 21 27. apríl 1968, um breyt. á l. nr. 19 10. maí 1965, um Húsnæðismálastofnun ríkisins [239. mál] (þmfrv., A. 569).

Á 84. fundi í Ed., 2. maí, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 85. fundi í Ed., 5. maí, var frv. aftur tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 12 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Einar Ágústsson): Herra forseti. Hér er um örlitla breytingu að ræða á l. um Húsnæðismálastofnun ríkisins, að því er varðar útlán. Ég vil geta þess til skýringar, að enda þótt hér séu sömu flm. og fluttu það frv., sem áðan var mælt fyrir, þá eru hér mjög ólíkir þættir húsnæðismálalöggjafarinnar á ferðinni, annars vegar nýmæli til að afla fjár, eins og hv. 4. þm. Sunnl. var að enda við að gera grein fyrir, og hins vegar hér örlítil breyting á útlánareglum stofnunarinnar, sem okkur fannst engan veginn passa saman að hafa í einu frv. Hér er um það að ræða í þessu máli, að með l. frá 1968 nr. 21 var húsnæðismálastjórn heimilað að veita lán, meðan á byggingartímanum stendur, til byggingarmeistara og byggingarfyrirtækja, er byggja íbúðir, sem fyrirhugað er að selja fullgerðar til einstaklinga, sem fullnægja útlánareglum húsnæðismálastjórnar, en þessi lán skiptast síðar milli væntanlegra íbúðarkaupenda. Þessi lagabreyting var gerð að frumkvæði hæstv. ríkisstj. fyrir um það bil ári síðan og átti að skapa fjárhagslegan grundvöll fyrir framleiðslu félagsmanna í félagi byggingarmeistara í Reykjavík á sem hagkvæmastan hátt og í samkeppni við önnur félagssamtök, þannig að öryggi framleiðendanna og íbúðarkaupenda verði sem bezt tryggt, svo að vitnað sé til orða hv. frsm. fyrir þessari brtt., þegar hún var rædd hér á hv. Alþ. fyrir einu ári síðan, eins og ég áðan sagði.

Það mun hafa komið fram þá enn fremur, að þessi brtt. var flutt til þess að koma til móts við óskir byggingarmeistaranna, en þeir töldu, að með lagasetningunni um framkvæmdaáætlunina í Breiðholti hefði hið opinbera gert þeirra hlut erfiðari en verið hefði, og það þótti sanngjarnt að koma þannig til móts við þá, og þetta var hér samþ., að ég held, samhljóða. Það hefur líka vafalaust verið full þörf á þessari ráðstöfun á sínum tíma til þess að ráða bót á fjármagnsskorti þessara byggingaraðila, en byggingarkostnaður hefur hækkað hér mjög á undanförnum verðþensluárum, eins og óþarfi er að endurtaka hér að þessu sinni.

Þegar þetta frv. var til meðferðar hér á sínum tíma, lét ég þau orð falla í umr. um málið, að ég teldi þetta horfa til bóta og ég treysti því, að byggingarsamvinnufélögin mundu verða talin byggingarfyrirtæki í þessu sambandi og þau mundu þess vegna njóta sams konar fyrirgreiðslu og aðrir þeir, sem byggja íbúðir til sölu fullgerðar. En eftir því, sem mér er tjáð, hefur framkvæmdin ekki orðið þannig, og byggingarsamvinnufélögin hafa setið við miklu lakara borð en aðrir aðilar, sem hér um ræðir. Það tel ég fullkomna óhæfu, og þess vegna er þetta frv. flutt til þess að tryggja það, að byggingarsamvinnufélögin njóti sams konar fyrirgreiðslu. Það er kunnara en svo, að rekja þurfi hér, að löggjöfin um byggingarsamvinnufélögin, sem var merkt nýmæli á sínum tíma, er lítið annað orðið en dauður bókstafur, þar sem forsendur þess, að þau geti keppt við samkeppnisaðila sína, vantar, þ. e. að fjármagn sé fyrir hendi, því að það er enginn aðili, sem telur sér skylt að kaupa þau ríkistryggðu skuldabréf, sem byggingarsamvinnufélögin eiga rétt á að selja, og þess vegna hafa þau vel flest lent í miklum fjárhagsörðugleikum. Því hefur margoft verið lofað af opinberri hálfu, að fram skyldi fara gagnger endurskoðun á lagafyrirmælum öllum, sem varða byggingarmálin, og í þessu sambandi vil ég rifja það upp með örfáum orðum, að í febrúarmánuði 1968 var frv. frá mér og hv. 3. þm. Norðurl. v. um nokkrar lagfæringar á málefnum byggingarsamvinnufélaganna vísað til hæstv. ríkisstj. til þess, að það gæti orðið samferða öðrum þáttum þessa

máls í þeirri heildarendurskoðun, sem svo lengi hefur verið lofað. Og til þess að undirstrika það, að byggingarsamvinnufélögin skyldu tekin til endurskoðunar, þá sagði hæstv. félmrh. það í áðurnefndum umr. um það mál, sem ég er hér að gera að umtalsefni, að hann hefði þá nýverið — þetta var í apríl 1968 — skrifað þeirri n., sem endurskoðunina hefur með höndum — það mun vera Húsnæðismálastofnunin eða stjórn hennar eða einhverjir aðilar þar — bréf, þar sem það var undirstrikað að gefnu tilefni, að þessi marglofaða heildarendurskoðun skyldi ná til byggingarsamvinnufélaganna. Nú hafa verið gerðar fsp. hér í vetur um það, hvað þessari endurskoðun liði, og við því hefur aldrei fengizt neitt svar, og það mun mála sannast, að hún gangi ekkert. Það er því mjög óvíst, hvort nokkur telur sig vera að starfa að þessari endurskoðun. Síðast þegar spurt var um þetta fyrir s. l. áramót, voru einu svör hæstv. félmrh. þau, að það væri verið að athuga það, hvort ekki væri hægt að útvega nýtt fjármagn handa byggingarsjóði og annað ekki. En það er alls ekki það fyrst og fremst, sem þessi endurskoðun átti að lúta að, heldur hitt, að hún átti að athuga öll þau lagafyrirmæli, sem um þessi mál fjalla.

Meðan ekkert bólar á þessari endurskoðun hinnar þýðingarmiklu löggjafar um húsnæðismálin, teljum við flm. þessa frv. það algera lágmarkskröfu, að öll tvímæli séu tekin af um það, að byggingarsamvinnufélögin sitji við sama borð og aðrir, að því er varðar þá takmörkuðu fjárhagsaðstoð, sem hið opinbera lætur í té til húsbygginga. Þess vegna höfum við borið fram þetta frv., þar sem orðinu „byggingarsamvinnufélög" er bætt við í upptalningu þeirra aðila, sem húsnæðismálastjórn er heimilt, meðan á byggingartíma stendur, að veita lán til, þ. e. þeirra aðila, sem byggja íbúðir, sem fyrirhugað er að selja fullgerðar til einstaklinga, sem fullnægja útlánareglum húsnæðismálastjórnar. Og ég satt að segja vænti þess, að hv. d. geri sitt til þess, að þetta frv. geti orðið að l. á þessu þingi, þótt það sé nokkuð seint fram borið, en ástæða þess er fyrst og fremst sú, sem ég áðan lýsti, að menn höfðu í lengstu lög vænzt þess, að byggingarsamvinnufélögin yrðu látin sitja við sama borð og aðrir í þessu efni, en nú er sýnt, að svo er ekki.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 12 shlj. atkv.

Á 89. fundi í Ed., 9. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 569, n. 672).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 16 shlj. atkv.

Frsm. (Jón Þorsteinsson): Herra forseti. Með l. nr. 21 frá 1968 var sú breyt. gerð á l. um Húsnæðismálastofnun ríkisins, að húsnæðismálastjórn var heimilað, á meðan á byggingartíma stæði, að veita lán til byggingarmeistara og byggingarfyrirtækja, er byggja íbúðir, sem fyrirhugað er að selja fullgerðar til einstaklinga, sem fullnægja útlánareglum húsnæðismálastjórnar, en lán þessi skulu síðar skiptast milli væntanlegra íbúðakaupenda. Í þessu frv. felst breyt. á þessum l., sem sett voru 1968, og breyt. er einvörðungu sú að bæta inn í þetta ákvæði byggingarsamvinnufélögum, þannig að þessi sérstaka lánaheimild sé ekki eingöngu veitt byggingarmeisturum og byggingarfyrirtækjum, heldur einnig byggingarsamvinnufélögum. Ég hygg, að þegar þessi breyt. var gerð, þá hafi það verið skilningur manna, að undir hugtakið byggingarfyrirtæki gæti byggingarsamvinnufélag fallið, en það kann að vera, að einhver fyrirstaða hafi orðið á að skilja þetta svo af hálfu húsnæðismálastjórnar og veðdeildar Landsbankans, og er þá sjálfsagt að bæta úr því og taka af allan vafa um það og bæta því byggingarsamvinnufélögum hér inn, eins og lagt er til í þessu frv. Þessu frv. var vísað til heilbr.- og félmn., og athugaði n. þetta mál og mælir einróma með því, að þetta frv. verði samþ., eins og fram kemur í nál. á þskj. 672.

Félmrh. (Eggert G. Þorsteinsson): Herra forseti. Ég kem ekki hérna upp til þess að andmæla í einu né neinu þeirri ákvörðun heilbr.- og félmn. að mæla með samþykkt þessa frv. Ég hef verið spurður álits á því í stöðvum húsnæðismálastjórnar, hvort undir þessa gr., eins og hún er nú, flokkist ekki byggingarsamvinnufélög, og ég hef óhikað sagt, að það hafi verið skilningur minn allan þann tíma, sem það tók að koma þessu máli í gegnum þingið á sínum tíma, en ef einhverjar brigður eru á þetta bornar, þá tel ég eðlilegt, að hreinlega sé úr því skorið og vilji þingsins komi í því efni í ljós. En ég vil aðeins koma því hér á framfæri, að þetta hefur verið skilningur rn. og við höfum talið hægt að framkvæma þetta. En ég sé ekki annað en það sé til bóta að kveða skýrar á um þetta, ef einhverjir eru, sem kynnu að bera á það brigður.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 17 shlj. atkv

Á 91. fundi í Ed., 12. maí, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 17 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 93. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.

Á 94. fundi í Nd., 13. maí, var frv. tekið til 1. umr.

Ingvar Gíslason: Herra forseti. Mig langar aðeins að minnast á þetta frv., sem flutt var í Ed. af tveimur hv. þm., Einari Ágústssyni og Birni Fr. Björnssyni. Þetta frv. fékk mjög greiðan gang gegnum hv. Ed. og er nú hér til 1. umr. En eins og segir í grg., var húsnæðismálastjórn heimilað með l. frá 27. apríl 1968 að veita lán, meðan á byggingartíma stendur, til byggingarmeistara og byggingarfyrirtækja, sem byggja íbúðir, sem fyrirhugað er að selja fullgerðar til einstaklinga,

sem fullnægja útlánareglum húsnæðismálastjórnar, en þessi lán skyldu síðan skiptast milli væntanlegra íbúðakaupenda. En flm. benda á, að eðlilegt hefði verið, að byggingarsamvinnufélögin nytu þessa réttar einnig. Um það fjallar þetta frv.

Ég vænti þess, herra forseti, að þetta frv. gangi til n. Eðlilegast er, að það gangi til heilbr.- og félmn. eins og önnur frv., sem fjalla um málefni Húsnæðismálastofnunar, og jafnframt, að því verði vísað til 2. umr.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 28 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 28 shlj. atkv.

Á 96. fundi í Nd., 17. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 569, n. 787).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 28 shlj. atkv.

Frsm. (Jón Skaftason): Herra forseti. Heilbr.- og félmn. hefur rætt frv. til l. um breyt. á l. nr. 21 27. apríl 1968, um breyt. á l. nr. 19 10 maí 1965, um Húsnæðismálastofnun ríkisins. Frv. þetta er komið frá Ed. og var samþ. þar shlj. Nm. í heilbr.- og félmn. Nd. eru sammála um það að mæla með því, að frv. verði samþ. óbreytt, eins og það kom til d.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 28 shlj. atkv.

Á 97. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 33 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 32 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 811).

Önnur mál.

I. Almennar stjórnmálaumræður.

Á 51. fundi í Sþ., 14. maí, voru teknar á dagskrá:
Almennar stjórnmálaumræður (útvarpsumr.).

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Góðir hlustendur. Sjaldan hefur ástandið í atvinnu- og efnahagsmálum þjóðarinnar verið eins alvarlegt og það er nú. Það er sama, hvert litið er, alls staðar blasa við hrikaleg vandamál, stærri og erfiðari en oftast áður. Tvær gengislækkanir hafa dunið yfir með tæplega ársmillibili, erlendur gjaldeyrir hefur hækkað í verði um 104% og síðan hafa eðlilega orðið stórfelldar verðlagshækkanir innanlands og mikil röskun á efnahagskerfinu. Afleiðingarnar hafa orðið verkföll og verkbönn eða framleiðslustöðvanir, stórkostlegur samdráttur hefur orðið í öllum framkvæmdum landsmanna, og segja má, að íbúðarhúsabyggingar hafi að mestu stöðvazt. Afleiðingar þessa hafa m. a. komið fram í stórminnkandi atvinnu og skertum lífskjörum. Á s. l. vetri voru skráðir atvinnuleysingjar orðnir 6 þús., og var þar um að ræða fólk úr flestum atvinnugreinum og fólk um allt land. Skuldir þjóðarinnar við útlönd hafa hækkað gífurlega, og er nú svo komið, að árlegar afborganir og vextir af þeim nema orðið jafnhárri fjárhæð og allt andvirði frystra fiskafurða landsmanna á heilu ári. Og mitt í öllum þessum vanda stendur ríkisstj. enn í dag í styrjöld við allt launafólk í landinu og krefst þess, að það taki á sig til viðbótar við minnkandi atvinnu 20% skerðingu á launakjörum. Laun hér á landi eru þó þegar orðin miklu lægri, þegar miðað er við sambærilegan vinnutíma, en í öllum nálægum löndum, og í flestum greinum munu laun hér vera orðin helmingi lægri en t. d. í Noregi og Danmörku.

Afleiðingar hinnar háskalegu stefnu, sem ríkisstj. stritast enn við að halda fram í efnahagsmálum, verða þær, að fleiri og fleiri gefast beinlínis upp, flýja land og leita sér atvinnu í öðrum löndum. Af þeim ástæðum berast nú þær óhugnanlegu fréttir, að fjölmennir atvinnuhópar hafi ráðið sig til Svíþjóðar, til Danmerkur, til Færeyja, jafnvel til Grænlands og til enn annarra landa.

Efnahagsmálastefna ríkisstj. hefur í ýmsum greinum einkennzt af kollsteypum. Núv. stjórnarflokkar hafa fjórum sinnum fellt gengi krónunnar. Þeir hafa ýmist bannað með lögum vísitölugreiðslur á laun eða samið við samtök launafólks um að taka þær upp að nýju. Fyrir nokkrum árum hélt ríkisstj. því fram, að réttast og hagkvæmast væri að gefa alla verzlunarálagningu frjálsa, og þá var álagning hækkuð á flestum vörum. Síðan snarskipti stjórnin um stefnu í þessum efnum og setti allar vörur undir verðlagsákvörðun, og nú eru stjórnarherrarnir byrjaðir aftur að boða frjálsa verzlunarálagningu. Stundum hefur ríkisstj. talið, að flest illt stafaði af styrkjum og uppbótargreiðslum, en í annan tíma hefur hún beinlínis hrúgað upp slíku styrkja- og uppbótakerfi. Þannig hafa kollsteypurnar verið.

Í vissum málum hefur ríkisstj. þó haldið sér furðulega fast við sömu stefnuna allt samstarfstímabil núv. stjórnarfl. s. l. 10 ár. Þannig hefur hún allan tímann haldið fast við þá stefnu að eiga í sífelldum deilum við launafólk í landinu. Stjórnarflokkarnir hafa hvað eftir annað bannað verkföll með lögum. Þeir hafa lögbundið kaup einstakra vinnustétta og þeir hafa með lögum riftað löglega gerðum kaupsamningum verkafólks og vinnuveitenda. Stefna stjórnarflokkanna hefur líka verið óbreytt allan tímann gagnvart undirstöðuatvinnuvegum landsmanna. Þar hefur stefna trúleysis á íslenzka atvinnuvegi, stefna vanmats á möguleikum íslenzkrar framleiðslu, verið allsráðandi. En jafnframt hefur ríkisstj. dekrað við stétt kaupsýslumanna og milliliða, og í atvinnulegum efnum hefur hún sett allt sitt traust á erlend stórfyrirtæki.

Ríkisstj. reynir nú, þegar öllum er orðið ljóst, að stefna hennar í atvinnu- og fjárhagsmálum hefur beðið algjört skipbrot og öngþveiti blasir við, hvert sem litið er, að afsaka, hvernig komið er með því, að sjávarafli hafi minnkað tvö undanfarin ár og verðlag á erlendum mörkuðum hafi fallið mikið. Þær afsakanir skýra á engan hátt það ömurlega og alvarlega ástand, sem ekki verður lengur dulið fyrir neinum, sem opin hefur augun. Nokkur minnkun fiskafla frá metveiði og nokkur lækkun verðlags frá hæsta verði hefur auðvitað aukið á erfiðleikana, en skýringarnar á því hörmulega ástandi, sem nú er við að glíma í efnahagsmálum þjóðarinnar, eru allt aðrar. Og eigi nokkur von að vera til, að takast megi að sigrast á vandanum, verður þjóðin öll, þó ekki sízt þeir, sem með völdin fara, að gera sér fulla grein fyrir eðli vandans og þora að horfast í augu við hann og viðurkenna staðreyndir málsins undanbragðalaust, þó að slík viðurkenning kunni að koma óþægilega við nokkra mestu valdamenn landsins.

Vandamálin, sem við er að fást í dag, eins og rekstrarerfiðleikar atvinnuveganna, samdráttur í öllum framkvæmdum, minnkandi atvinna og atvinnuleysi, sílækkandi kaupmáttur launa og síðan verkföll og verkbönn og landflótti, stafa m. a. af því, að í landinu **hefur ríkt algjört skipulagsleysi í fjárfestingar- og framkvæmdamálum** undanfarin ár. Fjármunum þjóðarinnar hefur verið eytt á gáleysislegan hátt. Þannig hefur miklu fé verið eytt í byggingu verzlunar- og skrifstofuhalla, bankastórhýsa og í annað af svipuðu tagi. Verzlanir eru orðnar allt of margar og krefjast svo sífellt hærri og hærri álagningar. Gott dæmi um þessa öfugþróun er að finna í opinberum skýrslum, sem sýna, að á **árunum 1961—1966 námu fjárfestingar við byggingu** verzlunar- og skrifstofuhúsa og hótela svo að segja jafnhárri upphæð og allar fjárfestingar við fiskveiðar landsmanna á sama tímabili. Slík óstjórn hlýtur að segja til sín. Skipulagsleysið á öllum sviðum hefur leitt af sér óhóflegan innflutning á vörum, sem ýmist var hægt að framleiða í landinu sjálfu eða þjóðin gat auðveldlega verið án. Afleiðingar skipulagsleysisins hafa einnig komið fram í ótrúlegri þenslu ríkisbáknsins, en **útgjöld ríkisins hafa margfaldazt á nokkrum** árum. Bílastyrkir og aðrir gæðingastyrkir nema orðið tugum millj. kr. Nýjum og algjörlega óþörfum sendiráðum hefur verið bætt við og stöðugt aukast ríkisútgjöldin til ráðunauta ríkisstj. og nefnda og ráða, sem hún tilnefnir af öllum mögulegum tegundum.

Þessi óstjórnar- og eyðslustefna hefur orðið til þess, að yfirbyggingin í þjóðfélaginu hefur sífellt farið stækkandi og krafizt stærri og stærri hluta af þjóðartekjunum, undirstaðan hefur hins vegar farið minnkandi. Undirstöðuatvinnuvegirnir hafa beinlínis dregizt saman og standa í ýmsum greinum mun veikar nú en **fyrir 10 árum. Þannig hefur togaraflotinn minnkað á** þessum tíma um meira en helming, og svo að segja engin endurnýjun hefur átt sér stað í þeim hluta bátaflotans, sem aðallega hefur aflað hráefnis fyrir fiskiðnaðinn. Afleiðingarnar eru m. a. þær, að framleiðsla frystihúsanna hefur dregizt saman um fullan þriðjung á árunum 1958—1968.

Stefna ríkisstj. í málefnum atvinnuveganna hefur verið algjörlega neikvæð. Stjórnin hefur blátt áfram ekki haft neina stefnu um uppbyggingu og þróun undirstöðuatvinnuvega landsmanna. Hvað hefur ríkisstj. t. d. gert til þess, að togaraflotinn yrði endurnýjaður? Hún hefur ekkert gert. Hvað hefur ríkisstj. gert til þess að endurnýja hina minni fiskibáta? Ekkert. Og hvað hefur hún gert til þess að koma upp fullvinnslu á fiski? Ekkert. Og hvað hefur hún gert til þess að afla nýrra markaða? Ekkert. Hvað hefur ríkisstj. gert til að efla á raunhæfan hátt ísl. iðnað? Hreinlega ekkert. Og hvað hefur hún gert til að skipuleggja landbúnaðarframleiðsluna? **Ekkert. Afleiðingar þessarar skamm**sýnisstefnu birtast þjóðinni í dag í þeim margvíslegu og erfiðu vandamálum, sem blasa við augum svo að segja hvert sem litið er í þjóðlífinu.

Þessa dagana hefur Alþ. verið önnum kafið við að samþ. nýjar, erlendar lántökur fyrir ríkisstj. Nú á t. d. að taka 700 millj. kr. erlent lán til þess að byggja nokkrar breiðgötur út úr höfuðborginni, svo að bílafjöldinn í **Rvk. geti komizt sæmilega klakklaust út úr borginni og** inn í hana aftur á góðviðrisdögum. Ekki amaleg fjárfesting það.

Enn á að taka stórlán erlendis vegna kísilgúrævintýrisins við Mývatn. Sú verksmiðja hefur nú þegar kostað um 300 millj. kr. og enn vantar 300 millj. til viðbótar í stofnkostnað og upp í mikinn, fyrirsjáanlegan taprekstur. Framleiðsla þessa fyrirtækis er svipuð að verðgildi og framleiðsla lítils frystihúss, en beint rekstrartap var s. l. ár 33 millj. kr. Fjárútvegun ríkisins til verksmiðjunnar nemur þó orðið jafnmikilli upphæð og stofnlán til sjávarútvegsins alls á heilu ári.

Erlendar lántökur ríkisins eru nú meiri en nokkru sinni. Nú eru erlend lán tekin til almennra **framkvæmda, t. d. til vegagerðar og atvinnubótaframkvæmda**, og svo eru ný lán tekin til þess að greiða umsamdar afborganir og vexti af eldri lánum. Vandamálin birtast m. a. í því, að nú verður ríkisstj. að leggja til, að stöðvaðar verði næstu 4 árin svo að segja allar nýbyggingar vega um allt land utan næsta nágrennis við höfuðborgina, nema til komi nýr skattur á benzín til viðbótar við það, sem fyrir var.

Heilbrigðismálin hafa verið í sviðsljósinu síðustu daga, en þar blasir við neyðarástand í ýmsum greinum. Í skólamálum er ástandið þannig, að enn skortir mikið á, að nægilegt skólahúsnæði sé til fyrir þá kennslu, sem ákveðin er með lögum. Í húsnæðismálum er um stórfelldan samdrátt að ræða og mjög skortir á, að ríkið geti staðið við skuldbindingar sínar varðandi þau mál. En það, sem alvarlegast er þó af öllu, er það, að atvinnuvegirnir eru lamaðir, atvinnutækin eru í ýmsum greinum gömul og úr sér gengin, við höfum dregizt aftur úr öðrum þjóðum í atvinnulegum efnum og tilfinnanlegt atvinnuleysi er orðið hlutskipti fjölda fólks um allt land. Atvinnuleysið leiðir af sér samdrátt, samdrátt í byggingarframkvæmdum, samdrátt í vörukaupum, samdrátt í tekjum bæjar- og sveitarfélaga, samdrátt í tekjum ríkisins, allsherjar samdrátt og kreppu í öllu hagkerfinu.

Frammi fyrir þessum vanda stöndum við í dag, en hvað gerir ríkisstj.? Hver eru hennar úrræði? Einmitt þessa dagana er skólaæskan að koma úr skólunum, út á vinnumarkaðinn. Að þessu sinni mun sá hópur skólafólks, sem leitar atvinnu, vera um 8 þús. ungmenni. Hvaða möguleikar eru til að koma þessu unga fólki í atvinnu? Ríkisstj. hefur ekkert raunhæft gert. Stefna hennar og úrræðaleysi kemur bezt fram í því, að nú hefur hún lagt fram frv. á Alþ. um atvinnuleysisbætur, um atvinnuleysisbætur handa skólafólki, sem ekki kemst í sumaratvinnu. Þannig eru ráð stjórnarherranna. Og hver er stefna ríkisstj. varðandi eflingu atvinnuvega? Stefna hennar í þeim efnum er öldungis óbreytt frá því, sem verið hefur. Síðustu dagana hefur stjórnin verið að knýja fram á Alþ. lagasetningu um að fella niður með öllu tilskilið framlag ríkissjóðs til Fiskveiðasjóðs Íslands, sem er eini stofnlánasjóður sjávar**útvegsins og býr við mikinn fjárskort. Stjórnin hefur** einnig beitt sér fyrir lagasetningu um lækkun á lög**bundnu framlagi til Aflatryggingasjóðs sjávarútvegs**ins. Og enn er ríkisstj. að knýja fram hækkun á útflutningsgjaldi á sjávarafurðum, þó að útflutningsgjöldin á saltsíld t. d. séu komin upp undir 20%, þegar öll sölugjöld eru talin með.

Viðhorf ríkisstj. til þeirra, sem vinna við undirstöðuframleiðslu þjóðarinnar, kemur einkar skýrt fram í því, að nú er hún að knýja fram löggjöf á Alþ., sem miðar að því að skattleggja alla sjómenn á minnstu fiskibátunum, þ. e. fiskibátum undir 12 rúml. að stærð. Ríkisstj. ætlar að taka af þeim skatt í sérstakan fæðiskostnaðarsjóð, svo að útgerðarmenn stærri bátanna geti greitt hluta af fæðiskostnaði sinna skipverja. Þannig eiga eitt til tvö þús. sjómenn á minnstu bátunum að greiða skatt í fæðiskostnaðarsjóð, en jafnframt á að neita þeim um rétt til að fá greiðslur úr sjóðnum. Þannig meta stjórnarflokkarnir störf þessara sjómanna.

Fálm ríkisstjórnarinnar í atvinnumálunum er ótrúlegt og í rauninni óútskýranlegt. 300 millj. kr., sem áttu að ganga til þess að draga úr atvinnuleysinu í vetur, eru enn ekki komnar í notkun nema að litlu leyti. Sokkabuxnaverksmiðja mun að vísu hafa verið flutt á milli staða með framlagi af þessu fé og einhverjar hliðstæðar björgunaraðgerðir hafa átt sér stað. En ekkert hefur gerzt, sem máli skiptir fyrir atvinnulífið í landinu. Jú, heyrzt hefur, að atvinnumálanefnd ríkisins hafi boðið Reykjavíkurborg 26 millj. kr. af þessu fé til þess að rústberja gömlu togarana, sem legið hafa í Reykjavíkurhöfn og inni á sundum ónotaðir í mörg ár. Borgarstjóranum í Reykjavík mun ekki hafa litizt á þessar atvinnubætur. Og nú hefur verið tilkynnt, að nefnd manna hafi verið send á vegum borgarinnar til Kanada til að kaupa þar eða leigja gamla legutogara þar í landi. Þannig er hin atvinnulega viðreisn þeirra viðreisnarmanna.

Ríkisstj. hefur glatað trausti þjóðarinnar, á því leikur enginn vafi. Þó að stjórninni hafi tekizt að krækja sér í nauman meiri hluta í kosningum fyrir tveimur árum, þá er alveg víst, að í dag mundi hún kolfalla í almennum kosningum. Það, sem stjórnarfl. gátu dulið fyrir þjóðinni fyrir tveimur árum, geta þeir ekki dulið lengur. Stefna þeirra hefur beðið algjört skipbrot. Nú blasa geigvænlegar erlendar skuldir við öllum. Nú sjá allir ríkiseyðslukerfið. Nú verður vanrækslan í atvinnulegri uppbyggingu ekki dulin fyrir neinum. Nú viðurkenna allir, að fjármunum þjóðarinnar hefur verið eytt í heimskulegar fjárfestingar í mörgum greinum og óþarfan innflutning vegna stjórnleysis. Nú er atvinnuleysi orðið hlutskipti þúsunda manna, og nú sjá menn, að stóriðjuævintýri ríkisstj. hafa ýmist verið misráðin og fyrirhyggjulaus eða geta ekki orðið þjóðinni að neinu teljandi gagni. Og nú viðurkennir öll þjóðin, að sú stefna, sem leiðir óhjákvæmilega til síendurtekinna stórátaka við vinnustéttir landsins, sem leiðir til verkfalla og verkbanna og framleiðslustöðvunar, er röng stefna og háskaleg efnahagslegu sjálfstæði þjóðarinnar.

Hugmyndir ríkisstj. um nýjar leiðir út úr vandanum, sem fram hafa komið, eru jafnfráleitar og viðreisnarstefnan sjálf. Það er sannarlega ekki leið út úr ógöngunum, eins og nú er komið, að binda þjóðina verzlunarlegum og pólitískum skuldbindingum með þátttöku í markaðsbandalögunum í Evrópu. Það er heldur ekkert „patent" til, sem bjargað getur atvinnurekstri landsins. Allar till. um minkaræktog meiri kísilgúr eða meiri raforkusölu til erlendra stórfyrirtækja undir kostnaðarverði eru út í hött. Og öll snöp á eftir erlendum auðkýfingum með beiðni um, að þeir leysi okkar vanda eru jafnfáránleg. Landsmenn verða sjálfir að leysa sinn vanda, og lausnin verður að byggjast á auðlegð fiskimiðanna við landið og auðlegð landsins sjálfs og dugnaði, hugviti og atorku landsmanna.

Það er háttur ríkisstj. að hamra í sífellu á því, að stjórnarandstaðan kunni engin ráð við vandanum og að hún sé stefnulaus. Þetta er sagt í þeim tilgangi, að fólk sætti sig frekar við óhæfa stefnu stjórnarinnar, þar sem um ekkert annað sé að velja. Þessi fullyrðing stjórnarinnar er röng. Við Alþb.-menn höfum árum saman lagt fram till. á Alþ. um, að skipuleg stjórn yrði tekin upp á fjárfestingarmálum þjóðarinnar og á inn- og útflutningsverzlun landsmanna. Stefna okkar í þessum efnum hefur verið skýr og algjörlega andstæð stefnu ríkisstj. Við Alþb.-menn höfum æ ofan í æ lagt fram till. um endurnýjun togaraflotans og um bátabyggingar innanlands eftir áætlun. Við höfum lagt fram frv. um sérstakan stuðning við nýjar greinar fiskiðnaðar og fullvinnslu sjávarafla. Við höfum lagt til, að unnið yrði samkv. áætlun um uppbyggingu iðnaðarins í landinu og að landbúnaðarframleiðslan yrði skipulögð í samræmi við markaðsaðstæður og þarfir þjóðarinnar. Við höfum flutt till. um gjörbreytta stefnu í lána- og rekstrarmálum atvinnuveganna og lagt til, að dregið yrði úr óþörfum milliliðakostnaði, t. d. með því að ríkisreka olíuverzlun í landinu.

Það er algjörlega rangt, þegar ríkisstj. heldur því fram, að ekki sé um að ræða aðra stefnu en þá stefnu hennar, sem leitt hefur vandræðin yfir þjóðina. Verkföll, eins og þau, sem átt hafa sér stað á þessu ári, fyrst í jan. og febr. og síðan aftur nú, eru sannarlega ekkert gamanmál fyrir vinnandi fólk. Það leggur enginn sjómaður eða verkamaður niður vinnu á hávetrarvertíð, nema tilknúinn af brýnni nauðsyn. Áform ríkisstj. um að knýja fram lækkun á verðgildi launa um 20% til viðbótar við minnkandi atvinnu hlutu að leiða til þessara átaka. Enginn gat efazt um það og ekki ríkisstj. heldur. Átök af þessu tagi, sem verið hafa árlegur atburður í tíð núv. ríkisstj., átök við alla launþega landsins, hljóta að leiða til efnahagslegs hruns, til efnahagslegs ósjálfstæðis þjóðarinnar, ef ekki verður komið í veg fyrir þau hið fyrsta. En eigi að koma í veg fyrir þau, verður að skipta um stjórnarstefnu. Engin bönn eða boð koma í veg fyrir þessi átök, ef ríkisstj. heldur fram sinni skammsýnu stefnu. Kaupmáttur launa verður ekki lækkaður frá því, sem nú er, nema með háskalegum afleiðingum fyrir þjóðarheildina. Þetta verður ríkisstj. að skilja, og þetta verður allt launafólk í landinu að sýna í verki, að það skilur. Þeir sjómenn, sem beittir hafa verið lögþvingunum af ríkisstj.-flokkunum og þolað hafa beina kauplækkun vegna samþykktar þeirra, verða að hætta öllum stuðningi við stjórnarflokkana. Þeir sjómenn á smábátum, sem nú eru skattlagðir vegna rekstrar stærri báta og án þess að njóta sömu réttinda og aðrir, verða að hætta að kjósa Alþfl. og Sjálfstfl. Þeir opinberir starfsmenn, sem búið hafa við lögbrot og launaþvinganir stjórnarflokkanna, verða að sýna það á kjördegi, að þeir una ekki óréttlætinu. Það verkafólk, sem áður hefur stutt stjórnarflokkana, en orðið hefur fyrir látlausum árásum þeirra og orðið að þola skert launakjör og afleiðingar langra verkfalla, verður að horfast í augu við staðreyndir og

hætta öllum stuðningi við það pólitíska vald, sem er að kippa grundvellinum undan viðunandi lífskjörum í landinu. Og þeir atvinnurekendur, sem sjá hvert stefnir með innlenda framleiðslu, ef núv. stjórnarstefnu verður haldið áfram, verða líka að þora að horfast í augu við staðreyndir, draga réttar ályktanir af því, sem hefur gerzt. Óbreytt stefna í efnahags- og atvinnumálum er ekki framkvæmanleg.

Ríkisstj. hefur tapað trausti þjóðarinnar. Hún getur ekki setið öllu lengur, þó hún hangi enn á naumum meiri hluta á Alþ. Til kosninga hlýtur að draga. Þá skiptir öllu máli, að allt vinnandi fólk, að þjóðin öll skilji og viðurkenni nauðsyn þess, að breyta verður um stefnu, að upp verður að taka uppbyggingar- og framfarastefnu, sem byggir á þjóðlegum grunni.

Alþb. er nýr stjórnmálaflokkur, stefna þess er skýr og afdráttarlaus. Öflugustu félög verkalýðssamtakanna í landinu eru undir forystu Alþb.-manna og stefna þess nýtur yfirgnæfandi stuðnings í röðum launafólks. Fram hjá verkalýðssamtökunum verður ekki gengið við mótun nýrrar stefnu í atvinnumálum. Í næstu kosningum ríður því á miklu fyrir allt launafólk, fyrir alla frjálslynda menn í landinu, fyrir alla þá, sem efla vilja efnahagslegt sjálfstæði þjóðarinnar, að Alþb. hljóti öflugan stuðning, svo að stefna þess fái þá viðurkenningu í reynd, sem þjóðinni er nú brýn þörf á.

Forsrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Góðir hlustendur. Ég hygg, að það hafi verið fyrir einum sex — sjö árum, að ég heimsótti erlendan kunningja minn. Hann spurði þá um ástand og horfur á Íslandi og tók upp bréf, sem ég hafði skrifað honum nokkrum mán. áður og þar sagt, að þá um sinn gengi sæmilega, en velgengnin væri völt á meðan hún byggðist á óveiddri síld í sjó og stöðugleika Hannibals Valdimarssonar. Þetta rifja ég upp nú, vegna þess að þarna var vikið að tveim viðfangsefnum, sem öðrum fremur um langa hríð hefur verið við að etja í atvinnu- og stjórnmálum okkar, þ. e. a. s. óvissu atvinnuveganna og rysjótta sambúð verkalýðsfélaga við önnur almannasamtök og ríkisvald. Um margt er deilt en þó ekki um það, að síðustu tvö þrjú árin hafa miklir örðugleikar að okkur steðjað. Mönnum kemur hins vegar ekki saman um, af hverju þessir örðugleikar stafi. Fyrir því verða menn samt að gera sér grein, ef ekki á illa að fara, því að enn eru það sannmæli, — að varðar mest til allra orða að undirstaðan sé réttleg fundin.

Stjórnarandstæðingar halda því staðfastlega fram í áróðri sínum, að orsakanna sé að leita í rangri stjórnarstefnu síðustu tíu árin. Mestur hluti þess áratugs er hins vegar hið örasta framfaratímabil, sem við höfum notið hér á landi. Auðvitað hefur ýmislegt farið öðruvísi á þessu árabili en menn eftir á óska að gert hefði. En orsakanna er annars staðar og lengra að leita en í rangri stefnu, sem valin hafi verið fyrir nær 10 árum. Hreinar útflutningstekjur á árinu 1968 námu hér um bil 45% minna að verðmæti en á árinu 1966. Og þegar litið er til aukins kostnaðar við öflun þeirra vegna fjarlægðar á mið og veiðarfæraslits, er óhætt að segja, að verðmætið sé a. m. k. 50% minna 1968 en 1966. Ástæður þessa eru augljósar. Minni afli, einkum á síldveiðum, lækkað verðlag á flestum afurðum og markaðslokun í Biafra. Við enga þessara orsaka hefðu nein íslenzk stjórnvöld, hver sem verið hefðu, getað ráðið, eins og á stóð. Úr áhrifum verðsveiflnanna hefði nokkuð mátt draga, ef til hefði verið öflugur verðtryggingarsjóður, en honum hefði þurft að hafa verið komið upp alllöngu áður. Um slíkt voru ekki gerðar tillögur hvað þá meira á vinstristjórnarárunum né næstu árin á eftir og enn þá síður þar áður. Hugmyndinni var fyrst lítillega hreyft af sérfræðingum eftir hækkun síldarafurða á vorinu 1965, en fékk þá ekki byr. Enda varð sú litla tilraun til verðjöfnunar, sem þá var gerð, til þess, að síldarflotinn sigldi til heimahafna, svo sem margir muna. Þeirri aðgerð fögnuðu þá mest sumir þeirra, sem síðustu mánuði hafa talað fjálglega um þann skort á framsýni, að ekki skuli fyrir löngu hafa verið gerðar rækilegar ráðstafanir til verðjöfnunar. Nú hafa menn nokkuð lært af reynslunni í þessu, og er þó skylt að játa, að hér er engan veginn um einfalt mál að tala.

Útgerð og sjómennska við strendur Íslands er svo áhættusöm, að skiljanlegt er, að báðir, sjómenn og útgerðarmenn, líti það með nokkurri tortryggni, ef svipta á þá happagróða, þegar að höndum ber, jafnvel þótt sagt sé, að það sé gert til þess að búa betur undir erfið ár. Í þá átt ber þó tvímælalaust að stefna að draga úr áhættum og sveiflum íslenzks atvinnulífs. Þar skiptir mestu að skjóta fleiri stoðum undir efnahaginn. Nauðsyn þess hefur ríkisstj. og stuðningsmenn hennar séð miklu fyrr og betur en hv. stjórnarandstæðingar.

Skemmst er að minnast deilunnar, sem stóð fyrir þremur árum um Búrfellsvirkjun og álbræðslu í Straumsvík. Þetta tvennt fór saman. Úr Búrfellsvirkjun hefði ekki orðið, ef Straumsvíkursamningurinn hefði ekki verið gerður. Gagnstætt óyggjandi rökum og tvímælalausri reynslu t. d. frá Noregi hömuðust hv. stjórnarandstæðingar þá á móti erlendu fjármagni og gera raunar enn, jafnframt því sem þeir á undan og eftir hafa verið síkvartandi undan okkar eigin fjármagnsleysi. Sem betur fer voru andmæli þeirra að engu höfð, enda tryggilega búið um okkar hag í samningunum við hina erlendu aðila. En til dæmis um skammsýnina má geta þess, að jafnvel hinir framsýnustu og bezt viljuðu í þeirra hóp töldu það þá höfuðgalla á samningsgerðinni, að með henni yrði sköpuð of mikil þensla á innlendum vinnumarkaði, svo að hingað þyrfti að flytja erlendan vinnulýð, sem flestum væri óvelkominn. Við bentum þá á, að byrgja yrði brunninn, áður en barnið dytti ofan í. Of seint væri að ráðast í svo umfangsmiklar framkvæmdir sem þessar, eftir að atvinnuleysi skylli á, en við atvinnuleysi yrðum við að vera búnir, á meðan atvinnuvegir okkar væru jafneinhæfir og hingað til hefði verið. Já skal, að breyting á þessu tekur langan tíma, sennilega kynslóðir, en hún verður aldrei nema hafizt sé handa og í framkvæmdir ráðizt, þótt árangur komi einungis smám saman í ljós. Menn verða að muna að „hugsa ekki í árum, en öldum, að alheimta ei daglaun að kvöldum," eins og landnámsmaðurinn Stephan G. Stephansson kvað.

Aðrar þjóðir hafa átt í vanda svipaðrar tegundar og við og þó engan veginn eins mögnuðum. Danir eru gömul landbúnaðarþjóð, og var það lengi hald manna,

að auðlegð þeirra kæmi einkum af landbúnaði, enda land þeirra fátækt af náttúruauðlindum öðrum en frjósemi jarðar og iðni íbúanna. Forystumenn Dana töldu þá hins vegar of háða landbúnaði, og fengu þeir þó í lok seinna stríðs ekki nema hér um bil 2/3 af útflutningstekjum sínum frá landbúnaðinum. Nú er það hlutfall komið niður fyrir 40% eða nær þriðjungi þó, og er þó enn markvisst unnið að því að draga úr hlutfallslegri framleiðslu landbúnaðarvara, en efla aðra atvinnuvegi. Svipaða sögu er að segja frá Ísrael. Á fyrstu árum sjálfstæðis síns framleiddu Ísraelsmenn aðallega ávexti, einkum appelsínur og fengu um 2/3 útflutningstekna sinna þannig. Nú hefur hlutfallið lækkað niður fyrir þriðjung. Áreiðanlega líða mörg ár, þangað til við verðum fiskveiðum ekki háðir í ríkara mæli en Danir nú landbúnaði. Má og eitthvað í milli vera. En á meðan við eigum jafnmiklar auðlindir ónotaðar í landinu og raun ber vitni, er það ófyrirgefanleg skammsýni að leggja ekki höfuðáherzlu á hagnýtingu þeirra. Hér er mikið og verðugt verkefni fyrir upprennandi æskulýð Íslands, enda ber honum að feta í fótspor þeirra, sem af djarfhug og drengskap hrinda miklum málum í framkvæmd, en taka ekki mark á nöldri hinna, sem raunar þykjast vera með óhjákvæmilegum breytingum, en hafa allt á hornum sér í hvert skipti, sem til raunhæfra athafna kemur.

Staðreyndin er, að nú verðum við að taka afleiðingum þess, að afkoma okkar er enn allt of óviss og sveiflukennd. Þegar leið á árið 1968, varð ljóst, að í stað hins öra tekjuauka fram til 1966 mundu tekjurnar aftur stórminnka og verða mun minni en á hinu erfiða ári 1967. Sú gagnrýni heyrist öðru hverju, að ríkisstj. hafi of seint brugðizt við þessum vanda. Þeir, sem svo tala, hafa ekki til hlítar áttað sig á, hvers eðlis vandinn er. Hann er einmitt sá, hversu erfitt og ómögulegt er að sjá hann fyrir hverju einstöku sinni. Aflabrestur er ekki vitaður fyrr en í lok vertíðar. Menn kunna að geta sér til um verðlagsþróun, en hún er síbreytileg og ótal erlendum og að verulegu leyti ófyrirsjáanlegum atvikum háð. Enginn vissi fyrir gang borgarastyrjaldarinnar í Nígeríu og þar af leiðandi langvinna lokun skreiðarmarkaðs í Biafra. Ráðstafanir gegn öllu þessu andstreymi hefðu verið út í hött og engan skilning hlotið, ef þær hefðu verið gerðar fyrr en menn höfðu sjálfir séð það og reynt.

Bezta sönnun þess er, hversu ýmsum hefur jafnvel eftir á reynzt erfitt að átta sig á hinu sanna samhengi og nauðsyn róttækra gagnráðstafana. Enn tala margir viti bornir menn um, að allt of mikið sé gert fyrir sjávarútveg. Þeir átta sig ekki á, hver úrslitaáhrif hann hefur á afkomu allra annarra atvinnugreina og kaupgetu almennings. Afkoma sjávarútvegs ræður ekki sízt langmestu um gjaldeyrismagnið, sem við höfum yfir að ráða, af því að ríflega 90% útflutningsteknanna koma frá honum. Aldagömul reynsla segir einnig, að ef skortur verður á vöru hækkar hún í verði, svo sem við höfum hvað eftir annað neyðzt til að viðurkenna með hækkun á verði erlends gjaldeyris einmitt vegna minnkandi gjaldeyrisöflunar sjávarútvegsins. Þess vegna er það forsenda fyrir tryggingu á verðmæti okkar eigin gjaldeyris að efla þær atvinnugreinar, sem hans afla.

Endirinn varð sá, að þjóðartekjur á mann reyndust hér um bil 17% minni á árinu 1968 en 1966. Fram hjá þessum vandræðum varð ekki komizt með tali um, að áður hafi óhæfileg eyðsla átt sér stað. Auðvitað hefur margt farið í súginn, en á uppgangsárunum eyddi þjóðin sem betur fer hvergi nærri því, sem hún aflaði, heldur stórbætti efnahag sinn. Sakazt er um, að of mikið hafi verið lagt í tæki til síldveiða, en t. d. ekki hugsað um endurnýjun togaraflotans, svo sem hv. síðasti ræðumaður gerði. Einkennilegt er, að slíkt er mest haft á orði af þeim, sem á sínum tíma ávituðu stjórnvöld fyrir að styðja uppbyggingu síldveiða ekki nógu mikið og gáfust sumir sjálfir upp á togaraútgerð, a. m. k. um sinn, og/eða gerðu sitt til að torvelda hana. Lofsvert er, að nú er aftur að vakna áhugi á aukningu togaraútgerðar, en í þessum efnum hlýtur og framtak einstaklinga, þar með talið félaga, mestu að ráða. Verkefni ríkisins er að stuðla að því, að almenn fjárhagsleg skilyrði skapist fyrir slíkri útgerð, þ. á m. nauðsynlegar veiðiheimildir og hefur í þeim efnum á undanförnum árum staðið meira á öðrum en viðleitni stjórnarinnar, sem hefur átt takmörkuðum skilningi að mæta hjá öðrum aðilum, er hér koma við sögu.

Á meðan síldaraflinn var mestur, síldarævintýrið stóð, ef menn vilja svo orða það, leituðu flestir dugmestu sjómennirnir þangað, einmitt af því að uppgripin voru þar mest. Við þetta varð ekki ráðið, og hefði ekki verið vit í að reyna að ráða við það. Þar um breytir engu, þó að uppgripin yrðu ekki varanleg. Þau færðu engu að síður óhemju fjármuni á land og skildu eftir mikil varanleg verðmæti, sem ella hefðu ekki fengizt.

Þjóðarheildin varð þeirra verðmæta aðnjótandi í stórbættum lífskjörum. Á sama hátt og hún varð það þá árum saman, verður hún nú að laga lífnaðarhætti sína eftir hinum minnkuðu tekjum. Sú er óhjákvæmileg afleiðing þess að byggja afkomuna svo mjög á svipulum sjávarafla.

Hv. stjórnarandstæðingar og þá einkum framsóknarmenn tala eins og hægt hefði verið að bjarga öllu við með hliðarráðstöfunum, sem við engan hefðu illa komið. A. m. k. öðru hverju segjast þeir sumir vilja greiða fullar vísitöluuppbætur eða verðtryggingu launa og fara þar oft fram úr kröfum verkalýðsfélaganna sjálfra, samtímis því sem þeir taka undir ýtrustu kröfur opinberra starfsmanna. Framsóknarmenn telja verðlag á búvörum bænda of lágt, og illa við þá gert að flestu leyti. Þeir börðust á móti breytingu sjómannasamninga í samræmi við gengisbreytinguna. Þeir þykjast harma það, hversu sparifjáreigendur séu illa leiknir, samtímis því sem þeir segja lækkun útlánsvaxta margra meina bót. Þeir vita þó ofurvel, að lækkun útlánsvaxta hlyti að leiða til lægri innlánsvaxta, og þá fyrst yrðu sparifjáreigendur verulega hart leiknir, án þess að nokkra úrslitaþýðingu hefði fyrir atvinnuvegina. Enda eru vextir hér alls ekki miklu hærri en víðast annars staðar, eins og oft er látið, heldur eru þeir í samræmi við það, sem allvíða tíðkast. Almennir útlánsvextir banka í Danmörku eru eftir síðustu vaxtahækkun þar í landi um 11%, en 9—10% hér á landi. Þar sem einhverrar óánægju verður vart, reyna framsóknarmenn að magna hana og ýta undir allar kröfur um aukin útgjöld alveg án hliðsjónar af því, hvort þær verði að gagni eða

ekki. Og nú segja framsóknarmenn kaupmenn vera allt of hart leikna, þá stétt, sem Framsókn hefur frá upphafi ofsótt. Hætt er og við, að bæði kaupmenn og aðrir, sem Framsókn biðlar nú til, mundu til frambúðar fá hjá henni kalda vist, ef hún væri á ný komin í valdasess.

Skýringin á öllu orðagjálfri og brölti Framsóknar nú er sú, að framámenn hennar telja sig borna til ríkis hér í landi. Þeir gleyma því ekki, að fyrsu 40 árin af hálfrar aldar tilveru flokksins var hann langlengst við stjórn. Þeim finnst það hvort tveggja brjóta á móti guðlegri forsjón og þeirra eigin hjartfólgnustu vonum og fyrirætlunum, að verulegt hlé hefur orðið á valdaferli þeirra. Þeir svífast þess vegna fás til þess að ryðjast til valda á ný. Þeir lofa öllum öllu í þeirri veru, að sjálfir ráði þeir efndunum.

Náköld er Hemra,
því Niflheimi frá
nöpur sprettur á.
En kaldara undir rifjum
er konungsmönnum hjá,

sagði Grímur Thomsen af kynnum sínum við þá dönsku valdabraskara, sem hann hafði alllengi unnið með fyrir rúmum 100 árum. Hugarfar íslenzku valdabraskaranna er hið sama og þeirra dönsku fyrirrennara og lærimeistara. Einn hinn puntulegasti í þessum hóp vildi fyrir þremur árum láta dæma þingræðið eftir því, hvort Framsókn kæmist skjótlega til valda eða ekki. Annar sagði ári síðar, rétt fyrir kosningarnar 1967, að ef þeir félagar fengju þá ekki völdin, nennti hann ekki að vera að þessu lengur. Og nýlega sagði hinn fyrr nefndi, að nú mætti valdatakan ekki lengur mistakast.

Óeirðin er því athugaverðari sem því fer fjarri, að níðzt hafi verið á þessum mönnum, á meðan þeir hafa ekki haft öll völd í hendi sér. Engum hefur komið til hugar að setja þá til hliðar á sama hátt og foringjar þeirra hældust um, að gert hefði verið við nær helming þjóðarinnar síðast, þegar framsóknarmenn voru við völd. Þeir njóta nú einungis ekki lengur forréttinda umfram aðra landsmenn. Þeir verða eins og aðrir að sæta hinu íslenzka misviðri, una hita og kulda eftir atvikum. Veruleikinn hefur að undanförnu reynzt okkur öllum æði kaldur, en hann verður ekki hlýrri með því að treysta innantómum faguryrðum eða úr- og íslætti þeirra, sem þora ekki að segja, hvað þeim raunverulega býr í brjósti.

Vandinn, sem á s. l. vetri var við að etja, var svo mikill, að hann hlaut að bitna á allri þjóðinni. Frá því gat enginn einangrað sig eða ætlað sér forréttindi. Þess vegna var það kannað, hvort unnt væri að koma á samstarfi allra flokka. Viðræðurnar voru gagnlegar og í sjálfu sér vinsamlegar. Þar breytir engu, þó að sumir stjórnarandstæðingar láti nú í það skína eða haldi berum orðum fram, að þeir hafi þá sagt sitt hvað, sem þeir aldrei höfðu á orði í áheyrn okkar hinna. Frá þeim sést aldrei heilleg tillögugerð um úrlausn mála, heldur tætingslegar bollaleggingar um aukaatriði og svokallaðar hliðarráðstafanir, sem engum úrslitum geta ráðið.

Engu leyndarmáli er ljóstrað upp, þó að sagt sé það, sem við öllum blasti, að annað hvort varð að gera: Í fyrra lagi að samþykkja stórkostlegar uppbætur til atvinnuvega, ekki einungis til sjávarútvegs, heldur og til iðnaðar með samsvarandi skattaálagningu á allan almenning, eða í öðru lagi gengislækkun, sem hefði í för með sér almenna kjaraskerðingu þegar í stað. Þriðja leiðin, það er allsherjarlækkun verðlags, var óraunhæf, því að verðlag og tilkostnað er einungis hægt að lækka með beinum launalækkunum, sem bitna enn harðar á almenningi en hvort heldur skattar til uppbóta eða gengislækkun, þótt þær ráðstafanir séu erfiðar og enginn ráðist í þær ótilneyddur. Aðalatriðið er, að almenn kjaraskerðing var óhjákvæmileg, og það var vegna þess, að hv. stjórnarandstæðingar vissu það, sem þeir töldu sér hentara að taka ekki á sig ábyrgð á s. l. hausti, heldur létu sér nægja að hafa í frammi margs konar hrakspár.

Þvílíkt ábyrgðarleysi er út af fyrir sig ærið varhugavert. Hitt er þó miklu verra, að sumir þeirra hafa eftir föngum ætíð reynt að torvelda eðlilegan framgang mála. Fyrir jólin fullyrtu þeir, að sjávarútvegslögin, sem þá voru sett, mundu brotin og að engu gerð strax eftir áramót. Sjómannaverkfallið dróst raunar nokkuð á langinn, en um kjörin var samið innan ramma laganna og á þeirra grundvelli. Því fór sem sagt fjarri, að sú lagasetning misheppnaðist. Hún skapaði þvert á móti skilyrði til hagnýtingar þeirrar góðu vertíðar, sem okkur hefur nú hlotnazt. Svipuðu máli gegnir um hina almennu launasamninga. Þeim var löglega sagt upp flestum af hálfu verkalýðsfélaganna, og hvernig sem eftir á er látið, vissu allir fyrirfram, að áframhaldandi verðlagsbætur yrðu ekki greiddar, nema um það yrðu gerðir nýir samningar með þeim hætti, að þeir samsvöruðu núverandi efnahag okkar. Heyrzt hefur, að með þessu hafi marz-samkomulagið frá því í fyrra verið rofið. Því fer fjarri, að svo sé. Verkalýðsfélögin sjálf sögðu því sem sagt einmitt upp fyrir áramótin.

Marz-samkomulagið var og gert í þeirri trú og í því trausti, að árið 1968 yrði okkur auðveldara en árið 1967. Ella var hvort tveggja meiningarlaust: Sú takmörkun verðtryggingar, sem einkum átti við fyrri hluta árs 1968, og vaxandi verðtrygging launa eða hækkuð kaupgreiðsla síðari hluta árs. Takmörkunin átti að bæta skakkaföllin, sem við þegar höfðum orðið fyrir. Sá léttir á atvinnuvegunum nægði hvergi nærri, þegar á reyndi, og getan til aukinnar kaupgreiðslu eða launatryggingar var ekki fyrir hendi, af því að hin ytri, okkur óviðráðanlegu atvik snerust þjóðinni áfram í óhag. Þess vegna er það eitt í samræmi við marz-samkomulagið að taka nú einnig tillit til allra aðstæðna. Þegar afstaða verkalýðsfélaganna er skoðuð hlutlaust, verður hún heldur naumast skilin nema frá þessu sjónarmiði. Samningar hafa raunar gengið erfiðlega. Þar kemur margt til. Vandi sjálfs úrlausnarefnisins og tregða til að taka á sig ábyrgð af óhjákvæmilegri kjaraskerðingu. Innbyrðis klofningur og togstreita magna þessa erfiðleika, eins og von er, þegar enginn trúir hinum. Sá glundroði er ærið vandamál út af fyrir sig. En þrátt fyrir alla tregðu og togstreitu, stóryrði og hótanir um verkföll, ásamt takmörkuðum verkföllum og verkbönnum, hefur tekizt að halda svo á, að vertíðinni, mesta aflatíma ársins, hefur að mestu verið bjargað. Það hefði ekki tekizt, ef skilningur og góðvild hefði ekki undir niðri ráðið meira en af yfirborði mátti ætla.

Nú vil ég hér skjóta því inn, að þrátt fyrir hálfyrði

mín í upphafi um stöðugleika Hannibals Valdimarssonar, þá met ég mjög mikils hið að mestu leyti góða samstarf, sem ég hef átt við hann og aðra verkalýðsforingja, eftir að ég tók við núverandi embætti mínu. Margháttað samstarf við þá síðustu árin hefur leitt til þess, að ég skil sjónarmið þeirra og erfiðleika miklu betur en áður. Annað mál er, að ólíkur sjónarhóll skapar ólík sjónarmið og þar af leiðandi skoðanir, og er ekki um það að fást.

Mér er vel ljóst, að ríkisstj. hefur verið sökuð um afskiptaleysi og oft hefur verið haft á orði, að hún ætti að skerast í leikinn, lögfesta eitthvað, sem enginn hefur þó gert sér grein fyrir, hvað vera skyldi, og banna verkföll. Við höfum metið hitt meira að bjarga raunverulegum verðmætum en hafa í frammi hetjuskap í orði. Að sjálfsögðu höfum við látlaust unnið að sáttum eftir því, sem aðilar, sáttanefnd og sjálfir við, hafa talið mega að gagni koma. En ótímabær lagaboð eru, eins og reynslan hefur nógsamlega sýnt, til þess löguð að hafa þveröfug áhrif við það, sem ætlað var. Enda hefur með varúð og lempni á alla vegu tekizt það, sem fáir trúðu fyrir fram og of margir hafa á móti unnið, að ná á þessari vertíð meiri verðmætum á land en oft ella.

Hvernig sem þessum deilum lyktar, þá verður ekki hjá því komizt að endurskoða vinnulöggjöfina. Hún er nú orðin mannsaldursgömul, sett 1938, og því eðlilegt, að menn sjái nú margt betur en við þá frumsmíði. Ríkisstj. ákvað og á s. l. vori, hinn 9. maí, að efna til slíkrar endurskoðunar. Ýmisleg atvik hafa orðið til þess, að enn hefur ekki úr þessu orðið, fremur en fyrri tilraunum, t. d. á dögum vinstri stjórnarinnar, í sömu átt. Erfitt er að sjá, hvernig hægt er með rökum að snúast gegn þeirri breytingu, að svo veigamikla ákvörðun sem um verkfall eða verkbann megi ekki boða nema eftir samþykkt við allsherjaratkvgr., er tiltekinn lágmarkshluti félagsmanna taki þátt í, svo og að lengri fyrirvara þurfi til boðunar þvílíkra aðgerða en aðeins eina viku. Þá sýnist og, að minna megi ekki krefjast en að kröfur aðila séu settar fram áður en þessar ákvarðanir eru teknar. Vandasamara verður að finna hæfilegar reglur til að tryggja, að lítill hópur eða félag fárra starfsmanna geti ekki stöðvað víðtæka starfrækslu og þar með svipt fjölda manna vinnu eða leitt til þess, að svo verði, t. d. með víðtækum gagnráðstöfunum vinnuveitenda. Eins er á daginn komin hættan á því, að unnt er að velja úr einstök lykilfyrirtæki, þar sem stöðvun getur leitt til raunverulegrar allsherjar stöðvunar áður en yfir lýkur, þótt slíkt sé ekki látið uppi. Þá er og mjög til athugunar að lögfesta heimild sáttasemjara eða ríkisstj. til að fresta vinnustöðvun tiltekinn tíma, svo að öllum aðilum gefist nægur kostur á, í ró og næði án óhæfilegs þrýstings, að íhuga alla málavexti.

Eins og ég segi er hætt við að sumar af þessum hugmyndum mæti harðri andstöðu jafnvel sanngjarnra manna, þó að erfitt sýnist fyrir raunverulega lýðræðissinna að snúast gegn a. m. k. öðrum. En þótt hér sé um að ræða þarfar lagabreytingar, skyldu menn hafa í huga að festa ekki of miklar vonir við þær eða árangur þeirra, a. m. k. ekki í fyrstu. Einbeittir forystumenn koma vilja sínum oftast fram í slíkum deilum og þess vegna veltur mest á því að skapa skilning og samningsvilja á milli aðila. Verkfalls- og verkbannsréttur er talinn á meðal sjálfsagðra mannréttinda í lýðfrjálsum löndum í andstöðu við það, sem hjá einræðismönnum gildir, sbr. gremju Sovétmanna gegn lítils háttar vísi verkfalla í Tékkóslóvakíu á s. l. sumri. Engu að síður vegnar frjálsum þjóðum því betur sem þeim lánast fremur að forðast verkföll. Þýzkir verkalýðssinnar segja berum orðum, að hinn ótrúlega hraðfara bati á þýzkum efnahag síðustu áratugi stafi ekki síst af því, að þar í landi hafi að mestu tekizt að forðast verkföll frá stríðslokum 1945, gagnstætt því, sem var á millistríðsárunum. Sami er dómur sænskra jafnaðarmanna um ástæður til velfarnaðar Svía hin síðari ár. Það er áreiðanlega ekki síst í vitund um þessa reynslu skoðanabræðra sinna, sem Wilson forsrh. Breta reynir nú að fá setta löggjöf til að sporna gegn verkfallsfaraldrinum þar í landi, faraldri, sem meira en flest annað á sök á örðugleikum Breta. Enn er ekki sýnt, hvernig sú tilraun tekst. Í bili virðist svo, sem Wilson hafi orðið að láta undan síga, en aðrir telja svo mikið við liggja, að eitt helzta málgagn brezkra íhaldsmanna gerði s. l. sunnudag till. um myndun samstjórnar beggja stóru flokkanna í Bretlandi til að koma fram skaplegri löggjöf um þessi efni.

Hvað sem úr því verður, er óumdeilanlegt, að í nútímaþjóðfélögum hafa verkföll reynzt tvíeggjað vopn, sem bitnað hefur á allri þjóðarheildinni, verkalýð ekki síður en öðrum. Afnámi þeirra verður hins vegar ekki náð nema með mikilli þolinmæði og aukningu á skilningi stétta á milli og vitund um það, að öll erum við á sama báti. Valdboðin ein hrökkva skammt hér sem ella á meðal frjálsra manna, meðan skilninginn skortir. Þess vegna þarf hann öllu öðru fremur eflingar við. — Góða nótt.

Ólafur Jóhannesson: Herra forseti. Góðir áheyrendur. Þið trúið því kannske ekki, en samt er það satt, að ég er farinn að kenna í brjósti um núv. ríkisstj. Þrátt fyrir allar aðvaranir hefur hún fyrirhyggjulaust anað æ lengra út í ófæruna og situr nú föst eins og sauðkind í bjargi, sem hvorki kemst upp né niður. Allt frá hinni fyrstu göngu hafa mistökin fylgt henni eins og skuggginn. Flest hefur farið á annan veg en hún ætlaði eða sagði fyrir. Stefna hennar og breytni er svo mótsagnakennd, að til eindæma má telja. Ferill hennar er einna líkastur göngu þess manns, sem tapað hefur áttum í þoku og gengur hvað eftir annað í hring, en nálgast þó æ meir hina lífshættulegu klettabrún. Lítum aðeins á slóðina.

Í upphafi göngu sinnar sagðist viðreisnarstjórnin ætla að taka upp nýja stefnu til að skapa framleiðslustörfum og viðskiptalífi landsmanna traustari, varanlegri og heilbrigðari grundvöll en atvinnuvegirnir hafa átt við að búa undanfarin ár. Ég veit, að í dag á margur erfitt með að trúa því, að þessi orð hafi verið sögð af stjórnarinnar hálfu fyrir 9 árum. En þau eru skjalfest og verða ekki aftur tekin. En hvað er í slóðinni? Fjórar gengisfellingar, framkvæmdar af einni og sömu ríkisstj. Þær segja vissulega sína sögu um það, hversu traustur, varanlegur og heilbrigður grundvöllur atvinnuveganna hefur verið á þessu tímabili. Það þarf í raun og veru ekki fleiri vitna við. Stjórnin sagðist ætla að afnema allt uppbótakerfið. Það væri af hinu illa og hreinasta eitur

fyrir heilbrigt efnahagslíf. En hvað skeði? Stjórnin tók upp uppbætur í einu eða öðru formi í stærri stíl en áður þekktist. Í mesta góðærinu gat meira að segja aðalútflutningsatvinnuvegurinn ekki komizt af án aðstoðar. Það segir einnig sína sögu um það, hvernig tókst að styrkja og treysta grundvöll framleiðslunnar og atvinnuveganna.

Þegar núv. stjórn tók við völdum, sagðist hún ætla að létta greiðslubyrði þjóðarinnar gagnvart útlöndum, sem allt væri að sliga, en þegar vinstri stjórnin fór frá, var greiðslubyrðin talin nema um 8% af gjaldeyristekjunum og mundi hækka eitthvað á tveimur næstu árum. Þá voru þessar erlendu skuldir taldar þjóðarvoði. En hvað hefur gerzt? Í tíð núv. stjórnar hafa skuldirnar við útlönd hækkað á hverju einasta ári og námu um s. l. áramót samtals um 12½ milljarði eða um 60 þús. á hvert einasta mannsbarn í landinu. Árlegar afborganir og vextir af þessum erlendu skuldum nema nú nær 1/6 af gjaldeyristekjum þjóðarinnar. En nú er allt í lagi að stjórnarinnar dómi. Hún heldur meira að segja áfram að taka hvert erlenda láníð á fætur öðru, svo að skuldirnar munu hækka verulega á þessu ári. Hún hagar sér líkt og skuldakóngur á gjaldþrotsbarmi, sem hugsar um það eitt að slá lán, þar sem lán er að fá, alveg án tillits til þess, hvort hann hefur nokkra möguleika til að borga þau eða ekki. Þessi skuldasöfnun er svo ofboðsleg, að hún stofnar efnahagslegu sjálfstæði þjóðarinnar í hættu. Hún leggur óbærilegar byrðar á ungu kynslóðina, sem á að borga reikninginn. Og þetta var stjórnin, sem ætlaði að lækka erlendu skuldirnar og létta greiðslubyrði þjóðarinnar.

Vísitölutrygging var bönnuð árið 1960, lögboðin 1964, numin úr lögum árið 1967, samningsbundin 1968, en nú, 1969, aftur óalandi og óferjandi. Þetta er vægast sagt skrýtinn skollaleikur, en góður vitnisburður um hringsól villuráfandi manna.

Stöðvun verðbólgu var efst á loforðalista viðreisnar. Á það var lögð svo mikil áherzla, að sagt var, að allt annað væri unnið fyrir gýg, ef ekki tækist að stöðva verðbólguna. Efndirnar þekkja allir. Dýrtíðin hefur magnazt ár frá ári og meira en nokkru sinni fyrr. Sum árin hefur dýrtíðarvöxturinn verið tvöfaldur eða jafnvel þrefaldur á við það, sem hann hefur verið í helztu viðskiptalöndum okkar. Hvernig átti útflutningsframleiðslan að þrífast við þvílík skilyrði? Hér hafa auðvitað stundum verið að verki óviðráðanleg öfl. En ýmsar aðgerðir hins opinbera hafa einnig bæði beint og óbeint ýtt undir verðbólguna, ekki aðeins gengisfellingarnar fjórar, heldur sívaxandi skattaálögur í einni eða annarri mynd, vaxtahækkanir og óhagstæð lánakjör og síðast en ekki sízt stjórnleysi í fjármálum og framkvæmdum, sem allt hefur spennt úr skorðum. Sannleikurinn er sá, að stjórnarliðar hafa síður en svo veitt verðbólgunni viðnám, heldur hafa þeir stöðugt verið á flótta undan dýrtíðarflóðinu. Það er ekki að undra, þótt þeir vilji nú strika yfir stóru orðin um stöðvun verðbólgu og kysu helzt að fela þau í rökkri gleymskunnar.

Eitt var það, að viðreisnarstjórnin sagðist ekki ætla að hafa nein afskipti af kaupgjaldsmálum og vinnudeilum. Ekki hefur hún staðið við það. Þvert á móti hefur hún oft gripið inn í vinnudeilur, stundum þegar verst gegndi og alloft hefur hún í því sambandi gripið til gerðardóma og valdboða, síðast í vetur í sjómannaverkfallinu, en sú vinnudeila átti einmitt rætur að rekja til lagasetningar, sem ríkisstj. barði í gegn þrátt fyrir öll varnaðarorð innan þings og utan. Í yfirstandandi kjaradeilu er það áreiðanlega ekki ofsagt, að afstaða ríkisstj. hafi torveldað samninga. Hvað ætlar hún að gera til lausnar þeirrar deilu? Ætlar hún kannske að leysa hana með brbl., þegar þingið hefur verið sent heim? Það er auðvitað óverjandi með öllu að láta þingið fara frá þessari deilu óleystri. Það nær ekki nokkurri átt, að það skilji við kjaramálin í þeim hnút, sem þau eru í.

Stjórnin ætlaði einu sinni að lækka skatta, en það fór öðruvísi en ætlað var. Framkvæmdin hefur orðið sú, sem allir þekkja, að nýjum sköttum hefur verið bætt við á hverju einasta ári, sum árin mörgum. Nú síðast er það benzínskatturinn.

Stjórnin okkar ætlaði einu sinni að vernda verðgildi krónunnar. Efndirnar eru þær, að í skjóli og af völdum viðreisnarstefnunnar hafa innstæður manna og sjóðir blátt áfram visnað og orðið að nær engu. Það þarf t. d. ekki að fjölyrða um áhrif fjögurra gengisfellinga á hag og hugarfar sparifjáreigenda. Þau liggja í augum uppi. En svo sjaldan er minnzt á meðferðina á þessum mönnum, að ástæða er til að bæta við nokkrum orðum um það atriði. Sparifé þeirra hefur æ ofan í æ verið rýrt með einu pennastriki. Þeir hafa verið að safna þessu fé í ákveðnu skyni, t. d. til elliáranna, til að eignast þak yfir höfuðið, til að kosta skólagöngu barna sinna, til undirbúnings sjálfstæðum atvinnurekstri o. s. frv. Söfnunin hefur byggzt á sparsemi og sjálfsafneitun. Svo vakna þeir upp við það einn daginn, að sparifjáreign þeirra hefur með opinberri ráðstöfun verið rýrð um þriðjung eða kannske helming, að allt þeirra erfiði hefur verið til einskis, að þeir eru ekki nær settu marki en áður. En hinir, sem festu fé sitt í eignum, föstum eða lausum, í stað þess að leggja það í banka, eru mun betur á vegi staddir. Það má nærri geta, hver áhrif þetta hefur á hugsunarhátt og viðhorf þessara manna. Þeir telja sig illa svikna og það með réttu. Reynslunni ríkari hætta þeir auðvitað sparnaði og sparifjársöfnun og gerast þátttakendur í fjárfestingar- og eyðslukapphlaupinu. Sannleikurinn er sá, að gengisfelling er eins og refsing á þá ráðdeildarsömu og því tíðari sem gengisfellingar eru, þeim mun hættulegri eru þær. Traust efnahagslíf er útilokað, þar sem tíðar gengisfellingar eiga sér stað.

Ég ætla ekki að nefna fleiri dæmi um það, hvernig viðreisnarstefnan hefur hvað eftir annað gengið úr skaftinu. Ég ætla, að þessi dæmi nægi til að sýna stefnuleysi, kollsteypur og uppgjöf okkar villuráfandi og ráðþrota ríkisstj. Frá upphafi hefur ráð hennar allt verið reikult og valt. Það, sem var boðorð í gær, er bannfært á morgun. Löggjöf, sem sett var fyrir kosningar, er frestað í framkvæmd, þegar kosningar eru afstaðnar. Sparnaði var lofað, en eyðsla aukin. Því bera 7 milljarða fjárlögin gleggsta vitnið. Þannig mætti lengi telja. Hvernig er hægt að ætlast til þess, að jafnrækilega viðsnúnir menn og okkar veizluglöðu ráðherrar séu færir til forystu, þegar á móti blæs? Vissulega eru þeir gæfir menn og gegnir á sinni réttu hillu í lífinu og sjálfsagt hafa þeir viljað gera betur. En þeir hafa færzt of mikið í fang. Þar um tala staðreyndirnar sínu máli.

Þær staðreyndir skilja flestir, jafnt stjórnarliðar sem aðrir, þó að þá skorti hreinskilni til að flytja ráðherrum þær bersöglisvísur, sem þyrfti. En ráðh. loka augunum fyrir þessum staðreyndum. Þeir sjá ekki annað en stjórnarstólana, sem þeir unna um aðra hluti fram. Þar sitja þeir líkt á sig komnir í almenningsaugum og keisarinn í *nýju fötunum sínum í alkunnu ævintýri*. Þess vegna eru þeir ekki síður brjóstumkennanlegir en ámælisverðir að mínum dómi. Og það er sízt að undra, þótt sumir ráðh. hafi verið dálítið skapstyggir og taugaóstyrkir að undanförnu. Þeir eiga sannarlega bágt.

Flestir munu játa, að um þessar mundir horfir þunglega á flestum sviðum. Alvarlegast er ástandið í efnahags- og atvinnumálum. Atvinnuvegirnir, jafnt landbúnaður, sjávarútvegur og iðnaður, eiga í vök að verjast, þjakaðir af skuldasöfnun, rekstrarfjárskorti og hallarekstri undangenginna ára. Þrátt fyrir gífurlega gengisfellingu, góða vertíð og nokkuð batnandi markaðshorfur er ástandið þannig, að atvinnurekendur segjast ekki geta greitt kaupgjald í samræmi við kjarasamninga, sem þeir gerðu í marzmánuði 1968. Hér varð í vetur meira atvinnuleysi en þekkzt hefur um áratugi, og enn er því miður talsvert atvinnuleysi. Hundruð framhaldsskólanemenda horfa fram á atvinnuleysi á þessu sumri. Flutningur fólks úr landi segir einnig sína sögu um ástandið og framtíðarhorfurnar. Aðgerðir stjórnvalda, knúðar fram af stéttasamtökum, svo sem stofnun atvinnumálanefndar og fyrirheit um fjárútvegun, hafa einkennzt meira af sýndarmennsku en raunhæfum framkvæmdum, enda allt of seint hafizt handa, þrátt fyrir margítrekaðar áskoranir, bæði utan þings og innan. Eitt er víst, að aðgerðirnar urðu litlar á liðnum vetri. Þar var þorskurinn óneitanlega drýgri til bjargar en ríkisstj. Hann hefur vissulega bjargað miklu, því að vegna ágætrar vertíðar eru horfur sem betur fer bjartari en ella.

Kjaramálin eru kapítuli fyrir sig, bæði sjómannaverkfallið í vetur og refjar ríkisstj. gagnvart opinberum starfsmönnum og synjun á vísitölugreiðslum í samræmi við fyrri samninga og þar af leiðandi vinnustöðvanir og verkbönn. Um það ætla ég ekki að fjölyrða. Ég minni aðeins á, að gengið var sagt fellt til að bæta stöðu atvinnuvega. Vertíð var ágæt og afurðaverð fer hækkandi. Samt segjast atvinnurekendur ekki geta greitt kaup samkv. samningum, sem þeir gerðu í marzmánuði í fyrra. Á sama tíma er öllum launþegum ætlað að taka á sig bótalaust svimandi hækkun lífsnauðsynja. Þessar þversagnir eru sannkölluð langavitleysa.

Ég tel, að stjórnarstefnan í atvinnumálum hafi á margan hátt verið misheppnuð. Þar hefur handahófið ráðið allt of miklu. Skort hefur stjórn á því, að þær framkvæmdir í atvinnumálum, sem þjóðinni var mest þörf á, sætu fyrir um fjármagn og vinnuafl. Þar hefur stjórnin sýnt fyrirhyggjuleysi og hefur ekki haft nauðsynlega forystu um uppbyggingu atvinnuveganna. Þar um er togaraútgerðin gleggsta dæmið. Í tíð núverandi stjórnar hefur togaraflotinn minnkað um helming. Togarar, sem enn eru í rekstri, eru gamlir og úreltir. Það er ekki til neinn nýtízkutogari. Þannig hefur verið búið að afkastamestu framleiðslutækjum þjóðarinnar. En á sama tíma hafa grannþjóðir okkar og keppinautar endurnýjað og byggt upp togaraflota sinn. Alla forystu um tilraunir í sjávarútvegi og markaðsöflun hefur því miður skort. Í öllu peningaflóðinu bjuggu undirstöðuatvinnuvegirnir við lánsfjárskort og óhæfilegan fjármagnskostnað. Verðbólgan hefur lamað þá og torveldað alla uppbyggingu. Innlend iðnfyrirtæki hafa þurft að keppa við óheftan innflutning erlendra iðnaðarvara og hafa oft ekki staðizt þá samkeppni, sem ekki er heldur von, þegar tillit er tekið til aðbúnaðar þeirra og vaxandi verðbólgu, sem vart hefur átt sinn líka í nálægum löndum. Þess vegna hefur tilfinnanlegur samdráttur átt sér stað í ýmsum iðnaði. Í iðnaðinum hefur heldur ekki verið mörkuð nein heildarstefna, þar hefur skort forystu af hálfu ríkisvaldsins.

Það er einnig ýmislegt annað í stjórnarfarinu, sem gagnrýna má. Í skjóli hins langa valdatíma núverandi stjórnarflokka hefur ýmiss konar óþarfur gróður þrifizt. Þenslan í stjórnarkerfinu hefur verið úr hófi fram. Þar hefur ýmiss konar óþrifnaður liðizt. Þar þyrfti víða að gera hreint. Hér gildir gamla reglan, að eftir höfðinu dansa limirnir. Það er sitthvað aðfinnsluvert á æðstu stöðum, bæði að því er varðar starfsháttu og meðferð á fjármunum. Ég hef t. d. gagnrýnt þann ósið, sem hér tíðkast, að ráðh. sitji í ýmsum stjórnarnefndum, sjóðsstjórnum og úthlutunarnefndum, sem þeir eiga svo að hafa yfirumsjón með. Augljóst er, hve óheppilegt það er, að ætla þeim að vera dómendur um eigin gerðir. Í mörgum þessara stjórna eru þeir meira að segja formenn. Ég gæti nefnt þessar n. og ráðh. þá, er þar sitja. Það ætla ég þó ekki að gera að þessu sinni, enda býst ég við, að flestir eigi auðvelt með að finna dæmin. Ég hygg, að slíkir starfshættir tíðkist ekki annars staðar, að minnsta kosti ekki í nálægum löndum. Þessum leiðinlegu og varhugaverðu starfsháttum þarf að breyta. En þó að margt megi gagnrýna, og það með réttu, eru það þó efnahags- og atvinnumálin, sem yfirskyggja allt annað. Þau mál eru sú undirstaða, sem framfarir í þjóðfélaginu á öðrum sviðum verða að byggjast á. Sé sú undirstaða veik, er ekki góðs að vænta á öðrum vettvangi. Þess vegna er ekki óeðlilegt, að mönnum verði tíðrætt um ástand efnahags- og atvinnumálanna, og þess vegna mun ég fyrst og fremst fjalla um þau.

Ástæðurnar til erfiðleika í efnahags- og atvinnumálum eru efalaust margar og margvíslegar. Að sjálfsögðu er lækkun útflutningsteknanna veigamikill þáttur. Ég held samt, að veigamesta undirrót vandans sé röng stjórnarstefna eða réttara sagt stjórnleysi. Það hefur ekki verið höfð nægileg stjórn á þeim málefnum, sem ríkisvaldið þarf að hafa tök á. Við getum ekki samið okkur að háttum háþróaðra iðnaðarþjóða. Það er sjálfsagt að hafa svo mikið frjálsræði sem við höfum efni á, en frelsi án takmarkana er stjórnleysi, það er engum til góðs, nema kannske þeim sterkasta í þann og þann svipinn. Frelsisglamrið hefur óneitanlega slegið ryki í augu þjóðarinnar, en ætli hún sé ekki að átta sig á hinu rétta samhengi hlutanna. Það held ég. Menn sjá nú fyrir sér afleiðingar óstjórnarinnar. Samdrátt og stöðvun í atvinnurekstri, atvinnuleysi, fjárskort til framkvæmda, getuleysi til atvinnuuppbyggingar og gegndarlausa skuldasöfnun. Stjórnarherrar segjast bara blása á þessar staðreyndir, en þær haggast bara ekki hætishót við allan þeirra blástur, það þarf meiri blásara,

meira en núverandi ráðamenn til að dreifa skýjaþykkni erfiðleikanna.

Við framsóknarmenn höfum án afláts gagnrýnt stjórnarstefnuna í þessum efnum og varað við afleiðingum hennar. Við höfum krafizt stefnubreytingar, við höfum bent á nýjar leiðir og ný úrræði. Ekkert er því meira öfugmæli en það að telja okkur samábyrga fyrir því, hvernig komið er, að setja alla stjórnmálaflokkana á sama bekk. Við framsóknarmenn höfum verið í stjórnarandstöðu s. l. 10 ár. Við eigum engan hlut að þeirri stefnu, sem fylgt hefur verið. Stefna okkar í efnahags- og atvinnumálum hefur ekki enn verið reynd í framkvæmd, okkar úrræði eru enn óreynd. Stefnu okkar höfum við nánar skýrt og útfært með flutningi þingmála, ekki sízt á þessu þingi. Við höfum t. d. markað stefnu okkar í atvinnu-, uppbyggingar-, fjárfestingar-, innflutnings- og gjaldeyrismálum í frv. okkar um atvinnumálastofnun o. fl. Þar er lagt til, að atvinnumálastofnun, sem skipuð skal fulltrúum atvinnulífsins, verði falin heildarstjórn þessara höfuðþátta efnahagslífsins. Hún á fyrst og fremst að hafa forystu um eflingu atvinnulífsins. Hún skal semja áætlanir um framtíðarþróun atvinnuveganna, marka stefnu í atvinnumálum og hafa forgöngu um gerð framkvæmdaáætlana. En hún á ekki að láta sitja við áætlanir, henni ber einnig að beita sér fyrir atvinnuöryggi í öllum byggðarlögum landsins. Áætlanir og framkvæmdir eiga þannig að haldast í hendur. Raunhæfar framkvæmdaáætlanir verða ekki gerðar nema stjórn sé jafnframt höfð á fjárfestingu. Fjárráðin eru takmörkuð, og það er ekki hægt að gera allt í einu. Það verður að veita þjóðhagslega nauðsynlegum framkvæmdum forgang. Atvinnuuppbygging og fjárfestingarstjórn eru því samtvinnaðar. Það er staðreynd, að framkvæmdir hafa ekki verið nægilega skipulagðar á ýmsum sviðum á undanförnum árum, þess vegna hefur sitt hvað verið framkvæmt, sem að skaðlausu hefði mátt bíða, en á hinn bóginn hefur skort fjármagn og stundum einnig vinnuafl til framkvæmda, sem bráðnauðsynlegar voru fyrir þjóðarheildina. Hið algera stjórnleysi í fjárfestingarmálum hefur leitt til vaxandi verðbólgu og versnandi samkeppnisaðstöðu útflutningsatvinnuveganna. Þessu þarf að breyta, það þarf að taka upp heildarstjórn á fjárfestingu, en slík stjórn á vitaskuld aðeins að ná til meiri háttar framkvæmda, því að í þessu efni má ekki fara út í neinar ofstjórnaröfgar. Á þessum sjónarmiðum er byggt í nefndu frv. Samkvæmt frv. okkar er atvinnumálastofnuninni einnig falin heildarstjórn innflutnings- og gjaldeyrismála. Sú stjórn á fyrst og fremst að vera fólgin í setningu almennra reglna. Það er ekki ætlun okkar, að tekið sé upp almennt leyfakerfi í þeirri mynd, sem áður tíðkaðist. Allt tal í þessu sambandi um höft er því út í hött. Aðeins er lagt til, að höfð sé nauðsynleg stjórn á þessum málum. Reynsla undanfarinna ára sýnir, að við höfum ekki ráð á algjöru handahófi í þessum efnum. En ég trúi því, að hér sé unnt að fara skynsamlegan meðalveg á milli ofstjórnar annars vegar og algjörs skipulagsleysis hins vegar. Við verðum að hafa þá stjórn á þessum málum, að við getum hagað gjaldeyrisnotkun og innflutningi í samræmi við gjaldeyrisöflun og þarfir framleiðslunnar og atvinnulífsins.

Af öðrum till. okkar á Alþ. vil ég nefna þessar: Að tilteknum fyrirtækjum sé veittur greiðslufrestur; að lausaskuldum atvinnuveganna sé breytt í föst lán og skuldaskil framkvæmd í vissum tilvikum. Að tollar af framleiðslutækjum, hráefnum og rekstrarvörum séu lækkaðir eða felldir niður. Að vextir af stofnfé og rekstrarlánum atvinnuveganna séu lækkaðir og söluskattur á lífsnauðsynjum verði lækkaður eða felldur niður. Þá höfum við og flutt sérstaka till. um eflingu iðnaðarins. Þar er m. a. lagt til, að mörkuð sé heildarstefna í málefnum iðnaðarins. Að sérstök lánafyrirgreiðsla sé veitt þeim iðnfyrirtækjum, sem keppa við erlend fyrirtæki, sem bjóða greiðslufresti, og komið á fót sérstöku útflutningslánakerfi. Að rekstrarlán til iðnaðar verði veitt með hliðstæðum hætti og til annarra atvinnugreina. Að felldur verði niður innflutningur iðnaðarvara á þeim sviðum, þar sem vörur til sömu notkunar eru framleiddar hér á landi með atvinnulega hagkvæmum árangri, og íslenzk fyrirtæki látin framkvæma þau verk, sem þau eru fær um að annast, þannig að talizt geti þjóðhagslega hagkvæmt. Að tryggt sé, að smíði fiskiskipa og flutningaskipa verði haldið áfram og aukin í landinu, og jafnframt verði hafin smíði fiskiskipa á vegum ríkisins með það fyrir augum að efla og endurnýja þann fiskiskipastól, sem einkum aflar hráefnis fyrir hraðfrystihúsin. Fleiri mál mætti tína til, en tíminn leyfir það ekki.

Allar þessar till. hafa það markmið að bæta stöðu atvinnuveganna og stuðla að atvinnuöryggi, en það er einmitt megininntak stefnu okkar, að íslenzkum atvinnuvegum verði tryggður rekstrargrundvöllur með gerbreyttri stefnu á sviði fjármála. Jafnframt þarf að vinna markvisst að því að gera framleiðsluvörurnar fjölbreyttari og verðmætari með fullvinnslu þeirra og aukinni vöruvöndun. Enn fremur þarf að leggja aukna áherzlu á markaðsöflun og sölumennsku. Ég held, að þetta séu ein þýðingarmestu verkefnin í náinni framtíð og reyndar miklu mikilvægari en sumt af því, sem hærra ber í stjórnmálaumr. Ég held, að það sé orðið tímabært að taka allt sölufyrirkomulag útflutningsframleiðslunnar til rækilegrar endurskoðunar.

Af öðrum þeim aðgerðum í fjármálum, sem við teljum nauðsynlegar og leggjum áherzlu á, vil ég aðeins nefna þessar: Að tekjuöflun ríkisins sé endurskoðuð í því skyni, að hún komi niður á réttlátari hátt, og að óbeinir skattar leggist meira á óþarfa eyðslu en nú á sér stað. Að erlendar lántökur takmarkist við arðvænlegar framkvæmdir í þeim skilningi, að þær standi undir sér gjaldeyrislega séð, annaðhvort með gjaldeyrisöflun eða tilsvarandi sparnaði í innflutningi. Að áherzla sé lögð á sparnað, ekki aðeins hjá ríkinu og opinberum stofnunum, heldur einnig hjá einstaklingum og fyrirtækjum.

Framkvæmd þeirrar stefnu, sem nú hefur lítillega verið lýst, mundi bæta stöðu atvinnuveganna, treysta grundvöll atvinnulífsins og tryggja atvinnuöryggi. Jafnframt ættu lífskjör smám saman að geta farið batnandi. En þetta getur ekki gerzt í einu vetfangi. Það kostar mikið átak, sem ekki verður gert, án þess að neinn finni fyrir. Eigi að koma þjóðarskútunni aftur á réttan kjöl, verða menn að leggja hart að sér. Úr því sem komið er, verða erfiðleikarnir ekki yfirstignir án fyrirhyggju, sjálfsafneitunar og styrkrar stjórnar. Á það vil

ég leggja áherzlu. Ég kæri mig ekki um að reyna að blekkja neinn til fylgis á fölskum forsendum eða með loforðum, sem ekki er hægt að standa við. Ég vil því ekki lofa neinum gulli eða grænum skógum. Ég undirstrika, að menn verða að vinna vorverkin áður en uppskeru má vænta. En verði stefna Framsóknarfl. tekin upp, verður *siglt í rétta átt, og þá mun fljótlega fara að* birta til í efnahagslífi og atvinnumálum þjóðarinnar. Þess vegna er það höfuðnauðsyn að sameina um hana öll þau öfl, sem álíta, að stefna núverandi stjórnar sé röng og hafi misheppnazt og muni leiða til enn meiri ófarnaðar, ef áfram er haldið. Þeir menn, sem þannig líta á og í höfuðatriðum geta fallizt á þessa stefnu, þurfa að taka höndum saman. Smásmuguleg sjónarmið mega ekki standa því í vegi. Kjörorð þeirra manna á að vera samstarf, en ekki sundrung. Sundrung í þeirra röðum má ekki verða lífakkeri stjórnarflokkanna. – Góða nótt.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Góðir áheyrendur. Um langt skeið hafa eldhúsumræður frá Alþ. að mestu leyti verið þras um dægurmál, ásakanir og jafnvel brigzl, þar sem staðhæfing hefur staðið gegn staðhæfingu. Eflaust hefur almenningur oft átt erfitt að átta sig á, hvað væri satt og hvað ekki. Einhver hlaut að fara með rangt mál. En hver var það? Oft og einatt hefur niðurstaðan í huga hlustanda orðið sú, að hann hefur kosið að trúa flokksbræðrum sínum, en telja andstæðinga halla réttu máli. Umr. af þessu tagi eru Alþ. ekki til sóma, og þær eru þjóðinni ekki til gagns. Allra sízt geta slíkar umr. orðið Alþ. til sóma og þjóðinni til gagns nú, eins og horfir í íslenzku þjóðlífi. Þau orð, sem ég mæli hér í kvöld fyrir hönd Alþfl., verða því ekki framlag til slíkra umr. Þá stund, sem ég hef til umráða, mun ég nota til þess að ræða við hlustendur um þann mikla vanda, sem þjóðinni er á höndum. Annars vegar þann vanda, sem áföll undanfarinna tveggja ára hafa valdið okkur, og hins vegar viðfangsefnin, sem við munum þurfa að glíma við næstu ár og áratugi. Ég álít það mikilvægara en að stæla við stjórnarandstöðuna um málflutning hennar. Og ég vona, að með þessu móti geri ég þeim, sem á þessar umr. hlýða, meira gagn. Ef mér tækist að bregða nýju ljósi á einhvern þátt þess vanda, sem við er að etja, í huga einhvers samherja eða einhvers andstæðings, þá er tilganginum náð.

Ef við hverfum um 7 áratugi aftur í tímann, til aldamótanna s. l., og virðum fyrir okkur íslenzkt þjóðfélag eins og það var þá, verður fyrir okkur mynd, sem er svo ólík þeirri, sem við okkur blasir í dag, að næstum ótrúlegt hlýtur að teljast. Íslendingar voru þá meðal fátækustu þjóða á Vesturlöndum. Þeir voru ófrjáls þjóð. Þeir áttu næstum engin tæki til þess að hagnýta helztu auðlindir Íslands, fiskimiðin umhverfis landið. Hér var engin verksmiðja, engin höfn, varla nokkur vegur, örfá hús úr steini. Reykjavík var verzlunarþorp, hálfdanskt að talsverðu leyti. Á 7 áratugum hafa Íslendingar eignazt svo að segja allt það, sem við sjáum nú í kringum okkur: framleiðslutækin, orkuverin, skólana, vegina, sjúkrahúsin, íbúðirnar. Á 7 áratugum hafa Íslendingar komið á fót þjóðfélagi með lífskjörum, sem eru svipuð því, sem gerist í ríkjum Vestur-Evrópu. Þeir hafa mótað þjóðfélag sitt samkv. sjónarmiðum, sem kennd eru við velferðarríki. Menntun þjóðarinnar er eins og hún gerist bezt í nálægum ríkjum og menningarlíf er mjög fjölskrúðugt. Mér er til efs, að jafnhröð þróun hafi gerzt í nokkru nálægu landi á jafnskömmum tíma. Ef hér hefði ekki aðeins verið um að ræða örlög 100—200 þús., heldur 100—200 millj., er ég sannfærður um, að þessi þróun hefði verið talin til veraldarsögu, en heimurinn lætur sig litlu varða örlög fámenns hóps manna norður við heimsskaut, þótt hann sé þjóð og búi í sjálfstæðu ríki. Þess vegna hefur það, sem hér hefur gerzt, ekki talizt til veraldarsögu. En merkilegt er það engu að síður.

Hér mun ég enga tilraun gera til þess að skýra, hvernig þetta gat gerzt. Á þær staðreyndir vil ég þó minna, að í upphafi aldarinnar gerðist svo að segja samtímis það þrennt, að æðsta framkvæmdavaldið í *málefnum þjóðarinnar fluttist inn í landið*, er fyrsti ráðherrann var gerður ábyrgur gagnvart Alþingi, að landið fékk eigið peningakerfi, þegar fyrsti seðlabankinn, Íslandsbanki, var stofnaður, og að togaraútgerð var hafin á Íslandi. Þjóðin vélvæddist á ótrúlega skömmum tíma. Í því sambandi má það ekki gleymast, að þótt Íslendingar væru fátækir um aldamótin, voru þeir ekki ómenntaðir. Þótt bændurnir og fiskimennirnir hefðu lítið til hnífs og skeiðar, voru þeir bæði vel að sér og vel greindir. Þeir löguðu sig þess vegna að nýjum atvinnuháttum með ótrúlegum hraða og gerðu með því móti öra atvinnubyltingu mögulega, örari atvinnubyltingu en saga annarra þjóða kann frá að greina.

Enginn vafi getur leikið á því, að þær efnahagsframfarir, sem hér hafa orðið á þessari öld, eiga fyrst og fremst rót sína að rekja til þess, að Íslendingum hefur tekizt að ná miklum afköstum við hagnýtingu auðugra fiskimiða sinna umhverfis landið, bæði með mikilli tækni við veiðarnar sjálfar, en ekki síður með mikilli verkkunnáttu á því sviði, og með fullkomnum vinnslustöðvum í landi. Framleiðni íslenzks sjávarútvegs hefur verið miklu meiri en nokkurrar annarrar atvinnugreinar, sem hér hefur verið stunduð, og eflaust meiri en sjávarútvegs nokkurs annars lands. Ef við eigum að skilja sögu okkar, ef við eigum að átta okkur á vandamálum okkar í dag og ráða við viðfangsefni framtíðarinnar, verðum við að gera okkur þess skýra grein, að núverandi lífskjör okkar eigum við fyrst og fremst því að þakka, að sjávarútvegur þjóðarinnar hefur dregið meiri björg í bú, það sem af er þessari öld, en nokkur önnur atvinnugrein landsmanna og sjávarútvegur nokkurrar nálægrar þjóðar. Auðvitað hafa ýmsa aðrar greinar atvinnulífsins reynzt arðbærar og þó einkum *ýmsar greinar iðnaðar sem og orkuframleiðsla*. Og sömuleiðis hefur verzlunin, eftir að hún fluttist á innlendar hendur, ásamt siglingum á legi og í lofti reynzt þjóðinni hagstæð. En hér eins og í öðrum iðnaðarþjóðfélögum hefur landbúnaður ekki reynzt þess megnugur að veita fólki svipuð lífskjör og aðrar atvinnugreinar án þess, að sérstakar ráðstafanir kæmu til þrátt fyrir stórfelldar framfarir. Hefur þjóðfélagið því hér eins og í nálægum iðnaðarlöndum orðið að styrkja landbúnaðinn með ýmsum hætti.

En þótt þróunin í sjávarútveginum hafi verið þjóðinni mjög hagstæð, þegar á heildina er litið og öldina

alla, þá hefur hún verið mjög skrykkjótt, eins og við er að búast um atvinnuveg, sem er annars vegar háður náttúruaðstæðum, þ. e. a. s. fiskgöngum og veðurfari, og framleiðir hins vegar matvæli. Þá hafa orðið mikil áraskipti á afkomu hans, miklar sveiflur á skerfi hans til þjóðarbúsins. Þetta höfum við Íslendingar fengið að reyna öldina alla. Einna skýrust hefur þó reynslan af þessu orðið nú á þessum áratug.

Á árunum 1960—1966 meira en tvöfaldaðist sjávaraflinn, en minnkaði aftur niður í sama magn og áður á árunum 1967 og 1968. Gjaldeyristekjur þjóðarinnar jukust um 66% á árunum 1963—1966, en minnkuðu svo að segja jafnmikið aftur á árunum 1967 og 1968. Það, sem áunnizt hafði í 4 miklum góðærum, tapaðist allt aftur í tveimur harðærum. Í góðærinu fór saman aukinn afli og hækkað verð. Í harðærinu fór aftur saman aflaminnkun og lækkað verð. Fyrr á öldinni vó stundum verðhækkun á móti aflabresti og aukinn afli á móti verðlækkun. Á þessum áratug hefur tilviljunin hagað málum svo, að sveiflur í afla og verði fylgdust að, bæði upp á við og niður á við. Þetta hefur gert vandann enn torleystari en ella. Hagnaði góðæranna var ráðstafað til kjarabóta almennings, til aukinnar fjárfestingar og myndunar gjaldeyrisvarasjóðs. Í harðærinu, sem við búum enn við, en erum vonandi að komast út úr, hafa lífskjör rýrnað, fjárfesting hefur minnkað og gjaldeyrisvarasjóðurinn hefur verið notaður. Aðalráðstafanirnar, sem gripið hefur verið til vegna harðærisins, eru tvær gengislækkanir. Nálægar þjóðir, sem þurft hafa að glíma við sams konar erfiðleika, enda þótt þeir hafi hvergi nærri verið eins stórfelldir og hér á landi, svo sem Finnar og Bretar, hafa gripið til sams konar ráðstafana.

Tilgangur gengisbreytinganna hefur verið tvíþættur. Annars vegar hefur verið þar um að ræða aðferð til þess að draga úr notkun erlendrar vöru og þjónustu og mæta þannig lækkun tekna af útflutningi. Hins vegar hefur verið um að ræða aðferð til þess að hleypa nýju fjöri í útflutningsframleiðsluna og auka útflutningstekjur. Óhætt er að segja um gengisbreytingarnar, að þær hafi í aðalatriðum náð tilgangi sínum. Innflutningur hefur orðið mun minni en ella hefði orðið og útflutningur hefur aukizt. Áhrif síðari gengisbreytingarinnar og góðrar vertíðar, sem reynzt hefur unnt að hagnýta hennar vegna, hafa enn fremur orðið til þess að draga mjög úr atvinnuleysinu, sem minnkun þjóðarframleiðslunnar hafði valdið. Sú verðlagshækkun, sem orðið hefur vegna gengisbreytinganna, hefur hins vegar valdið kjaraskerðingu hjá þjóðinni. En hjá henni var að sjálfsögðu ógerningur að komast. Aflabresturinn og verðfallið jafngiltu kjaraskerðingu. Spurningin var um það eitt, í hvaða mynd þjóðin ætti að taka hana á sig. Gengisbreytingarnar voru aðferð til þess að hún tæki hana á sig með minnkaðri notkun erlendrar vöru og erlendrar þjónustu, en ekki innlendrar vöru og þjónustu. Þetta var tvímælalaust skynsamlegt. Nú er um að gera að vinnudeilurnar, sem yfir standa, verði ekki leystar á þann hátt, að jákvæðum árangri gengisbreytinganna sé stefnt í hættu. Það á að vera unnt að bæta kjör láglaunafólks frá því, sem verið hefur. En Íslendingar eru áreiðanlega svo þroskaðir, að þeir geri sér grein fyrir því, að reyni allir að fá jafnmikla kauphækkun, verður það til þess, að í reynd fær enginn neitt.

En það er ekki nóg að hafa gert þær ráðstafanir, sem gerðar hafa verið gegn afleiðingum áfallanna og leysa vinnudeilurnar með ábyrgum hætti. Ef okkur tekst þetta eins og allir góðviljaðir menn hljóta að vona, þá höfum við að vísu komizt klakklaust yfir þá boða, sem á þjóðarskútunni hafa brotnað undanfarin tvö ár, en á næstu árum og áratugum bíður þjóðarinnar mikill vandi. Meginþættir hans eru tveir.

Hinn fyrri er sá, að þótt sjávarútvegur verði án efa um langa framtíð aðalatvinnuvegur Íslendinga og sá atvinnuvegur, sem gefur þjóðarbúinu mest í aðra hönd, þá getum við samt ekki vænzt þess, að sjávarútvegurinn geti á næstu árum og áratugum staðið undir jafnörum framförum og jafnmikilli kjarabót og hann hefur gert, það sem af er öldinni. Þetta á ekki rót sína að rekja til þess, að hætta sé á því, að sjávarafli minnki eða stöðvun verði í tækniframförum í sjávarútvegi. Þetta á í fyrsta lagi rót sína að rekja til þess, að sjávarútvegurinn byggist á hagnýtingu takmarkaðra náttúruauðlinda. Með skynsamlegum ráðstöfunum getum við að vísu drýgt okkur þessar auðlindir og nýtt þær æ betur. En við getum ekki aukið þær beinlínis til samræmis við vöxt þjóðarinnar og óskir hennar um batnandi lífskjör. Í öðru lagi á þetta rót sína að rekja til þess, að sjávarútvegur þeirra þjóða í Austur-Evrópu og öðrum heimshlutum, sem skemmra eru á veg komnar á þróunarbraut á þessu sviði en við, fer nú ört vaxandi. Jafnframt hafa iðnaðarþjóðirnar mætt harðnandi samkeppni á fiskmörkuðum með sívaxandi styrkveitingum til þessarar atvinnugreinar, sem hjá þeim er aukaatvinnugrein. Sívaxandi afköst iðnaðarins gera það kleift að styrkja sjávarútveginn. Þessar þjóðir hafa eins og við styrkt landbúnað sinn. Nú eru þær teknar að styrkja sjávarútveg sinn með hliðstæðum hætti. Það getum við ekki gert, enda er sjávarútvegur aðalatvinnuvegur Íslendinga og mikil afköst hans gera okkur kleift að veita öðrum atvinnugreinum nauðsynlega aðstoð. En íslenzkur sjávarútvegur verður nú í vaxandi mæli að keppa á heimsmarkaði, annars vegar við vaxandi framleiðslu þjóða, sem eru á eftir okkur og iðnaðarþjóðunum á þróunarbrautinni, en hins vegar við afurðir sjávarútvegs iðnaðarþjóða, sem styrkja sjávarútveg sinn í vaxandi mæli. Hætta er á, að þannig verði þetta á næstu árum og áratugum. Þetta eru ný viðhorf og þetta eru skýringarnar á því, að við getum ekki búizt við því, að sjávarútvegur geti á næstu árum og áratugum orðið jafntraust undirstaða framfara og kjarabóta og hann hefur verið á undanförnum áratugum.

Síðari þáttur vandans, sem ég gat um, að biði okkar á næstu árum og áratugum, er fólginn í því, að við þurfum nú og á næstu árum að sjá miklu fleira nýju fólki á vinnumarkaðinum fyrir arðbærri atvinnu. Fyrir 10 árum fjölgaði fólki á vinnumarkaðinum árlega um 1000 manns. Nú fjölgar því árlega um 1800 manns eða 80% hærri tölu. Það verður eitt meginviðfangsefni næstu ára og áratuga að búa þessu fólki góð atvinnuskilyrði, atvinnuskilyrði, sem bæta kjör og efnahag þjóðarinnar ekki minna en þau hafa batnað á undanförnum áratugum og helzt meira. En í hvaða atvinnugreinum á að fá þessu unga fólki atvinnu? Kjarni þess, sem ég var að

segja áðan, var sá, að við getum ekki búizt við því, að sjávarútvegur hafi framvegis arðbær verkefni handa öllu þessu fólki. Í landbúnaði getur það ekki fengið hagkvæm verk að vinna. Allar framsæknar iðnaðarþjóðir stefna að því að fækka fólki við landbúnaðarstörf án þess, að framleiðslan minnki. Það verður einnig að vera stefnan hér. Í viðskiptum, við samgöngur og þjónustustörf verður eflaust þörf fyrir aukinn mannafla á næstu árum og áratugum eins og í öllum þjóðfélögum, þar sem lífskjör fara batnandi. En hvorki væri unnt né hagkvæmt að hagnýta allt hið nýja vinnuafl á þessum sviðum. Enn einn vettvangur er eftir: iðnaður. Iðnaðarframleiðsla getur eflaust aukizt talsvert með batnandi efnahag. En útilokað er þó, að iðnaðarframleiðsla fyrir innanlandsmarkað geti tekið við öllu nýja vinnuaflinu. Að auki er þörf á nýrri framleiðslu til gjaldeyrisöflunar, útflutningsiðnaði, er geti veitt hinu nýja vinnuafli arðbæra atvinnu og stuðlað jafnframt að því ásamt sjávarútveginum, að gjaldeyrisöflun haldi áfram að aukast.

Nú vita allir, að í markaðsmálum heimsins hefur myndun viðskiptasamtaka af ýmsu tagi skipt æ meira máli á undanförnum árum. Um 40% utanríkisviðskipta okkar Íslendinga eru við lönd, sem bundizt hafa viðskiptasamtökum, Fríverzlunarsamtökunum eða EFTA. Þessi lönd hafa afnumið tolla og höft í innbyrðis viðskiptum sínum með iðnaðarvörur, en þeir, sem selja vilja iðnaðarvörur til þessara landa, verða að greiða toll. Ef nýr útflutningsiðnaður á að geta komizt á fót á Íslandi, verður hann að geta selt afurðir sínar tollfrjálst á stórum mörkuðum, annars gæti hann ekki orðið samkeppnisfær. Þessi staðreynd gerir hugsanlega aðild okkar að Fríverzlunarsamtökunum að því framtíðarmáli, sem hún er í raun og veru. Við viljum jafnframt losna við ýmsa tolla og hömlur á útflutningi íslenzkra sjávarafurða til landa Fríverzlunarsamtakanna, en við mundum ekki losna við tolla og hömlur á öllum okkar útflutningi og við yrðum smám saman að lækka verndartolla okkar. Kjarni alls þessa máls er samt, að ef við tryggjum okkur ekki tollfrjálsan aðgang að einhverjum stórum markaði, þá getum við engar vonir gert okkur um að geta komið á fót útflutningsiðnaði í landinu. Nýr útflutningsiðnaður er hins vegar helzta og haldbezta ráðið til þess að sjá hinu sívaxandi vinnuafli fyrir arðbærri atvinnu. Þetta er að mínu viti viðfangsefni næstu ára og áratuga í hnotskurn. Menn geta pexað eins mikið og þeim sýnist um það, sem hefur verið gert, sem hefur verið að gerast á undanförnum árum, hvort þessi eða hin ráðstöfunin hafi verið rétt eða röng, hver beri ábyrgð á þessu eða hinu. En þeir, sem ekki hafa hugleitt þann vanda, sem bíður, þeir, sem tala ekki um hann og hafa enga hugmynd um, hvernig honum eigi að mæta, þeir hafa í raun og veru ekki áttað sig á kjarna íslenzkra efnahagsmála og stjórnmála næstu ár og áratugi.

Alþfl. hefur nú starfað í meira en hálfa öld. Enginn sanngjarn maður mun bera á móti því, að spor hans sjáist víða í íslenzku þjóðfélagi og yfirleitt til góðs. En Alþfl. hefur aldrei numið staðar í fortíðinni og mun aldrei gera. Hann hefur ávallt viljað helga krafta sína samtíð og framtíð jöfnum höndum. Hann áttar sig á, að tímarnir eru alltaf að breytast, að ný vandamál krefjast nýrra úrræða. Hann hefur aldrei orðið kreddubundinn, aldrei látið bókstafstrú og kennisetningar móta viðhorf sitt, heldur skynsamlegt mat á viðfangsefnum. Þetta hefur valdið því, að kreddutrúarmenn í efnahagsmálum og stjórnmálum hafa oft á tíðum talið Alþfl. bregðast gömlum hugsjónum. Hið sama hafa frjálslyndir og framfarasinnaðir jafnaðarmannaflokkar í nágrannalöndunum fengið að heyra. Alþfl. mun ávallt halda fast við þá hugsjón sína að styðja þá, sem höllum fæti standa í þjóðfélaginu, að efla réttlæti, treysta lýðræði, bæta menntun, en hann er ekki þeirrar skoðunar, að leiðin að þessu marki sé hin sama nú og fyrir aldarfjórðungi, né heldur að hún muni verða hin sama eftir aldarfjórðung. Hann mun hverju sinni fylgja þeirri leið, sem hann telur líklegasta til árangurs og vinna með þeim flokki eða flokkum, sem hann telur sig geta náð beztum árangri með.

Alþfl. vill heyja baráttu sína með rökum. Hann mun ekki láta nein hróp hræða sig af þeirri braut, sem hann álítur rétta. Hann óskar samstarfs við þá og liðveizlu þeirra, sem leysa vilja vandamál samtíðarinnar af ábyrgðartilfinningu og hugsa um viðfangsefni framtíðarinnar af skynsemi. Ég held, að þeir séu margir í öllum stjórnmálaflokkum og utan stjórnmálaflokkanna, sem eru búnir að fá nóg af upphrópunum og æsingum, af ábyrgðarleysi og kröfum til annarra en sjálfra sín. Þetta er fólkið, sem Alþfl. setur traust sitt á. Þetta er fólkið, sem hann talar til. Það er fólkið, sem hann óskar samvinnu við. — Þökk þeim, sem hlýddu.

Jón Þorsteinsson: Herra forseti. Góðir hlustendur. Áður en þessu þingi lýkur, verður væntanlega samþ. ný löggjöf um Stjórnarráð Íslands. Í þessari löggjöf felast m. a. þau nýmæli, að eitt og sama ráðuneyti verður að heyra óskipt undir einn og sama ráðh., og er það allmikil breyt. til bóta frá því sem nú tíðkast. Af lagasetningunni mun því óhjákvæmilega leiða, að breyta verður starfaskiptingu með ráðh. Flokkarnir, sem að ríkisstj. standa, ættu að íhuga vandlega, hvort eigi skuli nota þetta tilefni til að endurskipuleggja ríkisstj., svo að hún geti á ferskari og þróttmeiri hátt tekizt á við þau viðfangsefni, sem við blasa næstu misserin.

Undanfarin tvö ár höfum við glímt við stórfellda efnahagskreppu, sem yfir okkur skall vegna utanaðkomandi atvika. Margt bendir nú til, að í þeirri viðureign sé nú undanhaldinu lokið, og unnt sé að hefja sókn á ný, ef við berum gæfu til að setja niður magnaðar deilur um skiptingu þjóðarteknanna. Alvarlegasta afleiðing efnahagskreppunnar var hið mikla atvinnuleysi í vetur, en lífskjaraskerðingu af völdum þess var að nokkru mætt með hækkuðum atvinnuleysisbótum og rýmkun bótaréttar. Á árinu 1968 var sjávarafli rýr og verð á afurðum okkar lækkaði enn á erlendum mörkuðum. Af þessum sökum rýrnuðu atvinnutekjur fjölda launþega og atvinnufyrirtæki í sjávarútvegi, sem er undirstaða þjóðarbúskaparins, urðu fyrir miklum tekjumissi. Þeir fjármunir, sem í meðalári eru notaðir til kaupa á vörum og þjónustu, til byggingar íbúða og til fjárfestingar í atvinnurekstri, voru skyndilega skertir að miklum mun. Afleiðingin var víðtækur samdráttur og atvinnuleysi.

Ríkisstj. stóð því frammi fyrir risavöxnum vanda, og

ekki bætti það úr skák, að samdrátturinn torveldaði mjög tekjuöflun ríkissjóðs og annarra opinberra sjóða, svo að ekki var unnt að standa við þau fyrirheit, sem áður höfðu verið gefin, hvað þá að hægt væri að veita viðbótarframlög til að bæta úr atvinnuástandinu. Peningaleysið bættist þannig ofan á atvinnuleysið. Stjórnarandstæðingar hrópuðu: Hvar er nú afrakstur góðu áranna? En þeir gleymdu því, að á góðu árunum sögðu þeir, að um engan afrakstur væri að ræða, vegna þess hve illa væri stjórnað. Það er þó lýðum ljóst, að ábati góðu áranna kom fram í betri lífskjörum þjóðarinnar, í nýjum atvinnutækjum og í gjaldeyrisvarasjóði, sem kom í góðar þarfir, þegar örðugleikarnir hófust. Eftir á að hyggja geta menn vitanlega sagt, að úrræði ríkisstj. í atvinnumálum hafi komið of seint. Hún hefði ekki átt að eyða svo löngum tíma í tilgangslausar viðræður um þjóðstjórn, en snúa sér fyrr að lausn efnahagsvandamálanna og taka fyrr upp viðræður við verkalýðshreyfinguna um atvinnumálin. Þannig hefði lánsfé, að upphæð 300 millj. kr., sem verja á til atvinnuaukningar, komið skjótar að gagni en raun varð á.

Hér er hægara um vik að gagnrýna en að gera betur. Hvað sem um þetta verður sagt, hlýtur ríkisstj. að gera sér vel ljóst, að það er frumskylda hennar að reyna allt, sem unnt er, til að halda uppi nægjanlegri atvinnu í landinu, og atvinnuleysi á borð við það, sem ríkti í vetur, má ekki endurtaka sig. En til þess að búa svo um hnútana þarf liðsinni fleiri aðila en ríkisstj. einnar.

Menn velta því gjarnan fyrir sér, hvort stjórnarandstaðan hefði staðið sig betur í þessum erfiðleikum en ríkisstj., ef stjórnarandstaðan hefði mátt ráða. Menn eru vitanlega ekki á eitt sáttir um þetta, enda ætíð nokkur vandi á höndum að bera saman orð stjórnarandstæðinga og athafnir ríkisstj. Að vísu virðist mér, sem Framsfl. hafi reynt upp á síðkastið að marka sér skýrari stefnu en áður. Samt sem áður er torvelt að átta sig á því, hvað flokkurinn raunverulega vill, og kemur þar tvennt til. Annars vegar er stefna flokksins sett fram með almennum orðum, þar sem allt yrði undir framkvæmdinni komið, en hins vegar álítur Framsfl. meginhluta örðugleikanna stafa af rangri stjórnarstefnu og telur sér naumast skylt að taka þátt í að leysa vandamál, sem aðrir hafi skapað. Þetta kom glöggt fram í sjómannadeilunni í vetur, sem ríkisstj. varð að lokum að leysa með lagasetningu. Framsfl. viðurkenndi nauðsyn þess að koma bátaflotanum af stað, en þar sem verkfallið væri ríkisstj. að kenna að hans dómi, en skýringin á því var æði langsótt, þá taldi Framsfl. sér óskylt að stuðla að lausn málsins og sat því hjá.

Hér á landi var einstaklega gott árferði ríkjandi og almenn velmegun á tímabili, sem hefst vorið 1964 og lýkur vorið 1967, eða um þriggja ára skeið. Á þessu tímabili var lítið um verkföll og vinnustöðvanir. Þjóðin bar þá gæfu til að leiða kjaradeilur að jafnaði til lykta, án þess að til framleiðslustöðvana kæmi. Á hinn bóginn tekst svo hörmulega til, að tvö síðustu árin, þegar harðnað hefur á dalnum og stórfelld efnahagsleg áföll hefur borið að garði, hafa þrívegis átt sér stað alvarlegar vinnustöðvanir, sem hafa veikt stöðu okkar ískyggilega, þegar sízt skyldi, og aukið á allan þann vanda, sem nægur var fyrir. Við þetta kunna svo að bætast á næstunni vinnustöðvanir á kaupskipaflotanum og togaraflotanum.

Fyrsta vinnustöðvun af þessu tagi var allsherjarverkfallið í marzmánuði í fyrra, er stóð í hálfan mánuð og lyktaði með samkomulaginu 18. marz. Gera má ráð fyrir, að í þessari deilu hafi 3—4% af þjóðartekjum okkar á árinu 1968 farið forgörðum. Samið var um skertar vísitöluuppbætur, er fyrst og fremst féllu láglaunafólki í skaut. Með þessari samningsgerð sýndu verkalýðsstéttirnar ábyrga afstöðu og tóku á sig sinn hluta byrðanna.

Næsta vinnustöðvun, sem hér skiptir máli, var svo sjómannaverkfallið í upphafi þessa árs, sem stóð í einn mánuð og lyktaði með því, að kjör yfirmanna á bátaflotanum voru lögfest, en skömmu áður höfðu samningar tekizt við háseta. Þetta verkfall átti drjúgan þátt í hinu mikla atvinnuleysi í upphafi ársins, því að starfsfólk fiskverkunarstöðva hafði engin verkefni meðan á verkfallinu stóð. Þessi deila sýndi glögglega, hversu alvarlegar afleiðingar vinnustöðvun getur haft fyrir afkomu fólks, sem utan við deiluna stendur. Að sjálfsögðu hefur verkfallið á bátaflotanum komið í veg fyrir verðmætasköpun í sjávarútvegi, sem nemur mörgum hundruðum millj. króna. Það sorglega við þessa vinnustöðvun var það, hversu lengi hún stóð, þar sem kröfur sjómanna voru nokkuð sanngjarnar, og í upphafi virtist ekki bera mikið á milli, en skýringin kann að felast í því, hversu seint deilunni var vísað til sáttasemjara.

Þá kem ég að þeirri víðtæku vinnudeilu, sem nú stendur yfir, þar sem brugðið hefur fyrir verkbönnum og keðjuverkföllum, er valdið hafa alvarlegum framleiðslutruflunum, þótt um almenna og varanlega vinnustöðvun hafi enn sem komið er ekki verið að tefla. Þessi deila er óvenjuerfið viðfangs. Með samkomulaginu 18. marz í fyrra var samið um skerta vísitölu eins og áður segir. Þannig var um samið, að skerðingin yrði mest á tímabilinu fram til 1. des. 1968, en eftir 1. des., á meðan samkomulagið væri í gildi, yrði vísitöluskerðingin minni. Launþegar áttu þannig von á að rétta hlut sinn nokkuð á árinu 1969, miðað við kjörin 1968, ef marz-samkomulagið hefði gilt áfram. Í ljósi hinnar miklu vísitöluhækkunar, sem leiddi af gengisfellingunni í nóv. s. l., geta verkalýðssamtökin líka bent á, að það sé meiri fórn af hálfu launþega að búa við skertar vísitöluuppbætur á tímum mikilla verðhækkana en þegar minni hreyfing er á verðlaginu. Frá sjónarhóli vinnuveitenda lítur málið hins vegar öðruvísi út. Þeir benda á, að hagur atvinnufyrirtækjanna, einkum í sjávarútvegi, hafi versnað að mun, frá því að marzsamkomulagið var gert á s. l. ári. Til þess að bjarga við málum hafi þurft nýja gengisfellingu í nóvembermánuði s. l. Þessi gengisfelling sé nægjanleg til þess að rétta hlut útflutningsatvinnuveganna, ef þeir þurfi ekki að borga hærra kaupgjald en áður. Aðrar atvinnugreinar geti heldur ekki tekið á sig kauphækkanir, nema hækka verð á framleiðsluvörum sínum og þjónustu innanlands og velta þannig kauphækkunarútgjöldunum af sér og yfir á landslýðinn, og komi þetta engum að gagni. En yfirleitt séu atvinnufyrirtækin þannig á vegi stödd, að þau geti ekki tekið að sér að greiða ofan á launin þær stórauknu vísitöluhækkanir, sem gengisfellingin hafði

framkallað. Verði þau til þess knúin, missi fyrirtækin samkeppnishæfni sína og það leiði einvörðungu til samdráttar og atvinnuskorts.

Vissulega má segja, að báðir deiluaðilar hafi nokkuð til síns máls, en í sjónarmiðum vinnuveitenda gætir þó alltaf tilhneigingar til að velta kauphækkunarútgjöldum með einhverju móti yfir á ríkið og þar með yfir á skattgreiðendur í landinu. Það er eftirtektarvert, að aldrei skuli eiga sér stað í kjaradeilu, að vinnuveitendur bjóðist til þess að taka á sig einhverja kauphækkun, sökum þess að þeir hafi bætt rekstur fyrirtækja sinna, enda ættu þeir þá örðugara með að senda bakreikning á ríkið eða verðlagsyfirvöldin. Vinnuveitendur ættu nú skilyrðislaust að ganga mjög langt til móts við kröfur verkalýðshreyfingarinnar í þessari vinnudeilu, sem síðustu dagana hefur tekið á sig form grunnkaupshækkunar í stað vísitölubóta. Þetta eiga atvinnurekendur að gera, annars vegar fyrir þá sök, að þeir hafa nú þegar sparað sér að greiða umkrafðar kaupgjaldshækkanir í 2½ mánuð, eða frá 1. marz, og hins vegar sökum þess, hve hinn mikli vertíðarafli hefur bætt hag hraðfrystihúsanna, en þau voru af efnahagssérfræðingum talin sú atvinnugrein, er örðugast ætti með að hækka launaútgjöld sín. Um þörf launþega í kjarabótum ætti ekki að þurfa að deila.

Ég lít á það sem þjóðarmein, hversu örðuglega okkur gengur að setja niður kjaradeilur og hversu oft þarf að grípa til langvarandi vinnustöðvana. Við verðum að reyna að komast fyrir rætur þessara meinsemda. Það hlýtur að vera ríkt hagsmunamál launþega, vinnuveitenda og þjóðarinnar í heild, að samkomulag í deilum um kjör og kaup verði reynt til þrautar, áður en gripið er til verkfalla og verkbanna með því margháttaða tjóni, sem af þessu hlýzt, svo sem atvinnuleysi, tekjumissi, gjaldeyristapi, spillingu verðmæta og fjárhagslegum áföllum. Til þess að vinna að þessu marki flutti ég í vetur frv. til l. um breytingar á vinnulöggjöfinni, sem miðar að því að tryggja sáttameðferð í tiltekinn tíma, áður en til vinnustöðvunar kemur, en á slíka sáttameðferð skorti mjög í vinnudeilunni í marzmánuði í fyrra og í sjómannadeilunni í vetur. Frv. miðar einnig að því að auka vald sáttasemjara með því að heimila honum að fresta vinnustöðvunum um tiltekinn tíma og með breyt. á reglum um atkvæðagreiðslur um miðlunartill. En í yfirstandandi vinnudeilu hefur það einmitt komið skýrt í ljós, að sáttasemjari og sáttanefnd hafa ekki nægilegt vald að baki sér til þess að knýja fram lausn. Það olli mér vonbrigðum, hversu frv. þetta hefur fengið daufar undirtektir á Alþ. Alþýðubandalagsmenn voru því andvígir eins og við var að búast, sjálfstæðismenn vildu vísa því til ríkisstj. með tilmælum um heildarendurskoðun á vinnulöggjöfinni, en slíkar fyrirætlanir um endurskoðun hafa jafnan runnið út í sandinn. Framsóknarmenn höfðu litinn áhuga á frv. og vildu vísa því frá með rökstuddri dagskrá. Það er vissulega ýmislegt fleira en breyt. á vinnulöggjöfinni, sem til þess er fallið að koma samskiptum vinnuveitenda og launþega í betra horf. Ég nefni sem dæmi aðild starfsmanna fyrirtækja að stjórn þeirra, sem skapað getur meiri samábyrgð um reksturinn og jafnframt leitt launþega í allan sannleik um það, hvers fyrirtækin séu raunverulega megnug. Íslenzka þjóðin hefur ekki ráð á því, allra sízt nú, að láta innbyrðis deilur um skiptingu þjóðarverðmætanna verða svo hatrammar, að framleiðslan stöðvist og stórfelld verðmæti fari í súginn. Minnumst þeirrar ráðleggingar, er skáldið gaf okkur:

„Litla þjóð, sem átt í vök að verjast,
vertu ei við sjálfa þig að berjast".
– Góða nótt.

Magnús Kjartansson: Herra forseti. Góðir hlustendur.

„Unz kyrrðin er allt í einu rofin: stjórnmálamennirnir eru farnir að öskra, það á að kjósa. Þetta óskemmtilega félag, sem ekki er hægt að losna við með neinum þekktum ráðum, en sú huggun ein, að vita það í fjarlægð, það hefur nú flutzt til okkar um stundarsakir. Ókvæðisorð þeirra og gagnkvæmar aðdróttanir um glæpi fylla þessa kyrrlátu orðvöru byggð."

Þannig lýsir Halldór Laxness í Atómstöðinni þingmálafundi í dalnum fyrir norðan, undir hnúkafjöllunum, og mér hefur oft komið í hug, hvort fólki finnist ekki við vera að gera hliðstæðan óskunda með því að troða okkur inn á friðsæl heimili með aðstoð útvarpsins, a. m. k. þau heimili, sem ekki eiga þess kost að horfa á Dýrlinginn í staðinn. Samt er hér á Alþ. verið að fjalla um mál, sem ráða úrslitum um daglegt líf manna og stétta og sjálfa framtíð þessa einkennilega þjóðfélags við nyrztu höf. Stjórnmálin eru engin sérmál okkar, sem atvikin hafa skolað inn á þing. Þau eru ekki einvörðungu fólgin í starfsemi flokka og boðskap stjórnmálablaða. Þau eru sjálf hin hversdagslega lífsbarátta fólksins í landinu, vandamál heimilanna, örlög einstaklinganna. Ef við kunnum ekki að halda þannig á þeim málum, að orð okkar nái hlustum fólksins í landinu, erum við vissulega „óskemmtilegt félag" í stofum manna. En þjóðin sjálf er engu betur á vegi stödd, ef hún hefur ekki raunverulegan áhuga og skilning á þjóðmálum, ef hún hefur ekki þrek og djörfung til þess að takast á við þau viðfangsefni, sem nú brenna á landsmönnum öllum.

Það eru stjórnmál, að Íslendingar hafa einir allra Evrópuþjóða lækkað gengi sitt sex sinnum eftir stríð, nú síðast tvívegis á einu ári, þar til verðmæti krónunnar er orðið að fimmeyringi. Þessi þróun er til marks um fjárhagslegt öngþveiti, sem leitt hefur til þess, að jafnt innlendir menn sem erlendir spyrja, hvort við höfum nægja stjórnvizku og manndóm til þess að vera sjálfstætt þjóðríki.

Það eru stjórnmál, að eftir mesta velmegunartímabil sögu okkar erum við skuldugasta þjóðfélag í víðri veröld. Skuldabyrði okkar er slík, að af hverri krónu, sem við öflum af gjaldeyrisverðmætum og flytjum út, verðum við að greiða 16 aura í vexti og afborganir af gamalli eyðslu. Heita má, að öll freðfiskframleiðslan fari í það í ár, eða ársafköst þúsunda verkamanna. Þegar viðreisnarstjórnin tók við fyrir 10 árum, kvað hún það vera eitt brýnasta verkefni sitt að létta greiðslubyrði þjóðarinnar, því að hún væri að nálgast 10% af gjaldeyristekjunum og 10% væru hámark þess, sem fullvalda þjóð gæti risið undir. En eftir þann áratug, þegar þjóðinni áskotnuðust í gjaldeyri nær 20 milljarðar kr. umfram það, sem orð-

ið hefði í meðalárum er greiðslubyrðin komin upp í algert heimsmet, nær 16%.

Það eru stjórnmál, að í vetur var 7. til 8. hver félagi verkalýðssamtakanna atvinnulaus, og atvinnuleysið stendur enn þrátt fyrir einhverja gjöfulustu vertíð, sem um getur. Þetta atvinnuleysi hefur valdið neyðarástandi, og mönnum ber að hugleiða það af fullu raunsæi, að hér hefði verið hungur í vetur, ef ekki hefðu komið til atvinnuleysistryggingarnar, sem verkalýðssamtökin náðu með harðvítugri baráttu 1955. Tugum og aftur tugum millj. hefur verið varið til þess að halda lífi í fjölskyldum atvinnuleysingjanna, en þeir hafa ekki fengið að skapa verðmæti með vinnu sinni. Slíkt atvinnuleysi er í senn félagslegt afbrot og þjóðhagsleg sóun af versta tagi, því að maðurinn sjálfur er dýrmætasta eign hvers þjóðfélags, vinnuaflið arðbærasta auðlindin. Nú er augljóst, að atvinnuleysið mun magnast stórlega að nýju næstu vikur. Um 8000 nemendur úr framhaldsskólum eru að koma á vinnumarkað, og aðeins um það bil þriðjungur þeirra á vísa atvinnu. Þegar ég spurði hæstv. félmrh., Eggert G. Þorsteinsson, fyrir skömmu á þingi, hvað ríkisstj. ætlaði að gera til þess að tryggja skólafólki vinnu í sumar, svaraði hann því til, að ríkisstj. hefði ekkert gert og ætlaði ekkert að gera annað en bæta skólafólkinu við það verkafólk, sem enn lifir á atvinnuleysisbótum.

Það eru stjórnmál, að verkalýðssamtök og atvinnurekendur hafa nú átt í samningaþófi í 3 mánuði og að mikið af þeim tíma hefur þjóðfélagið orðið að þola verkföll og verkbönn. Í þessum samningum er deilt um það eitt, hvort láglaunafólk á að halda óskertum kaupmætti tímakaupsins, sama fólk, sem orðið hefur að þola bótalaust stórfellda skerðingu á heildartekjum vegna atvinnuskorts og atvinnuleysis. Það er til marks um blygðunarlaust ofstæki valdamanna, að slíkt deiluefni skuli valda átökum mánuð eftir mánuð, því að í kjaramálum ætti sannarlega að takast á um önnur og stærri viðfangsefni. Fyrir áratug, í tíð vinstri stjórnarinnar, sem ekki hefur fengið allt of góð eftirmæli, var kaupgjald á Íslandi hliðstætt og í grannlöndum okkar. Þá var hér eftirspurn eftir vinnuafli, og hingað komu mörg hundruð Færeyinga til starfa í sjávarútvegi, vegna þess að atvinnuvegir okkar gátu greitt þeim kaup, sem þeir sóttust eftir. Síðan hafa þjóðartekjur okkar aukizt um hvorki meira né minna en þriðjung, en kaupgjald er nú u. þ. b. helmingi lægra en í Danmörku. Nú sækjumst við ekki eftir vinnuafli frá öðrum, heldur geta sænskir atvinnurekendur valið úr vinnuafli okkar, ef þá skortir starfsmenn í nokkrar vikur. En ef okkur skorti vinnuafl, mundi ekki einn einasti Færeyingur vera fáanlegur til starfa, vegna þess að hann hefur heima hjá sér allt að tvöfalt hærra kaup en íslenzku verkafólki er greitt. Þarna blasa við hin raunverulegu viðfangsefni í kjaramálum. Við verðum að tryggja, að þjóðartekjur okkar, einhverjar þær hæstu í heimi, komi til skila í kaupgjaldi verkafólks. Við verðum að tryggja, að við fylgjumst með í hinni almennu þróun í félagsmálum í nágrannalöndum okkar, með styttingu vinnuvikunnar, lengra orlofi og lífeyrissjóðum fyrir alla landsmenn. Verkalýðshreyfingin verður að taka upp miklu stærri markmið í baráttu sinni, og það er raunar ekki verkefni hennar einnar, heldur þjóðarinnar allrar. Því aðeins fær þetta þjóðfélag okkar staðizt til frambúðar, að það tryggi allri alþýðu hliðstæð lífskjör og tiðkast í nágrannalöndum okkar. Þjóðartekjurnar sanna, að sú stefna er framkvæmanleg, en til þess að framkvæma hana þarf stjórnmálabaráttu, sem breytir þjóðfélaginu.

Það eru stjórnmál, að yfir hundruðum fjölskyldna, yfir þúsundum manna, grúfir nú sú hætta að missa íbúðir sínar og aleigu, vegna þess að fólk stendur ekki undir þeim fjárhagslegu skuldbindingum, sem það tók á sig, meðan atvinna var næg. 1. maí s. l. féllu húsnæðismálastjórnarlán í gjalddaga, og mörg hundruð manna hafa ekki getað staðið í skilum; í Breiðholtshverfi einu á þriðja hundrað fjölskyldur. Ég spurði Eggert G. Þorsteinsson félmrh. fyrir fáum dögum, hvort hann ætlaði að horfa á það aðgerðarlaus, að fólkið, sem flutti inn í Breiðholtsíbúðirnar fyrir skömmu, yrði borið þaðan út aftur. Hæstv. ráðh. hét því, að til þess skyldi ekki koma, og því loforði verður ekki gleymt. En annað launafólk, sem á í hliðstæðum erfiðleikum, á heimtingu á sams konar fyrirgreiðslu.

Það eru stjórnmál, að á hundruðum alþýðuheimila sjá menn fram á, að vonirnar um framhaldsnám pilta og stúlkna eru að bresta. Með því er verið að breyta örlögum hinnar ungu kynslóðar, gera framhaldsnám að forréttindum efnamanna, svipta þjóðfélagið hæfileikum og atorku ungs fólks. En á sviði menntamála, sem eru grundvallaratriði í nútíma þjóðfélagi, blasir ekki aðeins við þessi ömurlega efnahagslega staðreynd; við sitjum nú uppi með úrelt skólakerfi, með troðfulla margsetna skóla, sem margir eru mjög illa búnir kennslutækjum, með háskóla, sem fyrst og fremst er embættismannaverksmiðja og auk þess að springa utan af verkefnum sínum. Á þessu sviði hefur forysta Gylfa Þ. Gíslasonar menntmrh. brugðizt gersamlega á undangengnum velmegunarárum, og þrekleysi hans er slíkt, að nú hefur hann fallizt á að láta stöðva menntaskólafrv. það, sem beztu skólamenn okkar höfðu samið og gaf vonir um nýja þróun þessara mikilvægu mála.

Það eru stjórnmál, að á velmegunarlandinu Íslandi eru ýmsir þættir heilbrigðismála afræktir svo, að til fullkominnar vansæmdar er. Þetta á sérstaklega við um geðsjúkdóma og kvensjúkdóma. Það er vægast sagt furðuleg staðreynd, að til þess skyldi þurfa langa og harða baráttu utan þings og innan að knýja Jóhann Hafstein heilbrigðismálaráðh. til að lofa því, að stækkun fæðingardeildar og kvensjúkdómadeildar við Landspítalann skyldi hraðað um 2 ár, frá því sem fyrirhugað var. Hins vegar létu allir þingmenn stjórnarflokkanna sig hafa það að fella till. um, að þegar í ár skyldi varið 20 millj. kr. til þessa óhjákvæmilega verkefnis. Það er staðreynd, sem okkur ber að minnast með blygðun, að dánartala af völdum legkrabba er þrefalt hærri hér en í Svíþjóð.

Það eru stjórnmál, að ellilaun, örorkubætur og mæðralaun eru hérlendis aðeins helmingur þess, sem greitt er í Danmörku, og að þær upphæðir eru ekki í neinu samræmi við þjóðartekjur Íslendinga. Þetta vandamál hefur magnazt stórlega að undanförnu, vegna þess að atvinnuskorturinn hefur bitnað sérstaklega á öldruðu fólki. Menn, sem komnir eru yfir sjötugt, fá ekki að vinna, þótt þeir hafi bæði starfsorku og starfsvilja, og eiga að una bótum, sem engan veginn

nægja til lágmarksþarfa. Aðbúnaðurinn að öldruðu fólki og sjúku, að þeim sem standa höllum fæti í lífsbaráttunni, er mælikvarði á manngildishugsjónir samfélagsins, en því miður er okkar hlutur rýr í þeim samanburði.

Það eru stjórnmál, að hið sjálfstæða íslenzka lýðveldi situr enn uppi með erlent hernámslið og að ráðamenn þjóðfélagsins hafa ekki djörfung til þess að fylgja óháðri íslenzkri stefnu í alþjóðamálum. Það áhrifavald erlendra aðila, sem Íslendingar hafa þannig orðið að þola, birtist nú á æ fleiri sviðum. Erlend fyrirtæki hafa á undanförnum árum fengið að grafa undan fyrirtækjum okkar. Erlend auðfélög hafa fengið heimild til þess að hirða arðinn af orkulindum okkar, og nú er unnið að því að tengja Ísland stærri efnahagsheild, eins og það er orðað, án þess að nokkuð sé til þess gert, að atvinnuvegir okkar standist þau umskipti. Þetta atriði mætti vera mönnum sérstakt umhugsunarefni nú, vegna þess að eftir mánuð verður minnzt 25 ára afmælis hins endurreista lýðveldis og rifjuð upp sú heitstrenging að „aldrei framar Íslandsbyggð sé öðrum þjóðum háð."

Allt eru þetta stjórnmál og hlustendur mínir geta rifjað upp margfalt fleiri atriði jafngild, og ég veit raunar, að um þessi atriði öll er hugsað og rætt og algengasta viðhorf til forystunnar í landsmálum um þessar mundir er óánægja, tortryggni og ótti. Því er raunar haldið fram, að óánægjan sé það atriði, sem einkennir mest þjóðmálaumræður á Íslandi nú, og í öllum stéttum og flokkum sé að finna óvissu og glundroða og viðhorf manna séu í deiglunni. Upp hafa meira að segja risið pólitískir ævintýramenn, sem virðast líta á kjósendur eins og síldartorfu og segjast ætla að tryggja sér mikinn afla með því að hagnýta sér óánægjuna og stofna einhver óskilgreind samtök, sem hvorki hafi stefnu né skipulag, heldur óánægjuna eina sem samnefnara.

Vissulega er óánægja mikilvæg pólitísk staðreynd. En óánægja ein saman er ekki afl, sem breytir þjóðfélaginu. Óánægja er neikvætt viðhorf, því aðeins stoðar að vera óánægður með ákveðna lausn, að menn hafi komið auga á aðra betri og berjist fyrir henni. Menn sem hagnýta sér óánægju einvörðungu til þess að stunda ævintýramennsku, eru um leið að koma í veg fyrir, að almenningur átti sig á þeirri undirstöðustaðreynd, að það er meginstefnan, sem sker úr, ekki einstakir forystumenn, heldur málefni.

Þær andstæðu stefnur, sem mótað hafa og móta enn stjórnmálaátökin á Íslandi, eru annars vegar gróðahyggja og hins vegar félagshyggja. Fyrri kenningin er sú, að framtak einstaklingsins eigi að ráða þróun efnahagsmála og atvinnumála og hafa gróðann að mælistiku. Þennan áratug hefur verið reynt að stjórna þjóðfélaginu samkvæmt þessari kenningu og afleiðingin er það ástand, sem ég hef verið að lýsa, óstjórn og glundroði á flestum sviðum, þróun í atvinnumálum, sem gengur þvert á hagsmuni þjóðarheildarinnar. Það er þessi stefna, sem breytt hefur góðæri í illæri, ekki aðeins vegna þess, að tekjuskipting hafi orðið ranglátari í þjóðfélaginu, heldur fyrst og fremst vegna hins, að hér fer svo mikið í súginn, hér finnst engin atvinnugrein, sem rekin sé á nútímalegan hátt og skili þeim þjóðfélagslega arði, sem óhjákvæmilegur er. Slíkt stjórnleysisþjóðfélag fær aðeins staðizt skamma stund.

Svarið við skipbroti gróðahyggjunnar er félagshyggja, sú vitneskja, að við verðum að kunna að sameina krafta okkar, ef við eigum að vera nokkurs megnugir. Við erum örsmátt þjóðfélag, aðeins 200 þús. manna, og því aðeins fáum við staðizt í samskiptum við milljónaþjóðir, að við beitum aðferðum samvinnu og samhjálpar. Þetta vita Íslendingar fullvel. Allt það, sem gert hefur verið stórbrotnast og myndarlegast á Íslandi, eru afrek þeirrar félagshyggju, sem hafnað hefur verið síðustu 10 árin með hrapallegum afleiðingum. En í nútíma þjóðfélagi verður félagshyggju aðeins beitt með áætlunarbúskap, með heildarskipulagi atvinnuveganna, þar sem ríkisrekstur, einkarekstur og samvinnurekstur leggist á eitt til þess að tryggja þjóðarbúinu sem mestan árangur. Slíkur áætlunarbúskapur er eina leið okkar út úr þeim ógöngum, sem þjóðin er komin í, ef við ætlum að halda fjárhagslegu sjálfstæði, og jafnframt eina leiðin til að iðnvæða landið undir forystu Íslendinga sjálfra.

Það eru þessi átök milli gróðahyggju og félagshyggju, sem skera úr um framtíð og þróun hins íslenzka þjóðfélags. Núverandi ástandi verður aðeins breytt með því að breyta um stefnu; aðrar aðferðir eru ekki til. Kjölfesta hinnar félagslegu stefnu á Íslandi er alþýðusamtökin í víðtækasta skilningi, öll samtök launafólks, sem er nú yfir 70% þjóðarinnar. Verkalýðssamtökin voru stofnuð til þess að boða félagsleg viðhorf og sósíalisma í samræmi við íslenzkar aðstæður, og þau eru þvílíkt afl, að gegn þeim verður landinu ekki stjórnað. Það er fráleit þjóðfélagsleg sóun, að ár eftir ár skuli skammsýn og ofstækisfull stjórnvöld neyða verkalýðssamtökin til þess að heyja harða baráttu til varnar réttindum, sem ættu að vera sjálfgefin í þjóðfélagi okkar. Tilraun til þess að beita verkalýðshreyfinguna nýrri kúgunarlöggjöf, eins og hæstv. forsrh. boðaði áðan, mun aðeins leiða til enn harðari átaka og enn meiri ófarnaðar. Herkostnaðurinn af slíkri baráttu er margfalt meiri en það, sem um er deilt, og á meðan orku þjóðfélagsins er eytt í slík átök, heldur efnahagskerfið áfram að úrkynjast. Þessum hjaðningavígum verður ekki aðeins að linna, heldur verður í verki að viðurkenna þá staðreynd, að fram hjá verkalýðshreyfingunni verður ekki gengið, ef skynsamleg stjórn á að vera í landinu. Og verkalýðshreyfingin sjálf verður þá að vera reiðubúin til að taka á sig þá jákvæðu ábyrgð, sem valdinu fylgir.

Ástandið hérlendis er nú svo alvarlegt, að hverjum einasta þegni ber skylda til að hugleiða stjórnmál af fullri alvöru og taka þátt í þeim, hafna gömlum fordómum og úreltum viðhorfum, átta sig á þeirri staðreynd, að óljós óánægja hrekkur ekki til, heldur einvörðungu breytt stefna. Alþb. beitir sér fyrir slíkri stefnubreytingu. Við skírskotum til fólksins í Alþfl. að taka þátt í þeirri stjórnmálabaráttu og fylgja eftir þeim mótmælum gegn stefnu Gylfa Þ. Gíslasonar, sem borizt hafa frá samtökum Alþfl.-manna að undanförnu. Við skírskotum til samvinnuhreyfingarinnar að losa sig úr viðjum skriffinnsku og flokkspólitískrar þjónustu og hefja aftur til öndvegis þær hugsjónir, sem í öndverðu mótuðu samvinnusamtökin. Við skírskotum til þeirra atvinnurekenda, sem enn eiga eftir sjálfsvirðingu og

metnað fyrir hönd hinna þjóðlegu atvinnuvega, að átta sig á því, að þeir geta aðeins tryggt sjálfstæðan atvinnurekstur á Íslandi með því að taka upp áætlunarbúskap og hafna þeim hagfræðikreddum, sem grafið hafa undan þjóðarbúskap landsmanna þennan áratug. Þetta eru þau þjóðfélagsöfl, sem tryggt geta stefnubreytingu á Íslandi, trausta atvinnuvegi og hliðstæð lífskjör og í grannlöndum okkar, samvinnu og jákvæða nýsköpun í stað þeirrar hnignunar og sundrungar, sem nú er að ríða þjóðfélagi okkar á slig.

Steingrímur Pálsson: Herra forseti. Góðir hlustendur. Þeim mönnum fækkar nú óðum, sem treysta sér til að verja stefnu viðreisnarstjórnarinnar í efnahags- og atvinnumálum þjóðarinnar. Það hefur sannazt betur og betur dag frá degi, að svokölluð viðreisnarstefna er alröng og samrýmist engan veginn íslenzkum hagsmunum. Þeir hafa haft að leiðarljósi þá stefnu að efla frjálst framtak, frjálsa verzlun og stóriðju hér á landi, en jafnframt látið reka á reiðanum höfuðatvinnuvegi þjóðarinnar, sjávarútveg, landbúnað og iðnað. Hinum dýrmæta gjaldeyri, sem þjóðin aflaði á góðu árunum, hefur verið sóað í frjálsa verzlun og óarðbæra fjárfestingu. Við Íslendingar megum alltaf búast við sveiflum, bæði í aflamagni og breyttu verði á útflutningsvörum þjóðarinnar, sem valda erfiðleikum um stundar sakir. En þá ríður á því að mæta þeim vanda með breyttri stefnu í efnahagsmálum þjóðarinnar, en þetta hefur ekki verið gert. Núv. ríkisstj. hefur aðeins séð eitt úrræði til að leysa vandann. Hún hefur boðað gengislækkun og aftur gengislækkun, og síðan þessi ríkisstj. kom til valda, hafa verið fjórar gengislækkanir og tvær þær síðustu á einu ári.

Stutt er liðið síðan alþm. fengu í fyrsta skipti í hendur svokallaða Vestfjarðaáætlun, en þetta er aðeins greinargerð um ákveðna þætti hennar, sem búið er að framkvæma í flugvallar-, vega- og hafnarmálum á síðustu árum. Með þessa Vestfjarðaáætlun hefur verið farið eins og leyniplagg af hálfu ríkisstj. og stjórnarþm. Sjálfsagt hefði verið að vinna allt öðruvísi að þessu máli. Það hefði í upphafi átt að gefa sveitarstjórnum, sýslunefndum og öðrum heimamönnum tækifæri til að fjalla um málið, en þetta var því miður ekki gert.

Það er kunnugt, að nú er hafinn undirbúningur að þeim þætti Vestfjarðaáætlunar, sem fjalla á um uppbyggingu atvinnulífsins á Vestfjörðum, og miklar vonir eru bundnar við þennan þátt. Það liggur í augum uppi, að nauðsynlegt er, að haft verði fyllsta samráð við heimamenn, ef þessi þáttur á að ná tilgangi sínum. Því miður hafa heil byggðarlög á Vestfjörðum ekki komizt inn í þessa Vestfjarðaáætlun, eins og t. d. hluti af Norður-Ísafjarðarsýslu, Austur-Barðastrandarsýsla og Strandasýsla. Þó standa vonir til, að Strandasýsla verði tekin inn í svokallaða Norðurlandsáætlun, en sú áætlun mun sennilega verða tilbúin á þessu ári.

Því ber ekki að neita, að allmikið hefur verið gert á Vestfjörðum í vegamálum, flugmálum og hafnarmálum, en hinu ber ekki að gleyma, að einmitt úrræði ríkisstj. í efnahagsmálum þjóðarinnar, hinar sífelldu gengislækkanir, hafa stórrýrt þessar framkvæmdir, og gengistöpin eru nú að sliga sum sveitarfélögin. Víða á Vestfjörðum hefur verið unnið að dýrum hafnarframkvæmdum á undanförnum árum og fjár til þeirra aflað með erlendum lántökum. Þegar áætlanir voru gerðar um rekstur hafnanna, þar með taldar greiðslur af teknum lánum, var ljóst, að tekjur hafnanna gátu ekki staðið undir því næstu árin, þar til greiðslubyrðin minnkaði. Hins vegar var ráð fyrir því gert, að sveitarstjórnir legðu árlega til ákveðinn hluta tekna sinna til þess að standa undir þessum greiðslum. Þá var boginn það hátt spenntur, að aðrar framkvæmdir urðu samkv. áætlun að bíða. Nú hefur hins vegar skapazt það ástand vegna endurtekinna gengisfellinga, að sveitarfélögin eru með öllu vanmegna að standa við gerðar skuldbindingar. Gengistöpin á þessum framkvæmdum vegna erlendu lánanna hlaupa á millj. kr. Til skýringar á því, hve gífurlegt vandamál er hér við að etja, má geta þess, að töpin ein, þótt aukin vaxtabyrði sé ekki reiknuð með, nema alls staðar meira en tvöföldum álögðum ársútsvörum, eins og þau hafa verið undanfarin ár, en þau hafa verið sem næst 2 millj. kr. á hverjum stað. Auknar vaxtagreiðslur verða á hverjum stað um 400—500 þús. kr. Hin erlendu lán voru að hluta tekin vegna þess, að ríkissjóður hafði ekki greitt sinn hluta kostnaðarins, enda ekki veitt fé til þess á fjárlögum. Hins vegar var nauðsynlegt að ljúka hverjum áfanga sem heild, en ekki staldra þar við, sem áætlað fé ríkissjóðs dugði móti framlagi hafnarsjóða. Það er augljóst, að ríkissjóði ber að standa að sínum hluta undir þeim kostnaði, sem þannig hefur orðið til. Þetta er aðeins dæmi um það, hve grátt aðgerðir ríkisstj. geta leikið sjávarþorp á Vestfjörðum.

Mikið hefur verið talað um, að við Íslendingar ættum að nýta betur okkar sjávarafla og að tími sé kominn til að hætta að tala um tonnatölu aflans, heldur um verðmæti hvers tonns og við ættum að auka til muna fjölbreytni í framleiðsluháttum og auka vöruvöndun samfara fullnýtingu sjávaraflans. Því miður hefur þetta nauðsynjamál lítið þokazt í rétta átt. Þó að margvíslegar till. komi frá heimamönnum um ýmsar hugmyndir um fullnýtingu aflans, t. d. með niðursuðu eða niðurlagningu, þá hafa fæstar þessara till. fengið hljómgrunn hjá þeim, sem mestu ráða í þessum efnum. Allir gera sér þó grein fyrir þeirri staðreynd, að við getum margfaldað verðmæti sjávaraflans í erlendum gjaldeyri með því að fullnýta okkar góða hráefni. Það er skoðun okkar Alþb.-manna, að stefna eigi að því að smíða svo til öll fiskiskip landsmanna í innlendum skipasmíðastöðvum. Við höfum á undanförnum árum látið smíða skip okkar og báta í erlendum skipasmíðastöðvum, þó að við eigum sjálfir skipasmíðastöðvar og ágæta skipasmiði, sem þekkja íslenzkar aðstæður betur en útlendingar.

Allir vita, að ótryggt gengi er einkenni á sjúku efnahagslífi þjóðar. En stjórnarflokkarnir hafa alltaf reynt að beita þeim áróðri, að gengislækkun væri allra meina bót. Boðskapur þeirra í nóv. 1967 var á þessa leið: Með gengislækkuninni er lagður grundvöllur að nýju framfaraskeiði atvinnuveganna og til að hleypa nýju lífi fyrst og fremst í sjávarútveg og iðnað, og mun hún bera árangur í aukinni atvinnu og verndun heilbrigðs og frjáls vöruframboðs. Allir vita, að gengislækkunin árið 1967 rann út í sandinn. Á árinu 1968 ríkti stjórnleysi á flestum sviðum í atvinnumálum þjóðarinnar, gífurlegt

atvinnuleysi var um allt land, og í nóv. 1968 fengum við *nýja gengislækkun, þegar gengið var lækkað um 54.4%* miðað við dollarann. Talið er, að þessi síðasta gengislækkun hafi þýtt um 18—20% kjaraskerðingu fyrir launafólkið í landinu, og enn þá hafa sérfræðingar stjórnarflokkanna í efnahagsmálum ekki getað reiknað út, hvernig hinn almenni launþegi eigi að geta lifað á launum sínum.

Vinnustéttirnar hafa sýnt mikið langlundargeð. *Aðalkröfur þeirra eru, að tafarlaust verði gengið til* samninga án kauplækkunar og ráðstafanir verði gerðar til að útrýma atvinnuleysi, að innlendur iðnaður verði efldur, að fjár verði aflað til íbúðabygginga með viðráðanlegum kjörum og komið á réttlátri skattheimtu og tekin verði upp heildarstjórn á fjárfestingu landsmanna. — Góða nótt.

Eyjólfur K. Jónsson: Herra forseti. Góðir áheyrendur. Ef það er rétt, að glöggt sé gests augað, ætti ég að hafa sæmilega aðstöðu til að meta störfin hér á hinu háa Alþingi, því að ég hef nú nokkrum sinnum komið hér sem varaþm. og dvalið um stund. Langar mig því til að svipast hér svolítið um með áheyrendum mínum, því að ég held, að menn geri sér ekki rétta grein fyrir því mikilvæga starfi, sem unnið er hér á löggjafarsamkomu þjóðarinnar, virðulegustu og mikilvægustu stofnun landsins. Raunar er það ekkert nýtt, að kappsfullum mönnum og stórhuga finnist seint og illa ganga að ráða fram úr vandamálum þjóðarinnar. Þannig segir t. d. Einar Benediktsson *í ritgerð sinni, Starfsfé fyrir Íslendinga*: „Hér þarf að leggja leiðarlínur þjóðernisstefnunnar yfir svo langt tímabil, fyrst og fremst, sem útlend lán geta veitzt til, þegar þingið snýr sér að því að verða löggjafarsamkoma fyrir landið, í stað þess að vera innbyrðis vátryggingarstofnun fyrir fulltrúana sjálfa." — Og vonandi kemur sá tími aldrei, að skeytingarleysi landsmanna um störf Alþ. verði með þeim hætti, að ekki verði á það deilt. Þá fyrst væri lýðræðinu hætta búin.

Sannleikurinn er sá, að hér í þessari stofnun er mikið starfað og með allt öðrum hætti en menn fá hugmynd um, er þeir líta inn á þingfundi, sem stundum eru fáskipaðir, *eða hlýða á útvarpsumr. í stöðnuðu formi.* Ég **hef það líka fyrir satt, að starfshættir Alþingis séu miklu** betri nú en fyrrum var, þegar altítt var t. d., að forsetum tækist ekki að setja þingfundi fyrr en talsvert var komið fram yfir boðaðan fundartíma. Enginn efi er samt á því, að till. þær, sem hæstv. forsrh. hefur flutt um styttingu þinghalds og meiri störf og festu þá daga, sem þingið starfar, gætu orðið til verulegra úrbóta. Hins vegar eru þær till. fráleitar, sem hv. þm. Eysteinn Jónsson hefur gert um lengingu þinghalds og svo mikla hækkun **þingfararkaups, að alþm. yrðu allir atvinnustjórnmálamenn,** sem slitnir væru úr tengslum við hin daglegu störf í þjóðfélaginu.

Auðvitað er á Alþingi Íslendinga að finna þverskurð þeirra hræringa, hugsjóna og hagsmunastreitu, sem í þjóðfélaginu fer fram. Og grundvallarskilyrði þess, að Alþingi gefi rétta mynd af þjóðarviljanum, er auðvitað, að þm. umgangist sem flesta, háa og lága, eins og orðtak er hér á landi, hvað svo sem það þýðir í eina stéttlausa þjóðfélagi veraldar.

Víst er það hvimleitt, hve erfitt er oft á tíðum að átta sig á raunverulegum skoðunum einstakra þm. Störf löggjafans einkennast mjög af málamiðlun, og hún á sér venjulega stað að tjaldabaki, í flokksherbergjum og á göngum Alþingis. Mönnum finnst þessi mynd bera vitni um skoðanaleysi og jafnvel geðleysi alþm., en það er oftast á misskilningi byggt. Deilurnar og skoðanaskiptin hafa átt sér stað, en ekki náð hlustum og sjónum þeirra, sem utan þings eru. Þessi málamiðlun byggist að sjálfsögðu að verulegu leyti á því, að þjóðin hefur enn ekki falið einum flokki að fara með stjórn landsins. Þess vegna hefur ekki reynzt unnt að koma við jafntraustum stjórnarháttum, eins og verið hafa t. d. í Reykjavík, þar sem Sjálfstfl. hefur getað framkvæmt stefnu sína í borgarmálum. Og auðvitað eru dæmin deginum ljósari um ýmislegt það, sem betur hefði getað farið í landsstjórninni, *enda enginn hlutur auðveldari en gagnrýna* það, sem gert er og vera vitur eftir á. En ef við viljum gera okkur grein fyrir því, hvort Alþ. og ríkisstj. hafi gengið til góðs þann áratug, sem nú er að ljúka, eru hæg heimatökin fyrir þá, sem eldri eru eða komnir undir miðjan aldur, að renna huganum til baka þessi ár og meta hleypidómalaust þá þróun, sem hér hefur orðið.

Ungur framsóknarmaður, sem dvaldi hér á Alþ. um skeið í vetur, sagði í útvarpsumr., að sú kynslóð, sem borið hefur hita og þunga dagsins að undanförnu, hefði lagt drápsklyfjar á æskulýðinn og lífsstarf unga fólksins, sem yrði að losa sig við þessa ógnarbyrði. Meiri ósvífni, meira vanþakklæti og meiri vantrú á íslenzka æsku og dómgreind hennar hef ég aldrei heyrt. Sú kynslóð, sem senn lætur af störfum, hefur búið okkur, **sem nú erum á bezta starfsaldri, og þeim, sem yngri eru,** betri lífskjör og betri skilyrði til að bæta þessi lífskjör en *nokkurs staðar annars staðar þekkist í víðri veröld.* Hún hefur skilað okkur í hendur landi með ótæmandi tækifærum, landi, sem breytt hefur verið úr fátæku landi í ríkt land, og mestar hafa umbyltingarnar orðið á þessum áratug. Efnahagslegar framfarir hafa verið svo gífurlegar, að ekki á að þurfa að eyða að því orðum, en hitt skiptir þó e. t. v. meira máli, að í menningarlegum efnum hafa umskiptin orðið alger.

Við heyrum því stundum haldið fram, að ríkisstj. Íslands sé ekki nægilega sterk stjórn, hún ráði ekki við vandamálin og geri jafnvel ekki tilraun til að ráða við þau. En hvert er einkenni veikrar stjórnar og hvert einkenni hinnar sterku? Eru stjórnirnar í einræðisríkjunum sterkar stjórnir? Er það sterkt stjórnarfar, þar sem borgararnir fá ekki að taka þátt í stjórnarstörfum — þar sem hinar ýmsu stofnanir þjóðfélagsins eru firrtar áhrifum og völdum? Eru stjórnirnar í nýfrjálsu ríkjunum sterkar stjórnir, þar sem borgararnir hafa ekki þroska til að láta málefnin til sín taka? Var stjórnarfarið sterkt hér á Íslandi, þegar allt byggðist á boðum og bönnum, höftum og þvingunum?

Þessum spurningum svarar auðvitað hver fyrir sig. Mín skoðun er sú, að það stjórnarfar eitt sé sterkt, sem þolir að eftirláta borgurunum sem fullkomnast frelsi. Ég veit raunar, að vinstri sinnar í mismunandi flokkum telja, að stjórnarherrarnir eigi í ríkum mæli að hlutast til um hátterni borgaranna, vegna þess að alþýðan hafi

ekki þroska og manndóm til að stýra málefnum sínum sjálf. Það er þar, sem skilur á milli þeirra og okkar, sem aðhyllumst hugsjónir sjálfstæðisstefnunnar.

Fyrir einum eða tveimur áratugum voru átök oft illvíg hérlendis. Menn skirrðust t. d. ekki við að beita vægðarlaust verkfallsvopni, þótt í andstöðu væri við hagsmuni þjóðarinnar allrar. Og svo rammt kvað að átökum fyrir tveimur áratugum, að ógnað var sjálfu lýðræðinu, þar sem hindra átti störf löggjafarsamkomunnar með ofbeldi. Það var 30. marz 1949, sem Íslendingar stigu það gæfuríka spor að taka þátt í samtökum lýðfrjálsra þjóða til varnar frelsinu. Og þegar við lítum yfir það, sem áunnizt hefur, má ekki gleyma utanríkismálunum, mikilvægustu málum smáþjóðar, sem varðveita vill frelsi sitt. Og í þeim málum hefur svo vel til tekizt, að við Íslendingar búum ekki við minna öryggi en þeir, sem máttugastir eru, og njótum virðingar og álits á alþjóðavettvangi til jafns við hvaða þjóð sem er. En þótt það sé gleggsti votturinn um menningarstig þjóðar, að hún þolir frjálsræðið, er hinu ekki að leyna, að stundum gleymum við því, hverjum við eigum einna mest að þakka í þessu efni, rithöfundum okkar, skáldum og öðrum lista- og vísindamönnum, og ekki er það vansalaust, að á verðbólgutímum skuli hin svokölluðu heiðurslaun til okkar helztu hugsuða hafa verið skert sem hækkunum verðlags nemur.

Já, ég nefndi verðbólgutíma. Og víst er það rétt, að enn sem fyrr hefur okkur gengið erfiðlega að kljást við þann draug, sem verðbólga nefnist. Núv. ríkisstj. setti sér það mark þegar 1960 að vinna bug á verðbólgunni, samhliða því sem hún upprætti það kerfi spillingar og hafta, sem hér hafði lengi verið við lýði. Þetta áform hefur mistekizt. Bezt er að játa það umbúðalaust, og raunar er þetta ekkert íslenzkt fyrirbrigði, heldur hefur verðbólguþróun verið í flestum vestrænum löndum. Fyrstu ár viðreisnarstjórnarinnar voru ár erfiðleika eftir hið slæma stjórnarfar, sem hér hafði ríkt. Á þeim árum tókst sæmilega að hafa hemil á verðbólgu, og framfarir voru jafnar og öruggar.

Í kjölfar þeirrar heilladrjúgu stefnu hagsældar og stöðugrar uppbyggingar fylgdi hið mikla veltutímabil um miðbik áratugsins, og margt fór þá óneitanlega úr böndum, en ekki bara það, sem stjórnvöld glímdu við, heldur líka hjá einstaklingunum, því að þjóðin virtist farin að trúa því, að hún gæti leyft sér svo til hvað sem var. En síðan komu áföllin. Kannske má segja, að við höfum að sumu leyti haft gott af þeim, því að unga þjóð þurfi stundum að aga. Að vísu voru áföllin svo stórvægileg, að mikil vá gat verið fyrir dyrum, en svo vel vildi til, að við Íslendingar höfðum safnað varasjóðum, sem í góðar þarfir komu, svo að kjaraskerðingin varð minni en ella, og nú er á ný bjart framundan fyrir margra hluta sakir.

Ríkisstj. og Alþ. gerðu þær ráðstafanir, sem nægja munu til að rétta við þjóðarhag. Þær voru kannske harðneskjulegar, en þó hvergi lengra gengið en nauðsynlegt reyndist. Mér segir raunar svo hugur, að þegar stjórnmálasaga verður skrifuð síðar, verði núv. ríkisstj. talið það helzt til hróss að hafa þorað að horfast í augu við erfiðleikana á hverjum tíma og hún verði talin hafa verið bezt, þegar erfiðleikarnir voru mestir.

Grundvöllur hefur nú verið lagður að alhliða framförum, stórátak verður nú gert í vegamálum, fjármagn til rannsóknar náttúruauðlinda hefur verið margfaldað og undirbúnar nýjar stóriðjuframkvæmdir. Fé er útvegað til byggðaáætlana og síðast en ekki síst er unnið að lagabreytingum til að beina fjármagni almennings til atvinnurekstrar. Og þess sjást líka glögg merki um land allt, að athafnamenn ætla að hagnýta þau tækifæri, sem bjóðast til margháttaðrar framleiðsluaukningar og eflingar atvinnulífs. Fólkið skilur nú betur en nokkru sinni áður þá grundvallarþýðingu, sem það hefur, að atvinnuvegirnir séu reknir á traustum grundvelli og skili eðlilegum arði. Auðæfin eru ótæmandi til lands og sjávar, en mest er þó um vert, hve verkmenning þjóðarinnar er mikil. Við byggingu og rekstur mikilvægustu nýjungarinnar á atvinnusviðinu, álbræðslunnar, kom í ljós, að Íslendingar kunnu svo vel til verka, að þeim voru falin flest þau störf, sem útlendingum höfðu verið ætluð fyrst í stað, og orð á því haft af þeim, sem bezt til þekkja, hve snurðulaust hefði gengið bygging þessa stórfyrirtækis. Það er manndómur og menntun íslenzku þjóðarinnar, sem á næstu áratugum mun margfalda þjóðarauðinn og bæta lífskjörin jafnt og þétt, ef menn þora að fást við viðfangsefnin, sem við blasa um land allt, frá Siglufirði til Suðurnesja. Við skulum umfram allt halda áfram að gagnrýna stjórnvöld og efla þjóðmálaumr. í anda þess frjálsræðis, sem þróazt hefur síðari árin fyrir tilstuðlan blaða, sjónvarps og útvarps. Og þegar að því kemur, að við á ný veljum okkur forystu í landsmálunum, skulum við minnast þess, að við viljum líka í framtíðinni fá að njóta þessa frjálsræðis. Þess vegna viljum við forðast áhrif þeirra afla, sem þröngsýn eru og telja, að svokölluð sterk stjórn, vinstri stefna, sósíalismi, hin leiðin eða hvað það nú er, sem þeir nefna stefnu sína, sé það, sem íslenzku þjóðinni sé fyrir beztu.

Pétur Sigurðsson: Herra forseti. Góðir hlustendur. Á Alþingi því, sem nú er að ljúka, og í þessum eldhúsumr. hefur oftlega verið minnzt á þann efnahagsvanda, sem þjóðin á í og hefur átt við að glíma um skeið. Vinnudeilurnar á þessu ári og erfið samningsgerð launþega og vinnuveitenda nú blandast af skiljanlegum ástæðum inn í þessar umr. Á það hefur verið bent, að sambærilegir örðugleikar hafi ekki steðjað að íslenzku þjóðinni síðustu áratugina, enda um að ræða stærstu og sneggstu breytingu á útflutningsmagni, sem orðið hefur á þessari öld, en frá árinu 1966 og fram undir síðustu áramót hafa hreinar útflutningstekjur þjóðarinnar minnkað um tæp 50%. Þótt þessar staðreyndir liggi fyrir, eru þó til þeir stjórnmálamenn, sem hafa reynt að telja almenningi trú um, að slíkur skellur fyrir þjóðarbúið hefði ekki þurft að skilja eftir sig merki í kjörum þegnanna, aðeins ef þeir hefðu stjórnað. En hitt, hvernig og hvenær átti að bregðast við þessum vandamálum, var og er deilumál, og hefur hæstv. ríkisstj. sérstaklega verið gagnrýnd fyrir að grípa of seint í taumana, sjáandi fyrir þann vanda, sem var að skapast.

Í því er auðvitað mikill misskilningur fólginn að halda því fram, að engar gagnráðstafanir hafi verið gerðar. En hafa verður í huga, að ríkisstj. taldi, að erfiðleikarnir væru stundarfyrirbrigði, sem yrði

skammvinnt. Þungar álögur á almenning væru ekki nauðsynlegar, sterkur gjaldeyrissjóður og góð afkoma ríkissjóðs ætti að geta staðið undir tímabundnum erfiðleikum. Þetta sjónarmið var ekki ríkisstj. einnar. Þannig voru samtök hraðfrystihúsanna svo bjartsýn á stöðugt og hækkandi verð í Bandaríkjunum í ársbyrjun 1966, að þau stóðu að samþykkt um mjög hækkað fiskverð frá árinu áður, þótt þau hefðu ekki treyst sér til þess á mestu velgengnisárum sínum. Útgerðarmenn, sjómenn, verksmiðjueigendur og allur almenningur taldi, að síldarmoksturinn út af Austurlandi væri árviss, og yfirleitt má segja, að almenn bjartsýni hafi ríkt um áramótin 1966—1967 um, að úr þessum erfiðleikum okkar mundi rætast á skömmum tíma. Þær bráðabirgðaráðstafanir, sem þá voru gerðar, fólu m. a. í sér mikinn tilflutning fjármuna til útflutningsatvinnuveganna. En verðfall afurðanna hélt áfram og stórlega dró úr síldartekjunum, auk þess sem allur kostnaður útgerðar, sérstaklega síldveiðiflotans, jókst stórkostlega vegna breyttrar göngu síldarinnar.

Þegar fram á haustið kom og síldarvertíð lauk, var ljóst, að enn þyrfti að grípa til nýrra aðgerða til að treysta útflutningsatvinnuvegina og halda þeim gangandi. Ríkisstj. og stuðningsflokkar hennar höfðu ákveðið að forðast gengislækkun haustið 1967. En þegar gengi sterlingspundsins var fellt þetta sama haust, var ekki annarra kosta völ en fara þá leið einnig með íslenzku krónuna. Í sambandi við efnahagsaðgerðirnar haustið 1967 voru gerðar áætlanir um afkomu útflutningsatvinnuveganna fyrir árið 1968, og var m. a. stuðzt við framleiðsluspár, sem byggðar voru á áliti fiskifræðinga okkar um líklegan síldarafla. En til skamms tíma hefur sú skoðun verið uppi hjá þeim, að stofnarnir, sem síldveiðar okkar að norðan og austan hafa byggzt á, væru nægilega sterkir til að bera uppi ársveiði allt að 600 þús. tonnum. Ástæðan fyrir því, að gengisfellingin 1967 náði ekki tilgangi sínum var m. a. sú, að það er ekki styrkleiki stofnsins einn, sem ræður síldveiðunum, heldur er margt fleira, sem til greina kemur, enda brást síldaraflinn 1968 gersamlega, þótt allur útgerðarkostnaður stórhækkaði. Þessu til viðbótar kom mjög óhagstæð verðþróun á útflutningsafurðunum og þeir erfiðleikar, sem við áttum í í sambandi við sölu skreiðar til Biafra. Þá var búizt við því, að verðfall ársins 1967 hefði náð hámarki þá um haustið og frekar yrði um hækkanir að ræða á flestum afurðum okkar. En þetta brást einnig. Verð á freðfiski á Bandaríkjamarkaði hélt áfram að lækka. Einnig var um mikla lækkun að ræða í sambandi við Rússlandssamningana í byrjun ársins 1968.

Það, sem hér hefur verið drepið á auk margra annarra atriða, olli gengislækkuninni s. l. haust. Með henni var einnig afskrifuð sú bjartsýni manna, að um tímabundna erfiðleika væri að ræða og því slegið föstu, að við þyrftum enn um nokkurt skeið að búa við þær aðstæður, sem skapazt hefðu á árinu 1968, auk þess sem aðgerða væri þörf til að tryggja útflutningsatvinnuvegina og þar með atvinnu fólks og heilbrigðan viðskiptajöfnuð. Þykir mér einnig rétt að draga þetta atriði sérstaklega fram vegna þeirra ummæla hv. þm. Magnúsar Kjartanssonar hér í kvöld um nauðsyn þess, að atvinnurekendur, þjóðlegir atvinnurekendur taki upp áætlunarbúskap.

Um leið og ákvörðunin um gengislækkunina var tekin, ákváðu stjórnarflokkarnir að axla þá byrði, sem henni fylgdi, en hlaupa ekki frá vandanum, enda engin samstaða meðal margklofinnar stjórnarandstöðu né vilji til þess að horfast í augu við mesta vandamál íslenzku þjóðarinnar á síðustu áratugum. Í kjölfar gengislækkunarinnar voru gerðar ýmsar hliðarráðstafanir, og meðal þeirra voru ákvæði í l. um breyt. á samningsbundnum hlutaskiptum sjómanna. Bæði Sjómannasamband Íslands og samtök yfirmanna mótmæltu þessari ákvörðun, og óskaði Sjómannasambandið, sem var með samninga sína bundna, eftir því, að ákvæði væru sett í lög þess efnis, að kjarasamningum milli útvegsmanna og sjómanna, sem samkvæmt ákvæðum þeirra var ætlað að gilda til ársloka 1969, væri heimilt að segja upp án fyrirvara eftir gildistöku l. Varð Alþ. við þessari ósk, en samtök yfirmanna höfðu þegar fyrir gengislækkunina tekið ákvörðun um uppsögn sinna samninga. Í umr., sem urðu hér á hæstv. Alþ. um mál þetta, sagði ég m. a., með leyfi hæstv. forseta: „Það, sem vekur athygli mína annars vegar í þeim umr., sem ég hef átt við sjómenn, og hins vegar á ræðum sumra hv. stjórnarandstæðinga hér á Alþ., er, að þótt báðir þessir aðilar séu á móti l. kafla frv., sem fjallar um skerðingu hlutaskipta, þá viðurkenna sjómenn, með fáum undantekningum, þann mikla efnahagsvanda, sem við stöndum frammi fyrir, en hv. stjórnarandstæðingar vilja helzt láta í það skína, að við hann verði ráðið með stöðvun tertubotnainnflutnings og fleiri sambærilegum aðgerðum og máske, eins og sumir hafa tæpt á, smávægilegri gengislækkun einhvern tíma í ókominni framtíð, þegar efnahagsráðstöfun eins og stöðvun þessa innflutnings hefur náð tilgangi sínum, og haft sín áhrif á gang efnahagsmálanna."

Maður skyldi þó ætla, að skilningur sjómannsins á þessum vandamálum ætti ekki að vera meiri en þeirra stjórnmálamanna, sem fengið hafa allar upplýsingar um stöðu, horfur og áætlanir í þessum málum, ekki síður en ríkisstj. sjálf og stuðningsflokkar hennar. En af hverju skyldi skilningur sjómannsins vera skilningi þessara manna svo miklu fremri? Skyldi sú þekking ekki vera fengin með biturri reynslu þeirra, sem fyrstir urðu fyrir áföllunum? Sjómenn hafa misst á tveimur árum allt að helming launatekna sinna, meðan stórar stéttir, launþegahópar sem aðrir, hafa haldið öllu sínu, og þá kannske ekki sízt þeir, sem á sínum tíma náðu fram launahækkunum á grundvelli mikilla tímabundinna tekna síldveiðisjómanna. Ég geri ráð fyrir, að svo sé. Á hinu var tæplega von, að sú vitneskja lægi fyrir öllum þorra íslenzkra fiskimanna, að með þessari nýju gengisskráningu og að óbreyttum hlutaskiptum, hefði kjarabót sjómanna orðið svo mikil, að engin von var þess, að aðrir launþegahópar mundu una slíkri mismunun auk þess, sem gengisfellingin hefði þá orðið að vera miklu stórkostlegri, ef hún hefði átt að ná tilgangi sínum og skapa útgerðinni eðlilegan rekstrargrundvöll. Hafandi þetta í huga og einnig það, að stór hluti þeirra sjómanna, sem við þessi lög áttu að búa, var enn fjarverandi á fjarlægum miðum, þá er ekki nema eðlilegt, að sum stéttarfélög sjómanna yrðu síðbúin með kröfur sínar, eða ekki fyrr en um miðjan janúarmánuð. Önnur voru bráðlátari, og höfðu sum yfirmannafélögin

þegar boðað verkföll á þeim tíma. Mörgum þótti ærinn sá tími, sem til samninga fór, og var ekki að ófyrirsynju með hið geigvænlega atvinnuleysi s. l. vetrar blasandi fyrir augum. Enginn vafi er á því, að samningar þeir, sem fulltrúar undirmanna gerðu, hafa m. a. mótazt af þeirri staðreynd, enda var áskilinn réttur af þeirra hendi til sameiginlegra samninga með öðrum aðildarfélögum Alþýðusambands Íslands varðandi kröfuna um vísitöluuppbætur á laun. Við þessa samninga vildu yfirmenn ekki una og felldu sáttatill. þá, sem fram var borin á grundvelli undirmannasamninganna. Fulltrúar yfirmanna lýstu því yfir, að málin stæðu þá eins og þegar samningaviðræður hófust. Með það í huga og að eðlileg vertíð átti að vera hafin, atvinnuleysi fyrir augum og efnahagsástandið í þjóðfélaginu, taldi ríkisstj. og stuðningsflokkar hennar að við svo búið mætti ekki standa, heldur yrði að leysa þessa deilu, sem svo var gert með l. frá Alþ. stuttu síðar. Og það voru fleiri en stjórnarsinnar hér á Alþ., sem töldu, að slík lausn væri því miður tímabær, ekki aðeins stærri stjórnarandstöðuflokkurinn sat hjá við atkvgr. um þetta mál, heldur einnig sjálfur forseti Alþýðusambands Íslands, hann var sama sinnis.

Í sambandi við þetta mál langar mig aðeins að minnast á nokkur atriði, sem fram hafa komið hjá hv. ræðumönnum hér í kvöld. Ég vil sérstaklega draga fram þau orð hv. þm. Lúðvíks Jósefssonar um það, að með þeim breyt., sem gerðar voru á l. um Aflatryggingasjóð, hafi meiri hl. hér á Alþ. verið að hafa af sjómönnum á fiskibátum stóra hluti í sambandi við fæðisgreiðslurnar. Ég vil leyfa mér að benda þessum hv. þm. og öðrum á það, að það voru sjómannafélögin, sem sömdu fyrir þá sjómenn, sem eru lögskráðir á skip, um þetta atriði. Þetta atriði í lagafrv. er staðfesting á þessari samningsgerð. Þeir þurftu að standa í nær mánaðarverkfalli til þess að ná þessu atriði fram, og það verður líka að hafa það í huga, að krafa þeirra í þessu sambandi var byggð á því, að menn á stærri skipunum búa í flestum tilfellum við tvöfaldan fæðiskostnað, en þeir hinir, sem koma daglega að landi á hinum minni bátum, sem ekki er lögskráð á, þeir geta notið þess að borða heima hjá sér. Einnig ber að hafa það í huga, að þeir hinir sömu fengu hækkað fiskverð af þessum sökum, og má þá reyndar benda á það líka, að togarasjómenn, sem verða að gjalda til þessara hluta, fengu ekkert í sinn hlut.

Þá er einnig rétt í sambandi við sjávarútvegsmál að benda á þau orð hv. þm. formanns Framsfl., þegar hann talaði um, hversu togaraflotinn hefði gengið úr sér á hinum síðustu árum, sem ég skal mjög taka undir, en auðvitað bar honum um leið að geta um hina stórkostlegu aukningu fiskiskipastólsins, sem orðið hefur á s. l. árum. Hann hefði líka mátt minnast þess, að á stuttum valdaferli vinstri stjórnarinnar hrakaði og minnkaði togaraflotinn meira en í tíð núv. hæstv. ríkisstj., ef miðað er við þá tímalengd, sem þessar ríkisstj. sátu. Þessi hv. þm. minntist líka á það sem hinn mesta óskunda, að ráðh. í stjórnarstólunum sætu í stjórnum hinna og þessara sjóða og stofnana. Hann hafði ekki orð á því, hvort þeir stæðu sig illa í þessum störfum. Hann hafði heldur ekki orð á því, að forystumenn stjórnarandstöðunnar gera slíkt hið sama, um leið og þeir krefjast þess að njóta sama réttar og fríðinda og ráðh. hafa í dag. Ég vil í þessu sambandi draga það fram, að t. d. þessi hv. þm. situr í stjórn stærsta sjóðs, sem íslenzkir sjómenn eiga, lífeyrissjóðs togarasjómanna og undirmanna á farskipum, án þess, þrátt fyrir þessa ábendingu, að ég dragi á nokkurn hátt úr því þýðingarmikla og góða starfi, sem hann hefur unnið þar, sem ég skal, hvenær sem er, viðurkenna að er.

Þá skal ég viðurkenna, að þær deilur og samningaviðræður, sem nú hafa staðið yfir á milli launþega og vinnuveitenda um 10 vikna skeið, eru nokkuð annars eðlis en þær deilur, sem áttu sér stað í byrjun þessa árs. Annars vegar er sú skoðun ríkisstj. og sérfræðinga hennar, að miðað við ástand og horfur í nóvembermánuði s. l. og að fenginni reynslu undanfarinna ára sé atvinnuvegunum ógerlegt að greiða vísitöluuppbætur á laun.

En hins vegar er einróma krafa verkalýðssamtakanna um óbreytta samninga frá síðustu gerð þeirra um þetta efni. Verkalýðshreyfingin var með þessum kröfum sínum aðeins að fara fram á að halda því samningsbundna óbreyttu, þótt hún eins og sjómenn hefði þegar orðið fyrir tilfinnanlegri kjaraskerðingu vegna styttingar vinnutímans og atvinnuleysis. Þótt oft sé vitnað til samþykkta síðasta Alþýðusambandsþings um óbreyttar vísitölugreiðslur á laun, þá ber að hafa í huga að það er ekki Alþýðusambandið eða landssambandið, sem þessa samninga gerir, heldur hin einstöku verkalýðsfélög. Ég held, að bæði með samþykkt síðasta Alþýðusambandsþings og eins með tilboði því, sem samninganefnd verkalýðsfélaganna gerði fyrir nokkrum dögum, sé sýnd sú viðurkenning á staðreyndum, sem endanlega leiðir til samningsgerðar.

Í sambandi við þetta deilumál hafa furðulegir fuglar komið fram með þá kröfu, að ríkisstj., Alþ. og jafnvel forseti Íslands ljúki þessari deilu með löggjöf. Sumt fólk er því miður þannig, að það þykist vita lausn á öllum vandamálum, en veit takmarkað og skilur minna. Að vísu getur Alþ. sett löggjöf, sem bindur enda á slíka deilu, sem þó er ekki gert, nema þjóðarhagsmunir stærri eða minni séu í voða. En réttur þessara aðila til frjálsrar samningsgerðar er líka tryggður í íslenzkum lögum. Auk þess verður meiri hl. Alþ. að vera meðmæltur slíkri ákvörðun, en mér er ekki kunnugt um, að slíkt liggi fyrir enn þá, enda er sá skaði fyrir þjóðfélagið, sem þessi deila hefur valdið, í algeru lágmarki, enda meirihlutavilji fyrir því meðal samninganefndar verkalýðsfélaganna að bjarga vertíðinni frá frekari stöðvun en orðin var með sjómannaverkfallinu. Enda er enginn vafi á, að eftir slíka vertíð eru samningsmöguleikar betri nú en þeir voru í marzbyrjun.

En í þessu sambandi finnst mér til hlýða að benda vinnuveitendum, sem nú eiga í samningum, á þá staðfestu hjá sjómönnum, sem kom fram gagnvart útgerðarmönnum í samningum þeirra varðandi lífeyrissjóð bátasjómanna. Deila má lengi um krónur, sem annan aðilann varða miklu, en hinn minna, einnig um það, hvort hlutdeild þeirrar krónutölu eigi að koma fyrr eða síðar til útborgunar. En um kröfur, sem fjalla um lífeyrissjóðsfyrirkomulag, tel ég mig þess umkominn að fullyrða, að órofa samstaða er um það fyrirkomulag, sem verkalýðshreyfingin hefur óskað eftir. Og kemur

þó til viðbótar sá skilningur þessara aðila, að viðurkennd fyrirtæki, sem þegar hafa lífeyrissjóði fyrir starfsfólk sitt, fái að halda því fyrirkomulagi áfram.

Ég minntist á það fyrr í ræðu minni, að í þeim áætlunum, sem gerðar voru í sambandi við gengisfellinguna í nóvember s. l., hefði bjartsýnin og vonin um skjótan bata á erfiðleikum okkar verið afskrifuð. En ég leyfi mér að spyrja: Er ástæða til annars en bjartsýni? Þrátt fyrir sjómannaverkfallið í byrjun ársins og ýmiss konar staðbundna erfiðleika, virðist sú vetrarvertíð, sem nú er að ljúka, ætla að verða ein hin gjöfulasta, sem við höfum þekkt. Afli, sem á land hefur komið, er betri en áður og meðferð einnig, einnig í frystihúsunum sjálfum. Og fyrir slíkan fisk er nú markaður með nokkuð stöðugu verðlagi og vaxandi eftirspurn. Ein aðalástæðan fyrir slæmri rekstrarafkomu frystihúsanna hefur verið ójöfn hráefnisöflun og slæm nýting húsa og véla. Nýsamþ. l. um betri nýtingu landhelginnar með aukinni notkun botnvörpu hafa þegar sannað gildi sitt fyrir Norðurlandi, en þar hefur mikill afli borizt á land síðustu vikurnar og verkafólk vart haft undan að nýta þann afla, sem á land hefur borizt. Hin stóru og glæsilegu skip okkar, sem flest voru byggð á sínum tíma til síldveiða, hafa mörg þegar sannað gildi sitt sem alhliða fiskiskip, sem nýta má jafnt til tog-, neta- og línuveiða sem síldveiða. Með þeirri uppbyggingu atvinnuveganna, sem nú á sér stað, vaxandi orkuöflun, aukningu iðnaðar til útflutnings og stóriðju sé ég enga ástæðu til að örvænta. Mesta vágesti íslenzkra heimila, atvinnuleysinu, verður að halda burtu, og með þeim aðferðum, sem nú er unnið að og fyrirhugaðar eru, tel ég, að það sé hægt. Við skulum keppa að því að ná samjöfnuði við hinar bezt stæðu þjóðir, en við skulum forðast óraunhæfan samanburð við kjör stétta hjá háþróuðum iðnaðarþjóðum með milljónir íbúa. Við skulum snúa bökum saman og sækja fram, þá mun íslenzku þjóðinni farnast vel á ókomnum árum. — Góða nótt.

Halldór E. Sigurðsson: Herra forseti. Góðir áheyrendur. Við 1. umr. fjárl. fyrir yfirstandandi ár lögðum við framsóknarmenn áherzlu á tvennt: Í fyrsta lagi, að hjá atvinnuleysi yrði komizt; og í öðru lagi, að gætt væri ýtrasta sparnaðar og hagkvæmni í ríkisrekstrinum. Jafnhliða þessari yfirlýsingu vöktum við athygli á því, að stefna fjárlagafrv., eins og það var úr garði gert af hálfu ríkisstj., gekk fram hjá þessum höfuðverkefnum. Við afgreiðslu fjárl. á s. l. hausti gerðum við till. um 350 millj. kr. fjárveitingu til atvinnumála. Við buðum stjórnarliðinu upp á samstarf um afgreiðslu þessarar till., t. d. um það, að einhvers hluta fjárins yrði aflað með lántöku. Það, sem við töldum máli skipta, var það, að á atvinnumálum þjóðarinnar yrði tekið þá þegar með framsýni og dugnaði, svo að hjá atvinnuleysi yrði komizt.

Ríkisstjórnarliðið felldi till. okkar um 350 millj. kr. fjárveitingu til atvinnumála. Féleysi var kennt um. Afleiðingarnar hafa ekki látið standa á sér. Allt síðan um áramót hefur verið mikið atvinnuleysi í landinu og er enn þá. Hugsandi menn horfa nú með kvíða til þess, þegar skólaæskan kemur út á vinnumarkaðinn, ef getu- og úrræðaleysi valdhafanna á að mæta henni þar. Svo virðist sem helztu úrræði ríkisstj. í atvinnumálum skólaæskunnar eigi að vera þau að gera hana að bótaþegum hjá Atvinnuleysistryggingasjóði í staðinn fyrir að nýta krafta hennar til verðmætasköpunar. Fjármunir Atvinnuleysistryggingasjóðs, er áður gengu til stuðnings við atvinnuvegina og ríkisframkvæmda, rýrna nú að sama skapi sem útstreymið eykst þaðan vegna bótagreiðslna til atvinnulausra. Alls hafa verið greiddar 77 millj. kr. frá áramótum til aprílloka til atvinnulausra.

Stjórnarstefnan sjálf hefur verið stórvirk í skiptum sínum við atvinnuvegina. Hún hefur búið þannig að þeim, að ríkisstj. telur afkomu þeirra slíka, að þrátt fyrir stórfelldari gengisbreytingu á einu ári en dæmi eru til og samfellt góðæristímabil til ársloka 1966, geti þeir ekki greitt hærra kaup en svo, að tekjur þeirra launalægstu rétt nægi til að greiða vexti og hitunar- og rafmagnskostnað í hóflegri íbúð með nútíma verðlagi.

Eins og áður er að vikið, báru stjórnarliðar því við, að fjármunir væru ekki fyrir hendi hjá ríkissjóði til að styðja atvinnuvegi landsmanna og afstýra atvinnuleysi. Um þessa röksemdafærslu er þetta að segja: Rétt er það, að ríkissjóður var rekinn með halla árið 1967, þrátt fyrir að tekjur færu verulega fram úr áætlun fjárlaga það ár, og hefur það sennilega verið einnig svo árið 1968. Það getur verið réttlætanleg stjórnaraðgerð að reka ríkissjóð með halla eitt ár í senn, ef það er gert í þeim tilgangi að færa atvinnulífi landsmanna blóðgjöf, svo að efnahagur sé treystur og atvinnulífið starfi með fullri orku. Þess háttar ráðstöfun getur beinlínis tryggt það, að tekjustofnar skili sínu, og reyndin orðið sú, að hún komi í veg fyrir rekstrarhalla ríkissjóðs, þótt djarft sé stefnt og annað sýnist í upphafi, ef framsýni og dugnaður ræður slíkum athöfnum. Ég efast t. d. ekki um það, að það hefði reynzt ríkissjóði og þjóðinni í heild happadrýgra að samþ. frv. okkar framsóknarmanna um að fella niður söluskatt af mestu nauðsynjum, þó að það liti út sem tekjumissir hjá ríkissjóði, og bægja á þann hátt frá þeim verkföllum, sem verið hafa í allan vetur og dregið hafa stórlega úr framleiðslu þjóðarinnar. Ég tala nú ekki um, hvað afkoma ríkissjóðs hefði verið betur tryggð en hún nú er með samþykkt þess frv., ef frv. okkar um hert eftirlit með álagningu skatta og innheimtu skatta hefði einnig verið samþ.

Enda þótt ég telji, að miða verði stefnu í efnahagsmálum þjóðarinnar við aðstæður á hverjum tíma og að ríkissjóður sé rekinn að jafnaði hallalaus, er þó hægt að réttlæta halla ríkissjóðs sem aðgerð í efnahagsmálum. Hallarekstur, er nú á sér stað hjá ríkissjóði, er hins vegar forkastanlegur, þar sem hann stafar fyrst og fremst af rekstri ríkiskerfisins sjálfs, því að með hverju ári lækkar hlutfall þeirra útgjalda í heildarútgjöldum ríkissjóðs, er til verklegra framkvæmda er varið. Hefur það verið áhyggjuefni þeirra, er horft hafa á þessa þróun með opnum augum. Afkoma vegasjóðs og möguleikar hans til þess að leysa verkefni sín er glöggt dæmi um þetta, en að því verður vikið síðar.

Í sambandi við ríkisbúskapinn vil ég minna á það, er mjög rækilega var tekið fram af okkur framsóknarmönnum við umr. um fjárl. á s. l. vetri, að ef þjóðin ætti að komast úr yfirstandandi efnahagsörðugleikum, yrði

að breyta til í ríkisbúskapnum, sýna þar sparnað, hagsýni og aðhald. Við afgreiðslu fjárl. bentum við framsóknarmenn á nokkur atriði, er til sparnaðar mættu verða. Hver er svo reynslan? Eitt af því, er við töldum að til sparnaðar horfði, var að sameina í rekstri hjá Skipaútgerð ríkisins allan skipaflota ríkissjóðs. Nú hefur þetta verið gert. Ekki verður hjá því komizt að vekja athygli á sparnaði ríkisstj. í framkvæmd. Skipaútgerð ríkisins er gott dæmi þar um. Ríkisstj. setti henni stjórnarnefnd fyrir nokkrum árum í sparnaðarskyni, tvo menn auk forstjóra á sama tíma sem starfsemi útgerðarinnar dróst saman, þar sem skipunum fækkaði. Þessir stjórnarnefndarmenn sátu 39 fundi árið 1967 og var greitt fyrir það 149 þús. kr. hvorum, og nú er sparnaðurinn hjá Skipaútgerð ríkisins viðbótarforstjóri, og eru þeir þá orðnir 2 við hliðina á stjórnarnefndinni. Orð og athafnir eiga ekki samleið í sparnaði hjá ríkisstj.

Enda þótt ég muni ekki að þessu sinni, tímans vegna, drepa nema á lítið eitt af því, sem ég teldi, að betur mætti fara í framkvæmd í ríkisrekstrinum, þá vil ég leggja áherzlu á það, að fullkomin ástæða er til verulegs aðhalds þar. Ég vil í því sambandi minna á orð hæstv. fjmrh. úr fjárlagaræðu hans á s. l. hausti, en þá fórust honum orð m. a. á þessa leið, er hann ræddi um skattaeftirlit, með leyfi hæstv. forseta: „Þótt ekki sé venja að minnast á einstaka aðila í þessu sambandi, get ég ekki stillt mig um að nefna misferli forstöðumanna Sementsverksmiðjunnar, af því að þar er um ríkisfyrirtæki að ræða. Það er sannast sagna ekki að undra, þó að erfitt sé um aðhald í þessum efnum, er ekki er einu sinni hægt að treysta opinberri stofnun. Því tel ég nauðsynlegt að taka mjög hart á misferli slíks fyrirtækis.“ Ég leyfi mér að spyrja: Hvað er um hörðu tökin í þessu máli? Það hefur verið furðuhljótt um það, hvort önnur mistök eða skattsvik hafi átt sér stað hjá Sementsverksmiðjunni, og alger þögn um málið, síðan fjmrh. gaf út þessa yfirlýsingu. Ég spyr: Á hvaða stigi er þetta mál? Er ekki væntanleg einhver skýrsla frá ríkisstj. um það?

Ég vil í þessu sambandi víkja lítið eitt að umr. þeim, sem orðið hafa um aths. þær, er fram komu við ríkisreikninginn fyrir árið 1967 frá yfirskoðunarmönnum. Ég vil fyrst taka það fram, að allir yfirskoðunarmenn ríkisreikningsins, auk mín þeir Sigurður Óli Ólafsson fyrrv. alþm. og Haraldur Pétursson safnvörður, stóðu að aths. Ég vil einnig vekja athygli á því, að það kemur hvorki fram í aths. né í ræðu minni við 1. umr. um ríkisreikninginn í Nd. ásökun á hæstv. fjmrh. vegna þeirra mistaka og þess stjórnleysis, er við teljum koma fram við embætti húsameistara. Hitt verð ég að segja, að grg. sú, er ráðh. lét frá sér fara vegna þessa máls, var mér vonbrigði. Ég vil það eitt um þetta mál segja nú: Ríkisstj. hefur góða grg. frá ríkisendurskoðuninni um málið, sem vitnað er til í aths. yfirskoðunarmanna, og hér eftir er það hennar mál, hvernig með verður farið. Ég vil hins vegar taka fram, sem ég hef áður gert, að ég tel linlega á haldið af hálfu fjmrn. og ráðh. um skil innheimtumanna ríkissjóðs. Úr því verður að bæta.

Ég endurtek við þetta tækifæri yfirlýsingu okkar framsóknarmanna um nauðsyn breyttrar stefnu um bílarekstur ríkisins vegna embættismanna og forstjóra. Ég tel óhjákvæmilegt að fella þessi hlunnindi niður. Svo herfilegs ósamræmis gætir þar, að allt annað er óafsakanlegt. Ég endurtek einnig, að umbætur í þjóðfélaginu á sviði efnahags- og fjármála eru óframkvæmanlegar að dómi okkar framsóknarmanna, nema ríkisreksturinn sé tekinn til gagngerrar endurskoðunar og nýrrar skipulagningar, — fyrirtæki sameinuð, aðhald hert og meinsemdir upprættar, þar sem þær er að finna. Aldrei er meiri þörf á því en nú, þegar afkoma ríkissjóðs er slík að dómi hæstv. fjmrh., að hann reynir með undanbrögðum að komast hjá því, að ríkissjóður greiði starfsfólki sínu laun þau, sem því ber samkvæmt venjulegum skilningi á kjarasamningi. Ég undirstrika, að það er breytt stefna, aukið aðhald og hagsýni, sem getur bætt afkomu ríkissjóðs, en ekki það að halda eftir þúsund kr. mánaðarlega af tekjum þeirra, sem hafa tíu þúsund kr. fyrir sig og sína að leggja á mánuði hverjum.

Eins og áður er að vikið, eru vegamálin gott sýnishorn um það, að tekjur ríkissjóðs ganga til annars en verklegra framkvæmda. Engin ríkisstj. hefur haft jafn mikla möguleika til framkvæmda í vegagerð og núverandi valdhafar vegna þeirra miklu tekna er umferðin skapar, með margföldun á sköttum á rekstri bifreiða og gífurlegri fjölgun þeirra. Það hefur verið og er stefna Framsfl., að góðar samgöngur séu forsenda þess, að viðskipta- og atvinnulíf landsmanna gangi með eðlilegum hætti. Á valdaárum Framsfl. tókst að koma vegakerfi landsmanna til allra héraða landsins og á þann hátt að leggja grundvöll að því, að umferðin yrði vegasjóði sú tekjulind, er nú er orðin. Ekki orkar það tvímælis, að uppbygging vegakerfisins á þeim árum var þrekvirki. Það mun eiga sér fáar hliðstæður í sögu þjóðarinnar. Þessi staðreynd er óhagganleg, þó að verkefni vegagerðar séu óþrjótandi, er engan þarf að undra í þjóðfélagi, sem er í örri uppbyggingu. Það vekur því undrun, að eftir þær gjörbreytingar, sem hafa nú orðið um tekjuöflun til vegagerðar, skuli ástandið í fjármálum vegasjóðs vera slíkt, að hann var með 520 millj. kr. skuld á síðustu áramótum. Ástæða þess, að svo er komið, er sú, að ríkissjóður er hættur að leggja fram fé til vegagerðar síðan 1965. Ríkissjóður hefur hins vegar hirt af umferðinni allar tolltekjur og leyfisgjöld. Munu þessir tekjustofnar hafa fært ríkissjóði tekjur, er hundruðum millj. kr. námu árlega nú síðustu árin. Stærstu verkefnin í vegagerð hafa hins vegar verið fjármögnuð með erlendu lánsfé, og nam gengistapið af þeim um 150 millj. kr. á s. l. tveimur árum. Það þarf engan að undra, þó illa sé komið málum vegasjóðs, þegar svo hefur verið á haldið. Það hefur verið yfirlýst stefna Framsfl., að vegagerðin ætti að fá til sín tekjur af umferðinni og þjóðin hefði ekki efni á öðru, meðan verkefnin í vegamálum væru svo mikil sem raun ber vitni. Framkvæmd þessarar stefnu hefur Framsfl. sett fram með þeim hætti, að vegasjóður hefði sem fastan tekjustofn alla sérskatta af umferðinni og ríkissjóður veitti svo fé til hans af tolltekjum, sem til hans falla. Stjórnarliðið hefur fellt allar till. okkar framsóknarmanna hér að lútandi, meira að segja hefur ríkisstj. gengið það langt, að þeir hafa brugðizt samkomulagi, sem gert var á milli allra þingflokka við setningu vegalaga um lágmarksframlag ríkissjóðs til vegamála.

Enda þótt barátta okkar fyrir leiðréttingu í þessu máli hafi ekki náð eyrum þm. stjórnarliðsins áður fyrr, er nú svo komið, að öllum er ljóst, að rétt er, sem við

höfum haldið fram, framsóknarmenn, að vegasjóður veldur ekki verkefni sínu. Nú hefur það tvennt gerzt, að með samstöðu þm. úr öllum flokkum hefur ríkisstj. verið beygð til þess að láta ríkissjóð taka að sér greiðslur á vöxtum og afborgunum af vegalánum á vegáætlunartímabili því, sem nú er að hefjast. Auk þess hefur verið horfið að því ráði að hækka benzínskatt, svo að vegagerð legðist ekki niður að mestu, eins og stefnt var að með till. ríkisstj. að vegáætlun fyrir næstu 4 ár. Hér hefur mikið áunnizt. Barátta þm. við ríkisstj. að taka vegamál úr hennar höndum hefur hvort tveggja í senn aukið veg Alþ., tryggt áframhaldandi vegagerð og bjargað verulegum þætti í atvinnumálum þjóðarinnar.

Herra forseti. Ég lýk nú senn máli mínu, en vil að lokum minna á þetta: Íslenzka þjóðin á nú í miklum efnahagsörðugleikum, svo sem kunnugt er. Ríkissjóður er rekinn með halla. Allar meiri háttar framkvæmdir eru fjármagnaðar með lánsfé, sem framtíðin á að greiða. Erlendar skuldir eru nú orðnar það miklar, að vextir og afborganir af þeim munu nema um 15—20% af gjaldeyristekjum þjóðarinnar. Geigvænlegt atvinnuleysi er í landinu. Stórátök eru á vinnumarkaðinum, atvinnuvegirnir lamaðir og kaupgjald þeirra lægst launuðu nægir aðeins til nauðþurfta. Þannig er ástandið í landinu, þrátt fyrir nýliðið góðæri og stórfelldar gengisbreytingar. Ástæðan til þessa ástands er að sögn ríkisstj. erfitt árferði. Rétt er það, árferðið er erfiðara nú en þegar það var bezt. Höfuðástæðan er samt úrræða- og stjórnleysi ríkisstj.

Enda þótt nú syrti í álinn, þá er ég sannfærður um, að íslenzka þjóðin hefur þann manndóm, sem nægja mun til þess að hún komist yfir þessa örðugleika, en til þess þarf hún nýja stjórnarforystu, — stjórnarforystu, sem hefur til að bera kjark til að takast á við vandamálin og þróttmikla framsýni og stjórnsemi í athöfnum sínum. — Góða nótt.

Jónas Jónsson: Herra forseti. Góðir tilheyrendur. Fáum dylst, að ástandið í þjóðmálum er nú hið alvarlegasta, sem um áratugi hefur skapazt. Öllum eru ljós vandræðin, en menn greinir nokkuð á um orsakir þeirra. Eitt er víst, að ekki þýðir að víkja sér frá vandanum, heldur verður að gera sér ljósa grein fyrir því, hvernig ástandið er, hverjar séu orsakirnar og síðast en ekki sízt, á hvern hátt á að bæta úr því. Sjúklingur á ekki mikla von um lækningu, ef hann viðurkennir ekki sjúkdóm sinn eða greinir lækninum rangt frá einkennum hans og hefur ekki sjálfur trú á bata. Líkt slíkum sjúklingi er stjórnarliðinu farið meðan þeir telja sér sjálfum trú um og reyna að segja öðrum það, að allt þetta stafi af utanaðkomandi ástæðum, aflabresti og verðfalli. Væri svo, þá væri lítil von um bata, því að nú er nálægt meðalári með aflabrögð, ef á heildina er litið. Nei, við eigum hvorki að leggja árar í bát né hengja kænu okkar aftan í hafskip stórveldanna eða erlends auðmagns. Við tökum upp barninginn, við þurfum aðeins nýjan skipstjóra og nýja stýrimenn á þjóðarskútuna, en það er frumskilyrðið til endurreisnar og framfara. Hér þurfa að koma nýir menn til forystu með nýjar aðferðir. Skipulagshyggja, félagshyggja og samvinnustefna á öllum sviðum og í mörgum myndum þarf að taka við af stjórnleysinu. Við þurfum að setja okkur ákveðin takmörk og stefna að þeim eftir vandlega gerðum áætlunum. Við þurfum e. t. v. að leggja hart að okkur til að tryggja sjálfstæði okkar með sjálfstæðum íslenzkum atvinnurekstri, en þannig öðlumst við bjartsýni og losnum við bölmóðinn, sem nú ríður hér húsum.

Svipaða sögu er að segja af ástandinu í öllum aðalatvinnuvegunum. Geigvænleg fjárþröng háir þeim, og hallarekstur er þar hvarvetna á ferðinni. Ég rek hér nokkur atriði varðandi landbúnaðinn.

Kjör bænda eru slæm og tekjur þeirra lægri en annarra stétta, líklega lengra frá því að ná tekjum viðmiðunarstéttanna en nokkru sinni áður. Þetta sýna skattskýrslurnar, og á það hefur oft verið bent. Sama kemur í ljós við uppgjör búreikninga. Fyrir 1967 var gerður upp 61 búreikningur. Búin voru heldur stærri en verðlagsgrundvallarbú. Þau gáfu af sér 123900 kr. að meðaltali. Það var allt, sem fékkst fyrir vinnu allrar fjölskyldunnar og í vexti af eigin fé um 1 millj. kr. Reiknað á hverja vinnustund var kaupið 27.40 kr. Hverjir vildu vinna fyrir þetta tímakaup eða lifa af þessum tekjum? Það eru víst fáir, enda engum boðið nema bændum. Stærri búin gefa ekki betri afkomu, ef reiknað er með vöxtum af bundnu fjármagni. Stafar þetta af því, að þeir bændur hafa að jafnaði staðið í meiri framkvæmdum og verðlagið hefur ekki fylgt framkvæmdakostnaðinum að undanförnu. Þessi útkoma stafar ekki af illu árferði nema að hluta til, því að fjöldi þessara búa er í héruðum hér sunnanlands, þar sem árferði var fremur hagstætt 1967. Athuganir harðærisnefndar sýndu, að skuldaaukningin hefur verið geigvænleg hjá bændum að undanförnu, um 600 millj. á 6 árum, og ekki síður mikil í héruðum, sem hafa sloppið við harðindin.

Verðlagskerfi landbúnaðarins er í algeru öngþveiti, og ekki liggur við, að grundvallarverð náist í ár fyrir vörurnar í heild, og var það þó ekki of hátt reiknað. Stafar þetta fyrst og fremst af því, hve allur tilkostnaður hefur hækkað taumlaust í óðaverðbólgu stjórnleysisins. Sala á kjöti innanlands hefur stórminnkað vegna lítillar kaupgetu almennings, og sýnir það m.a., að saman fara hagsmunir bænda og alls almennings í landinu, neytendanna. Útflutningsbætur hrökkva því hvergi nærri til, en ríkið telur sér ekki skylt að hlaupa frekar undir bagga, þó að svo sé gert, þegar aðrir atvinnuvegir eiga í hlut. Búið er að svelta bændur og samvinnufélög þeirra svo rækilega með tilliti til rekstrarfjármagns á þessu stjórnartímabili, að engu er líkara en að ganga eigi af félögunum dauðum og bændum eignalausum. Rekstrarlánin, sem veitt eru á tímabilinu marz—ágúst hafa verið óbreytt að krónutölu í 10 ár eða síðan 1959. Þá voru þau 245 kr. á dilk, sem þá gerði 361 kr., eða 67.8% af nettóverði til bóndans. Nú nema lánin 169 kr. á dilk, en innleggsverðmæti dilkanna er um 1300 kr. að meðaltali, og nema því lánin aðeins 15% af verðmæti dilksins. Með þessu fjármagni eiga sauðfjárbændur að leysa út áburðinn, sem nú hækkar um 35% eða 110 millj. alls. Greiðsluskilmálar verða þeir sömu í ár og í fyrra, þrátt fyrir góð loforð landbrh. um, að þeir yrðu nú betri. Við það var ekki staðið frekar en ýmislegt annað. Enn hefur verið daufheyrzt við skynsamlegum till. bændasamtakanna um niðurgreiðslu á áburði. Það

væri þó tvímælalaust þjóðhagslega rétt að gera. Það kæmi neytendum til góða í lækkuðu vöruverði og þjóðinni allri með gjaldeyrissparnaði vegna meiri ræktunar og heimafengins fóðurs. Endurtaka á þau fádæmi frá í fyrra að taka erlendan víxil til að reka innlenda verzlun með áburðinn. Þá var tekinn 90 millj. kr. víxill til 9 mánaða erlendis. Ekki fékkst að greiða víxilinn, þegar gengisfellingin vofði yfir, þó að áburður væri þá allur greiddur, og átti síðan að velta gengistapinu, 49 millj., yfir á bændur næstu 5 árin. Vafasamt er, hvort það hefði staðizt gagnvart lögum, enda var heykzt á því í bili vegna almennrar andstöðu bænda og hótana um málsókn.

Þetta er aðeins eitt dæmið af mörgum um það, hvernig komið er. Hér þarf að taka upp nýja stefnu í landbúnaðarmálum eins og öðrum þjóðmálum, taka upp skipulagshyggju í stað skipulagsleysis og glundroða. Stefna verður markvisst og með öllum ráðum að lækkun framleiðslukostnaðarins með hagræðingu í framleiðsluháttum, meiri rannsóknum, betri nýtingu framleiðslumöguleikanna, betri nýtingu markaðanna og öflun nýrra markaða. Landbúnaðurinn þarf að komast út úr úlfakreppu þröngra markaða. Annars verður hér um kyrrstöðu að ræða og hlutfallslega afturför. Í fáti, sem líkist helzt atferli manna á sökkvandi skipi, láta stjórnarherrarnir nú leita að nýjum atvinnugreinum. Þeir virðast trúlausir á gömlu atvinnuvegina. Ekkert kemst að nema hugaróra um stóriðju með erlendu fjármagni. Þó að rétt sé að athuga þar alla möguleika, þarf það að gerast með allri gát og fullri yfirvegun, sem tæpast er fyrir hendi hjá slíkum skipbrotsmönnum, sem hæstv. ríkisstj. nú er orðin. Allir hugsandi menn sjá, að iðnaður verður að stórvaxa hér á næstu árum og áratugum, bæði til að veita fólki atvinnu og þjóðinni gjaldeyri. En ekki verður um að ræða iðnað eða landbúnað og sjávarafla, heldur iðnað og sjávarútveg og landbúnað. Traustasti grundvöllur íslenzks iðnaðar er og verður hráefni það, sem þessir frumatvinnuvegir leggja til, enda er aldrei svo rætt um iðnþróun hér af skynbærum mönnum, að ekki sé staðnæmzt við iðnað úr sauðfjárafurðunum, ull og gærum. Vábrestur var það talinn í vetur, þegar verksmiðjurnar á Akureyri brunnu. Komu menn þá auga á það, hverju þær skiptu, ekki bara fyrir fólkið, sem vann þar, heldur og bæjarfélagið og þjóðfélagið í heild. Jafnvel kaupmennirnir hérna í Reykjavík börmuðu sér blessaðir, yfir tíðindunum. Ég minnist þess ekki, að bændum hafi, hvorki fyrr né síðar, verið þakkað fyrir að leggja til hráefnið eða byggja verksmiðjurnar með samtakamætti sínum og reka þær, þó að oft blési hart á móti og margir einstaklingar gæfust upp við slíkan rekstur.

Iðnaðinn þarf að skipuleggja vel. Við þurfum e. t. v. að leggja hart að okkur við að koma honum upp og vinna honum markaði. En gera verður honum kleift að borga bændum mannsæmandi verð fyrir hráefnið. Ætli margir viti, að bændur fá 20—30 kr. fyrir kg af ullinni, sem selt er á 3—4 þús. kr. vestur í Ameríku, þegar það er komið í handprjónaða lopapeysu. En af því hafa margar húsmæður haft búdrýgindi á erfiðum vetri að prjóna slíkar peysur. Við uppbyggingu iðnaðar þarf að fylgja raunsærri byggðastefnu eftir vandlegri skipulagningu. Það á að velja hverri verksmiðju stað þannig, að stefnt sé að því, að öll gögn og gæði landsins nýtist sem bezt og öllum þegnum þannig séð fyrir sem jafnastri þjónustu á vegum samfélagsins. Annað er áníðsla þjóðfélagsins á þeim, sem standa útvörð á mikilvægum varðstöðum og leggja oft margfaldan meðalskerf í þjóðarbúið. Fráleitt er að telja það eftir og reikna það eftir höfðatölu, hvað það kostar að koma vegum, rafmagni, veita heilbrigðisþjónustu, koma útvarpi og sjónvarpi og síðast en ekki sízt skapa jafna aðstöðu til menntunar fyrir fólkið í dreifbýlinu. Jöfn og góð menntun þegnanna hefur verið talin aðall íslenzks þjóðfélags. En hvað er að gerast nú? Af 2100 menntaskólanemum eru 1700 úr Stór-Reykjavík og Akureyri, þar sem þeir geta gengið að heiman í skólana, en aðeins um 400 utan þessara staða, en ættu að vera um 1600 með sama hlutfalli. Nær fjórum sinnum fleiri stunda menntaskólanám frá þessum þéttbýlisstöðum en utan þeirra hlutfallslega séð. Þetta er mynd frá einu stigi skólakerfisins. Önnur skólastig eru ekki síður mikilvæg, og þar mun svipað ástand í þessum málum.

Hvað gerist nú, þegar þúsundir skólafólks fá ekki sumaratvinnu? Á það að ganga iðjulaust í sumar og næstu sumur? Á menntun aftur að verða forréttindi fárra og ríkra? Þá hugsun er vart hægt að hugsa til enda. Eiga ekki allir unglingar, hvar sem foreldrar þeirra búa og hvernig sem þeir standa fjárhagslega, að hafa sama rétt til menntunar, hver eftir því sem hann hefur hæfileika til? Menntun ungmennanna er fyrir þjóðfélagið. Það hefur ekki efni á öðru en að nýta alla hæfileika þegna sinna. Hér þarf að vera valinn maður í hverju rúmi og hver þegn að vera reiðubúinn að gera ekki aðeins skyldu sína, heldur meira en það, þegar þörf krefur. Þjóðin þarf nýja forystu til að samstilla átök sín til framsóknar og batnandi hags. Stjórnin hefur á margan hátt unnið sér til óhelgi; þess vegna á hún að fara frá. — Góða nótt.

Félmrh. (Eggert G. Þorsteinsson): Herra forseti. Góðir Íslendingar. Flestum okkar mun í æsku hafa verið kennt, að það teldust ekki góðir nágrannar, sem gleddust yfir erfiðleikum okkar eða annarra í næsta nágrenni og yfirleitt yfir andstreymi nokkurs manns. Slíkt fólk var okkur ráðlagt að umgangast sem minnst. Við slíkan nágranna hefur núverandi ríkisstj. á síðari árum hins vegar orðið að sætta sig, þar sem hv. stjórnarandstæðingar eru. Ef einhver kynni að efast um, að hér væri rétt frá skýrt, þá bið ég þann hinn sama að fletta málgögnum hv. stjórnarandstæðinga og sjá sannleikann svart á hvítu með eigin augum. Íslendingum er í blóð borið að fagna aflafréttum öfundarlaust og án tillits til, hvar á landinu vel aflast, og munu aflafréttir vera meðal allra vinsælustu frétta. Mörg tilefni hafa sem betur fer verið til góðra aflafrétta á yfirstandandi vetrarvertíð. Þá bregður svo undarlega við, að stjórnarandstöðublöðin skenkja þessum fréttum aðeins nokkrar línur með lítt áberandi fyrirsögnum eða láta með öllu undir höfuð leggjast að skýra frá þessum góða afla frá hinum ýmsu verstöðvum í landinu. Ávallt verða einstaka staðir af þessum góða afla með þeim afleiðingum, að allir íbúar byggðarlagsins bera minna úr býtum og hluti þeirra missir hreinlega atvinnuna. Þetta eru alvarlegar og óskyggi-

legar fréttir, sem öllum réttsýnum mönnum hrýs hugur við. Þessar fréttir fá hins vegar algeran forgang í málgögnum hv. stjórnarandstæðinga með stærsta letri á útsíðum blaðanna. Meðan atvinnuleysið var mest og vertíð gat ekki hafizt vegna vinnudeilu, var ekkert rúm sparað í blöðum þessara aðila til að nefna stórar tölur atvinnuleysingja, á sama tíma og með öllum árum var að því róið að torvelda lausn deilunnar í ræðu og riti.

Sjálfur hef ég gengið atvinnulaus á árunum 1951 og 1952 og þekki af eigin raun þá erfiðleika, sem því fylgja. En ég leyfi mér að efast um, að skriffinnar stjórnarandstöðublaðanna þekki þennan vanda sjálfir. Þeir mundu þá ekki smjatta á honum í jafnríkum mæli. Þegar svo úr atvinnuleysi dró og happasæl vertíð hófst, fengu þau tíðindi ekki náð fyrir augum þeirra fóstbræðra, hv. 6. og hv. 4. þm. Reykv., Magnúsar Kjartanssonar og Þórarins Þórarinssonar. Allt það, sem til bóta gat horft, var reynt að fela, en með sama hætti var allt, sem miður fór, stækkað og margfaldað.

Nú spyrja menn e. t. v.: Við hverju bjóst maðurinn úr þessari átt og frá þessum aðilum? Átti hann á öðru von? Og er þetta ekki háttur óábyrgrar stjórnarandstöðu? Það er rétt, að á öðru var vart von, og ekki gat ég með neinum rökum gert svo háar kröfur til þessara aðila, að þeir sýndu ábyrgðartilfinningu. Það er ekki unnt að krefjast þess af mönnum, sem þeir eiga ekki og hafa e. t. v. aldrei átt og þekkja aðeins af afspurn. Mitt í þessari meðhöndlun frétta af íslenzkum atburðum tala þessir sömu menn um stuðning og eflingu þjóðlegra atvinnugreina og um andstöðu sína við erlent lánsfé til eflingar innlendum atvinnuvegum. Flokksbræður þeirra tala ekki svo orð á opinberum fundum, að þeir lýsi ekki með miklum fjálgleik, hvað miklu betra sé að lifa erlendis, hve miklu hærri laun séu greidd þar fyrir unna klukkustund o. s. frv. Þeir forðast að segja fólki allan sannleikann um sjálfan framfærslukostnaðinn í þessum löndum og frá þeim kröfum, sem við störf verkafólks og til verkafólks eru gerðar þar. Að hvaða marki er stefnt í hugarheimi þeirra manna, sem þannig tala og hugsa? Hugsandi fólk, sem af einlægni vill vinna Íslandi það, sem það á, og getur og vill búa í haginn fyrir næstu kynslóðir, sér í gegnum þann blekkingarvef, sem þannig er spunninn. Mennirnir, sem hafa þjóðernisstefnuna mest á vörum, vinna vísvitandi mest gegn henni af þeirri einföldu ástæðu, að þeir vilja ríkjandi ríkisstj. frá völdum án þess að bjóða þjóðinni upp á nokkra aðra stefnu en hatur sitt og fyrirlitningu á núv. stjórnarþm. Þessar ástæður geta þeir ekki dulið, og ég spyr: Getur slík stefna forðað okkur frá aflabresti og verðhruni á erlendum mörkuðum? Getur slík stefna eflt og byggt upp traust atvinnulíf á Íslandi, er skapi öllum vinnufúsum höndum nægjanleg verkefni þótt á móti blási um sinn? Er það í anda þjóðernislegra tilfinninga Íslendinga að hvetja menn til brottflutnings af landinu, af því að við eigum við tímabundna erfiðleika að etja. Hefur íslenzka þjóðin ekki áður verr undirbúin þurft að horfast í augu við tímabundna erfiðleika og sigrazt á þeim með þeim árangri, að hér býr þrátt fyrir allt 200 þús. manna þjóðfélag, er lifir mannsæmandi lífi efnalega og menningarlega séð, þótt í harðbýlu landi sé?

Allur málflutningur hv. stjórnarandstæðinga er mótaður af hatri og fyrirlitningu á ríkjandi valdhöfum, því að í því einu geta þeir sameinazt. Þeir svífast einskis á kostnað þjóðarheildarinnar til þess að koma því eina sameiginlega markmiði sínu í framkvæmd að koma ríkisstj. frá. Sjálfur hef ég á þingtíma mínum setið í liði stjórnarandstæðinga og skil það atriði vel að hafa löngun til að koma málum flokksins og sjálfs sín betur fram og jafnvel að fá ríkjandi ríkisstj. frá völdum. Það eru eðlileg viðbrögð stjórnarandstöðu, ef hið sama stjórnarandstöðulið hefur upp á aðra stefnu að bjóða þjóðinni, en því er ekki fyrir að fara hjá þessu liði. Meðan stjórnarandstaða hefur hins vegar ekki upp á neitt annað að bjóða en andstöðu við allt, sem gert er, og getur ekki sameinazt um neitt annað og berst á banaspjót innbyrðis um allar leiðir til úrlausnar aðsteðjandi vandamálum, þá getur hún ekki ætlazt til neins trausts frá neinum hugsandi manni. Þá er höfðað til annarra, sem minna hugsa.

Í vegi fyrir því, að svo geti orðið, eru flestir mannlegir brestir þessa liðs: úrtölur og bölsýni ásamt meðfylgjandi kjarkleysi til að horfast í augu við staðreyndir annars vegar og takmarkalaus löngun til valdaaðstöðu hins vegar án þess að geta sagt þjóðinni hið minnsta um, hvað þeir sjálfir ætlist fyrir, fái þeir völdin. Svo er verið að tala um unga fólkið, að það sé aðeins á móti öllu en viti ekki, hvað það vill. Ég gæti ímyndað mér, að unga fólkið vissi þó mun betur og þyrði umbúðalaust að segja það í alþjóðaráheyrn, sem ekki fæst með nokkru móti upp úr núv. hv. stjórnarandstæðingum.

Eitt aðalverkefni þessara sömu aðila undanfarnar vikur hefur svo verið að eyða nánast öllum tíma sameinaðs Alþingis í fyrirfram tilgangslausar fsp. um málefni, sem allir, er vildu, gátu fengið fullnægjandi svör við utan þingtíma. Með þessum hætti hefur þeim tekizt að tefja afgreiðslu margra bráðnauðsynlegra mála, sem þeir síðan deila á forseta Alþingis og ríkisstj. fyrir seinagang um afgreiðslu á. Má í þessu sambandi benda á sjúkrahúsmálin, sem þeir töldu sig hafa mikinn áhuga á, en töfðu vísvitandi fyrir, að á dagskrá þingsins kæmust. Það var svo ekki fyrr en hæstv. heilbrmrh. sjálfur óskaði eftir sérstökum kvöldfundi um þessi mál, að þau komust á dagskrá. Þegar málin voru svo rædd, voru af hálfu stjórnarandstæðinga haldnar óábyrgar framboðsræður til þingpallagesta, sem velflestir voru áhugakonur um þessi mál. Ræðumenn, sem fyrirfram vissu, að þeir sjálfir þurftu engin afskipti eða ábyrgð að hafa af fjáröflun eða framkvæmdum til þeirra hluta, sem þeir ræddu um, töluðu hreinar „stemnings-" eða áróðursræður um viðkvæm og mikilvæg málefni, sem snerta heilsu og jafnvel líf margra sjúklinga. Er að furða, þó að almenningur fái ekki aukið álit á störfum Alþingis?

Fyrst var reynt að draga þor og kjark úr fólki með meira og minna fölsuðum fréttaflutningi um raunverulegt ástand tímabundinna erfiðleika í atvinnu- og efnahagsmálum og hvatt til brottflutnings fólks af landinu. Jafnvel hafísinn hefur orðið þeim tilefni til árása á ríkisstj. með tilheyrandi orðbragði og hávaða. Síðan er gerð tilraun til að spila á tilfinningar fólks um erfiðleika á að fullnægja öllum þörfum um nauðsynlega sjúkrahúsþjónustu jafnframt því sem því er yfir lýst, að hvergi megi taka peninga til þessara þarfa. Þeir eiga bara að koma einhvers staðar að. Er að furða, þótt

að einstaka þm. hvarfli sú hugsun, hvar þeir séu eiginlega staddir? Allt er þetta af hálfu hv. stjórnarandstæðinga gert og sagt innan umgerðar þjóðernisástar og róttækni. Heilum fundardegi Sþ. var á dögunum fórnað fyrir forgöngu stjórnarandstæðinga til að kvarta og kveinka sér undan því, hve sjaldan þeir fengju að koma fram í hljóðvarpi og sjónvarpi með þeim eftirmála, sem blaðalesendur kannast við. Miðað við frammistöðu hv. stjórnarandstæðinga á þessum vettvangi að undanförnu, væri af núverandi stjórnarflokkum vart gerður meiri greiði en að lofa landsfólki öllu að heyra þá og sjá sem allra oftast. Þá væru framangreindar lýsingar mínar af raunverulegum vinnubrögðum þeirra hér á hv. Alþ. óþarfar. Ég spyr ykkur, góðir hlustendur, eru þetta menn, sem líklegir eru til forystu og lausnar í þjóðmálum?

Frá því er atvinnuleysistryggingasjóðurinn var stofnaður við lausn vinnudeilunnar miklu haustið 1955, hefur sem betur fer lítið reynt á þær reglur og lagaákvæði, sem í l. um sjóðinn voru sett, fyrr en á síðustu tveimur árum, er hinir mestu erfiðleikatímar steðjuðu að þjóðinni allri um afla og söluverðmæti hans. Afleiðing þessara erfiðleika var mikill samdráttur í atvinnu landsmanna með þeim afleiðingum, að mikill fjöldi manna varð atvinnulítill og allt of mikill fjöldi fólks hreinlega atvinnulaus. Þá fór verulega að reyna á umræddar reglur og lagaákvæði til bótagreiðslna úr sjóðnum. Við setningu l. um atvinnuleysistryggingar frá 1956 var því yfirlýst, að æskilegasta notkun þeirra fjármuna, er þar söfnuðust, væri, að hægt væri að nota þá til að koma í veg fyrir atvinnuleysi. Þrátt fyrir mjög góða viðleitni stjórnar sjóðsins á undanförnum árum til að beina lánveitingum sínum til fullnægingar þessum upphaflegu óskum við stofnun sjóðsins, þá hurfu áhrif hans eins og dögg fyrir sólu, þegar ólagið reið yfir. Af þessu má nokkuð ráða, hve erfiðleikarnir voru miklir, sem við var að etja. Það þarf því ekki djúpskyggna menn til að sjá það ástand, sem hér hefði ríkt nú, ef Atvinnuleysistryggingasjóður hefði ekki orðið til, 10 árum áður en þetta efnahagsólag reið yfir þjóðarbúið. Þessi sjóður er orðinn fjárhagslega öflugur á mælikvarða íslenzks þjóðfélags. En samt reyndist hann lítils megnugur, þegar á herti. En ég spyr: Hvernig hefði verið umhorfs án hans? Hér þarf ekki að eyða tíma til að draga þá mynd upp. Til þess er hún of ljós. Framkvæmd bótagreiðslnanna ásamt þeirri hækkun, sem ríkisstj. hét á s. l. ári að beita sér fyrir, hefur verið gagnrýnd á ótrúlegustu stöðum og talið, að þar hafi verið boðið upp á allt of háa atvinnuleysisstyrki miðað við gildandi laun. Þessir hækkuðu styrkir eru jafnvel taldir ganga svo langt, að ýmsir kjósi heldur að nálgast styrkinn, þótt þeim bjóðist atvinna og hafni henni þá vegna möguleika á of háum atvinnuleysisbótum. Að sjálfsögðu geta verið þverbrestir í framkvæmd þessara laga og reglna sem annarra í landinu. En bágt á ég með að trúa því, að nokkur maður í landinu sé svo heillum horfinn, að hann vilji heldur atvinnuleysisstyrk en atvinnu, ef hún er í boði, jafnmikill mismunur og þar er á um tekjur. Ég á a. m. k. ekki von á því, að ríkisstj. fái á sig ádeilur fyrir að hafa gengið of langt til móts við þá, sem við atvinnuleysi eiga að stríða.

Svo sem fyrr er frá greint, verða sjávarútvegsmál enn um langa framtíð að sjálfsögðu ofarlega á baugi, þegar rætt er um efnahags- og atvinnumál hér á landi. Af þessum ástæðum er ekki úr vegi að líta á löggjafaratriði þeirra mála á s. l. ári. Ef litið er á örfá atriði í þeirri löggjöf, sem sett hefur verið af Alþ. síðan Alþ. var slitið á s. l. vori, er fyrst að minnast brbl. og reglugerðar um ráðstafanir vegna flutninga saltaðrar og ísvarinnar síldar af fjarlægum miðum á s. l. sumri. Þar sem óhjákvæmilega verður að gera aftur á þessu vori svipaðar ráðstafanir og gerðar voru s. l. vor, þá er ekki úr vegi að líta á helztu atriði þessara aðgerða. Tekin voru á leigu tvö skip til flutninga á sjósaltaðri síld. Greiddur var flutningsstyrkur á sjósaltaða, ísvarða og kælda síld. Vegna þessara ráðstafana voru sjósaltaðar rúmlega 65 þús. tunnur og nam flutningsstyrkur á sjósaltaða síld rúmlega 8.5 millj. kr. Ísvarin og kæld síld, sem greiddur var flutningsstyrkur með, nam tæpum 35 þús. tunnum og greiddar rúmar 2 millj. kr. í slíkan flutningsstyrk. Þannig var flutningsstyrkur samkv. l. og reglugerðinni greiddur með samtals 100 þús. tunnum saltsíldar. Þegar litið er til þess, að saltaðar voru aðeins rúmlega 170 þús. tunnur í allt á s. l. sumri, er ljóst, að með þessu móti hefur miklum verðmætum verið bjargað auk þess, sem hinar umræddu ráðstafanir stórbættu aðstöðu okkar á mörkuðunum frá því, sem útlit var fyrir áður og hefði annars orðið. Ríkisvaldið gerði enn fremur margar aðrar ráðstafanir til að tryggja sókn á hin fjarlægu mið á s. l. ári. Var varðskip staðsett á fjarlægum miðum, en í því var látin í té ýmiss konar þjónustu, svo sem læknisþjónusta, viðgerðar- og varahlutaþjónusta o. fl. Enn fremur beitti ríkisstj. og stjórn Síldarverksmiðja ríkisins sér fyrir, að tekið var á leigu stórt tankskip til bræðslusíldarflutninga á s. l. sumri.

Eins og ég áður sagði, er óhjákvæmilegt, að ráðstafanir í svipaða átt verði gerðar á þessu vori, ef áhugi reynist á síldveiðum á svipuðum slóðum og í fyrrasumar. Kemur þar bæði til, að grundvöllur er fyrir rekstri síldarsöltunar á fjarlægum miðum og okkur er nauðsynlegt að framleiða saltsíld að sumri til til að komast hjá alvarlegri rýrnun markaða, okkar gömlu markaða. Skipuð hefur verið n. til að gera till. um hagnýtingu síldar og þjónustu við síldveiðiflotann á komandi sumri, og er álits hennar að vænta innan skamms tíma.

Svo að vikið sé að löggjöf í efnahagsmálum sérstaklega, má segja, að vaxandi erfiðleikar vegna aflabrests og verðfalls hafi leitt til þess, að þegar á árið 1968 leið, mátti heita, að nær allar greinar sjávarútvegsins nytu aðstoðar í meira eða minna mæli. Með þeirri ákvörðun stjórnvalda að breyta gengi krónunnar á s. l. hausti var stefnt að því að skapa sjávarútveginum eðlileg rekstrarskilyrði. Er þá í stórum dráttum miðað við aflamagn eins og það hefur verið á s. l. tveimur árum og verðlag afurðanna eins og það var eftir að gengisbreytingin var framkvæmd. Í kjölfar gengisbreytingarinnar voru samþ. lög á Alþ. um ráðstafanir í sjávarútvegi vegna gengisbreytingarinnar. Var þar um að ræða ráðstafanir, sem snertu ákvörðun nýs fiskverðs frá og með 15. nóv. s. l., um stofnfjársjóðsgjald, sem rennur til stofnfjársjóðs fiskiskipa, svo og kostnaðarhlutdeild fiskkaupenda í útgerðarkostnaði, en þau ákvæði ollu miklum deilum, svo sem kunnugt er. Enn fremur voru í

l. ákvæði um breytingu útflutningsgjalda og um ráðstöfun gengishagnaðar, en gengismismunur samkv. l. var áætlaður um 740 millj. kr.

Kjarasamningar útvegsmanna og sjómanna á bátaflotanum gengu úr gildi á s. l. áramótum. Samningar milli aðila um kaup og kjör náðust ekki, og voru boðuð verkföll á bátaflotanum, sem hófust 16.—18. jan. s. l. Sáttaumleitunum var linnulaust haldið áfram. Útvegsmenn annars vegar og hásetar, matsveinar og hluti vélstjóra á bátaflotanum hins vegar náðu samkomulagi á grundvelli sáttatill. sáttasemjara, en till. þessi var síðan lögfest á Alþ. sem kjarasamningur milli yfirmanna og útvegsmanna hinn 17. febrúar s. l. Þótt mörgum þætti þar hart að farið, þá efast nú enginn lengur um, að með þessum ráðstöfunum var vetrarvertíðinni bjargað.

Í framhaldi af l. um lausn kjaradeilu útvegsmanna og yfirmanna á bátaflotanum var flutt frv. um breyt. á l. um Aflatryggingasjóð sjávarútvegsins til staðfestingar samkomulags um greiðslu upp í fæðiskostnað skipverja á bátaflotanum. Frv. þetta verður væntanlega samþ. fyrir lok þessa þings. Samkv. frv. er gert ráð fyrir því, að við Aflatryggingasjóð skuli starfa sérstök deild, áhafnadeild, sem greiði hluta af fæðiskostnaði áhafnar á fiskibátum og verði árlegar tekjur deildarinnar 1% af fob-verði útfluttra sjávarafurða. Skal greiða úr deildinni kr. 100 á úthaldsdag og á áhafnarmann vegna áhafna á fiskibátum 151 brúttórúmlest að stærð og stærri, en 85 kr. á úthaldsdag á áhafnarmann vegna áhafna á fiskibátum undir 150 brúttórúmlestir.

Þar sem minnzt er á Aflatryggingasjóð, er ekki úr vegi að minnast mjög merks frv., sem væntanlega verður samþ. fyrir lok þessa þings, en það er frv. til l. um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins. Hér er um að ræða hliðstæðan sjóð fyrir fiskiðnaðinn og Aflatryggingasjóður hefur verið fyrir útgerðina. Er sjóðurinn eins konar tryggingakerfi til að milda verðsveiflur afurða á erlendum mörkuðum. Ríkissjóður hefur margoft, sem kunnugt er, tekið á sig skuldbindingar til að tryggja ákveðið lágmarksverð við útflutning. Er sjóðnum ekki aðeins ætlað það hlutverk að taka áföllin af verðlækkun á afurðum, heldur einnig ætlunin að taka hluta af verðhækkunum, sem verða kynnu, og leggja í sjóðinn til mögru áranna. Með því móti mundi stuðlað að því að jafna óheppileg áhrif og verðsveiflur afurðanna og áhrif þeirra á hagkerfið, sem reynzt hefur okkur eitt hið alvarlegasta vandamál síðari tíma. Dregur sjóðurinn þannig úr þenslu á þenslutímum og úr kreppu á krepputímum.

Á s. l. hausti var skipuð eftir tilnefningu stjórnmálaflokkanna svonefnd landhelgismálanefnd. Starfaði sú nefnd mikið og vel í allan vetur, ferðaðist um landið og kynnti sér hug manna til landhelgismála eftir föngum. Eftir að till. þessarar n. lágu fyrir, var frv. lagt fyrir Alþ. til breytingar á l. um bann gegn veiðum með botnvörpu og flotvörpu. Fól frv. í sér stórauknar heimildir til togveiða í landhelginni. Að vísu höfðu verið samþykkt fyrir áramótin lög, sem heimiluðu auknar togveiðar fyrir Norðurlandi og Suðurlandi til 30. apríl s. l., en þau lög voru aðeins bráðabirgðalausn í því skyni að gefa landhelgismálanefnd starfsfrið. Hinum nýju l. er ætlað að gilda til ársloka 1971, og er það allra von, að þau reynist svo sem til hefur verið stofnað. Frv. þetta hefur nú hlotið endanlega afgreiðslu Alþingis, en með öllu hefði verið vonlaust að fá meiri hl. fyrir því fyrir nokkrum árum. Svona breytist afstaða manna til jafn viðkvæmra mála frá ári til árs.

Þá var nýlega samþ. á Alþ. frv. til l. um breyt. á l. um rétt til fiskveiða í landhelgi, sem heimilaði sjútvmrh. að leyfa vinnslu- og verkunarstöðvum að kaupa afla af erlendum veiðiskipum í íslenzkum höfnum með nánari skilyrðum. Samkv. till. Hafrannsóknastofnunarinnar og Fiskifélags Íslands setti rn. á þessum vetri reglugerð um ráðstafanir til verndar íslenzku síldarstofnunum. Samkv. reglugerðinni er á árinu 1969 óheimilt að veiða meira en 50 þús. smál. síldar fyrir Suður- og Vesturlandi. Á tímabilinu frá 1. apríl til 1. september þessa árs eru síldveiðar þó bannaðar á þessu svæði. Lágmarksstærð síldar, sem leyfilegt er að veiða, er sem fyrr 25 cm.

Í framhaldi af þessu er ekki úr vegi að geta þess, að rn. hefur fyrir nokkru ákveðið að framkvæma kerfisbundna leit að loðnu fyrir Norðurlandi í sumar. Enn fremur hefur rn. nýverið samþykkt styrkveitingu til einstaklinga til veiðitilrauna með spærling. Má segja, að aldrei hafi verið varið meira fé til rannsóknarmála en á þessu ári. Sem dæmi má nefna, að til Hafrannsóknastofnunarinnar einnar eru ætlaðar rúmlega 45 millj. kr. á þessu ári. Í sambandi við það er ekki úr vegi að minnast þess, að fyrir skömmu voru undirritaðir samningar um smíði á hafrannsóknaskipinu Bjarna Sæmundssyni, sem á að geta komið í gagnið á árinu 1970.

Skuttogaranefnd hefur samþ. fullnaðarteikningar af fyrirkomulagi á skuttogara, rúmlega 800 rúml. að stærð. Verklýsing er tilbúin og því vonandi ekkert til fyrirstöðu að bjóða skipið út í þessum mánuði.

Á s. l. vori voru samþ. lög um nýja stofnun í sjávarútvegi, fiskimálaráð. Ráðið kom saman í fyrsta sinn í febr. s. l., og er þess að vænta, að það eigi eftir að láta til sín taka um sjávarútvegsmál, en samkv. l. er því ætlað mjög víðtækt hlutverk í sjávarútvegi. Önnur ný stofnun var sett á fót í sjávarútvegi á þessu ári. Rn. tók þá ákvörðun að stofna til fiskiðnaðarnámskeiða í húsakynnum Rannsóknastofnunar sjávarútvegsins að Skúlagötu 4, er orðið gæti grundvöllur að fiskiðnskóla. Hefur verið ráðinn maður til að undirbúa námskeiðin og veita þeim forstöðu, svo og að semja starfs- og skipulagsáætlun fyrir þessi námskeið. Við skipulagningu þessara mála verður leitað til samtaka framleiðenda sjávarafurða og annarra stofnana sjávarútvegsins, eftir því sem við á og þörf er talin. Hér er á ferðinni mikið nauðsynjamál, og á þessi stofnun vonandi mikla framtíð fyrir sér hér á landi.

Svo sem ég hef margoft áður yfir lýst, verður afkoma íslenzks sjávarútvegs og þá um leið þjóðarinnar allrar enn um langan tíma háð aflamagni og verðsveiflum á erlendum mörkuðum. Þess vegna verðum við áfram að vera við því búin að taka afleiðingum af því að búa við jafnóstöðuga aðalatvinnugrein, bæði að magni og verðlagi.

Herra forseti. Ég hef víst þegar notað ræðutíma minn og rúmlega það. Ég vil aðeins að lokum bera fram þá ósk, sem ég vona, að við getum öll sameinazt um, en það er, að við stuðlum að því, að íslenzku þjóðinni takist nú sem fyrr að sigrast á tímabundnum erfið-

leikum, sem við er að etja. Þá er unnið í anda Alþfl. — Góða nótt.

Umr. frestað.

Á 52. fundi í Sþ., 16. mai, var almennum stjórnmálaumræðum (útvarpsumr.) fram haldið.

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. Góðir hlustendur. Ástandinu í málefnum landsins var rækilega lýst af stjórnarandstæðingum í fyrrakvöld, svo að óþarfi er að eyða nú fáum, dýrmætum mínútum til að endurtaka þær lýsingar.

Mörgum finnst þeir vera nálega ringlaðir eða að veruleikinn sé vondur draumur, og er mönnum það nokkur vorkunn, því að ríkisstj. lofaði við kosningarnar síðustu verðstöðvun og blómlegu ástandi áfram. Sór þetta og sárt við lagði, þótt hún vissi vel, hvað í vændum var.

Hún eyddi úr þjóðarbúinu öllu, sem losað varð fram að kosningunum, til þess að leyna því, hvernig komið var og tók tröllaukin lán erlendis til þess að breiða yfir sannleikann um gjaldþrot stjórnarstefnunnar, þangað til atkvæðin væru komin í kassana.

Það vita allir núna, að stjórnin skreið með brögðum yfir kosningarnar, og því verður ekki gleymt. Það heyrir maður alls staðar, og sumir spyrja: Þarf ástandið að vera svona? Því má óhikað svara: Áreiðanlega ekki. Og í því efni er reynslan ólygnust.

Núv. stjórn tók við fyrir 10 árum. Þá var góður þorskafli, eins og nú, en síld hafði þá brugðizt í nálega 10 ár í staðinn fyrir 2 nú, og verðlag í utanríkisviðskiptum hefur verið betra nú en þá, þessi síðustu 10 ár.

Fyrir 10 árum var atvinnuleysi ekki vandamál á Íslandi, vinnuafl vantaði og sótt var í önnur lönd á vertíðum. Skólafólk átti sumarvinnu vísa, og þar með voru námsbrautir opnar öllum dugandi unglingum. Nú var stórfellt atvinnuleysi á miðri topp-vertíð, og geigvænlegt ástand blasir við í næstu framtíð, enda hefur ríkisstj. haft uppi hreina vafninga og kák eitt í stað þess að hefja harða sókn gegn atvinnuleysinu. Skólanemendur horfa í stórhópum fram á atvinnuleysi, en stjórnin hefur ekkert gert til að ráða fram úr þeim málum, og sýnir það hin nýju viðhorf, að menn bollaleggja um vinnuútvegun erlendis fyrir íslenzkt námsfólk og stjórnin er að gera ráðstafanir til þess, að skólafólk geti fengið atvinnuleysisstyrk yfir hásumarið. Á hinn bóginn telur stjórnin ekki verkefni vera til á Íslandi fyrir æskufólkið og betra að borga því og öðru vinnandi fólki atvinnuleysisstyrki en að opna möguleika til þess, að menn geti lagt í þjóðarbúið þarflega vinnu sér til framfæris.

Fyrir 10 árum var kaupmáttur algengustu launa meiri en hann er í dag, og hefur hann því farið lækkandi. Þetta er árangur af 10 ára kauplækkunarstyrjöld núv. ríkisstj., sem háð hefur verið á mörgum vígstöðvum sem liður í úreltri efnahagsmálastefnu, og heitir sá þáttur hennar að minnka kaupgetuna. Sumpart hafa verið háðar kjaraorrustur beint og sumpart sú aðferð notuð að moka álögum á algengustu neyzluvörur, jafnvel innlendar vörur eins og fisk og kjöt í fyrsta skipti í sögu landsins, og sumar brýnustu nauðsynjar heimilanna hafa hækkað um 600—800%. Ein orrustan í þessu stríði hefur staðið í allan vetur, fyrst við sjómenn og síðan við landverkafólk, og grefur sú undan framleiðslunni og afkomu þjóðarinnar, en tilgangurinn er að lækka launin enn meira en áður var búið.

Fyrir þessu stendur ríkisstj. og enginn nema hún; því að hún steig á háls atvinnurekendum í vetur og bannaði þeim að greiða vísitöluuppbót, jafnvel á lægstu laun, og kallaði skemmdarstarf, ef út af væri brugðið. Ráð íslenzkra atvinnurekenda hefur stjórnin á hinn bóginn alveg í hendi sér og stjórnar því öllu þessu. Þetta er nauðsynlegt, að allir skilji og þá um leið, að viðhorfin í kjaramálum breytast ekki, nema stjórnin fari frá. En samanburður á kaupmætti launa nú og fyrir 10 árum og aðrar aðstæður sýnir glöggt, að kaupmáttur þarf ekki að vera svona, ef skynsamlega er stjórnað og af ráðdeild.

Fyrir 10 árum var afkoma atvinnufyrirtækja yfirleitt betri en nú, rekstrarfé ríflegra úr bankakerfinu, vextir lægri og margir sérskattar, sem nú ganga nærri atvinnuvegunum, voru óþekktir þá. Íslenzk fyrirtæki sátu þá fyrir viðskiptum og vinnu í þágu þjóðarinnar, og iðnaður Íslendinga var vaxandi í mörgum greinum, enda næg atvinna. En menn vita, hvernig nú er ástatt. Ekki vegna lakari ytri skilyrða, því að viðskiptakjör eru betri en fyrir 10 árum, ekki heldur vegna aflabrests, því að afli hefur yfirleitt verið með betra móti, heldur vegna þess að stjórnarstefna þessara 10 ára, ef stefnu skyldi kalla, hefur verkað eins og eitur á íslenzkt atvinnulíf, eins og sýnt var fram á í upphafi og æ síðan með óyggjandi rökum.

Ofboðsleg uppgrip af síld gerðu ríkisstj. léttara að leyna því, sem var að gerast. Nú verður engu lengur leynt, og allt blasir við í fullri nekt. En kannske er ekki til ömurlegri vottur um það, hvernig búið er að leika atvinnulíf Íslendinga, en það, að árum saman hafa ekki fundizt ráð til þess að eignast einn einasta nýtízku togara. Er það þó aðeins eitt dæmi af mýmörgum, sem nefna mætti um vanrækslu í uppbyggingu atvinnuveganna af hendi ríkisstjórnarinnar, enda lýsti forsrh. því í fyrrakvöld, að það væri ekki í verkahring ríkisstj. að gangast fyrir kaupum á togurum. Ekki er von, að vel hafi farið.

Fyrir 10 árum var afkoma þjóðarinnar út á við ósambærilega betri en hún er nú orðin, því að þjóðin er sokkin í skuldir, og það, sem er ömurlegast, er, að sá hugsunarháttur er rótgróinn hjá stjórninni, að ekkert sé lengur hægt að gera, nema með erlendu lánsfé, annað en það, sem útlendingar verði þá hreinlega að setja á fót sjálfir á Íslandi og reka sjálfir hér. Þetta er ein afleiðing þeirrar speki, að hægt sé að hafa jafnvægi í þjóðarbúskap Íslendinga með því einu að draga úr lánsfé í umferð og halda niðri kaupgetunni.

Fyrir 10 árum var sparifé landsmanna haft í umferð hjá viðskiptabönkum og sparisjóðum og Seðlabankinn lagði veltufé að auki í bankakerfið. En nú hefur þessu verið snúið við og Seðlabankinn notaður til þess að draga sparifé úr umferð, og framleiðslulán þaðan hafa verið minnkuð, og þannig hefur þetta gengið í 10 ár. Þetta átti að tryggja, að þjóðarbúskapurinn þyldi verzlunarfrelsi og fjárfestingarfrelsi. Afleiðingin hefur orðið rekstrarfjárskorturinn, lömun fyrirtækjanna,

botnlaus skuldasöfnun erlendis á vegum einstaklinga og ríkis og nú loks sá hugsunarháttur ríkisstj., að erlend lán þurfi til alls, því að hér séu ekki peningar til þess að koma af stað vinnu og nýrri framleiðslu. Þess vegna m. a. verði menn að þola bölvun atvinnuleysisins. Af þessu sprettur líka sá hugsunarháttur þeirra, að þjóðin hafi frekar ráð á að borga atvinnuleysisstyrki en að greiða kaup fyrir nytsamleg störf.

Ný og djarfari lánastefna í átt til þess, sem áður var, er algjör forsenda þess, að þjóðin nái sér upp. En þeirri lánastefnu þarf að fylgja stjórn í stað stjórnleysis. Það er ekki sama, í hvað peningunum er varið, sem í umferð eru settir. Forystu þarf í atvinnumálum, og fjárfestingarstjórn og gjaldeyrisstjórn verður að standa á bak við þá stefnu í lána- og peningamálum, sem þarf að taka upp, ef komast á upp úr feninu.

Fyrir 10 árum var íslenzka krónan ólíkt verðmeiri en hún er nú og hag sparifjáreigenda betur borgið, þótt vextir væru lægri. Og þótt áður væri nokkur dýrtíðarvöxtur og verðbólga, þá finnst mörgum með réttu, að þeir hafi aldrei kynnzt dýrtíð fyrr en nú. Og óðaverðbólgu hafa Íslendingar aldrei þekkt fyrr en á valdatímabili þessarar ríkisstj., sem lofaði þjóðinni því að stöðva verðbólguna og sem meira að segja fékk umboð sitt endurnýjað fyrir 2 árum með því að heita þjóðinni verðstöðvun, þótt hún vissi, að gengishrun væri framundan og þar með óðadýrtíð og kreppuástand og ekki einu sinni met-síldarmokstur áfram mundi geta breytt því, að svo færi.

Fyrir 10 árum trúðu menn á landið, treystu því og gæðum þess og töldu sig hafa ástæðu til þess. Íslendingar áttu þá öll sín fyrirtæki sjálfir, og atvinnulíf var í vexti og uppbyggingu. Það hvarflaði ekki að neinum, svo að upp væri látið, að ekki mætti gera ráð fyrir, að íslenzkt framtak mundi reynast þess megnugt að sjá þjóðinni borgið framvegis. En nú 10 árum síðar hefur ríkisstj. með ráðleysi sínu samfara látlausum úrtölum og þindarlausum áróðri um erfið skilyrði á Íslandi sér til afsökunar og með lævíslegum fortölum um vandkvæði á því, að Íslendingar geti sjálfir byggt upp þjóðarbúskap sinn, eins og áður var gert, dregið kjark úr ýmsum og skapað óhug með þjóðinni, sem magnast við atvinnuleysi og kreppu, sem er einsdæmi meðal hliðstæðra þjóða.

Hér er heldur ekki látið sitja við orðin ein, því að í framkvæmd er sumpart fylgt og sumpart í undirbúningi að fylgja fram þeirri stefnu, að erlendir aðilar taki í sívaxandi mæli að sér atvinnureksturinn hér, en Íslendingar verði þjónar. Útlendingum standa til boða fríðindi fyrir atvinnurekstur í landinu umfram landsmenn sjálfa, og allt er þetta angi af þeirri trú, sem lifað er eftir, að Íslendinga vanti peninga til að koma upp eigin rekstri og nota framtak sitt og vinnuþrek og því verði að leita til hinna, sem hafi peningana. Af þessu leiðir, að útlendingar sitja fyrir verkum, sem íslenzk fyrirtæki geta unnið.

Það er óðfluga verið að undirbúa enn frekari útfærslu þessarar stefnu með ótímabærum viðræðum og áætlunum um þátttöku í efnahagsbandalögum, og það er þetta, sem stendur eins og veggur fyrir því t. d., að atvinnuleysinu sé útrýmt með því að efla heimaiðnaðinn og notfæra sér afköst hans, sem gætu verið miklu meiri en þau eru nú, ef skynsamlega væri að farið. Og það er þetta, sem veldur því, að iðnaðurinn er lamaður með innflutningspólitík ríkisstj. og með því að láta útlendinga taka hér verk af innlendum aðilum.

Í stað þess að snúa sér að því að efla íslenzka atvinnulífið og búa því viðunandi skilyrði varðandi rekstrarfé, vexti, álögur, stuðning við uppbyggingu, verkefni o. s. frv., eitthvað sambærileg skilyrði því, sem annars staðar þekkist, þá er sífellt þrengt að því íslenzka og það erlenda látið flæða yfir, þar sem hið íslenzka liggur í valnum.

Því er afstaða okkar í Framsfl. þessi: Ný atvinnumálastefna í framkvæmd sem fyrst, þar næst allsherjarmat á stöðu Íslands og íslenzkra atvinnuvega til undirbúnings skynsamlegri samvinnu og samningum við aðrar þjóðir eða bandalög. En til þess að svona verði unnið, þarf stjórnin að fara frá.

Þær staðreyndir, sem ég hef rakið, verða ekki hraktar, og samanburðurinn sýnir, svo að ekki verður um deilt af neinu viti, að erfiðleikar Íslendinga stafa ekki af ytri ástæðum eða áföllum, heldur eiga rót sína í rangri stefnu og forystuleysi, sem duldist nokkuð um tíma vegna áður óþekktra uppgripa. Hafi menn haldið, að ríkisstjórnin væri í þann veginn að viðurkenna þetta og breyta eftir því, þá fengu menn þann misskilning leiðréttan rækilega í fyrrakvöld, því að þeir berja enn höfðinu við steininn með forsrh. í broddi fylkingar. En vonlaust er um nokkra endurreisn á vegum þeirra seku, sem vegna metnaðar og þráhyggju vilja hvorki sjá né játa, hvar vandinn liggur.

Ríkisstj. hefur algjörlega mistekizt að stjórna landinu. Um það er tæplega deilt, og má segja, að bragð er að, þá barnið finnur, því að hv. þm. Jón Þorsteinsson krafðist hástöfum ráðherraskipta í gærkvöld, og hvað skyldu þá aðrir hugsa? Hagstjórnaraðferðir ríkisstj. hafa ekki náð að lækna verðbólgumeinið, en þær hafa lamað atvinnulífið. Þessar aðferðir, ásamt stjórnleysi í fjárfestingu og atvinnumálum, hafa orðið til þess, að margar þær framkvæmdir hafa setið á hakanum, sem þýðingarmestar voru, en aðrar komizt fram fyrir, sem máttu bíða eða missa sig. Verðbólgufjárfestingin hefur setið í fyrirrúmi, og því vantar nú atvinnutæki, heilbrigðisstofnanir, skóla og annað, sem mestu skiptir.

Engin þjóð þolir til lengdar ráðlausa stjórn á rangri leið, og allra sízt við Íslendingar. Það gerði oft gæfumuninn áður fyrr, frá því framfaraskeið hófst á Íslandi, þótt ýmislegt mistækist, að fylgt var framleiðslustefnu og sterklega hlúð að atvinnuvegunum. Og handahófið var ekki ráðandi háttur í búskaparlaginu fyrr en þessi stjórn tók við og tók upp gersamlega úrelta stjórnarhætti, sem alls ekki koma til mála annars staðar, þar sem sæmilega farnast.

Stefnubreyting þolir enga bið, og kjarni hinnar nýju stefnu er sá, að þjóðin fái tækifæri til þess að vinna sig út úr vandanum. Skynsamlegur áætlunarbúskapur verður að komast á, sem tryggir, að það, sem mesta þýðingu hefur fyrir þjóðina, komist fram fyrir eyðsluna og sukkið og það, sem má bíða. Það verður að útrýma atvinnuleysinu með jákvæðri forystustefnu í atvinnumálum, sem byggist á nánara samstarfi ríkisvalds, einstaklings og félagsframtaks en nokkru sinni áður. Lánastefnuna verður að miða við þarfir atvinnuveg-

anna og nauðsyn þjóðarinnar á því, að hver vinnandi maður hafi verk að vinna. Íslenzkt framtak ber að hafa í heiðri og treysta því og efla það, en kveða niður þann hugsunarhátt, að Íslendingar geti ekki lengur sjálfir komið neinu í kring og þurfi að láta útlendinga gera allt fyrir sig í sínu eigin landi, eða hvað halda menn, að 200 þús. manna þjóð haldi lengi sjálfstæði sínu, ef þeir menn eiga lengi fyrir landi að ráða úr þessu, sem byggja á slíkum hugsunarhætti? Voru það kannske útlendingar, sem stóðu fyrir glæsilegri framfarasókn Íslendinga frá 1918 til 1958? Í lok þess tímabils áttu Íslendingar sjálfir atvinnutæki sín öll og þær stofnanir, sem þeir byggðu á atvinnu sína og afkomu.

Við búum hvorki við aflabrest né óhagstætt verðlag í viðskiptum út á við, þegar á heildina er litið, síður en svo. Almennt séð má fremur tala um ágæta vertíð, og verðlagsvísitala erlendra viðskipta er með hagstæðara móti. En samt er búið að koma þjóðinni í alvarlega hættu, sem ógnar fyllilega fjárhagslegu sjálfstæði landsins og þar með frelsi þjóðarinnar. Þeir menn fara með forystu í stjórn landsins, sem fullreynt er, að engu geta stjórnað, eins og það er orðað á hispurslausu alþýðumáli, og aðhyllast hagstjórnaraðferðir, sem hafa leitt til kreppu og atvinnuleysis inn á við, sem Íslendingar búa nú einir við, og botnlausrar skuldasöfnunar út á við, enda hafa sumir þm. stjórnarflokkanna gefizt upp við að verja **ráðherrana í þessum umr. og heimta** þá nú frá.

Endurreisnarstarfið verður erfitt, eins og formaður Framsfl. gerði hreinskilnislega grein fyrir í fyrrakvöld, og því erfiðara sem lengur dregst, að á því verði tekið. Því er það almenn krafa í landinu, ekki bara stjórnarandstæðinga, sem verið hafa, að ríkisstj. láti fara fram kosningar, svo að þjóðin geti við breyttar ástæður valið sér nýtt Alþingi og nýja stjórn. Því miður virðist ríkisstj. ekki á því að gefa þjóðinni kost á þessu strax, en ætlar þess í stað að nota vald sitt til þess að slíta Alþ. nú og senda alþm. heim frá óleystum vinnudeilum, t. d. á vegum ríkisstj. sjálfrar og án þess að nokkuð viðunandi hafi fengizt gert til þess að ráða fram úr atvinnuleysismálunum. Þ. á m. hafa allar till. til úrlausnar á geigvænlegum atvinnuvanda skólafólksins ýmist verið svæfðar eða felldar.

Verður ekki annað séð en ríkisstj. sé orðin hrædd við þingið, enda mynduðust hér á Alþ. í vetur samtök um að taka tvö stórmál úr höndum ríkisstj. og leysa þau þannig. Það eru afnot fiskveiðilandhelginnar og vegamálin. **Máske vill ríkisstj. ekki bíða eftir meira af slíku,** en það verður að mótmæla því kröftuglega, að Alþ. sé slitið eins og nú stendur á og ríkisstj. taki til að stjórna með brbl. Þess í stað krefst þjóðin kosninga að loknu þinghaldi í vor og á rétt á því að fá þær.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Hv. þm. Magnús Kjartansson lagði í ræðu sinni í fyrrakvöld áherzlu á nauðsyn þess, að almenningur fylgdist með stjórnmálum og taldi síðan mörg dæmi, hvað væri stjórnmál. Víst er það rétt, að stjórnmálin varða flesta þætti í lífi fólks og lýðræðisskipulagið byggist á því, að hinn almenni borgari sé virkur hluttakandi í stjórnmálastarfseminni, og það er raunar óhjákvæmilegt til þess að geta metið flokka og frambjóðendur við almennar kosningar. En þótt lýðræði sé það stjórnarfar, sem flest okkar vilja búa við, hefur það eins og öll mannanna verk bæði sína kosti og ókosti. Meginkosturinn er sá, að einstaklingurinn getur án ótta við fangelsanir og ofsóknir látið í ljós skoðanir sínar á valdhöfunum og valið í leynilegum kosningum þá til forystu, sem hann treystir bezt, alveg andstætt því stjórnkerfi, sem Magnús Kjartansson og hans skoðanabræður dýrka og vilja vafalaust láta þjóð sína njóta, fengju þeir ráðið. Aðalókostur lýðræðisskipulagsins er aftur á móti sá, að þar sem það er ríkt í eðli okkar allra að vilja heldur heyra loforð um aukin þægindi en boðskap um að þrengja að okkur og sætta okkur við lakari **kosti, hættir stjórnmálamönnum til þess að segja það,** er þeir telja falla kjósandanum betur í geð og sé líklegra til fylgisauka.

Í lýðræðisþjóðfélagi hvílir því þung ábyrgð á herðum þeirra manna, sem til forystu veljast, hvort sem þeir eru í stjórn eða stjórnarandstöðu, og aldrei er sú ábyrgð meiri en þegar erfiðleikar steðja að þjóð þeirra og miklu varðar fyrir framtíð hennar, að hún fái að vita hið sanna um hag sinn og allir leggi sig fram um að lýsa rétt málsatvikum og reyna af einlægni að benda á úrræði til lausnar vandanum. Það er ekki hægt að ætlast til, að menn verði endilega sammála um leiðir, en þjóðin á kröfu til þess, að stjórnmálamenn hennar láti á alvarlegum tímum af kjósendaveiðum og segi henni satt og rétt frá stöðu hennar og framtíðarhorfum.

Íslenzka þjóðin lifir nú slíka örlagatíma. Hún hefur orðið fyrir meiri áföllum á skömmum tíma en vitað er um hjá nokkurri þjóð við svipuð lífsskilyrði. Til þess að forðast stöðvun atvinnuveganna höfum við orðið að fella gjaldmiðil okkar tvisvar með árs millibili. Vitanlega eru slíkar ráðstafanir og samsvarandi kjaraskerðingar ekki vinsælar. Allir hugsandi menn viðurkenna með sjálfum sér a. m. k., að grípa varð til róttækra aðgerða, og veruleg kjaraskerðing er í bili óumflýjanleg. En hvernig hafa forystumenn stjórnarandstöðu**nar staðizt þessa lýðræðislegu prófraun? Þessar út**varpsumr. eru síðasta dæmið um viðbrögð þeirra. Lausnin á öllum vandanum er í þeirra munni sú, að **ríkisstj. fari frá og nýir menn með nýjar aðferðir taki við völdum, eins og einn varaþm. Framsfl. orðaði það** í fyrrakvöld, eftir að hafa flutt svo fjarstæðukenndar lýsingar um aðbúnað ríkisstj. að bændastéttinni, að furðu gegnir um mann, sem á að gegna ráðunautsstörfum fyrir bændur. Auðvitað hefði ýmislegt mátt betur fara þann áratug, sem núverandi stjórnarflokkar hafa farið með völdin í landinu. En að ríkisstj. hafi bókstaflega ekkert gert, nema grafa undan atvinnuvegum þjóðarinnar og þannig gera hana ófæra um að mæta núverandi erfiðleikum eins og formaður Alþb. sagði í fyrrakvöld, er naumast sæmandi fyrir stjórnmálaleiðtoga að bera á borð fyrir skyni borið fólk. Það er ómótmælanleg staðreynd, að á þessu tímabili hefur þjóðin eignazt í margvíslegum framleiðslutækjum og húsakosti og húsbúnaði fyrir fólkið í landinu margfalt meira en á nokkru öðru tímabili sögu sinnar. Þótt á velmegunartímum sé ómögulegt að forða því, að **mörg krónan fari til spillis, er það staðreynd, að af** peningaflóði undanfarinna ára höfum við Íslendingar

notað hlutfallslega stærri hluta til kaupa á varanlegum verðmætum en flestar aðrar þjóðir.

Að skýringin á erfiðleikum okkar nú sé óskynsamleg fjárfesting á þessum árum, er fjarri sanni. Það hljómar vafalaust fallega í eyrum sumra að heyra hneykslazt á bankabyggingum og verzlunarhöllum, en sú fjárfesting nam aðeins 5% heildarfjárfestingarinnar, og eru þó hótel talin með. Svona fullyrðingar eru álíka sæmandi stjórnmálamönnum og frásagnirnar um tertubotnana, sem eiga að hafa komið utanríkisviðskiptum okkar úr jafnvægi. Væri það raunverulega lausn á vandamálum þjóðarinnar nú, að nýir menn með nýjar aðferðir tækju við stjórnartaumum, væri það auðvitað skylda núverandi ríkisstj. að víkja og afhenda þessum nýju bjargráðamönnum völdin í landinu. En áður en það gerist, hlýtur þjóðin að krefja þessi nýju leiðtogaefni sagna um úrræði þeirra til að leysa vandann, sem í munni þeirra á alls ekki að vera svo stór, ef rétt er á haldið.

Í þrennum kosningum hafa stjórnarandstöðuflokkarnir, og þá fyrst og fremst Framsókn, boðið þjóðinni óséð hnífakaup. En þeim hefur alltaf verið hafnað, enda sjaldan gróðavegur. Hver er boðskapurinn nú, sem þjóðin á að falla fyrir? Formaður Framsfl. sagði með nokkrum þunga í fyrrakvöld, að hann ætlaði ekki að lofa neinu, sem ekki væri hægt að standa við. Þessi sami höfuðtalsmaður stjórnarandstöðunnar og væntanlega foringi nýju mannanna með nýju aðferðirnar, sem eiga að taka við, sagði í viðtali við blað sitt, 19. febr. s. l., að full verðtrygging launa væri óhjákvæmileg. Þegar blaðamaðurinn spurði hann að því, hvort hann ætti aðeins við lægstu launaflokkana, sagði formaður Framsfl.: Nei, ég tel það neyðarúrræði.

Í sama blaði Framsfl. var frá því sagt í haust, meðan viðræður um samvinnu stjórnmálaflokkanna stóðu yfir, að flytja þyrfti a. m. k. 1400 millj. kr. til útgerðarinnar, ef hún ætti ekki að stöðvast. Aldrei þessu vant fór Tíminn hér með rétt mál. Þessa staðreynd hafa líka sjómannasamtökin viðurkennt í samningum sínum eftir áramótin, og flestir verkalýðsforingjanna viðurkenna í núverandi samningum, að atvinnuvegirnir geta aðeins bætt kjör þeirra lægst launuðu. En hinir pólitísku foringjar Framsfl. telja það aðeins meinbægni í vondri ríkisstj. að láta ekki í senn atvinnuvegina hafa 1400 millj. og bæta öllum alla kjaraskerðingu, sem af því leiðir. Það væri ekki amalegt að fá slíka snillinga til að stjórna landinu.

Framsóknarmenn segjast hafa með flutningi margra frv. á Alþingi í vetur sýnt, hvernig þeir vilja leysa vandann. Aðalbjargráðið er að setja upp nýja nefnd, Atvinnumálastofnun ríkisins, sem á að vera þeirrar náttúru að geta úrskurðað nákvæmlega, hvað borgararnir skuli aðhafast á hverjum tíma, og ákveða, hvernig gjaldeyri þjóðarinnar skuli varið. En þó er um leið sagt, að þetta sé ekki nýtt haftakerfi. Hver lætur sér til hugar koma, að ný n., sem enga sérþekkingu hefur á þróun efnahagskerfisins og á að skammta, en þó ekki skammta, af því að það er óvinsælt hjá almenningi, leysi vanda okkar nú?

Það er rétt, að við þurfum að nota sem skynsamlegast takmarkaða fjármuni okkar, og það þarf að koma á margvíslegum umbótum við stofnun og rekstur fyrirtækja. En það á að vera í höndum stofnsjóða atvinnuveganna og viðskiptabankanna að fylgjast með uppbyggingu fyrirtækja og sjá um, að fé sé ekki til þeirra veitt, nema um þjóðnýt fyrirtæki sé að ræða, rekstrargrundvöllur sé til staðar og markaður fyrir framleiðsluvörur og þau kroppi ekki augun hvert úr öðru. Ef atvinnurekstur þjóðarinnar á að komast úr kútnum og nægilega mörg ný fyrirtæki að rísa, verður að fást viðurkenning á þeirri frumforsendu heilbrigðs atvinnulífs, að fyrirtækin verða að geta skilað arði, og það þarf að kveða niður þá hættulegu kenningu, sem stjórnarandstæðingar hafa stöðugt klifað á, að allan vanda fyrirtækja megi leysa með auknu lánsfé. Einmitt erfiðleikar atvinnuveganna nú hafa glöggt leitt í ljós, að það er ekki lánsfjárskortur, heldur hallarekstur, sem þjáir atvinnuvegina. Það er hvorki nýtt eftirlitsráð né haftakerfi, sem leysir vanda okkar í dag, heldur jákvætt viðhorf til atvinnuveganna og viðurkenning á þeim viðskiptalögmálum, sem gilda í heiminum í dag.

Vitanlega þurfum við skipulagningu. En ekki skipulagningu pólitískra ráða og nefnda, heldur skipulagningu atvinnurekendanna sjálfra með aðstoð rannsóknarstofnana, rekstrarsérfræðinga og bankastofnana. Því miður lifa stjórnarandstæðingar í fortíðinni og vilja beita hagstjórnaraðferðum, sem allar þróaðar þjóðir hafa hafnað. Svo sem hv. þm. Eysteinn Jónsson glöggt sannaði í ræðu sinni áðan, hafa hinir pólitísku foringjar Framsfl. ekki enn vanizt af alúreltum haftakerfishugsunarhætti vinstristjórnaráranna, þótt ýmsir forystumenn samvinnufélaganna, sem vegna atvinnurekstrar síns, ekki sízt á sviði iðnaðar, hafi áttað sig á því, að við lifum í heimi frjálsra viðskipta og framtíðarvelferð okkar er því háð, að við skiljum þróunina og tileinkum okkur hana.

Það á vafalaust að kitla eyru iðnrekenda og iðnverkafólks að boða bann á innflutningi alls þess, sem hægt er að framleiða í landinu. Í bili gæti slíkt framferði aukið atvinnu, en hlyti að leiða til rýrnandi lífskjara og koma í veg fyrir nauðsynlega eflingu og skipulagningu iðnaðarins. Enda mun þorri iðnrekenda andvígur þessari stefnu, heldur óska þeir einmitt eftir aðstöðu til þess að geta keppt á frjálsum markaði og framleitt vörur til útflutnings.

Stjórnarandstæðingar tala um verðbólguna sem meginbölvald í þjóðfélaginu, og auðvitað á ríkisstj. að hafa skipulagt hana. Verðbólgan er alvarleg meinsemd í mörgum þjóðfélögum og hefur valdið okkur Íslendingum miklum erfiðleikum, en efnahagsþróun undanfarinna ára hefur gert sérstaklega erfitt að fást við þann vanda hérlendis. Orsökin er hið stórfellda misræmi í greiðslugetu atvinnugreinanna. Hin miklu uppgrip og háa verðlag síldarafurða gerði síldarútgerðinni kleift að rísa undir kaupgjaldi allt til ársins 1967, sem öðrum atvinnugreinum var um megn að greiða, en sem starfsfólk við þær heimtaði. Það hlaut því að leiða til stórhækkandi verðlags innanlands, bæði á búvörum, iðnaðarvörum og margvíslegri þjónustu. Að ríkisstj. hafi stuðlað að verðbólguþróun, er barnaleg fjarstæða, því að auðvitað vill engin ríkisstj. verðbólgu.

Ríkisstj. hefur æ ofan í æ leitazt við að ná samstarfi við verkalýðshreyfinguna um hægfara kaupbreytingar og sér í lagi reynt að stuðla að raunhæfum kjarabótum þeirra lægst launuðu. Það er mikið ófugmæli, að

núverandi stjórn hafi átt í stöðugum ófriði við verkalýðshreyfinguna, því að vafasamt er, að nokkur ríkisstj. hafi lagt sig eins fram um að ná einlægu samstarfi við verkalýðshreyfinguna og bera sáttarorð milli hennar og vinnuveitenda. Ríkisstj. hefur með margvíslegum aðgerðum í peningamálum, svo sem með bindingu sparifjár og vaxtahækkun til að auka sparnað, reynt að sporna gegn verðbólgu og hlotið fyrir óblíð viðbrögð og fordæmingu stjórnarandstöðunnar, síðast nú hjá bankastjóranum, sem var að ljúka máli sínu og áreiðanlega veit betur en orð hans bentu til.

Þá er það eitt ákæruatriði á ríkisstj., að hún hafi látið togaraflotann grotna niður og ekki heldur hirt um að endurnýja minni bátana. Hér kemur fram enn einn misskilningur á eðli vandamála okkar. Við höfum á síðasta áratug sannarlega ekki látið fiskiskipaflota okkar grotna niður, heldur endurnýjað hann að verulegu leyti með stórum og glæsilegum skipum á fáum árum. Það er hins vegar rétt, að ríkisstj. hefur ekki fyrirskipað gerð þessara skipa, heldur hafa útgerðarmenn ráðið henni sjálfir. Og þeir hafa ákveðið gerð skipanna eftir þeim veiðum, er þeir töldu þá arðbærastar og voru það tvímælalaust. Átti að banna útgerðarmönnum að kaupa þessi skip og skipa þeim að láta smíða minni báta eða togara? Það hefur engum verið synjað um fyrirgreiðslu til þess að kaupa hvorki togara né minni báta, en allir vita, að togaraútgerðin hefur verið rekin með stórhalla og því skiljanlegt áhugaleysi togaraútgerðarmanna að ráðast í ný skipakaup af því tagi, meðan betri starfsgrundvöllur var ekki fyrir hendi, og hefur þó togaraútgerðin verið styrkt mjög umfram aðra útgerð hin síðari ár. Vonandi tekst að finna gerð togara, sem reynist arðbær í rekstri, en það atriði er afgerandi að vonum um eflingu þessarar tegundar fiskiskipa. Hin stóru síldarskip voru forsenda hinna miklu síldveiða og hafa fært okkur geysilega björg í bú, og flest þeirra henta til togveiða. Þá liggja margir stjórninni á hálsi fyrir að hafa leyft of margar síldarverksmiðjur. Hver var á móti þeim, þegar þær voru reistar? Eða voru kannske Lúðvík Jósefsson og Eysteinn Jónsson á móti hinum mörgu verksmiðjum á Austurlandi? Komi síldin aftur, sem við verðum að vona, munu líka áreiðanlega allir gleðjast yfir því, að þær skuli vera til.

Báðir formenn stjórnarandstöðunnar töluðu hér í fyrrakvöld um dæmalaust sukk og óreiðu í ríkisfjármálum, og sérfræðingur Framsóknar í ríkisfjármálum, hv. þm. Halldór E. Sigurðsson, helgaði meginhluta ræðu sinnar því viðfangsefni að sanna fjármálaóstjórnina. Nú dettur mér ekki í hug að halda því fram, að ég hafi unnið stór afrek sem fjmrh., en maður þreytist óneitanlega á að heyra stöðugt klifað á óstjórn og fjármálasukki, án þess að nokkur tilraun sé gerð til þess að færa rök fyrir slíkum fullyrðingum. Hvar eru sparnaðartill. þessara manna, og hvenær hafa þeir snúizt gegn nýjum ríkisútgjöldum? Ár eftir ár hafa þeir verið inntir eftir till. sínum til lækkunar ríkisútgjalda, en svarið hefur jafnan verið það, að þeir hefðu ekki aðstöðu til að gera slíkar till. við afgreiðslu fjárl. vegna skamms tíma. Þeir hafa hins vegar haft nægan tíma til þess að semja till. um ný útgjöld, sem stundum hafa numið hundruðum millj. Og nú síðast í ræðu sinni skýrði Halldór E. Sigurðsson frá því sem einu höfuðbjargráði Framsóknar í efnahagsmálum að fella niður söluskatt af ýmsum nauðsynjavörum, sem hefði rýrt ríkistekjur um 250 millj. kr. Og enn fremur bætti hann við, að fjarstætt væri, að Vegasjóður fengi ekki allar tekjur af umferðinni, sem mundi enn rýra tekjur ríkissjóðs um 200—300 millj. Samtímis átaldi þessi ræðumaður, hversu framlög ríkissjóðs til verklegra framkvæmda hefðu minnkað hlutfallslega. Framlög þessi hafa raunar vaxið síðustu árin miklu meira en verðhækkunum nemur. En ekki hefði enn meiri hækkun þeirra minnkað vanda ríkissjóðs.

Tvö dæmi benti ræðumaður á til samdráttar útgjalda. Annað var að átelja 149 þús. kr. greiðslur til stjórnarnm. við Skipaútgerð ríkisins, sem settir voru þar við hlið forstjóra á árinu 1967, þegar halli útgerðarinnar var kominn fram úr öllu hófi. Fengu menn þessir í byrjun hálf forstjóralaun, enda lögðu þeir fram geysimikla vinnu, en launin höfðu verið lækkuð, þegar yfirskoðunarmenn gerðu athugasemd sína. Hv. þm. láðist hins vegar að geta þess, að þrátt fyrir hækkandi verðlag tókst með endurskipulagningu Skipaútgerðarinnar að lækka halla hennar um 10 millj. kr., svo að ég tel menn þessa fyllilega hafa unnið fyrir kaupi sínu.

Hin ábending hv. þm. til sparnaðar var að sameina útgerðarstjórn ríkisskipa, sem ég skýrði frá í fjárlagaræðu minni s. l. haust, að ákveðið væri að gera, tveimur mánuðum áður en hv. stjórnarandstæðingar bentu á þetta í nál. Þá taldi sami hv. þm. og einnig Lúðvík Jósefsson með enn stærri orðum, að ekki hefðu enn verið settar fastar reglur um greiðslu bifreiðastyrkja og um bifreiðaafnot ríkisstarfsmanna, og lét Lúðvík Jósefsson af hógværð sinni sig ekki muna um að segja, að hér væri um milljónatuga útgjöld að ræða.

Hversu auðvelt er að spara í ríkiskerfinu, sýndi sig bezt í fyrra, er ég lagði til að lækka ríkisútgjöld um 140 millj. kr. Þá fundu stjórnarandstæðingar þeim till. flest til foráttu. Síðan hagsýslustofnun fjmrn. var sett á stofn hefur ný aðstaða skapazt til aðhalds í ríkiskerfinu og margar ráðstafanir verið gerðar til sparnaðar og aukinnar hagkvæmni í ríkisrekstrinum. Mér komu raunar ummæli hv. þm. Halldórs E. Sigurðssonar og tónninn í ræðu hans töluvert á óvart. Því að fyrir ári var sett á laggirnar að frumkvæði mínu sérstök undirn. fjmrn., skipuð fulltrúum allra flokka, þ. á m. Halldóri E. Sigurðssyni, er koma skyldi með í samráði við hagsýslustjóra ábendingar um sparnað í ríkiskerfinu. Í þeirri n. hefur allt verið með friði og spekt og hið ágætasta samstarf og auðvitað komið glöggt í ljós, að allt tal um gegndarlaust sukk í ríkiskerfinu er að meginefni til pólitískur frasi. Víða má auðvitað hagræða og endurskipuleggja, og um það eru engar deilur milli n. og rn., en stórsparnaður án skerðingar þjónustu ríkisins við borgarana er ekki gerlegur. Mér komu sérstaklega á óvart aðfinnslurnar um, að ekki skyldu vera tilbúnar reglur um ríkisbíla, ekki aðeins vegna þess að ekki hefur tekizt að fastmóta slíkar reglur í áratugi, — ég get vafalaust verið ánægður með, að til þess er ætlazt af mér, sem fyrirrennurum mínum hefur ekki tekizt, — heldur fyrst og fremst vegna þess, að um það bil hálft ár mun vera liðið síðan ég sendi drög að

slíkum reglum til umsagnar n. þeirrar, sem Halldór E. Sigurðsson á sæti í.

Ríkisbúskapurinn hefur nú verið rekinn með verulegum halla í tvö ár, og getur slíkt ekki gengið lengur. Orsök þess, að ekki hefur af mér verið gerð krafa um meiri skattheimtu, er einfaldlega sú, að í von um batnandi tíma var talið rétt að taka á sig nokkra áhættu um afkomu ríkissjóðs fremur en að framkvæma aukna kjaraskerðingu, miðað við allar aðstæður. Margir spyrja einnig: Hvað ætlar ríkið að spara, þegar fórna er krafizt af almenningi? Spurningin er skiljanleg, en svarið ætti einnig að vera skiljanlegt. Meginþorri ríkisútgjalda er tengdur margvíslegri þjónustu við borgarana, þannig að verulegur niðurskurður ríkisútgjalda hlyti að leiða til minni þjónustu við þá og þá í mörgum tilfellum til enn frekari kjaraskerðingar. Mjög oft er líka dregið úr kjaraskerðingu með nýjum ríkisútgjöldum í einhverju formi. Sparnaðurinn mundi þá helzt verða á sviðum, sem veita atvinnu, þannig að samdráttur hjá ríkinu á atvinnuleysistímum mundi auka á vandann. Hitt er ljóst, að á erfiðleikatímum verður að sporna með öllum mætti gegn útþenslu ríkiskerfisins, og það fullyrði ég, að gert hefur verið eftir föngum síðustu árin.

Hv. þm., Lúðvík Jósefsson, ræddi nokkuð kísilgúrverksmiðjuna og taldi hana vera dæmi um misheppnaða fjárfestingu og misheppnaða samvinnu við útlendinga. Ég hef ekki tíma til að ræða það mál, en ég staðhæfi, að þrátt fyrir byrjunarörðugleika, sem allir gerðu ráð fyrir, að einhverjir yrðu í sambandi við framleiðslu, sem hvergi í heiminum er þekkt við þessar aðstæður, er engin ástæða til annars en gleðjast yfir þeim framkvæmdum. Framleiðsluörðugleikarnir hafa verið yfirunnir, varan er sambærileg við það bezta á heimsmarkaðinum og salan er tryggð. Það er rangt, að byggingarkostnaður fyrri áfanga verksmiðjunnar hafi farið fram úr áætlun, þótt krónulega sé hann verulega hærri á nútíma gengi, sem skiptir ekki máli, þegar öll framleiðslan er seld erlendis. Og viðbótarstækkun er mjög hagkvæm, kostar um 200 millj. kr., en eykur framleiðsluverðmæti um 120 millj. kr. á ári.

Stjórnarandstæðingar tala nú mikið um, að raunverulega sé þjóðin gjaldþrota vegna óhæfilegra skulda erlendis, og bera af stolti saman núv. stjórn og fyrirmyndarstjórnina á vinstristjórnarárunum. Eðli skuldabyrðarinnar nú og þá er allt annað. Þá voru lausaskuldir um allt og fullkomin vantrú á efnahagskerfi þjóðarinnar. Meginhluti skuldanna nú eru langtímalán, og Ísland nýtur þess trausts hjá alþjóðastofnunum, sem viðurkenna, að við eigum við erfiðleika að stríða, sem eru okkur óviðráðanlegir, að aðstaða okkar að mæta greiðsluerfiðleikum nú er allt önnur. Það er rétt, að greiðslubyrðin er nú rúm 15% af gjaldeyristekjum þjóðarinnar, sem er allt of mikil greiðslubyrði til lengdar, en varð 11% 1961 vegna afleiðinga skuldasöfnunar vinstristjórnaráranna og var þá talin óhæfileg. Greiðslubyrðin nú hefur ekki aukizt hlutfallslega vegna erlendra lántaka síðustu árin, heldur vegna hins geysilega samdráttar í gjaldeyristekjum, sem hefur nær tvöfaldað greiðslubyrðina. Án þessara áfalla væri hún á engan hátt varhugaverð, því að rúmlega öll skuldaaukning áranna 1963—1968 er vegna nýrra gjaldeyrisskapandi framkvæmda. Fyrst og fremst vegna Landsvirkjunar, Straumsvíkurhafnar og flugvélakaupa, sem allt skapar nýjar gjaldeyristekjur, og er því algerlega villandi að tala um þær skuldir sem kvaðir á fyrri gjaldeyrisöflun þjóðarinnar. Til viðbótar eru svo verulegar lántökur vegna nýrra fiskiskipa. Þýzka lánið nú er miklu hæpnara, en réttlætist eingöngu af hinni brýnu nauðsyn þess að afla fjár til að koma í veg fyrir atvinnuleysi og leysa ýmsar brýnar þarfir, enda enginn ágreiningur um þá lántöku á Alþingi. Frekari lántökur tel ég ekki koma til greina, nema um nýja gjaldeyrisöflun sé að ræða.

Að lokum bendi ég á þá staðreynd, að þegar talað er nú um 12.5 milljarða greiðslubyrði, er hún fyrir þjóðarbúið engin skuldahækkun frá því að vera rúmir 6 milljarðar á árinu 1967, því að gengisbreytingarnar hafa auðvitað ekkert hækkað skuldirnar fyrir þjóðarbúið í heild, þótt einstakir skuldarar verði fyrir áföllum.

Herra forseti. Núverandi stjórnarstefna er ekkert launungarmál. Hún er í meginefnum hin sama stefna frjálsræðis og alhliða uppbyggingar með hagnýtingu allra náttúruauðlinda, samvinnu við frjálsar þjóðir og alhliða eflingu atvinnulífs með innlendu og erlendu fjármagni og verið hefur undanfarin 10 ár. Við bendum þjóðinni hiklaust á þá erfiðleika, sem við er að glíma, og drögum enga dul á, að hún verði að taka á sig kjaraskerðingu tímabundið, en sá tími verði því skemmri sem nauðsynlegum aðgerðum nú verði mætt af meiri skilningi. Við leggjum áherzlu á, að afkoma atvinnuveganna er undirstaða lífskjaranna og aðeins með eflingu þeirra, aukinni hagkvæmni í rekstri þeirra og meiri fjölbreytni þeirra, örvun framtaks og hugvits einstaklinganna takist okkur að yfirstíga erfiðleika okkar á tiltölulega skömmum tíma.

Við teljum, að nýtt haftakerfi væri stórt og hættulegt spor aftur á bak, mundi auka kjaraskerðinguna, en ekki draga úr henni og mundi rýra aðstöðu okkar til framleiðslu varnings, sem samkeppnisfær væri á erlendum mörkuðum.

Þjóðin á svo mikið í húfi nú, að hún má ekki láta þá menn villa sér sýn, sem reyna að halda að henni villukenningum um, að hér væri allt í lagi, ef aðeins nýir menn með nýjar aðferðir tækju um stjórnvölinn. Þetta skiptir engu máli fyrir okkur, sem nú sitjum í ráðherrastóli, því að ef aðeins væri um persónulegar tilfinningar okkar að ræða eða metnað, er sjálfsagt, að við víkjum, enda eru það áreiðanlega ekki við, sem horfum mest á stjórnarstólana svo sem hv. þm. Ólafur Jóhannesson talaði um í fyrrakvöld.

Það, sem máli skiptir, er framtíðarheill þjóðarinnar. Á miklum erfiðleikatímum getur engin stjórn vænzt fagnaðarópa frá fólkinu, og á slíkum tímum er alltaf tiltölulega auðvelt fyrir lýðskrumara að fá klapp. En enginn kemst hjá að íhuga, hvað tekur við, ef þeirri forystu er hafnað, er menn á hverjum tíma hafa. Stjórnarandstaðan hefur tvímælalaust fallið á því prófi, sem lýðræðisskipulagið leggur fyrir stjórnmálamenn sína á örlagastundu. Spurningin er aðeins sú, hversu mikil gifta þjóðarinnar er, því að þegar allt kemur til alls, er það sú stóra kvöð, sem lýðræðið leggur þjóðfélagsborgurunum á herðar, að taka sjálfir lokaákvörðun um stjórnmálaforystu sína. — Góða nótt.

Benedikt Gröndal: Herra forseti. Góðir hlustendur. Ánægja er auði betri, segir gamalt máltæki. Andstæðingar ríkisstj. hafa í ræðum sínum í fyrrakvöld og í kvöld gert á þessu svolitla breytingu. Þeir virðast trúa því, að óánægja sé atkvæðum betri, og eftir þeirri kenningu lifa þeir dyggilega. Þeir blása í glóðir óánægju, hvenær sem færi gefst, og bíða nú eftir því, að hún lyfti þeim til valda. Hver hugsandi maður hlýtur jafnan að vera ánægður með sumt, en óánægður með annað í málefnum þjóðarinnar. Er eðlilegt, að þetta tvennt fylgist að eftir ástæðum.

Það er rétt hjá stjórnarandstæðingum, að Íslendingar hafa ástæðu til að vera óánægðir með margt, sem gengið hefur yfir þjóðina síðustu 3 ár. Erum við ekki öll óánægð með það, að gjaldeyristekjur þjóðarinnar skyldu minnka um tæplega 50%? Erum við ekki öll **óánægð með það, að þessir efnahagsörðugleikar skyldu** éta upp gjaldeyrisvarasjóði og leiða til tveggja gengisbreytinga með stuttu millibili? Erum við ekki öll óánægð með það, að þessir erfiðleikar skuli hafa leitt til aukinnar sundrungar með þjóðinni, þegar hún átti að sameinast gegn þeim? Erum við ekki öll óánægð með það, að stjórnarandstöðuflokkarnir skyldu neita að taka þátt í baráttunni við erfiðleikana, þegar þeim voru boðin sæti í ríkisstj.? Erum við ekki öll óánægð með atvinnuleysið, óánægð yfir því, að íslenzkir atvinnuvegir geta ekki greitt hærra kaup en raun ber vitni? Jú, það er sannarlega ekkert lát á óánægjunni, þegar þvílíka erfiðleika ber að garði. En það væri mikil skammsýni að halda, að framsóknarmenn eða kommúnistar hefðu getað leitt þjóðina fram hjá þessum voða. Það vita þeir, sem bezt þekkja til stjórnar íslenzka ríkisins, að þessir flokkar hefðu svo sannarlega ekki getað forðað þjóðinni frá þeim erfiðleikum, sem yfir hafa **dunið, og enn í dag hafa þeir ekki bent á nein undraráð**, sem gætu flýtt fyrir batanum. Þess vegna er engan veginn rökrétt af einum eða neinum að hlaupa til stuðnings við þá.

Einn af ræðumönnum stjórnarandstæðinga sagði í fyrrakvöld, að óánægjan ein væri ekki nóg. Menn yrðu að gera sér grein fyrir, hverju þyrfti að breyta, svo að betur fari. Þetta er hverju orði sannara. Við megum ekki láta óánægju vegna stundarerfiðleika ná valdi á okkur eða stýra gerðum okkar. Nokkur óánægja getur orðið til góðs, ef henni er beint inn á jákvæðar brautir og hún látin leiða til þess, að við lærum af reynslunni, gerum skynsamlegar breytingar á högum okkar og stefnu. Með því móti verður óánægja að aflgjafa til nýrra átaka, en einmitt það þyrfti að gerast nú. Þegar við ákveðum að láta óánægju verða til að ýta undir uppbyggingu, en ekki til niðurrifs, kemur í ljós, að það er líka ýmislegt, sem ástæða er til að vera ánægður með. Við getum verið ánægð með þá staðreynd, að þjóðin hefur aldrei átt meira af stórvirkum atvinnutækjum en nú, aldrei voldugri fiskiskipaflota, aldrei fleiri eða betri verksmiðjur, aldrei búið við betri samgöngur eða samgöngutæki. Þetta er auðvitað ekki tilviljun, heldur er þetta að verulegu leyti forði frá góðu árunum. Við getum verið ánægð með þá staðreynd, að bæði verkalýðshreyfingin og ríkisstj. hafa undanfarna mánuði sýnt mikla þolinmæði og gætt þess að spilla ekki vertíðinni, sem hefur orðið hin bezta um langa hríð. Við getum verið ánægð með þá fyrirhyggju, að stofnaður var atvinnuleysistryggingasjóður fyrir 14 árum, og hann hefur komið að miklum notum nú. Við höfum því enn fengið nokkurn frest til þess að örva svo atvinnulíf okkar, að atvinnuleysi verði aldrei aftur eins mikið og það varð s. l. vetur. Við getum enn fremur verið ánægð með þá staðreynd, að voldugt orkuver og álbræðsla taka til starfa innan nokkurra mánaða og munu veita bæði atvinnu og gjaldeyristekjur. Þau mannvirki sanna, hvað íslenzka þjóðin getur á sviði tækninnar. Á menntun og manndómi fólksins eigum við nú að byggja frekari iðnvæðingu, framar öllu nýjar iðngreinar, sem **veita mikla atvinnu. Á þann hátt skulum við gera** óánægju, sem sótt hefur á okkur öll í erfiðleikum síðustu missera, að aflgjafa nýrrar sóknar. Við skulum ekki fleygja fyrir borð því, sem unnizt hefur, heldur byggja ofan á það, bæta það og laga til.

Í þeim umr., sem fram hafa farið um stjórn efnahagsmála, síðan gjaldeyriskreppan skall yfir, hefur borið hvað mest á þeirri gagnrýni, að fjárfesting hafi verið of lausbeizluð í landinu undanfarinn áratug. Eitt veigamesta stefnuskráratriði Alþfl. er áætlunargerð og áætlunarbúskapur. Í þeim efnum þurfum við nú ekki að leita lengur röksemda hjá hugsuðum jafnaðarstefnunnar, **er fyrstir báru þessi úrræði fram. Rökin fyrir** þessari stefnu er að finna í svo til öllum nágrannalöndum okkar, sem hafa notað áætlunargerð í stórum stíl síðustu áratugi, svo og hjá stórfyrirtækjum auðvaldsheimsins, sem sennilega hafa komizt lengst allra í hagnýtri áætlunargerð. Með tilliti til þess, hve mikla áherzlu Alþfl. leggur á áætlunargerð og áætlunarbúskap, hljótum við Alþfl.-menn að játa, að **reynsla síðasta áratugs í sambandi við hina alfrjálsu** fjárfestingu gefur tilefni til nokkurrar íhugunar. En nú er rétt að minna á nokkur atriði varðandi þróun áætlunarmála hér á landi.

Þegar vinstri stjórnin sat að völdum, vildu Alþfl. og Alþb. leggja drög að áætlunarbúskap og töldu það eðlilegt stefnumál þeirrar stjórnar. En svo undarlega brá við, að þá sögðu framsóknarmenn nei. Þeir reyndust ekki reiðubúnir til að stíga þá fyrstu skrefin, þótt hljóðið í þeim sé annað í dag í stjórnarandstöðu, sbr. Eystein Jónsson, sem þá var ráðh. og hindraði áætlunarbúskap, en var að boða hann úr þessum ræðustól fyrir hálftíma.

Eftir að núv. ríkisstj. kom til valda, brá svo við, að hafizt var handa um ýmiss konar áætlunargerð, og verður að minnast þess, þegar rætt er um fjárfestingarmál. Stjórnin byrjaði gerð framkvæmdaáætlana, sem hafa gerbreytt öllum aðdraganda að opinberum framkvæmdum og meðferð þeirra. Þá hefur verið sett löggjöf, sem fyrirskipar stöðuga áætlunargerð í sambandi við vegaframkvæmdir, og er Alþingi einmitt þessa daga að leggja síðustu hönd á vegaáætlun næstu 4 ára. Er mikill munur á þeim vinnubrögðum eða því, sem áður tíðkaðist, að samþ. voru fjárveitingar til eins árs í senn, en enginn vissi, hvað síðar tæki við. Þá hefur sjútvmrh. fyrir nokkrum dögum lagt fram á Alþingi áætlun um hafnarframkvæmdir, en hún er gerð skv. ákvæðum nýrra l., sem ríkisstj. hafði forgöngu um. Er þar fjallað um allar hafnir á landinu, hvaða verkefni þar séu óleyst og í hvaða röð þau skuli leyst. Hér er einnig um að ræða

gerbreytingu á þeim vinnubrögðum, sem tíðkuðust á Alþ. fyrir fáum árum. Þá vil ég geta áætlana fyrir einstaka landshluta, en þær hafa verið gerðar bæði fyrir Vestfirði, Norðurland og Austurland. Hefur verið lögð mikil vinna sérfróðra manna í þessar áætlanir, og skipulegar framkvæmdir eru þegar komnar af stað.

Þótt reynt hafi verið að gera þessar áætlanir tortryggilegar í pólitískum deilum, verður því ekki neitað, að þær marka tímamót í framkvæmdasögu þjóðarinnar, og með þeim eru tekin upp ný og skipuleg vinnubrögð. Allt eru þetta skref á réttri braut, og til samans hefur verið tekin upp víðtæk og þýðingarmikil áætlunargerð í sambandi við fjárfestingu ríkisins. Verkefni næstu framtíðar verður að flétta sveitarfélögin sem heild inn í þessa mynd og síðast en ekki sízt að koma við skipulegum vinnubrögðum varðandi fjárfestingu einkafyrirtækja.

Þrátt fyrir þetta má víða um land heyra réttmæta gagnrýni á óhagkvæma fjárfestingu undanfarin ár. Reistar hafa verið síldarverksmiðjur, sem aldrei hafa fengið síld, og stórhýsi verzlunarfyrirtækja hafa risið, en staðið hálfgerð árum saman. Og fleira mætti nefna. Mikilvægara er þó hitt, að ekki hafa alltaf verið bornir saman nægilega vel möguleikar á ýmsum sviðum, þegar ráðin hefur verið ný fjárfesting. En hvernig getum við kippt þessu í lag? Helzt er á stjórnarandstæðingum að skilja, að þeir vilji taka upp yfirstjórn á fjárfestingu, eins og var fyrr á árum, þegar pólitísk n. úthlutaði leyfum fyrir hverjum bílskúr, hvað þá öðrum framkvæmdum. Þegar sú leið er rædd, er rétt að minnast þess, að fjárfestingarstjórn af því tagi dugði ekki til að fyrirbyggja margvísleg mistök. Þá risu svo sannarlega misheppnuð fyrirtæki, eins og glerverksmiðjan, Hæringur og Örfiriseyjarverksmiðjan. Eins var um innflutningseftirlitið, meðan allur innflutningur var háður leyfum. Þá var líka flutt inn óþarfavara til að afla tekna í ríkissjóð. Muna ekki hlustendur, aðrir en þeir yngstu, eftir öllum deilunum um glerkýr fyrir nokkrum árum? Það voru tertubotnar þeirra tíma, þótt fullkomin innflutningshöft hafi verið í þá tíð. Þetta er sýnilega ekki leið framtíðarinnar til að hafa stjórn á efnahagskerfinu, sérstaklega til að tryggja, að fjármunum þjóðarinnar og lánsfé sé varið til raunverulega arðbærra fyrirtækja, sem veita þjóðinni atvinnu og tekjur.

Hér verður að leita nýrra úrræða, og mér segir svo hugur um, að þau muni finnast í sambandi við aukna áætlunargerð og áætlunarbúskap. Það er leið nútímans, sem bæði sósialistar og kapítalistar og allir þar á milli hafa farið undanfarin ár. Núverandi ríkisstj. hefur stigið mörg og gagnleg spor á þeirri leið, og það er ósk jafnaðarmanna, að í framtíðinni verði enn frekari áherzla á hana lögð.

Undanfarna mánuði, þegar íslenzk alþýða hefur barizt við þungbæra efnahagskreppu og atvinnuleysi, hafa margir beint spjótum sínum að Alþfl. og spurt, hvað er flokkur jafnaðarmanna að gera í ríkisstj. á þessum tímum? Andstæðingar hafa ráðizt harkalega gegn Alþfl., en stuðningsmenn, flokksmenn og jafnvel leiðtogar flokksins hafa hugsað alvarlega um það ástand sem skapazt hefur stjórnmálalega.

Þrátt fyrir margvíslegar efasemdir, hefur Alþfl. þó haldið áfram stjórnarsamstarfi og ekki hlaupizt á brott úr því. Við sátum í ríkisstj. í góðæri og gátum þá komið fram mörgum áhuga- og stefnumálum okkar. Það viðurkenndi þjóðin með auknu fylgi við Alþfl. við síðustu kosningar. En Alþfl. er ekki sú tegund af stjórnmálaflokki, sem hleypur af hólmi, strax og á móti blæs. Höfum við ekki nóg af tækifærissinnum, sem hringsnúast eftir vindi og flýja, hvenær sem taka þarf erfiðar ákvarðanir. Ég leyfi mér að fullyrða, að það sé og hafi verið hagstætt fyrir íslenzka alþýðu að eiga a. m. k. einn stjórnmálaflokk, sem þorir að starfa og stjórna af ábyrgð, en sú ábyrgð mun skila árangri, áður en yfir lýkur.

Þá kunna menn að spyrja: hvaða gagn hafa íslenzkir launþegar haft af setu Alþfl. í ríkisstj. undanfarna mánuði, t. d. síðan gengið var lækkað? Í fyrsta lagi trúum við Alþfl.-menn því, að gengislækkunin hafi verið óhjákvæmileg og hún hafi komið í veg fyrir stórfellda stöðvun íslenzkra atvinnuvega og miklu meira atvinnuleysi en raunverulega varð, þótt mikið væri. Annars hefðum við ekki staðið að þessari aðgerð. En ég vil minna á annað atriði til þess að sýna, hvers konar **áhrif Alþfl. hefur þrátt fyrir það allt. Þegar gengið var** lækkað, krafðist Alþfl. þess, að samtímis yrði lýst yfir, að bætur almannatrygginga yrðu hækkaðar sem nemur hækkun vísitölunnar. Samstarfsflokkur okkar gekk að þessu, og forsrh. lýsti þessu yfir. Nokkru síðar afgreiddi Alþ. lög um hækkun tryggingarbóta í samræmi við þessa ákvörðun. Þetta mál hefur þýtt, að gamla fólkið, öryrkjarnir, einstæðu mæðurnar og aðrir þeir, sem njóta launa eða bóta frá almannatryggingunum, hafa frá áramótum fengið fulla dýrtíðaruppbót. Þetta fólk er búið að fá það, sem verkalýðsfélögin hafa verið að berjast fyrir í hinni löngu og hörðu baráttu undanfarnar vikur. Alþfl. hefur ávallt talið það eitt meginhlutverk sitt að auka almannatryggingar í góðu árferði, en standa vörð um þær á erfiðum tímum. Að þessu sinni hefur þarna unnizt varnarsigur, sem sannarlega skiptir miklu máli fyrir þúsundir manna í landinu, einmitt þá, sem eiga hvað erfiðast með að verja kjör sín sjálfir. Við skulum líta á annað dæmi.

Atvinnuleysið í vetur er eitt mesta áfall, sem íslenzkt þjóðfélag hefur orðið fyrir á síðustu áratugum. Það kann að vera, að stjórnarandstöðuflokkarnir hefðu gert eitthvað öðru vísi en ríkisstj. í þessu máli, en hitt er meginstaðreynd, að framsóknarmenn og Alþb.-menn hefðu ekki getað hindrað þetta atvinnuleysi, þótt þeir hefðu setið við völd. Rætur þess liggja of djúpt til þess að slíkt hefði getað átt sér stað. Atvinnuleysistryggingarnar komu sér nú vel. Sú fyrirhyggja að safna þar miklum sjóði gerði þjóðinni kleift að forða heimilum atvinnuleysingja frá skorti. Þegar ljóst varð, hvernig ástandið mundi verða eftir áramótin, gaf Eggert G. Þorsteinsson félmrh. út nýja reglugerð, þar sem hann hækkaði atvinnuleysisbætur verulega með einu pennastriki.

Þessi ákvörðun Eggerts hefur verið gagnrýnd af íhaldssömu fólki um allt land. Það er allt of langt gengið, segja þessir menn. Það er verið að borga fólki fyrir að gera ekki neitt. En hvað fannst þeim, sem voru atvinnulausir í vetur? Var það verra, að þá skyldi félmrh. vera Alþfl.-maður með hjartað á réttum stað? Var það verra, að Eggert leit á málið frá sjónarhóli

hinna atvinnulausu, en ekki frá sjónarhóli hinna íhaldssömu borgara, sem alltaf hafa haft fasta og næga atvinnu? Þarna hafði íslenzkt verkafólk meira gagn af reglugerð Eggerts en af allri hinni verðlaunuðu illkvittni Magnúsar Kjartanssonar, eins og hún t. d. kom fram í ræðu hans í fyrrakvöld.

Því er haldið fram, að núv. ríkisstj. sé undir sterku áhrifavaldi frá atvinnurekendum. Það er ekki óeðlilegt, að slík skoðun heyrist, þar sem stóraðgerðir eins og tvær gengislækkanir hafa verið gerðar til að rétta við hag atvinnufyrirtækja og hindra stöðvun þeirra. Þó hefur þar verið farið endanlega eftir dómi hagfræðinga, og báðar ráðstafanirnar hafa verið mun minni en atvinnurekendur óskuðu eftir til þess að draga úr áhrifum þeirra á kjör fólksins. Hitt er sjaldan viðurkennt og vita ekki allir, að verkalýðshreyfingin hefur, allt síðan júnísamkomulagið fræga var gert, haft veruleg áhrif á ríkisstj. og stöðugt samband við hana. Ráðh. hafa á bak við tjöldin reynt að ræða við forystumenn verkalýðssamtakanna og taka sem mest tillit til óska þeirra. Það er fyrst og fremst árangur af þessu hljóðláta samspili, að þrátt fyrir deilur og nokkur verkföll hefur nú tekizt að halda vertíðinni gangandi og ná á land miklum afla. Þetta er eftir aðstæðum svo mikilvægt, að þjóðin getur reiknað sér hundruð millj. til tekna þess vegna. Þetta hefði ekki tekizt, ef fullur fjandskapur hefði ríkt milli ríkisstj. og verkalýðssamtaka. Þetta hefði ekki tekizt, ef ríkisstj. hefði gripið til þess að beita valdi og leysa deiluna með lagaboði. Um það bið ég hlustendur að hugsa rækilega, er þeir kveða upp dóm yfir hlutdeild Alþfl. á þessum dimma kreppuvetri, sem nú er að renna út í sólríkt en enn þá svalt sumar. Það er auðvelt að vera í stjórnarandstöðu og geta talað án þess að þurfa að standa við orð sín í verki.

Þegar þið, góðir hlustendur, hlýðið á fordæmingar stjórnarandstæðinga á ríkisstj. og stjórnarflokkunum, ætla ég að biðja ykkur að minnast þess, að einu sinni voru framsóknarmenn og Alþb.-menn stjórnarflokkar. Einu sinni voru Eysteinn og Lúðvík ráðherrar. Það gerðist síðast í vinstri stjórninni, sem mynduð var 1956. Og hver haldið þið, að hafi verið fyrsti boðskapur flokkanna í þeirri stjórn til þjóðarinnar? Hann var sá, að íslenzkir launþegar yrðu að gefa eftir þó nokkur vísitölustig bótalaust. Verkalýðsfélög og opinberir starfsmenn áttu svo sannarlega samningsbundinn rétt til að fá þessi stig greidd. En þeir fengu þau ekki. Þeir urðu að bera verðhækkanir án bóta undir stjórn vinstri flokkanna. Þetta dæmi sannar, að framsóknarmenn og kommúnistar bregðast á svo til sama hátt við erfiðleikum, sem sækja á þjóðarbúskapinn og stjórnarflokkarnir hafa nú gert, og þó eru erfiðleikarnir, sem við höfum átt við að glíma nú síðustu tvö ár mörgum, mörgum sinnum alvarlegri og þyngri í skauti en það, sem vinstri stjórnin átti við að glíma fyrsta ár sitt.

Stjórnarandstöðuflokkarnir hefðu ekki getað hindrað þá kreppu, sem yfir okkur hefur gengið. Þeir hefðu án efa brugðizt við henni á mjög svipaðan hátt og stjórnarflokkarnir hafa gert. Þetta sannar reynslan. Þetta er staðreynd, sem vert er að hafa í huga, þegar menn tala um þá erfiðleika, sem íslenzka þjóðin hefur glímt við nú í nokkur misseri. Framsóknarmenn og Alþb.-menn gátu komizt í ríkisstj. í fyrrahaust, en hlupu af hólmi. Það hefði verið að minni hyggju farsælla, að við stæðum öll saman í erfiðleikum s. l. vetrar í stað þess að vera sundruð þjóð, sem mætti utanaðkomandi kreppu með innbyrðis bræðravígum. En svo gæfusöm vorum við því miður ekki. Úr því að svona fór, þótti Alþfl. ekki sæmandi að hlaupa af hólmi, og ríkisstj. tók til verka og gerði það, sem gera varð. Hún vissi, að það mundi verða óvinsælt og hún vissi, að hún mundi standa opin fyrir höggum hinna tækifærissinnuðu stjórnarandstæðinga, sem brugðust, þegar á þá reyndi.

Ég hef nefnt nokkur dæmi, sem sýna, að áhrif Alþfl. í fyrrahaust og vetur hafa verið launþegum og alþýðu til góðs, því að illt ástand gat vel orðið miklu verra, t. d. fyrir gamla fólkið eða atvinnuleysingjana. Ég hef dregið fram hlut Alþfl., af því að ég hef viljað ræða starf hans sérstaklega. Það hefur nú eins og áður einkennzt af ábyrgð, sem hefur borið árangur. Þessi árangur er launþegum að ýmsu leyti meira virði en allt það, sem hinir illskeyttu stjórnarandstæðingar hafa getað upp skorið.

Alþfl. hefur ávallt starfað öðruvísi en kommúnistar. Við gerum ekki upppot eins og þeir. Við hrópum ekki eins hátt, við gerum ekki ábyrgðarlaus yfirboð. En samt hefur starf Alþfl. í áratugi borið miklu meiri árangur fyrir launþega landsins. Svo hefur enn reynzt í þeirri varnarbaráttu, sem íslenzk alþýða hefur háð við kreppuna undanfarin tvö ár.

Samninga- og sáttanefndir hafa setið á fundum í næsta nágrenni við alþingishúsið í dag. Við skulum vona, að samkomulag takist fyrir eða um helgina og það verði upphaf að betri afkomu, nægri vinnu, vinnufrið og aukinni farsæld þjóðarinnar. Þökk þeim, sem hlýddu. – Góða nótt.

Ragnar Arnalds: Herra forseti. Góðir hlustendur. Bjarni Benediktsson forsrh. hélt því fram hér í fyrrakvöld, að stjórnarandstæðingar hefðu verið á móti Búrfellsvirkjun og ekki hefði getað orðið af þessari miklu virkjun, ef álbræðslan hefði ekki komið til. Bjarni Benediktsson veit, að þetta er rangt. Lög um Búrfellsvirkjun voru samþ. með atkv. allra þingflokka, einu ári áður en nokkuð er vitað um, hvort hér yrði reist álbræðsla eða ekki. Þm. voru allir sammála um, að hagkvæmast yrði að virkja við Búrfell, hvort sem útlendingum yrði selt rafmagnið eða Íslendingar notuðu það til eigin þarfa. Ég er einn þeirra ræðumanna í þessum umr., sem tala hér sem gestur, staddur á Alþ. í fáeina daga sem varaþm. Ég hef ekki tekið þátt í útvarpsumr. í tvö ár, en ég tek eftir því, að ósannindin, sem Bjarni Benediktsson fór með í fyrrakvöld og ég nefndi áðan, eru nákvæmlega sömu ósannindin og hann fór með, þegar ég var hérna fyrir tveimur árum. Auðvitað mátti ég vita, að Bjarni Benediktsson hefur lítið breytzt, en ósköp hlýtur þjóðin að vera þreytt á svona stagli.

Útvarpsumr. í núverandi mynd eru reyndar fyrir löngu orðnar úreltar og úr sér gengnar. Ný tækni hefur rutt sér til rúms. Það er orðið fráleitt að láta 25 ræðumenn koma hér fram í halarófu til að ræða um allt og ekki neitt, meðan sjónvarpið, vinsælasta og áhrifamesta fjölmiðlunartækið, er að skemmta hv. kjósendum með

æsispennandi amerískum glæpareyfurum. Núverandi skipan þessara mála er Alþ. til háðungar. Fæstir munu ætlast til þess, að sjónvarpið fari að taka upp þess háttar maraþonumr. eins og tíðkazt hafa í útvarpi. Það má varpa ljósi á stjórnmálaumr. með ýmsum hætti, eins og kunnugt er. En núverandi ástand er óviðunandi.

Það er ekki heldur að ástæðulausu, að bent hefur verið á hlutdrægni sjónvarpsins. Það, sem kemur frá ríkisstj., rennur hrátt og viðstöðulaust inn í sjónvarpið. Ráðherrarnir virðast vera taldir sérstakir aufúsugestir á heimilum sjónvarpsnotenda, en frá málflutningi óbreyttra þm. eða starfi stjórnmálaflokkanna er lítið sem ekkert sagt.

Ég nefni dæmi. Síðan Alþb. var endurskipulagt á s. l. hausti, hefur sjónvarpinu þóknazt að eyða um það bil 10 sekúndum til að lýsa starfi og stefnu Alþb. Það var kvöldið, sem stofnfundur flokksins var haldinn. En fréttatilkynningar og blaðamannafundir af okkar hálfu hafa verið hunzaðir.

Ég nefni annað dæmi. Í vetur átti Atlantshafsbandalagið 20 ára afmæli. Þetta eru mjög mikilvæg tímamót í sögu bandalagsins, því að nú fyrst er NATO-samningurinn uppsegjanlegur. Hvernig var meðferð sjónvarpsins á þessu máli? Ég minnist þess, að snemma í marzmánuði hringdi í mig sjónvarpsmaður og bað mig um að koma samdægurs í sjónvarpið til að gera grein fyrir afstöðu Alþb. til NATO. Áttu formenn allra flokka að koma þar fram, og var hann þegar búinn að fá samþykki formanna Framsfl. og Alþfl., en hann átti eftir að tala við Bjarna Benediktsson. Nú veit ég auðvitað ekki, hvað forsrh. hefur sagt við sjónvarpsmanninn. Af reynslunni að dæma eru sjónvarpsmenn afar viðkvæmir, og er því vissara að tala alvarlega. En víst er, að af þessum skoðanaskiptum varð aldrei. Allt í einu kærði sjónvarpið sig ekki lengur um að leita álits stjórnmálaflokkanna, en þess í stað var sjónvarpsfréttamaður sendur til Bandaríkjanna á NATO-fund til að fylgjast með hreyfingum forsrh.

Á undanförnum vikum hafa ýmsir aðilar verið kvaddir í sjónvarpið til að vegsama NATO og sýndar hafa verið hráar áróðursmyndir framleiddar í aðalstöðvum bandalagsins, en enginn andstæðingur NATO hefur átt þess kost að segja sína skoðun. Ef sjónvarpið hefði viljað vera annað en áróðursstofnun fyrir ríkisstj., hefði mátt sýna eitthvað meira en glansmyndir af NATO. Þá hefði sjónvarpið kannske getað sýnt okkur, hvernig lýðræðið í Grikklandi var fótumtroðið með þegjandi samþykki NATO og hvernig NATO styður einræðisöflin í Portúgal, bæði fjárhagslega og hernaðarlega, til að halda niðri portúgölsku þjóðinni og kúga og arðræna 12 millj. blökkumanna í nýlendum sínum í Afríku. Sjónvarpið hefur sýnt margar myndir frá hinni svívirðilegu innrás Sovétríkjanna í Tékkóslóvakíu, og það er út af fyrir sig ágætt. Hitt er verra, þegar innrásin er notuð í sjónvarpinu til að réttlæta tilvist Atlantshafsbandalagsins og aðild Íslands að hernaðarbandalagi. Árásin á Tékkóslóvakíu ætti þvert á móti að hafa sýnt mönnum og sannað á sama hátt og framferði Bandaríkjamanna í Víetnam, hve háskalegt er fyrir smáþjóðir að binda trúss sitt við risaveldin í austri og vestri.

Tékkneska þjóðin varð fyrir árás fyrst og fremst vegna þess, að landið var og er í hernaðarbandalagi. Sovétríkin þykjast hafa einkarétt til áhrifa og íhlutunar meðal bandamanna sinna í Austur-Evrópu á sama hátt og Bandaríkjamenn nota NATO til að tryggja áhrif sín í Vestur-Evrópu. En slíkar skoðanir virðast ekki mega heyrast í sjónvarpinu. Þess vegna hefur enginn NATO-andstæðingur verið kvaddur í sjónvarpið á þessu ári til að segja álit sitt á bandalaginu. Ég vil nota þetta tækifæri til að taka mjög eindregið undir þá kröfu, að settar verði ákveðnar meginreglur um fréttaflutning sjónvarpsins, svo að framvegis megi tryggja óhlutdrægni þess gagnvart mönnum og málefnum, eins og lög fyrirskipa. Þetta er stórmál, enda er sjónvarpið ótrúlega máttugt áróðurstæki. Misbeiting þess er meiri ógnun við lýðræðið en flest annað.

Í þessum umr. hefur hver ræðumaðurinn af öðrum í stjórnarandstöðuflokkunum báðum sýnt fram á, hvílíkt öngþveiti er ríkjandi í efnahags- og atvinnumálum og raunar á flestum sviðum þjóðlífsins. Í vetur voru um 6000 launþegar atvinnulausir, þegar ástandið var verst, og flest bendir til þess, að ekki verði það miklu betra næsta vetur. Og á næstu vikum koma 8000 skólanemendur á vinnumarkaðinn og aðeins þriðjungur þeirra á vísa atvinnu.

Á öllum sviðum eru þarfirnar æpandi. Við erum að dragast aftur úr öðrum þjóðum í skólamálum og heilbrigðismálum. Húsbyggingar hafa dregizt stórlega saman, svo að búast má við alvarlegum húsnæðisskorti og stórhækkuðum leigukjörum á næstu árum. Skuldir þjóðarinnar við útlönd eru líklega hlutfallslega hærri nú en nokkru sinni fyrr í sögu þjóðarinnar. Og samt er nýlega gengið hjá garði mesta góðæristímabilið í sögu þjóðarinnar. Ráðamennirnir viðurkenna, að þjóðartekjur á mann eru ekki minni nú en þær voru fyrir fáeinum árum, og enn eru Íslendingar með tekjuhæstu þjóðum í heimi. Samt sem áður reyna þeir að þvinga það fram með lögum og ólögum, að alþýða manna búi við lífskjör, sem eru helmingi lakari en í nágrannalöndunum, og eigi í látlausri styrjöld við stéttasamtökin í landinu. Fjmrh. vílar jafnvel ekki fyrir sér að standa uppi sem lögbrjótur mánuð eftir mánuð. Hvað er að gerast? Hvernig stendur á því, að svo gífurlegt ósamræmi er á milli þeirra tekna, sem þjóðin í heild aflar, og þeirra launa og lífskjara, er hinn almenni maður býr við? Hvað verður um hinar miklu tekjur þjóðarinnar? Hvað hefur orðið af öllum þeim gífurlegu auðæfum, sem sjórinn í kringum landið hefur veitt okkur á undanförnum góðæristímum? Svarið er, að undanfarinn áratug hafa stjórnvöld og hagfræðingar reynt að beita hér á landi hagstjórnarkenningum innfluttum frá auðvaldssinnuðum þjóðum, sem eru 200–300 sinnum fjölmennari en við og búa þar að auki við traustan og háþróaðan iðnað. Þetta er kerfi hins óhefta kapítalisma, þar sem fjármagnið leikur lausum hala, fjárfestingin er skipulagslaus og verzlunin fær mikið og frjálst olnbogarými. Þessi stefna hefur óneitanlega skilað árangri víða erlendis. Frjáls viðskipti hafa örvað neyzluna, og aukin neyzla almennings hefur aftur á móti kallað á meiri framleiðslu iðnvarnings, sem aftur hefur skapað meiri atvinnu. Fólkið hefur fengið meiri peninga til að kaupa meiri vörur og þannig koll af kolli. Með nákvæmri útlánapólitík banka hefur tekizt að halda

sæmilegu jafnvægi. Verðbólga í þessum löndum hefur yfirleitt verið fremur lítil og hagvöxtur ör.

Hér á landi hefur þessi stefna hins vegar haft gerólík áhrif. Hér er atvinnulíf allt miklu ótraustara og frumstæðara. Framleiðsla iðnaðarvarnings skiptir engu meginmáli, enda eru iðnaðarvörur að miklu leyti innfluttar. Hér á landi hefur aukin verzlun fyrst og fremst þýtt meiri gjaldeyriseyðslu. Verzlunarþjónusta hefur útnað gífurlega út, en það hefur ekki orðið til styrktar framleiðslunni eins og víða annars staðar, heldur má þvert á móti segja, að útþensla verzlunarinnar hafi þjarmað að öðrum atvinnuvegum, um leið og hún hefur leitt til gífurlegrar eyðslu og sóunar. Auk þess hefur verðbólga aldrei verið meiri en einmitt þennan áratug með þeirri ótrúlegu verðmætasóun, sem henni hlýtur að fylgja. Vafalaust hefur lögmál gróðans hvergi í Evrópu reynzt jafnhaldlítill vegvísir eins og hér í þessu örsmáa þjóðfélagi, þar sem markaðurinn er svo þröngur, að ekkert rúm er fyrir nema 2–3 fyrirtæki í sömu grein. Enda hefur efnahagshrunið óvíða orðið meira, og hvergi hefur skipulagslaus fjárfesting verið jafndýrkeypt fyrir fórnarlömbin, hinn almenna skattborgara.

Nú þegar mesta góðærið er liðið hjá, aflabrögð eru aftur með venjulegum hætti og verðlag í meðallagi, þá kemur loksins fyrir alvöru í ljós, hve hrapallega þessi stefna hefur mistekizt. Það verður að skerða lífskjörin verulega frá því, sem áður var, ef hagfræðingunum á að takast að halda gangandi þessu sama sóunarkerfi og áður. Þjóðin verður að þola stórfellt atvinnuleysi. Það verður að lækka gengið aftur og aftur. Ný og ný hrossalækning er reynd með viðeigandi krampaflogum í öllu efnahagslífi, því að kerfið skal standa, hvað sem það kostar. Það höfum við heyrt í þessum umr. Stefnan skal vera óbreytt, hvað sem reynslan segir. Enn er það greinilega fræðilegt trúaratriði, að hér á landi skuli áfram beita sömu hagstjórnarkenningum og hjá auðvaldssinnuðum stórþjóðum.

Við heyrðum boðskapinn hjá Gylfa Þ. Gíslasyni viðskmrh. í fyrrakvöld. Á sjávarútveg er ekkert að treysta. Hér á að byggja upp nýjan útflutningsiðnað, að sjálfsögðu í eigu erlendra manna, og til þess að gera hann samkeppnisfærari á að innlima íslenzkt efnahagslíf í stóra evrópska efnahagsdeild. Áfram skal frelsi verzlunarinnar ganga fyrir öllu, og áfram skulu gjaldeyrisviðskiptin hömlulaus.

Eins og oft hefur áður komið fram, erum við Alþb.-menn í grundvallaratriðum andvígir þessari stefnu. Þetta er stefna áframhaldandi sóunar og skipulagsleysis. Í meðalárferði eins og nú er er þessi stefna óframkvæmanleg nema með stórfelldu atvinnuleysi og miklu lakari lífskjörum en tíðkast í nágrannalöndunum. Við Alþb.-menn erum sammála ríkisstj. um, að renna beri nýjum stoðum undir atvinnulíf þjóðarinnar með því að byggja upp nýjan útflutningsiðnað. En það er skoðun okkar, að íslenzkur iðnaður eigi að vera í eigu landsmanna sjálfra. Þótt nauðsynlegt kunni að vera í undantekningartilfellum að byggja upp atvinnurekstur með hlutdeild og tæknilegri aðstoð útlendinga, verða þó Íslendingar að hafa meirihlutavald í öllum slíkum fyrirtækjum. Vel má vera, að við getum selt útlendum atvinnurekendum mikla raforku, fyrst á kostnaðarverði og seinna með einhverjum hagnaði. En það getur ekki verið gæfulegt til frambúðar að byggja afkomu þjóðarinnar á fyrirtækjum, sem flytja ágóðann af rekstrinum jafnóðum út úr landinu. Til þess að koma í veg fyrir halla í gjaldeyrisviðskiptum er hægt að hugsa sér tvær leiðir. Í fyrsta lagi er hugsanlegt að draga úr mesta óhófinu með almennum reglum og takmarka innflutning á vörum, sem landsmenn geta framleitt sjálfir, og auka þannig atvinnu innanlands. Í öðru lagi má lækka gengi krónunnar svo stórlega, að fólk hafi ekki efni á að kaupa erlendar vörur. Þá er neyðin látin skammta þjóðinni gjaldeyri. Það er þessi síðari tegund gjaldeyrishafta, sem ríkisstj. hefur valið. Þess vegna beitir ríkisstj. ótrúlegustu ráðum til að þrýsta lífskjörum almennings niður. Sóunarkerfi ríkisstj. hvílir á þeirri forsendu, að lífskjörin séu helmingi lakari en í nágrannalöndunum. Þar að auki eru lág laun almennings afar vel til þess fallin að vekja áhuga erlendra auðmanna á landi okkar, svo að þeir sjái sér hag í að staðsetja hér atvinnutæki. En við tvær seinustu gengisfellingar hafa laun íslenzks verkafólks lækkað um helming talin í dollurum.

Hin megna vantrú, sem stjórnarflokkarnir hafa lengi haft á sjávarútvegi, kemur heldur ekki á óvart. Þessi vantrú hefur m. a. komið fram í því á undanförnum áratug, að togaraflotinn hefur minnkað um meira en helming og framleiðsla frystihúsanna dregizt verulega saman. Ódugnaður og trassaskapur ráðh. Alþfl. við stjórn sjávarútvegsmála á þessu tímabili er notaður til að vekja með þjóðinni vantrú á framtíð sjávarútvegsins, á meðan aðrar þjóðir stórauka aflamagn og vinnslu sjávarafurða. Það er út af fyrir sig rétt, að með sömu óstjórn og sama skipulagsleysi og ríkt hefur í sjávarútvegi og fiskiðnaði á undanförnum árum eru framtíðarmöguleikar ekki miklir í þessum atvinnugreinum. En ef allt er með felldu, eigum við að hafa næstum ótakmarkaða möguleika á þessum sviðum, og ekki verður því neitað, að samkeppnisaðstaða okkar er betri en flestra annarra þjóða.

Hið nána samstarf Alþfl. og Sjálfstfl. hófst veturinn 1959. Nú, réttum áratug síðar, er meira vonleysi og óhugur ríkjandi meðal almennings en nokkru sinni fyrr í meira en aldarfjórðung. Slíka ótrú og vantraust á framtíðarmöguleikum þjóðarinnar hefur ríkisstj. tekizt að vekja, að sívaxandi hópur ungra Íslendinga sér enga aðra leið en að flýja land.

Í röðum launþega vekur það vaxandi óþolinmæði og gremju, hve kjarabaráttan gengur grátlega hægt. Menn hjakka í sama farinu árum saman, og nú í seinni tíð eru lífskjörin jafnvel á stöðugri niðurleið. Menn vita sem er, að miðað við þjóðartekjur ætti að vera unnt að greiða miklu hærra kaup, og þó er það svo, að framleiðslutækin víða um land eru engin stórgróðafyrirtæki, heldur skrimta þau flest frá ári til árs með styrkjum og uppbótum. Þessi sjálfhelda íslenzkra launamanna hefur jafnvel stundum valdið því, að sökinni er skellt á forystumenn í verkalýðsfélögum. En menn verða að skilja, að verulegar kjarabætur eru hreint og beint óhugsandi í núverandi efnahagskerfi. Meðan launþegar kjósa aftur og aftur yfir sig þá menn, sem halda uppi þessu sama sóunarkerfi, sem við lifum í, verður engum verulegum árangri náð. Stjórnarherrarnir stela

jafnóðum aftur því, sem áunnizt hefur. Það er aðeins ein leið, sem getur veitt varanlegar kjarabætur, og það er sigur á hinu pólitíska sviði. Það er brýnasta verkefni Alþb.-manna um þessar mundir að koma þjóðinni í skilning um, að með gerbreyttri stjórnarstefnu má bæta verulega lífskjör almennings og skapa landsmönnum öllum fulla atvinnu. Það verður að endurskipuleggja efnahags- og atvinnulífið. Það verður að skera niður milliliðagróða, stöðva óhóflega gjaldeyriseyðslu, lækka vexti á afurða- og rekstrarlánum og þjóðnýta olíudreifingu og tryggingar, svo að aðeins fátt eitt sé talið. Það verður að byggja ný atvinnutæki og fjárfesta samkv. áætlunum, sérstaklega í iðnaði.

Atvinnuleysið er í dag átakanlegasta sóunin á verðmætum þjóðarinnar. Það verður að fullnýta frystihúsin með því að stórauka aflamagnið, en það gerist ekki af sjálfu sér eins og núverandi ríkisstj. virðist halda. Það kostar forsjá og fyrirhyggju ráðamanna. Það verður að sanna þjóðinni, að við Íslendingar getum sjálfir byggt upp fjölskrúðugt atvinnulíf og við þurfum sízt af öllu að leggja ráð okkar í hendur útlendum auðmönnum.

Alþb. hefur haft forystu um mótun nýrrar stjórnarstefnu með afdráttarlausri afstöðu og ótvíræðri tillögugerð. Við munum halda því áfram og við munum sérstaklega treysta á stuðning alþýðusamtakanna í landinu, enda er það ekkert vafamál, að Alþb.-menn eru sterkasta aflið í verkalýðshreyfingunni, eins og berlega kom fram á seinasta Alþýðusambandsþingi, enda þótt ekki væru þeir þar í meiri hl. En Alþb. eitt hefur ekki bolmagn til að knýja fram breytta stjórnarstefnu. Það verður að skapa einingu með þeim öflum, sem afneita sóunarskipulagi núverandi stjórnar og vilja umbylta og endurskipuleggja efnahagslíf þjóðarinnar.

Alþb. er ungur flokkur. Í rúman áratug var skipulag þess í deiglunni og lengi voru hörð átök um framtíð þess. En á s. l. hausti var það endurskipulagt sem stjórnmálaflokkur í samræmi við óskir yfirgnæfandi meiri hluta Alþb.-manna. Í þessari endurskipulagningu hafa þó fáeinir einstaklingar orðið viðskila við hreyfingu okkar, án þess að nokkurn tíma kæmu frá þeim neinar till. um aðra stefnu eða annað skipulag samtakanna. Tveir þessara manna, Hannibal Valdimarsson og Björn Jónsson, hafa nú átt í langvinnu samningamakki við ýmsa aðila um nokkurt skeið. En þeir virðast nú telja sig munu fiska bezt, ef þeir róa einir á báti. Ekki skal ég leggja dóm á það. Enda er hitt víst, að athafnir þessara manna munu engu breyta um stöðu Alþb. Birni Jónssyni tókst í vetur að fá nokkra tugi manna til að ganga með sér úr félaginu á Akureyri. Nú eru hins vegar fleiri í Alþb. á Akureyri en nokkru sinni fyrr. Í stórum landshlutum er jafnvel ekki hægt að finna einn einasta félagsbundinn Alþb.-mann, sem helzt hefur úr lestinni við skipulagsbreytinguna í vetur. Þessar vikurnar eru haldnir kjördæmisráðsfundir í öllum kjördæmum landsins, og hvarvetna má finna vaxandi bjartsýni og sóknarhug.

Nú þegar upplausnarástandið magnast og uppgjörið við núverandi stjórnarflokka nálgast óðfluga, verður sú krafa æ háværari, að Alþ. verði rofið og efnt sé til nýrra kosninga. Þjóðin þarf að velja sér nýja forystu, nýja róttæka vinstri sinnaða stjórnarstefnu, sem reisir þjóðlega atvinnuvegi landsins úr rústum, sem byggir öðru fremur á félagslegum úrræðum og hefur raunverulegan vilja til að vernda þjóðerni Íslendinga og efnahagslegt sjálfstæði. – Góða nótt.

Einar Ágústsson: Herra forseti. Háttvirtu áheyrendur. Á þeim vetri, sem nú er nýliðinn, bjó íslenzka þjóðin við meira atvinnuleysi en nokkru sinni fyrr. Augljóst er, að getuleysi atvinnuveganna er eitt aðalvandamálið. Gengislækkun sú, sem framkvæmd var í nóvembermánuði s. l., var gerð til þess að greiða úr vanda fyrirtækjanna, en á það var bent m. a. af hæstv. forsrh., að gengisbreytingin skapaði í fyrstu lotu fleiri vandamál en hún leysti. Atvinnuvegirnir höfðu búið við fjármagnsskort í mörg ár. Þeir voru því vitanlega vanmegnugir að mæta stórfelldum hækkunum á öllum tilkostnaði, sem sigldi í kjölfar gengisfellingarinnar. Það var höfuðnauðsyn að auka rekstrarfjármagn þeirra, en þetta var ekki gert nema að mjög óverulegu leyti. Afleiðingin varð atvinnuleysi.

Þrátt fyrir mjög góða vetrarvertíð og batnandi markaðshorfur erlendis hafa vinnuveitendur enn ekki séð sér fært að greiða laun samkv. samningum. Það er þó lágmarkskrafa, að ekki verði enn vegið að þeim lægstlaunuðu, enda hljóta allir að sjá og viðurkenna, að ekki er hægt að ætlast til þess, að fjölskyldur lifi á lægstu launum, 10–11 þús. kr. á mánuði, eftir þær stórfelldu verðhækkanir, sem yfir hafa skollið síðasta árið. Það þýðir ekkert lengur að halda því fram, að allir hafi hærri laun en þetta vegna mikillar vinnu. Ástandið hefur verið þannig í vetur, að þúsundir manna hafa ekki einu sinni haft þessi laun, hvað þá meira. Og hvernig verður ástandið, þegar 8 þús. framhaldsskólanemar koma á vinnumarkaðinn eftir nokkra daga? Að því hafa aðrir ræðumenn þegar vikið í umr., og skal ég ekki fjölyrða um það. En ég tel, að Alþ. geti ekki farið heim án þess, að einhver niðurstaða hafi fengizt í tveimur stærstu vandamálunum, sem þjóðin á nú við að glíma, kjaradeilunni og atvinnuhorfum framhaldsskólanema.

Hv. þm. Jón Þorsteinsson beindi þeim tilmælum til samherja sinna í stjórnarráðinu, að þeir notuðu tækifærið í sambandi við breytingar þar til þess að endurskipuleggja ríkisstj. þannig, að hún geti á þróttmeiri hátt en gert hefur verið tekizt á við viðfangsefni sín. Þetta er fróm ósk og sýnir mat þm. En ég er hræddur um, að enda þótt mannaskipti gætu orðið til einhverra bóta, mundu þau ekki skipta sköpum, ef stefnan yrði sú sama. Núv. ráðh. eru yfirleitt, að ég held, ekkert óstarfhæfari en ýmsir samherjar þeirra hér á þingi. Þeir eru að sönnu oft ráðvilltir og úrræðalitlir, en hafa flokksbræður þeirra önnur úrræði en þau, sem reynt er að framkvæma? Ja, það kann að vera, en þau koma ekki mjög fram hér á Alþ. Nei, mannaskiptin í stjórnarráðinu þurfa að verða miklu róttækari en þetta. Þangað þurfa að koma menn með nýja stefnu og ný úrræði. Þessir herrar eru búnir að hafa 10 ár, flest mjög góð, til þess að framkvæma það, sem þeir töldu réttast. Árangurinn blasir við. Nú er tími til kominn að breyta til.

Raunar mátti heyra það á ræðu hæstv. félmrh., að

hann hafði hlustað með athygli á orð flokksbróður síns og tekið nokkurt mið af þeim, því að hann byrjaði ræðu sína með talsverðum þrótti og tókst bara nokkuð vel upp í því að skamma stjórnarandstæðinga, enda er hann nú yngstur ráðh. og þar af leiðandi líklega ólúnastur. Síðar fór ráðh. svo að tala um mál, sem undir hann heyra í stjórnarráðinu, og fór þá að vonum mesti hressileikinn úr máli hans. Enn þá vandræðalegri hefði tónn hans þó áreiðanlega orðið, ef hann hefði tekið sér fyrir hendur að skýra hlustendum t. d. frá ástandinu í húsnæðismálum, en þau heyra, sem kunnugt er, undir þennan hæstv. ráðh. Ég skal reyna að hlaupa hér í skarðið.

Hjá Húsnæðismálastofnun ríkisins stóðu málin þannig 23. apríl 1969. Umsækjendur um íbúðalán, sem teknir hafa verið gildir og sótt höfðu um lán á tímabilinu frá 15. marz 1967 til og með 15. marz 1968, höfðu fengið eftirfarandi afgreiðslu: Þeir, sem skiluðu vottorðum um það, að hús þeirra væru fokheld fyrir 1. ágúst 1968, fengu lánsloforð í ágúst–september 1968 fyrir fyrra hluta lánsins, og skyldi það koma til útborgunar upp úr 1. apríl 1969. Þeir, sem skiluðu vottorðum um fokhelt fyrir 1. marz 1969, eru nú búnir að fá lánsloforð fyrir fyrra hluta lánsins, sem koma á til útborgunar í október 1969. Þeir, sem ekki höfðu skilað vottorðum um fokhelt fyrir 1. marz s. l., hafa enga afgreiðslu fengið, ekki einu sinni verið tilkynnt, hvort umsókn þeirra hefur verið tekin gild. Þetta eru alls 364 umsóknir. Auk þess er mikill fjöldi íbúða byggður af einstökum byggingarmeisturum, sem fengið höfðu fyrirheit um það, að kaupendur þeirra skyldu teljast hafa lagt umsókn sína inn fyrir 16. marz 1968. Vegna núverandi sölutregðu er mikið óselt enn af þessum íbúðum, og á því talan 364 eftir að hækka um eitthvað nálægt 180. Allir þeir, sem sótt hafa um lán til nýrra íbúða frá 15. marz 1968 til þessa dags, hafa enga fyrirgreiðslu fengið frá húsnæðismálastjórn og ekki einu sinni fengið tilkynningu, hvort umsókn þeirra væri samþ. sem lánshæf. Fjölda lánshæfra umsókna, sem komið hafa inn á tímabilinu frá 15. marz 1968 til 16. marz 1969, er ekki hægt að tilgreina af tveimur ástæðum. Allmargar umsóknir frá þessu tímabili er enn eftir að yfirfara og ákveða, hvort lánshæfar séu, og auk þess koma þar inn í óseldar íbúðir byggingarmanna, sem njóta sams konar fyrirgreiðslu og tekið var fram um íbúðir frá árganginum 1967 til 1968.

Fjárhagsáætlun byggingasjóðs 1969 er þannig: Væntanlegar tekjur u. þ. b. 364 millj. og gjöldin, þ. e. greiddur yfirdráttur hjá Seðlabankanum frá fyrra ári, 72 millj., óhafin lán frá 1968 u. þ. b. 15 millj., borgað til bæjarframkvæmda frá 1.1. 1969 10.5 og loks hefur verið úthlutað til útborgunar á árinu 1969 262,5 millj., og gerir þetta 360 millj.

Af framanskráðu yfirliti má því sjá, að horfurnar eru óglæsilegar að óbreyttum tekjustofnum byggingasjóðs. Enginn þeirra, sem sótti um lán á tímabilinu 15. marz 1967 til 16. marz 1968, fær nema helming væntanlegs láns fyrir árslok 1969. 364 umsækjendur frá þessu tímabili fá enga afgr. á þessu ári að viðbættum 180 íbúðum, sem keyptar verða af byggingarmönnum. Allir þeir, sem sótt hafa um lán frá 15. marz 1968, eiga tæpast von á nokkru láni fyrr en 1971 að óbreyttum tekjustofnum byggingasjóðs. Enginn eyrir er til í hina svokölluðu framkvæmdaáætlun. Þetta sýnir, svo að ekki verður um villzt, að lánakerfi byggingasjóðs er gjörsamlega sprungið. Við framsóknarmenn höfum í báðum deildum Alþ. lagt fram frv. um nýjar fjáröflunarleiðir til sjóðsins, sem byggjast á frjálsum sparnaði einstaklinga og félaga gegn vissum fríðindum. Annars vegar leggjum við til, að seld verði vísitölutryggð spariskírteini, og skulu eigendur slíkra skírteina hafa forgang að lánum til bygginga eða kaupa á íbúðum og enn fremur rétt til 25% hærra láns en venjulegt lán byggingasjóðs er, allt eftir nánari reglum. Hins vegar er samkvæmt till. okkar um að ræða ríkistryggð útdráttarskuldabréf, og skulu kaupendur hafa rétt til að draga andvirði þeirra frá skatt- og útsvarsskyldum tekjum það ár, sem þeir kaupa bréfið af byggingasjóði. Einnig þessi bréf skulu vísitölutryggð. Síðar nefnda leiðin hefur verið farin allmörg undanfarin ár með góðum árangri t. d. í Vestur-Þýzkalandi.

Báðar þessar leiðir byggjast á frjálsum sparnaði, sem við teljum langæskilegustu leiðina til fjármögnunar íbúðarlánakerfisins. Auðvitað veit enginn fyrirfram, hversu mikilla fjármuna tækist að afla eftir þessum leiðum, þótt reyndar yrðu. Á það má benda, að spariskírteini þau, sem ríkissjóður hefur selt undanfarin ár, hafa gengið mjög vel út. Þá er enn fremur á að líta, að skattfrádrátturinn kann að örva til kaupanna. Í þjóðfélagi okkar, sem þarf á öllu vinnuafli sínu að halda til uppbyggingar, er nauðsyn, að hver og einn inni af hendi hagnýtt starf og iðki sparsemi, svo sem tök eru á. Við höfum, svo að eitt dæmi sé tekið, ekki efni á því, að dugmiklir aflaskipstjórar fari í land um 2–3 mánaða skeið vegna þess, að kúfurinn af tekjum þeirra kann að fara í opinber gjöld, og fleira þessu líkt mætti nefna. Ég vona að þessar leiðir verði reyndar, því að húsnæðismálin eru svo mikilvæg, að þjóðin hefur ekki efni á að vanrækja þau lengur.

Hæstv. ráðh. Eggert G. Þorsteinsson sagði hér í fyrrakvöld, að við stjórnarandstæðingar hefðum tafið umr. hér á Alþ. um heilbrigðismál. Það er víst líklegt eða hitt þó heldur, að við flytjum mál og reynum svo að koma í veg fyrir, að þau séu rædd. Annaðhvort er hér um að ræða dæmalausa ósvífni hjá ráðh. eða þá það, sem ég vil heldur trúa, að hann bara veit ekki betur en þetta. Það hefur ekki í eitt einasta skipti, þegar þáltill. um stækkun fæðingardeildarinnar hefur verið á dagskrá, staðið á mér að ræða hana. Henni hefur hvað eftir annað verið frestað af allt öðrum ástæðum, eins og ýmsir ráðh. vita og allir ráðh. ættu að vita.

Annars hafa heilbrigðismálin verið í sviðsljósinu undanfarna mánuði, svo er dugnaði og harðfylgi nokkurra kvenna fyrst og fremst fyrir að þakka. Undanfarin ár hefur miklum fjármunum verið varið til sjúkrahúsbygginga. Það vekur athygli, að heildaryfirstjórn þessara mála virðist vera laus í reipunum og einkennast af sama stjórnleysinu og annað hjá hæstv. ríkisstj. Bæði ríkið og Reykjavíkurborg keppast um að koma upp sams konar sjúkradeildum, og margar gerðir af dýrum búnaði eru keyptar til landsins, þar sem færri gætu dugað, en aðrar deildir sitja algjörlega á hakanum. Þannig segir borgarlæknirinn í Reykjavík í skýrslu um þetta frá því í janúarmánuði s. l., að þegar

yfirstandandi framkvæmdum ljúki, standist almenn sjúkrahús í Reykjavík fyllilega þær kröfur, sem annars staðar eru gerðar, en skiptingu þeirra í sérdeildir sé hins vegar áfátt. Hér eru ekki til deildir, sem nauðsynlega þarf að koma upp, háls-, nef- og eyrnadeild, augndeild og geislalækningadeild. Þá segir í skýrslunni, að 173 rúm vanti til að fullnægja sjúkrarúmaþörf reykvíska geðsjúklinga einna og geðdeild fyrir börn vanti tilfinnanlega. Um ástandið á kvensjúkdómadeild þarf þá heldur ekki að fjölyrða, það ætti nú orðið að vera öllum landsmönnum kunnugt. Síðasta afrek stjórnarliða í því máli var að fella till. frá Jóni Skaftasyni o. fl. um 20 millj. króna fjárveitingu til framkvæmda við fæðingardeildina.

Hæstv. ráðh. Gylfi Þ. Gíslason talaði mjög um þann vanda, sem framundan er í því að skapa vaxandi fjölda Íslendinga atvinnu á komandi árum, og vissulega er það spurning, sem vert er að hugleiða. En þá kemur það upp í hugann, hvernig íslenzkur vinnukraftur er nýttur í dag. Ég hef ekki tíma til þess að gera þessu skil, eins og vert væri, en þegar stórframkvæmdir þær, sem hér er unnið að, eru athugaðar, kemur þetta í ljós: Búrfellsvirkjun er hönnuð af bandarískа fyrirtækinu Harza, og eftirlit með framkvæmdum er einnig hjá því fyrirtæki, e. t. v. að einhverju leyti í samvinnu við Landsvirkjun. Öll verkstjórn var einnig til skamms tíma í höndum útlendinga, og framkvæmdir fóru þá fyrst að ganga skaplega, þegar íslenzkum verkfræðingum var falin forystan. Straumsvíkurhöfn er hönnuð af danska fyrirtækinu Christiani & Nielsen, enda þótt ísl. verkfræðingar hafi margir hverjir mikla reynslu í hönnun slíkra mannvirkja og ýmsir þeirra hefðu áhuga á að spreyta sig á viðfangsefninu og gerðu tilraunir til að fá að koma til greina, en án árangurs. Hafnarframkvæmdir í Þorlákshöfn voru upphaflega hannaðar af þýzka fyrirtækinu Hochtief, en síðar af dönskum verkfræðingum, og mér er sagt, að erlend aðstoð hafi verið keypt vegna hafnargerða víðs vegar um landið. Til samanburðar má geta þess, að íslenzkir verkfræðingar hönnuðu Sundahöfn að öllu leyti. Kísilgúrverksmiðjan við Mývatn var upphaflega hönnuð af kanadíska fyrirtækinu Kaiser, en sú framkvæmd var með þeim eindæmum sem frægt er orðið. Nú þarf að leggja fram stórfé til þess að reyna að koma verksmiðjunni á réttan kjöl m. a. til að byggja við hana.

Þrátt fyrir fengna reynslu af starfi hinna erlendu sérfræðinga á enn að leita út fyrir landsteinana, að þessu sinni til Bandaríkjanna. Áburðarverksmiðjuna í Gufunesi á að stækka, og ég man ekki betur en að Alþýðublaðið skýrði frá því um daginn, að hönnunin yrði framkvæmd í Bandaríkjunum. Þegar rætt var um skipulag á landspítalalóðinni á Alþ. um daginn, kom fram, að íslenzkir og danskir skipulagsmenn sátu yfir því verkefni vikum saman úti í Kaupmannahöfn. Danska fyrirtækið Kampsax var fengið til þess að framkvæma einhvers konar umferðarkönnun, vegna væntanlegra vegaframkvæmda. Hingað hafa borizt fregnir af því, að í dönsku verkfræðiriti skýri þessir sérfræðingar frá þessu og láti jafnframt getið, að þetta sé fyrsta verk, sem þeir hafi fengið að vinna erlendis án nokkurrar samvinnu við heimamenn. Ég hef ekki á móti því, að leitað sé til erlendra sérfræðinga, slíkt getur verið óhjákvæmilegt, en ég bendi á, að alls staðar annars staðar, meira að segja í hinum vanþróuðustu löndum, þykir sjálfsagt, að innlendir tæknimenn séu hafðir með í eins ríkum mæli og frekast er kostur. Á þann hátt einan standa vonir til þess, að þjóðir geti orðið sjálfum sér nógar í verkfræðilegu tilliti, þegar fram líða stundir.

Benda má á í þessu sambandi, að Alþjóðabankinn hvetur mjög til þess, að innlend tækniþekking sé hagnýtt í þeim tilvikum, sem unnið er fyrir lánsfé þaðan, en reglur bankans hér að lútandi hef ég undir höndum. Við eigum orðið álitlegan hóp tæknimenntaðra manna, sem hvorki hafa sparað fé né fyrirhöfn til að afla sér fullkominnar sérþekkingar í ýmsum greinum. Þessum mönnum mörgum standa dyr opnar erlendis í háar og ábyrgðarmiklar stöður. Þar er þeim treyst. Eigum við ekki að treysta þeim líka? Ég held það.

Þegar rætt var um stækkun Kísilgúrverksmiðjunnar hér fyrir nokkrum dögum, kom það fram, að ákveðið er að láta smíða nýju þurrkarana erlendis. Þá sagði hv. þm. Sveinn Guðmundsson framkvæmdastjóri vélsmiðjunnar Héðins, að hina fyrri þurrkara, sem einnig voru fluttir inn, hefðu íslenzkir málmiðnaðarmenn auðveldlega getað smíðað og eins mundi vera um þessa. Þrátt fyrir þetta og þrátt fyrir mjög erfitt atvinnuástand í þessari iðngrein taldi hæstv. fjmrh. ekki koma til greina að gefa innlendum smiðjum kost á að bjóða í verkið. Ætli það geti ekki verið á fleiri sviðum en þeim, sem ég hef nefnt, að við sækjum það til útlanda, sem við getum gert hér heima. Ég held, að hæstv. menntmrh. ætti að athuga þetta áður en lengra er haldið.

Það var hreinskilnisleg játning hjá hv. þm. Eyjólfi Konráði Jónssyni, að stjórninni hefði mistekizt áform sín að ráða niðurlögum verðbólgunnar og uppræta spillinguna. Þetta er hverju orði sannara hjá þm. Samkvæmt verðlaginu núna í maí 1969 kostar maturinn, sem fjögurra manna fjölskylda notar um árið, samkvæmt vísitöluútreikningum 91 þús. krónur, hitinn og rafmagnið 13 þús. krónur og fatnaðurinn 40 þús. krónur. Þessir 3 liðir eru því samtals 144 þús. krónur. Þá vantar húsaleiguna, heilbrigðisþjónustuna og opinberu gjöldin. Enginn kemst hjá þeim liðum auk ýmislegs annars. Þegar haft er í huga, að lægstu launin eru um 130–140 þús. krónur á ári, sést að dæmið er óleysanlegt. Enn fremur ber að hafa í huga að þessar tölur, sem ég nefndi, eru miðaðar við útgjöld fjögurra manna fjölskyldu, en víða er að sjálfsögðu miklu fleira í heimili en 4 manneskjur.

Það er enn í fullu gildi, sem sagt var. Ef okkur tekst ekki að ráða niðurlögum verðbólgunnar, er allt hitt unnið fyrir gýg. Verðbólgan er undirrót erfiðleikanna: vegna hennar eru kaupdeilur, hún eyðir sparifénu, hún torveldar atvinnureksturinn, hún gerir húsnæðiskostnaðinn óbærilegan og þannig mætti lengi telja. Þeir, sem gefizt hafa upp í baráttunni við þennan bölvald, hafa sýnt, að þeir eru ekki færir um að stjórna landinu. Þeim ber að fara frá. – Góða nótt.

Steinþór Gestsson: Herra forseti. Góðir hlustendur. Þið hafið nú fengið að heyra málflutning stjórnarand-

stöðunnar. Helzt verður af honum ráðið, að flest það, sem erfiðlega hefur gengið, sé að kenna störfum og stefnu stjórnarinnar. Gengur þessi söngur svo langt, að gert er sem minnst úr þeim örðugleikum, sem mannlegur máttur fær trauðla við ráðið en við höfum orðið fyrir, svo sem aflabresti, verðfalli á erlendum mörkuðum, kostnaðarsömum síldveiðum á fjarlægum miðum og harðæri til landsins.

Í útvarpsumr. í fyrrakvöld ræddi hv. þm. Jónas Jónsson nokkuð um landbúnaðarmál og lagði á það áherzlu, hversu illa væri að bændum búið af hendi stjórnvalda, og því til áréttingar sagði hann, að nú væri nálægt meðalárferði, ef á allt væri litið og því væri hér fyrst og fremst um að kenna rangri stefnu í landbúnaðarmálum, hversu komið væri fyrir þeim. Þegar hugsað er til þessara orða, verður það ugglaust fleirum en mér umhugsunarefni, af hvaða tilefni hafísnefnd var sett til starfa og hvers vegna harðærisnefnd var skipuð 1967 og falið að starfa áfram 1968. Þá var henni raunar fengið aukið verkefni með athugun á efnahag bænda. Ég er ekki í vafa um það, að bændur um land allt hafa á því betri skilning en þessi hv. þm. virðist hafa, að árferðið hefur jafnan haft úrslitaáhrif á afkomu bænda. Framleiðsla landbúnaðarins og afkoma þeirra, er þann atvinnuveg stunda, er eins og jafnan áður háð árferðinu. Bóndinn hefur átt allt sitt undir sól og regni og á það enn, þótt tækni og vísindi hafi í ýmsum efnum dregið úr hörðustu sveiflunum og ráðstafanir og lagasetningar stjórnvalda stuðli að jafnari og öruggari nýtingu þeirrar framleiðslu, sem fæst.

Einnig þykir mér rétt við þetta tækifæri að vekja athygli á ummælum í grein í blaði framsóknarmanna á Suðurlandi hinn 10. maí s. l., sem hníga mjög í sömu átt og gagnrýni stjórnarandstæðinga hér á Alþ. Þar segir, að landbúnaðarpólitíkin hér á landi s. l. ár hafi verið íhaldssöm og illgjörn. Ég á að vísu von á því, að mörgum bóndanum ofbjóði slíkur málflutningur, en því vil ég geta þessara orða hér, að eins líklegt má telja, að fyrir fleiri mönnum geti farið eins og höfundi þessara ummæla að ruglast svo af öfugmælum flokksbræðra sinna, að heilbrigð skynsemi og dómgreind víki og eftir verði ofstæki og stóryrðaglamur sjálfum þeim til lýta og öðrum til ama, er á hlýða. Skyldu bændur almennt telja, að íhaldssemi og illgirni hafi ráðið gerðum Ingólfs Jónssonar landbrh., þegar hann fékk lögfest, að ríkissjóður tryggði greiðslu á þeim halla, er bændur kynnu að verða fyrir af útflutningi landbúnaðarvara? Þetta ákvæði er búið að vera í l. um nokkurt skeið og hefur reynzt bændum heilladrjúgt og verður það enn um sinn, en hvergi var það í l. á meðan framsóknarmenn fóru með þessi mál. Skyldi það hafa verið af íhaldssemi og illvilja, að aukið var ríkisframlag til súgþurrkunar árið 1964, en það hefur gert mörgum bóndanum kleift að ráðast í súgþurrkunarframkvæmdir og hefur án alls efa orðið til þess, að miklu stærri hluti heyforðans hefur orðið verðmætara fóður en áður þekktist og dregið verulega úr þeirri áhættu, sem heyframleiðslan var undirorpin, þegar óþurrkasumur gengu yfir? Hvað skal þá segja um aukið ríkisframlag og ræktun þeirra bænda, sem búa við lítil tún? Skyldu þeir telja þá ráðstöfun bera vott um íhaldssemi og illvilja? Ég tel það illa farið, þegar þeir, sem betur eru settir og hafa stærri ræktunarlönd, sjá ofsjónum yfir þeirri fyrirgreiðslu, sem þeim er veitt, sem lakasta aðstöðu hafa til góðrar afkomu. Margt fleira mætti telja, en ég læt þetta nægja og hygg, að bændur muni sammála um, að vel hafi verið unnið að hagsmunamálum landbúnaðarins á því tímabili, sem núv. ríkisstj. hefur verið við völd.

Þrátt fyrir margs konar aðgerðir ríkisvaldsins til þess að tryggja og efla landbúnaðinn verður það þó, eins og áður var að vikið, undirstöðuatriði, að árferði sé sæmilegt. Nú hefur s. l. 3 ár verið harðæri víðast hvar um landið, og voru menn að vonum uggandi um afkomu bænda á haustnóttum. Margt benti til þess, að verðlagsgrundvallarverð næðist hvergi nærri, þegar árið væri gert upp. Þegar Mjólkurbú Flóamanna hélt aðalfund sinn þann 29. apríl s. l., kom það fram, að nú vantaði 33 aura á hvern lítra, til þess að bændur fengju fullt verð fyrir mjólkina. Orsakir þessa eru aðallega tvær: Lögboðnar útflutningsuppbætur reyndust ekki nægilega miklar að þessu sinni svo og hitt, að mjólkurmagnið síðustu mánuði ársins var mun minna en ætlað var, og ekki reyndist fært að draga úr rekstrarkostn. búsins í samræmi við minnkandi mjólkurmagn. Allur hefði þessi halli orðið meiri og um leið mjög tilfinnanlegur, ef hæstv. landbrh. hefði ekki ákveðið, að af gengishagnaði vegna útfluttra landbúnaðarvara skyldi verja 140 millj. kr. til að mæta þessum halla. Þær ráðstafanir, sem ríkisstj. beitti sér fyrir að koma fram á s. l. hausti, hafa því orðið til þess að minnka stórlega þann mun, sem orðinn var á verði búvara innanlands og á erlendum mörkuðum, og ég tel, að vegna gengisbreytingarinnar á s. l. hausti og batnandi verðs ýmissa vara á erlendum markaði, þá getum við vænzt þess, að sú útflutningstrygging, sem í l. er til greiðslu á útfluttar landbúnaðarvörur, verði nægileg til þess að jafna þennan halla. Um áramótin s. l. var fellt niður verðjöfnunargjaldið, 18 aurar á lítra, sem framleiðandinn varð að greiða á s. l. ári, og kemur það því til hækkunar á þessu ári, þegar miðað er við árið 1968. Eftir gildandi l. hækkar verðlag á landbúnaðarvörum innanlands í samræmi við hækkun á rekstrarvörum og kaupgjaldi. Ef grundvallarverð mjólkur er borið saman við það, sem var fyrir einu ári, kemur í ljós, að hækkunin nemur kr. 1.83 á lítra. Um kjötið er það að segja, að það hefur hækkað á sama tíma um kr. 15.25 á kg. Þá hefur gengisbreytingin og valdið því, að verð á ull og gærum hefur hækkað verulega. Ég áætla því, að á árinu 1969 muni bændur búa við batnandi hag í verðlagsmálum, ef hófs er gætt í fjárfestingarmálum og sölufélög okkar kosta kapps um að fella starfsemi sína og rekstur að kröfum tímans og þörfum hverju sinni. Þar eigum við vissulega verk að vinna, og von er um árangur, ef takast mætti að fullvinna betur hinar ýmsu vörutegundir, áður en þær eru látnar af hendi.

Mér þykir rétt að verja örstuttum tíma til þess að ræða skuldir bænda og þær aðgerðir, sem ákveðnar hafa verið til fyrirgreiðslu fyrir þá, sem þar standa höllum fæti. Eins og áður var sagt, fól hæstv. landbrh. harðærisn. að kanna efnahag bænda og skila áliti um það efni. Álit n. lá fyrir í vetur og er mjög vel unnið og glöggt. Þar kemur fram, að rannsókn n. tók til 4769 bænda, og reyndust þeir skulda að meðaltali 262 þús.

kr. Ég ætla, að ef litið er á þessar tölur einar, þá þyki þessar skuldir ekki ýkja háar, en þess ber að gæta, að efnahagur bænda er mjög misjafn. Þegar tekið er tillit til tekna og skuldir bornar saman við þær, þá kemur í ljós, að 77.7% bænda eiga ekki í greiðsluerfiðleikum og eru því allvel settir efnalega, 12.8% bænda búa við sæmilegt rekstraröryggi, en 6.1% þeirra skulda meira en hæfilegt getur talizt og þurfa því aðstoðar við. Hins vegar eru 3.4%, eða 160 bændur, sem eru mjög illa settir, og er hætt við, að ýmsir þeirra búi við þau skilyrði, að ekki verði komið til móts við þarfir þeirra eftir venjulegum leiðum. Sú skuldasöfnun, sem nú hefur orðið hjá bændum, á sér víðast hvar eðlilegar orsakir. Má þar tilnefna vegna erfiðs tíðarfars sérstaklega þrjú síðustu vor, sem hafa verið óvenju köld, og hefur tilkostnaðurinn við búreksturinn orðið miklu meiri en var um árabil, bæði í auknum fóðurbætiskaupum og meiri áburðarnotkun. Bændur hafa og á fáum áratugum gjörbreytt búskaparaðstöðu allri með stóraukinni vélvæðingu og fjárfestingu í byggingum og ræktun, enda sér þess glögg merki, þar sem framleiðsla búvara hefur vaxið verulega, en æ færri hendur vinna við þau framleiðslustörf. Og þótt ríkisvaldið hafi tryggt eðlilegt lánsfé til þessarar fjárfestingar, hefur uppbygging atvinnurekstrarins verið svo hröð, að ekki var mögulegt að eigið fjármagn bænda nægði til mótframlags. Á þessu þingi voru sett lög um breyt. á lausaskuldum bænda í föst lán. Þessi lög eru hliðstæð lögum um sama efni frá 1962, en þau lög hafa orðið þeim, er þeirra nutu, hin gagnlegustu. Reglugerð um framkvæmd l. verður sett innan tíðar, og er líklegast, að unnt verði að hefja framkvæmd l. síðla sumars eða á komandi hausti.

Það væri freistandi að gera fleiri þætti þjóðmála að umtalsefni nú. En tími minn leyfir það ekki. Stjórnarandstæðingar hafa haft hér uppi harða gagnrýni á störf og stefnu stjórnarinnar. Ég mun ekki neita því, að eitt og annað hefur ráðizt á annan veg en ætlað var og við hefðum viljað. En við samanburð á verkum núv. ríkisstj. og þeirrar, sem stjórnarandstaðan bar ábyrgð á, vinstri stjórnarinnar, þá er ég ekki í vafa um, hvort stjórnartímabilið hefur orðið heilladrýgra hinni íslenzku þjóð. Hér hefur verið minnt á nokkrar staðreyndir, sem styðja þá skoðun mína og meiri hl. íslenzku þjóðarinnar, að stefna ríkisstj. og viðbrögð hennar við aðsteðjandi vanda hafi verið á þá lund, að til heilla hafi horft.

Sú stefna, sem stjórnarandstaðan heldur að þjóðinni, þykir mörgum manninum ærið laus í reipum, og er erfitt að henda reiður á, hvert hugsað sé að halda. Formaður Framsfl. sagði hér í umr. í fyrrakvöld, að sú stefna í þjóðmálum, sem hann boðaði, hefði enn ekki verið reynd í framkvæmd. Þetta er hin mesta firra. Hvað sem leiðirnar hafa verið kallaðar og hvernig sem reynt er að breyta svip og þyrla ryki í augu almennings, þá þekkist þelið, þegar togið er horfið af lagðinum. Í óljósum orðum og almennum hugleiðingum felst gamla framsóknarstefnan. Það skyldu menn gera sér ljóst. – Góða nótt.

Friðjón Þórðarson: Herra forseti. Góðir hlustendur. Tvö undanfarin ár hafa orðið íslenzkum þjóðarbúskap þung í skauti. Tekjur manna hafa stórlega dregizt saman, og atvinnuleysis hefur orðið vart til muna hin síðustu misseri. Höfuðástæðurnar eru öllum kunnar: Aflabrestur á síldveiðum, sölutregða, verðfall afurða og köld vor. Þessi atriði og mörg önnur hafa valdið því, að þjóðartekjur hafa rýrnað til mikilla muna, og minni verðmæti eru til skipta. Þetta hefur að sjálfsögðu orðið mörgum sár viðbrigði miðað við það góðærisskeið, sem á undan var gengið, þegar síldargróðinn flæddi yfir landið. Margir hafa talið, að þjóðin hafi farið mjög ógætilega með þau miklu verðmæti, sem þá streymdu inn í þjóðarbúið. Þar hafi mörgu verið sóað í óhófseyðslu og lítillar ráðdeildar gætt. Aðhald hafi og skort af hálfu stjórnarvalda. Þar hafi oft fremur gætt stjórnleysis en hæfilegrar stjórnfestu. Nokkuð kann að vera hæft í þessu, en þótt miklu hafi verið eytt, ber hins að minnast, að hin öra uppbygging hefur verið ævintýri líkust og jafnframt skapað og skilið eftir mörg varanleg verðmæti til frambúðar.

Störf Alþ. á liðnum vetri hafa að sjálfsögðu mótazt af andstreymi því og erfiðleikum, sem mætt hafa á þjóðarbúskapnum undanfarin ár. Yfir störfum þess hafa hvílt dökkir skuggar hinna torleystu verkefna efnahags- og atvinnulífsins. Sum hafa verið leyst, önnur bíða lausnar. Í hinu viðkvæma stórmáli um hagnýtingu fiskveiðilandhelginnar í þágu sjávarútvegsins náðist tímabundin lausn, byggð á víðtækri, allsherjar málamiðlun. Þar urðu margir að slaka til og slá af kröfum sínum. Fæstir munu hafa fengið óskir sínar uppfylltar, en allir viðurkenna, að þetta mál þoldi enga bið og varð að leysast á þessu þingi.

Vega- og samgöngumál eru einhver mikilvægustu hagsmunamál allra landsmanna. Við lokaafgreiðslu fjárlaga fyrir síðustu áramót voru að venju afgr. till. um framlög til flóabáta og vöruflutninga. Var í því efni mjög gengið til móts við óskir umsækjenda, og þótt reynt væri að stilla hækkunum í hóf, var fyrst og fremst við það miðað að halda uppi nauðsynlegri þjónustu í þágu félags- og athafnalífs í hinum dreifðu byggðarlögum. Vegal. frá 1963 marka alger tímamót í sögu vegamála á Íslandi. Samkv. ákvæðum þeirra hefur nú verið samin áætlun um vegaframkvæmdir fyrir árin 1969 til 1972. Meira fjármagni er nú veitt til vegamála en nokkru sinni fyrr. Árið 1958 var allt vegafé rúmar 80 millj. kr. Samkv. 4 ára framkvæmdaáætlun þeirri, sem nú hefur verið gerð, eru tekjur vegasjóðs taldar nema um 2500 millj. kr. auk lánsheimilda. Á árunum 1965 til 1968 námu tekjur vegasjóðs 1487 millj. kr. Framkvæmdafé vegasjóðs nú verður því árlega 67% hærra en það var síðustu árin, miðað við endurskoðaða áætlun þess tímabils. Frá þeim tíma hefur vegagerðarvísitalan hækkað um 3.5%. Jafnhliða því, sem tekjur vegasjóðs eru nú stórlega auknar, hefur ríkissjóður tekið að sér að greiða vexti og afborganir, sem falla í gjalddaga á árunum 1970–1972, af lánum þeim, sem tekin hafa verið til landsbrauta og þjóðbrauta. Nemur sú fjárhæð 67 millj. kr. Auk þess losnar vegasjóður við að greiða sambærilegar greiðslur af lánum til hraðbrauta, en þær nema á árinu 1969 39 millj. kr. Óhjákvæmilegt þótti að afla vegasjóði aukinna tekna, og varð samkomulag milli allra flokka um að hækka benzínskatt um 1 kr. á hvern benzínlítra. Segja má, að

benzínverð hafi verið nógu hátt, áður en þessi hækkun varð. Er því rétt að gera stuttan samanburð á benzínverði hér og í nágrannalöndum. Á Íslandi kostar lítrinn nú 11 kr., í Noregi 14.90 kr., Danmörku 14.65 kr., Svíþjóð allt að 15.50 kr., Þýzkalandi 13.45 kr. og í Englandi allt að 12.80 kr. Með þennan samanburð í huga var talið fært að hækka benzínskattinn, enda þótt bifreiðaeigendur hafi sannarlega ekki farið varhluta af auknum álögum og kostnaði undanfarið. Á hitt ber að líta, hversu risavaxið verkefni bíður vegasjóðs á komandi árum að byggja upp varanlegt samgöngukerfi um allt land, sem tengir saman þéttbýli og dreifbýli og þjónar hagsmunum fólksins í félags- og atvinnulífi. Með þeirri breytingu, sem gerð var á vegal. á þessu þingi, voru nokkrir vegakaflar teknir úr tölu landsbrauta og flokkaðir undir sýsluvegi. Er hér um að ræða hliðarvegi að kirkjustöðum, félagsheimilum o. fl., samkv. 12. gr. vegal., 1393 að tölu og um 223 km að lengd alls. Þótti rétt, miðað við eðli þessara vega og hins mikla fjölda þeirra, að flokka þá undir sýsluvegi. Til þess að rýra ekki fjárhagsgrundvöll sýsluvegasjóðanna af þessum sökum mun framlag ríkisins til þeirra verða aukið samkv. 28. gr. vegal. á næstu árum.

Á þessu ári verða þáttaskil í vegagerð, er hafizt verður handa um gerð hraðbrauta með varanlegu slitlagi. Þar koma fyrst til greina fjölförnustu vegirnir út frá höfuðstaðnum, og þarf engan að undra það, enda í fullu samræmi við uppbyggingu vegal., sem allsherjar samkomulag náðist um á þingi fyrir 6 árum. Jafnframt verður þó að sjálfsögðu að gæta þess, að samgöngukerfið um hinar dreifðu byggðir landsins sé aukið og endurbætt, svo hratt sem kostur er. Þó að vitnað sé í gömul þrekvirki í vegagerð, er það þó eigi að síður staðreynd, að aldrei hefur jafnmiklu fé verið veitt til vegaframkvæmda og nú, þrátt fyrir slæmar horfur í þjóðmálum.

Þegar harðnar í ári og tekjur minnka, er venjulega reynt að draga úr gjöldum, fresta framkvæmdum eða minnka þær. Þegar um opinbera aðila er að ræða, verður þó jafnan að fara varlega í slíkar ráðstafanir, því að eitt meginviðfangsefni sérhverrar ríkisstj. hlýtur að vera að reyna á allan hátt að halda uppi nægri atvinnu og fyrirbyggja atvinnuleysi. Að þessu marki hefur viðleitni stjórnvalda beinzt. Sem dæmi má nefna svar hæstv. fjmrh. við fsp. á Alþ. í fyrradag um lán og styrkveitingar úr atvinnubóta- og atvinnujöfnunarsjóði til einstakra kjördæma. Upplýsti ráðh., að heildarfjárhæð sú, sem veitt hefur verið í þessu skyni frá 1962 til síðustu áramóta, næmi rúmum 209 millj. kr., en auk þess voru veittar tæpar 25 millj. kr. til 8 hraðfrystihúsa um áramótin. Öllu þessu fé hefur verið varið til að styrkja og efla atvinnulíf landsbyggðarinnar á einn eða annan veg. Fullkunnugt er, að í þeim efnum hefur stjórn sjóðsins oft teygt sig út á yztu nöf til aðstoðar og bjargar málefnum byggðanna. Hitt er svo annað mál, að mjög víða er atvinnulífið svo einhæft, að ógerningur er að koma í veg fyrir tímabundið atvinnuleysi, er afli bregzt úr sjó. Að sjálfsögðu væri æskilegt að geta haldið uppi opinberum framkvæmdum af enn meiri þrótti en kostur er nú um sinn.

Rafvæðing strjálbýlisins er enn of skammt komin. Með því er ekki sagt, að vanmeta beri það, sem gert hefur verið og unnið er að á þessu sviði af stórhug og framsýni, heldur bent á þá staðreynd, að aðstöðumunur þeirra, sem fengið hafa rafmagn, og hinna, sem ekki njóta þess, er svo mikill, að ekki verður unað við til lengdar. Auk hinna stærri raforkuframkvæmda er nú unnið að því að rafvæða þær byggðir landsins, þar sem vegalengdir milli býla eru innan við 1½ km að meðaltali.

Hin köldu vor síðustu ára hafa farið hörðum höndum um íslenzkan landbúnað og valdið þungum búsifjum í ýmsum héruðum. Enn liggur ís við land í sumum sveitum í fjórðu viku sumars. Þetta árferði hefur einkum komið illa við þá bændur sem mikið hafa framkvæmt á jörðum sínum hin síðari ár og safnað lausaskuldum. Framkvæmdir allar og vélvæðing hafa krafizt mikils fjármagns í vaxandi dýrtíð. Nú hafa verið samþ. lög um breyt. á lausaskuldum bænda í föst lán að tilhlutan ríkisstj. Enginn skyldi ætla, að þau leysi allan vanda, en tilgangur þeirra er vissulega sá, að létta bændum róðurinn, enda hygg ég, að forystumenn bændasamtakanna hafi yfirleitt verið sammála um, að slíkra aðgerða væri þörf á þessum tímum.

Þegar sjómannaverkfallinu lauk á liðnum vetri, dró alls staðar úr atvinnuleysi og víða hvarf það með öllu. Fargi var létt af öllum landsmönnum. Nú hafa enn staðið yfir erfiðar vinnudeilur og vona allir, að lausn þeirra sé ekki langt undan. En jafnvel þótt sættir verði og vinnufriður, kvíða ýmsir atvinnuleysi, ekki hvað sízt skólafólkið, sem nú flykkist á vinnumarkaðinn út í sólina og vorið að afloknum prófum. Vissulega getur hér orðið við vanda að stríða, en forsenda þess, að horfur batni í þeim efnum, er að sjálfsögðu sú, að friður takist á vinnumarkaði, svo að öll hjól atvinnulífsins geti snúizt af fullri orku og með eðlilegum hraða.

Stjórnarandstæðingar tala nú fjálglega um nýja stjórn, nýja stefnu, sem koma skuli og í vissum skilningi um nýtt land, því að engu er líkara en þeir hvetji til landflótta með sumum skrifum sínum og skrafi. Gegn þessu er full þörf að vera á varðbergi og halda vöku sinni. Land okkar er enn sem fyrr fagurt og frítt. Lengi var talið, að það væri næsta fátækt að veraldargæðum, hvorki málmar í jörðu, kol né olía, en við nánari athugun og rannsóknir á nútíma vísu kemur æ betur í ljós, hversu ríkt það er af dýrmætum auðlindum.

„Þetta land á ærinn auð, ef menn kunna að nota hann," svo sem Jón Ólafsson kvað. Það er verðugt heimkynni þeirrar ætsku, sem á framtíðina fyrir sér. En til þess að njóta þess og lifa í sátt við það þarf manndóm og mennt, þor og þrautseigju. Einmitt vegna þess að Íslendingar hafa fæðzt inn í nýjan heim í sínu eigin landi á þessari öld, eftir þúsund ára kyrrstöðu, nýjan undraheim iðnvæðingar, tæknibyltingar og alþjóðasamskipta, verða þeir að leggja ríka áherzlu á geymd sögu sinnar og erfða. Lítum í annála liðinna alda, árbækur Espólíns og aðrar sögulegar heimildir, og óðar en varir verðum við agndofa og undrandi yfir öllum þeim torfærum, sem þjóðin hefur orðið að yfirstíga í aldanna rás. Að slíku er hollt að hyggja öðru hverju, þegar vindur stendur í fangið og gefur á bátinn. Fátt er líklegra til að örva kjarkinn, efla samhug og glæða trúna á landið og létta þjóðinni gönguna móti nýjum vegi. – Góða nótt.

Jón Árm. Héðinsson: Herra forseti. Góðir hlustendur. Varla hittir maður svo mann á götu eða yfir kaffibolla, að ekki sé komið að efnahagsörðugleikum og vinnudeilum og hvað gera megi til úrbóta. Flestir hafa ráð undir rifi hverju og deila á ríkisstj. fyrir að binda ekki enda á þetta verkfallsástand. Menn segja, að þar sem fulltrúar vinnuveitenda og fulltrúar launþega geti ekki samið á nærri 3 mánaða tíma, verði ríkisvaldið að grípa inn í og leysa deiluna. En hér er úr vöndu að ráða. Mjög erfitt er að lögbinda ákveðið kaup, sem atvinnulífið getur ekki staðið undir til lengdar, því að þá verður fyrr eða síðar sendur of hár reikningur til baka til ríkissjóðs, og almenningur borgar brúsann. Samt sem áður getur núverandi ástand í samningamálum þó ekki staðið endalaust áfram. Ef óábyrgir aðilar eru að þumbast við einungis til að skapa sér pólitíska valdaaðstöðu, þá getur svo komið, að ekki verði hjá því komizt að grípa inn í deiluna og leysa hnútinn með lagasetningu til þess að bjarga þjóðarbúinu. Það er þó ósk mín vegna beggja aðila, að slík leið verði ekki farin. Hún er nauðung ein og ekki til frambúðar fyrir hvorugan aðila. Samningsaðilar verða að gera sér grein fyrir því, að hér getur verið um líf eða dauða efnahagslegs sjálfstæðis þjóðarinnar að tefla. Almenningur um allt land gerir þá kröfu nú, að þegar verði náð samkomulagi og allt atvinnulíf komist í eðlilegt horf aftur. Afli er ágætur fyrir norðan og austan land, og þessi landssvæði þola með engu móti að atvinna núna, eftir langvarandi atvinnuleysi, sé stöðvuð vegna óbilgirni atvinnuveitenda eða af öðrum ástæðum. Einnig þarf að vinna enn mikið að vertíðaraflanum hér sunnanlands og er því gífurlega mikið í húfi, að aðilar komist að samkomulagi þegar í stað. Það, sem í milli ber nú, er ekki svo mikið, að óbrúandi sé fyrir atvinnuveitendur að ná niðurstöðu. Með engu móti er unnt að neita fólki með 16–18 þús. kr. laun á mánuði um einhverja kauphækkun, – svo mikið hefur verið gert fyrir atvinnuveitendur til þess að mæta erfiðleikunum.

Sá lærdómur, sem dreginn verður af þessum vinnudeilum, er sá, að ekki verður lengur búið við sama kerfi um lausn vinnudeilna og verið hefur. Vinnuveitendur hafa alla tíð neitað launahækkun í upphafi vinnudeilna, en svo síðar samið um meiri eða minni hækkun eftir hörð átök og mikið tap fyrir báða aðila. Þá kröfu verður að gera til deiluaðila, að svona vinnubrögð heyri fortíðinni einni til héðan í frá.

Mjög er nú kvartað yfir því, að erfitt sé að draga fram lífið hér á landi um þessar mundir. Svo rammt kveður að þessu, að ókunnugir gætu haldið, að hér áður fyrr hafi hagsældin ein ráðið ríkjum. En því var alls ekki til að dreifa. Það, sem menn skynja, er, að þau miklu uppgrip, sem voru hér á árunum 1960–1967, eru ekki lengur fyrir hendi og kröfur manna hafa vaxið til gæða lífsins. Það er nú einu sinni svo, að kynnist menn þægindum, sleppa menn þeim ekki aftur án möglunar. Staðreyndin er, að það, sem var talið lúxus í gær, er orðið að eðlilegri nauðsynjavöru í dag. Þetta er þróun víða, og við viljum fylgjast með. Vissulega gátum við leyft okkur mikið um tíma, þess sér alls staðar merki, en nú um skeið verður ekki undan því ekizt að fara hægar í sakirnar. Margir hverjir eiga í erfiðleikum, af því að þeim var veitt frjálst val með fjármuni sína og lögðu út í miklar fjárfestingar, sem síðar hvíla þungt á herðum, þegar undan hallar með tekjur. Sá mikli barlómur, sem uppi er í verzlunareigendum í dag, er tengdur þessum þensluhætti á undanförnum árum. Verzlunareigendur lögðu margir hverjir í miklar fjárfestingar eftir langt tímabil hafta og leyfa, og allt gekk þetta vel um nokkurra ára bil, en nú eru peningaráð manna til muna minni og fólk aðgætir blessunarlega betur, hvernig eyða á fjármunum sínum.

Það væri vel, ef alltaf væri hér jöfn og stöðug hagsæld, en allir raunsæir menn hljóta að viðurkenna að óhugsandi er, að við getum vænzt þess ár eftir ár. Við erum svo háðir mörgum óráðnum þáttum, sem veður og vindar ráða, að hér má alltaf búast við misjöfnu árferði til lands og sjávar. Spakmælið segir, að gott sé að búa sig undir það versta en vona það bezta. Það var einmitt uppgripaaflinn á síldinni á árunum 1960–1966, sem varð þess valdandi, að yfirleitt allir reyndu, hver sem betur gat, að ná í uppgripin og notuðu laun síldarsjómannsins sem viðmiðun. Mönnum fannst það næstum hneykslanlegt, að óbreyttur síldarsjómaður skyldi hafa hærri laun en margir langskólagengnir menn. Almennar launakröfur voru byggðar á þessum uppgripum í síldinni, og því fór sem fór, þegar hún minnkaði aftur, að allt launakerfið var miðað við rangar forsendur og erfiðleikar komu brátt í ljós við minnkandi afla síldar og verðfall á afurðum. Á rúmlega árstímabili minnkuðu útflutningstekjur okkar um meira en 40 kr. af hverjum 100, miðað við það sem áður var. Þetta var svo mikið áfall, að sjávarútvegurinn gat með engu móti þolað það, miðað við það launakerfi, sem ríkjandi var í þjóðfélaginu. Mikil kjaraskerðing var orðin staðreynd, sem var ekki einum eða neinum sérstökum að kenna hér á landi. Það, sem að okkur sjálfum sneri, var hins vegar að snúast á móti þessum vanda og mæta honum sem sársaukaminnst fyrir láglaunafólkið. Það var ráð ráðunautanna til ríkisstj., að eina leiðin til þess að komast hjá mjög alvarlegum samdrætti í þjóðarbúinu og atvinnulífinu væri að fella gengið í nóvember 1967, og ytri aðstæður þá gerðu það í rauninni óumflýjanlegt, vegna þess að Bretar felldu sterlingspundið sitt. Því miður var áfall það, sem gekk yfir fiskveiðar landsmanna, mun meira en gert var ráð fyrir, og áfram hélt niður á við með sumar útflutningsgreinar okkar. Sérstaklega þyngdist fyrir fæti í síldarútveginum, og svo var komið vorið 1968, að engin útgerð hefði verið á síldinni um sumarið, ef ríkisstj. hefði ekki fallizt á að hjálpa til um upphæð, sem nam tæplega 100 millj. kr. þá. Ég vil hér biðja menn að hafa það í huga, að yfir 40 aurar af hverri krónu hafa komið frá síldinni í gjaldeyristekjur, og augljóst var því, að algert öngþveiti var fyrir dyrum og er enn, ef við náum ekki góðum feng af síld.

Dagblaðið Tíminn birti með undrun þá fregn nú í vikunni úr sænsku blaði, að hér á landi yrðu vandræði, ef við fiskuðum ekki vel af síld. En þau undur. Þessu hélt ég, að velflestir gerðu sér fulla grein fyrir. A. m. k. veit fólkið úti um land, hvað síldin þýðir fyrir það, og eins skólafólkið, sem hefur fengið uppgripavinnu við síldina á undanförnum sumrum. En svona eru framsóknarmenn stundum úti að aka. Þeir virðast ekki

fylgjast með, hvað er að gerast hjá okkur í framleiðslunni, sbr. dæmið um þm., sem hampaði Hagtíðindum og hélt því fram, að engir erfiðleikar væru í skreiðinni, Hagtíðindin sýndu ágætisverð til Ítalíu, og ekkert mark væri takandi á barlómi skreiðarverkenda. En hann gáði ekki að því, að svo til öll Afríkuskreiðin, meira en 6000 tonn, var óseld í landinu og útlit um sölu fullkomlega óvisst. Þannig má snúa hlutunum við, ef góður vilji er fyrir hendi.

Fram hjá þeirri staðreynd verður ekki gengið, að við þurfum að auka fjölbreytni í öflun undirstöðutekna til þess að vera ekki of háðir svipulum sjávarafla. Mín skoðun er sú, að við getum ekki reiknað með mikilli aukningu í bolfiskafla á næstu árum. En hins vegar er fullkomlega á okkar valdi, og á það legg ég höfuðáherzlu, að fara betur með fenginn afla. Fyrsta skrefið er að vanda meðferðina um borð í skipunum, síðan að endurbæta móttöku á fiski um allt land, en víða er þar pottur brotinn. Þetta kostar talsverða fjárfestingu, en það vandamál verður að leysa. Öll vinnsla verður að ganga jafnar og betur, og hver og einn þarf að gera sér grein fyrir, að hann er að fást við matvæli, en ekki að keyra í gegn einhverja kílóatölu af dauðum fiski, án tillits til gæða og tryggrar sölu afurðanna. Hér þarf samstilltan áróður til þess að ná þessu marki. Nú í haust hefjast föst fiskiðnaðarnámskeið að tilhlutan sjútvmrh., Eggerts G. Þorsteinssonar, á vegum Rannsóknastofnunar sjávarútvegsins, og það er von mín, að með þessu sé brotið í blað um alla meðferð á fiski hér á landi. Einnig hafa verið fluttir fyrirlestrar í Sjómannaskólanum um meðferð á fiski, og er það vel. Fræðsla í þessum efnum verður aldrei of mikil.

Mikið hefur verið rætt um markaðsmálin undanfarið, og mun svo verða á næstu mánuðum. Enginn vafi er á því, að þau eru eitt af þeim stórmálum, sem við eigum við að glíma, og veltur á miklu, að vel rætist úr þeim vanda. Eins og allir vita, sem fylgjast með, seljum við hluta af sjávarafurðum okkar á sama markað og Norðmenn, en nú er rætt allmikið um norrænt samstarf og norrænan sammarkað. Ekki er ég bjartsýnn á þá möguleika. Hins vegar vil ég segja hlustendum frá því, að einhver harðasti keppinautur okkar víðast hvar er Norðmaðurinn, þegar um sjávarafurðir er að ræða. Hvað eftir annað hefur það gerzt, að Norðmenn undirbjóða okkur og trufla sölumöguleika okkar á síld, saltfiski, skreið o. fl. Ég sé enga ástæðu til þess að leyna svona vinnubrögðum, en margir eru feimnir við að tala um vinnubrögð þeirra. Það getur vel verið, að við þurfum jafnaðarlega hærra verð. A. m. k. er það viðtekin venja hjá sölumönnum Íslands að heimta hæsta hugsanlegt verð fyrir okkar afurðir, en þannig einhliða krafa getur endað með lítilli sölu og einnig, að keppinautar okkar ná í góðan markað, sem við höfum haft um langt árabil. Og þetta er að gerast í dag. Við mætum harðri samkeppni við Norðmenn á saltsíldinni á finnskum markaði, og bjóða þeir síldina á mun lægra verði en við getum gert. Auk þess fá síldarsaltendur í Noregi mikinn styrk frá ríkinu. Menn sjá af þessu, að hér eru alvarlegir hlutir að gerast. Á s. l. ári rétti norska ríkisstj. til fiskiflota Norðmanna meira en 2400 millj. í margvíslegum styrkjum. Þetta geta þeir gert eins og að drekka vatn, þar sem fiskveiðar og fiskvinnsla þar er lítill þáttur í heildarbúskapnum. En hjá okkur Íslendingum eru fiskveiðar og fiskvinnsla sú undirstaða, sem þjóðarbúið flýtur á, og erfiðleikar þar gera vart við sig út um allt efnahagslífið. Við hittum mótherjana í norrænni samkeppni víðar fyrir. Þeir lækkuðu verð á saltfiski til Portúgals nú nýlega og sköpuðu okkur veruleg vandræði með sölu okkar þangað. Þó hefur Portúgal verið það land, sem við höfum átt við mest viðskipti með saltfiskinn. Í Brasilíu eru þeir okkar keppinautar, og höfum við mun minna magn þar til sölu en þeir. Þá kemur að skreiðinni. Ekki eru fá dæmin um ýmsa örðugleika vegna Norðmanna á því sviði, bæði á Ítalíu og í Nígeríu. Varðandi freðfiskinn til Bretlands, ef til aðildar að fríverzlunarbandalaginu kemur, þá eru þeir þar þversum fyrir okkur eins og vænta mátti. Ég ræði þetta hér til þess að benda áheyrendum á, að það er ekki alltaf á okkar valdi að ráða einhliða við alla erfiðleikana, og stundum eru okkur sköpuð þyngsli af þeim, sem sízt skyldi. Ég er ekki með þessum orðum að skella allri skuldinni á Norðmenn, síður en svo, en það er nauðsynlegt að gera sér grein fyrir því, að við eigum í mjög harðri samkeppni við sumar af þeim þjóðum, sem standa okkur næst um marga hluti, og þegar til efnahagslegra ákvarðana kemur, þá verður mörgum þjóðum sem einstaklingum á að hugsa fyrst og fremst um eigin hag.

Þessa staðreynd verða menn að hafa í huga, þegar gerðar eru þær kröfur til útflytjenda, sem þeim er um megn að ráða við. Engu að síður verða útflytjendur að endurskipuleggja starfsemi sína að mestu leyti og taka upp nýjar söluaðferðir og aukinn áróður fyrir íslenzkum sjávarafurðum. Góð sölustarfsemi á erlendum markaði er grundvallaratriði til þess, að vel megi fara um sölu fiskafurða okkar.

Það er athyglisverð staðreynd, að þau lönd, sem kaupa af okkur næstum allan saltfiskinn, eru með einræðisstjórnir, og þessi lönd setja þær reglur, sem viðkomandi stjórnvöld telja viðeigandi hverju sinni og sínum til góðs. Við Íslendingar höfum undanfarin tvö seinustu árin ekki farið varhluta af þessu ástandi. Spánverjar hafa neitað okkur um innflutning á saltfiski, treglega hefur gengið að fá leyfi í Portúgal og í Grikklandi og Brasilíu hefur gætt vaxandi óvissu vegna einræðisstjórnarfars. Allir vita, hvað skeð hefur í Nígeríu og þekkja erfiðleikana við skreiðina þar.

Fyrir austan tjald er útgerð mjög vaxandi, og þar er ekki spurt hvað kostar að afla hvers kílós af fiski, aðeins spurt, hvort mögulegt sé að ná því. Þessar þjóðir, sem til skamms tíma voru stórir fiskinnflytjendur, hafa nú flestar hafið útflutning á freðfiski og jafnvel saltfiski. Öll útgerð þar er á vegum ríkisins, og við það verðum við að keppa. Það er ómaksins vert að muna það einnig, að margar, margar ríkisstj. í Vestur-Evrópu styrkja sinn sjávarútveg geysilega, og á s. l. ári varð brezka ríkisstj. að hlaupa undir bagga með togaraeigendum um ekki minni upphæð en nam milljörðum íslenzkra króna.

Ýmsar aðrar þjóðir eru nú komnar með úthafstogara eða verksmiðjuskip, og þar með er verksmiðjan, sem áður var í landi, komin út á miðin og fær nú glænýtt hráefni til vinnslu. Við nutum þess áður, að land okkar var sem verksmiðja í miðju fengsælla fiskimiða, en nú eru þeir yfirburðir ekki lengur til og koma sennilega

ekki aftur. Þetta er staðreynd, sem hver maður, er hugsar um efnahagsmál, verður að gera sér fulla grein fyrir og haga sér samkvæmt því.

Spyrja má, hver okkar viðbrögð eigi að vera við þessari þróun. Mín skoðun er sú, að við eigum aðeins einn kost. Hann er ekki slæmur. Það er að vanda nú alla framleiðslu sem mest má verða og verðlauna fyrir gæðin, en ekki lengur að blaðra sí og æ um, hver drepur mest án nokkurs tillits til gæða eða verðmæta og kostnaðar. Næsta skref er að fullvinna hér allan afla og dreifa afurðum sem víðast út um heim og þá sérstaklega til þeirra þjóða, sem vanhagar um eggjahvítuefni. Að vísu hafa þessar þjóðir minni kaupgetu sem heild, en engu að síður munu þær vera tilbúnar að kaupa við góðu verði, ef við sjálfir erum menn til að halda öllum framleiðslukostnaði í eðlilegu horfi. Enginn vafi er á því, að enn er geysilegur markaður fyrir sjávarafurðir okkar í Bandaríkjunum, og vel er tímabært að kanna, hvað Japanar geta keypt af okkur. Þeir eru fiskætur í stórum stíl og verða sjálfir að sækja á flest höf til fanga, en það dugir ekki til. Þetta kann einhverjum að þykja langsótt, en svo verður ekki eftir stuttan tíma að mínu mati. Það er skoðun mín, að okkur sem peningafátækri þjóð beri fyrst og fremst að gjörnýta öll okkar hráefni hér heima með aukinni vinnslu á matvælasviðinu.

Allt er gott að segja um stóriðjuna. Með henni kemur sjálfvirknin. En þegar alvarlegt atvinnuástand er hér fyrir hendi, kemur ekki til mála eins og ástatt er að binda takmarkað eigið fé svo í stóriðjunni á stuttum tíma, að við getum ekki aukið fullvinnslu í okkar gömlu atvinnuvegum, sem veita margfalt fleira fólki vinnu. Nú er mikið rætt um efnaiðnaðarverksmiðju á Suðurnesjum, sem mun kosta marga milljarða, en veitir tiltölulega fáum vinnu, þannig að fjárfesting á hvern vinnandi mann þar verður yfir 10 millj. að minnsta kosti. Þetta er ekki tímabært eins og á stendur hjá okkur í dag. Fyrir Suðurnesjum hafa hins vegar verið gjöfulustu fiskimiðin hér við land, og þar á að leggja höfuðáherzlu á meira alhliða vinnslu sjávarafurða. Öll slík starfsemi veitir geysilega vinnu, og öruggur markaður er fyrir sjávarafurðirnar, ef við þurfum ekki að krefjast hærra verðs en allir aðrir á sambærilegum vörum. Við megum ekki undir neinum kringumstæðum vanrækja matvælaiðnaðinn hér, í sveltandi heimi.

Eins og sjá má af framansögðu, eiga erfiðleikar okkar sér dýpri rætur en stjórnarandstæðingar vilja vera láta. Þeir kunna þá skýringu eina, að illa hafi verið stjórnað og eina ráðið sé að fá þá í ráðherrastólana, þá muni allt lagast. Já, miklir menn erum vér, Hrólfur minn. Kannske geta þeir beðið Norðmenn að hætta að keppa við okkur eða fengið einræðisherrana til þess að gefa okkar afurðum lausan tauminn í sínum löndum? Það væri vel gert, og þá bæri þeim sannarlega stólarnir. En trúa menn því? Má ekki heldur spyrja sem svo: Fyrst þeir skynja ekki orsakir erfiðleikanna betur, er þá að vænta lausnar úr þeirra herbúðum? Svo er auðvitað ekki. Þessir menn hafa engin töfrabrögð geymd í sínum fórum. Það er ekki til neitt eitt, sem hjálpar okkur út úr þessum örðugleikum, nema við sjálf sem ein heild. Þjóðin verður öll að skilja, hvað að er, og leggjast á eitt að komast út úr þessu lággengi aftur.

Stjórnarandstæðingar hafa að undanförnu klifað á því, að svo illa sé komið fyrir ríkisstj. vegna óstjórnar eða fremur engrar stjórnar, eins og sumir segja, að nauðsyn bæri til þess að efna til kosninga sem fyrst. Vel má vera, að eitt af nauðsynlegum atriðum til þess að fá nýtt andrúmsloft og samstöðu um lausn efnahagslegra vandamála sé að skipta um stjórn og kjósa. Menn verða víða um heim þreyttir á sömu mönnum ár eftir ár, og kann hér nokkuð að gæta hins sama í þessum hugleiðingum. En á það má minna, að enginn veit um úrslit í kosningum fyrirfram, og mér segir svo hugur um, að hver hugsandi maður muni vandlega hugleiða, hvort hann á að veita völdin hentistefnumönnum, sem sífellt nöldra og nagga, en leggja lítið til lausnar, eða þeim, sem vilja taka á sig þá ábyrgð, sem fylgir því að standa að stjórn ríkisins.

Það var mjög áberandi, hvað form. Framsfl. hér í umr. fyrra kvöldið var óánægður með þensluna í ríkisbákninu, en því miður er það samt staðreynd, að alltof fáir vinna í sjálfu stjórnarráðinu, og er það til vandræða að ráða þar ekki fleiri úrvalsmenn til starfa. Þar gengur margt alltof seint, og ein af nauðsynlegum breytingum er að bæta við starfsliðið þar. Hins vegar má vel kanna, hvort ekki megi fækka hjá öðrum ríkisstofnunum með endurskipulagningu í starfi og auknu aðhaldi. Ég tel, að þótt margt megi finna að rekstri hjá ríkinu, sé það mein hér, hve framkvæmdavaldið er veikt, og margt fer úrskeiðis þess vegna. Einnig veitir vinnulöggjöfin mönnum mjög frjálsan rétt til að ná fram kröfum sínum, sem óráðvandir menn hafa hagnýtt sér til framdráttar en setur hálfgert óorð á verkalýðshreyfinguna.

Allt þetta og miklu fleira mundi koma inn í kosningar nú, ef svo færi, að þær yrðu á næstunni. Og ótrúlegt er, að almenningur í landinu vilji kjósa yfir sig þá menn, er hvað mest hafa reynt að ala á sundrungu og skipulagt viss vinnubrögð, er leiða af sér hörmuleg vandkvæði fólks, er ekki á neitt slíkt skilið. Valið í næstu kosningum verður að kjósa á milli upplausnar eða aukinnar festu í stjórnmálum landsmanna. Enginn, sem vill vera ábyrgur, getur snúið sér að svokölluðu Alþb. af þeirri einföldu staðreynd, að hann mun ekki finna neitt bandalag, heldur sundrungina eina og margvísleg togstreitubrot. Ekki tekur betra við í leitinni að svonefndum samtökum vinstri manna. Þar er allt hulið þoku. Þá er kosturinn að velja framsóknarmenn eftir, en ekki er líklegt, að þeir mundu fitna mikið á kosningum miðað við fyrri afrek. Nei, þeir vinstrisinnaðir menn um allt land, sem vilja vera ábyrgir, eiga aðeins eitt raunhæft val, og það er að efla svo Alþfl., að um muni. Við, sem honum fylgjum, munum ekki skorast undan þeim vanda, sem að steðjar. Við viljum fastara skipulag og rammaáætlanir í þjóðarbúskap okkar, og sífellt er sú stefna að vinna á hér sem annars staðar í heiminum. Lýðræðislegur sósíalismi eykur fylgi sitt úti um allan heim. Þetta er eðlilegt, því að hann leggur áherzlu á, að hver borgari eigi rétt á fullri vinnu og aðstoð frá þjóðfélaginu í erfiðleikum sínum. Samhjálp er þar grundvallaratriði. Með því móti mun hverri þjóð vegna vel, þegar til lengdar lætur. Taumlaus frjálshyggja og gróðasjónarmið hins frjálsa framtaks gengur ekki til lengdar. Því til sönnunar má nefna ástandið í allri S.-Ameríku, en þar búa nú á 3. hundrað

millj. manna, og hjá engri þjóð þar eru meðalárstekjur yfir 1000 dollarar á mann. Hins vegar eru þar margir vellauðugir menn, sem skammta hinum af náð sinni. Þannig þjóðfélag vilja Íslendingar ekki kjósa yfir sig. Þess vegna mun fólkið velja þann kost að styrkja Alþfl. til þess að komast út úr erfiðleikunum.

Við skulum vera minnug þess, að vandamál munu jafnan vera uppi hjá okkur á öllum tímum, þar sem við erum svo fá, aðeins rúmlega 200 þús. manns, og búum á þessum stað á jörðinni, en gerum samt miklar kröfur til efnahagslegra gæða og það svo, að við erum jafnan að meta og vega okkar kjör til jafns við kjör hjá hinum ríkustu þjóðum heims. Þetta getur verið allt gott og blessað, en það leggur skyldur á hvern mann í staðinn. Sú kvöð á að fullvissa hvert mannsbarn í landinu, að lausnin er ekki að hopa af hólmi, heldur taka undir orð skáldsins, er sagði um síðustu aldamót:

„Hvernig sem stríðið þá og þá er blandið,
það er að elska, byggja og treysta á landið."
Þökk þeim, er hlýddu. – Góða nótt.

Gils Guðmundsson: Herra forseti. Góðir hlustendur. Magnús Jónsson fjmrh. lét sig hafa það að harðneita því hér áðan, að nokkrir teljandi fjármunir hafi farið forgörðum á undanförnum árum vegna skipulagslausrar og óarðbærrar fjárfestingar. Honum fer það ósköp illa, þessum dagfarsprúða og að jafnaði hófsama manni, að láta sér slíkt fleipur um munn fara. Það þýðir ekki að neita því, að hundruð milljóna króna hafa farið í súginn vegna óarðbærrar og óskynsamlegrar fjárfestingar.

Benedikt Gröndal sagði hér áðan til vitnis um umhyggju Alþfl. fyrir verkalýðnum, að Eggert G. Þorsteinsson ráðh. hefði með reglugerð, „með einu pennastriki," hækkað atvinnuleysisbætur. Þetta væri dæmi um Alþfl.-ráðh. með hjartað á réttum stað. Ég er hræddur um, að Benedikt Gröndal misminni þetta. Hækkun atvinnuleysisbóta var gerð með löggjöf til að efna samkomulag, sem gert var við verkalýðshreyfinguna í fyrra. Þetta sannar því ekkert um hjartagæzku Alþýðuflokksmanna yfirleitt né hvar hjarta félmrh. er staðsett.

Undanfarin missiri hafa margir velt fyrir sér þeirri spurningu, hvernig á því geti staðið, að hag okkar Íslendinga sé skyndilega svo illa komið sem raun ber vitni. Menn spyrja: Hverjar eru skýringarnar á því, að eftir margra ára samfellt góðæri skuli hallærisástand ríkja, nær jafnskjótt og eitthvað blæs á móti? En hallærisástand hlýtur það að kallast, þegar þúsundir manna búa við atvinnuleysi og verkafólk verður að heyja langvinna og tvísýna baráttu til að varðveita kaupmátt launa, sem eru helmingi lægri en meðal nágrannaþjóða. Eitt sjúkdómseinkennanna eru hinar miklu erlendu lántökur til að standa undir innflutningi á neyzluvörum auk framkvæmdalána, en slíkar lántökur eru nú iskyggilega tíðar, svo að enn vex skuldabyrðin.

Stjórnarliðar segja, að orsakir allra okkar erfiðleika séu minnkandi afli og lækkandi verðlag sjávarafurða. Rétt er það, að miðað við metárin 1964–66, þegar saman fór árlega aukinn afli og hækkandi verðlag, þá varð á allveruleg breyting tvö síðustu árin. Vissulega hlýtur það jafnan að valda erfiðleikum með fiskveiðiþjóð, þegar afli minnkar og söluverð afurða lækkar samtímis. Við bjuggum skyndilega árið 1967 og 1968 við svipað verð og aflamagn og verið hafði fyrir 4–5 árum, þ. e. árin 1962–63. En nú var svo komið, að það aflamagn og þau viðskiptakjör, sem þóttu heldur góð fyrir fáeinum árum, töldust nú hið mesta áfall og ógnuðu afkomu atvinnuveganna. Hér getur varla verið um aðra skýringu að ræða en þá, að fylgt hafi verið rangri og háskalegri stjórnarstefnu. Hin mörgu veltiár hafði verðbólgan verið látin leika lausum hala, og í stað þess að valdhafar legðu sig fram um að stemma stigu við henni, urðu ýmsar stjórnvaldaaðgerðir til að auka hana og magna. Þessu þýðir ekki að neita. Afleiðingarnar urðu að sjálfsögðu þær, að atvinnuvegirnir bjuggu við allt annað og óhagkvæmara verðlag innanlands en verið hafði og samkeppnisaðstaða þeirra á erlendum mörkuðum varð nær vonlaus.

Viðreisnarstefnan svokallaða hefur alla tíð byggzt á því, að blind gróðalögmál auðmagnsins ættu að ráða í atvinnu- og efnahagslífinu. Ekkert hefur verið slíkt eitur í beinum núverandi valdhafa sem félagsleg viðhorf til atvinnuveganna eins og áætlunarbúskapur, eins og fjárfestingarstjórn. Kenningum okkar Alþb.-manna um nauðsyn þess að hafa stjórn á þessum hlutum og beita nútíma vinnubrögðum við meiri háttar fjárfestingarákvarðanir hefur verið tekið með móðursjúkum hrópum um, að við viljum færa allt í höft og viðjar. Hér hefur sú kenning ráðið og ræður enn, að gjaldeyrisverðmætin, sem útflutningsatvinnuvegirnir og þó einkum sjávarútvegurinn leggja þjóðinni til, skuli vera til sem allra frjálsastrar ráðstöfunar, til innflutnings og fjárfestingar í gróðaskyni án minnsta tillits til hagsmuna þjóðarheildarinnar. Hitt er svo annað mál, að gróði einstaklinganna hefur ekki ætíð verið sá, sem vænzt var. Þar hafa lögmál frumskógarins ráðið. Mörg misheppnuð fjárfestingin, sem engan arðinn gaf, hvorki svonefndum eigendum né þjóðfélaginu sjálfu, er ljós vottur þessa.

Því verður ekki neitað, að á viðreisnarárunum hefur verið vanrækt að byggja upp og treysta suma mikilvæga þætti undirstöðuatvinnuvega okkar, sjávarútvegs og þess iðnaðar, sem honum er tengdur. Stórfelld fækkun togara og fiskibáta, sem öfluðu hráefnis fyrir hraðfrystiiðnaðinn, hefur haft ákaflega óheillavænleg áhrif á rekstur hraðfrystihúsa og ásamt verðbólgunni gert hraðfrystiiðnaðinn veikari en skyldi og verr undir það búinn að mæta verðlækkunum á erlendum mörkuðum. Ýmsar greinar iðnaðar hafa á viðreisnarárunum verið stórlega vanræktar og sumum nær útrýmt með hömlulausum innflutningi erlends iðnvarnings og stöðugum rekstrarfjárskorti. Á þessi samdráttur í iðnaði sinn ríka þátt í atvinnuleysinu undanfarna vetur. Í stað þess að efla alhliða íslenzkan iðnað, bæði til innanlandsneyzlu og útflutnings, hefur hagsmunum hans og þar með almennings í of mörgum tilfellum verið fórnað á altari kenningarinnar um hin frjálsu viðskiptamál gróðahyggjunnar. Hér hafa og fyrirrætlanir valdhafanna um að tengja Ísland erlendum efnahagsbandalögum orðið til þess að kveða upp dauðadóm yfir ýmsum tegundum íslenzks iðnaðar. Engum dettur í hug að saka ríkisstj.

um aflabrest á síldveiðum eða færa á reikning stjórnarstefnunnar verðfall á erlendum mörkuðum. Þessum áföllum höfum við mátt sæta nú um tveggja ára skeið. Það er rétt. En hitt er jafnljóst, að þjóðin hefði verið ólíkt betur í stakkinn búin til að mæta slíkum áföllum, ef góðærið hefði verið hagnýtt til alhliða uppbyggingar íslenzkra atvinnuvega, fiskibátaflotinn og togaraflotinn endurnýjaður og færður í nútíma horf, hraðfrystiiðnaðurinn efldur og gerður hagkvæmari en verið hefur, fullvinnsla á sjávarafla tekin upp í stórum stíl. Á sama hátt hefði þurft að vinna markvisst að uppbyggingu annars iðnaðar eftir vandlega gerðum áætlunum um hagkvæmni og hóflega fjárfestingu, byggðum á ýtarlegum rannsóknum.

Þá hafa og markaðsmálin verið hörmulega vanrækt og alla markvissa forystu skort af opinberri hálfu til að leysa það verkefni sómasamlega af hendi. Aðrar fiskveiðiþjóðir, allir helztu keppinautar okkar á þessu mikilvæga sviði, leita hinna víðtækustu markaða fyrir framleiðslu sína og verja til þess skipulagðri vinnu og miklum fjármunum og ná líka miklum árangri. Hér hefur lengi skort samstillt átak ríkisvalds og framleiðenda um stóraukna markaðsleit og markaðsöflun með nútíma aðferðum á sviði kynningar og auglýsingatækni. Það, sem ríkisstj. verður sökuð um með fullum rökum, er margvísleg vanræksla af þessu tagi og það er stjórnarstefnan, sem hér veldur mestu, það er kenningin um markaðslögmálið og óskorað frelsi gróðahyggjunnar, sem fyrr en varir leiðir til glundroða og öngþveitis. Við Alþb.-menn höfum varað við þessari stefnu og talið hana háskalega. Því hefur ekki verið sinnt, enda er nú svo komið því miður, að þjóðin öll og þó sérstaklega alþýða landsins sýpur seyðið af þessari stefnu. En ráðamenn berja höfðinu við steininn og búa sig undir að halda förinni áfram lengra út í ófæruna. Harla fátt bendir til, að ríkisstj. hafi dregið gagnlega lærdóma af reynslu undanfarandi ára né sé undir það búin að takast á við vandamálin á þann hátt, að von sé um farsæla lausn þeirra. Vantraustið á íslenzkum atvinnuvegum er hið sama og áður, engar varanlegar ráðstafanir gerðar til að tryggja nauðsynlegar undirstöður þeirra. Hins vegar liggja á borðum ráðh. ýmsar áætlanir og jafnvel samningsuppköst um stóraukna aðild erlendra auðhringa að íslenzku atvinnulífi.

Alþb.-menn eru eindregið þeirrar skoðunar, að nú sé brýnni þörf en nokkru sinni að fylkja liði um nýja stjórnarstefnu í landinu, þar sem kostað verði kapps um með þjóðfélagslegum viðhorfum, ákveðinni stefnu í fjárfestingarmálum og áætlunarbúskap að byggja upp þá mikilvægu þætti atvinnuveganna, sem verið hafa vanræktir og hlotið hafa þungar búsifjar undir viðreisnarstjórn. Einnig er þörf djarflegra átaka í félagsmálum þjóðarinnar, í húsnæðismálum, tryggingamálum, heilbrigðismálum, menntamálum. Alþb. heitir á Íslendinga, hvar í flokki sem þeir hafa staðið, að veita slíkri uppbyggingarstefnu fulltingi. Ljóst er að til þess að hrinda henni í framkvæmd, svo að um muni, þarf Alþb. að eflast að áhrifum, svo að tryggja megi breytt valdahlutföll á Alþingi að loknum næstu kosningum.

Ég mun nú víkja lítið eitt að utanríkismálum.

NATO-samningurinn frá 1949 var óuppsegjanlegur í 20 ár. En frá og með 24. ágúst n. k. getur hvert aðildarríki hans um sig sagt honum upp, hvenær sem er, með eins árs fyrirvara. Snemma á þessu þingi fluttum við Alþb.-menn till. til þál. um að fela utanrmn. að semja rækilega grg. um þau vandamál, sem tengd eru aðild Íslands að NATO, um breytingar á alþjóðamálum á þeim 20 árum, sem bandalagið hefur starfað og viðhorfið nú. Seint og um síðir var till. þessari vísað til utanrmn., en hún hefur ekki fengið þar fullnaðarafgreiðslu þrátt fyrir ákveðin fyrirheit þar um. Síðar á þinginu fluttum við Alþb.-menn síðan till., sem felur í sér hvort tveggja í senn úrsögn úr NATO og uppsögn herstöðvasamningsins við Bandaríkin. Þessi till. hefur alloft verið á dagskrá sameinaðs Alþingis, en hún hefur ekki verið tekin til umr., hefur ekki einu sinni komizt til n. Afstaða þingflokka til þessara mála er hins vegar nokkurn veginn ljós. Allir flokkarnir, aðrir en Alþb., hafa lýst fylgi við áframhaldandi aðild að NATO. Báðir stjórnarflokkarnir hafa á þessu þingi lýst eindregnum stuðningi sínum við dvöl Bandaríkjahers í landinu. Framsóknarmenn hafa hins vegar lýst því yfir, að þeir vilji endurskoðun herstöðvasamningsins og brottför hersins í áföngum, en íslenzka gæzlumenn við rekstur radarstöðva og fleiri slík gæzlustörf.

Á síðustu árum hafa umr. um mikilvægustu utanríkismál svo sem um afstöðu Íslands til aðildar að Atlantshafsbandalagi og dvöl erlends hers í landinu tekið nokkrum stakkaskiptum. Ég hygg, að raunsæjar og málefnalegar rökræður um þessi mál hafi einna fyrst átt sér stað meðal ungra manna innan stjórnmálaflokkanna og utan, svo sem í skólunum. Hér á Alþ. gætir einnig aukinnar viðleitni til að fjalla um þessi mál á röklegan hátt. Það er og spor í rétta átt, að utanrmn. hefur verið vakin af dvala, og hæstv. utanrrh., svo og formaður utanrmn. hafa haft um það fögur orð, að n. skuli framvegis gegna hlutverki sínu eins og lög standa til, en samkv. þingsköpum ber n. að fjalla um öll mikilvæg utanríkismál, ekki einungis þá mánuði, sem Alþ. situr ár hvert, heldur einnig utan þingtíma.

Innan margra NATO-ríkja, ekki sízt á Norðurlöndum, í Danmörku, Noregi og hér á Íslandi, ber mjög á vaxandi gagnrýni á NATO. Bent er á, að höfuðandstæðurnar í heimsmálum séu ekki lengur milli austurs og vesturs, heldur miklu fremur milli norðurs og suðurs, milli ríku þjóðanna í Norður-Ameríku og Evrópu annars vegar og fátæku þjóðanna í Suður-Ameríku, Asíu og Afríku hins vegar. Að dómi æ fleiri er NATO hlekkur í valdakerfi ríku þjóðanna undir forystu Bandaríkjanna. Hafa verið dregnar fram óteljandi staðreyndir um þetta valdakerfi, hvernig það teygir anga sína víðs vegar um heim og lætur til sín taka, ef kúgaðar þjóðir reyna að öðlast efnahagslegt sjálfstæði. Innrás Rússa í Tékkóslóvakíu hefur af ýmsum, bæði hér á landi og erlendis, verið notuð sem röksemd fyrir nauðsyn og gildi Atlantshafsbandalagsins. Ekki dettur mér í hug að neita því, að framferði Rússa gagnvart Tékkum hefur í bili blásið nýju lífi í NATO, sem orðið var næsta ólíklegt til langlífis. Það er án efa rétt, að fyrst í stað styrkjast hernaðarbandalögin tvö af óhæfuverkum hvors annars. Hitt er fjarstæða, að árás ríkja Varsjárbandalagsins á Tékka sé vottur um styrkleika þess bandalags. Það er að sjálfsögðu veikleikamerki, en ekki styrkleika. Jafnframt er

innrásin vottur þess, að sameiginleg aðild að hernaðarbandalagi er notuð til að réttlæta hernaðarlega íhlutun. Þegar þessi mál eru því skoðuð niður í kjölinn, gera menn sér ljóst, að innrásin í Tékkóslóvakíu var afleiðing af skiptingu heimsins í áhrifasvæði risaveldanna tveggja, afleiðing af óbilgjarnri og háskalegri kröfu þeirra hvors um sig að deila og drottna innan síns áhrifasvæðis. Ég er þess fullviss, að þeim fer fjölgandi, ekki sízt meðal ungu kynslóðarinnar, sem gera sér ljóst, að við Íslendingar eigum heima í röðum þeirra þjóða, sem standa utan við hernaðarblokkir, og því beri okkur að segja upp aðild að Atlantshafsbandalaginu og hverfa úr NATO.

Krafan um uppsögn herstöðvasamnings og brottför Bandaríkjahers fær nú vaxandi hljómgrunn með þjóðinni, einkum í röðum æskufólks. Í þeim efnum eru að verða alger straumhvörf. Ungir menn í öllum hernámsflokkunum taka nú herstöðvamál til endurmats í ljósi nútíma sjónarmiða. Ungir jafnaðarmenn hafa gengið þar ákveðnast til verks og gert afdráttarlausar ályktanir um uppsögn herstöðvasamningsins. Raunar verður ekki annað séð en þeir séu í algerri andstöðu við ríkisstj. í flestum helztu deilumálum, jafnt á sviði utanríkis- sem innanlandsmála. Till. ungra framsóknarmanna um brottför herliðsins í áföngum og þjálfun íslenzkra manna til að taka þar við gæzlustörfum eru að vísu dálítið óljósar, en sýna þó, að krafan um að losna við herliðið á vaxandi fylgi að fagna. Mér skilst, að Framsfl. allur hafi nú gert þessar till. að sínum. Meðal ungra sjálfstæðismanna er einnig tekið að rökræða um hersetuna, og mér er tjáð, að afstaðan til herstöðvasamningsins sé orðin þar verulegt deilumál. Meðal háskólastúdenta, sem Sjálfstfl. fylgja, munu nú áhöld um, hvor hópurinn er fjölmennari, fylgismenn eða andstæðingar bandarískra herstöðva á Íslandi. Hefur í þessu efni orðið gerbreyting á örfáum árum, jafnvel á allra síðustu missirum. Ég hygg, að það sé nú fyllilega tímabært orðið að hefja umr. um herstöðvamálin af fullri einlægni og hreinskilni og efla samstöðu allra þeirra, sem gera sér ljósa nauðsyn þess, að hér verði ekki erlendur her til frambúðar. Rétt væri vafalaust að draga eftir föngum úr þeirri tortryggni, sem upp kynni að rísa í nálægum löndum, ef við létum herinn fara. Í þessu sambandi er sjálfsagt að kanna allar þær leiðir, sem samrýmzt geta sjálfstæði okkar og öryggi. Samvinna við nágrannaþjóðir okkar um öryggismál getur að mínu viti átt fullan rétt á sér. Form slíkrar samvinnu gæti verið með ýmsum hætti og skal ekki farið nánar út í þá sálma nú. Vissulega er mikið til þess vinnandi að losna við háskalegar herstöðvar úr landinu.

Ég vil að lokum leggja á það ríka áherzlu, að í þeim málum öllum, sem snerta afstöðu Íslands til umheimsins, þurfum við stöðugt að vera vakandi og tileinka okkur raunhæf sjónarmið á hverjum tíma. Tímarnir breytast óðfluga, og við megum ekki láta okkur daga uppi með úrelt viðhorf, skoðanir, sem heyra fortíðinni til. Tökum nú öll hin svonefndu varnarmál til rækilegrar endurskoðunar af hispursleysi og raunsæi. Leitum af einlægni þeirrar niðurstöðu, sem bezt samrýmist sjálfstæðisvilja og framtíðarhagsmunum íslenzkrar þjóðar. – Góða nótt.

Þórarinn Þórarinsson: Herra forseti. Það hefur verið ljóta árferðið í þau 5 ár, sem Bjarni Benediktsson hefur verið forsrh., ef marka má sameiginlegan söng allra stjórnarsinna í þessum umr. Allir hafa þeir haft þá sögu að segja, að næstum allir okkar erfiðleikar stafi af slæmu árferði. Sé þetta rétt, eru hagskýrslur meira en léleg heimild. Samkv. hagskýrslum var heildarfiskaflinn til jafnaðar á þessum 5 árum, árunum 1964–1968, 110% meiri en hann var til jafnaðar á þremur stjórnarárum vinstri stjórnarinnar, 1956–1958. Samt var atvinna þá nóg og afkoma almennings betri en nú. Ég held, að sannleikurinn sé sá, að hagskýrslurnar séu réttar og það sé allt annað en lélegt árferði, sem eigi meginþátt í vandamálum okkar nú.

Fjmrh. flutti hér hjartnæma ræðu um, að atvinnufyrirtækin þyrftu að skila arði. Þetta er hverju orði sannara. En hvað hefur fjmrh. gert til þess að fyrirtækin gætu skilað arði? Hann hefur haft forystu um að leggja á þau marga nýja skatta, sem margir hverjir þekkjast hvergi nema hér. Skattabyrði fyrirtækjanna er nú miklu meiri en hún var, þegar vinstri stjórnin lét af völdum, og miklu meiri en í flestum öðrum löndum. Skattar eru nú ein af helztu orsökum þess, að fyrirtækin geta ekki greitt hliðstætt kaup og annars staðar. Fjmrh., sem þannig heldur á málum, ætti að tala um flest annað en hann sé fylgjandi því, að fyrirtæki geti skilað arði.

Fjmrh. sagði, að fulltrúar Framsfl. í fjvn. hefðu ekki gert neinar till. um þátttöku ríkisins í bílaeign embættismanna og það stæði á þeim, að n. afgreiddi málið. Þetta er alrangt. Fulltrúar flokksins hafa lagt til, að þessi þátttaka ríkisins félli alveg niður. Þeir hafa alltaf verið reiðubúnir til að afgreiða málið og eru m. a. reiðubúnir til að koma á fund strax í kvöld, ef ráðh. óskar eftir að afgreiða málið áður en þingi lýkur.

Benedikt Gröndal flutti hér gamalkunna ræðu um góða flokkinn í ríkisstj. Benedikt þakkaði Alþfl., að bætur almannatrygginga og atvinnuleysisbætur voru hækkaðar í vetur. Benedikt sagði einnig, að Alþfl. hefði komið í veg fyrir, að kaupdeilur nú hefðu verið leystar með lagaboði. Það væri gott að fá það upplýst af næsta ræðumanni, Jóhanni Hafstein, hvort þetta er rétt. Ég spyr Jóhann Hafstein: Var Sjálfstfl. mótfallinn hækkun umræddra bóta, og þurfti Alþfl. að beita hörðu til að knýja hana fram? Og ég spyr Jóhann Hafstein: Hefur það verið krafa Sjálfstfl., að vinnudeilurnar nú væru leystar með lagaboði? Það var algerlega rangt hjá Benedikt Gröndal, að stjórnarandstöðuflokkarnir hefðu neitað að taka þátt í þjóðstjórn á s. l. hausti. Þetta er rangt vegna þess, að það reyndi aldrei neitt á þetta. Flokksþing Alþfl. hafði hafnað þátttöku í slíkri ríkisstj., áður en til þess kæmi, að Framsfl. eða Alþb. þyrftu nokkru að svara um það.

Það var misskilningur hjá Steinþóri Gestssyni, er hann lagði út af ummælum Jónasar Jónssonar um árferði. Jónas nefndi, að nú væri nálega meðalárferði með aflabrögð, þegar á heildina væri litið.

Það er skylt að minnast þess á eldhúsdegi, að allar ríkisstj. vilja vel. Allar vilja þær vera vinsælar og hljóta frægð af verkum sínum. En þrátt fyrir þennan sameiginlega góða ásetning allra ríkisstj. er það ákaflega misjafnt, hvernig þeim tekst til. Sumum hefur heppnazt að verða frægar af verkum sínum, en öðrum

hefur tekizt svo illa, að þær eru eingöngu nefndar til aðvörunar.

Það var sannarlega margt, sem ríkisstj. vildi gera vel, þegar hún kom til valda fyrir 10 árum. Bjarni Benediktsson ætlaði sér að hljóta fagran orðstír í sjálfstæðissögu þjóðarinnar, en eftirminnilegasta verk stjórnarinnar á þeim vettvangi er brezki landhelgissamningurinn, sem hindrar um ófyrirsjáanlegan tíma, að Íslendingar fái full yfirráð yfir öllu landgrunninu til óbætanlegs tjóns fyrir sjávarútveginn og afkomu þjóðarinnar í heild. Annar slíkur minnisvarði er álsamningurinn, en samkv. honum fær svissneski álhringurinn raforkuna fyrir 27% lægra verð en Norðmenn sömdu um á sama tíma.

Ríkisstj. ætlaði sér að draga úr skuldasöfnun þjóðarinnar, því að hún er að dómi hennar orðin hættulega mikil, en útkoman hefur orðið sú, að skuldirnar hafa margfaldazt og fer senn 5. hver kr. af gjaldeyristekjum þjóðarinnar til greiðslu á afborgunum og vöxtum, og er það helmingi meira en sérfræðingar Sameinuðu þjóðanna telja, að megi vera hámark slíkra greiðslna. Ríkisstj. ætlaði sér að tryggja stöðugt gengi krónunnar og auka þannig álit þjóðarinnar út á við og sparnað inn á við, en útkoman hefur orðið sú, að hún hefur fellt gengi krónunnar fjórum sinnum, enda er íslenzka krónan nú einn verðminnsti gjaldmiðillinn í heiminum og álitið á fjármálum þjóðarinnar eftir því. Ríkisstj. ætlaði sér að bæta lífskjörin og fékk til þess einstætt tækifæri, þar sem þjóðin hefur til jafnaðar aldrei búið við meira góðæri en á þessum áratug, en samt sýnir óvefengjanlegur samanburður á verðlagi og kaupgjaldi, að lífskjörin eru nú stórum lakari en fyrir 10 árum, og eru Íslendingar eina þjóðin í Evrópu, sem þannig er ástatt fyrir. Ríkisstj. ætlaði sér að gera stórt átak í húsnæðismálum þjóðarinnar, og átti Breiðholtið að vera sérstakt minnismerki um afrek hennar í þeim efnum. En útkoman hefur orðið sú, að íbúðabyggingar hafa nú að miklu leyti stöðvazt, og Breiðholt er að verða víti til varnaðar um það, hvernig ekki á að fara að í byggingarmálum. Ríkisstj. ætlaði sér að halda ríkisútgjöldum í skefjum, og Magnús Jónsson hélt sig vera orðinn nýjan Jón Þorlákssón. Útkoman hefur orðið sú, að ríkisútgjöldin hafa margfaldazt hraðar en nokkuð annað, stórfelldum nýjum sköttum hefur verið bætt við árlega og sukk og óreiða blómstrað betur en nokkru sinni fyrr, eins og svonefnt húsameistaramál er lítið dæmi um. En þó slær Seðlabankinn öll met í þessum efnum, en hann einn hefur nú orðið næstum eins fjölmennt starfslið og stjórnarráðið allt, og er það að verða hin mesta ráðgáta allra tíma, hvað öll þessi mannmergð þar hefur að gera.

Þannig mætti halda slíkri upptalningu lengi áfram. Stjórnin hefur viljað vel, en henni hefur misheppnazt á flestum sviðum. Til þess liggja margar ástæður, en sú þó veigamest, að undir forystu Gylfa Þ. Gíslasonar og ráðunauta hans hefur verið fylgt alrangri stefnu í efnahagsmálunum, stefnu, sem er ekki neitt miðuð við íslenzkar aðstæður, heldur er sótt í erlendar kennslubækur, sem fjalla um allt aðrar aðstæður en þær, sem eru hér. Þessi stefna einkennist annars vegar af algeru stjórnleysi í fjárfestingar- og gjaldeyrismálum, en hins vegar af ströngum lánsfjárhöftum, sem þó er beitt stefnulaust og bitna því einna helzt á atvinnuvegunum. Vegna þessarar óheillastefnu stendur þjóðin að mörgu leyti verr að vígi í lok sjöunda áratugs aldarinnar en hún gerði í upphafi hans, enda þótt þessi áratugur hafi verið mesti góðæristíminn í sögu þjóðarinnar.

Og nú blasir áttundi áratugur aldarinnar fram undan. Mér segir svo hugur, að hann verði einn erfiðasti og örlagaríkasti áratugurinn í sögu þjóðarinnar. Við Íslendingar höfum óneitanlega verið að dragast aftur úr öðrum þjóðum á áratugnum, sem er að ljúka, og vitna lífskjörin hér og annars staðar bezt um það. Allt bendir til, að áttundi áratugurinn muni einkennast af stórfelldri framfarasókn í heiminum, er byggist á sívaxandi þekkingu og tækni. Það verður íslenzku þjóðinni gífurleg þolraun að fylgjast með í þessari sókn, þar sem hún þarf jafnframt að vinna það upp, sem hefur mistekizt á sjöunda áratugnum. Takist okkur þetta ekki, bíða okkar lakari lífskjör og hrun hins efnalega sjálfstæðis. Þjóðin má ekki láta blekkjast af neinni barnalegri bjartsýni, eins og þeirri, sem kom fram í ræðu Eyjólfs Konráðs í fyrrakvöld, en hún má heldur ekki fyllast svartsýni og missa kjarkinn eins og þeir, sem nú eru að flýja landið. Hún verður að horfast í augu við raunveruleikann og ganga til verks einbeitt í þeim ásetningi að sigra erfiðleikana og halda stöðu sinni í samfélagi þjóðanna. En til þess að svo geti orðið, þarf nýja forystu, nýja stefnu og ný vinnubrögð. Eða trúir nokkur því í alvöru, að forysta þeirra Bjarna Benediktssonar og Gylfa Þ. Gíslasonar, sem ekki hefur reynzt betur á sjöunda áratugnum en raun ber vitni, muni henta við lausn þeirra stóru verkefna, sem bíða okkar á áttunda áratugnum? Trúir nokkur, að þessir forystumenn muni reynast betur, þegar þeir eru orðnir staðnaðir og þreyttir? Trúir nokkur, að við getum leyst með sóma vandamál áttunda áratugsins, ef við sýnum ekki í verki meiri ráðdeild og stjórnsemi í fjárfestingar- og gjaldeyrismálum og fjárstjórnarmálum ríkisins en gert hefur verið á þessum áratug. Trúir nokkur, að við leysum vandamál áttunda áratugsins með nýjum og nýjum gengisfellingum? Trúa menn, að við þurfum ekki nýja forystu og ný vinnubrögð til að leysa hin stóru viðfangsefni, sem okkar bíða á áttunda áratugnum?

Andstæðingarnir hafa varpað ýmsum hnútum að okkur framsóknarmönnum í þessum umr. Það hafa þó sumir þeirra játað, að Framsfl. hafi á þessu þingi markað sér skýrari stefnu í ýmsum málum en áður. Þá sanngirni, sem felst í þessari viðurkenningu, ber að þakka. Undir forystu hins nýja formanns okkar, Ólafs Jóhannessonar, höfum við reynt í þingflokknum og ýmsum nefndum flokksins að horfa fram á leið og leitazt við að marka okkur stefnu, er sé miðuð við þau verkefni, er bíða okkar á áttunda áratug aldarinnar. Í till. okkar leggjum við megináherzlu á ráðdeild og stjórnsemi. Þetta er undirstaða þess, að þjóð með lítil efni fái valdið verkefni sínu. Þetta eru hinar sígildu dyggðir, sem aldrei mega gleymast, en hafa gleymzt allt of oft í góðæri sjöunda áratugsins. En þær gagna okkur samt ekki til fulls, nema við lærum betur að sameina kraftana við hin ýmsu verkefni, samvinna og samhyggja verði ríkari hjá þjóðinni. Sundruð og margklofin smáþjóð getur aldrei mátt sín mikils. Þess vegna vörum við framsóknarmenn við fáu meira en aukinni sundrungu.

Það, sem við þurfum, er ekki að sundrast í smærri hópa, heldur að sameina okkur í stærri og sterkari heildir, en séum þó vel í talfæri hverjir við aðra.

Framsfl. er nú langsterkasta stjórnmálaafl frjálslyndra og framfarasinnaðra manna á Íslandi. Þetta afl þarf að styrkja til meiri áhrifa og leiðsagnar um mál þjóðarinnar. Það er áhrifamesta leiðin til að knýja það fram, að þjóðin fái nýja forystu og stjórnarstefnan mótist af nýjum og ferskum sjónarmiðum, sem beinist fyrst og fremst að lausn þeirra verkefna og vandamála, er bíða okkar á áttunda áratug aldarinnar. — Ég þakka þeim, er hlýddu.

Dómsmrh. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Ég lýk nú þessum umr. af hálfu alþm. og ráðh. Sjálfstfl. Beint var til mín tveim spurningum. Svör mín eru: Engar deilur hafa verið milli Sjálfstfl. og Alþfl. í ríkisstj. um atvinnuleysisbætur. Í öðru lagi: Ríkisstj. hefur verið sammála um, að vinnudeilur beri ekki að leysa með löggjöf nema í nauðir hafi rekið, neyðarástand hafi skapazt. Það hefur verið mat stjórnarinnar, að svo hafi ekki verið að undanförnu.

Þessar umr. hófust fyrsta kvöldið með ræðum formanna Alþb. og framsóknarmanna. Oddvitar stjórnarandstöðunnar létu ljós sitt skína. Þá formyrkvaðist allt úr þróunarsögu síðasta áratugs ekki sérstaklega tveggja síðustu ára, sem verið hafa þau erfiðustu vegna utanaðkomandi áfalla, sem yfir íslenzka þjóð hafa gengið. Að hafís hefur lagzt að landinu, var að vísu ekki talið stjórnarstefnunni að kenna, en með sömu skarpskyggni hefði mátt feðra landsins forna fjanda sem afkvæmi stjórnarstefnunnar og telja síldarleysi, markaðshrun erlendis og afleiðingar borgarastyrjaldar í Afríku stafa af rangri stjórnarstefnu á Íslandi.

Formaður Framsfl., Ólafur prófessor Jóhannesson, segist vorkenna ríkisstj. að sitja svona lengi að völdum. Hann vorkennir okkur svo innilega sárt, að hann segist vera reiðubúinn til að fórna sér og taka við stjórnartaumunum.

Auðheyrt var á ræðu Eysteins Jónssonar hér áðan, að hann er líka til í tuskið. Eysteinn Jónsson minnti á það sældarástand, sem hér hefði ríkt, þegar hann var síðast í stjórn árið 1958. Hann sagði, að þá hefði allt verið í blóma hér, þá trúðu menn á landið. Forsrh. þeirrar stjórnar, formaður Framsfl. þá, Hermann Jónasson, hafði aðra skoðun á þessum málum. Hann vissi ósköp vel, að árferði var með ágætum. Það hafði verið uppgripakarfaafli á Nýfundnalandsmiðum, en samt sem áður vissi forsrh., að atvinnuvegirnir voru komnir í strand. Ný verðbólgualda var skollin yfir. Það var óviðráðanlegt. Það var stöðvun fram undan og ekkert nema stöðvun. Hann kom hér í þingsalina, forsrh. þáv., 4. des. 1958, gerði grein fyrir þessu og sagði svo: „Við þetta er svo því að bæta, að í ríkisstj. er ekki samstaða um neina úrræði.“ Og stjórnin gafst upp. Er líklegt, að hún hefði gefizt upp, ef sældin hefði verið jafnmikil og Eysteinn vildi vera láta hér í ræðu sinni áðan? Það var því broslegt, þegar núv. varaformaður Framsfl., Einar Ágústsson, lauk ræðu sinni hér áðan með eftirfarandi orðum: „Þeir, sem gefizt hafa upp í baráttunni við þennan bölvald, þ. e. verðbólguna, hafa sýnt, að þeir eru ekki færir um að stjórna landinu.“ Af þeim sökum gafst formaður Framsfl. upp, þegar þeir síðast fóru með völd. Það er því ekki líklegt, ef taka á mark á þessum orðum varaformannsins nú, að það sé stutt í það, að þeir setjist í ráðherrastólana, formaður flokksins nú og formaður þingflokksins.

Ósamræmið milli orða þessara ræðumanna nú og aðgerða áður er mjög áberandi. Af því tilefni bendi ég á eftirfarandi: Ekkert stuðlar jafnmikið að því að magna vantrú almennings á stjórnmálaflokkunum og ósamræmi það milli orða og athafna, sem hvarvetna blasir við. Enginn flokkur á Íslandi hefur gert þau óheilindi að jafnútsmoginni listgrein og Framsfl., og einmitt síðustu vikurnar hefur hann unnið ný afrek í þessari miður geðslegu íþrótt sinni. – Nú verð ég að biðja hv. hlustendur velvirðingar, því að það, sem ég sagði nú, eru ekki mín orð um Framsfl. Þetta eru orð Magnúsar Kjartanssonar, 6. þm. Reykv., sem tekið hefur þátt í þessum umr. Þau voru viðhöfð í Þjóðviljanum nýlega. Svipuð ummæli má finna frá framsóknarmönnum um heilindi þeirra Alþb.-manna. Af hálfu talsmanna þessara stjórnarandstöðuflokka beggja hafa okkur ráðh. og þm. stjórnarliðsins ekki verið vandaðar kveðjurnar, en ber að kippa sér upp við slíkt, þegar þessir góðu menn tala svo sem tilvitnað var hverjir um aðra? Ég læt mér ummæli þeirra í léttu rúmi liggja.

Saga þjóðarinnar síðasta áratug fellur í þrjá þætti. Hinn fyrsti nær frá 1960 til ársloka 1966. Annar er tveggja ára tímabil 1967 og 1968. Á þessu ári erum við að hefja nýtt tímabil. 7 ára tímabilið 1960–1966 er örasta og mesta framfaraskeið íslenzku þjóðarinnar í efnahagsþróun og almennri velmegun. Um þetta verður ekki deilt. Íbúðarhúsin vitna, vélvæðingin vitnar, vegakerfi og ræktun landsins vitna, verksmiðjur og fiskiskipafloti vitna, farskip og flugvélar vitna, og vinnuaflsskortur samfara uppgripum einstaklinga, heimila og stétta eru óbrotgjarnir minnisvarðar þessa tíma. Jafnvel skólafólkið sinnti þá einatt ekki sumaratvinnu, þó að næg væri í boði. Jafnframt var safnað varasjóðum til mögru áranna. Stóriðja hófst með stórvirkjun í stærsta fallvatni landsins. Eftir að þjóðin missti helming útflutningstekna, voru varasjóðir notaðir til að milda áhrif áfallanna. Stórframkvæmdirnar í Straumsvík og við Búrfell hafa veitt þúsundum atvinnu, aflað hundraða millj. í erlendum gjaldeyri, og til þeirra tekin erlend lán, sem ekki auka greiðslubyrðina á komandi árum, þar sem álbræðslan greiðir rafmagn og skattgjald í dollurum, sem greiða má með öll erlend lán fyrstu stórvirkjunar á Íslandi. Vinnulaunagreiðslur einar í Straumsvík og við Búrfell munu nema fram til þessa um 800 millj. kr. á viðkomandi vinnustöðum auk margfaldaðra vinnulauna fyrir verk unnin utan vinnustaðanna og annarra margfeldisáhrifa slíkra stórframkvæmda, sem oft hefur verið vakin athygli á. Nefna má stóraukna vöruflutninga til landsins með íslenzkum skipum og aðra þjónustustarfsemi.

Enn talar samt Magnús Kjartansson í þessum umr. um það, að þessar framkvæmdir séu orsök atvinnuleysis nú. Menn furðar á slíkum öfugmælum. En tilfært er sem rök, ef rök ætti að kalla, að ekki hafi verið hirt um hina þjóðlegu atvinnuvegi, eins og það er orðað, vegna stórframkvæmdanna. Vilji menn reisa sjálfum

sér níðstöng til háðungar, fá aðrir ekki við ráðið. En það er sannleikur, að uppgangur í sjávarútvegi var aldrei meiri en þau ár, sem undirbúningur samningsgerðar um álbræðslu fór fram. Með vísun til þessa vildi Framsókn fresta samningagerð lengst af, en snerist svo í lokin á sveif með lánleysingjunum og útlöluliðinu.

Hv. þm. Ragnar Arnalds, hinn nýi leiðtogi Alþb., færðist mikið í fang að tala hér í fyrsta skipti sem leiðtogi þessa flokks og segja, að hæstv. forsrh. hefði farið með ósannindi og það væru sömu ósannindin og hann hefði farið með fyrir tveimur árum, en þau væru, að stjórnarandstæðingar hefðu verið á móti þeirri stórvirkjun við Búrfell, sem nú væri í framkvæmd. Búrfellsvirkjun var samþ. ári áður en álsamningarnir voru gerðir, sagði hv. þm., og um það varð enginn ágreiningur. Sannleikurinn í málinu er sá, að lög um Landsvirkjun voru samþ. ári áður, en í l. um Landsvirkjun er aðeins heimild til Búrfellsvirkjunar og að því marki og þeirri stærð, sem nú er unnið að. Þessa heimild í formi stórvirkjunar gat raforkumálaráðh. ekki notað né stjórn Landsvirkjunar beðið um að mega nota hana fyrr en ári síðar, enda var það ekki gert og ekki fyrr en búið var að undirrita álsamningana. Álsamningarnir voru forsenda þeirrar stórvirkjunar, sem nú er unnið að, og þeir, sem ekki vildu gera samningana, hefðu þeir fengið að ráða, hefðu þar með hindrað þá stórvirkjun við Búrfell, sem nú er í framkvæmd og allir dást mjög að. Það var þess vegna alveg satt, sem hæstv. forsrh. sagði, bæði nú og áður. Í raun og veru ætti að mega gera þá kröfu til leiðtoga flokks, að hann vissi þetta. Ég ætla ekki að gera því skóna, að hv. þm. hafi vitað þetta og sagt samt það, sem hann sagði, því að það lýsir svo lélegu hugarfari, að ég vil ekki ætla þessum unga þm. það. Ég vil þess vegna heldur fara mildari orðum um þetta og segja, að honum hafi orðið á skyssa, af því að hann vissi ekki betur.

Ég vil minna á, þegar þm. telja stóriðju lítils eða einskis virði, að álbræðslan í Straumsvík mun skila hreinum gjaldeyristekjum til okkar Íslendinga, sem sennilega eru ekki fjarri því að samsvara hreinum gjaldeyristekjum af útgerð 20 togara. En öflun hreinna gjaldeyristekna er einn helzti grundvöllur aukinna þjóðartekna og verkar sem hvati eða nýr aflgjafi á allt hagkerfi þjóðarbúsins.

Við höfum mátt hlýða á fáránleg ummæli hér í þessum umr. um vantrú stjórnarsinna á sjávarútvegi, og ríkisstj. er sökuð um það, að togaraflotinn hefur gengið úr sér á umliðnum árum. Sannleikurinn er sá, að þeir, sem hafa stundað togaraútgerðina og sem um margt eru hinir valinkunnustu menn og ágætir útgerðarmenn, hafa ekki treyst sér til þess að endurnýja þessa togaraútgerð vegna þess, að hún hefur barizt í bökkum af mörgum ástæðum, m. a. vegna þess að tekin voru frá henni stórkostleg og mikil veiðisvæði, sem látin voru í té öðrum fiskiskipategundum hér við land. En einnig vegna þess, að á þessum tíma, þegar togaraútgerðin gengur úr sér, meðan hún var erfið, þá freistar síldarævintýrið meira, og þá var byggður upp hinn glæsilegi síldveiðifloti, sem nú hefur að vísu sýnt sig megnugan að stunda aðrar veiðar. Menn hafa líka bent á það, að aðrar þjóðir hafi aukið togaraútgerð hjá sér og geri út stóra úthafstogara. Hverju máli skiptir það? Allir þessir togarar annarra þjóða, milljónaþjóðanna, eru styrktir, stórkostlega styrktir af öðrum atvinnugreinum, og það er hægt hjá þessum þjóðum, því að þessi útgerð þeirra er aðeins mjór þráður í þeirra efnahagskerfi. En útgerðin hjá okkur Íslendingum er burðarásinn, og við getum ekki gert út með þeim hætti að sækja styrki til útgerðarinnar frá öðrum atvinnugreinum. Allt hvílir á sjálfri útgerðinni.

Okkar Íslendinga bíður framtíðin. Nýtt tímabil er að hefjast. Það mun væntanlega ekki einkennast af hraðfara hagvexti áranna 1960–1966, en það stefnir upp á við. Við getum margfaldað þjóðartekjurnar með því að beizla orkuna í auðlindum landsins. Byggingu álbræðslunnar verður flýtt um þrjú ár, og hún verður jafnframt nokkuð stækkuð. Jafnframt stækkar Búrfellsvirkjun og hefur aukinn hag af. Útlölumenn segja stopp, en haldið verður áfram. Það hillir undir byggingu olíuvers á Íslandi. Um þessi tvö málefni hef ég lagt fram skýrslur og greinargerðir á þingi í dag. Rannsókn sjóefnavinnslu miðar vel fram, og efnaiðnaður siglir í kjölfarið. Leitað verður verðmæta á botni landgrunnsins, athugað, hvort líklegt sé, að borun eftir olíu beri árangur. Málmleit á Íslandi verður hafin. Margs konar nýiðjumöguleikar freista þeirra, sem treysta á framtíðina og trúa á landið. Skipasmíði innlend er í stöðugri eflingu. Það er ekki rétt, því miður ósatt, sem sagt hefur verið, að við hefðum getað byggt hinn glæsilega síldveiðiskipaflota á árunum 1960–1966 hérlendis. Enginn reisti stálskipastöðvar hér á landi í tíð vinstri stjórnarinnar. Þær tilheyra viðreisnartímanum, en voru ekki tilbúnar á þeim tíma, sem nú er vitnað til. Engin fiskiskip hafa verið keypt erlendis frá hin síðari ár.

Landhelgislöggjöf þessa þings, ef ég má svo kalla, þ. e. auknar veiðiheimildir metnar réttar af vísindamönnum, er einstakt afrek í þingsögunni. Eiga þar þm. allra flokka hlut að máli. Framkvæmd l. verður til eflingar fiskiðnaði í landinu. Réttargæzla í landhelginni kemst á þann grundvöll, sem siðuðum mönnum sæmir. Landhelgisgæzlan er vel búin tækjum til þess að fylgja fast eftir framkvæmd þessara laga. Dómsmrn. mun sjá til þess, að svo verði gert.

Eysteinn Jónsson sagði í ræðu sinni áðan, að þingið hefði tekið þetta mál úr höndum stjórnarinnar. Ég tel það óvinafagnað að fara nú að metast um þetta mál, sem við náðum jafn góðri samstöðu um. En alveg með sama rétti mætti segja, að stjórnin hafi knúið fram lausn þessa máls, sem um áraraðir hefur verið óleysanlegt algerlega og óhugsandi að fá svipaða lausn á eins og nú, einmitt vegna þröngsýni sérhagsmunamanna í öllum flokkum, m. a. manna eins og Eysteins Jónssonar. Ég skal ekki hafa um þetta fleiri orð. Ég vil heldur leggja lið mitt til þess að styrkja þá samstöðu, sem náðist um afgreiðslu þessa máls, en koma hér í útvarpið og segja fólki ósanna sögu af því, hvernig þetta mál var leyst.

Heilbrigðismálin eru stjórnmál, sagði Magnús Kjartansson, 6. þm. Reykv. Því pólitíska skeyti var stefnt að mér, enda ég nefndur vegna vanhirðu á þessu sviði. Sé litið á heilbrigðismálin frá pólitísku sjónarmiði, þolir núv. ríkisstj. ákaflega vel samanburð. Ég hef áður sýnt fram á, að til helztu þátta heilbrigðismála um allt land hafi í tíð núv. ríkisstj. verið varið meira en helmingi meira fé en nokkru sinni áður. Aukningin er um 130%, og er þá allt verðlag fært til sama árs, þannig

að samanburður er réttur. Varðandi fjárveitingar til byggingar á landsspítalalóð, enn með sama verðlagi, allt fært til verðlags ársins 1968, lítur samanburður þannig út, að á 10 ára tímabili, 1953–1962, var að meðaltali veitt árlega til þessara framkvæmda 16.5 millj. Á árunum 1967–1968, á þessum miklu erfiðleikaárum í efnahagsmálum okkar, var til framkvæmda þessara heilbrigðismála varið rúmlega þrisvar sinnum meira fé hvort árið eða 100 millj. kr. bæði árin. Meðaltal fjárveitinga næstu 4 ár þar á undan er 30 millj. kr. Og ég ítreka það, að hér er ég að tala um sambærilegar tölur.

Mjög merk lög á sviði heilbrigðismála hafa verið sett í tíð núv. ríkisstj. Má þar m.a. nefna ný sjúkrahúsalög, ný læknaskipunarlög og á þessu þingi lög um læknamiðstöðvar og lög um heilbrigðiseftirlit og heilsugæzlu. Ekki sé ég í lagasafni neina löggjöf, sem máli skiptir, frá síðustu stjórnartíð þessara herra, stjórnarandstöðunnar, sem nú vandlætast, og eigi hafa þeir heldur síðar verið fyrirferðarmiklir í tillögugerð um heilbrigðismálin. Segja mætti því um þá hið fornkveðna, þeir segja mest af Ólafi konungi, sem hvorki hafa heyrt hann né séð.

Að öðru leyti vitna ég til þeirra áforma heilbrigðisstjórnar um stækkun fæðingardeildar Landspítalans í nýrri kvensjúkdómadeild og geislalækningum, sem ég hef gert hv. Alþingi grein fyrir nýlega og frásagnir hafa birzt af í blöðunum.

Hv. þm. Einar Ágústsson sagði, að það væri ekki rétt hjá hæstv. félmrh., Eggert G. Þorsteinssyni, að stjórnarandstæðingar hefðu tafið fyrir því, að þessi heilbrigðismál í sambandi við stækkun fæðingardeildarinnar hefðu komið til umr. Það er alveg laukrétt hjá hæstv. ráðh. Hér er haldinn fundur einu sinni í viku, á hverjum miðvikudegi, og viku eftir viku töfðu stjórnarandstæðingar með sífelldu stagli og ómerkilegum umr. um fsp. eftir fsp., sem sumum var beinlínis stefnt að því að komast að, áður en þáltill. um þessi mál kæmust á dagskrá, töfðu fyrir, að þær kæmust nokkru sinni að, þó að þær væru á dagskrá. Þó að aldrei hafi staðið á hv. þm. Einari Ágústssyni að ræða það, þá skiptir það ekki máli. Það var laukrétt, sem hæstv. ráðh. sagði. Þannig var ástatt, þegar ég beitti mér fyrir því í samvinnu við forseta þingsins að halda sérstaka kvöldfundi til þess að koma málunum undan þessu stagli um fsp. í Sþ.

Íslenzkur iðnaður er á vegamótum. Um hann hefur verið mikið rætt. Stefnan er fram á við. Tækifæri og möguleikar eru til útflutnings, og herja ber á stóra markaði. Talað var um útflutning á skinnavöru og ullarframleiðslu fyrr í þessum umr. Það gera nú þeir menn, sem voru á móti breytingu á gengisskráningu. Nýtt uppbótakerfi með þúsund milljóna skattlagningu á almenning og óverjandi mismunun við íslenzkan iðnað hefði veitt þessari atvinnugrein okkar nábjargirnar. Talsmenn slíks þykjast geta talað um stefnumótun í iðnaði. Sýndartill. stjórnarandstæðinga snerta útkanta þess, sem unnið hefur verið að og er unnið að til eflingar iðnaði. En meginstefna þeirra og úrræðaleysi eða neikvæð afstaða, m. a. til stóriðju og stórvirkjana, hefði með öllu heft iðnþróun á Íslandi um ófyrirsjáanlega framtíð. Fái ekki iðnþróun að blómgast á Íslandi, gagna engar atvinnumálanefndir til þess að veita komandi kynslóðum viðfangsefni og atvinnu, en það verður öðru fremur verkefni iðnaðarins samhliða eldri atvinnugreinum, sem þó munu lítt eða ekki auka sitt vinnuafl þrátt fyrir aukna framleiðni og framleiðslu vegna tækniþróunar, sem fólk hér á landi kann full skil á að meta og hagnýtir sér jafnan með áræði.

Herra forseti. Góðir áheyrendur. Aflið streymir enn óbeizlað til sjávar. Aðrar auðlindir bíða. Ekkert tækifæri má láta ónotað. Í bjartsýnum framtaksmönnum, vaxandi vísindum og rannsóknum og þreki til úrræða er von og framtíð þjóðarinnar fólgin. – Góða nótt.

Utanrrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Háttvirtu áheyrendur. Ég vil aðeins vegna orða hv. 4. þm. Reykv., Þórarins Þórarinssonar, um almannatryggingarnar og félmrh. segja þetta: Vitanlega hefur félmrh. átt frumkvæðið að breytingum almannatryggingalaganna. Það heyrir hans rn. til. Hins vegar hefur náðst samkomulag, gott samkomulag, um afgreiðslu þessara mála eins og yfirleitt um flest mál við Sjálfstfl. í ríkisstj. En það er auðvitað eitur í beinum framsóknarmanna, að slíkt samkomulag skuli hafa tekizt, en það hefur verið styrkur ríkisstj., að gott samkomulag hefur tekizt um flest mál.

Þessum umr. er nú að ljúka. Ég vildi aðeins mega nota þessar fáu mínútur, sem mér eru ætlaðar að lokum, til að rifja upp nokkrar hugleiðingar mínar og raunar margra annarra líka. Það eru til ýmsir málshættir, bæði erlendir og íslenzkir, sem hljóða efnislega eitthvað á þá leið, að þá megi bezt manninn reyna, þegar erfiðleikar steðja að, en málshættir fela oft í sér mikinn sannleika. Hvernig bregðast menn við erfiðleikunum? Taka þeir karlmannnlega og heiðarlega á móti og reyna að vinna bug á þeim, eða reyna þeir að skjóta sér undan því að takast á við þá og leitast kannske fyrst og fremst við að koma sök á einhverja aðra og skjóta sjálfum sér undan? Íslenzku þjóðinni hefur nú borið mikill vandi að höndum. Fiskaflinn hefur minnkað um það bil um helming, verðið hefur lækkað mjög verulega á mörgum afurðum, og gjaldeyrissjóðurinn hefur étizt upp, eins og marglýst hefur verið og ég skal ekki fara út í að rekja. En hvernig bregðast menn við? Ríkisstj. hefur reynt að spyrna við fótum og hefur þurft í því sambandi að gera ýmsar ráðstafanir miður vinsælar, en nauðsynlegar og óumflýjanlegar, svo sem gengislækkanir með tilheyrandi verðhækkun á öllum erlendum varningi. Ég skal viðurkenna, að ég var lengi vel mjög hikandi við þessar aðgerðir, en að athuguðu máli komst ég að þeirri niðurstöðu, að undan þessu yrði ekki unnt að skjóta sér, ef nokkur von ætti að vera til þess, að við þessa erfiðleika yrði ráðið.

En mér finnst athyglisvert, hvernig stjórnarandstaðan bregzt við. Hennar aðaláhugamál virðist ekki vera að ráða bug á efnahagsvandanum, heldur fyrst og fremst að koma sök eða sökum á ríkisstj., enda þótt allir, sem hlutlaust vilja líta á málið, geri sér fulla grein fyrir, að orsaka erfiðleikanna er ekki að leita hjá henni, heldur eru þeir utanaðkomandi og ekki af okkar völdum. Stjórnarandstaðan notar hvert tækifæri til að gera lítið úr hinum raunverulega vanda, segir afla-

brögðin í meðallagi og verðlagið, eins og búast má við, sveiflum háð, en ekki lakara en oft áður. Hún notar líka hvert tækifæri til að gera nauðsynlegar ráðstafanir tortryggilegar og ala á óánægju þeirra, sem fyrir óþægindunum hljóta að verða, því að óþægindi og erfiðleikar hljóta að fylgja því, þegar gjaldeyristekjurnar minnka svo stórkostlega sem raun ber vitni. Nei, þeir segja, að orsakir erfiðleikanna séu ekki þessar, heldur sé þeirra að leita í rangri stjórnarstefnu og mistökum hjá ríkisstj. Allt, sem miður fer í þjóðfélaginu, á að vera ríkisstj. að kenna. Nú er sjálfsagt að viðurkenna, að mistök geta átt sér stað. Enginn er alfullkominn. Ekki hef ég trú á, að stjórnarandstaðan sé það heldur. Það hafa dæmin sannað, þegar þeir herrar hafa verið við völd, auk þess sem margt orkar tvímælis, sem gert er og túlka má á ýmsa vegu. Góðviljaðir menn og skilningsgóðir geta fært allt til betri vegar, en aðrir geta rangtúlkað og fært til verri vegar. Í beinu framhaldi af þessari afstöðu sinni til vandans er svo krafa þeirra, sem alla erfiðleika á að leysa, að ríkisstj. segi af sér og fái völdin þeim í hendur, sem þó ekki hafa nein þau ráð á takteinum, sem líkleg mætti telja til úrlausnar. Þessi ríkisstj. hefur þó hlotið meiri stuðning kjósenda en nokkur önnur ríkisstj. hefur hlotið fyrr eða síðar, þar sem hún í þrennum kosningum í röð hefur fengið stuðning meiri hluta kjósenda. Þessi krafa er því hvort tveggja í senn ólýðræðisleg og óraunhæf lausn á sérhverjum vanda.

Ríkisstj. hefur nú bráðum setið að völdum í 10 ár. Allan þann tíma hefur samvinnan í ríkisstj. verið góð, að ég má segja. Ríkisstj. hefur lagt áherzlu á að leysa aðkallandi vandamál heiðarlega og með hagsmuni þjóðarinnar allrar fyrir augum, og ég spyr nú: Eru líkur til, að stjórnarandstöðunni mundi takast betur, ef hún tæki við? Er samstaðan þar betri? Eru möguleikarnir þar meiri? Er stefna þeirra líklegri til árangurs? Ég held varla. Ýmist er stefnan sett fram með óljósu orðalagi, sem túlka má á ýmsan veg, eða umorðun á hinni sömu stefnu, sem fylgt hefur verið að undanförnu. Einnig er þar um að ræða hrein yfirboð, sem aðeins eru ætluð til að ganga í augu á fólki og geta ekki orðið framkvæmd. Eitt er þó, sem skilur. Það virðist nú vera orðinn staðfastur ásetningur hjá Framsfl. að innleiða aftur haftapólitíkina, sem við þekkjum því miður allt of vel frá stjórnartímum þeirra. Formaður Framsfl. orðaði þetta í fyrrakvöld þannig, að þeir vildu hafa heildarstjórn á fjárfestingarmálum og innflutningi, en aðeins nauðsynlega stjórn. En við vitum af reynslunni, hvað það þýðir, þegar þessi heildarstjórn fjárfestingar og innflutnings er komin í þeirra hendur, og ég hygg, að fáir muni óska eftir því.

Og hverjar eru svo líkurnar til þess, að þessi sundurleiti og sundurlyndi hópur, sem nú myndar stjórnarandstöðuna, komi sér saman um nokkurn skapaðan hlut annan en þann að vera á móti núv. ríkisstj.? Ég held, að þær séu ekki miklar. Og ólíklegt, að þeir geti myndað starfhæfan meiri hl. Við skulum aðeins líta á ástandið í þessum flokkum. Sósfl., sameiningarflokkur alþýðu svo kallaður, hefur að undanförnu átt í miklum brösum. Enduðu þau átök með því, að nýr flokkur með nýju nafni var stofnaður, Alþb. Virðist þó ekki hafa verið um það samstaða, því að Sósfl., sameiningarflokkurinn, sem leggja átti niður, virðist lifa góðu lífi, en í honum er hinn harði kommúnistakjarni flokksins, sem átti að hverfa og átti að fela a. m. k. Hvað úr þessu verður, liggur þó ekki ljóst fyrir, en svo mikið er víst, að samkomulagið virðist ekki of gott. Svo hefur það komið til, að nú í þessari viku var auglýstur stofnfundur nýrra samtaka vinstri manna, og sennilega er þar á ferð einn anginn af Sósfl., sameiningarflokki alþýðu. En þegar á það er litið, að allir þessir hópar munu fyrir stuttu hafa verið aðilar að Sósfl., sameiningarflokknum, virðist hann nú þríklofinn og lítið líklegur til að sameina alþýðuna í landinu, þegar hann getur ekki sameinazt sjálfur í meginmálum, eða til að standa að farsælli ríkisstj. Við þetta allt saman bætist svo, að þrálátur orðrómur hefur verið uppi um það, að einhver stór eða lítill hópur Framsfl. væri að hugsa um að segja skilið við hann og sameinast þessum nýju vinstri mönnum. Allt bendir þetta til, að stjórnarandstaðan sé sundruð og lítið líkleg til að geta sameinazt um neitt nema það að vera á móti ríkisstj.

Formaður Alþb. sagði hér í fyrrakvöld, að í íslenzkri pólitík væru aðallega tvö öfl að verki, einstaklingshyggjan og félagshyggjan, og get ég út af fyrir sig verið sammála um það. En þegar forsvarsmenn félagshyggjunnar, sem svo kalla sig, eru á tætingi með persónupot fyrir sjálfa sig, þá er ég hræddur um, að félagshyggjan eigi erfitt uppdráttar og þeir eigi erfitt með að koma sér saman um mótun stefnu í þeim anda í ríkisstj., ef þeim mætti takast að hrekja núv. stjórn frá völdum. Ég vil því vænta þess, að almenningur geri sér skýra grein fyrir mismuninum á nauðsynlegum og óumflýjanlegum aðgerðum ríkisstj., sem í bili geta að vísu verið óþægilegar, og svo á óábyrgum og óraunhæfum orðræðum andstöðuflokkanna, sem væntanlega geta ekki komið sér saman um neitt. Við skulum vona, að þessu erfiðleikatímabili, sem nú gengur yfir, ljúki bráðlega og nýir og betri tímar séu í vændum, en við verðum á hinn bóginn að vera við því búnir að geta mætt erfiðleikunum og snúizt á móti þeim af einurð og festu, þó að þeir kunni að vera óþægilegir í bili. – Góða nótt.

Karl Guðjónsson: Herra forseti. Góðir áheyrendur. Enn er að ljúka eldhúsdegi. Í fyrra lá fyrir Alþingi frv. til l. um þingsköp flutt af n. skipaðri mönnum úr öllum flokkum. Þar var gert ráð fyrir því að leggja eldhúsdagsumr. niður. Ég átti því ekki þess von, að neinn eldhúsdagur yrði í ár eða framvegis. Hér hefur þó á annan veg skipazt. Nefnt frv. hefur ekki sézt í vetur og enginn minnzt á að leggja eldhúsdaginn niður, svo að enn færir stjórnin sínar varnir og stjórnarandstaðan sínar ásakanir fram fyrir alþjóð svo sem vera ber, og þjóðin metur málavexti á sínum tíma.

Menn hafa nú heyrt hér margt sagt af hálfu hinna ýmsu aðila, sem þátt taka í þessum umr. Það hefur verið nokkuð einkennandi fyrir þá hæstv. ráðh., sem hér hafa flutt mál stjórnarinnar, að þeir hafa bæði sýnt bölsýni og reynt að sýna bjartsýni líka, þó ekki í sömu málunum. Bölsýni hafa þeir sýnt, þegar þeir sýna fram á það, að nauðsynlegt sé að hafa kaupgjaldið lágt, atvinnuvegirnir þoli lítið, þjóðin sé illa komin eftir verðfall og aflabrest, eins og þeir kalla það. En á hinn bóginn hafa þeir sýnt fram á glæstar gróðatölur, þegar

þeir hafa verið að mæla fyrir því, sem virðist vera eitt aðaláform ríkisstj., að blanda fjármunum saman við fjármagn erlendra auðhringa til þess að byggja verksmiðju á Íslandi, og þá eru þær ævinlega kallaðar stóriðjuframkvæmdir, hversu smáar sem þær eru. En það vill raunar svo til, að einmitt síðustu daga höfum við verið að sjá framan í fyrstu reikninga slíkrar verksmiðju hér á Alþingi, og það er svo sannarlega ekki uppörvandi um framtíð þjóðarinnar, að hún geti á næstu árum byggt góð lífskjör á því. Kísilgúrverksmiðjan við Mývatn, sem svo sannarlega var kynnt hér af stjórnarinnar hálfu sem arðvænlegt fyrirtæki og uppbyggilegt á sinni tíð, sýnir stórtap, svo að nemur milljónatugum á hinu fyrsta ári, og þó er tap hennar áætlað enn þá meira á næsta ári, þannig að nú verður íslenzki ríkissjóðurinn, svo illa sem hann er staddur fyrir, að reiða þessu fyrirtæki fram hundruð milljóna til þess að greiða upp töp og til þess að reyna að bæta fyrir þær skekkjur, sem fram hafa komið í byggingu verksmiðjunnar, til þess að reyna að berja í þá bresti, sem fyrir liggja.

Um stjórnarfarið í landinu hef ég raunar þetta að segja í örstuttu máli: Áform og gerðir ríkisstj. hin síðustu árin hafa öðru fremur mótazt af ókunnugleika hennar á stöðu íslenzkra atvinnuvega, vanmati á möguleikum þeirra og oftrú á því, að hægt sé að misbjóða umburðarlyndi þjóðarinnar með óþörfum og óbærilegum kjaraskerðingum. Fyrir 1½ ári trúði stjórnin og sérfræðingar hennar því, að svo sem ekkert væri að í þjóðfélaginu, kreppumörkin, sem þá þegar voru komin fram, væru aðeins smávægileg stundarfyrirbæri, sem ekki væri ástæða til að taka alvarlega. Úr þeim mætti auðveldlega slétta með erlendum lántökum og peningablöndun við útlenda auðhringi til þess að byggja fyrirtæki eins og kísilgúrverksmiðjuna. Þeir, sem töldu ástæðu til að mæta erfiðleikunum með öðrum hætti, auka festu í þjóðfélaginu, mynda breiðari stjórn og taka upp stefnubreytingu, voru hafðir þá að háði og spotti í stjórnarherbúðunum. Fumkenndari ráðstafanir og fánýtari en stjórnin hafði uppi í efnahagsmálum, meðan gjaldeyrisvarasjóðirnir voru að fjara út, voru óþekkt fyrirbæri allt til þess tíma. Það var ekki fyrr en á s. l. hausti, sem menn fengu að sjá framan í meira fálm og meira fum í þeim efnum. Þá hafði stjórnin þó loks séð, að hún réð ekki við vandann, og bauð upp á viðræður um þjóðstjórn. Ekki reyndist hún þó reiðubúin til að láta af stefnu sinni, sem leitt hafði til ófarnaðarins, eða viðurkenna, að henni væri í teljandi mæli áfátt í einu eða neinu, og hefði hún því alveg eins getað sparað sér allt þetta ómak, því að stjórnarandstaðan var auðvitað ekki til viðtals um að skrifa sem ábyrgðaraðili upp á þann fallna óreiðuvíxil, sem viðreisnin nú var orðin, án þess að gera ráðstafanir til þess að breytt yrði um stefnu.

Haustið 1967 felldi stjórnin gengi krónunnar verulega og lét það boð jafnframt út ganga, að í engu mætti bæta þá dýrtíðaröldu, sem þetta skapaði með kauphækkunum eða dýrtíðaruppbótum á kaup. Engu sinnti stjórnin því, þótt henni væri sagt það fyrirfram, að þessu yrði ekki unað, heldur lét hún koma til hinna alvarlegustu truflana á framleiðslu og öllum vinnumarkaði, svo sem þeir mega gleggst muna, sem minnast hinna víðtæku verkfalla frá því í marzmánuði í fyrravetur. Eftir þær truflanir, sem þá urðu, og eftir allt tapið, sem þjóðin hafði af þessum ráðstöfunum hlotið, var svo auðvitað samið upp á vísitöluuppbætur á kaup í lægri launaflokkunum, svo sem auðvitað varð að verða. Það má vera mikil fyrirmunun að geta ekkert lært af atburðum eins og þessum. En ekki virðist ríkisstj. hafa tekizt það. A. m. k. æddi hún út í sama fenið aftur á s. l. hausti alveg með sama hætti, utan hvað nú hafði hún gengisfellinguna miklum mun stórfelldari en nokkur dæmi voru til um áður, og dagskipun hennar um blátt bann við dýrtíðaruppbótum á kaup var enn strangari nú en í fyrra. Þetta jafngilti auðvitað því, að allt, sem keypt var til landsins erlendis frá, hlaut að hækka að meðaltali um 54 eða 55%, en kaup átti að standa í stað. Ef stjórninni tækist að koma þessum áformum sínum fram, færi að verða heldur minna úr því velferðarríki, sem hún hefur oft gumað af, að orðið væri á Íslandi og um skeið var alls ekki fjarri sanni.

Stjórnin hefur miklar tilhneigingar til að sækja fyrirmyndir sínar vestur um haf til Bandaríkjanna. Þar var það að gerast um svipað leyti og gengisbreytingin síðasta fór hér fram, að hafnarverkamennirnir í New York og síðar í fleiri hafnarborgum þess lands sömdu um kaup, sem í íslenzkum krónum nú svarar til nálega 400 kr. á tíma. Samt sá stjórnin ástæðu til þess að láta fylgja ákvörðun sinni bann við því, að orðið yrði við kröfu íslenzkra verkamanna um, að vegna gengisfellingarinnar breyttist tímakaup hér úr um það bil 55 kr. í röskar 60 kr. á tímann. Nú er það að vísu rétt, að íslenzkt þjóðfélag býr að sumu leyti betur að sínum þegnum en hið bandaríska gerir, einkum að því er varðar almannatryggingar, og því er hægt að komast af hér með eitthvað lægra kaup en þar. En fyrr má rota en dauðrota.

Þvergirðingsháttur stjórnarinnar í kaupgjaldsmálum hefur enn efnt til ókyrrðar á vinnumarkaðinum. Verkföll og verkbönn hafa nú truflað framleiðsluna og athafnalífið um margra vikna skeið og gera enn. Auðvitað verður sú hugsjón stjórnarinnar fyrr eða síðar að víkja, að kaup skuli standa óbreytt, því að slíkt er ekki hægt. Allir sanngjarnir menn sjá og viðurkenna, að kaup er óhjákvæmilegur liður í framleiðslukostnaði, og hann er ekki hægt að lækka endalaust. Þar hefur lágmarki á einstakling fyrir löngu verið náð. Það er augljóst, að framferði ríkisstj. gagnvart verkalýðshreyfingunni er afleitt. Þó á hún sér enn einn þátt í launamálum, sem ég fæ ekki betur séð en sé hinn versti þeirra allra. En það er framferði hennar gagnvart starfsmönnum ríkisins, þar sem hún sjálf er húsbóndinn. Ekki er það þó vegna launaupphæðarinnar í sjálfu sér, heldur þeirra vinnubragða, sem stjórnin beitir þar. Um launagreiðslur til opinberra starfsmanna eru í gildi ákveðnar reglur, og hefur hvorugur aðili sagt þeim upp. Þar er gert ráð fyrir kaupuppbótum eftir vísitölu, en ríkissjóður borgar þær ekki. Hefur það mál nú þegar komið í ýmsum myndum fyrir ekki færri en þrjá dómstóla, og hefur ríkisstj. farið halloka fyrir þeim öllum, þótt enn takist stjórninni að tefja uppkvaðningu efnislegs dóms um, hvað borga beri.

Nú getur hvaða ríkisstj. sem er auðvitað litið svo á, að kaup ríkisstarfsmanna sé of hátt og nauðsyn beri til að lækka það. En þá lækkun getur hún ekki framkvæmt

þegjandi og hljóðalaust né heldur fyrirvaralaust, þegar henni dettur sjálfri í hug. Hún verður annað tveggja að segja upp samningum og fara að eins og lög mæla fyrir um gerð nýrra samninga eða fá Alþingi til að samþykkja lög um frávik frá gildandi samningi eða dómi. Þetta gerir stjórnin ekki, heldur beitir beinlínis ofríki og fótum treður lög og reglur. Ef athugað er, til hvers ríkisstj. er í réttarríki, þá er það fyrst af öllu til þess að sjá um, að í landinu sé farið eftir gildandi lögum og reglum. Sú ríkisstj., sem virðir einskis þessa skyldu sína, heldur þvert á móti hefur sjálf forgöngu um að troða á lögum og reglum, er með öllu óhæf til þess verks, sem þjóðin hefur falið henni og hlýtur að krefjast skilyrðislaust af hverri ríkisstj. sem er að framkvæmt sé.

Góðir hlustendur. Um skeið höfum við búið við nokkurt andstreymi. Það er rétt, sem stjórnvöldin halda fram, að að undanförnu hafi afli rýrnað á síldveiðum. Það er sömuleiðis rétt, að verðlag á erlendum mörkuðum hefur verið okkur nokkru óhagkvæmara um skeið en bezt eru dæmi til um áður. En það er ekki síður rétt, að þjóðin hefur goldið þetta í rýrðum lífskjörum. Það er einnig komið í ljós, að sjávarafli okkar var betri á nýlokinni vertíð en að undanförnu. Flest bendir nú til þess, að verðlag erlendis á okkar afurðum sé að færast í betra horf. Þá mun líka rofa til um lífskjör og aðstaða fólksins í landinu geta batnað á ný, ef ekki ræður hér endalaust ríkjum stjórn, sem er sinnulaus um íslenzka atvinnuvegi og sljó gagnvart lífskjörum alþýðumanna í landinu.

Ég óska landsmönnum þess að lokum, að brátt náist samningar um hækkað kaup og að þjóðin megi brátt búa við betra stjórnarfar en verið hefur um skeið. Svo þakka ég þeim, sem hlýddu. – Góða nótt.

II. Efnahagsmál.

Á 20. fundi í Sþ., 21. febr., var tekin á dagskrá:
Skýrsla forsætisráðherra um efnahagsmál.

Forsrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Sá höfuðvandi, sem við er að etja í íslenzkum efnahagsmálum, er augljós. Það eru þær staðreyndir, að nú á tveggja ára tímabili hafa útflutningstekjur af framleiðslu landsmanna minnkað á milli 40–50%, og ef litið er til þess aukna kostnaðar, sem fylgir þessari verðmætaöflun nú, vegna þess hversu langan veg þarf að fara til að sækja aflann, þá er óhætt að segja, að tekjurnar af sjávarútvegi hafi raunverulega minnkað mun meira en þeirri tölu nam, er ég nefndi, eða nokkuð yfir 50%. Þetta hefur svo aftur leitt til þess, að ekki einungis þau fyrirtæki, sem sjávarútveg stunda og á honum byggjast beinlínis, og þeir, sem við þessi störf vinna, hafa orðið fyrir miklum skakkaföllum, heldur hefur þetta haft áhrif á allt þjóðlífið. Á þessu tímabili mun láta nærri, að þjóðartekjur á mann hafi minnkað um nær 17% og séu nú svipaðar í raunverulegum verðmætum og þær voru á árunum 1962–1963. Ef ekki hefði verið að gert, þá mundi þessi tekjurýrnun auðvitað hafa komið mjög misjafnlega niður og gerir það óhjákvæmilega að nokkru, en vegna margháttaðra ráðstafana og með margháttuðum ráðstöfunum hefur verið reynt að dreifa byrðunum af þessum skakkaföllum, og nú er aðalviðfangsefnið það, að menn kunni, þjóðarheildin og hver einstakur, að sníða sér stakk eftir vexti, geri sér grein fyrir því, að miða verður kröfur við greiðslumöguleikana, sem rýrnað hafa samkvæmt því, er ég áður sagði. Hverjar sem orsakir þessara vandræða eru, þá eru vandræðin staðreyndir, erfiðleikar, sem við getum ekki með nokkru móti skotið okkur undan.

Þetta eru, eins og ég segi, einfaldar og augljósar staðreyndir, en vegna þess að hv. stjórnarandstæðingar hafa óskað eftir því, að ríkisstj. gæfi skýrslu um efnahagsmálin, þá skal ég hér rifja upp nokkur höfuðatriði greinargerðar, sem ég hef fengið um þau efni frá Efnahagsstofnuninni nú þessa dagana. Meginhlutinn er dags. eða skýrslan í heild þann 20. febrúar. Ég get þó ekki lesið skýrsluna alla, mun aðallega gera grein fyrir og lesa meginþátt hennar, en fara lauslega yfir aðra kafla, sem minni þýðingu hafa.

Í þessari skýrslu segir:

Afkoma þjóðarbúsins á árinu 1968 reyndist mun óhagstæðari en í upphafi voru taldar horfur á. Eftir því sem leið á árið, kom fram æ óhagstæðari heildarafkoma af völdum hins mikla aflabrests á síldveiðum og auknum örðugleikum á útflutningsmörkuðum. Áhrif þessara áfalla til kjararýrnunar og samdráttar í eftirspurn og athafnalífi breiddust síðan út um allt efnahagslífið. Minnkun framleiðslu og tekna í útflutningsgreinunum, sem áföllin komu beinast niður á, varð að sjálfsögðu tilfinnanlegust.

Framleiðslumagn sjávarútvegsins minnkaði 1968 um 15%, en verðmæti að óbreyttu gengi um nærri 20%, en á tveimur síðustu árum, frá 1966, hefur framleiðslumagnið minnkað um 33% og útflutningsverðmætið eða gjaldeyrisverðmætið um það bil 44%. Breytingin er nálægt því hin sama, enda þótt miðað sé við árið 1965, en hvort áranna 1965 og 1966 nam verðmæti framleiddra sjávarafurða milli 5700 og 5800 millj. kr. á þágildandi gengi, en nam 1968 aðeins um 3200 millj. kr., umreiknað til sama gengis. Fiskaflann árið 1968 má samkvæmt síðustu heimildum áætla um 585 þús. tonn, en það er minna en helmingur aflans hvort áranna 1965 eða 1966, en um 35% minnkun frá árinu 1967.

Aflabrestur á síldveiðum olli þessari stórfelldu breytingu. Mun síldaraflinn árið 1968 hafa numið um 133 þús. tonnum eða aðeins tæplega þriðjungi síldaraflans árið áður, en um sjöttungi aflans 1966. Um fjórðungur aflans náðist þó aðeins með því að sækja á Norðursjávarmið og landa honum erlendis. Loðnuaflinn minnkaði um tæp 20 af hundraði og varð 78 þús. tonn. Leita þarf aftur til ársins 1960 og til 1958 og áranna þar á undan til þess að finna dæmi um svo lítinn síldaraflа sem síðasta ár, en öll árin frá 1961 hefur síldaraflinn verið tvöfalt til þrefalt meiri hið minnsta og allt upp í sexfaldur á við aflann 1968. Sömuleiðis nam heildarfiskaflinn 1968 nokkurn veginn sama magni og 1960, 593 þús. t. eða 1958, þegar hann var 581 þús. tonn. Þorskaflinn, bolfiskaflinn 1968, varð rétt við meðaltal áranna 1961 til 1965, 382 þús. tonn, því að 1968 varð hann 370 þús. tonn eða um 11% meiri en árið

áður. Ástæður þessa voru m. a., að vetrarvertíðin heppnaðist betur en árið áður, en auk þess var mikil aukning á úthaldi meðalstórra báta til þorskveiða s. l. sumar og haust. Stóð það að sjálfsögðu í sambandi við síldarleysið á miðunum við landið, en einnig, að því er virðist, við bætt rekstrarskilyrði bátaflotans.

Aukið úthald og afli yfir sumar- og haustmánuðina varð mjög til þess að efla og jafna atvinnu víða um land, en olli jafnframt sums staðar örðugleikum við móttöku og vinnslu, ekki síst þar sem markaðsskilyrði versnuðu um sama leyti. Af hálfu ríkisins var greitt úr þeim örðugleikum með fyrirgreiðslu til rýmkunar verðábyrgða og annars stuðnings við freðfiskframleiðslu og til stuðnings við vissar, illa settar greinar saltfiskverkunar. Ríkisstj. gaf og síldveiðibátum, síldarbræðslum og hvalútvegi fyrirheit um stuðning og að vissu marki ábyrgð til þess að tryggja að framleiðslu þessara tvísýnu greina sjávarútvegsins yrði haldið uppi. Verðfall sjávarafurða taldist nema rúmum fimm af hundraði árið 1968, en 11.6% árið áður metið eftir því magni hinna ýmsu afurða, er til útflutnings féll hvort árið. Það hefði þó talizt mun meira að heildarmeðaltali, ef ekki hefði komið til mikil magnminnkun síldarafurðanna, er féllu mest í verði. Verðfall bræðslusíldarafurða, einkum lýsis, óx þegar að verulegu marki á árinu 1966. Á síðasta ári féll mjölverð um rúm 12% og lýsisverð um 29% að meðalverði frá meðalverði fyrra árs. En frá 1965 hefur mjölið fallið um 28% og lýsið um fullan helming eða 52%. Er þá miðað við verð í erlendum gjaldeyri. Mjög tilfinnanlegt verðfall varð einnig á freðfiski. Nam það um 15% árið 1967 frá meðalverði ársins á undan. Náði verðið sér lítið eitt upp um áramótin 1967 og 1968, og var við það miðað við ákvörðun fiskverðs og um stuðning við frystiiðnaðinn í upphafi árs 1968. En er leið á árið varð enn á ný verðfall á frystum fiski, einkum þorskblokkum. Meðalverð þorsks á árinu reyndist um 8% lægra en áramótaverð, en á öllum freðfiski um 4% lægra. Flestar aðrar sjávarafurðir hafa einnig fallið meira eða minna í verði á síðustu tveimur árum.

Aðrar greinar framleiðslu, framkvæmda og þjónustu áttu einnig erfitt uppdráttar bæði vegna örðugs árferðis og af völdum minnkaðrar kaupgetu og umsvifa í atvinnulífinu. Um þetta liggja ekki fyrir eins glöggar heimildir og um sjávarútveginn. Landbúnaðarframleiðslan mun sennilega hafa staðið í stað eða jafnvel minnkað, a. m. k. ef tekið er tillit til hinnar miklu notkunar aðfenginna rekstrarvara af völdum árferðisins. Svipuðu máli gegnir um iðnaðarframleiðslu fyrir innlendan markað. Bendir flest til þess, að í heild hafi sú framleiðsla staðið í stað árið 1968 eða jafnvel dregizt saman lítið eitt frá árinu áður, enda þótt sumar greinar iðnaðarins hafi tekið nokkurri aukningu. Árið 1967 mun hið sama hafa orðið uppi á teningnum. Það voru að sjálfsögðu þær greinar, sem nátengdastar eru sjávarútveginum, sem helzt kreppti að þessi ár. Sumar aðrar greinar iðnaðarins, er einkum stunda neyzluvöruframleiðslu fyrir innlendan markað, áttu hins vegar örðugt uppdráttar af völdum hækkandi framleiðslukostnaðar árin 1965 og 1966, en bættu aftur á móti aðstöðu sína árið 1967. Framleiðslusamdráttur í byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð varð um 6% árið 1968, þrátt fyrir aukningu stórframkvæmdanna við Búrfell og Straumsvík, er út af fyrir sig hefði valdið 10% aukningu fjármunamyndunar í þessum greinum í heild að öðru óbreyttu. Árið áður varð hins vegar framleiðsluaukning byggingarstarfsemi um það bil 10%. Umskiptin frá vexti til samdráttar í þessari grein, sem tekið hafa árabil, á móti drjúgum hluta aukningar mannaflans, hafa þannig numið um 16% milli þessara ára. Á sú breyting ásamt minnkun sjávarafla ríkastan þátt í þeirri breytingu atvinnuástandsins, sem á er orðin. Auk þess samdráttar í framleiðslu, sem hér hefur verið rakinn, er ljóst, að samdráttur hefur orðið í verzlun og þjónustu, annarri en opinberri.

Verðmæti þjóðarframleiðslunnar 1968 er áætlað um 25700 millj. kr. á meðalverðlagi ársins. Áætlað er, að minnkun þjóðarframleiðslunnar á árinu 1968 í samanburði við 1967 hafi orðið a. m. k. 5%. Til viðbótar þessari minnkun koma áhrif verðfalls útflutningsafurða. Nam það verðfall um 5.5% milli meðalverðlags 1967 og 1968, og veldur það ásamt minnkaðri framleiðslu því, að þjóðartekjur lækka um nálægt 7% á milli áranna 1967 og 1968. Reiknað á mann hefur minnkun þjóðarframleiðslunnar orðið nálægt 6.5%, en lækkun þjóðartekna um rúmlega 8%. Skakkaföll þessi komu í kjölfar sams konar áfalla er yfir dundu árið 1967, en á síðustu tveim árum til samans er varlega áætlað, að þjóðarframleiðsla hafi minnkað um 6.7%, þjóðartekjur um rúm 14%, en þjóðarframleiðsla á mann um 9–10%, þjóðartekjur á mann um 17%. Við þennan mikla afturkipp hefur þjóðarframleiðslan komizt á stig, er liggur á milli þess, er hún var árið 1964 og 1965, en þjóðartekjur á milli þess, er þær voru 1963 og 1964. Að tiltölu við mannfjölda hefur afturkippurinn orðið enn meiri. Bæði þjóðarframleiðsla og þjóðartekjur á mann 1968 lágu á milli þess, sem var 1962 og 1963.

Þessi afturkippur sýnir, hversu náið samband er á milli útflutningsatvinnuveganna annars vegar og annarra atvinnuvega hins vegar. Hið mikla tekjufall í útflutningi leiddi óhjákvæmilega til samdráttar í framkvæmdum og framleiðslu fyrir innlendan markað. Fjárfestingin hér á landi er að miklu leyti kostuð af samtíma tekjum framkvæmdaaðila auk útlána viðskiptabanka og sparisjóða, er fást að mestu af sparifjárinnlögum og samtímatekjum. Arðsemi atvinnurekstrar ræður og að sjálfsögðu mati fyrirtækja á þörf fyrir nýjar framkvæmdir. Enn fremur ráða útflutningstekjurnar mestu um almenna neyzlueftirspurn í landinu, og úr þeirri eftirspurn dregur stig af stigi, þegar tekjur hverrar greinar á fætur annarri minnka.

Úr þessum hringrásarverkunum innan hagkerfisins hefur stórum verið dregið á undangengnu örðugleikatímabili með ýmiss konar aðgerðum, sem til hefur verið stofnað af hálfu almannavaldsins. Í fyrsta lagi með stórframkvæmdunum, sem fjár er aflað til erlendis frá með stuðningi ríkissjóðs við atvinnurekstur og með niðurgreiðslum til að halda framleiðslukostnaði niðri og enn með útlánum fjárfestingarlánasjóða og banka umfram samtímafjárhagsmyndun af tekjum. Meðan áhrif áfallanna voru að koma fram og talið var fært að halda áfram umfangsmiklum hallarekstri þessara opinberu aðila, var kaupgetunni haldið uppi, þótt slíkt leiddi til gjaldeyriseyðslu umfram tekjur. En þessi

gjaldeyrisnotkun hefur sem sagt verið forsenda viðhalds innlendrar framleiðslu og framkvæmda í því umfangi, sem verið hefur.

Við upphaf ársins 1968 var vonazt til þess, að verðmætaráðstöfunin í heild þyrfti aðeins að dragast saman um 3–4%, enda var þá búizt við lítilsháttar aukningu þjóðarframleiðslu, þ. e. 1.7%. En sá framleiðsluhnekkir, er þjóðarbúið varð fyrir, leiddi óhjákvæmilega til þess, að verðmætaráðstöfun til endanlegra nota, þ. e. a. s. auk útflutningsvörubirgða, minnkaði um meira, eða um rúmlega 6%. Munar hér þó ekki nærri eins miklu og á sjálfum framleiðsluhnekkinum frá því, sem ráðgert hafði verið. Dregið mun hafa úr einkaneyzlu á árinu 1968 um allt að 6% og enn meir úr fjármunamyndun eða um 9%. Minnkun þessi kom í tiltölulega miklum mæli niður á innfluttum gögnum og gæðum, svo sem lýsir sér í því, að innlend byggingarstarfsemi minnkaði mun minna en fjármunamyndunin eða um 6%, sem fyrr segir. Samneyzla er aftur á móti talin hafa aukizt um 2.7%. Er þá miðað við fyrirætlanir fjárlaga og fjárhagsáætlanir sveitarfélaga, sem í aðalatriðum munu hafa orðið að veruleika. Stefndu þessar fyrirætlanir í aðalatriðum að því að halda þeirri þjónustu við almenning, sem opinber neyzla felur í sér, óskertri, þrátt fyrir vaxandi fólksfjölda. Aukning þessi er þó aðeins milli helmings og þriðjungs þeirrar aukningar, er verið hafði á árinu áður. Þess ber að gæta, að samdráttur verðmætaráðstöfunar árið 1968 kom í kjölfar stórstígra aukninga um árabil.

Verðstöðvunaraðgerðirnar haustið 1966, er stóðu til hausts 1967, höfðu mikil áhrif á þróunina á árinu 1967. Annars vegar stuðluðu þessar aðgerðir að því að koma í veg fyrir frekari hækkun peningatekna, eftir að vöxtur raunverulegra þjóðartekna hafði fyrst stöðvazt og síðan snúizt til lækkunar. Hins vegar urðu þessar aðgerðir til þess að koma í veg fyrir, að tekjurýrnun þjóðarbúsins hefði í bili áhrif á afkomu almennings. Var þetta réttlætanlegt og kleift, meðan vonazt var til, að áföllin væru tímabundin. Verðlagsuppbætur á laun hafa haft tímabundin áhrif í sömu átt. Við þau skilyrði, sem ríkt hafa á þriðja ár, hafa þessir tveir þættir valdið miklu um að draga úr og tefja fyrir tekjurýrnun einstaklinga og fyrirtækja og þar með stuðlað að aðlögun neyzlu og verðmætaráðstöfunar í heild að lækkuðum raunverulegum tekjum þjóðarinnar, þ. e. a. s. mildað áhrif þeirrar miklu tekjurýrnunar, sem þjóðin hefur orðið fyrir.

Fjármunamyndun er sá þáttur verðmætaráðstöfunar, er byggir upp afkastagetu þjóðarbúsins. Fjármunamyndun atvinnuveganna hefur til og með 1967 vaxið álíka ört og heildarfjármunamyndunin og haldið á þeim tíma hlutdeild sinni, þ. e. a. s. nærri helmingi allrar fjármunamyndunar. Þjóðarauður í framleiðslutækjum, byggingum og öðrum mannvirkjum hefur á síðustu árum aukizt mun örar en magn þjóðarframleiðslunnar, eða t. d. frá árslokum 1961 til 1966 um 31%, og fjármunir atvinnuveganna um 40%, þar sem þjóðarframleiðslan jókst milli næstu ára á eftir, 1962–1967, einungis um 22%. Af þessum staðreyndum má draga þær ályktanir, að eðlilegur hluti afraksturs góðærisins hafi orðið eftir í varanlegum verðmætum og samdráttur framleiðslunnar síðustu tvö árin hafi engan veginn stafað af ónógri afkastagetu atvinnuveganna. Ástæður samdráttarins eru þvert á móti hið mikla brottfall tekna í undirstöðuatvinnuvegunum og áhrif þess á almenna eftirspurn. En þessi stórfellda tekjuskerðing undirstöðuatvinnuveganna, ásamt hækkuðum framleiðslukostnaði, gróf undan rekstrargrundvelli þeirra, unz rennt var stoðum undir þá á ný með *gengisbreytingunni í nóvember* s. l.

Samfara öllum þessum erfiðleikum og óhjákvæmileg afleiðing þeirra var sú, að á árinu var óhagstæður viðskiptajöfnuður, og er hann áætlaður um 2685 millj. kr., miðað við fyrra gengi ársins, í framhaldi af álíka miklum viðskiptahalla ársins 1967, er var um 2350 millj. kr. á meðalgengi þess árs. Bæði árin stafaði mikill hluti viðskiptahallans af innflutningi til stórframkvæmdanna, og var þeim hluta hans mætt með erlendum lántökum og innflutningi einkafjármagns. Opinberar lántökur á síðasta ári námu 1570 millj. kr., innflutt einkafjármagn 825 millj. kr., auk þess námu lántökur einkaaðila 220 millj. kr., en á móti þessu koma endurgreiðslur fyrri lána, er á síðasta ári námu 1030 millj. kr.

Lækkun gjaldeyrisstöðu bankanna nam miðað við gengið, er gilti meginhluta ársins 1968, um 1500 millj. kr. árið 1967, en um 850 millj. kr. árið 1968. Um síðustu áramót nam nettóstaðan 302 millj. kr. á núgildandi gengi, en til viðbótar því hafa verið tekin stutt gjaldeyrislán hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum og Evrópusjóðnum. Nam upphæð þeirra á síðasta ári 8.75 millj. dollara eða um 770 millj. kr.

Með gengisbreytingunni í nóv. 1967 var stefnt að því að draga mjög verulega úr viðskiptahallanum út á við, enda þótt óviðráðanlegar ytri orsakir kæmu í veg fyrir, að svo gæti orðið. Gengisbreytingin hafði þó tilætluð áhrif á innflutninginn, og minnkaði gjaldeyrisverðmæti almenns vöruinnflutnings um 13.5% milli 1967 og 1968. Þessi aðlögun var þó ófullnægjandi miðað við þær aðstæður, er mynduðust á árinu. Sést þetta bezt af því, að samtímis því, að útflutningsframleiðslan hafði minnkað að gjaldeyrisverðmæti niður fyrir það, er hún nam 1962, hafði almennur vöruinnflutningur aðeins minnkað niður fyrir gjaldeyrisverðmæti innflutningsins árið 1965.

Hinir gífurlegu örðugleikar í efnahagsmálum, ásamt viðleitni stjórnarvalda til þess að vinna á móti áhrifum þeirra á atvinnu- og lífskjör, hafa markað djúp spor á vettvangi peningamála. Versnandi fjárhagur ríkissjóðs, en hann var einnig rekinn með verulegum halla á s. l. ári, og versnandi hagur fjárfestingarlánasjóða og viðskiptabanka hefur komið fram í stöðu þessara aðila gagnvart Seðlabankanum. En í stórum dráttum svara samanlagðar breytingar á stöðu þessara aðila við Seðlabankann til breytinga gjaldeyrisstöðunnar. Skoðað í samhengi peningamála, hefur útstreymi fjár úr Seðlabankanum þannig verið orsök eða skilyrði fyrir rýrnun gjaldeyrisstöðunnar undanfarin tvö ár. Staða ríkissjóðs og ríkisstofnana gagnvart Seðlabankanum versnaði um 241 millj. kr. á árinu 1968. Var þó um mikla breytingu í hagstæða átt að ræða frá árinu 1967, *er staðan versnaði um 458 millj. kr., en árið 1966 hafði* staðan aftur á móti batnað verulega, eða um 331 millj. kr. Að sjálfsögðu hefði staðan versnað mun meira á

árinu 1968, ef gengisbreytingin og efnahagsaðgerðir tengdar henni hefðu ekki komið til. Staða fjárfestingarlánastofnana gagnvart Seðlabankanum versnaði um 60 millj. kr. 1968, en 192 millj. kr. 1967, en staða innlánastofnana versnaði um 297 millj. kr. 1968, en um 175 millj. kr. 1967. Alls nam óhagstæð breyting innlendra aðila gagnvart Seðlabankanum 535 millj. kr. árið 1968, en 950 millj. kr. 1967, en rýrnun gjaldeyriseigna bankans nam bæði árin mjög svipuðum upphæðum þessum, eða 553 millj. kr. 1968 og 999 millj. kr. árið 1967. Þróun sparifjármyndunar hefur svo sem vænta mátti verið óhagstæð miðað við fyrri ár. Nam aukning spariinnlána í kringum 600 millj. kr. hvort áranna 1967 og 1968 samanborið við 983 millj. kr. árið 1966.

Öllu þessu samfara hefur svo orðið verulegur atvinnubrestur víðsvegar um landið. Við þekkjum það, að fram til ársins 1967 hafði um langt árabil ekki borið á atvinnuleysi, heldur miklu fremur hinu, að skortur var á vinnuafli, nema í einstökum landshlutum, þar sem sérstakar ástæður komu til, eins og aðallega á Norðurlandi. En þar höfðu ráðstafanir verið gerðar af hálfu ríkisins og annarra aðila með skipun atvinnumálanefndar Norðurlands, sem starfaði frá 1965 og þangað til nú og öllum kemur saman um, að gert hafi verulegt gagn. Segja má, að almenn atvinnuvandkvæði hafi fyrst orðið alvarleg á vetrinum 1967–1968. Náði tala atvinnulausra, sem beinar upplýsingar tóku til, um 1200 manns í byrjun febr. 1968, en áætluð heildartala þeirra var þá um 1500 manns.

Nú má ekki skilja það svo, að hér hafi verið um algjörlega nýtt fyrirbæri að ræða, vegna þess að ýmsar breyttar ástæður gerðu það að verkum, að menn voru mun fúsari til að láta skrá sig á árinu 1968 en áður, og hið sama hefur að nokkru leyti einnig komið fram nú í vetur. Þetta atvinnuleysi, sem varð í fyrravetur, hjaðnaði þó, sem betur fer, þegar fram á veturinn leið, og hefðu hvergi orðið vandræði á síðari hluta ársins, að því er manni nú virðist, ef síldarleysið hefði ekki sagt mjög til sín, ekki einungis í þeim byggðarlögum, þar sem síldarbátarnir leggja upp, heldur hlaut það mikla tap og sá hnekkir, sem þessi atvinnuvegur varð fyrir, einnig að segja til sín um land allt, svo sem raun hefur á orðið. Og í árslok 1968 nam skráð atvinnuleysi kaupstaða og kauptúna með yfir 1000 íbúa 1340 manns. Með samanburði við aðrar heimildir um atvinnuástand hinna ýmsu staða áætlaði Efnahagsstofnunin tölu atvinnuleysingja á öllu landinu í árslok vera um 2200 manns. Var það mest á Norðurlandi, eða um ⅓ alls fjöldans.

Eftir áramót jókst þessi tala mjög og var í janúarlok talin um 5500 manns. Nú er það enginn vafi, að sjómannaverkfallið átti verulegan þátt í þessari miklu aukningu og eins því, að atvinnuleysi hélzt á ýmsum stöðum, þar sem það hefði hjaðnað með öllu, ef flotinn hefði verið gerður út með eðlilegum hætti. Á þessu stigi verður ekki fullyrt, hversu mikil áhrif lausn sjómannaverkfallsins hefur. Þau hljóta að taka nokkurn tíma, en víðast hvar mun þó brýnum vandræðum verða afstýrt með því, að flotinn stundi veiðar með eðlilegum hætti. Hitt skal játað og dylst engum, að hér í þéttbýlinu, Reykjavík og nágrenni, og eins á Norðurlandi umhverfis Akureyri, og ef til vill víðar, þá eru aðrar og flóknari ástæður, sem koma til, þannig að það er ljóst, að lausn þessa sjómannaverkfalls ein nægir ekki til að koma málunum í það horf, sem æskilegt væri. En þá er að því komið, hvaða ráðstafanir sé hægt að gera og gerðar hafi verið til þess að bæta úr atvinnuástandinu.

Ríkisstj. hefur verið ávítuð af ýmsum fyrir það að hafa aðhafzt of lítið til þess að koma í veg fyrir atvinnuleysi, bæði á árinu 1968 og það, sem af er þessu ári. Sannleikurinn er sá, að hér er um algjört öfugmæli að ræða. Ríkisstj. gerði margháttaðar ráðstafanir allt árið 1968 til þess að greiða fyrir almennri atvinnu. Það er óhætt að segja, að hvorki síldveiðar né hvalveiðar hefðu komizt af stað s. l. vor, ef ríkisstj. hefði ekki stuðlað þar að. Eins má heita öruggt, að hraðfrystiiðnaðurinn hefði gefizt upp á miðju sumri, ef ekki hefði komið til atbeini ríkisstj. Þá er ekki þess að dyljast, sem öllum er auðvitað ljóst, að gengisbreytingin nú í haust var fyrst og fremst gerð til þess að skapa atvinnuvegunum lifsskilyrði. Með gengisbreytingunni varð að gera mjög óþægilegan tekjutilflutning, sem í ýmsum tilfellum kemur harkalega niður, en var óhjákvæmilegur, ef höfuðatvinnuvegir landsmanna áttu að geta staðizt. Og án þeirrar ráðstöfunar var, eins og horfði, vonlaust, að hér yrði atvinnurekstur stundaður, ekki sjávarútvegur og, ef hann féll, þá auðvitað ekki heldur aðrir atvinnuvegir, svo að miklu næmi. Enda er það ljóst, að gengisbreytingin er ekki einungis til stórfellds hags fyrir sjálfan sjávarútveginn, heldur einnig hefur innlendur iðnaður af henni margháttað gagn. Og þegar litið er til þeirra tollalaga, sem enn eru í gildi, þá má segja, að þetta tvennt, gengisbreytingin og óbreyttir tollar, jafngildi í raun og veru innflutningsbanni á fjöldann af erlendri iðnaðarvöru, einmitt þeirri sem Íslendingar hafa átt í harðastri samkeppni við, og þegar af þeirri ástæðu, þá er tal um það, að þessi atvinnuvegur þurfi til viðbótar á beinum innflutningsbönnum að halda, á misskilningi byggt. Hitt má miklu frekar segja, að til lengdar þarf að breyta tollskránni, til þess að þessi atvinnurekstur fái eðlilegt aðhald, en ekki hreina einokunaraðstöðu. Þá má einnig minna á það í þessu sambandi, að ríkisstj. hefur bæði varðandi vissar iðngreinar, svo sem skipasmíðar, stuðlað mjög að því, að þær hefðu verkefni. Það má minna á aukin lán til smíði fiskibáta innanlands. Það má minna á þá ráðstöfun, að samið var við skipasmíðastöð á Akureyri um smíði strandferðaskipa. Hér kemur einnig margt fleira til greina, sem ég skal ekki telja upp að sinni. En það er ekki einungis fyrirgreiðsla við einstakar greinar, sem hefur átt sér stað, heldur einnig við fjölmörg fyrirtæki, þar sem reynt hefur verið að hlaupa undir bagga og stuðla að því, að þau yrðu rekin, sbr. atbeina Alþ. á s. l. ári til að greiða fyrir rekstri Norðurstjörnunnar. Loksins að ógleymdu því, sem ríkisstj. og stuðningsflokkar hennar knúðu fram við mikla andstöðu fyrir rúmlega tveimur árum, að ráðizt var í virkjun Þjórsár og hún var gerð möguleg með álbræðslusamningnum við Alusuisse. Ef ekki hefði verið ráðizt í þessi stórfyrirtæki á sínum tíma, þá mundi atvinnuástandið vissulega vera nú miklu verra, ósambærilega verra en það er.

Það hefur verið um það talað, að ríkisstj. hafi verið of

athafnalítil í því að greiða fyrir aukningu lánsfjár, þannig að bæði útgerð og iðnaður gæti notað sér þá bættu aðstöðu, sem þessir aðilar fengu við gengisbreytinguna. Ríkisstj. hefur verið í stöðugu samráði og samstarfi við Seðlabankann um lausn þessara vandamála og raunar við viðskiptabankana yfirleitt, og þá einkum ríkisbankana. Eftir að atvinnumálanefndirnar voru komnar á laggirnar, þá var endanlega lokið við ákvarðanir í samráði við atvinnumálanefnd ríkisins um mjög aukið lánsfé bæði til sjávarútvegs í framleiðslulánum, til útvegsins með útgerðarlánum og til iðnaðarins, þar sem ætlazt er til, að annars vegar Seðlabankinn, en hins vegar viðskiptabankarnir leggist á eitt um að greiða fyrir eðlilegri starfsemi, eðlilegri lánsfjárútvegun, svo að atvinnufyrirtæki þurfi ekki að stöðvast af þeim sökum.

Hitt á auðvitað ekki að dyljast, að hér er örðugt um vik, sbr. atriði úr þeirri skýrslu, sem ég las áðan, varðandi lakari aðstöðu Seðlabankans nú en áður var. Hann hefur auðvitað yfir mun minna fjármagni að ráða einmitt sökum þessara almennu örðugleika, sem yfir okkur hafa dunið, og þó að hann hafi fengið stuðning erlendra lánsfjárstofnana, þá ber honum skylda til að halda þannig á, að lánsfé verði ekki til að gera örðugra það, sem okkur er lífsnauðsyn, að stórminnka viðskiptahallann á árinu 1969 frá því, sem var 1968. Það eitt að veita lánsfé hér innanlands dugar auðvitað ekki, ef við megnum ekki á tiltölulega skömmum tíma að ná jafnvægi út á við. Hið góða traust, sem Ísland nýtur erlendis ásamt þátttöku í alþjóðlegum stofnunum, gerir það mögulegt, að við getum fengið lán til þess að fleyta okkur yfir, án of mikilla skerðinga innanlands, slíka örðugleika, sem við höfum nú lent í. Hér sem ella verður að gæta þess, að að lokum þurfum við sjálfir að greiða það fé, sem við fáum lánað í þessu skyni, og þess vegna verður að halda á með fullri varúð. Ég hygg, að það verði ekki með rökum á það bent, að í þessu hafi ekki verið gert mjög verulegt átak. Hitt er annað mál, að meðan útgerð gat ekki átt sér stað sökum verkfallsins, þá komu hin auknu útlán bankanna til útgerðar og til fiskvinnslustöðva ekki að gagni. Ef atvinnurekstur inn stöðvast af annarlegum ástæðum, þá stoða engar slíkar ráðstafanir til að bæta úr vandanum. Slíkt verkfall hefur auðvitað ekki einungis áhrif á þá, sem eru í því sjálfir, heldur lamar það athafnaþrek og kaupgetu margfalt fleiri en beinir aðilar eru að. Þess vegna var það eitt af meginverkefnum til þess að auka atvinnu, ekki einungis þeirra, sem áttu hlut að máli, heldur landsmanna yfirleitt, að leysa þetta verkfall. Um þann vanda var rætt hér fyrr í þessari viku, og ég skal ekki rifja þær umræður upp nú að neinu verulegu leyti. Ég minni einungis á það, að sem betur fer, þá reyndust þeir hv. þm. ekki sannspáir, sem fyrir jólin fullyrtu, að sjávarútvegsl. sem þá voru til meðferðar mundu verða brotin á bak aftur af launþegasamtökum. Þvert á móti sýndu allar samningaviðræðurnar, að þær fóru fram á grundvelli þessara l. og með skilningi allra aðila á óhjákvæmilegri nauðsyn þeirrar lagasetningar. Hitt var svo allt annað mál og engin nýjung, að á þessum grundvelli og innan þessa ramma reyndi hver aðili að fá sem mest í sinn hlut. Slíkt er engin nýjung og ekki við því að búast, að þvílíkur vandi verði skyndilega leystur, þó að enn megi segja, að vissulega var furðulegt og að sumu leyti ekki til hlítar skiljanlegt, að ekki skyldi takast að leysa þetta verkfall fyrr en raun varð á. Og ekki er fyrir það að synja, að þar hafi einhver annarleg öfl verið að verki.

Ég drap á það áður, að hér væru komnar atvinnumálanefndir. Þær hafa verið settar upp að samráði og tillögu verkalýðshreyfingarinnar og vinnuveitendasamtakanna. Ríkisstj. hefur stundum verið ávítuð fyrir það, að hún hafi þarna verið of sein í vöfum. Þetta er líka fullkominn misskilningur. Ríkisstj. skrifaði strax og tilefni gafst aðilum og óskaði eftir samstarfi við þá meðal annars um aðgerðir til að bæta úr atvinnuörðugleikum. Það tók hins vegar aðila langan tíma að koma sér saman innbyrðis, í fyrsta lagi sín á milli um það, hvort þeir ættu að taka upp slíkar viðræður við ríkisstj., síðan innbyrðis á milli þessara heildar almannasamtaka, með hverjum hætti þetta ætti að verða gert. Stóð þar miklu lengur á en þeim stutta fresti nam, sem ríkisstj. þurfti með eðlilegum hætti að hafa til þess að skoða málið af sinni hálfu, eftir að það var komið til hennar á ný. Nú eru þessar n. teknar til starfa, bæði hver í sínu héraði og atvinnumálanefnd ríkisins hér í bænum. Ég vil fullyrða, að þessar n. hafi nú þegar ráðið fram úr ýmsum málum, sem sum hafa verulega þýðingu, staðbundna að vísu. Önnur þýðingarmikil mál eru til meðferðar, þó að heildarúthlutun þess fjár, sem tryggt hefur verið, 300 millj. kr., hljóti með eðlilegum hætti að taka nokkurn tíma og ekkert sé hægt að gera fyrr en heildaryfirlit hefur fengizt, bæði miðað við þörf og till. og umsagnir úr hinum ýmsu héruðum og eins skoðun verkefnisins, hversu mikið það er, eftir að sjómannadeilunni lýkur. En ég hygg, að allir aðilar geti með nokkurri bjartsýni horft fram til starfs þessarar n., hún hafi þegar gefið loforð um góða raun. Samstarf þar hefur enn verið með ágætum. Hitt er svo annað mál, að slíkar ráðstafanir leysa auðvitað aldrei til heildar þann meginvanda, sem við er að etja. Það eru hinar almennu ástæður, hinar almennu efnahagsráðstafanir, afli, verðlag erlendis og hvernig við bregðumst við slíkum ytri aðstæðum, sem gera það að verkum, hvort atvinnuástand hér helzt sæmilegt til frambúðar eða ekki, eða e. t. v. er öllu réttara að komast þannig að orði, hvort okkur tekst að koma því í sæmilegt horf nú og halda því svo til frambúðar eða ekki. Það verður ekki gert með slíkum ráðstöfunum, sem ég nú drap á, þó að þær geti haft sitt mjög mikla gildi til þess að koma mönnum yfir erfið tímabil. Þess vegna gefa þessar ráðstafanir eins og ég segi tilefni til hóflegrar bjartsýni. En einnig varðandi ráðstöfun slíks fjár er auðvitað nú um að gera að verja því sem mest til þess, sem gefur beinan arð og getur bætt aðstöðu þjóðarheildarinnar inn á við og út á við, bætt gjaldeyrisjöfnuðinn út á við og skapað skilyrði fyrir endurbættum lífsskilyrðum innanlands. Þess vegna er það mjög mikils vert, að samkomulag varð um það milli allra aðila, að hér ætti einkum að leggja áherzlu á að útvega lán og veita fyrirgreiðslu til arðbærs atvinnurekstrar.

Við mundum einnig blekkja okkur mjög, ef við sæjum ekki af því, sem nú hefur gerzt, að þótt það taki langan tíma og ráði ekki fram úr bráðabirgðavandræðum okkar þá er það höfuðnauðsyn hvort tveggja að

efla samvinnu við aðrar þjóðir, þannig að við einangrumst ekki frá þeim í viðskiptaefnum og verðum ekki vegna tollmúra annarra lokaðir frá viðskiptum við aðra, og eins að fá samvinnu annarra til þess að hagnýta auðlindir landsins til hlítar, okkur sjálfum til gagns.

Það er nú orðið berara en nokkru sinni fyrr, að atvinnulíf okkar er of einhæft. Það er einnig tómt mál að tala um það, að úr því eigi að bæta með því að auka úrvinnslu íslenzkra afurða hér innanlands. Þetta er sjálfsagt og um það er ekki deilt, að þetta er nauðsynlegt. En það eru annmarkar á þessu, *því að svo kann að* vera um sumt, að úr vörunni þurfi að vinna í öðrum löndum til þess að hún sé seljanleg þar. Það getur verið, að ef úr vörunni er unnið hér, lendi hún í tollaflokkum, þannig að hún útilokist með öllu frá. útflutningi til annarra landa. Eins er það, að ef aflabrestur verður, eins og við höfum nú sárlega fengið að kenna á, þá bitnar hann auðvitað á og kemur fram ekki síður í vöru, sem unnið er úr hér innanlands, þótt hún sé flutt út tiltölulega *lítt unnin, samanber* þá örðugleika, sem Norðurstjarnan á við að etja sökum hráefnaskorts, samanber þá örðugleika, sem niðurlagningar- og niðursuðuverksmiðjur á Norðurlandi, bæði á Akureyri og Siglufirði, hafa átt við að etja vegna hráefnaskorts. Þess vegna er það höfuðnauðsyn, og algjörlega óhjákvæmilegt, að markvisst verði að því unnið, að við gerum stórátök, stærri en nokkru sinni fyrr, til þess að hagnýta allar auðlindir landsins. Aðrar Evrópuþjóðir, og þær, sem okkur eru tengdastar og skyldastar, eru í þessum efnum áratugum á undan okkur. Allir skynibornir menn í þeim löndum segja, að samvinna við aðra erlenda aðila um slíka iðnvæðingu í þeirra löndum hafi síður en svo orðið þjóðunum til ills, heldur hin mesta lyftistöng fyrir þeirra atvinnuvegi. Eins er það með samvinnu við önnur lönd, sem við ræddum hér lítillega s. l. miðvikudag, en verulegur misskilningur kom fram hjá sumum um þýðingu þess mikla máls. Það er t. d. síður en svo, að það þurfi að spilla okkar viðskiptum við Bandaríkin, þó að við gerumst aðilar að fríverzlunarbandalagi eins og EFTA. Við útilokumst engan veginn frá Bandaríkjamarkaði af þessum sökum, og við erum ekki að gera okkur sjálfa háðari EFTA-markaðinum, þó að við gerum ráðstafanir til þess að sleppa við þær álögur, sem koma fram í beinni tekjurýrnun hjá okkur nú þegar, en munu gera í vaxandi mæli, ef við stöndum utan við EFTA. Það er t. d. ljóst, og hefur verið síðustu ár svo, að ef við þurfum að selja síldarlýsi til Bretlands, þá er hagkvæmara að selja það yfir Danmörku, vegna þess að Danir geta flutt það tolllaust yfir til Bretlands, sem við getum ekki. En vitanlega taka Danir bróðurpartinn af þeim ágóða, sem við slíkt fæst. Þá er það *einnig, ég vil skjóta því inn*, – algjör misskilningur, sem kom fram, um hina væntanlegu auknu samvinnu Norðurlanda, að til hennar sé stofnað í því skyni að kljúfa EFTA-samtökin, kljúfa þau í tvennt. Það er mjög athyglisvert, að einmitt í þessari viku er það haft eftir forsrh. Finnlands, að hann leggi höfuðáherzlu á að koma þessari Norðurlandasamvinnu á – NORDEK – til að halda því, sem áunnizt hafi með EFTA, til þess að EFTA geti haldið sínu samstarfi ótruflað, hvað sem verði um þátttöku sumra aðildarríkjanna í öðrum samtökum. Þetta er hans skilningur á því viðfangsefni.

Við komumst ekki hjá því að gera okkur grein fyrir þýðingu þessara alþjóðlegu samtaka *fyrir okkur*, þegar til lengdar lætur, ef við ætlum og reynum að tryggja hér öruggara og betra atvinnulíf en við höfum átt við að búa áður. Íslendingar eru ekki fremur í þessu en öðru undantekning frá því, sem hvarvetna á sér stað.

Ég vildi einnig minnast á það, sem stundum er sagt, að þegar ríkið hafi með ráðstöfun eins og gengislækkuninni miðað að því að skerða hlut annarra, gæti þess ekki nóg í þess eigin aðgerðum og framkvæmdum. *Skattar séu ekki lækkaðir, hvorki beinir né tollar, og* kröfur ríkisins á hendur almenningi haldist hinar sömu og áður. Að þessu var vikið í þeirri grg., sem ég las upp áðan. Það er rétt, að hin svokallaða samneyzla, þ. e. a. s. framkvæmdir ríkis og sveitarfélaga hafa vaxið lítillega, þó ekki hlutfallslega eins mikið og áður, þegar framkvæmdir annarra aðila hafa minnkað. Þetta kann að koma kynlega fyrir og er þess vert, að um það sé rætt frekara en oft vill verða. Nú hafa að vísu víðtækar ráðstafanir verið gerðar til þess, bæði í fyrra og nú, að draga úr þenslunni, þannig að hún er eins og ég sagði, ekki eins ör og áður. En engu að síður er þarna haldið áfram miklum framkvæmdum. En mundu borgararnir sætta sig við það og una því, að dregið væri úr ráðstöfunum til aukningar heilbrigðis, til löggæzlu, til samgöngumála, til skóla og menningar fyrr en í síðustu lög? Mundu menn ekki þvert á móti segja, að ríkinu bæri skylda til á samdráttartímum að reyna að halda sem flestum í sinni þjónustu, að auka ekki með beinum uppsögnum á mannafla á hóp atvinnuleysingja? Ég hygg, að flestir átti sig á þessu, þegar þeir skoða málið. Ríkið stendur fyrir þeim grundvallarframkvæmdum og fullnægir þeim frumkröfum þjóðfélagsins, sem eru miklu síður sveigjanlegar en þær kröfur, sem hver einstaklingur gerir sér til handa. Þess vegna mundi það hafa ósegjanlegar afleiðingar og verða til að auka á vandræði, ef harkalega væri dregið úr framkvæmdum hjá ríkinu eða samdráttur ætti sér stað í þeirri lífsnauðsynlegu starfsemi, sem það annast sannast að segja oft við ótrúlega erfið skilyrði og frumstæð, miðað við það, sem víða annars staðar er, – en menn láta sér hér þó nægja vegna þess, að þeir skilja okkar sérstöðu í þessum efnum.

Nú er það ljóst, að gengislækkunin, sem nú þegar hefur skapað sjávarútvegi, iðnaði og ýmissi annarri þjónustustarfsemi, svo sem flugfélögum vegna aukinna mannflutninga og þjónustu innanlands og eins gistihúsarekstri, möguleika, sem þessir aðilar hafa ekki haft um langt bil áður, – þessi ráðstöfun getur orðið gagnslaus, ef menn kunna sér ekki hóf, ef menn gera sér ekki grein fyrir því, að ráðstöfunin er gerð vegna þess, að þjóðarheildin hefur minna fé handa á milli en áður var. Þess vegna er það þýðingarlaust og bitnar á mönnum sjálfum, áður en yfir lýkur, ef hver og einn segir: Ég vil hafa jafngóð kjör og þau voru bezt, þegar bezt lét í þjóðfélaginu. Ég uni engri kjaraskerðingu frá því, sem þá var. Erfiðleikar okkar núna eru ekki meiri en svo, eins og sagt hefur verið af sumum hv. stjórnarandstæðingum, að þjóðartekjur okkar eru núna sambærilegar við það, jafnvel eftir áföll tveggja ára, sem þær voru fyrir 6–7 árum. – En skerðingin, sem menn þurfa að taka á sig til þess að sleppa úr þessum vandræðum,

er þá heldur ekki meiri en svo, að sætti menn sig við svipuð og þó vonandi ívið betri kjör en þjóðin hafði á þessum árum, ef menn vilja taka afleiðingunum af skerðingunni, þá er vandinn leystur.

Einmitt vegna þess að atvinnuvegirnir hafa jafnóðum látið allan almenning, launþega og aðra, njóta góðs af þeim auknu tekjum, sem þeir fluttu í þjóðarbúið, þá verður almenningur að taka á sig sams konar eða svipaða skerðingu eins og atvinnuvegirnir í heild þannig að menn geri sér grein fyrir, að með svipuðum hætti eins og þjóðarframleiðslan, þjóðartekjurnar á mann eru nú svipaðar því, sem var á árunum 1962, 1963, þá mundi allur okkar vandi leystur, ef menn, hver og einn, una við svipaðan hlut og menn þá höfðu. Og það er síður en svo, að sá hlutur sé í eðli sínu smár. Þrátt fyrir það mundi Ísland vera í hópi þeirra landa, sem geta boðið sínum þegnum einna bezt lífskjör. Við mundum ekki vera jafnframarlega í hópnum eins og við vorum á árunum 1965 og 1966 og framan af 1967. Það er rétt, en við mundum vera meðal þeirra þjóða, sem við bezt lífskjör eiga að búa.

Meðan við búum við þær sveiflur í atvinnulífi, sem við gerum, verðum við að vera reiðubúnir til þess að taka á okkur óþægindin af þeim sveiflum, og fátt er í raun og veru fráleitara en þegar sumir segja: Þetta kemur af því, að við treystum of mikið á síldarævintýrið og annað slíkt, – eins og þjóðin væri nú betur á vegi stödd, ef hún hefði ekki ausið upp úr þeirri miklu auðsuppsprettu sem gert var á þessum árum. Nei, einmitt á þessum árum öðluðust margir ýmisleg tæki og þægindi, sem þeir halda áfram að njóta og eru þess vegna miklu betur undir erfiðleikana búnir nú en áður var, ef menn fást til þess að skoða þetta eins og það er í raun og veru. Hitt skulum við svo játa, að það er alltaf erfitt að sætta sig við það að fá minna í hlut en áður var. En hvort sem mönnum þykir það erfitt eða erfitt ekki, þá er það óhjákvæmileg staðreynd, að svo verða menn að gera. Spurningin er sú: Vilja menn gera það á þann veg, að allt lendi í upplausn og vandræðum, eða vilja þeir gera það af forsjá og hyggindum, þannig að við getum sem fyrst komizt úr þeim erfiðleikum, sem við nú erum í, og sótt fram til betri og blómlegri tíma.

Ólafur Jóhannesson: Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. forsrh. fyrir þá skýrslu um efnahagsmálin, sem hann hefur flutt. Ég hygg, að það sé mjög gagnlegt, að ráðh. flytji öðru hverju skýrslur um mikilvæg málefni í þinginu og um þær geti síðan farið fram almennar umr. Sá háttur er á hafður að því er ég bezt veit víða á þingum. Hann hefur því miður lítið verið tíðkaður hér til þessa. Það væri þó full ástæða til þess, að hér væri flutt skýrsla af hendi ráðh. um ýmsa mikilvæga málaflokka og að umr. færu fram um þá skýrslu á eftir. Ég nefni t. d. utanríkismálin, en auðvitað ætti að vera fastur liður á hverju einu einasta þingi, að utanrrh. gerði grein fyrir meðferð utanríkismála og að þm. ættu þess kost að ræða þau málefni, að ég nú ekki nefni menntamálin. Það væri ástæða til þess, að hæstv. menntmrh. gæfi Alþingi skýrslu um það himinhrópandi öngþveitisástand, sem mennta- og skólamál landsins eru í um þessar mundir. Og það væri ekki vanþörf á því, að hv. alþm. fengju tækifæri til þess að ræða þau málefni í heild. (**Menntmrh.:** Það er samþykkt strax.) Ja, það er gott. En það er aðeins eitt. Menn þurfa að standa við það, sem þeir segja.

Það er þess vegna út af fyrir sig þakkarvert, að hæstv. forsrh. hefur flutt þessa skýrslu um efnahagsmálin. Ég verð þó að segja, að ég teldi heppilegra að hafa nokkuð annan hátt á flutningi þeirrar skýrslu en áðan var á hafður. Ég teldi það heppilegra, að útbýtt væri áður á meðal þm. þeirri skýrslu frá embættismönnum, sem hæstv. forsrh. las upp áðan, og síðan héldi hann svo sína framsöguræðu um hana og út af henni, vegna þess að það má heita ógerlegt að taka slíka skýrslu eins og þá, sem hann las upp hér áðan, þar sem úði og grúði af alls kyns tölum, til umr. í einstökum atriðum, nema hafa hana við hendina. Ég hygg, að hæstv. ráðh. gæti í þessu efni lært af kollega sínum, hæstv. landbrh., sem hefur haft þann háttinn á að því er varðar skýrslu um samgöngumál að dreifa henni hér út á meðal þm. og flytja síðan skýrslu um hana á eftir.

Það er vissulega svo, að efnahagsmálin eru nú svo stór og mikil vandamál, að það er alveg lágmarkskrafa, að Alþ. fái að fylgjast með í þeim málum út í æsar. Og það eru mál, sem varða alla. Það eru mál, sem öll þjóðin lætur sig skipta, og hún á fyllsta rétt til, að um sé rætt fyrir opnum tjöldum og hún hafi tækifæri til þess að fylgjast með þeim í hverri grein. Ég tel að það mundi vera til bóta, að þeir starfshættir væru hér upp teknir, að stjórnarandstöðunni væri veittur greiðari aðgangur en tíðkazt hefur að þeim embættismönnum, sem sýsla með þessi málefni. Ég held, að það gæti leitt til þess, að eytt væri ýmiss konar tortryggni og ýmiss konar misskilningi. Ég held, að í þessu efni þyrfti að taka upp ný og betri vinnubrögð, því að auðvitað er það svo, að þessar stofnanir, sem að þessum málum vinna eins og Efnahagsmálastofnun og aðrar slíkar, eru ekki aðeins stofnanir stjórnarinnar. Þær eru stofnanir þjóðarinnar allrar og eiga að vera til þjónustu ekkert síður fyrir stjórnarandstöðu en ríkisstj. sjálfa.

Það er annars svo, að þegar á að ræða um efnahagsmálin, er af mörgu að taka. Og auðvitað gæfi og gefur skýrsla hæstv. forsh. tilefni til þess að fara nokkuð vítt og breitt í þeim efnum. Ég mun þó nokkuð reyna að takmarka mig, og ég mun sérstaklega víkja að þeim þáttum efnahagsmálanna, sem mér þykja einna alvarlegastir um þessar mundir. Og það eru erlendu skuldirnar, skuldir þjóðarinnar við útlönd og atvinnuástandið. Um það bil, sem gengisfellingin var framkvæmd, munu skuldir þjóðarinnar við útlönd hafa numið um það bil 8–9 milljörðum kr. á gamla genginu eða um 12½ milljarði á því nýja gildandi gengi. Það er um 60 þús. kr. á hvert einasta mannsbarn í landinu. Það er geigvænleg skuldabyrði. Það er talið, að í vexti og afborganir af þessum skuldum mundu fara um 15% af öllum gjaldeyristekjum af útflutningi og þjónustu. Á s.l. ári og árinu 1967 varð stórkostlegur halli á viðskiptunum við útlönd, eins og hæstv. forsrh. gerði grein fyrir og las upp tölur þar um. Eins og menn heyrðu af þeim tölum, nam viðskiptahallinn á hvoru ári fyrir sig talsvert yfir 2 milljörðum kr. hvort árið um sig, þannig að halli þessara tveggja ára nemur samtals mörgum hundruðum millj. kr. og hann át upp hinn svonefnda

gjaldeyrisvarasjóð, sem var þó vitaskuld aldrei neinn raunverulegur varasjóður vegna þess, að hann var myndaður með því að taka lán erlendis.

Það er eðlilegt, að menn spyrji, hvernig verði staðið í framtíðinni undir þessari skuldabyrði. Það er eðlilegt, að menn spyrji, hvernig verði staðið undir þeim böggum, sem þannig hafa verið lagðir á framtíðina. Og enn er haldið áfram að taka erlend lán. Hvað ætli sé lengi hægt að halda áfram á þeirri braut? Það upplýsti hæstv. forsrh. hér áðan, að eftir að gengisfellingin var framkvæmd og fram til áramóta, hefðu verið tekin lán, að mér skildist að upphæð 770 millj. kr., þannig að þó að það sé sagt, að gjaldeyrisstaðan hafi verið nettó um 302 millj. um áramót, er það í mesta máta villandi, því að til þess að ná þeirri stöðu varð sem sagt, að mér skilst að taka lán erlendis, sem nemur 770 millj. kr., þannig að það er lýðum ljóst, að eftir gengisfellinguna hefur enn þá haldið áfram að síga á ógæfuhlið í þessu efni fram að áramótum. Og hvað hefur svo gerzt eftir áramótin? Hafa ekki verið tekin erlend lán eftir áramót? Ég held, að það sé ástæða til þess að spyrja og fá það alveg upplýst hér, og það hlýtur hæstv. fjmrh. að geta gefið greið svör um, hvað hafa erlendu skuldirnar, skuldir þjóðarinnar við útlönd, hækkað mikið eftir gengisfellingu? Hvað hafa mörg ný og hve há lán verið tekin á þessu tímabili erlendis?

Ég vil engan veginn segja það, að þau erlendu lán, sem síðan hafa verið tekin erlendis, hafi verið ónauðsynleg. En ég tek undir þau spámannlegu orð, sem hæstv. forsrh. lét falla hér áðan og reyndar flestum ætti að vera ljóst, að við þurfum að borga öll lán, sem við tökum erlendis. Og ég held, að í þessum efnum sé þannig orðið ástatt, að það verði að fara að segja stopp, hingað og ekki lengra. Við ættum að þekkja það, Íslendingar, af skuldamálunum innanlands nú á tímum, hversu erfitt getur reynzt að standa í skilum, þó að teknum lánum hafi verið varið til þarflegra hluta.

Ég skal ekki spá um það, hver gjaldeyrisstaðan kann að verða á þessu ári. Það er líklegt, að innflutningur dragist saman vegna minnkandi kaupgetu, en þá má spyrja, hvernig fari um hag ríkissjóðs, þó að hann hafi vitaskuld fengið stórauknar tekjur vegna gengisbreytingarinnar, þar eð tolltekjur hans hljóta að hafa aukizt mjög stórkostlega vegna hennar. En þá getur farið svo, vegna þess að innflutningurinn dregst saman, að tekjur ríkissjóðs verði minni en við mætti búast. Um það væri þarflegt að fá skýrslu í þessum umr. um efnahagsmál, hvernig horfir í þeim efnum, og spyrja að því, hvort ekki hafi verið gerð nú innflutningsáætlun og hvernig það líti út með þá innflutningsáætlun á þessu ári. Og það hljóta hæstv. viðskmrh. eða fjmrh. að geta upplýst.

Ég ætla ekki að fara svo mjög út í það, a. m. k. ekki á þessu stigi, sem hæstv. forsrh. sagði hér um gengisfellinguna og þann hagsauka, sem af henni mundi stafa. En hann tíundaði ýmsa hluti henni til gildis, og ég hygg, að hann hafi þar ekkert dregið undan, sem unnt var að tína fram. En það eru margir póstar, sem koma útgjaldamegin þar á móti, og án þess að ég ætli að fara lengra út í þá sálma á þessu stigi, hefði ég nú satt að segja haldið, að ríkisstj. væri búin að læra það á þessum tíma, að gengisfelling er ekki það bjargráð, sem sumir hverjir hafa viljað vera láta, að hún væri búin að læra það, að það er ekki hægt að stjórna landi, svo að vel fari með síendurteknum gengisfellingum. Það er útilokað. Það verður aldrei neitt öryggi í efnahagslífi þjóðar, ef þannig er á haldið. Gengislækkun býður alltaf heim verðbólgubylgju, nema því fleiri hliðarráðstafanir séu gerðar og við völd sé stjórn, sem getur stjórnað.

Það var fyrirsjáanlegt s. l. haust, að alvarlegt atvinnuleysi væri framundan, ef ekki væri þá þegar gerðar stjórnarráðstafanir til að bægja því frá. Ástandið í atvinnumálunum var þannig, staða atvinnuveganna og atvinnufyrirtækjanna var þannig og sú þróun, sem átt hafði sér stað frá því á árinu 1967, gaf um þetta ótvíræðar bendingar, því að einmitt þá, á vetrinum 1967–1968, hóf atvinnuleysið aftur innreið sína hér á Íslandi, eins og hæstv. forsrh. gerði grein fyrir í málflutningi sínum áðan.

Ég ætla ekkert að fara að rifja það upp hér, hvaða ástæður lágu einkanlega til þess, að svo var komið sem komið var s. l. haust. En sannleikurinn er auðvitað sá, eins og hvert mannsbarn veit, að sumpart lágu til þess óviðráðanlegar ástæður, en sumpart lágu til þess sjálfskaparvíti, þ. e. a. s. röng og misheppnuð efnahagsmálastefna vegna þess, eins og sérlega bert varð af því, sem hæstv. forsrh. sagði hér áðan um samanburð ársins í fyrra og nú og svo aftur áranna fyrir 6–7 árum síðan, að þá hefði ekki komið til neinna vandræða hér, ef tekizt hefði að halda verðbólguþróun í sæmilegum skefjum á þessu tímabili, eins og ríkisstj. hafði heitið að gera og hafði að sínu fyrsta og efsta stefnuskrárboði. Auðvitað átti hin lélega síldarvertíð s. l. sumar sinn þátt í vandræðunum, sem fyrirsjáanleg voru s. l. haust og jók mjög á þann vanda. En vissulega var það fleira, sem kom til. Vissulega hafði hinn óhefti innflutningur á hvers konar iðnaðarvarningi átt sinn þátt í því að kippa fótum undan ýmsum iðnaðarfyrirtækjum hér á landi og kreppa að þeim og valda því, að atvinna iðnaðarmanna hafði dregizt saman. Vitaskuld hafði fjármagnsskortur fyrirtækja átt sinn þátt í því, hversu höllum fæti þau stóðu og því, að þau hafa orðið að rifa seglin og draga saman og fækka fólki. Sannleikurinn er sá, að fjármagnsskortur varð þeim flestum fjötur um fót. Samdráttur blasti við í ýmsum atvinnugreinum, t. d. í iðnaðinum og þá alveg sérstaklega í byggingariðnaðinum. Lauslegar athuganir á atvinnuástandi, sem fram fóru þá víðs vegar um landið, sýndu, að í ýmsum þorpum og sjávarplássum var ástandið þá þegar mjög slæmt s. l. haust, og á mörgum stöðum blasti atvinnuleysi við á næsta leiti. Á nokkrum stöðum á Vestur- og Norðurlandi t. d. var það þannig, að aðalatvinnufyrirtæki á staðnum, hraðfrystihúsið, var stöðvað eða var í þann veginn að stöðvast, ýmist vegna rekstrarfjárerfiðleika eða hráefnaskorts eða af enn öðrum vandræðum. Þetta allt mætti rifja upp miklu nánar með skýrslum og dæmum, en ég sé ekki ástæðu til þess, a. m. k. ekki að svo stöddu, því að þetta er öllum hv. alþm. í fersku minni.

Það lá sem sagt alveg ljóst fyrir s. l. haust, að alvarlegt og stórkostlegt atvinnuleysi væri framundan, ef ekki tækist strax að blása nýju fjöri í atvinnulífið. Það var alveg auðsætt, að slíkt mundi ekki gerast af sjálfu sér. Það þurfti að gera sérstakar ráðstafanir til atvinnuaukningar, og þær ráðstafanir þurftu að vera tvenns

konar. Annars vegar þurftu til að koma skjótvirk bráðabirgðaúrræði, og hins vegar þurftu að eiga sér stað varanlegri ráðstafanir með framtíðina fyrir augum. En auk þess var svo alveg fyrirsjáanlegt, að á tilteknum stöðum þyrfti að gera alveg sérstakar ráðstafanir til þess að koma atvinnurekstri í gang. En nauðsynlegar ráðstafanir voru ekki gerðar á s. l. hausti. Það er alveg rétt, sem hæstv. forsrh. var að tíunda hér áðan og engin ástæða til að vanmeta það eða gera lítið úr því, að s. l. sumar gerði ríkisstj. eða beitti sér fyrir því, að gerðar væru vissar ráðstafanir, sem til góðs horfðu og nauðsynlegar voru eins og t. d. þær að taka þá ábyrgð varðandi síldarútveginn, sem óhjákvæmilegt var, eins og þá stóð á, og eins þá fyrirgreiðslu, sem hún beitti sér fyrir gagnvart frystihúsum. En þær ráðstafanir, sem gerðar voru s. l. sumar, breyttu því ekkert, að þannig var ástandið s. l. haust eins og ég hef verið að reyna að lýsa því og sem blasti við öllum mönnum, sem vildu hafa augun opin. Ég sagði, að ekkert hefði verið gert. Og þó, það er ekki rétt. Gengið var fellt. Þeir, sem að því stóðu, virtust hafa þá trú, að gengisbreytingin væri allra meina bót, og hún mundi bæta stöðu atvinnuveganna, hún mundi hleypa nýju fjöri í atvinnulífið og hún mundi fá hjól atvinnulífsins, sem höfðu stöðvazt, til þess að snúast á nýjan leik. Ríkisstj. átti sína spámenn og hún trúði sínum spámönnum. Það er afsakanlegt, en sú afsökun dugar ekki lengur. Það liggur nefnilega alveg ljóst fyrir nú þegar, að þetta dæmi varðandi gengisfellinguna var allt skakkt reiknað. Og það hefði þó átt að vera auðreiknað vegna þess, að við alveg sambærilega reynslu var að styðjast vegna gengisfellingarinnar, sem framkvæmd var 1967. Það var ekki nokkur minnsta ástæða til að ætla, að gengisfelling, sem framkvæmd var 1968 undir sömu kringumstæðum og með sama hætti, mundi bera meiri árangur en gengisfellingin 1967 eða mundi hafa aðrar afleiðingar. Og þær spár, sem þá voru bornar fram 1967 af talsmönnum gengisfellingarinnar, þar sem sagt var, að hún mundi blása nýju lífi í atvinnuvegi, skapa traust á krónunni og bjartsýni og hleypa nýju lífi í iðnaðinn og hvers konar atvinnugreinar, rættust nú ekki. Og spár manna, sem beittu sér fyrir gengislækkuninni nú s. l. haust, virðast ekki ætla að rætast betur. Gengislækkunin reynist ekki nú fremur en fyrri daginn það bjargráð, sem talsmenn hennar hafa viljað vera láta. Auðvitað skal því ekki neitað, að aðstaða sumra atvinnugreina batnar og hefur batnað við gengisbreytinguna. Það liggur í augum uppi. En aftur á móti horfir þetta öðru vísi við gagnvart öðrum atvinnugreinum, og það er með öllu óvíst, hver útkoman verður, þegar allt dæmið er gert upp. En hvað sem því líður, er þó eitt alveg víst og liggur á borðinu og verður ekki deilt um, og það er það höfuðefni, sem ég er að tala um: Gengislækkunin megnaði ekki að bægja atvinnuleysinu frá dyrum þessarar þjóðar. Gengislækkunin og hennar fylgifiskar sköpuðu þvert á móti ný vandamál, sem hafa átt sinn þátt í að auka atvinnuleysið.

Það mátti vera öllum raunsæjum mönnum ljóst, að þrátt fyrir gengisbreytinguna þurfti að gera sérstakar ráðstafanir til atvinnueflingar. Í útvarpsumr. um vantraust á ríkisstj., sem fram fór skömmu eftir gengisfellinguna, lét ég m. a. svo um mælt með leyfi forseta: „Gengisfellingin er staðreynd. Frá henni verður ekki horfið, en nú skiptir mestu í bili, að gengislækkuninni sé mætt með skynsamlegum ráðstöfunum til að draga úr kjaraskerðingu og þá sérstaklega hjá þeim verst settu. Það þarf að gera margvíslegar hliðarráðstafanir, ef hér á að afstýra hreinu neyðarástandi. Umfram allt þarf strax, alveg strax, að gera raunhæfar ráðstafanir til atvinnuaukningar, ekki aðeins í Reykjavík og nágrenni, heldur og hvarvetna, þar sem atvinnuleysisplágan herjar.“ Þessum ábendingum mínum og annarra var því miður ekki sinnt. Það voru aðeins gerðar óverulegar hliðarráðstafanir til að draga úr kjaraskerðingunni, eins og t. d. varðandi tryggingarnar, sem ég vil þó á engan hátt gera lítið úr. En engar, alls engar ráðstafanir voru þá þegar gerðar til atvinnuaukningar. Allt var látið reka á reiðanum, og það er það, sem ég held, að megi sérstaklega finna að núv. hæstv. ríkisstj., það, hve hún hefur verið svifasein til ýmiss konar úrbóta. Þess vegna hefur það alltaf orðið svo, að þegar hún loksins hefur reynt að grípa í taumana, stundum tilneydd vegna samninga og þrýstings af hálfu stéttarfélaga, þá hefur vandinn verið orðinn miklu stærri en hann hefði verið, ef ráðizt hefði verið gegn honum í tæka tíð. Við framsóknarmenn fluttum hér á þingi fyrir jólin ýmsar till., sem miðuðu í þá átt að bæta stöðu atvinnuvega og efla atvinnuástand, létta byrðum af atvinnuvegum og koma í veg fyrir atvinnuleysi. Ég skal ekki hér fara langt út í það að rifja þau mál upp, af því að hv. þm. ættu að vera þau kunnug. En ég vil nefna það t. d., að við fluttum frv. um atvinnumálastofnun, fjárfestingu og gjaldeyrisnotkun. Í þessu frv. er lagt til að koma á sérstakri stofnun, atvinnumálastofnun á vegum ríkisins, og henni eru ætluð tiltekin hlutverk og þá m. a. það að beita sér fyrir ráðstöfunum til að auka atvinnuöryggi í öllum byggðarlögum landsins. Henni er enn fremur ætlað það hlutverk að hafa forgöngu um gerð framkvæmdaáætlana á sviði atvinnulífsins og þ. á m. um atvinnuuppbyggingu einstakra landshluta. Henni var ætlað það hlutverk að semja áætlanir til langs tíma um þróun atvinnuveganna og marka stefnuna í atvinnumálum þjóðarinnar, og henni var síðast en ekki sízt ætlað að hafa það hlutverk að hafa á hendi heildarstjórn fjárfestingar- og gjaldeyrismála og þá einkum með því að setja um þau almennar reglur. En ég held, að það geti engum blandazt hugur um það, að handahófsleg fjárfesting og skipulagsleysi á undanförnum árum á vissulega sinn þátt í því, hvernig komið er fyrir atvinnuvegunum hér á landi, svo og hóflaus og skipulagslaus innflutningur, sem í mörgum tilfellum hefur keppt við innlenda iðnaðarframleiðslu og orðið til þess að valda henni tilfinnanlegu tjóni. Þessu frv. var á sínum tíma vísað til nefndar, og síðan hefur hvorki heyrzt hósti né stuna þaðan. Sama má segja um aðrar þær till., sem við höfum flutt varðandi þessi mál, eins og t. d. till. varðandi stöðu iðnaðarins, þar sem það var lagt til m. a., að tekin væri upp sérstök lánafyrirgreiðsla og veitt þeim iðnfyrirtækjum, sem keppa við erlend fyrirtæki, sem bjóða greiðslufresti, og komið verði á sérstöku útflutningslánakerfi, að rekstrarlán til iðnaðar verði veitt með hliðstæðum hætti og til annarra atvinnugreina, að felldur verði niður innflutningur iðnaðarvara á þeim sviðum, þar sem vörur til sömu notk-

unar eru framleiddar hér á landi með atvinnulega hagkvæmum árangri og íslenzk fyrirtæki látin annast þau verk, sem þau eru fær um að annast, þannig að talizt geti þjóðhagslega hagkvæmt. Till. um, að tryggt verði að smíði fiskiskipa og flutningaskipa verði haldið áfram og aukin í landinu og jafnframt verði hafin smíði fiskibáta á vegum ríkisins með það fyrir augum að endurnýja og efla þann hluta fiskiflotans, sem einkum aflar hráefnis til vinnslu í hraðfrystihúsum. Þessi till. hefur auðvitað sætt sömu örlögum eins og hitt frv. Ég nefni til viðbótar t. d., að við höfum flutt frv. um tímabundinn greiðslufrest á skuldum útgerðarfyrirtækja og landbúnaðar, og við höfum flutt frv. um breytingu á lausaskuldum þessara atvinnuvega í föst lán. Þetta höfum við allt flutt á s. l. ári. Það var ekki á þessar till. hlustað þá. Stjórnarandstæðingar fluttu líka við afgreiðslu fjárl. till. um það að verja eða veita 350 millj. til atvinnuaukningar. Þá sameinaðist allt stjórnarliðið um að fella þá till. skömmu fyrir jól.

Það var sem sagt allt látið reka á reiðanum, samdrátturinn og atvinnuleysið magnast, og eftir áramótin hefur svo verið hér stórfelldara atvinnuleysi en þekkzt hefur hér á landi um áratugi eða eins og hæstv. forsrh. gerði grein fyrir hér áðan í sinni ræðu, skráðir atvinnuleysingjar að tölu 5500. Auðvitað kom sjómannaverkfallið hér inn í og átti sinn þátt í og jók þann vanda, sem við var að etja. En hvers vegna kom til sjómannaverkfallsins? Ég vil segja það, að það er með öllu óvíst, að til þess hefði komið, ef hlutaskiptum bátasjómanna hefði ekki verið breytt með l. Ég segi ekki meira en það. Það er með öllu óvíst, að það hefði komið til nokkurs verkfalls. Við vöruðum við, þegar hér voru á ferðinni l. um ráðstafanir vegna sjávarútvegsins. Þeim aðvörunum okkar var ekki í neinu sinnt, því miður. Og sjómannaverkfallið hófst, og það stóð mánuð, og tjónið af því er auðvitað gífurlegt, því að eins og hæstv. forsrh. réttilega rakti hér áðan, eru það ekki aðeins sjómennirnir, sem í því áttu, sem hafa orðið fyrir eða beðið tjón af þeim sökum, heldur og fjöldinn allur af öðru fólki og þjóðin öll. Og auðvitað tek ég undir það, sem hann sagði, að ákaflega er það einkennilegt og raunar óskiljanlegt, að ekki skyldi vera samið fyrr um þær sanngjörnu kröfur, sem þar voru uppi hafðar. En það tókst ekki að ná samningum við undirmenn á bátaflotanum fyrr en eftir nær mánaðar verkfall, eins og menn vita, og samningar tókust alls ekki við yfirmenn, og þess vegna varð að grípa til lögfestingar málamiðlunartill. sáttasemjara, eins og öllum hv. alþm. er kunnugt. Og það er raunar ekki fyrsta skiptið, sem hæstv. ríkisstj. hefur orðið að beita sér fyrir því að grípa inn í kjaradeilu með löggjafarafskiptum þrátt fyrir yfirlýsta stefnu sína í öndverðu. En þá sögu ætla ég ekki að rifja upp að svo stöddu.

Að sjálfsögðu hefur sjómannaverkfallið átt sinn þátt í atvinnuleysinu, sem var hér í janúar og febrúar. Og þegar það nú hefur verið leyst, lagast ástandið efalaust talsvert, eða það vona ég. En hins vegar fer því fjarri, að atvinnuleysi sé úr sögunni með lausn sjómannadeilunnar. Það er svo, að á ýmsum stöðum hefur lausn sjómannadeilunnar tiltölulega lítil áhrif á atvinnuástandið. Það er enn fremur svo, að t. d. varðandi afkomu þeirra iðnaðarmanna, sem hafa átt við verulegt atvinnuleysi að stríða að undanförnu, þá heldur atvinnuleysið auðvitað áfram, þrátt fyrir að sjómannaverkfallið hafi verið leyst. Og það er misskilningur hjá hæstv. forsrh., að það eigi einna helzt við Reykjavík og Akureyri og í grennd. Ég þekki fjölmarga staði aðra, þar sem iðnaðarmennirnir eru að vísu ekki legió, eins og hér í Reykjavík, en þar eru til trésmiðir og fleiri, sem hafa sáralitla atvinnu og eru atvinnulausir og sjá ekki enn fram á neina breytingu í því efni. Þetta er m. a. af því, að byggingarstarfsemi hefur á þessum stöðum ekkert síður en í Reykjavík og nágrenni dregizt mjög saman.

Þó að stjórnarliðar felldu till. okkar um 350 millj., í des. rétt fyrir jólin, til atvinnuaukningar, þá voru þeir knúnir til þess í jan. með samningum við verkalýðsfélögin að beita sér fyrir því að útvega 300 millj. kr. til atvinnuaukningar. Og sömuleiðis voru þeir þá knúnir til þess að setja upp atvinnumálanefndir, sem e. t. v. er ekki ætlað með öllu fjarskylt verkefni því, sem vakti fyrir okkur í frv. okkar um atvinnumálastofnun, sem hvílt hefur í nefnd frá því nokkru fyrir jól. Það er nú reyndar ekki í fyrsta skipti, sem þessi hæstv. ríkisstj. er knúin til þess að gera ýmsar endurbætur með samningum við verkalýðsfélögin. Úrbætur, sem hún hefur ekki viljað fallast á áður hér á Alþ. Það mætti nefna ýmis dæmi. Það mætti t. d. nefna aukin lán til húsnæðismála og þær umbætur í húsnæðismálum, sem samið hefur verið um í samningum milli ríkisstj. og verkalýðsfélaga, og það má nefna það, sem hæstv. forsrh. nefndi áðan, að 1965 hefði verið komið á fót á Norðurlandi atvinnumálanefnd til þess að beita sér fyrir bættu atvinnuástandi í þeim landshluta. Það er rétt, en hvernig var hún tilkomin? Hún var knúin fram af Alþýðusambandi Norðurlands. Þannig hefur það nú gengið. Og nú hafa sem sagt, eins og hæstv. forsrh. gerði grein fyrir, verið settar á fót allfjölmennar atvinnumálanefndir, ein fyrir hvert kjördæmi, nema af einhverjum mér alveg óskiljanlegum ástæðum ein atvinnumálanefnd fyrir Norðurland allt. Og loks ein stór yfiratvinnumálanefnd ríkisins hér í Reykjavík. Um þetta er ekki nema mjög gott að segja. Og ég vænti þess, að starfsemi þessara nefnda beri út af fyrir sig góða ávexti. En það er þó hætt við því, að þessi starfsemi nefndanna verði nokkuð þung í vöfum, því að mér skilst, að athugun þessara mála eigi fyrst að ganga í gegnum atvinnumálanefndirnar í hinum einstöku kjördæmum. Það getur tekið nokkuð langan tíma, því að nefndarmenn í þeim eru dreifðir um allt kjördæmið og aðstaða til þess að vinna úr gögnum er e. t. v. ekki nógu góð. Þessar nefndir hinna einstöku kjördæma eru aðeins ráðgefandi, ákvörðunarvaldið allt skilst mér vera í höndum yfiratvinnumálanefndar ríkisins hér í Reykjavík. Það liggur ekki ljóst fyrir, hvernig hún hagar starfi. Og nú ætlaði ég að beina nokkrum spurningum viðvíkjandi starfi þessara nefnda til hæstv. forsrh., en þá er hann farinn. Vildi hæstv. forseti mælast til þess við hæstv. forsrh., að hann væri við, því að ég ætla að bera upp við hann nokkrar spurningar varðandi starfsemi atvinnumálanefndanna?

Ég get afsakað við hæstv. forsrh., að hann sé þreyttur að sitja undir þessum lestri, en það eru nokkrar spurningar, sem mig langar til að beina til hans varðandi

fyrirhugaða starfsemi atvinnumálanefndanna. Og þá er það þetta fyrst: Hugsar yfiratvinnumálanefndin sér að starfa þannig að bíða eftir heildarskýrslum frá öllum atvinnumálanefndum í hinum einstöku kjördæmum, eða fer hún núna strax og smám saman að afgreiða hin einstöku verkefni, eftir því sem þau berast? Mér skilst, að ef sá háttur yrði hafður á, sem vitaskuld getur verið freistandi í þeim vanda, sem við er að etja, þá gæti svo farið, að það yrði lítið eftir af 300 millj. kr. handa þeim, sem síðastir yrðu. Þetta liggur sem sé ekki ljóst fyrir, og mig langar til þess að fá það upplýst. Og svo er mér spurn: Hvar er og hver er lagagrundvöllur þess kerfis, sem hér hefur verið sett á fót? Eftir hvaða reglum á þetta kerfi að starfa? Enn fremur vil ég spyrja: Hvaðan eiga 300 millj. að koma? Eiga þær að koma úr ríkissjóði, og ef svo er, hvar er þá heimild fyrir þeirri fjárveitingu, eða á að taka þær að láni, og ef svo er, hvar er þá lántökuheimildin? Og svo, hvaða lagaheimild hafa atvinnumálanefndirnar til þess að úthluta þessu fé, hvort heldur er í styrkjum eða með lánum? Og ég vil líka spyrja: Eiga þetta að vera lán eða styrkir? Og ef lán á að veita, á þá að veita sveitarfélögum fyrst og fremst þessi lán, eða á aðeins að veita þessi lán gegn fasteignaveði og öðrum fullum tryggingum?

Sumum þykja þessar spurningar kannske formsatriði og ekki mikils verðar, en ég er á annarri skoðun. Það þarf fast skipulag og almennar reglur til þess að tryggja hlutlægni í slíkum nefndum sem þessum. Og það þarf fastar reglur, sem opinberar eru og öllum er kunnugt um, til þess að koma í veg fyrir handahófsaðgerðir í þessum efnum. Ég kann ekki við þann svip, sem er á þessum vinnubrögðum. Það er eins og þetta þurfi einhvern veginn að gerast á bak við tjöldin og það liggi ekki ljóst fyrir, hvernig reglum um þetta er háttað, en að minni skoðun eiga störf ríkisins ekki að vera neitt baktjaldabrugg, heldur á að vinna þau störf fyrir opnum tjöldum.

Í þessu sambandi langar mig að víkja aðeins að öðru atriði, sem mér finnst ástæða til að hugleiða. Þar eru engar spurningar til hæstv. forsrh., svo að ég þarf ekki að halda honum lengur, en þó eru þar atriði, sem hann varðar og ríkisstj. Það skal viðurkennt og ekki vanmetið, að hér starfa og hér hafa starfað auk atvinnumálanefndanna ýmsar stofnanir og sjóðir, sem veita aðstoð til atvinnuuppbyggingar. Þar má nefna t. d. atvinnujöfnunarsjóð, atvinnuleysistryggingasjóð, framkvæmdasjóð, fiskveiðasjóð, framleiðnisjóði einhverja, ríkisábyrgðasjóð og svo framvegis. En þessir sjóðir starfa allir hver í sínu horni. Nú þarf sami aðili oft og einatt að leita eftir fyrirgreiðslu hjá þessum sjóðum fleiri saman og kannske öllum, en þá verður hann að snúa sér til og sækja um til hvers þeirra fyrir sig. Þessir sjóðir og þessar sjóðstjórnir eru kannske hver um sig lengi að velta málefninu fyrir sér, og ein bíður eftir annarri og vill fá að vita, hvernig málið er afgreitt þar. Allt þetta tekur langan tíma, og hvernig fer það, ef þessar sjóðstjórnir tækju upp á því að bíða með sínar ákvarðanir eftir því, að yfiratvinnumálanefnd ríkisins taki sína ákvörðun. Það er áreiðanlegt, að margir, sem hafa þurft að sækja til þessara stofnana að undanförnu, hafa fengið að sanna hið forna máltæki, að það er löng leið til keisarans. Það er núna tízkuorð, sem er ákaflega áberandi, og það er orðið hagræðing. Mér hefur dottið í hug, hvort það væri ekki kominn tími til að taka öll þessi mál til athugunar og kanna það, hvort það væri ekki hægt að koma við einhverri hagræðingu í þessum efnum. Ég held það.

En fyrst ég er farinn að tala um þetta langar mig að víkja hér að öðru atriði, að annarri þróun, sem ég tel út af fyrir sig mjög varhugaverða og ástæða er til að nefna í sambandi við efnahagsmál. Og það er þetta, að í stjórnum þessara sjóða og í nefndum þessum eiga sæti fjölmargir ráðherrar. Ráðherrar eiga sæti í stjórn framkvæmdasjóðs, í stjórn atvinnujöfnunarsjóðs og yfiratvinnumálanefndar og fleiri sjóðum, og þessar sjóðsstjórnir eiga svo að heyra undir ráðherrana, og ráðherrarnir eiga að hafa eftirlit með því, að þessar sjóðsstjórnir ræki sitt starf. Hæstv. fjmrh. er t. d. formaður í stjórn atvinnujöfnunarsjóðs, hæstv. dómsmrh. formaður í stjórn framkvæmdasjóðs, hæstv. forsrh. er formaður í stjórn yfiratvinnumálanefndar ríkisins, hæstv. utanrrh. varaformaður í bankaráði Seðlabankans o. s. frv. Ég ætla ekki að þessu sinni að hafa um þetta nein stóryrði, en ég held, að þetta sé atriði, sem við þurfum að taka til athugunar. Ég held, að þessir hættir tíðkist hvergi annars staðar, – að ráðherrar sitji í stjórnum, sem þeir svo eru skipaðir yfir. Og ég held, að allir ættu að reyna að sameinast um að reyna að breyta þessum stjórnarháttum.

Þrátt fyrir lausn sjómannaverkfallsins eru atvinnuhorfurnar uggvænlegar að ýmsu leyti. Það er því miður kominn óhugur og vonleysi í marga, og það ber því miður talsvert á tilhneigingu hjá fólki að spyrjast fyrir um möguleika í öðrum löndum. Fólk er jafnvel þegar farið að flytja sig búferlum til annarra landa. Þess vegna er það, að hér þarf skjótar aðgerðir, og það þarf að mínum dómi að taka öðruvísi á þessum málum en hingað til hefur verið gert. Stjórnin hefur, að því er mér finnst, oftast nær hugsað um það fyrst og fremst að fljóta á bráðabirgðaúrræðum, en síður viljað líta á vandamálin í heild. Bátaflotanum var að vísu komið af stað, og það er gott. En því miður kann svo að fara, að þar sé aðeins tjaldað til einnar nætur. Það eru margar blikur á lofti, ekki aðeins það, að langt sé frá því, að endir sé bundinn á atvinnuleysi með lausn sjómannadeilunnar, heldur er það svo, að framundan virðist stórhætta á átökum og jafnvel vinnustöðvun vegna fyrirhugaðrar ætlunar ríkisstjórnarinnar og yfirlýsingar atvinnurekenda um kauplækkun um næstu mánaðamót og til frambúðar. Ég tel þá stefnu stjórnarinnar, sem hún hefur tekið í því efni, mjög óskynsamlega, og ég verð að segja það, að ég tel það bréf, sem Vinnuveitendasambandið sendi frá sér í gær, mikil mistök. Og sama má raunar segja um tilmæli hæstv. fjmrh. til B.S.R.B. Ég tel, að sú stefna, sem ríkisstj. virðist þar vera að beita sér fyrir, muni óhjákvæmilega bjóða heim nýjum ófriði og átökum á vinnumarkaði. Ég vil segja það um vísitölufyrirkomulag, að það hefur vissulega sína galla, en á verðbólgutímum er verðlagsuppbót nauðvörn launamanna. Og sú skipan er líka stjórnvöldum haldbezta aðhaldið til þess að gera sitt ítrasta til að halda verðbólgu í skefjum, og það fyrirkomulag er samkvæmt reynslunni hér líklegasta ráðið til þess að tryggja vinnufrið. Og segja má, að hæstv.

ríkisstj. hafi viðurkennt þessar staðreyndir áður, vegna þess að ég veit ekki betur en hún hafi samið um það 1964 að taka upp fulla vísitöluuppbót. Ég tel það alveg óhugsandi, eins og nú standa sakir, að ætla að leysa þau vandamál, sem við er að glíma, einhliða á kostnað launamanna, að ætla að leysa þau með því fyrst og fremst að hefta kaupgetu almennings. Ég held, að slíkt muni aðeins verða til þess, að við lendum í meiri kreppu en fyrr. Ég held, að það þurfi að vinna að lausn vandamálanna eftir jákvæðum leiðum og meðal annars með því að halda uppi eðlilegri kaupgetu í landinu, því að það er alveg víst, að án slíkrar kaupgetu færist ekki fjör í þann atvinnurekstur eða rekstur þeirra atvinnufyrirtækja, sem framleiða fyrir innlendan markað, en það er einmitt höfuðatriði í sambandi við lausn þessara atvinnuleysisvandamála. Að því er til landbúnaðarins tekur, er það auðvitað mikið hagsmunamál fyrir hann, að haldið sé uppi kaupgetu almennings, vegna þess að samdráttur í kaupgetu almennings hlýtur að bitna á sölu framleiðsluvara landbúnaðarins. Ég er ekki talsmaður þess, að grunnkaup sé hækkað, eins og nú er ástatt, og ég hef satt að segja ekki heyrt neina rödd í þá átt. Það er þess vegna ekki það, sem nú er um að ræða, hvort það eigi að hækka kaup. Það, sem um er að ræða, er það, hvort það eigi að halda eða varðveita kaupmátt sama grunnkaups. Menn tala um það, að allir þurfi að taka á sig kjaraskerðingu, og rétt er það. Ég hygg, að það sé ómótmælanlegt, að launamenn, a. m. k. verkamenn og fjölmargir iðnaðarmenn og sjómenn, hafi þegar tekið á sig mikla kjaraskerðingu. Sú kjaraskerðing liggur í því, að þeirra rauntekjur eru ekkert líkar því, sem þær voru áður fyrr, vegna þess að eftirvinna hjá þeim hefur fallið niður eða minnkað stórkostlega. Þar að auki hefur atvinnuleysi haldið innreið sína og komið við þá marga hverja, svo sem lýst hefur verið.

Ég held, að það sé alveg óhjákvæmilegt, að greiddar verði verðlagsuppbætur á laun framvegis eins og hingað til. Það er algerlega ómögulegt fyrir fjölda heimila að ná endum saman, miðað við það, að heimilisfaðirinn hafi ekki nema dagvinnutekjur. Þetta getur hver og einn prófað og sannað á sjálfum sér. Það er algerlega útilokað að ætla að taka af slíku fólki þá vísitöluhækkun, sem það á að fá. Það var líka alveg skýlaus krafa alþýðusambandsþings, og að þeirri kröfu stóðu launþegar úr öllum flokkum án nokkurs skoðanaágreinings, að það væri algert grundvallaratriði og principmál hjá verkalýðshreyfingunni, að full verðtrygging launa fengist. Það er augljóst mál, að niðurfelling verðlagsuppbóta á kaup mundi bjóða heim nýjum og stórfelldum ófriði á vinnumarkaði með tilsvarandi tjóni fyrir þjóðarbúið, því að það er yfirlýst stefna verkalýðshreyfingarinnar, að hún muni láta til skarar skríða, fáist ekki greiddar vísitöluuppbætur á kaupgjaldið. Það er að mínu viti alveg óðs manns æði að bjóða heim nú auknum átökum og tjóni með því að standa gegn slíkum sjálfsögðum og sanngjörnum kröfum, eins og nú er ástatt.

Sagt er, að atvinnuvegirnir geti ekki borið þetta, og það er alveg rétt, að það mundi vera erfitt fyrir ýmsar atvinnugreinar og sumum þeirra kannske um megn, að óbreyttum aðstæðum. En það er ekki hægt að leysa þessi mál með því að ráðast á kaupgjaldið eitt. Það eru ýmsir aðrir kostnaðarliðir, sem á má ráðast og lækka, áður en komið er að kaupinu, en það er árátta hjá sumum mönnum, að þeir virðast ekkert sjá í þessu sambandi nema kaupgjaldið eitt. Ég nefni t. d. allan tryggingakostnaðinn, ég nefni olíukostnaðinn, ég nefni fjármagnskostnaðinn. Allt eru þetta liðir, sem auðvitað er sjálfsagt að taka til rækilegrar endurskoðunar, áður en nokkur lætur sér detta í hug að taka af kaupi því, sem fólki ber, því að auðvitað er það það, sem verið er að gera, þegar verið er að rýra kaupmátt grunnkaupsins. Það er enginn að tala um það að hækka kaup í krónutölu, heldur aðeins um það, að kaupmáttur launanna haldist óskertur.

Hér hefur verið í gildi fram til þessa takmörkuð vísitala, sem byggðist á samningum við verkalýðsfélögin frá því í marz á s. l. ári, og samkvæmt henni hefur ekki verið greidd verðlagsuppbót á hæstu launaflokka. Ég tel það réttlætanlegt, þegar sérstaklega stendur á og um takmarkaðan tíma, að hafa slíkan hátt á, en ég tel jafnframt, að slíkt kerfi geti ekki staðizt til langframa. Ég álít, að slíkt skipulag setji launakerfið allt úr böndum og það muni hafa það í för með sér, að okkur verði erfitt að halda hér í landinu ýmsum vísindamönnum og tæknimenntuðum mönnum, sem okkur er þó hin mesta nauðsyn á og framfarir þjóðarinnar kannske velta fyrst og fremst á. Og margir tala fallega um á hátíðastundum, að að slíkum mönnum þurfi að hlynna. Þess vegna tel ég, að það fái ekki staðizt til lengdar að takmarka verðlagsuppbót, svo sem gert hefur verið að undanförnu. En hitt hef ég sagt, að ef fórnir eru alveg óhjákvæmilegar, en áður en það liggur fyrir þarf að taka til meðferðar ýmsa þá kostnaðarliði, sem ég hef minnzt áður á, þá verða þeir auðvitað að láta eitthvað af hendi rakna eða af þeim verður að taka, sem aflögufærir eru. Tilmælum hæstv. fjmrh. hafa opinberir starfsmenn svarað fyrir sitt leyti á þann hátt, sem sjálfsagt var, að kjararáð hefði enga lagaheimild til þess að semja um eftirgjöf á vísitölu, eins og nú stendur á.

Það er sýnilegt af þessu, sem ég hér hef lítillega minnzt á, að það eru miklir erfiðleikar framundan, láti ríkisstj. ekki af fyrirætlun sinni. Það er augljóst, að það þarf að taka þegar til samninga um þessi mál, og það þarf að leita allra skynsamlegra ráða til þess að greiða fyrir þeim samningum. Ég held, að það væri skynsamlegt að skipa strax sáttanefnd til þess að fjalla um þessi mál, sáttanefnd, sem væri á þann veg skipuð, að í henni ættu sæti tveir menn frá hverjum stjórnmálaflokki. Hún hefði það hlutverk að fylgjast með í þessum málum og reyna að greiða fyrir því, að málin færu ekki öll í hnút. Þetta er að mínum dómi í alla staði eðlilegt. Það er eðlilegt, að stjórnmálaflokkarnir fylgist með í slíku vandamáli sem þessu og eigi þar með nokkrum hætti aðild að. Og ég efast ekki um, að þeir gætu m. a. stuðlað að því, að einhverjar ráðstafanir væru gerðar til þess að greiða fyrir viðunandi lausn þessara mála.

Erfiðleikar í efnahagslífi þjóðarinnar eru vissulega margvíslegir og miklir. Ég efast ekkert um það, að stjórnin hafi viljað gera sitt bezta á sinn hátt, það liggur í hlutarins eðli. En stefnan hefur reynzt röng, hún hefur mistekizt og stjórninni hefur ekki tekizt að finna réttu úrræðin og ekki náð tökum á viðfangsefnum sínum.

Vitaskuld er undirstaðan að allri þessari ógæfu hin óhóflega verðbólga, en ástæða hennar er einmitt sú, að það hefur ekki verið höfð nægileg stjórn á málunum. Stjórnin á efnahags- og viðskiptamálunum hefur verið slæm og er slæm, en stjórnarfarið allt er einnig orðið gegnumrotið. Rangsleitni og pólitískt ofríki veður uppi á öllum sviðum. Á þessu á stjórnin öll sök, og á þessu ber hún öll ábyrgð, en auðvitað er sök þess ráðherrans, sem þessi mál heyra undir, mest og ábyrgð hans allra stærst. Ég hygg, að víða annars staðar mundi forsrh. hafa hlutazt til um það, að ráðh., sem hefði mistekizt jafngersamlega stjórn á þeim málaflokkum, sem undir hann heyra, eins og hæstv. viðsk.- og menntmrh., væri veitt lausn. Það hefur hæstv. forsrh. ekki gert. En það þýðir ekki fyrir ríkisstj. að ætla sér að komast undan þeirri ábyrgð, sem hún ber, með því að ætla að skella skuldinni á embættismenn sína og ráðunauta. Það er stjórnin, sem ábyrgðina ber. Það þýðir ekkert fyrir stjórnina að láta Jónas Haralz hætta eða Jóhannes Nordal. Þeir bera ekki ábyrgðina á þessum efnum. Nú hefur Jónasi verið fórnað og hann lagður til hliðar. Ef til vill verður Jóhannesi fórnað síðar, en það skiptir engu máli. Það er stjórnin sjálf, sem verður að bera ábyrgð á þessu og getur ekki skotið sér bak við það, að hún hafi farið að ráðum sinna embættismanna og ráðunauta, því að það eru ráð þeirra, sem hún á að vega og meta og taka ákvarðanir sínar um.

Hvort sem maður talar lengur eða skemur um þessi mál, þá er það ljóst og verður ekki fram hjá því komizt, og reyndar kom það fram í grg. hæstv. forsrh., að þessi mál eru öll erfið viðfangs, og sannleikurinn er sá, að efnahagsmálin hjá okkur eru komin í sjálfheldu. Það þarf að komast út úr þeirri sjálfheldu. Ég held, að það verði ekki gert nema að undangengnum kosningum. Ég tel því langskynsamlegast að efna til kosninga svo fljótt sem kostur er. Það er full ástæða til þess að láta þjóðina segja sitt álit um þessi mál, eins og þau nú eru komin.

Mér til mikillar ánægju hefur Morgunblaðið helgað mér örlítinn leiðarastúf í dag. Þar er lagt út af viðtali, sem ég átti við blaðamann Tímans. Það er dálítið úr lagi fært og ekki rétt með farið og þess vegna byggt á skakkri forsendu, það sem þar er sagt. En það er nú alveg ástæðulaust að vera að fjargviðrast út af því eða ónotast nokkuð út af því. En mér þykja athyglisverð niðurlagsorðin á þessum leiðarastúf, og með leyfi hv. forseta vildi ég mega fá að lesa hann. Þar segir svo: „Kjósendur Ólafs Jóhannessonar mega gjarnan hugleiða, hvernig umhorfs yrði, ef ráðum hans yrði fylgt og hleypt af stað mestu verðbólgu, sem um getur, þegar hver maður ætti að fá fullar bætur fyrir verðhækkanir þær, sem af gengisfellingunni stafa, og síðan mundi verðlag hækka á ný og kaupgjaldið þegar í stað aftur og svo koll af kolli, þar til allir atvinnuvegir landsmanna væru hrundir til grunna. Hver einasti maður í Framsfl. skilur það, eins og aðrir landsmenn, að óðs manns æði væri að hefja nú fullar vísitölugreiðslur. Vonandi bera einhverjir þessara manna gæfu til að aðvara flokksforingjana, og ekki væri úr vegi, að kjósendur Ólafs Jóhannessonar létu hann heyra til sín, áður en hann ganar lengra út í fenið."

Ég er alveg óhræddur að tala við mína kjósendur. Ég er meira að segja alveg óhræddur við það að hlusta á mína kjósendur. Og ég er alveg óhræddur að leggja umboð mitt þegar í stað undir atkvæði minna kjósenda. Já, það er einmitt það, sem ég vil. Ég vil, að kjósendur hugleiði málið, ekki aðeins hugleiði málið, heldur að þeir fái að segja mér og þér og okkur öllum álit sitt á málunum, eins og þau standa í dag. Að þeir fái að tala með þeim eina, skýra og ótvíræða hætti, sem þeim er tiltækur, með atkvæðinu. Að þeir fái að segja okkur öllum álit sitt í kosningum. Ég skora á hv. ríkisstj. og stjórnarflokkana að þora að lofa kjósendum að segja álit sitt í kosningum.

Forseti (BF): Vegna aths. hv. 3. þm. Norðurl. v. í upphafi ræðu hans áðan um það, að æskilegt væri, að fram færi á þingi umr. um skýrslur ráðh., m. a. um utanríkismál, vill forseti upplýsa, að hæstv. utanrrh. hefur fyrir nokkrum dögum tilkynnt skrifstofu Alþ., að hann hafi slíka skýrslu tilbúna. Óskaði hæstv. ráðh. jafnframt, að skýrslan yrði tekin til umr. í Sþ. Mun það verða gert fyrri hl. næstu viku, væntanlega á þriðjudag. (Gripið fram í.) Þá vill forseti einnig í þessu sambandi minna á, að skýrsla hæstv. samgmrh. um framkvæmd vegáætlunar 1968 liggur prentuð á borðum hv. þm. Var hún á dagskrá Sþ. s. l. miðvikudag, þótt ekki tækist þá að koma henni til umræðu. Vill forseti leyfa sér að vænta þess, að betur takist til næsta miðvikudag, að því er þessa skýrslu snertir.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Stjórnarandstaðan hefur óskað eftir því, að fram færu hér á Alþ. almennar umr. um stefnu ríkisstj. í efnahagsmálum. Hér er um að ræða kærkomið tilefni til þess að bera saman þá stefnu, sem ríkisstj. fylgir á sviði efnahagsmála, og þá stefnu, sem stjórnarandstöðuflokkarnir mundu væntanlega fylgja, ef þeir færu með stjórn landsins.

Það er því ástæða til þess að þakka stjórnarandstöðunni fyrir að hafa óskað eftir þessum umr. Ég vona, að þingheimi og þjóðinni allri verði það ljósara eftir en áður, hvað stjórnarflokkum og stjórnarandstöðu ber á milli í raun og veru.

Það er grundvallaratriði í stefnu ríkisstj. í efnahagsmálum, að gengi ísl. krónu sé rétt skráð, að rangri gengisskráningu sé ekki haldið uppi til lengdar. Þau stórkostlegu áföll, sem Íslendingar hafa orðið fyrir í utanríkisviðskiptum sínum á undanförnum tveimur árum gerðu það gengi, sem skráð hafði verið síðan 1961, óraunhæft og rangt. Gengi erlends gjaldeyris á að vera sem næst því, að það tryggi útflutningsframleiðslu hallalausan rekstur, miðað við framleiðslukostnað innanlands. Þetta átti við um gengisskráninguna á árunum 1961–1966. Á þessum árum hækkaði framleiðslukostnaðurinn innanlands að vísu geysilega, en verðlag erlendis hækkaði einnig og afli jókst mjög. Þegar verðlag erlendis tók aftur á móti að hríðlækka eftir mitt ár 1966, en kaupgjaldið og framleiðslukostnaðurinn innanlands hélzt óbreyttur, jafnframt því sem afli stórminnkaði, varð gengið rangt. Samt var í hálft annað ár frestað að gera breytingar á genginu í von um, að ytri aðstæður bötnuðu fljótlega aftur. Taldi ríkisstj. sérstaklega mikilvægt, að ekki yrði þegar í stað gripið til róttækra og að því er virzt gæti harkalegra aðgerða, sem

síðar hefði ef til vill verið hægt að segja um, að hefðu verið óþarfar.

Þegar Bretar lækkuðu gengi sitt haustið 1967, var þess vegna eðlilegt, að íslenzka krónan fylgdi ekki aðeins pundinu, heldur væri lækkuð enn meir. En vegna þess að verðfall erlendis hélt áfram, samhliða því sem framleiðslukostnaður innanlands hækkaði, auk þess sem afli minnkaði enn, reyndist ný gengislækkun óhjákvæmileg á s. l. hausti. Nú standa vonir til þess, að verðlag erlendis muni ekki lækka meir, og vonandi versna aflabrögð ekki enn. Þess vegna ætti að vera hægt að halda þessu gengi, ef framleiðslukostnaði innanlands væri haldið í skefjum. En án þeirra breytinga á genginu, sem gerðar hafa verið á undanförnum tveimur árum, hefði ekki aðeins útflutningur sjávarafurða stöðvazt, heldur einnig gífurlegir erfiðleikar orðið á vegi íslenzks iðnaðar og útflutningur af hans hálfu algjörlega óframkvæmanlegur. Ef genginu hefði ekki verið breytt, hefði þurft að taka upp stórfellt kerfi útflutningsuppbóta eða lækka allt kaupgjald í landinu gífurlega með lagaboði. Slíkt vildu stjórnarflokkarnir ekki. Þess vegna breyttu þeir genginu til samræmis við þarfir sjávarútvegs og iðnaðar. Þetta hefur verið og er stefna ríkisstj. í þessu grundvallaratriði.

Stjórnarandstaðan hefur verið á móti gengisbreytingunum. Hvert mannsbarn hlýtur að sjá, að eina leiðin til þess að komast hjá gengisbreytingunum hefði verið að taka upp útflutningsbætur eða lækka kaupgjald með lagaboði. Fyrst stjórnarandstöðuflokkarnir voru á móti gengisbreytingunum, hljóta þeir að hafa viljað annaðhvort útflutningsbótakerfi eða lögboðna kauplækkun. Sú er því stefna þeirra. Útflutningsbótakerfi hefur verið reynt hér á landi árum saman. Það hefur reynzt hafa ótal galla. Það hefur reynzt mismuna framleiðslugreinum með algjörlega óeðlilegum hætti. Það beinir framleiðsluöflunum inn á rangar og óhagkvæmar brautir. Það hvílir eins og mara á þeim atvinnugreinum, sem arðbærastar eru, en eflir hinar, sem minnst gefa í aðra hönd. Til lengdar kemur það beinlínis í veg fyrir, að nýjar útflutningsgreinar komist á laggirnar. Nú lá það fyrir, að ísl. iðnaður hefði með réttu alls ekki sætt sig við það, að útflutningsbótakerfi yrði eingöngu bundið við sjávarútveginn. Iðnaðurinn hefði algjörlega með réttu krafizt sams konar bóta sér til handa og sjávarútvegurinn hefði fengið. Með því móti hefði útflutningsbótakerfið nú hlotið að verða stórkostlegra og umfangsmeira en nokkru sinni fyrr. En um leið hefðu gallarnir reynzt þeim mun meiri. Hættan á mismunun, sukki og jafnvel spillingu hefði orðið meiri en nokkru sinni fyrr, og voru þessir ágallar þó ærið nógir á sínum tíma.

Ég held ekki, að hugsandi menn þurfi að vera í miklum vafa um, hvor stefnan sé réttari: Sú stefna stjórnarflokkanna að skrá rétt gengi, þegar reynslan sýnir, að fyrra gengið er orðið óraunhæft og rangt, eða sú stefna stjórnarandstöðuflokkanna að skrá rangt gengi, en halda útflutningsatvinnuvegunum gangandi með stórfelldum útflutningsbótum eða lækka allt kaupgjald í landinu með lögum til þess að réttlæta hina röngu gengisskráningu.

Þá er það stefna stjórnarflokkanna að halda í aðalatriðum því innflutningsfrelsi, sem hér var komið á á árunum 1960–61 og hefur tryggt almenningi meira vöruúrval og betri neyzluvöru en það hafði áður átt kost á um áratugi. Einmitt rétt gengisskráning gerir kleift að varðveita innflutningsfrelsið og valfrelsi neytandans. Þess vegna eru náin tengsl milli þessara tveggja meginstefnuatriða ríkisstj., milli réttrar gengisskráningar og innflutningsfrelsis og valfrelsis neytandans. Þessi stefna ríkisstj. hefur verið harðlega gagnrýnd af stjórnarandstöðunni. Hvað þýðir það? Það getur ekki þýtt annað en að stjórnarandstaðan mundi, ef hún réði, ekki halda uppi innflutningsfrelsi, heldur taka upp höft á gjaldeyris- og innflutningsviðskiptum.

Stjórnarandstaðan afneitar að vísu höftum í orði, en segir, að hún vilji hafa stjórn á innflutningi og gjaldeyrisviðskiptum. Hér er aðeins um nýtt orð að ræða. Ef menn gagnrýna innflutningsfrelsið, ef menn vilja afnema það, getur ekkert komið í staðinn, nema höft, hvað svo sem menn kalla þau. Segja má og, að hér sé a. m. k. um samræmi í stefnu stjórnarandstöðunnar að ræða. Ef hún vill ekki rétt gengi, gæti hún ekki haldið uppi innflutningsfrelsi og frjálsu vöruvali neytandans. Ef hún vill útflutningsbótakerfi, er eðlilegt, að hún vilji innflutningshaftakerfi, því að þetta tvennt fer saman. Það fór líka saman á sínum tíma, þegar núverandi stjórnarandstöðuflokkar, sumpart báðir eða Framsfl. einn, stóðu ásamt öðrum flokkum að rangri gengisskráningu ásamt útflutningsbótakerfi, innflutningsgjöldum og innflutningshöftum. Kjarni þess, sem ber á milli stjórnar og stjórnarandstöðu, er einmitt fólginn í þessu. Við viljum rétt gengi, sem frjálsust utanríkisviðskipti og sem frjálsast neyzluval neytandans. Stjórnarandstaðan vill rangt gengi, útflutningsbætur, innflutningsgjöld og innflutningshöft samfara takmörkuðu frelsi neytandans til þess að ráðstafa tekjum sínum.

Við í stjórnarfl. teljum, að nauðsynlegt sé, að vextir séu svo háir, að þeir séu hvatning til sparifjármyndunar. Hér er mikil þörf á fjármagni til nýrra framkvæmda. Innanlands fæst fjármagn aðeins með auknum sparnaði, en háir vextir hvetja til aukins sparnaðar. Þess vegna teljum við tiltölulega háa vexti æskilega til þess að örva sparnað. En þó mega þeir ekki vera hærri en svo, að framleiðslu og viðskiptum sé ekki íþyngt óeðlilega. Það er beinlínis æskilegra fyrir framleiðsluna að greiða slíka vexti en að þurfa að vera án fjármagnsins. Stjórnarandstaðan telur vextina nú vera allt of háa. Hún segist vilja lækka þá verulega. Með hliðsjón af því, að sparifjármyndun er hér mun minni en hún þyrfti að vera, og ekki síður af hinu, að sparifjáreigendur hafa á undanförnum áratugum verið hart leiknir vegna síhækkandi verðlags, þá teljum við í stjórnarflokkunum lækkun vaxta nú óheppilega og mjög rangláta í garð sparifjáreigenda. Við teljum, að vextirnir séu hér síður en svo hærri en svo, að talið verði, að þeir íþyngi framleiðslu og viðskiptum með óeðlilegum hætti, enda eru vextir hér sízt hærri en þeir eru í ýmsum nálægum löndum, og munur innlánsvaxta og útlánsvaxta er hér mun minni en nokkurs staðar annars staðar. Stjórnarandstaðan ýkir og stórkostlega þýðingu vaxtanna fyrir atvinnureksturinn. Allir vextir og bankakostnaður alls hraðfrystiiðnaðarins nam á s. l. ári 82 millj. kr. Þótt vextirnir yrðu lækkaðir um helm-

ing, og varla dettur nokkrum manni í hug að lækka þá svo mikið, mundi hraðfrystiiðnaðurinn í heild spara 41 millj. kr. á ári. Framleiðslukostnaður hans var í fyrra um 2200 millj. kr. Er ekki augljóst, að þetta hefði enga úrslitaþýðingu fyrir hraðfrystiiðnaðinn? En hvað segðu sparifjáreigendur, ef vextir yrðu lækkaðir um helming? Hvaða þýðingu halda menn, að það hefði fyrir sparnaðinn? Ég tel því ekki nokkurn vafa á, hvor stefnan í vaxtamálum sé skynsamlegri, stefna stjórnarflokkanna eða stefna stjórnarandstöðunnar. Stefna stjórnarflokkanna hvetur til aukins sparnaðar og hefur þannig í för með sér, að meira fjármagn en ella verður til ráðstöfunar fyrir atvinnuvegina án þess, að vextir séu hér hærri en þeir gerast í nálægum löndum. Vaxtalækkunarstefna stjórnarandstöðuflokkanna mundi hafa hörmuleg áhrif á sparifjáraukninguna og valda alvarlegu misrétti í garð sparifjáreigenda, auk þess sem afleiðingin yrði sú, að atvinnuvegirnir fengju minna fjármagn til ráðstöfunar en ella. Það er stefna ríkisstj. í bankamálum, að útlánaaukningu bankakerfisins verði, þegar til lengdar lætur, að halda innan þeirra takmarka, sem innlánaaukning setur.

Á tímum mikillar framleiðsluaukningar og hagstæðra utanríkisviðskipta, þegar eðlilegt er, að þjóðin safni gjaldeyrissjóði erlendis, verður þó að tryggja, að nokkur hluti sparifjáraukningarinnar gangi til þess að byggja upp gjaldeyrisvarasjóðinn. Einnig getur verið nauðsynlegt, að Seðlabankinn hafi milligöngu um að tryggja ýmsum atvinnugreinum, t. d. hér á landi sjávarútvegi og landbúnaði, vissa hlutdeild í sparifjáraukningunni með því að skylda viðskiptabankana til þess að afhenda sér nokkurn hluta sparifjáraukningar sinnar. Á tímum samdráttar og halla í utanríkisviðskiptum getur á hinn bóginn verið eðlilegt og nauðsynlegt, að Seðlabankinn setji meira fé í umferð en sparifjáraukningu nemur, eins og gert hefur verið hér undanfarin tvö ár. Fáir þættir stjórnarstefnunnar hafa verið jafnharðlega gagnrýndir af hálfu stjórnarandstöðunnar og einmitt stefna hennar í bankamálum. Henni hafa verið gefin nöfnin lánsfjárhöft, frysting sparifjár o. s. frv. Stjórnarandstöðuflokkarnir hljóta því að hafa viljað fara allt öðruvísi að. Þeir hafa ávallt heimtað meiri útlán. Þeir hafa verið á móti þeim reglum, sem settar hafa verið um, að viðskiptabankarnir skyldu leggja hluta af sparifjáraukningu sinni inn í Seðlabankann til þess að gera honum annars vegar kleift að eignast gjaldeyrisvarasjóð á sínum tíma og hins vegar að kaupa afurðavíxla sjávarútvegs og landbúnaðar. Ef þeirri stefnu, sem fylgt var, hefði ekki verið fylgt, hefðu Íslendingar engan gjaldeyrisvarasjóð eignazt á árunum 1961–1966. Og Seðlabankinn hefði ekki getað annazt þau kaup afurðavíxla, sjávarútvegs og landbúnaðar, sem hann annaðist. Hefði stjórnarandstaðan ráðið, hefðu Íslendingar m. ö. o. engan gjaldeyrisvarasjóð eignazt. Hvar hefðu þeir þá staðið, þegar erfiðleikarnir dundu yfir undanfarin tvö ár, þegar gjaldeyrisvarasjóðurinn gerði þjóðinni einmitt kleift að dreifa áfallinu og gera það mun minna tilfinnanlegt en það hefði ella orðið? Og hvaðan hefði landbúnaður og sjávarútvegur átt að fá þá peninga, sem þessir atvinnuvegir fengu úr Seðlabankanum vegna reglnanna um sparifjárbindinguna? Stefna stjórnarflokkanna í útlánamálum bankanna miðar að því að byggja upp gjaldeyrisvarasjóð í góðæri, tryggja vissum atvinnuvegum nauðsynlega hlutdeild í heildarsparifjármynduninni og auðvelda gagnráðstafanir gegn áföllum af völdum aflabrests og verðfalls. Stefna stjórnarandstöðuflokkanna í bankamálum miðar að því að eyða auknum gjaldeyristekjum jafnóðum, mæta gjaldeyriserfiðleikum síðan með höftum og hafa ekkert upp á að hlaupa, ef á bjátar.

Þá er það stefna ríkisstj. í atvinnumálum að búa atvinnuvegunum þess konar starfsgrundvöll og hafa með heildarstjórn á banka- og fjármálum ríkisins þess konar áhrif á fjárfestingu og neyzlu, að full atvinna haldist í landinu. Auðvitað geta af utanaðkomandi ástæðum orðið svo snöggar breytingar á framleiðsluskilyrðum og viðskiptaháttum, að atvinna minnki um sinn og atvinnuleysi haldi innreið sína, eins og nú hefur því miður átt sér stað á undanförnum mánuðum. Undir slíkum kringumstæðum er það frumskilyrði, að gengisskráningu sé hagað þannig, að öll útflutningsskilyrði séu hagnýtt. Auk þess er það undir slíkum kringumstæðum höfuðskylda ríkisvaldsins að nota vald sitt yfir bankakerfinu, skilyrði sín til stjórnar á fjármálum ríkisins og lánstraust sitt erlendis til að veita því fé inn í atvinnulífið, sem verða má til þess að stuðla þar að eflingu heilbrigðs rekstrar og til þess, að atvinnulífið komist aftur í samt horf og allir fái verk að vinna. Þetta er ríkisstj. einmitt að gera núna. Og áframhald rangrar gengisskráningar hefði ekki miðað að því að eyða atvinnuleysinu, heldur að auka það. Innflutnings- og gjaldeyrishöft geta að vísu í bili dregið úr atvinnuleysi, en aðeins á kostnað lífskjaranna, og eru því innflutningshöft ekki rétta aðferðin til að ráða bót á vandanum. Vaxtalækkun er ekki ráð við atvinnuleysi, því að hún dregur úr sparifjármyndun, en aukið sparifé er einmitt nauðsynlegt til þess að vinna gegn atvinnuleysinu. Aukin útlán eru heldur ekki ráð gegn atvinnuleysi, því að þau hækka verðlag og framleiðslukostnað og auka því á atvinnuleysi. Stefna stjórnarandstöðunnar mundi því ekki draga úr því atvinnuleysi, sem nú er við að glíma, heldur auka það.

Stjórnarandstaðan segir, að atvinnuleysi nú sé að kenna stjórnarstefnunni. Þetta er algjört öfugmæli. Atvinnuleysi hefur haldið hér innreið sína þrátt fyrir stjórnarstefnuna. Ef stjórnarstefnan er ástæða atvinnuleysisins nú, var þá ekki góðæri og hin mikla atvinna milli '62–'66 eingöngu stjórnarstefnunni að þakka? Auðvitað er hvorugt rétt. Atvinnuleysi nú er afleiðing mjög snöggra og mjög mikilla breytinga á viðskiptaaðstöðu Íslands og versnandi samkeppnisaðstöðu íslenzks sjávarútvegs á erlendum mörkuðum. Auk þess varð atvinnuleysið sérstaklega og óvenjulega umfangsmikið vegna sjómannaverkfallsins. Nú er því lokið, og þess vegna er atvinna mjög að aukast þessa dagana. En eflaust dugar lausn verkfallsins og eðlileg vertíð ekki til þess að leysa allan atvinnuleysisvandann. Þess vegna mun ríkisstj. gera það, sem í hennar valdi stendur, til þess að efla heilbrigðan atvinnurekstur í landinu og efna til framkvæmda, sem skapa nýja atvinnu.

Þá ber að síðustu að nefna stefnuna í kaupgjaldsmálum. Stefna ríkisstj. í þeim efnum er sú, að raunverulegt kaupgjald fylgi breytingum á raunverulegum

þjóðartekjum. Launþegar eiga að fá fulla hlutdeild í vaxandi þjóðartekjum hverju sinni, en hljóta hins vegar að verða að sætta sig við rýrnandi kjör, þegar þjóðartekjur minnka. Afstaða stjórnarandstöðuflokkanna hefur hins vegar verið sú, að þeir hafa yfirleitt alltaf stutt allar kaupkröfur, hvort sem þjóðartekjur hafa verið að vaxa eða minnka, og jafnvel þótt kaupkröfurnar hafi augljóslega verið meiri en svarar til hækkunar þjóðartekna, þannig að kaupgjaldshækkunin gat ekki leitt til annars en hækkandi verðlags og þar með lækkandi kaups. Reynslan ætti að vera búin að kenna Íslendingum, hvor stefnan sé farsælli, þegar til lengdar lætur.

Ég hef nú nefnt helztu atriðin, sem til greina koma við mótun stefnu í efnahagsmálum. Ég hef rakið, hver er stefna stjórnarfl., og ég hef nefnt, hver hlýtur að vera raunveruleg stefna stjórnarandstöðunnar, ef dæmt er út frá gagnrýni hennar á ríkisstj. og andstöðu við aðgerðir hennar. Stefna stjórnarfl. er rétt gengi, innflutningsfrelsi, mikið vöruúrval, frjálst neyzluval neytenda, nægilega háir vextir til að hvetja til sparnaðar, gjaldeyrisvarasjóður, efling atvinnu, m. a. með samræmdri heildarstjórn á bankamálum og ríkisfjármálum, ásamt þeirri stefnu í kaupgjaldsmálum, er tryggi launþegum jafna og réttláta hlutdeild í þjóðartekjum. Stefna stjórnarandstöðuflokkanna er hins vegar röng gengisskráning, útflutningsbótakerfi, innflutningsgjöld og innflutnings- og gjaldeyrishöft, lágir vextir, hömlulaus útlán banka og ábyrgðarlaus yfirboðsstefna í kaupgjaldsmálum. Í raun og veru ætti ekki að vera mikill vandi fyrir hugsandi menn að velja um þessar stefnur í efnahagsmálum.

Af hálfu Framsfl. er því oft hampað, að Alþfl. sé ekki lengur jafnaðarmannaflokkur, í rauninni standi Framsfl. og stefna hans nær jafnaðarstefnunni, og hann fylgi hér stefnu, sem sé líkari stefnu jafnaðarmanna í Vestur-Evrópu en stefna Alþfl. Meiri öfugmælum hefur varla verið haldið fram í opinberum umræðum á Íslandi. Við skulum t. d. líta á stefnu sænsku jafnaðarmannastjórnarinnar. Skráir hún óraunhæft gengi og styður það síðan með útflutningsbóta- og innflutningsgjaldakerfi? Nei. Eru innflutnings- og gjaldeyrishöft í Svíþjóð? Nei. Þar er meira að segja ekki aðeins algerlega frjáls innflutningur á dönskum tertubotnum, heldur eru þeir þar tollfrjálsir, að því er ég bezt veit, en hér er þó á þeim 90% tollur. Hafa Svíar óeðlilega lága vexti í því skyni að styrkja atvinnuvegina á þann hátt? Nei. Hefur sænski Seðlabankinn ekki sett reglur, almennar reglur, til þess að geta haft vald á heildarútlánum sænsku viðskiptabankanna? Jú. Hefur sænska stjórnin ekki talið gjaldeyrisvarasjóðinn nauðsynlegan í utanríkisviðskiptunum? Jú. Er allsherjar fjárfestingareftirlit í Svíþjóð? Nei. Hafa sænskir jafnaðarmenn stuðlað að því, að í Svíþjóð yrðu almennar kauphækkanir langt umfram vöxt þjóðartekna? Nei. Í engu atriði, sem máli skiptir, minnir stefna Framsfl. í efnahagsmálum á stefnu sænsku jafnaðarmannastjórnarinnar. Hún er í grundvallaratriðum hin sama og hér hefur verið fylgt undanfarin ár og er fylgt enn. Svíar eru hins vegar ríkari þjóð en við Íslendingar og búa við miklu meiri stöðugleika í atvinnulífi sínu og viðskiptum en við. Þess vegna hefur þróun öll þar í efnahagsmálum verið miklu stöðugri og jafnari en hér. Vöxtur þjóðartekna hefur verið þar meiri, þegar yfir lengri tíma er litið, og lífskjör eru þar betri. Launahækkanir í krónum talið hafa orðið miklu meiri hér, en hækkun verðlags hins vegar líka miklu meiri. Vilji framsóknarmenn ekki láta brosa meira að sér en óhjákvæmilegt er, ættu þeir að hætta að jafna sér og stefnu sinni við erlenda jafnaðarmenn.

Sannleikurinn er sá, að nú á árinu 1969 verður stefna sú, sem stjórnarandstöðufl. fylgja, ekki kölluð annað en úrelt afturhaldsstefna. Stefna þeirra byggir á úrræðum, sem reynd voru víða um heim fyrir 30–40 árum sem úrræði gegn vandamálum, sem voru allt annars eðlis en þau, sem nú er við að etja í vestrænum löndum. Þessi úrræði hafa aðeins orðið árangursrík sem neyðarráðstafanir til bráðabirgða. En þær hafa hvergi gefizt vel til lengdar. Menn hafa hvarvetna lært mikið síðan, bæði af reynslunni og í þekkingarleitinni. Í þróuðum iðnaðarríkjum gera menn sér nú yfirleitt grein fyrir gildi réttrar gengisskráningar. Menn hafa ekki lengur neina trú á innflutnings- og gjaldeyrishöftum né fjárfestingareftirliti og telja þessar ráðstafanir raunar skaðlegar, þegar til lengdar lætur. Menn hafa öðlazt skilning á þýðingu vaxta til sparifjármyndunar og sem leiðarvísi fyrir arðbæra fjárfestingu. Menn hafa gert sér ljósa þýðingu jafnvægis í utanríkisviðskiptum og gildi gjaldeyrisvarasjóðs. Menn hafa áttað sig á þeim möguleikum, sem heildarstjórn bankamála og ríkisfjármála felur í sér til tryggingar fullri atvinnu. Og menn hafa gert sér ljóst sambandið milli kaupgjalds og verðlags. Stefna stjórnarflokkanna, eins og raunar flestra ríkisstj. í nálægum menningarríkjum, byggir á skilningi á þessum atriðum. Stefna stjórnarandstöðuflokkanna markast hins vegar af skilningsleysi á þeim. Þess vegna er hún úrelt. Þess vegna mundi framkvæmd hennar þýða afturhvarf til fyrri tíma. Þess vegna er hún hin eina sanna afturhaldsstefna, sem boðuð er í þjóðmálaumr. á Íslandi um þessar mundir, þó að það séu undarleg örlög, að flokkur, sem kennir sig við framsókn, skuli undanfarin ár hafa reynzt mesti afturhaldsflokkur landsins.

Afstaða Alþb. í þessum efnum er einnig með furðumiklum afturhaldsblæ. Í Austur-Evrópuríkjunum hafa á undanförnum árum orðið mikil átök um stefnuna í efnahagsmálum. Stefna Stalíns og rússneska kommúnistaflokksins var sú, að um skyldi vera að ræða sem altækastan áætlaðan búskap, sem stjórnað væri frá einni miðstöð, og skyldi verðlagi öllu og kaupgjaldi stjórnað af ríkinu. Fyrirtækin skyldu hlýða nákvæmum fyrirframgerðum áætlunum, en hvorki keppa hvort við annað né heldur leitast við að öðlast ágóða. Á síðari árum hefur í Austur-Evrópulöndum komið fram mikil gagnrýni á þessa stefnu. Ýmsir aðilar, bæði hagfræðingar, fyrirtækjaforstjórar og stjórnmálamenn, hafa stungið upp á breytingum í þá átt, að stórlega verði dregið úr heildarstjórn þjóðarbúskaparins af hálfu ríkisvaldsins, fyrirtækjum sé fengið aukið sjálfstæði til þess að ráða, hvað og hvernig þau framleiða, þau skuli fá aukið sjálfræði til þess að ráða verðlagi á vörum sínum, keppa hvert við annað og fá að halda a. m. k. hluta þess ágóða, sem þau öðlast, og láta starfsmenn fyrirtækisins njóta þess í hækkuðum launum, ef um

ágóða er að ræða. Þessar nýju hugmyndir eru almennt kallaðar frjálslyndar hugmyndir og hið gamla skipulag Stalíns og rússneska kommúnistaflokksins afturhaldskerfi.

Í Sovétríkjunum hefur þó undir forystu hagfræðinga og viðskiptaforkólfa, sem telja sig og eru taldir frjálslyndir í efnahagsmálum, verið efnt til tilrauna með þessar nýju kenningar, og hafa þær orðið æ víðtækari, þrátt fyrir þá einræðis- og afturhaldsstefnu í stjórnmálum og menningarmálum, sem fylgt er í Sovétríkjunum, en sæta þó mikilli andstöðu af hálfu afturhaldsafla. Tékkar, Tékkóslóvakar, höfðu ákveðið að taka upp þessa nýju stefnu í öllu atvinnu- og viðskiptalífi sínu undir forystu hins kunna varaforsætisráðherra síns, próf. Otasic, jafnhliða því sem þeir juku á lýðræði í landi sínu. Ráðstjórninni í Moskvu reyndist jafnilla við hvort tveggja, öra og gagngerða breytingu í atvinnu- og viðskiptalífi Tékkóslóvaka í samræmi við hina nýju og frjálslyndu stefnu í efnahagsmálum og hið aukna frjálsræði og lýðræði í stjórnmálum. Allur heimurinn veit, að þetta var höfuðástæða þess, að Sovétríkin og önnur Varsjárbandalagsríki tóku Tékkóslóvakíu herskildi og knúðu valdamenn Tékkóslóvakíu til þess að breyta um stefnu, bæði í efnahagsmálum og í innanríkisstjórnmálum.

Ýmsir forystumenn íslenzka Alþb. hafa látið í ljós samúð með frelsisbaráttu Tékkóslóvakíumanna, en stefna sú, sem forystumenn íslenzka Alþb. boða hér í efnahagsmálum, er hins vegar angi af hinni gömlu stefnu Stalínskommúnismans. Nú væri fróðlegt að fá um það algerlega skýr og ótvíræð svör, hvort leiðtogar Alþb. hér telja stefnu þá í efnahagsmálum, sem alls ráðandi var á dögum Stalíns, vera réttari en stefnu þá, sem Tékkar ætluðu og vildu taka upp í efnahagsmálum sínum. Það væri fróðlegt að fá að vita, hvort þeir telja algeran áætlunarbúskap, sem viss öfl í Sovétríkjunum fylgja, rétta stefnu eða aukna samkeppni og aukið frelsi til framleiðslu og viðskipta, þ. e. a. s. þá frjálslyndu stefnu, sem önnur öfl þar fylgja. Öllum mönnum, sem fylgjast með í þessum málum, er ljóst, í hverju stefnumunurinn er fólginn. Enginn, sem um þessi mál hugsar, getur komizt hjá því að taka afstöðu til þess, hvort hann telur efnahagsstefnu Stalíns vera skynsamlegri en stefnu þá, sem Tékkar ætluðu að taka upp, en Sovétríkin hafa bannað þeim að stíga stór spor í átt að. Leiðtogar Alþb. hljóta að hafa gert þetta upp við sig. Það er ástæðulaust, að það sé einkamál þeirra. Við þm. og þjóðin öll eigum rétt á að fá að vita skoðanir þeirra á þessu máli. Ef þeir færast undan að skýra frá þeim, hafa þeir einhverju að leyna. Þá er um eitthvað að ræða, sem þeir skammast sín fyrir eða halda, að íslenzkum almenningi muni ekki geðjast að. Við eigum öll heimtingu á að fá að vita, hver er afstaða Alþb. til alþjóðlegs stórmáls í efnahagsmálum eins og þeirra átaka um stefnuna í efnahagsmálum, sem uppi er í Austur-Evrópu.

Það verður tekið eftir svari Alþb.- leiðtoganna við þessari spurningu. Það verður líka tekið eftir því, ef þeir svara henni ekki skýrt og skilmerkilega. Þeir tala og skrifa hér í samræmi við kenningar Stalínskommúnismans. Gagnrýni þeirra á stefnu ríkisstj. hér er í anda hans. En samtímis vinna sterk öfl í Austur- Evrópu að því að breyta gamla Stalínskommúnismanum einmitt í átt til þess kerfis, sem ríkir í Vestur-Evrópu og hér á landi, en burt frá því kerfi, sem Alþb.- menn boða hér. Vilja leiðtogar Alþb. lýsa því yfir, að stefna sú, sem Tékkóslóvakar vildu taka upp, hafi verið rétt? Þeir þurfa aðeins að segja já eða nei. Ef þeir segja já, er það í ósamræmi við boðskap þeirra hér, því að stefna sú, sem Tékkóslóvakar vildu taka upp, voru spor frá Stalínskommúnismanum í átt til þeirrar frjálslyndu stefnu í efnahagsmálum, sem hér er fylgt. Ef þeir segja nei, opinbera þeir sig enn einu sinni sem afturhaldsmenn í efnahagsmálum.

Ég lýk þessum orðum mínum með því að endurtaka það, sem ég hóf mál mitt á, að það er þakkarvert, að stjórnarandstaðan skuli hafa óskað eftir þessum umr. Ég er viss um, að þær eiga eftir að upplýsa þjóðina um, hvað í raun og veru ber á milli stjórnarflokka og stjórnarandstöðu varðandi stefnuna í efnahagsmálum. Ég er viss um, að þær leiða í ljós, að stefna stjórnarandstöðunnar er úrelt afturhaldsstefna, sem ekki mundi eyða því atvinnuleysi, sem nú er hér og megináherzlu þarf að leggja á að útrýma. Hún er úrelt afturhaldsstefna, sem mundi tefja hagvöxt, en ekki stuðla að bættum lífskjörum. Stefna stjórnarflokkanna er hins vegar sú nútímastefna í efnahagsmálum, sem fylgt er í nálægum viðskiptalöndum okkar, reyndist auka hagvöxtinn í góðærinu og mun nú reynast bezta tækið til þess að mæta þeim gífurlegu erfiðleikum, sem yfir þjóðina hafa dunið, og sigrast á þeim.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Það er nú varla hægt af minni hálfu að hefja þessar umr. án þess að víkja hér nokkuð að þeirri ræðu, sem nú var verið að ljúka við að flytja hér af hæstv. viðskmrh. Enda þótt ræða hans hafi verið, eins og hans ræður eru nú stundum, æði mótsagnakennd og með býsna nýstárlegum fullyrðingum, var hún nú eigi að síður þess eðlis, að ég tel það ómaksins vert að víkja að henni með nokkrum orðum.

Framsýnn hefur Stalín verið, þegar hann mótaði þá stefnu, að það að finna nokkuð að stefnu viðreisnarstjórnarinnar á Íslandi nú, að það væri sem sagt boðskapur Stalíns. (Gripið fram í.) Já, það er greinilegt, ef hann hefur séð það allt saman fyrir og lagt línurnar um það.

Hæstv. viðskmrh., Gylfi Þ. Gíslason, reyndi í sinni ræðu að draga upp nokkur meginatriði í efnahagsmálastefnu ríkisstj., þau, sem hann vildi telja hér sem grundvallandi stefnumál. Það er býsna athyglisvert, hvað það var, sem hæstv. ráðh. lagði einkum áherzlu á. Grundvallaratriðið í stefnu ríkisstj. í efnahagsmálum sagði hann vera að skrá rétt gengi á krónunni og í öðru lagi að halda uppi innflutningsfrelsi. Þetta voru þau tvö grundvallaratriði, sem efnahagsstefna ríkisstj. hvíldi á.

Það er svo út af fyrir sig atriði til þess að velta fyrir sér, hvernig stendur á því, að ríkisstj. hefur alltaf verið að skrá rétt gengi. Hún hefur varla haft þar undan. Hún virðist ekki hafa gert sér mikla rellu út af því, hvað það hefur verið, sem hefur gert það að verkum, að hún er alltaf að skrá rétt gengi. Það kom að vísu fram í ræðu hæstv. viðskmrh., að fleiri atriði taldi hann mikilvæg í sambandi við efnahagsmálastefnuna en þessi tvö grundvallaratriði. Og þá vék hann að því, að það skipti

miklu máli að hafa sterka stjórn á peningamálum, sjá um, að útlán væru úr bankakerfinu á hverjum tíma hófleg og að vextir væru gjarnan háir til þess að örva sparnað. En önnur atriði taldi hæstv. viðskmrh. ekki upp sem nein meginatriði varðandi efnahagsmálastefnu ríkisstj. Skyldu hv. þm. ekki hafa tekið eftir því, að hann þurfti ekki að víkja að því svo að segja neinu orði, hver stefnan í efnahagsmálum ætti að vera til þess að tryggja vaxandi þjóðarframleiðslu, hvernig stefnan ætti að vera í atvinnumálum landsins, til þess að atvinnuvegirnir skiluðu þar fullum árangri. Nei, það, sem skipti máli, var það að skrá rétt gengi, halda uppi frjálsum innflutningi, hafa háa vexti og sjá um það, að útlán væru hófleg.

Nú veit auðvitað hæstv. viðskmrh. mætavel, að það er enginn skoðanaágreiningur uppi milli stjórnmálaflokka hér á landi um það, að það sé út af fyrir sig rétt að halda uppi réttri skráningu á verðgildi íslenzku krónunnar. Þar er um atriði að ræða, sem allir eru sammála um. En menn eru hins vegar ekki sammála um það, hvernig á að standa að efnahagsmálapólitíkinni í landinu til þess að tryggja það, að það gengi, sem eitt sinn hefur verið skráð rétt, geti staðizt um lengri tíma. En hæstv. viðskmrh. heldur sig við það eins og efnahagsráðunautar ríkisstj., að nokkrar almennar formúlur, sem eru í rauninni slitnar úr samhengi – ætlar sér að halda sig við þær, hvernig svo sem ástatt er, – að það séu þær, sem ráði hér öllu um það, hvernig til tekst um þróun efnahagslífsins. Dæmið, sem hæstv. ráðh. nefndi hér um háa vexti og þannig vaxandi sparnað í efnahagskerfinu í kjölfar hárra vaxta, var í rauninni ágætt dæmi um það, hvernig menn geta misnotað svona almennar formúlur. Auðvitað er því þannig varið, að því fer víðs fjarri, að það sé vaxtafóturinn einn, sem ræður úrslitum um það, hvort sparnaður í peningakerfinu er mikill eða lítill. Við höfum mjög sláandi tölur um þetta af okkar reynslu nú síðustu árin.

Á árinu 1965, eða í árslok ársins 1964, var ákveðið af Seðlabankanum að lækka innlánsvexti. Og þeir voru nokkru lægri á árinu 1965 en þeir höfðu verið um skeið. Hver varð afleiðingin? Minnkaði sparnaðurinn á árinu 1965 við það, að vextirnir voru lækkaðir? Nei, sparinnlánaaukningin í bankakerfinu óx úr 754 millj. kr., sem þær voru á árinu 1964, upp í 1210 millj. kr. á árinu 1965 þrátt fyrir vaxtalækkunina. Þá var aftur gripið til þess í árslokin 1965 að hækka vextina, hækka aftur innlánsvextina. Hvernig reyndist það? Á árinu 1966, þegar vextirnir voru hækkaðir aftur, jukust sparinnlánin minna en árið á undan, eða um 983 millj. í staðinn fyrir 1210 millj. Þessar tölur sýna það, svo að ekki verður um villzt, að á þessum tíma var það ekki vaxtahæðin, sem hér réði úrslitum. Hvað var það, sem gerði það að verkum, að sparifjárinnlögin í bankakerfinu jukust svona mikið á árinu 1965 þrátt fyrir lækkandi vexti? Vitanlega það, að á því ári varð mikil framleiðsla í þjóðarbúinu og stórlega vaxandi. Tekjur urðu þá allar hærri og meiri en áður, og það var aðstaða til þess, að um meiri sparnað gæti orðið að ræða. Ég er t. d. hræddur um það, að hæstv. viðskmrh. mundi reka sig á það nú, að þó að hann hækkaði innlánsvextina um 1–2%, þá mundu peningarnir ekki taka upp á því að streyma inn í bankakerfið, á meðan atvinnuleysi er í landinu og samdráttur er í öllu efnahagskerfinu. Þeir menn, sem bíta sig fasta í svona kenningar eins og kenninguna um háa vexti, fara vitanlega villir vegar, og þeir geta orðið til mikillar bölvunar með sína stefnu, ef þeir halda sig við hana á óeðlilegan hátt. Vitanlega er það sjálfsagt, að það þarf á hverjum tíma að reyna að meta það, hvað vextirnir, bæði innlánsvextir og útlánsvextir, eiga að vera háir. Það skiptir líka miklu máli, að það sé metið rétt, hvað hóflegt er að lána mikið út af fjármagni í bankakerfinu hverju sinni. Ekki neita ég þessu. En það er hitt, sem skiptir hér miklu meira máli um það, hvernig til tekst í efnahagsmálum landsins. Það er það, hvernig haldið er á þeim málum, sem áhrif hafa á gang atvinnulífsins. Er haldið uppi stefnu, sem miðar að því að kyrkja atvinnulífið, draga það saman, kreppa það saman þannig, að óeðlileg afköst verði í framleiðslukerfi þjóðarinnar? Of lítil útlán til framleiðsluatvinnuveganna geta leitt til þess arna. Og of háir vextir geta líka leitt til þess, að það verði um taprekstur í framleiðslukerfinu að ræða og framleiðslan dragist saman og minnki, en það er engu líkara en hæstv. viðskmrh. og efnahagsráðunautar ríkisstj. gangi í öllum sínum ákvörðunum algerlega fram hjá þessum staðreyndum.

Hæstv. viðskmrh. sagði hér í sinni ræðu marga furðulega hluti. Hann taldi t. d., að við stjórnarandstæðingar gerðum allt of mikið úr áhrifum vaxtahæðarinnar á afkomu atvinnuveganna í landinu og nefndi rétt einu sinni þá fjarstæðufullu tölu, að vaxtagreiðslur frystihúsanna í landinu næmu ekki nema í kringum 80 millj. kr. á ári. Það er auðvitað margsinnis áður búið að leiðrétta þessa vitleysu hjá hæstv. ráðh., en hann endurtekur hana eigi að síður. Ég vil benda á það, að aðalefnahagsráðunautur ríkisstj., sem hæstv. viðskmrh. trúir þó mjög mikið á, hefur þó sent frá sér alllanga greinargerð um það, að vaxtagreiðslur sjávarútvegsins í landinu séu rúmlega 400 millj. kr. á ári. Og í þeirri tölu tekur hann þó fram, að sé ekki um að ræða vaxtagreiðslur af margvíslegum lánum, sem framleiðslan muni þurfa að greiða vexti af á óbeinan hátt. Það vita allir, að vaxtagreiðslur framleiðslunnar hvíla á henni undir fleiri liðum en því, sem kallað er beinar vaxtagreiðslur. Vaxtaþunginn kemur í gegnum margvíslega kostnaðarliði framleiðslunnar, svo að hér er auðvitað um að ræða miklu meiri byrði en sem nemur þessum 400 millj., að maður tali nú ekki um meiri en 80 millj., sem hæstv. ráðh. vill láta líta út sem svo, að það sé í rauninni sú vaxtabyrði, sem sjávarútvegurinn þurfi við að glíma.

Og svo ræddi hæstv. ráðh. allmikið um þá stefnu, sem upp hefur verið tekin nú í mörgum sósíalístískum löndum hin síðari ár, sem nefnd hefur verið frjálslyndari stefna í efnahagsmálum en sú, sem þar var fylgt fyrir nokkrum árum. Og það var helzt að heyra á hæstv. ráðh., að stefna hans líktist þessari frjálslyndisstefnu, en að stefna okkar stjórnarandstæðinga, sem gert höfum hér allmargar aths. við stefnu stjórnarinnar, hins vegar einkenndist af sömu meginatriðum og hin gamla stefna Stalíns í efnahagsmálum. Hvort tveggja er álíka fjarlægt öllum raunveruleika. Auðvitað er sú frjálslyndisstefna, sem nefnd hefur verið og upp hefur verið tekin nú í vaxandi mæli í mörgum sósíalískum ríkjum,

auðvitað er hún gersamlega önnur en sú stefna, sem núv. hæstv. ríkisstj. hefur haldið uppi hér á landi í efnahagsmálum. Stefnan, þessi frjálslyndisstefna, hefur auðvitað fyrst og fremst byggzt á áætlunarbúskap, en ekki á algeru skipulagsleysi um þróun atvinnu- og efnahagsmála, eins og hefur átt sér stað hér á landi, svo að allur samanburður hjá hæstv. ráðh. í þessum efnum er í rauninni alveg út í bláinn.

Ég get tekið undir það með formanni Framsfl., sem hér talaði fyrr í þessum umr., að ég fagna því, að umr. sem þessar eru teknar hér upp á Alþ. um jafnveigamikinn þátt í íslenzkum stjórnmálum eins og hér er um að ræða. En ég verð þó að segja, að mér finnst, að málið beri hér allt að á annan hátt en þann, sem ég hefði kosið. Mér finnst, að sú skýrsla, sem hér var gefin af hæstv. forsrh., hafi verið mjög ófullnægjandi sem greinargerð um það, hvernig nú sé ástatt í okkar efnahagsmálum og við hvaða vanda sé nú að glíma. Og þá verð ég einnig að lýsa yfir því, að ég kann heldur illa við þann hátt, að þegar hæstv. forsrh. hefur hér lokið máli sínu, lagt fyrir sína skýrslu og stjórnarandstaðan tekur svo til máls, þá skuli mikill hluti af þm. stjórnarflokkanna hverfa í burtu úr þingsalnum og ekki vera til viðtals um þessi mikilvægu mál, sem hér eru á dagskrá. En þannig hefur þetta verið í þessum umr. mjög áberandi.

Það er enginn vafi á því, að það var orðinn mikill vandi á höndum í okkar efnahagsmálum, þegar hæstv. ríkisstj. ákvað það að grípa til einnar gengislækkunarinnar enn í nóvembermánuði s. l. Þá var þannig komið í efnahagsmálum þjóðarinnar, að gjaldeyrisforðinn var genginn til þurrðar. Atvinnuleysi var orðið mikið. Iðnaðurinn hafði dregizt saman. Ýmsar greinar sjávarútvegsins voru komnar í strand. Landbúnaðurinn átti í miklum erfiðleikum, og framkvæmdir minnkuðu eða höfðu minnkað í nær öllum greinum, og segja mátti, að samdráttur væri þá orðinn mikill í öllu efnahagskerfinu. En gengislækkunin, sem ríkisstj. ákvað að framkvæma, átti að leysa þennan mikla efnahagsvanda. Það gat ekki farið framhjá neinum, að sú ráðstöfun, sem að því miðaði að hækka verð á erlendum gjaldeyri um rúmlega 50% gagnvart íslenzkum, mundi leiða til mjög stórfelldra breytinga í mörgum greinum efnahagslífsins. Það lá fyrir, að verðlag á innfluttum vörum mundi hækka um 40–50%, og áætlað var, að framfærsluvísitalan mundi hækka vegna þessarar gengislækkunar um 20–25% tiltölulega fljótlega. Þegar ríkisstj. ákvað að fara þessa leið, stóð ekki á því, að stuðningsmenn hennar lýstu því yfir með ýmsum hátíðlegum yfirlýsingum, að þeir tryðu því, að áhrifin í efnahagskerfinu af þessari gengislækkun yrðu góð. Þá var talað um það, að áhrifin þýddu í rauninni, að verið væri að dæla nýju blóði í atvinnulífið, og sagt var, að öll hjól framleiðslunnar mundu taka að snúast tiltölulega fljótlega. En reynslan af þessum efnahagsráðstöfunum varð allt önnur. Reynslan varð sú, að eftir gengislækkunina, sem samþykkt var 12. nóvember, þá hélt atvinnuleysið í landinu áfram að aukast. Samdrátturinn í atvinnulífinu fór enn vaxandi. Fleiri og fleiri fyrirtæki tóku að segja upp sínu starfsliði og lýstu því yfir, að þau yrðu að draga úr sinni framleiðslu. Fjármagnsskorturinn varð enn þá tilfinnanlegri eftir gengisbreytinguna en hann hafði verið fyrir gengisbreytinguna.

Við vitum, að eitt af ákvæðunum, sem fylgdu með í efnahagsráðstöfunum ríkisstj., var að ógilda þá samninga, sem í gildi höfðu verið um launakjör sjómanna á fiskibátunum. Þeir samningar féllu út um áramót. Afleiðingarnar af því urðu þær, að fiskibátaflotinn stöðvaðist í verkföllum, og hann stöðvaðist um rúmlega 6 vikna skeið. Það hefur verið áætlað, að þjóðarbúið hafi tapað í gjaldeyrisverðmætum í kringum 600 millj. kr. á þessari stöðvun. Og ég hygg, að það fari ekki langt frá því, þegar tillit er tekið til þess, að hér var um allþýðingarmikið tímabil að ræða á aðalvetrarvertíð.

Nú fyrir skömmu var talið, að um 6000 menn í landinu væru skráðir atvinnulausir. Það hefur víst ekki farið fram hjá neinum, að ástandið almennt séð var orðið mjög alvarlegt. En nú er sjómannaverkfallið leyst, og þá má búast við því, að talsvert dragi úr atvinnuleysinu víða um landið, a. m. k. nú á hávetrarvertíðinni. En það er þó alveg ljóst, að atvinnuleysi verður eftir sem áður einnig í vetur verulega mikið víða um landið, þó að vetrarvertíðin verði sæmileg. Meira að segja í útgerðarbæjunum, þar sem mest snýst nú um rekstur sjávarútvegsfyrirtækja, er alveg greinilegt, að talsvert atvinnuleysi verður þó í ýmsum öðrum starfsgreinum vegna þess almenna ástands, sem þar er komið upp. En vandinn er ekki búinn, þó að nú hafi tekizt að leysa sjómannaverkfallið. Við vitum, að einmitt nú í dag er haldin hér í borginni ráðstefna á vegum Alþýðusambands Íslands varðandi það mikla mál í þessum efnum, sem varðar launakjör verkafólks almennt í landinu. Það vakti athygli mína, að í þeirri skýrslu, sem hæstv. forsrh. flutti hér um efnahagsmálin eins og þau blasa nú við, vék hann ekki einu einasta orði að þessu stóra vandamáli. Það virtist vera, að hann og ríkisstj. hefði engar áhyggjur af því, hvað gerðist í þeim efnum nú um næstu mánaðamót. Það liggur þó fyrir yfirlýsing af hálfu atvinnurekenda í landinu um það, að þeir treysti sér ekki til þess að borga laun nú 1. marz n. k. og eftirleiðis, sem séu miðuð við þá samninga, sem í gildi voru fram að áramótum. Og það liggur einnig fyrir yfirlýsing af hálfu verkalýðssamtakanna, að þau munu ekki sætta sig við það að fá ekki vísitöluuppbætur á laun, eins og samið var um í síðustu samningum. Það lítur því helzt út fyrir það, að hér geti dregið til stórtíðinda í þessum efnum svipað því og gerðist á s. l. vetri, þegar deilt var um þessi mál. Vel gæti svo farið, að hér drægi til verkfallsátaka og stöðvunar á mestöllu framleiðslulífi í landinu vegna deilna um þetta mál, en sú deila er auðvitað upp komin vegna þeirra efnahagsaðgerða, sem ríkisstj. greip til í nóvembermánuði s. l. Hér er auðvitað um stórfellt vandamál að ræða, en þegar ríkisstj. ræðir nú um stöðuna í efnahagsmálum og atvinnumálum, þá virðist hún ekki þurfa að víkja að þessu einu einasta orði. Hæstv. viðskmrh. vék heldur ekki að þessu í sinni ræðu. Hann hafði aðeins áhyggjur af því, að það væru til vondir stjórnarandstæðingar, sem væru á móti stefnu ríkisstj. í því að skrá rétt verðgildi krónunnar og stæðu í vegi fyrir því, að ríkisstj. gæti haldið hér uppi frjálsum innflutningi. Það voru þeir þættir, sem hann ræddi aðallega um. En ég og við Alþb.-menn teljum, að það, sem skipti miklu meira máli en allt það, sem fallegt má segja um

frjálsan innflutning og um rétta skráningu á krónunni, sé það, að þannig sé að málum staðið, að framleiðslutæki þjóðarinnar nýtist til fulls, að þjóðin standi ekki fyrst frammi fyrir því í einn og hálfan mánuð, að bátaflotinn stöðvist á vetrarvertíð og að þjóðarbúið tapi þannig mörgum hundruðum millj. kr. vegna framleiðslustöðvunar og síðan komi allsherjarstöðvun út af almennum kaupgjaldsmálum, sem gæti einnig leitt til annarrar slíkrar stöðvunar um lengri eða skemmri tíma. Stefna, sem leiðir til slíks, er í eðli sínu háskaleg, hún er í eðli sínu röng.

En í þessum efnum er einmitt rétt að átta sig nokkuð á því, hvað það var, sem raunverulega fólst í þeirri efnahagsmálastefnu, sem ríkisstj. ákvað að beita sér fyrir, þegar gengið var síðast lækkað, í nóv. s. l. Raunverulega var það svo, að það var eitt meginatriði, sem þar var verið að framkvæma. Ríkisstj. ætlaði sér að koma því fram með gengislækkuninni, að almennt kaupgjald í landinu yrði lækkað frá því, sem það hafði verið, um 20–25%. Þetta var megininntakið í þeim efnahagsmálaráðstöfunum, sem þarna var verið að ákveða, og ríkisstj. lýsti því yfir, að hún ætlaðist til þess, að þetta gerðist með þeim hætti, að þó að framfærsluvísitalan í landinu hækkaði í kjölfar gengisbreytingarinnar um 20–25%, þá gengi slík verðhækkun yfir launafólk í landinu bótalaust, að vísitöluuppbætur, sem þessari verðhækkun næmu, yrðu ekki greiddar. Og ríkisstj. lýsti því einnig yfir, að hún mundi beita sér fyrir lagasetningu í þá átt að koma í veg fyrir það á sama hátt, að sjómenn gætu fengið hér nokkrar bætur á móti hækkandi verðlagi, með því að breyta með lögum gildandi kjarasamningum þeirra. Það var þetta, sem raunverulega fólst í þeim efnahagsráðstöfunum, sem ákveðnar voru í nóvembermánuði s. l. Þetta var inntakið.

Það er rangt, sem reynt hefur verið að halda hér fram, að megintilgangur með þessari gengislækkun hafi verið sá, að bæta rekstrarafkomu fiskiðnaðarins í landinu og fiskibátanna í landinu eða sjávarútvegsins almennt. Það liggur nú fyrir á ótvíræðan hátt, að við gengisbreytinguna batnaði rekstrarafkoma þessara aðila ekki frá því, sem áður var. Forustumenn í fiskiðnaði landsins hafa gefið opinbera yfirlýsingu um þetta. Þeir hafa bent á það með alveg óyggjandi tölum, að eftir gengisbreytinguna þá verði afkoma fiskiðnaðarins ekki betri en hún var áður, miðað við það styrkjafyrirkomulag, sem áður var í gangi. Breytingin yrði í rauninni aðeins sú, að í staðinn fyrir styrkjakerfið kæmi hin nýja gengisskráning. Og forustumenn útgerðarmanna hafa gefið alveg hliðstæðar yfirlýsingar um það, að þeir teldu, að rekstrarafkoma t. d. bátanna væri ekki betri miðað við hið nýja fyrirkomulag en samkvæmt eldra uppbótakerfinu, sem í gildi var á s. l. ári. Gengisbreytingin var því ekki gerð út af fyrir sig til að gera hag þessara aðila betri en hann var, en það átti að koma þessum málum fyrir á þann hátt, að það átti að láta alla launþega í landinu, og þar með eru taldir allir sjómenn, taka á sínar herðar að standa undir þessum kostnaði, sem áður hafði verið haldið uppi með ýmiss konar skattheimtu til þess að standa undir uppbótakerfinu. Nú átti með gengislækkunaraðferðinni að koma þessum böggum yfir á vinnandi fólk. Það átti sem sagt að framkvæma hér almenna kjaraskerðingu, sem næmi í kringum 20–25%.

Það er auðvitað enginn vafi á því, að sú leið, sem ríkisstj. valdi í nóvembermánuði s. l. í efnahagsmálum, var í rauninni samdráttarstefna. Það var samdráttarstefna, sem ríkisstj. ákvað að taka hér upp. Samdrátturinn átti að verða í kaupgetunni, og með því að framkvæma þann samdrátt átti að reyna að ná endum saman. Auðvitað hlaut þessi mikli samdráttur, ef hann gengi yfir, að leiða til þess, að það yrði samdráttur hér í fleiri greinum en varðandi hinn almenna kaupmátt. Það var t. d. gefið, að framleiðsla í iðnaði fyrir innanlandsmarkað hlaut líka að dragast saman, um leið og kaupgetan drægist saman. Og það gaf auðvitað einnig auga leið, að með því að fram yrði komið stefnu, sem þýddi 20–25% raunverulega kjaraskerðingu, þá hlaut að draga úr margvíslegum framkvæmdum í landinu. Hvaða manni dettur t. d. í hug, að þeir verði margir, sem geta ráðizt í að byggja sér íbúðarhús, eftir að byggingarkostnaður í landinu hefur hækkað um 40%? En hin almenna kaupgeta hefur verið skorin niður einnig gagnvart lífsnauðsynjum, sem nemur 20–25%. Auðvitað gefur það auga leið, að þetta hlaut að leiða til stórfellds samdráttar í allri byggingarstarfsemi. Leiðin, sem ríkisstj. valdi í þessum efnum, var því samdráttarleið. Hún sá enga aðra leið út úr þeim vanda, sem upp var kominn, en að fara út í almennan samdrátt. Það var þess vegna ekki með öllu óeðlilegt, að ríkisstj. veldi þessa leið, þegar það er haft í huga, hvernig hún leit á þau vandamál eða eðli vandans, sem við var að glíma.

Ríkisstj. hélt því fram, að sá vandi, sem við var að glíma, væri þess eðlis, að hann stafaði eingöngu af ytri erfiðleikum, hann stafaði af minnkandi aflamagni og lækkandi verði á erlendum mörkuðum. Ríkisstj. vildi ekki viðurkenna, að neitt væri athugavert við hina almennu stefnu, sem hún hafði haldið uppi í atvinnu- og efnahagsmálum. Nú gefur það auga leið, ekki sízt nú þegar menn athuga þessi mál, og þetta er þó umliðið, að þessi skýring ríkisstj. á eðli vandamálsins fær á engan hátt staðizt. Það er að vísu rétt, að aflinn minnkaði nokkuð á árinu 1967 frá þeim mikla afla, sem hafði verið á árinu á undan, en aflinn minnkaði þó ekkert verulega frá því ári, og árið 1967 mun lengi verða kallað mikið aflaár. En á því ári féll verð á ýmsum okkar útflutningsvörum alltilfinnanlega. Um það er ekkert að villast, að á þessu ári urðum við fyrir talsverðu áfalli vegna utanaðkomandi áhrifa. Nokkuð svipað gerðist á árinu 1968. Síldaraflinn brást þá mun meir, en annar afli fór hins vegar vaxandi og hefði þó undir eðlilegum kringumstæðum átt að vaxa miklu meira en hann gerði. Verðfallið var hins vegar ekki eins mikið, vegna þess að ýmsar vörur fóru þá aftur hækkandi. Hið lága verð á síldar- og fiskmjöli, sem mest hafði verið talað um áður, er löngu úr sögunni. Aftur er komið upp fyrir alllöngu eins hátt verð á þessari vöru og við höfum nokkurn tíma áður haft. Og það hefur legið fyrir, að við höfum átt kost á því að fá mjög hátt verð fyrir mikinn hluta af okkar hraðfrysta fiski, ef við hefðum skipað okkar framleiðslumálum í þeim greinum rétt. Og verðlag á þeim afla, sem við höfum selt í fiskihöfnum erlendis, hefur verið mjög hagstætt. Ég viðurkenni það, að á þessum tveimur árum, árinu 1967 og árinu 1968, urðum

við fyrir í þessum efnum allverulegum áföllum, þegar við berum saman framleiðsluverðmætin á þessum árum og framleiðsluverðmætin á árunum 1965 og 1966, þegar framleiðsluverðmætið náði algjöru hámarki. En það er þó alveg augljóst mál, að þetta er ekki skýringin á þeim vanda, nema að litlu leyti, sem við erum að glíma við í okkar efnahagsmálum. Við vitum t. d., að við hefðum átt að geta framleitt á s. l. ári miklu meira en við gerðum, ef við aðeins hefðum fullnotað framleiðslutæki okkar, ef þau hefðu ekki legið ónotuð mánuð eftir mánuð og í tugatali.

Ef við lítum nokkuð til ástandsins, sem hefur verið að skapast í okkar atvinnumálum almennt séð, þá kemur það miklu betur í ljós, í hverju aðalvandinn hefur legið, sem við höfum átt við að glíma í okkar efnahagsmálum. Við skulum víkja hér að nokkrum þáttum í sambandi við okkar atvinnulíf og sjá, hvernig þar hefur verið ástatt. Það hefur oft verið minnzt á það, að nú sé svo komið, að við rekum hér á landi aðeins 18 togara, nær alla mjög gamla, en höfum rekið fyrir nokkrum árum 46 togara. Hafa menn gert sér grein fyrir því, að ef við hefðum bætt við togaraflotann okkar, þótt ekki hefði verið nema 15 nýjum skipum, og rekið þau skip með þessum 18 gömlu skipum, hefðum við, miðað við afla gömlu skipanna nú á s. l. ári, átt að fá í verðmæti vegna rekstrar þessara 15 nýju skipa rúmlega 700 millj. kr. í erlendum gjaldeyri? Ég efast reyndar ekkert um það, að nýju skipin hefðu skilað mun meiri afla en gömlu skipin gerðu, en afli á togurum hefur nú tvö s. l. ár reynzt ágætur og mjög góður á s. l. ári. En ástandið í þessum þýðingarmikla þætti í okkar efnahagslífi var orðið þannig, að ríkisstj. hafði í engu skeytt því, þó að togaraútgerð landsmanna væri að eyðast upp á undanförnum árum. Við Alþb.-menn höfum flutt hér till. á Alþ. ár eftir ár um það, að hafizt yrði handa um það að endurreisa togaraflotann. Ríkisstj. hefur ekki sinnt þessum till. Við skulum líta á annan þátt okkar framleiðslumála. Við skulum líta á þann hluta bátaflotans, sem einkum hefur aflað hráefnis fyrir fiskvinnslustöðvarnar í landinu. Þessi hluti bátaflotans hefur sífellt verið að minnka á undanförnum árum. Bátarnir hafa orðið færri og færri, eldri og eldri. Endurnýjun hefur ekki átt sér stað í þessum atvinnutækjum. Þetta hefur hæstv. ríkisstj. verið bent á hér á Alþ. ár eftir ár af sérstakri mþn., þar sem menn úr öllum stjórnmálaflokkum störfuðu, en ríkisstj. hreyfði hvorki hönd né fót til þess að hugsa um það að halda a. m. k. við þessum þýðingarmikla framleiðsluþætti í okkar framleiðslukerfi. Hún lét þennan þátt drabbast niður. Og ekki aðeins það, hún horfði á það sljóum augum t. d. á s. l. ári, að fjölmargir bátar af þessari stærð lágu ónotaðir mánuðum saman, bundnir við bryggju vegna alls konar fjárhagserfiðleika. Ég fullyrði, að ef þeir bátar af þessari stærð, sem við áttum, þessir gömlu bátar, hefðu verið reknir með eðlilegum hætti og afli þeirra unninn til útflutnings, þá hefðum við getað framleitt a. m. k. viðbótarverðmæti, sem numið hefðu 600 millj. kr. En þetta tókst vitanlega ekki, vegna þess að ríkisstj. hafði vanrækt að hugsa um uppbyggingu atvinnulífsins.

Það er hægt að taka hér miklu fleiri þætti. Við Alþb.-menn höfum flutt hér till. ár eftir ár um það, að ríkisstj. vildi sinna þeim þýðingarmikla þætti að reyna að koma hér upp frekari fullvinnslu á sjávarafla okkar en við höfum haft. Það er alveg vitað mál, að við munum ekki ná neinum teljandi árangri í því að koma hér upp niðursuðu og niðurlagningu á fiskafurðum án þess, að ríkisvaldið komi hér verulega til aðstoðar. Það þarf að leggja fram fjármagn til þess að aðstoða þá, sem vilja ráðast í framkvæmdir í þessum efnum, aðstoða þá við að fá í sína þjónustu sérfróða menn til þess að skipuleggja framleiðsluna og leiðbeina þeim á fyrsta stigi. Það þarf að veita þessari framleiðslu í byrjun sérstök hlunnindalán til þess að komast yfir byrjunarerfiðleika, og það þarf síðast en ekki síst að reyna að greiða fyrir því í viðskiptapólitík landsins, að markaður fáist erlendis fyrir þessa framleiðsluvöru. Í þessum efnum hefur ríkisstj. heldur ekki gert neitt. Hún hefur ekki sinnt þessu.

Á þessum þáttum, sem ég nú hef minnzt á, og það mætti telja upp marga fleiri svipaðs eðlis, hefur ríkisstj. ekki haft nokkurn minnsta áhuga. Hún hefur haldið sig við það, eins og hæstv. viðskmrh. í sinni ræðu, að það, sem öllu máli skipti, væri að tryggja hér frjálsan innflutning, frjálsa verzlun, halda uppi háum vöxtum, gæta að því, að útlánin verði ekki of mikil o. s. frv. Í þá stefnu hefur ríkisstj. haldið, en hún hefur hins vegar ekki skilið þarfir framleiðslulífsins.

Það er ekki aðeins í málum sjávarútvegsins, sem þessarar tregðu og þessa skilningsleysis af hálfu ríkisstj. hefur gætt. Sama viðhorfið hefur verið hjá ríkisstj. gagnvart öðrum atvinnugreinum. Við skulum t. d. taka innlendan iðnað. Vita ekki allir, að innlendur iðnaður hefur í rauninni verið að kreppast saman á undanförnum árum. Framleiðslan hefur farið minnkandi. Fleiri og fleiri fyrirtæki hafa verið að gefast upp. Okkar innlendi iðnaður er mjög illa undir það búinn að eiga að taka upp harða samkeppni við erlendan iðnað. En hvað hefur verið gert í þeim efnum að kippa þessu í lag? Efnahagsmálastefna ríkisstj. hefur ekki náð til þess.

Það er enginn vafi á því, að það er einmitt stefna ríkisstj. í efnahagsmálum, sem hér hefur staðið í veginum. Ríkisstj. hefur ekki fengizt til að sinna því, að það ætti að létta af framleiðslunni margvíslegum óþarfaútgjöldum, sem á framleiðslunni hvíla. Hún hefur talið það eðlilegt eftir sinni almennu kenningu, að útflutningsframleiðslan þyrfti að búa við okurháa vexti. Hún hefur talið það eðlilegt, að framleiðslufyrirtæki stöðvuðust, útflutningsframleiðslufyrirtæki stöðvuðust vegna rekstrarfjárskorts. Og þegar till. hafa verið fluttar um það að létta t. d. af sjávarútveginum nokkrum kostnaði með því að koma fyrir breyttu verzlunarskipulagi á olíudreifingu í landinu, hefur ríkisstj. ekki viljað sinna neinu slíku. Hún hefur hins vegar haldið sér fast við það að dekra við verzlunina í landinu á öllum sviðum.

Það er auðvitað enginn vafi á því, að mestur hlutinn af þeim vanda, sem við eigum við að stríða nú í okkar efnahagsmálum, stafar af því, að ríkisstj. hefur haldið sér við alranga stefnu í atvinnumálum. Hún hefur verið alltof neikvæð gagnvart uppbyggingu atvinnulífsins. Ég held beinlínis, að ríkisstj. hafi verið svo sljó í þessum efnum, að hún hefði þolað það, ef síldveiðin hefði haldið áfram, jafnmikil og góð og hún var, að það hefði enn fleiri aðilar í landinu bætzt í þann hóp, sem hefði

farið að stunda síldveiðar, og við hefðum þá mokað að sjálfsögðu upp enn meiri verðmætum, þó að það hefði hins vegar kostað það, að ýmsir aðrir þættir í okkar framleiðslulífi hefðu um leið fallið niður. Ég ásaka ríkisstj. ekki fyrir það, að mikil þátttaka var hér á sínum tíma í síldveiðum og að mikil verðmæti fengust fyrir þau störf, en ég ásaka hana fyrir það, að hún lét lönd og leið, á sama tíma og síldarævintýrið gekk yfir, þá lét hún lönd og leið aðrar þýðingarmiklar atvinnugreinar í okkar efnahagskerfi. Hún fékkst ekki um það, þó að þær svo að segja legðust niður, og fyrir það einmitt gjöldum við nú í dag.

Það er skoðun mín, að eins og nú er ástatt í okkar efnahagsmálum, þá skipti meginmáli, að þegar í stað verði gerðar nokkrar undirstöðuráðstafanir til úrbóta. Þessar ráðstafanir eru að mínum dómi, miðað við núverandi aðstæður, þessar: Í fyrsta lagi ætti að úthluta þessum 300 millj. kr. til atvinnuaukningar, sem ríkisstj. hefur lofað að útvega. Það ætti að úthluta þessari fjárhæð þegar í stað. Það ætti að setja sér að úthluta þessari upphæð á viku eða 10 dögum. Og ég er ekki í neinum vafa um það, að það er enginn vandi að úthluta þessari upphæð þannig, að hún kæmi að miklu gagni og yrði úthlutað, ég verð að segja, á ekki lakari hátt en þó menn liggi yfir því og velti því á milli sín og sendi það til umsagnar á milli landsfjórðunga í hálft ár eða svo, eins og nú mun vera áætlað að gera. 300 millj. kr. er ekki ýkjahá fjárhæð, miðað við það, sem við þurfum nú á að halda í þessum efnum. En úthlutun á þessu fjármagni nú þegar er brýn. Úthlutunin ætti fyrst og fremst að fara fram með þeim hætti, að atvinnumálanefndirnar í héruðunum úthlutuðu þessu fjármagni eftir meginreglum, sem atvinnumálanefnd ríkisins setti um það. Verði úthlutunin á þessu fjármagni dregin í marga mánuði, fram á sumar eða haust, hefur þessi úthlutun ekki mikið að segja.

Í öðru lagi tel ég, að það, sem nú kallar mest að, sé það, að frá því verði gengið tryggilega, að vísitölubætur á laun verði greiddar a. m. k. á þeim grundvelli, sem síðustu samningar gerðu ráð fyrir, miðað við 1. marz n. k., og þannig verði komið í veg fyrir það, að ný framleiðslustöðvun verði í landinu vegna deilna um þetta sjálfsagða réttlætismál, sem þarna er um að ræða. Þetta álít ég að skipti hér alveg meginmáli. Það væri ný ógæfa, ef til þess drægi, að verkföll og framleiðslustöðvun yrði að skella hér yfir á næstunni vegna þessa máls.

Í þriðja lagi tel ég, að þegar í stað eigi að gera ákveðnar ráðstafanir til stuðnings innlendum iðnaði og til þess að draga úr innflutningi á varningi, sem við getum með góðu móti framleitt í landinu. Við eigum ekki að láta fyrirtæki, sem við höfum þegar lagt fjármagn í að byggja upp í landinu, standa ónotuð og það á atvinnuleysistímum. Þessar ráðstafanir á að gera strax.

Í fjórða lagi er nauðsynlegt að viðurkenna þá staðreynd, að taka þarf upp stjórn á gjaldeyris- og fjárfestingarmálum. Það þarf vitanlega ekki um það að ræða, að þegar þjóð er komin í þann vanda, eins og okkar nú, að hana skortir gjaldeyri, þá verður hún að setja sér skynsamlegar reglur um það, hvernig á að nota hinn takmarkaða gjaldeyri, og jafnvel þó að til þess þurfi að grípa á einhverju tímabili að banna innflutning á einhverjum vörum eða draga úr innflutningi á vörum, sem litla þýðingu hafa, þá á ekki að hika við að gera slíkt. Ég vil benda á það í þessu sambandi, að þjóð eins og t. d. brezka þjóðin hefur ekki hikað við það að undanförnu að grípa til ráðstafana, sem fara í þessa átt, þegar svona hefur staðið á hjá henni, og vitanlega er það fjarstæða, eins og ástatt er hjá okkur, að ætla að halda hér áfram því skipulagsleysi, sem hér hefur verið í fjárfestingarmálum. Allir viðurkenna, að fjármagn þjóðarinnar er mjög takmarkað. Við þurfum mjög á viðbótarfjármagni að halda, og af því höfum við m.a. verið að taka erlend lán. En skyldi þá ekki vera sjálfsagt að reyna að setja reglur um það, að það takmarkaða fjármagn, sem þjóðin á og ræður yfir, nýtist á sem allra beztan hátt? Hinar efnuðustu þjóðir hafa reglur um þetta, og m. a. vegna þess, sem hæstv. viðskmrh. fór að minnast á í sambandi við Sviþjóð, þá vil ég benda honum á það, að í Sviþjóð eru reglur um sérstakan fjárfestingarskatt á ýmsar framkvæmdir og um það, að það þurfi að fá sérstök stjórnvaldaleyfi til þess að fara í ákveðnar framkvæmdir. Þar er auk þess um það að ræða, eins og hjá mörgum þjóðum, að þar er unnið eftir miklu meiri áætlunargerð um framkvæmdir í landinu og ráðstöfun fjármagnsins en á sér stað hér hjá okkur, og einmitt þar, sem svo er ástatt, að áætlunargerð og framkvæmd samkvæmt áætlun er á lágu stigi, þá er alveg nauðsynlegt að hafa hér eftirlit með fjárfestingu.

Í fimmta lagi tel ég, að gera þurfi nú þegar ýmsar ráðstafanir, sem miða að því að auka útflutningsframleiðsluna, gjaldeyrisöflunina. Þar tel ég fyrst til, að auðvitað eigum við að snúa okkur að því þegar í stað að kaupa allmarga nýja togara. Það þarf enga langa nefndarathugun í það mál. Af því höfum við reynslu. Það er hægt að snúa sér að því að kaupa togara á tiltölulega stuttum tíma og láta það takast vel. Við höfum dregið það allt of langan tíma, og þó ekki væri annað en það, hver afli togaranna var nú á s. l. ári, þá ætti það eitt að hafa sannað mönnum, að við höfum tapað miklu á því að fylgjast ekki með í uppbyggingu togaraflotans, þannig að við værum svona sæmilega samkeppnisfærir á því sviði við aðrar þjóðir. Í öðru lagi tel ég, að við ættum að gera hið allra fyrsta samning við innlendar skipasmíðastöðvar um eðlilega endurnýjun og aukningu okkar fiskibátaflota. Þetta er verkefni, sem er orðið aðkallandi að snúa sér að. Þau ráð, sem ríkisstj. hefur haft í þessum efnum eru allsendis ófullnægjandi. Þau leysa ekki vandann. Í þriðja lagi nefni ég til, að gerðar verði öflugar ráðstafanir til þess, að öll framleiðslutæki þjóðarinnar séu fullnýtt, að við líðum það ekki lengur, að allmikið af okkar fiskiskipum eða önnur framleiðslutæki okkar séu ekki notuð. Í fjórða lagi tel ég, að efla eigi nýjar greinar fiskiðnaðar, þar eigi að koma til beinn stuðningur ríkisvaldsins, alveg sérstaklega á sérfræðisviði og varðandi markaðsöflun. Í fimmta lagi væri svo um það að ræða að koma hér upp nýjum iðnfyrirtækjum, eins og t. d. fullkominni veiðarfæragerð og reyndar iðnrekstri til útflutnings á ýmsum sviðum. Í sjötta lagi þyrfti einnig að mínum dómi að taka hér upp nýja stefnu í landbúnaðarmálum, þar sem við það yrði miðað að skipuleggja framleiðsluna í stað þess skipulagsleysis, sem hefur sett svip sinn á stefnuna í landbúnaðarmálum að undanförnu.

Þessi atriði, sem ég hef nefnt, eru þýðingarmest að mínum dómi, og það verður að vinna að því að framkvæma þessi mál í fullu samstarfi við vinnustéttirnar í landinu. Það er grundvallaratriði. Þennan látlausa hernað, sem ríkisstj. og hennar lið er alltaf í við vinnustéttirnar í landinu þolir þjóðfélagið vitanlega ekki. Margt fleira er svo auðvitað aðkallandi, sem er hér ekki vikið að, t. d. að reyna að vinna skipulega að því að lækka dýrtíðina í landinu og draga úr margvíslegum milliliðakostnaði. En hitt, sem snýr einmitt að atvinnulífinu, skiptir hér auðvitað höfuðmáli.

Þetta, sem ég hef nú sagt, sýnir, að það er skoðun okkar Alþb.-manna, að það, sem mest aðkallandi sé í okkar efnahagsmálum, sé einmitt það, að taka þurfi upp nýja stefnu, aðra stefnu en þá, sem hæstv. ríkisstj. hefur haldið sér við. Það er alveg vonlaust að ætla að komast út úr þeim vanda, sem við eigum nú við að glíma, með óbreyttri efnahagsmálastefnu, hversu fast sem hæstv. viðskmrh. heldur sér við vextina, í innflutningsfrelsið og í gengisskráningu einu sinni eða tvisvar á sama ári. Slíkar ráðstafanir leysa ekki okkar efnahagsvanda. Og þó að menn geti hugsað sér það að komast út úr erfiðleikunum á þann hátt að lækka í sífellu laun vinnandi fólks, 10% þetta árið og 20% næsta árið, eins og nú er verið að gera, þá er það alveg vonlaus leið. Það fæst ekkert samkomulag um slíka leið. Hún verður allt of kostnaðarsöm, og hún er líka röng. Við búum ekki lengi við það ástand, að verkafólk hér á landi eigi að hafa helmingi lægri laun fyrir sín störf en verkafólk hefur í nálægum löndum. Og við búum heldur ekki lengi við það að ætla að halda því uppi með lögþvingun, að okkar sjómenn eigi að hafa helmingi lægra kaup en sjómenn í nálægum löndum.

Leiðin út úr þeim vanda, sem við erum nú komin í í efnahagsmálum er ekki sú samdráttarleið, sem ríkisstj. hefur valið, kauplækkunar- og kjaraskerðingarleið, sem leiðir af sér almennan samdrátt í öllu hagkerfinu. Leiðin er einmitt að taka upp nýja stefnu, sem miðar að aukinni framleiðslu, meiri verðmætasköpun, kemur í veg fyrir framleiðslustöðvanir, nýtir þá framleiðslumöguleika, sem við eigum.

En ég ætla líka, að það sé alveg ljóst af því, sem hér hefur komið fram og hefur verið að gerast hér á undanförnum árum, að núv. ríkisstj. er ekki líkleg til þess að beita sér fyrir þessari nýju stefnu. Hún virðist enn halda sér við sína gömlu stefnu. Af þeim ástæðum tek ég undir það, sem hér hefur komið fram frá form. Framsfl. Ég tek undir það og tel eðlilegt miðað við núverandi aðstæður, að ríkisstj. rjúfi þing og efni til kosninga. Og mér sýnist það satt að segja vera eina leiðin út úr því öngþveiti, sem við erum komin í, að þing verði rofið, efnt verði til nýrra kosninga, svo að tækifæri gefist til þess, að hér verði tekin upp ný og heillavænlegri stefna.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Það er ekki til þess að lengja hér umr., sem ég stend upp. Ég hef engu við það að bæta, sem hæstv. forsrh. gerði grein fyrir í upphafi varðandi efnahagsmálin almennt. Ég gæti að vísu gert hér að umtalsefni málefni ríkissjóðs. Það ætla ég ekki að gera við þessar umr., en ég vonast til þess, að innan ekki langs tíma gefist kostur á að ræða þau mál sérstaklega og ég hafi þá aðstöðu til þess að gefa bráðabirgðayfirlit um stöðu ríkissjóðs og mundi þá ræða þann þátt mála.

En ástæðan til þess, að ég stend hér upp, er eingöngu fyrirspurn frá hv. 3. þm. Norðurl. v., sem ég tel mér skylt og sjálfsagt að svara, þar sem hann spurðist fyrir um, hvaða lántökur hefðu átt sér stað, síðan gengisbreyt. hefði orðið. Mér skildist, að það væri gengisbreyt. núna síðast, og ég skildi hann einnig svo, að hann ætti við opinberar lántökur. Ég skal að vísu taka það fram, að lántökur einkaaðila hafa verið sáralitlar, og það hefur lítil breyting orðið á þeim skuldum, það hefur þá aðallega verið í sambandi við vörukaupalán, og þau hafa ekki hækkað a. m. k. svo að neinu máli skipti, en tölur um það hef ég ekki. En varðandi lán, sem tekin hafa verið af opinberri hálfu, þá er aðeins um þrjú að ræða. Það er 3 millj. marka lán vegna byggingar strandferðaskipa, það er 2 millj. marka lán vegna Vestfjarðaáætlunar og það er 8 millj. marka lán vegna Norðurlandsáætlunar. Þetta eru þau einu lán, sem tekin hafa verið, ef frá er skilið það yfirdráttarlán, sem hv. þm. vék að í sambandi við gengisbreyt. og tekið hefur verið hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum og Evrópusjóðnum.

En ég vil aðeins leiðrétta eitt atriði, sem kom fram hjá hv. þm., a. m. k. orða það skýrar, ef það skyldi hafa verið í því misskilningur. Mér skildist á hv. þm., að hann gerði ráð fyrir því, að þeim 750 millj. kr., sem teknar höfðu verið, hefði í rauninni verið eytt og það hefði orðið viðbótargjaldeyriseyðsla, sem þar hefði átt sér stað, og 300 millj. kr. gjaldeyrissjóður, sem talað væri um, væri í rauninni aðeins afgangur af þessum 750 millj. Ég held ég hafi skilið það rétt. Nú er þessu ekki þann veg háttað. Málið liggur ekki þannig fyrir. Þessum 750 millj., við getum sagt að vísu, að þeim hafi verið eytt, en þeim hefur ekki verið eytt á þann veg, að það hafi verið ný gjaldeyriseyðsla, sem þar kom til. Öllum þessum 750 millj. hefur verið varið til þess að greiða önnur gjaldeyrislán, þannig að í rauninni skipta þær ekki máli í þessu sambandi. Þær hafa ekki aukið skuldir landsins út á við, þær hafa gengið til þess að greiða aðrar gjaldeyrisskuldir eða konverteringar, þannig að í rauninni má líta svo á, að þar hafi aðeins orðið um lánabreyt. að ræða og að 300 millj. eða 301 millj., sem hér var talað um, er í rauninni bætt gjaldeyrisstaða að þessu leyti. Ég vonast til, að þetta sé fullnægjandi fyrir hv. þm. Önnur lán hafa ekki átt sér stað, sem tekin hafi verið síðan. Hitt er annað mál, sem ég skal taka fram, að ég á hér við lántökur, en það hefur orðið inn- og útstreymi með öðrum hætti, þannig að sumt af lánum, sem var búið að taka áður, þau hafa borgazt inn á þessum tíma. En það er flóknara dæmi, og ég held, að hv. þm. hafi ekki átt við það, heldur hvaða lántökur hafi átt sér stað, síðan gengisbreytingin varð.

Ólafur Björnsson: Herra forseti. Meginuppistaðan í málflutningi hv. stjórnarandstæðinga, bæði í þessum umræðum og undanfarnar vikur, hefur verið á þann veg, að atvinnuvegirnir eigi við örðugleika að etja af ástæðum, sem þeir hljóta að viðurkenna, að séu fyrst og

fremst utan að komandi. Ráðstafanir þær, sem gerðar hafa verið atvinnuvegunum til hjálpar, séu að þeirra dómi ófullnægjandi. Launþegar geti hins vegar ekki lifað af þeim launum, sem þeir hafi nú, og verði að fá hærra kaup. Það sé því skylda ríkisstj. að brúa bilið á milli þess kaupgjalds, sem atvinnuvegirnir séu færir um að greiða, og þess, sem launþegarnir þurfi að fá, og geti hún það ekki, þá eigi hún að fara frá. En það vantar bara eitt stórt atriði í þennan málflutning, sem ég vil hér með skora á þá hv. stjórnarandstæðinga, sem á eftir mér tala, að gera grein fyrir, ef þeir ekki vilja standa afhjúpaðir frammi fyrir því, að málflutningur þeirra sé orðagjálfur eitt og marklaus áróður. En það er grg. fyrir því, hvaðan þeir peningar eigi að koma, sem brúi umrætt bil á milli greiðslugetu atvinnuveganna og þarfa launþeganna. Hv. stjórnarandstæðingum hlýtur að vera það jafnljóst og öllum öðrum, að ríkisvaldið getur aldrei haft aðra og meiri fjármuni til umráða en þá, sem það sækir eftir einhverjum leiðum í vasa skattborgaranna, og ef það er nú svo, sem hv. stjórnarandstæðingar halda fram, að bæði atvinnurekendur og launþegar þurfi á kjarabótum að halda, hver er þá sá þriðji aðili í þjóðfélaginu, sem fær sé um að taka á sig þær þungu byrðar, sem hér mundi vera um að ræða? Hvaða skattborgarar eru til í þjóðfélaginu aðrir en þeir, sem annaðhvort eru atvinnurekendur eða launþegar? Að vísu eru til bótaþegar samkvæmt almannatryggingum og eftirlaunafólk, en engum dettur líklega í hug, að þessir aðilar séu færir um að taka á sig byrðar, sem neinu nemi.

Ég vænti þess, að ekki standi á greiðum svörum við þessari spurningu, því að komi þau ekki, þá ætti öllum að vera ljóst, að hvort heldur valinn mundi verða sá kostur af þeirra hálfu að þegja alveg við þessu eða svara út í hött, þá viðurkenna þeir með því, að allan grundvöll heilbrigðrar skynsemi vantar fyrir áróðri þeirra, og ég vænti þess, að eftir því verði tekið af þeim, sem við eru staddir, hver viðbrögð hv. stjórnarandstæðinga verða við þessari áskorun minni.

Vandamálið, sem við er að etja nú, er auðvitað hin stórfellda afkastarýrnun, sem hefur átt sér stað í útflutningsframleiðslu okkar og komið hefur fram í því, að tekjurnar af útflutningi reiknaðar á föstu verði hafa minnkað um hvorki meira né minna en helming. Þetta er auðvitað ekki því að kenna, að útvegsmenn okkar og sjómenn hafi ekki sýnt sama dugnað við að sækja sjóinn eins og endranær, heldur eru hér öllum óviðráðanlegar ástæður að verki, þar sem er aflabresturinn og verðfallið á útflutningsafurðunum. Af þessu leiðir, að við fáum helmingi minna af þeim varningi, sem við þurfum að flytja inn, í skiptum fyrir útflutningsframleiðsluna en áður var. Þetta er hin raunverulega orsök þeirrar kjaraskerðingar, sem óhjákvæmilegt er, að þjóðin taki á sig í einhverri mynd, en auðvitað verður kjaraskerðingin ekki jafnmikil sem þessum prósentum nemur. Hún þarf ekki heldur og hefur engan veginn orðið sem samsvaraði þeim tölum, sem hv. 4. þm. Austfirðinga fór hér með áðan, þegar hann nefndi 20–25%, því að útflutningsverðmætið nemur ekki nema um þriðjungi af þjóðartekjunum. Að öðru leyti rek ég þessar staðreyndir ekki nánar, en vísa í því efni til þeirrar ítarlegu skýrslu, sem hv. forsrh. hefur nú flutt um þetta efni.

Nú neita hv. stjórnarandstæðingar því ekki út af fyrir sig, að kjörin þurfi að skerða, en telja sig hafa önnur betri og réttlátari úrræði til að mæta vandanum en við, sem stjórnina styðjum. Ærið eru þó þær till., sem þeir hafa haft fram að færa í því efni, ef því nafni skyldi nefna, óljósar. Þó hefur annar hv. stjórnarandstöðuflokkurinn, hv. Framsfl., haft allmikla tilburði til allvíðtækrar tillögugerðar, bæði hér á hv. Alþ. og utan þess, nú undanfarnar vikur. Slíkt ber að mínu áliti í sjálfu sér að virða, svo langt sem það nær, og hvað sem öllu öðru líður, hefur flokkurinn þó í þessu efni nokkuð bætt ráð sitt frá því, sem var í lok síðasta kjörtímabils, þegar mest var talað um hina leiðina, sem svo var nefnd. Stundum var hún kölluð þriðja leiðin, nýja leiðin og ég man ekki hvað. Það voru ein 5 eða 6 nöfn, sem voru fundin á leiðinni út úr ógöngunum, en hins vegar heppnaðist aldrei að gera neina grein fyrir því, í hverju þessi leið væri fólgin. Nú sýnist sem svo, sem hv. Framsfl. telji sig hafa fundið hina leiðina, og mun ég verja aðalefni ræðu minnar til að fara um þetta nokkuð frekari orðum og rekja það á grundvelli þeirra till., sem þeir hafa gert í þessu efni bæði utan þings og innan.

Vil ég þar nefna fyrst hina svonefndu 12 eða 14 punkta, sem mikið var hampað nú fyrir áramótin. Ég hafði að vísu vonað, að hv. 3. þm. Norðurl. v. tæki af mér ómakið og kynnti þessa 12 punkta, en það var nú ekki, svo að ég kemst ekki hjá því að kynna þá með örfáum orðum og mun þá halda mig við viðtal við hv. þm., sem birtist í Tímanum, 12. nóv. s. l., þar komu að vísu ekki í leitirnar nema 12 punktar, en síðan hafa verið nefndir 14 og jafnvel 16 punktar, en ef það er mjög mikilvægt, sem ég týni, þá vona ég, að einhverjir þeirra hv. framsóknarmanna, sem taka til máls á eftir, verði mér hjálplegir, svo að þeir komi í leitirnar. Með leyfi hæstv. forseta les ég þetta upp í mjög stuttu máli, ekki alveg orðrétt, en það er a. m. k. ekki vísvitandi gert, ef ég hleyp yfir eitthvað, sem verulegu máli skiptir.

1. punkturinn er þá þessi: Lausaskuldum atvinnuveganna verði breytt í föst lán og skuldaskil framkvæmd í vissum tilvikum. Komið verði á sérstökum lánasjóði til styrktar atvinnuvegum og jafnframt leyst rekstrarfjárvandamál atvinnuveganna. 2. atriðið er lækkun vaxta af stofn- og rekstrarlánum atvinnuveganna. 3. Lækkun eða niðurfelling tolla af framleiðslutækjum, hráefnum og rekstrarvörum. 4. Rekstrarlán til iðnaðar verði veitt með hliðstæðum hætti og til annarra atvinnugreina. 5. Innflutningur iðnaðarvara verði takmarkaður á þeim sviðum, sem vörur til sömu notkunar eru framleiddar í landinu sjálfu. 6. Framleiðslusjóðir atvinnuveganna verði efldir. 7. Sérstök lánafyrirgreiðsla verði veitt iðnfyrirtækjum, sem keppa við erlend fyrirtæki, sem bjóða greiðslufrest, og komið á sérstöku útflutningslánakerfi. Í 8. lagi er talað um nauðsyn þess, að hið opinbera hafi forystu um ráðstafanir til uppbyggingar og eflingar atvinnulífinu, m. a. með framkvæmdaáætlunum um einstaka landshluta, og hafi um það samstarf við sveitarfélög og stéttasamtök. 9. Tekin verði upp heildarstjórn á gjaldeyris- og innflutningsmálum. 10. Tekin verði upp skipulögð fjárfestingarstjórn og áætlunarbúskapur. 11. Stöðvuð verði

útþensla á rekstri ríkisins og ítrasta sparnaðar gætt, rekstrarútgjöld ríkis og ríkisstofnana verði lækkuð. 12. Skattaeftirlit verði hert og tekjuöflunarleiðir endurskoðaðar með það fyrir augum, að skattleggja óþarfa eyðslu meira en nú er gert.

Þannig hljóða þessir 12 punktar. Þar virðist vera um 3 meginatriði að ræða. Í fyrsta lagi eru almennt settar fram frómar óskir um það, að ítrasta sparnaðar verði gætt í ríkisrekstrinum. Það hljómar alltaf vel í eyrum og er gott og blessað, en er þó lítils virði, svo lengi sem ekki er bent á ákveðnar leiðir í því efni. En í öðru lagi er meginuppistaðan í þessum 12 punktum sú, að stóraukið verði fjármagnið til atvinnuveganna, bæði til rekstrar- og stofnlána. Nú vitum við það, að hér á landi er lánsfjárskortur, og vissulega vantar fjármagn til margvíslegra hluta, en það, sem vantar í þessar till., svo að nokkuð mark verði á þeim tekið, er auðvitað það, að þar er ekki bent á nokkra einustu leið til útvegunar þess fjármagns, sem hér er um að ræða. Það er ódýru verði keypt að setja það á pappír, að það þurfi að útvega fjármagn til þess og hins, ef engin grein er gerð fyrir því, hvaðan fjármagnið á að koma. Nú höfum við Íslendingar auðvitað aðeins tvo möguleika til fjármagnsútvegunar. Í fyrsta lagi er það sparnaður í landinu sjálfu og í öðru lagi erlendar lántökur. Hv. formaður Framsfl., sem hér talaði áðan, varaði mjög við þeirri leið að taka meiri erlend lán og meira að segja undirstrikaði það mjög, að þegar væri of langt gengið á þeirri braut, svo að auðsætt er, að ekkert slíkt hefur hann í huga. En þá er spurningin, hvaða till. hv. framsóknarmenn hafa að gera, til þess að efla megi sparnað í landinu. Það helzta, sem fram hefur komið hjá þeim í því efni, er að lækka beri mjög verulega vexti af sparifé, og við það standa þeir enn, þrátt fyrir það sem gerzt hefur nú síðustu mánuðina. M. ö. o.: þeir telja það bjargráð, að ofan á þá skerðingu, sem vissulega hefur orðið á sparifé vegna gengislækkunarinnar, þá eigi sparifjáreigendur enn fremur að taka á sig verulega lækkun á vöxtum. Dettur nokkrum manni í hug, hvað sem öllu öðru líður, að slík ráðstöfun geti verið til þess fallin að auka fjármagnsmyndun og sparnað í landinu? Auðsætt er því, að hér er um frómar óskir einar að ræða. Ekki er bent á nokkra möguleika til útvegunar þess fjármagns, sem hér er um að ræða, og að því leyti, sem till. eru gerðar í því efni, mundu þær hafa algerlega öfug áhrif.

Þá kem ég að till. hv. framsóknarmanna um atvinnumálastofnun, sem þeir telja hina merkustu sinna till., og vissulega er hún sú viðamesta, þannig að ég held að það sé verjandi, að ég haldi mig að feitasta stykkinu, sem er að finna í þeim potti. Ég skal jafnframt taka það fram, af því að hv. form. Framsfl. lýsti eftir því áðan, hvað liði afgreiðslu þess máls í n., af því að ég er form. þeirrar n., sem um málið á að fjalla, að ég mun vissulega gera mitt til þess, að málið fái þinglega afgreiðslu. En ég ræði það hér aðeins að því leyti sem þetta snertir þann efnahagsvanda, sem nú er við að etja.

Nú virðist það vera meginhugsunin í þessu frv. um atvinnumálastofnunina, að tekið verði upp einhvers konar haftakerfi svipað því, sem var áður en stefnubreytingin átti sér stað með valdatöku núv. hæstv. ríkisstj. eða samvinnu núverandi stjórnarflokka 1960. Það eru að vísu ekki kölluð höft, heldur heildarstjórn á fjárfestingu og gjaldeyrisnotkun. Og enn fremur hugsa þeir sér þá breytingu gerða frá því, sem áður var, að í stað þess, að stjórnmálaflokkarnir tilnefni menn í n., sem úthluti leyfum o. s. frv., eru það ákveðin stéttarsamtök og gjaldeyrisbankarnir, sem þessa leyfaúthlutun eiga framvegis að hafa með höndum. Ég tel með öllum þeim göllum, sem á haftakerfinu gamla voru, og hv. þm. eru vel kunnar skoðanir mínar á því efni, ég þarf ekki að rifja þær upp að nýju, að það mundi sízt vera til bóta að taka það fyrirkomulag upp að láta tiltekin stéttasamtök og banka um að bera ábyrgðina á þessu. Hér var þó um það að ræða og mundi áfram vera, ef sú stefna, sem hv. stjórnarandstæðingar eru sammála um að mæla með, yrði upp tekin að nýju, að þessar úthlutunarnefndir væru langþýðingarmesta hagstjórnartækið, sem beitt væri, og með tilliti til þess virðist ekki óeðlilegt, að það séu þeir flokkar, sem með völdin fara hverju sinni, sem beri þar höfuðábyrgð á. Að því leyti er þó gamla fyrirkomulagið betra en það nýja, að það er þó hægt að gera stjórnmálaflokkana ábyrga fyrir fulltrúum sínum á þessum vettvangi eins og öðrum. En slíkri ábyrgð mundi miklu erfiðara að koma fram gagnvart stéttarsamtökum, að maður ekki tali um gjaldeyrisbankana. Menn geta deilt um það, hvort höftum eigi að beita eða ekki. En það, sem er aðalatriðið í þessu sambandi, er það, að kjarna þess vandamáls, sem við nú stöndum gagnvart, en hann er fólginn í þeirri minnkun verðmæta, sem þjóðin hefur til ráðstöfunar, geta höftin aldrei leyst, hvað sem öllu öðru líður. Þau geta ekki leyst það vandamál að koma á jafnvægi í greiðsluviðskiptum við önnur lönd nema þá aðeins um stundarsakir, enda sýndi reynslan það á fyrri haftatímabilum, að gjaldeyrisjöfnuðurinn lagfærðist ekki. Það var um stöðuga skuldasöfnun að ræða, og ástæðan til þess, að innflutningshöft geta aldrei nema þá um mjög takmarkaðan tíma lagfært viðskiptajöfnuðinn gagnvart öðrum löndum, er sú, að ef maður gengur út frá óbreyttri kaupgetu og eftirspurn innanlands, þá verður afleiðingin af því, þó að bannaður sé innflutningur á vissum vöruflokkum og takmarkaður á öðrum, að viðkomandi framleiðsla hlýtur að flytjast inn í landið. Og ef við göngum út frá því, að öll framleiðsluöfl séu í notkun, eins og er á venjulegum tímum, að það sé ekki atvinnuleysi o. s. frv., þá framleiðum við annaðhvort fyrir erlendan eða innlendan markað. Þriðji möguleikinn er ekki til, þannig að ef við eigum að framleiða meira fyrir innlenda markaðinn vegna innflutningshaftanna, þá hljótum við að framleiða þeim mun minna fyrir útlenda markaðinn. Framleiðsluöflin geta ekki komið annars staðar frá. En hins vegar má gera ráð fyrir því, að afköstin í þessari framleiðslu fyrir innlenda markaðinn séu ekki nema lítið brot af afköstunum í útflutningsframleiðslunni, svo að árangurinn af þessu verður sá einn, að þjóðartekjurnar koma til með að minnka án þess að greiðslujöfnuðurinn lagfærist. Hins vegar skal því engan veginn neitað, að með þessu fyrirkomulagi er hægt að leysa önnur vandamál, eins og þau að veita fólkinu og þeim, sem leyfin sækja, aðhald um það að sýna sínum flokkum hollustu, og einmitt á tímum eins og nú, þegar gagnrýni á stjórnmálamennina er svo mjög í tízku, þá er það skiljanlegt, að þetta sjónarmið hafi sín áhrif.

Nú ber ég engan veginn saman annars vegar innflutningshöft og áhrif þeirra og hins vegar stjórn á fjárfestingu. Ég tel, að innflutningshöftin þjóni engum skynsamlegum tilgangi og rýri aðeins kjör fólksins enn meira en ella þurfi að vera. Ég skil ekki, að það sé betra fyrir fólkið, að einhver n. eigi að ákveða, hvað fólkið megi borða, í hvað það eigi að klæðast og fram eftir þeim götunum. En þetta er ekki sambærilegt við það, þó að einhverjar ráðstafanir séu gerðar til þess að stjórna fjárfestingu. Mér er það vel ljóst, að vegna þeirrar verðbólguþróunar, sem hefur átt sér stað á undanförnum árum og ég álít að vísu, að hv. stjórnarandstæðingar eigi miklu meiri sök á en ríkisstj., þá hefur margt í fjárfestingarmálunum farið úrskeiðis, þannig að þau þyrfti að taka fastari tökum, án þess að þar þyrfti að vera um verulega frelsisskerðingu að ræða, af því að það er nú einu sinni svo, að í meiri háttar framkvæmdir geta menn ekki ráðizt nema atbeini ríkisvaldsins komi þar á einn eða annan hátt til gegnum lánafyrirgreiðslu ríkisbankanna eða á annan hátt. Allar till. í þessu efni, hvort sem þær koma frá hv. framsóknarmönnum eða öðrum, verðskulda það að vera athugaðar, og sama vil ég segja um þá hugmynd, sem hv. 4. þm. Austf. bar fram hér áðan, og var það nærri því það eina, sem ég var sammála í hans ræðu, að mér finnst, að það geti komið til alvarlegrar athugunar í því efni að fara að dæmi Svía með því að leggja á sérstakan fjárfestingarskatt. Hins vegar hef ég ekki trú á því, að Svíar hafi sérstakar fjárfestingarhömlur með öðru móti.

Þetta voru nú þær till., sem hv. framsóknarmenn hafa að gera. Það, sem er aðalatriðið í sambandi við þær, er, að hvað sem menn um þær meina að öðru leyti, þá snerta þær engan veginn kjarna þess vandamáls, sem hér er við að etja. Það er ekki komið nærri því, hvernig eigi að leysa þennan vanda, sem af því stafar, að þjóðin hefur miklu minni eða verulega minni verðmæti til ráðstöfunar en áður var. Vissulega verður það stórt vandamál og verður alltaf óhjákvæmilegt, þegar þjóðarbúið verður fyrir slíkum áföllum, sem það nú hefur orðið fyrir, hvernig eigi að skipta þeim byrðum niður. Ég held, að það geti varla verið ágreiningur um það, hvað sem öllu öðru líður, að æskilegt sé, að launþegastéttirnar í landinu njóti þeirra hæstu rauntekna, sem mögulegar eru, án þess þó að af því þurfi að leiða atvinnuleysi. En spurningin er bara þessi: Þegar viðurkennt er af hv. stjórnarandstæðingum eins og kom skýrt fram í ræðu hv. 3. þm. Norðurl. v., að þó að hann mælti eindregið með því, að greiddar yrðu fullar vísitöluuppbætur, þá hafði hann ekki neina trú á því, að atvinnuvegirnir væru þess umkomnir að greiða þessar bætur, þá spyr ég aftur, hvaðan eiga þá bæturnar að koma, ef bæta á hag bæði atvinnurekenda og launþega? Hver er þá sá þriðji aðili í þjóðfélaginu, sem undir slíku getur staðið?

Það hefur verið þannig hér á hv. Alþingi undanfarin ár eða fram að byrjun þessa kjörtímabils, að útbýtt hefur verið hér í þinginu frv., sem hv. fyrrv. þm. Reykv., Einar Olgeirsson, flutti mörg ár í röð. En í þessu frv. var fróðleg skýrsla um þá þróun, sem hefði orðið á kaupmætti launa á árabilinu að mig minnir frá 1945–1960. Niðurstaðan var sú, að á öllu þessu tímabili hefði kaupmáttur launa raunverulega staðið í stað. Nú vantaði það í sjálfu sér ekki, að verulegar kauphækkanir yrðu þó á tímabilinu. En samt stóð kaupmáttur launa í stað, og það var vegna þess, að allar þær kauphækkanir, sem urðu, voru sóttar í vasa launþeganna sjálfra. Þeim var gert með sköttum, álögum og á annan hátt að endurgreiða þetta aftur atvinnurekendunum, sem að dómi allra þeirra ríkisstjórna, sem að völdum sátu á þessu tímabili, voru ekki færir um að taka kauphækkanirnar á sig. Sumir kunna að segja sem svo, að það, sem hafi eyðilagt árangurinn af launabaráttunni á þessum tíma, hafi verið það, að illviljuð stjórnvöld hafi rænt öllum þeim árangri, sem orðið hafi. Nú ber þó að hafa hugfast í þessu sambandi, að á umræddu tímabili áttu allir þeir stjórnmálaflokkar, sem nú eru starfandi, aðild að ríkisstj. um skemmri eða lengri tíma, svo að ég held, að það sé ekki réttmætt. En hvað sem öllu öðru líður, er ekki æskilegt að fara þessa gömlu leið að láta launþegana sjálfa greiða sér allar þær kjarabætur, sem þeir telja sig hafa áunnið sér með því að fá framgengt kröfum um hærra kaup. Það verður að vera einhver raunverulegur grundvöllur fyrir slíku. Mér finnst meginspurningin, hvort hægt sé að sýna fram á einhverjar líkur á því, en það hafa þeir hv. stjórnarandstæðingar, sem hingað til hafa talað, ekki gert neina tilraun til. En ef hægt væri að færa einhverjar líkur að því, að þessar launabætur væri hægt að greiða, án þess að það drægi úr atvinnumöguleikunum, þá mundi ég telja sjálfsagt að gera það. En ef atvinnuvegirnir geta ekki borið þessar launahækkanir, þá er auðsætt, ef sú leið þykir ekki fær, sem ég vil síður en svo mæla með, að láta launþegana borga sér þetta sjálfa, að þetta hlýtur að koma fram í samdrætti, og þá mundi það vera algerlega rangt, sem haldið hefur verið fram af hv. stjórnarandstæðingum og málgögnum þeirra, að með því að greiða vísitölubætur sé komið í veg fyrir það, að kaupgetan í þjóðfélaginu minnki. Ef af þessu leiðir, að atvinnuleysi vex verulega eða verður verulega miklu meira en það ella mundi vera, er auðsætt, að kaupgeta launþeganna, ef á heildina er litið, verður ekki meiri en ella. En hins vegar mundi kjaraskerðingin koma miklu tilfinnanlegar og ranglátar niður, ef hún kemur fram í atvinnuleysi en í því, að kaupmáttur launa verði eitthvað skertur. Annars er það vissulega mín skoðun, að kanna beri allar leiðir, sem hugsanlegar eru í þessu efni, og á venjulegum tímum er það engan veginn óeðlileg krafa, að greiddar séu einhverjar meiri eða minni vísitölubætur á laun. En þjóðarbúskapurinn getur vissulega orðið fyrir þeim áföllum, að slíkt sé ekki hægt.

Aðalatriðið er þetta, hvert á að sækja þá verulegu fjármuni, sem virkilega þyrfti til þess að greiða þessar auknu uppbætur. Við því hefur ekkert svar fengizt, og sú hætta er vissulega fyrir hendi, að ef ráðstafa ætti miklum fjármunum í það að bæta kjörin eða auka neyzluna, hlyti það að torvelda mjög fjáröflun til nauðsynlegrar atvinnuaukningar, þannig að ef vísitölubæturnar koma til með að gleypa alveg þær 300 millj., sem um væri samið, að lagðar væru fram til atvinnuaukningar, þá er auðsætt, að þrátt fyrir þessi framlög mundum við standa í sömu sporum og áður varðandi árangur í þá átt að útrýma atvinnuleysi. Því miður óttast ég, að til séu í hópi atvinnustjórnmála-

manna í röðum hv. stjórnarandstæðinga menn, sem eru svo kaldrifjaðir, að sé um það að velja, að atvinnuleysið verði meira eða hitt að sætta sig við nokkra skerðingu á kaupmætti launa, þá sé atvinnuleysið betra, og hugsunin á bak við það er sú, að um atvinnuleysi sé hægt að kenna ríkisstj. Það eiga að vera sárabæturnar til handa þeim, sem atvinnuleysið bitnar á. En létt er það í vasa, um það skal ég ekki fara fleiri orðum.

Já, það er ódýru verði keypt að fara stórum orðum um það, að allan vandann mundi vera auðvelt að leysa með því að taka upp einhverja aðra stefnu, sem enginn grein er þó gerð fyrir, í hverju sé fólgin. En það, sem málefnalega er aðalatriðið, og ég vona, að því verði gerð betri skil í þeim ræðum hv. stjórnarandstæðinga, sem hér tala á eftir en þeim, sem haldnar hafa verið, er, að gerð sé grein fyrir því, hvernig bæta eigi það mikla verðmætatjón, sem þjóðin af óviðráðanlegum ástæðum hefur orðið fyrir, án þess að skerða þó lífskjör almennings. Það má tala um það með almennum orðum, að leggja beri byrðarnar á breiðu bökin, eins og það er orðað, og menn geta verið því sammála, og það hefur vissulega verið gert t. d. með því vísitölufyrirkomulagi, sem verið hefur í gildi s. l. ár. En gallinn er bara sá, að vegna þess hve breiðu bökin eru miklu færri en mjóu bökin, þá verður ekki komizt hjá því, að þegar um verulegar byrðar er að ræða, þá hljóta þær að einhverju leyti að lenda á mjóu bökunum líka. Ef hv. stjórnarandstæðingar fengjust til að gera einhverja grein fyrir þessum atriðum, sem ég nú hef nefnt, þá mætti taka málflutning þeirra alvarlega, en fyrr ekki.

Umr. frestað.

Á 32. fundi í Sþ., 25. febr., var umr. fram haldið.

Forsrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Hv. 3. þm. Norðurl. v., Ólafur Jóhannesson, beindi til mín nokkrum fsp., sem ég tel mér skylt að svara. Fsp. voru varðandi atvinnumálanefndirnar, og það má segja, að það hafi verið meginuppistaða í þeim, hvaða lagaheimildir væru til þeirra ráðstafana, sem með skipun nefndanna hefðu verið gerðar, bæði varðandi skipun nefndanna, starfshætti og öflun þess fjár, sem þar er um að ræða. Út af fyrir sig mundi ég nú telja, að ekki væri þörf á löggjöf varðandi annað en þá fjárráðstöfun, sem hér kemur til greina. Ríkisstj. er auðvitað heimilt að hafa samstarf við ýmsa aðila í landinu með þeim hætti, sem hverju sinni þykir bezt henta, án þess, að í því sambandi þurfi að setja sérstaka löggjöf. Og ég vil taka það skýrt fram, að ég tel, að það hafi verið misskilningur hjá hv. þm. að telja, að með þessu séu uppteknir óviðurkvæmilegir starfshættir vegna þess, að einstakir ráðh. eigi ekki að sitja í nefndum, sem heyri undir ríkisstj. Hér er í sjálfu sér ekki um það mál að ræða, sem er umdeilanlegt, hvort í fastar lögskipaðar nefndir eigi að skipa einstaka ráðh. eða ekki. Ég er sammála hv. þm. um það, að í slíkt eigi að fara varlega, en þó hafa bæði fyrr og síðar verið mörg dæmi þess, að ráðh. hafi skipað ákveðnar nefndir eða átt þar sæti. En hér er um að ræða sérstakt form fyrir samstarfi ríkisstj., ríkisvaldsins við öfluga aðila almannasamtaka, annars vegar samtök verkalýðs og hins vegar atvinnurekenda eða vinnuveitenda. Og það er auðvitað hagkvæmnisatriði, hvernig því samstarfi er fyrir komið.

Ég játa aftur á móti, að að svo miklu leyti, sem þarna verður um að ræða ráðstöfun á ríkisfé, hvort heldur í formi styrkveitinga eða lánveitinga og hvort sem ríkisfé er tekið með sköttum eða fengið að láni, þá þarf til þess lögformlega heimild, og þess vegna þarf löggjöf um þessi efni, bæði um heimild til lántöku, heimild til þess að ráðstafa lánum og heimild til þess að ráðstafa fé til styrkveitinga að svo miklu leyti, sem það verður talið nauðsynlegt. Þess vegna er ég sammála því, sem mér skildist hv. þm. halda fram, að nokkurn lagaramma þarf um þessa starfsemi og þá fyrst og fremst af þeim ástæðum, sem ég hef nú gert grein fyrir, og er það mál í athugun, hversu viðtæk sú löggjöf þurfi að vera og eðlilegt, að þeir aðilar, sem standa að þessu samstarfi, hafi þar tillögurétt um, hvernig löggjöfinni verði fyrir komið.

Af því, sem ég hef nú sagt, er það ljóst, um hvort heldur er að ræða ráðstöfun beins ríkisfjár eða lánsöflun til ráðstöfunar, að löggjöf þarf í því skyni. Og þegar hv. þm. spurði, hvaðan þessar 300 millj. ættu að koma, sem um hefði verið rætt, er það víst, að það mál kemur til ákvörðunar Alþingis, áður en yfir lýkur. Ég geri ráð fyrir því, að meginhluta þess fjár þurfi að taka að láni og sennilega meginhlutann af því lánsfé eða allt þurfi að fá erlendis. Nokkurn hluta lánsfjár má þó hugsa sér, að æskilegt sé að taka innanlands, og eins, ef um beinar styrkveitingar er að ræða, þá er ekki hyggilegt að taka það nema í algerri undantekningu af erlendu lánsfé.

Hv. þm. spurði svo, hvort frekar ætti að vera um að ræða styrki eða lán. Það kemur glöggt fram í því samkomulagi, sem gert var og gert hefur verið heyrum kunnugt, að fyrst og fremst er ráðgert að veita þessa fyrirgreiðslu í formi lána, að styrkir eiga að vera undantekning. Og það er einnig ráðgert, að um lánskjör verði ákveðið endanlega í hverju einstöku tilfelli. Hins vegar geri ég ráð fyrir, að skynsamlegt þyki, að um þetta verði settar almennar reglur, sem þá sé hægt að hafa til hliðsjónar, en ekki verði bindandi nema eftir þeirri ákvörðun, sem hverju sinni verður tekin um það, hvaða hátt eigi að hafa á um hvert einstakt mál.

Enn spurði hv. þm. að því, hvort með ráðstöfun á þessu fé yrði beðið eftir heildaryfirliti eða teknar yrðu jafnóðum ákvarðanir um einstök atriði. Eftir því, sem mál horfa nú, geri ég ráð fyrir, að menn treysti sér til að taka ákvarðanir um einstök atriði, þó að heildaryfirlit hafi enn ekki fengizt, ef allir eru um það sammála og um er að ræða nánast óumdeilanleg mál og ekki hærri fjárhæðir en svo, að litlu munar varðandi heildarráðstöfun fjárins. Hins vegar hygg ég ekki gerlegt að ráðstafa meginhluta fjárins fyrr en heildaryfirlit hafi fengizt.

Ég hygg þá, að ég hafi svarað þeim atriðum, sem hv. þm. beindi til mín, þó að ekki sé e. t. v. í þeirri sömu röð eða með sömu sundurliðun eins og hann bar fram, en þetta sé meginefni þess, sem hann spurði mig um. Og skal ég þá ekki fjölyrða um það frekar. Ég skal heldur ekki fara í almennar umr. við þennan hv. þm. um þann vanda, sem nú er við að etja. Þar er um rædd og gamalkunnug mál að ræða, og tjáir ekki stöðugt, að hvor

aðili endurtaki sitt. Það verður sízt til skýringar málum.

Varðandi það, sem hv. 4. þm. Austf., Lúðvík Jósefsson, sagði, er það einnig svo, að flest af því og raunar allt, sem hann hafði hér á orði, hefur verið margrætt áður og því ástæðulaust fyrir mig að eltast við einstök atriði þess. Ég get þó ekki komizt hjá því að minna á, þegar hv. þm. telur, að nú mundi vera hér mun öðruvísi og miklu betur ástatt, ef meiri stund hefði verið lögð á aukningu togaraflotans að undanförnu, að hann sjálfur, sem óumdeilanlega reyndist ötull útgerðarmaður og hefur mikla þekkingu á þeim málum, beitti sér fyrir því og átti hlut að því, að það fyrirtæki, sem hann réð mestu um og ég hygg, að hann hafi verið framkvæmdastjóri fyrir, hætti útgerð togara vitanlega vegna þess, að hann taldi, að aðrar ráðstafanir kæmu því byggðarlagi, sem hann einkum bar fyrir brjósti, meira að gagni en rekstur togara. Og það er eðlilegt, að meðan miklir athafnamenn og áhugamenn um atvinnuuppbyggingu eins og hv. þm. hafa þessa afstöðu, verði tregt um aukningu togaraútgerðar hér á landi. Það er að vísu nú almenn skoðun, að aukning togara muni ekki eiga sér stað nema fyrir forgöngu ríkisvaldsins. Ég er raunar ekki sjálfur sannfærður um haldgæði þessarar skoðunar, en það er víst, að hún er alþekkt og algeng innan allra flokka. En hvað sem því líður, er það öruggt, að ef menn fást ekki til þess að reka togara eins og raunin varð á á Norðfirði á sínum tíma, þá stoðar lítið að afla þeirra tækja til landsins. Því aðeins, að ábyrgir aðilar fáist til þess að reka þessi atvinnutæki og telji þau henta miðað við nútíma aðstæður, getur verið verjanlegt af ríkisvaldinu að beita sér fyrir öflun þeirra til landsins. Svo er það einnig annað mál, sem ég hygg, að hafi við töluverð rök að styðjast, að það muni vera vafasöm þróun, sem hér hefur átt sér stað einmitt fyrir forgöngu ríkisvaldsins, og ég ber ábyrgð á ekki síður en ýmsir aðrir, að togarar séu keyptir margir í einu, kannske 10–20, og síðan líði mörg ár, stundum áratugir á milli þess, að nýrra skipa sé aflað, a. m. k. svo að nokkru nemi. Í þessari atvinnugrein eins og öðrum hygg ég, að sígandi lukka sé bezt og það sé eðlilegra, að skipanna sé aflað smám saman og þá eftir því, sem eftirspurn og þörf reynist fyrir. Og það var athyglisvert, sem hv. 4. þm. Austf. sagði, að hann vildi ekki ásaka ríkisstj. fyrir að hafa veitt fyrirgreiðslu varðandi eflingu síldveiða á sínum tíma, enda hefði það verið óeðlilegt, ef hv. þm. vildi nú ásaka ríkisstj. fyrir of miklar aðgerðir í þessum efnum, vegna þess að öðru hverju a. m. k. taldi hann ríkisstj. hafa verið of svifaseina í framkvæmdum til eflingar síldariðnaðarins á þeim árum, þegar síldin óð hér mest uppi. En það er ekki hægt samtímis að segja, að ríkisstj. sé ekki ámælisverð fyrir það að hafa greitt fyrir eflingu síldveiða og síldariðnaðar og hins vegar, að samtímis hefði átt að afla nýrra togara til landsins. Með eflingu síldveiðanna á sínum tíma var gert svo stórt átak, að hvorki var mannafli né fé til þess að anna meira en þá var gert. Um hitt má svo deila, eins og ég segi, hvort of mikil áherzla hafi verið lögð á síldveiðar eða ekki. Eftir á geta menn sagt, að betra hefði verið að fara hægar í sakir. Fáir höfðu kjark til þess að standa á því, meðan austurinn var mestur, og raunar engin skilyrði til þess að hindra menn í því að nota þá auðsuppsprettu, sem þá var, enda má það ekki gleymast, eins og ég tók fram í ræðu minni á dögunum, að vissulega hafa mikil verðmæti orðið eftir í landinu af þessum sökum.

Eins vildi ég aðeins minna á það, að hæpin er sú kenning hv. 4. þm. Austf., Lúðvíks Jósefssonar, að hér yrði miklu við bjargað með eflingu niðursuðuiðnaðar og niðurlagningu fiskafurða. Ég man nú ekki, hvort hv. þm. var sjálfur með í þeim leiðangri, sem fyrir nokkrum árum var gerður af hans flokksbræðrum austur til Moskvu, þar sem drög voru að því lögð, að Sovétmenn skyldu kaupa af okkur mjög verulegt magn af niðursoðnum eða niðurlögðum fiskafurðum. Ég man það glögglega, að Þjóðviljinn skrifaði þá um það fjálglegar greinar, að þessi starfsemi mundi innan skamms geta orðið svo mikil, að um 200 millj. kr. á ári bættust við okkar útflutning. Því miður hefur raunin orðið öll önnur. Ég hygg, að það sé ekki nema í mesta lagi 1/10 hluti þess, sem þá var látið í veðri vaka, sem Rússar hafi raunverulega fengizt til þess að kaupa, enda eru nú fregnir af því, að þeir eru farnir að selja suma af þeirri vöru, sem þá var talið, að þeir þyrftu að kaupa frá okkur. Þeir eru farnir að selja hana úr landi. Þær miklu vonir, sem þá var af hálfu hv. fylgismanna þm. reynt að vekja hjá mönnum, um að þarna yrði um að ræða mikla lyftistöng fyrir mörg byggðarlög umhverfis landið, þær hafa í raun og veru allar hrunið, og er sannast sagt furðulegt eftir þá reynslu, að hv. þm. skuli enn vera að tala um þetta sem eitt hið allra mesta bjargráð.

Flest annað, sem hv. þm. sagði og ég heyrði, hefur verið svo margrætt hér í vetur, að ég skal ekki eyða orðum að því að rekja það frekar að sinni.

Einar Ágústsson: Herra forseti. Ég hafði ætlað mér að hefja þessa ræðu á því að tala nokkur orð við hæstv. viðskmrh., en ég sé nú, að hann er ekki viðstaddur. Hann er sjálfsagt önnum kafinn, og ég get vel afsakað það, en þetta eru líka almennar aths. En mér taldist svo til, að hæstv. bankamálaráðh. nefndi hér á föstudaginn ein 7 atriði, sem áttu að sýna yfirburði viðreisnarinnar yfir flestar, ef ekki allar efnahagsmálastefnur í austri og vestri. Og mér finnst það ekki nema sjálfsögð kurteisi að taka því boði, þegar þessi hæstv. ráðh. býður upp á úttekt á stjórnarstefnunni. Ég mun þess vegna gera þessi 7 atriði í ræðu hans að umtalsefni hér með nokkrum orðum.

Í fyrsta lagi taldi ráðh., að umfram allt vildi stjórnin halda uppi því, sem hann kallar réttri gengisskráningu. Samkv. skilgreiningu ráðh. á þessu hugtaki er ekki annað sýnna en gengið verði sífellt að vera á fleygiferð, það þurfi að breytast við hverja verðsveiflu erlendis og hverja kostnaðarhækkun innanlands, enda má með sanni segja, að þessi hafi raunin orðið á hjá hæstv. ríkisstj. að undanförnu. Þannig verður ríkisstj. og sérfræðingar hennar eins konar aflesarar af gengismælinum, sem hafa ekki annað hlutverk en að gefa út tilkynningar um, hvað gengið sé þessa og þessa stundina, svona rétt eins og veðurathugunarmennirnir hjá veðurstofunni. Ég held, að þarna sé um talsverðan misskilning hjá hæstv. ráðh. að ræða á hlutverki ríkisstj. og sannarlega áhyggjuefni, að þessi skoðun er almennt ríkjandi hjá öðrum hæstv. ráðh. En ég lít gagnstætt þessu svo á, að það sé ekki hvað sízt hlutverk ríkisstj. að

hafa áhrif á það, hvert gengi gjaldmiðilsins er með því að stjórna efnahagsmálunum. Og mér sýnist það vera eitt helzta takmark nágrannaþjóða okkar a. m. k. að standa vörð um gjaldmiðilinn, eins og það er stundum svo hátíðlega orðað. Til þess getur þurft að grípa til margs konar ráðstafana, en fyrst og fremst þarf þó líklega að hafa hemil á verðbólgunni til þess, eins og hæstv. ráðh. komst að orði, að tryggja hallalausan rekstur atvinnuveganna með því að halda samræmi á milli tilkostnaðarins innanlands og verðs á gjaldeyrinum, án þess að til endurtekinna gengisfellinga þurfi að koma. Það getur jafnvel verið, að grípa þurfi til tilfærslna í formi tímabundinna uppbóta frá þeim, sem gengur vel til þess, sem gengur illa. Hæstv. ráðh. fannst það, að mér skildist, hámark allrar heimsku hér á föstudaginn að gera ráð fyrir uppbótum í efnahagsmálakerfinu. Auðvitað vilja allir helzt vera lausir við uppbótakerfið, en jafnvel þeim, sem rækilega hafa afneitað slíku kerfi, hefur þó ekki tekizt að sneiða alveg hjá því. Það eru margs konar uppbætur greiddar á Íslandi í dag, þrátt fyrir stefnuskrárlýsingu ríkisstj. um hið gagnstæða. Ég er ekkert sérstaklega að gagnrýna þetta. Ég er bara að benda á þessa staðreynd. Það er líka margvíslegur tilkostnaður atvinnuveganna, sem að dómi okkar framsóknarmanna er allt of hár, og ég mun e. t. v. nefna nokkur þeirra atriða síðar. Þess vegna sýnist mér nú, að munurinn á stjórnarstefnunni og því, sem við framsóknarmenn viljum, sé í þessu efni aðallega sá, að við teljum, að hafa þurfi stjórn á málunum, en þeir geti látið sér það nægja að skrá gengið.

Í öðru lagi taldi hæstv. ráðh. stórfellda hættu á sukki og spillingu, ef breytt væri um stjórnarstefnu. Já, þeir tala mikið um spillinguna, sem hafi verið hér á árum áður, hv. stjórnarsinnar, rétt eins og sú þjóðfélagsmeinsemd hafi gersamlega verið upprætt, að hún hafi horfið eins og dögg fyrir sólu við tilkomu viðreisnarinnar. Meira ófugmæli, held ég þó tæpast, að hægt sé að smíða, þótt menn neyti allrar skáldgáfu sinnar, en það að halda þessu fram. Ég ætla ekki að þreyta þingheim á því að nefna nein dæmi þessarar spillingar og sukks, sem svo sorglega víða blasa við í þjóðfélaginu í dag, til þess er þetta allt saman okkur allt of kunnugt. Enda er það ljóst, að hinir raunsærri menn í stjórnarliðinu vita þetta og viðurkenna og hafa af því áhyggjur. Það er meira að segja ekki svo langt síðan, að talað var um það hér, að heilir bófaflokkar væru starfandi í þjóðfélaginu til þess að svíkja út fé úr saklausum mönnum og stofnunum. Nei, ég held því, að fjarri fari því, að ástandið hafi batnað nokkuð í þessum efnum, síðan hæstv. ríkisstj. tók við völdum, án þess að mér komi til hugar að neita því, að ekki hafi sitthvað verið brallað hér áður fyrr, enda verður það víst seint, sem þessi árátta verður upprætt úr mannkindinni.

Þriðja atriðið var hið margrómaða innflutningsfrelsi. Það er auðvitað ákaflega æskilegt, að hægt sé að koma málum þannig fyrir, að allir geti keypt allt, sem hugur þeirra girnist, og geta víst allir, hvaða flokk sem þeir fylla, sameinazt um þá ósk íslenzku þjóðinni til handa, að hún verði sem allra fyrst svo efnum búin, að þetta sé mögulegt. En því miður er ekki þannig ástatt í dag. Það stoðar ákaflega lítið að horfa á varninginn í búðargluggunum, ef flestir hafa engin efni á að kaupa hann. Þá má segja, að það sé einungis þjóðfélagsleg eyðsla að flytja hann inn. Á hitt er einnig að líta, að til þess að byggja hér upp margvíslegan iðnað er nauðsynlegt, að fyrirtækin geti haldið uppi samfelldri starfsemi. Framleiðslan á að þróast ár frá ári, en allt of mikil brögð hafa verið að því hér, að breytingar í iðnaði hafa gerzt í stórum stökkum. Stundum hafa komið góðir sprettir, ný fyrirtæki komizt á legg, vélar keyptar, hús byggð o. s. frv. Nokkru síðar hefur svo innfluttur iðnvarningur, gjarnan niðurgreiddur í heimalandinu, flætt hingað og kippt fótunum undan íslenzkum fyrirtækjum í viðkomandi framleiðslugreinum. Afleiðingin er sú, að fyrirtækin loka, vélarnar grotna niður og fólkið gleymir því, sem það var búið að læra í iðn sinni. Næst, þegar allur gjaldeyrir er upp étinn, ráðamönnum hugkvæmist á ný, að hægt sé að framleiða vöruna innanlands og málshættir eins og „hollt er heima hvað“, „sjálfs er höndin hollust“ o. s. frv. verða vinsælir á nýjan leik, þá þarf að byrja frá grunni með nýjum vélum og óvönum mannskap, vegna þess að gömlu vélarnar eru ónýtar og fólkið búið að gleyma. Svona happa- og glappaaðferð verður að leggja til hliðar, en snúa sér í staðinn að því að koma upp stöðugum iðnrekstri með þjálfuðu starfsliði. Árangurinn mun skjótt koma í ljós í bættum framleiðsluvörum, því að íslenzkt iðnaðarfólk hefur margsinnis sýnt í verki, að það stendur jafnfætis því, sem annars staðar gerist, ef aðstaða þess er sambærileg. En samfelld þróun iðnaðarins má ekki vera háð duttlungum erlendra framleiðenda, sem hvenær sem er geta að öllu óbreyttu kaffært allt íslenzkt framtak í þessu efni.

Og hvernig er svo frelsið í framkvæmd núna? Ætli það hafi ekki verið nokkuð raunsæ og rétt lýsing, sem kom fram í ræðu hæstv. forsrh. á föstudag, þegar hann sagði, að verð á mörgum innfluttum vörum væri eftir gengisbreytinguna og með óbreyttum innflutningstollum orðið svo hátt, að þetta jafngilti í raun réttri innflutningsbanni? Það mætti alveg segja mér, að hæstv. viðskmrh. gæti fengið praktíska tilsögn í efnahagsmálum hjá hæstv. forsrh., jafnvel þótt svo kunni að vera, sem sumir halda fram, að sá fyrrnefndi sé sterkari í teóríunni.

Næst voru það svo háu vextirnir. Ég skal nú fara fljótt yfir þá sögu, hún hefur svo oft verið rakin hér. Við fáum ákaflega oft að heyra það hér frá hv. stjórnarsinnum, hversu óskaplega illgjarnir við stjórnarandstæðingar séum í garð sparifjáreigenda. Við viljum umfram allt lækka vextina af sparifé fólksins, og þetta kom nú líka fram í ræðu hv. 12. þm. Reykv. Þá sé nú hugur blessaðrar ríkisstj. eitthvað annar. Þeim finnist vextirnir af sparifé fólksins varla nokkurn tíma nægilega háir. Og það stendur þá vafalaust heldur ekki á þeim, sem spariféð eiga, að virða þetta og þakka, svo sem vert er. Þeir eru líklega ekki lítið ánægðir og þakklátir, þessir menn, sem gátu ekki alls fyrir löngu keypt fyrir sparifé sitt segjum 1000 bandaríska dollara, þegar þeir komast að raun um það, að núna geta þeir fengið hvorki meira né minna en 400 dollara fyrir þetta sama sparifé. Svo er nú háu vöxtunum hinnar hjartagóðu ríkisstj. fyrir að þakka.

Nei, ég tel svona málflutning tæplega bjóðandi sparifjáreigendum. Ég er þess fullviss, að mikill meiri

hluti þeirra skilur það, að með því að lækka vextina til framleiðsluatvinnuveganna væri hægt að bæta aðstöðu þeirra og stuðla m. a. á þann hátt að því, að hægt væri að komast hjá svo sem eins og einni gengisfellingu. En endurteknar gengisfellingar eru auðvitað þær þyngstu búsifjar, sem á eru lagðar, og koma hvergi harkalegar niður en á þeim, sem trúað hafa innlánsstofnunum fyrir eigum sínum. Hér verður einnig að víkja að þeirri fáránlegu fullyrðingu, að það muni atvinnuvegina svo sem engu, hvort þeir greiða háa vexti eða lága, og að allir vextir í hraðfrystiiðnaðinum séu um 80 millj. kr. Þetta hefur verið að nokkru hrakið hér í umr., m. a. af hv. 4. þm. Austf. um daginn, og ég skal ekki endurtaka neitt af því, sem hann sagði, en aðeins benda á, að vextir hafa áhrif á svo ótal marga liði aðra en beinu lánin, að í fyrsta lagi er alveg út í hött að nefna í þessu sambandi aðeins beina vexti af lánum. Í öðru lagi rifja ég það upp, að endurkeyptir víxlar í Seðlabankanum voru um s. l. áramót 1438 millj. kr., og nálægt þeirri upphæð voru þeir meginhluta ársins a. m. k. Það er áreiðanlega mjög varlega áætlað, já, sjálfsagt langtum of lágt áætlað að telja, að sjávarútvegurinn sé með rúman helming þessarar upphæðar á móti landbúnaði og iðnaði. En segjum það nú bara, að sjávarútvegurinn sé með 800 millj. kr. af þessari upphæð, þá eru vextirnir samt 64 millj. af endurkaupunum einum. Þá er eftir að telja vexti af stofnlánum og rekstrarlánum, og það hljóta allir að sjá það, að í þessari tölu munar verulegri fjárhæð, jafnvel þó að því sé alveg sleppt að taka tillit til þeirra áhrifa, sem háir vextir hafa á verðlagið og þar með kaupgjaldið að öðru leyti.

Fimmta atriðið í ræðu hæstv. viðskmrh., sem ég ætla að gera að örstuttu umtalsefni hér, var stefnan í bankamálunum. Hæstv. ráðh. fór enn að gera að umtalsefni, að við framsóknarmenn værum á móti því að mynda gjaldeyrisvarasjóð. Þetta er ekki rétt. Auðvitað óskum við þess eins og allir, að efnahagurinn leyfi slíka sjóðsmyndun. En sjóður, sem myndaður er með lántökum, er ekkert keppikefli fyrir okkur. Það er svo hins vegar rétt, að við höfum stundum varpað fram spurningum, sem ég hef a. m. k. ekki heyrt neitt svar við, um það, hverju það hefði getað breytt um viðskiptajöfnuðinn, ef innlendir atvinnuvegir hefðu búið við betri kjör en reyndin hefur verið á undanförnum, segjum 10 árum. Ég get endurtekið þessar spurningar hér að gefnu tilefni, án þess að ég þurfi að verja til þess allt of löngum tíma. En hvað hefði t. d. blómlegur íslenzkur iðnaður getað sparað mikinn innflutning og þar með komið í veg fyrir miklar greiðslur úr gjaldeyrissjóðnum? Hefði ekki verið hagkvæmara fyrir okkur að verja einhverju af því fé, sem legið hefur óarðbært í erlendum bönkum til þess að gera iðnrekendum kleift að nota þann vélakost, sem til er í landinu, og skapa hundruðum manna atvinnu í stað þess að loka verksmiðjunum og senda fólkið heim, eins og gert hefur verið? Hvað hefðu nýir, vel búnir togarar, og ég efast ekki um, að menn hefðu fengizt á nýja, vel búna togara, ef þeim hefði verið tryggður allur rekstrargrundvöllur, hvað hefðu þeir getað aukið útflutninginn mikið og þar með tekjur gjaldeyrissjóðsins? Verðum við Íslendingar ekki að eiga samkeppnisfær atvinnutæki við aðrar þjóðir til fiskveiða á fjarlægum miðum, ef við eigum að halda okkar hlut? Hversu hefðu hraðfrystihúsin getað skilað miklu meiri gjaldeyri, ef eitthvað af bundna fénu hefði verið notað til að auka hagræðingu þeirra og til þess að sjá til þess, að þau hefðu getað starfað meiri hluta ársins, en ekki kannske allt niður í tvo mánuði, eins og reynslan hefur verið víða um land? Hefði ekki verið skynsamlegra að styðja við bakið á þessum þýðingarmiklu framleiðslufyrirtækjum í stað þess að hafa þau lokuð langtímum saman? Hvað væri hægt að afla mikilla nýrra tekna í gjaldeyrissjóðinn, ef t. d. hefðu verið teknar upp nýjar verkunaraðferðir sjávarafurða? Væri ekki skynsamlegt að aðstoða framkvæmdamenn við að koma slíkum nýjungum á laggirnar? Hefði ekki mátt nota hluta af gjaldeyrisvarasjóðnum í þetta eða gjaldeyrinum, t. d. þann hlutann, sem notaður var til kaupa á allra handanna ónýtu og einskis verðu drasli? Og hefði ekki verið skynsamlegra að nota eitthvað af fjármagni þjóðarinnar á undanförnum góðæristímum til þess að leita nýrra markaða í stað þess að byrja nú eftir dúk og disk á því? Ég held það. Þessum spurningum hef ég áður varpað fram eða einhverjum viðlíka. Ég býst heldur ekki neitt frekar við svari núna. En það er þetta, sem við höfum haft við það að athuga að stofna gjaldeyrisvarasjóð í stað þess að gera ýmislegt annað enn þá nauðsynlegra við fjármagnið, þó að varasjóður geti verið góður, sízt skal ég neita því. Og menn tala um, að það sé ákaflega þakkarvert og mikilsvert, að það hafi verið hægt að halda uppi góðum lífskjörum svo lengi, eftir að verðfall varð. Það er vissulega þakkarvert, en tímann hefði þá líka þurft að nota til þess að komast út úr ógöngunum, en ekki byrja á því að skoða þær, þegar allur forðinn er étinn upp.

Þá sagði hæstv. viðskmrh., að án sparifjárbindingarinnar hefðu endurkaup afurðavíxla útflutningsframleiðslunnar ekki verið möguleg. Eins og ég mun sýna fram á síðar í þessari ræðu, voru endurkaupin síður en svo minni hlutfallslega áður en nokkur sparifjárbinding var framkvæmd, og hygg ég, að það sé nægilegt til svars við þessu að benda á þá staðreynd.

Þá var í sjötta lagi talað um það, að ef stefna stjórnarandstæðinga hefði verið framkvæmd, mundi vera hér gífurlegt atvinnuleysi. Tala atvinnulausra var um s. l. mánaðamót 5500 manns samkv. skýrslu hæstv. forsrh. á föstudag og hefur sem betur fer aldrei orðið hærri, líklega hvorki fyrr né síðar. Þetta tel ég sýna það, hvað sem öðru líður, að efnahagsmálastefna ríkisstj. er ekki einhlít í þessu efni, svo að ég segi nú ekki meira um það. Nú er sjómannaverkfallinu lokið, og ætti þá samkv. því, sem maður hefur stundum heyrt, að vera bjart umhorfs í atvinnulífinu hér. En hvernig er staðreyndin? Hún er sú, að í Reykjavík einni voru í gær 1250 skráðir atvinnuleysingjar. Enda er það staðreynd, sem ekki verður horft fram hjá, að sjómannaverkfallið átti ekki verulegan þátt í atvinnuleysinu í Reykjavík, hvað sem kann að vera annars staðar á landinu. Ég hygg, að það sé mjög misjafnt. En hér eru það aðrar ástæður, sem meiru valda.

Sjöunda og síðasta atriðið, sem ég ætla að gera hér að umtalsefni í þessu sambandi, eru ummæli hæstv. ráðh. um kaupgjaldsmálin. Stefna ríkisstj. var, eins og hv. alþm. allir muna sú, að hún ætlaði engin afskipti að hafa af þeim málum. Ákvarðanir um kaup og kjör

skyldu vera samningsatriði milli samtaka vinnuveitenda og launþega. Hefur þá kannske tekizt að lifa eftir þessu boðorði? Þessu þarf ekki að svara. Ég minni aðeins á það, að það eru ekki nema nokkrir dagar, síðan hér voru ákveðin lög um ákvörðun kjara hjá þýðingarmiklum starfstéttum í helzta útflutningsatvinnuvegi okkar, og þessi lög eru ekkert einsdæmi. Það hafa verið sett af og til á öllu viðreisnartímabilinu sams konar lög.

Ég hef þá tekið þessi 7 atriði til skoðunar í eins stuttu máli og mér var frekast unnt, en þau áttu að sýna, samkv. því sem hæstv. viðskmrh. sagði, mismuninn á stjórnarstefnunni og því, sem hann taldi, að væri stefna okkar framsóknarmanna. En ég tel, að hér hafi verið sýnt fram á, að í flestum ef ekki öllum tilvikum hefði verið heppilegra að taka meira tillit til ábendinga okkar en gert hefur verið. Ég viðurkenni að sjálfsögðu, að þjóðin hefur átt við meiri efnahagsvanda að glíma undanfarin 2 ár en verið hefur um skeið. Þess vegna væri full ástæða til þess, að menn reyndu að taka höndum saman og leita í sameiningu heppilegra ráða. En ræða eins og sú, sem hæstv. viðskmrh. hélt hér á föstudaginn, er áreiðanlega ekki til slíkra hluta fallinn, þvert á móti. Einstrengingslegar trúarjátningar og fylgisspekt við boðorð, sem sýnt hafa fánýti sitt í verki, leysa áreiðanlega engan vanda. Eitt alvarlegasta áhyggjuefnið í dag að mínum dómi, og er þó við mörg vandamál að glíma, eru iskyggilegar hugleiðingar almennings um brottflutning af landinu, jafnvel til fjarlægra heimsálfa. Þeir, sem þar eiga hlut að máli, eru ekki einungis menn með alþjóðlega menntun eins og læknar, verkfræðingar og tæknimenntaðir menn, sem alltaf hafa sótt nokkuð til annarra landa í atvinnuleit. Nei, hér eru fjölmargir einstaklingar á ferðinni úr öllum atvinnustéttum. Þessu veldur sjálfsagt m. a. það atvinnuleysi, sem verið hefur undanfarna tvo vetur, en áreiðanlega einnig hitt, að hér er að skapast vantrú á það, að íslenzkum ráðamönnum takist að ráða við vandann. Ég beini þessu ekki hér að neinum ákveðnum mönnum eða ákveðnum flokkum og ekki til þess að stofna til deilna um þetta atriði, en ég minni á þetta til umhugsunar fyrir okkur alla og til þess, þá í framhaldi af því, að menn gætu eitthvað sameinazt frekar um heppilegar lausnir á vandamálunum, en héldu ekki í tíma og ótíma áfram að tyggja úreltar kennisetningar hér úr ræðustóli hv. Alþ.

Þá má ekki alveg gleyma hv. 12. þm. Reykv., Ólafi Björnssyni. Ég skrifaði hjá mér á föstudaginn nokkur gullkorn úr síðustu ræðu hans til að gera hér að umtalsefni. En þó ætla ég að sleppa því að mestu að þessu sinni, enda hefur því nú að nokkru verið svarað á öðrum vettvangi, og eins og á ég von á því, að aðrir ræðumenn muni gera mál hans að umtalsefni síðar í þessum umr. En það fór svo fyrir þessum hv. þm. núna eins og vant er, að þegar hann veltir fyrir sér spurningunni um það, hvernig brúa eigi bilið milli þess, sem atvinnuvegirnir telja sig geta greitt og hins, sem launafólkið telur sig þurfa að fá, sér hann aðeins eina leið, það er að lækka kaupið. Það virðist alveg vera lokuð bók fyrir þessum gáfaða manni, að með því t. d. að létta byrðum af atvinnuvegunum og gera rekstur þeirra hagkvæmari, auka nýtingu vélakostsins, lækka vextina, breyta lausaskuldum í föst lán, endurskipuleggja tryggingakerfið, koma betra skipulagi á olíuverzlunina, lækka rafmagnsverðið, svo að eitthvað sé nefnt meðal annars af því, sem ASÍ ályktaði að gera þyrfti á þingi sínu í haust, væri hægt að koma málum þannig fyrir, að hægt væri að greiða það kaup, sem fólkið gæti lifað af. Þetta skilningsleysi hv. þm. og samherja hans flestra er ákaflega bagalegt, svo að ekki sé meira sagt, því að það kyndir undir þessari vantrú á landið og atvinnuvegina, sem ég leyfði mér að drepa hér á aðeins áðan.

Að öðru leyti flutti hv. 12. þm. Reykv. viðreisnarræðuna, lengri gerðina, og ég skal geyma mér að mestu þar til síðar að gera að umtalsefni ýmislegt, sem þar kom fram, t. d. um frv. okkar framsóknarmanna um atvinnumálastofnun, fjárfestingu og gjaldeyrisnotkun, enda lofaði hv. þm. því, að það frv. skyldi fá skjóta afgreiðslu í fjhn. hv. Ed., þar sem hann er formaður, og það veit ég, að hann stendur við.

Annars þarf engum að koma á óvart, þótt tvær stórfelldar gengisfellingar með 12 mánaða millibili gangi auðvitað ekki sporlaust yfir sviðið. Í nóvember 1967 var gengi ísl. kr. fellt, þannig að verð erlends gjaldeyris hækkaði um 33.6%, án þess að nokkrar umtalsverðar ráðstafanir væru gerðar til þess að sjá atvinnufyrirtækjum landsmanna fyrir auknu fjármagni til þess að mæta vaxandi dýrtíð. Sú björgun, sem af gengisfellingunni átti að leiða, jafnvel fyrir útflutningsatvinnuvegina, kom aldrei. Þessi gengislækkun rann því algerlega út í sandinn. Þótt því væri yfirlýst, að hún væri vandlega útreiknuð og Alþ. væri þá látið bíða aðgerðarlaust á aðra viku, meðan sérfræðingar stjórnarinnar reiknuðu upp á brot úr prósentu, hver gengisbreytingin þyrfti að vera til að koma að notum, þá kom hún að litlu sem engu haldi. Þvert á móti má, eins og ég áðan sagði, með fullum rétti segja, að hún hafi gersamlega mistekizt og það svo mjög, að aðeins einu ári síðar og tæplega þó varð enn að höggva í sama knérunninn, lækka gengið og nú enn þá miklu meir en nokkru sinni fyrr. 55% hækkun á erlendum gjaldeyri var að mati sérfræðinganna það minnsta, sem dugað gat. Nú höfðu víst flestir búizt við því, að menn hefðu lært af fyrri mistökum í þessu efni og gerðu jafnframt þær hliðarráðstafanir, sem hlutu að vera alger forsenda heppilegra áhrifa, sem gengisfelling hugsanlega getur haft fyrir vissar tegundir atvinnurekstrar, ef rétt er á haldið. En því miður hefur reyndin orðið önnur enn sem komið er að minnsta kosti. Síðasta gengisbreytingin var framkvæmd um miðjan nóvembermánuð, án þess að nokkrar ráðstafanir væru boðaðar, hvað þá framkvæmdar, þær, sem allir sáu, að nauðsynlegar voru. Því var það, að þegar liðinn var heill mánuður, án þess nokkuð gerðist, þá leyfði ég mér að bera fram fyrirspurn um það til hæstv.forsrh., hvaða ráðstafanir væru fyrirhugaðar til þess að bæta úr rekstrarfjárskorti atvinnufyrirtækja. Ég leyfði mér að benda á það við umr. um þessa fsp. hér í hv. Sþ. hinn 11. des. s. l., að rekstrarfjárskortur hefði lengi á undanförnum veltiárum verið einn versti þrándur í götu fyrirtækja, og vitnaði til nokkurra ályktana frá samtökum atvinnurekenda og aðalfunda, bæði hlutafélaga og samvinnufélaga, því máli til staðfestingar og spurði í framhaldi af því, hvernig ætla mætti, að umhorfs væri nú, eftir að gengið hefði verið

lækkað um ca. 100% á einu ári. Það stoðar lítið fyrir íslenzka útgerðarmenn, að verðið sé hátt á fiskinum í sjónum, ef þeir komast ekki út til að veiða. Það hefur lítið gildi fyrir iðnrekendur, að verð innfluttrar útlendrar vöru hækki hér á landi, ef þeir geta ekki sjálfir framleitt vörur til að taka þátt í samkeppninni eða eins og Vísir sagði: „Það hefur ekkert gildi að láta benzín á geyminn, ef rafhlaðan er tóm."

Hæstv. forsrh. svaraði þessari fsp., sem ég er hér að gera að umtalsefni, og viðurkenndi fyllilega það vandamál, sem fyrir hendi væri í þessu efni. Þegar hann hafði útlistað þær vonir, sem stjórnin bindur við áhrif gengisfellingarinnar, er frá liði, sagði hann orðrétt með leyfi hv. forseta:

„Fyrstu áhrif gengisbreytingar á fjárhag margra fyrirtækja eru engu að síður neikvæð, vegna þess að hún hefur í för með sér miklar hækkanir á erlendum vörum, er krefjast aukins rekstrarfjár, ef fyrirtæki eiga að geta notað þau tækifæri til framleiðniaukningar, sem gengisbreytingin skapar." Og enn fremur: „Óhjákvæmileg er frekari útlánaaukning næstu mánuði, sérstaklega er nauðsynlegt að auka afurðalán til útflutningsframleiðslunnar, en einnig eru ráðgerð sérstök útlán til fyrirtækja, sem orðið hafa fyrir mestum áföllum vegna gengistaps á stuttum vöruskuldum erlendis. Er þess að vænta, að ekki líði á löngu, áður en unnt er að taka frekari ákvörðun til að létta þau miklu fjárhagslánsvandamál, sem íslenzkur atvinnurekstur á nú við að búa."

Já, það er vissulega hverju orði sannara hjá hæstv. forsrh., að brýna nauðsyn ber til þess að auka afurðalán til útflutningsframleiðslunnar. En þessi nauðsyn er ekki ný. Hún hefur verið fyrir hendi mörg undanfarin ár. Hún skapaðist ekki við gengisfellinguna, en hún óx vitanlega við hana, það er rétt. Samdráttur í endurkaupum afurðavíxla hefur lengi verið staðreynd. Ég hef rifjað það upp hér áður og ætla að gera það einu sinni enn til glöggvunar, að á fjögurra ára tímabilinu 1056–1959 var heildarverðmæti útflutnings að meðaltali 1010 millj. kr. hvert árið, en á sama tíma var mánaðarlegt meðaltal endurkeyptra víxla 560 millj. kr. Sé nú litið á annað fjögurra ára tímabil, 1964–67, eru tilsvarandi tölur þær, að heildarútflutningsverðmætið var 5100 millj. hvert ár, en endurkaupin 960 millj. kr. M. ö. o.: Endurkaupin hafa aðeins tvöfaldazt, meðan útflutningur hefur meira en fimmfaldazt. Það er kannske ekki nema von, að hæstv. viðskmrh. segi hér, að án sparifjárbindingarinnar væru öll endurkaup afurðavíxla ómöguleg, útilokuð, þegar staðreyndin er sú, eins og ég segi, að á meðan framleiðslan hefur fimmfaldazt, hafa afurðalánin aðeins tvöfaldazt, þegar þessi tvö tímabil eru borin saman.

Þetta hlutfall versnar enn við gengisfellinguna, það er alveg rétt. Þess vegna hafa áreiðanlega margir fagnað þeirri yfirlýsingu hæstv. forsrh., að úr þessu mundi nú bætt hið bráðasta. En hefur það verið gert? Ekki er mér kunnugt um það. Þvert á móti er mér sagt, að afurðalánin út á landbúnaðarafurðir a. m. k. hafi lækkað að undanförnu miðað við skilaverðið og séu nú í heild einhvers staðar nálægt 48%. Mér skilst, að þessi lækkun stafi af hækkun á ýmsum aukagreinum, sem hafi ekki fengizt tekin til greina og að annað hafi verið fellt niður. Ég sleppi því að fara nánar út í það hér. Þetta þekkja hv. þm. efalaust allir og sumir betur en ég. Sjávarútvegurinn býr hins vegar enn þá við óbreytta prósentu í þessu efni. Við framsóknarmenn höfum allt viðreisnartímabilið leitazt við að fá fram lagfæringar á þessu. Við höfum lagt fram ýmist frv. eða till., sem gera ráð fyrir því, að endurkaupin fari í þá prósentu, sem var, áður en þessi hæstv. ríkisstj. tók við völdum. Það hefur alltaf verið fellt eða ekki afgreitt.

Annað hagstjórnartæki, sem oft hefur verið minnzt á, er sparifjárbindingin. Almenn binding sparifjár nemur 30% af innlánsaukningu banka og annarra peningastofnana. Kaup bankanna á ríkisskuldabréfum eða ríkistryggðum skuldabréfum nemur 10% af sama stofni. Ríkisstj. hefur árlega leitað heimildar og fengið til þess að selja spariskírteini fyrir tugi og hundruð millj. með kjörum, sem eru svo langtum betri en bankarnir geta boðið eða hafa leyfi til að bjóða, að þar kemst enginn samanburður að. Þessi skírteini eru t. d. bæði vísitölubundin og undanþegin framtalsskyldu. Ætli þetta hvort tveggja sér ekki harla eftirsóknarvert í augum peningamanna og eðlilegt, að þeir kaupi fremur spariskírteini en leggi peningana á banka, jafnvel þó að vextirnir séu nú háir? Áreiðanlegar upplýsingar eru fyrir hendi um það, að langmestur hluti af því fé, sem varið er til kaupa á þessum skírteinum, er tekinn úr bönkum og sparisjóðum, enda vandséð, hvaðan það fé ætti annars að koma. Til þess að gefa örlitla hugmynd um það, hvaða búsifjar eru lagðar á bankana með sparifjárbindingunni, má geta þess, að í árslok 1959 var skuld viðskiptabankanna við Seðlabankann 993 millj. kr., en inneign þeirra á viðskiptareikningi 72 millj. kr., þannig að á þessum tíma lagði Seðlabankinn þáverandi viðskiptabönkunum til fé, sem nam 920 millj. kr. Og þetta var, þegar krónan var talsvert beysnari og bústnari en hún er núna. En um síðustu áramót var myndin allt önnur. Viðskiptabankarnir áttu við mikla örðugleika að etja á s. l. ári, og afleiðing af því er sú, að þetta hlutfall hefur nokkuð versnað á s. l. ári. Þessir erfiðleikar, ég vil skjóta því að, eru kapítuli út af fyrir sig. Hluti af þessum erfiðleikum bankanna er kominn til af því, hvernig framkvæmd var, bæði lagasetningin um innflutningsgjaldið og síðan gengisfellingin. Þegar hér var boðað beinlínis, að allir peningar mundu falla í verði, allt upp í 50%, eins og reyndin varð á, þá geta menn auðvitað gert sér í hugarlund, hvort það ýtti ekki undir menn, sem áttu peninga, til þess að verja þeim í eitthvað annað, sem ekki mundi þó verðfalla eins og kannske halda gildi sínu. En þrátt fyrir þessa erfiðleika viðskiptabankanna á s. l. ári, áttu þeir meira á bundnum reikningum í Seðlabankanum um s. l. áramót en nemur bæði afurðalánunum og yfirdráttum á viðskiptareikningum. Þrátt fyrir erfiðleikana hefur sem sagt Seðlabankinn ekki enn þá þurft að leggja þeim meira fé en þeir hafa sjálfir lagt til. Þetta höfðum við framsóknarmenn einnig reynt að fá lagfært á mörgum undanförnum þingum. Og nú að þessu sinni liggur fyrir þáltill. frá mér og hv. 5. þm. Austf., Vilhjálmi Hjálmarssyni, um afnám sparifjárbindingar. Þessi till. var lögð fram hér á hv. Alþ. í nóvemberlok, en hún er ekki komin til umr. enn í Sþ. og það er satt að segja orðið næsta tilgangslítið að flytja þáltill. um aðkallandi

mál, um eilífðarmálin er sjálfsagt allt í lagi að flytja till. hér, en að fá aðkallandi mál rætt og afgreiða í formi þáltill. er næsta tilgangslítið.

Við höfum mátt hlusta á það hér á hv. Alþ. undanfarin ár, að talsmenn viðreisnarinnar hafa haldið því fram, að það væri hagfræðilega rétt að draga úr útlánum, þegar þensluár væru í þjóðfélaginu. Það er alveg víst, að í landi eins og Íslandi, þar sem svo gífurlega stór hluti atvinnurekstrar þarf að starfa fyrir lánsfé, verka lánsfjárhöft og háir vextir mjög neikvætt á allan rekstur. Það kann að eiga við, þar sem fyrirtækin hafa safnað miklu eigin fé og starfa að verulegu leyti fyrir það. Allir hljótum við að verða að viðurkenna, að rekstrarfjárskortur hefur háð öllum atvinnurekstri og fyrirtækin eru rekin af vanefnum. Þannig verður allur atvinnurekstur dýrari og óhagkvæmari en vera þyrfti. Forystumenn fyrirtækja verða að verja tíma og orku í það að verjast áföllum og eyða allt of miklum tíma á biðstofum lánastofnana í von um fyrirgreiðslu, svo að þessi kenning orkar nú tvímælis við okkar aðstæður a. m. k., hvað sem annars staðar kann að vera, eins og ég sagði. En ef hún væri rétt, og það eru enn þá til menn, sem virðast trúa því, hlýtur rökrétt afleiðing af henni að vera sú, að þegar harðnar í ári, eins og nú hefur vissulega gerzt, séu útlánin aukin. Ef það er ekki gert, er ekki hægt að tala um neina stefnu, þá er það bara handahóf.

Seðlabankinn hefur nokkuð hlaupið undir bagga hjá viðskiptabönkunum í þrengingum þeirra á s. l. ári. Það er skylt að viðurkenna það. En ég legg bara áherzlu á það, að breytt stefna í útlánamálum má ekki framkvæmast þannig, eins og mikil brögð hafa verið að, að viðskiptabankarnir hafa safnað skuldum á viðskiptareikningum sínum og hafa orðið að borga miklu hærri vexti af slíkum lánum í Seðlabankanum en þeim er heimilt að taka af fjármagninu, þegar þeir endurlána það. Slíkur bankarekstur er vitanlega algjörlega fráleitur til nokkurrar frambúðar. Og m. a. þess vegna og fyrst og fremst kannske þess vegna er hluti þeirrar till., sem ég áðan minntist á, að liggi fyrir hv. Alþ. frá mér og hv. 5. þm. Austf. Hluti hennar fjallar einmitt um það, að Seðlabankanum sé falið að gera samninga við viðskiptabankana til eins árs í senn um þátttöku í útlánum til atvinnulífsins og um það, hvernig aukning innlána skuli skiptast eftir atvinnugreinum og hvað skuli ganga til að bæta stöðu viðkomandi banka við Seðlabankann, því að skuldir sínar við Seðlabankann verða bankarnir vitanlega að greiða. En atvinnuvegina verður fyrst og fremst að aðstoða til þess að halda áfram starfsemi sinni. Og í till. er enn fremur gert ráð fyrir því, að refsivextir af yfirdrætti bankanna við Seðlabankann verði ekki reiknaðir nema viðkomandi banki brjóti gegn samkomulaginu eða neiti að taka þátt í samningum, sem ganga í framangreinda átt. Þetta held ég, að menn megi til með að hafa í huga, þegar talað er um að auka útlánin. Það er ekki fullnægjandi og það er ekki hægt til frambúðar að gera það á þann hátt, sem gert hefur verið, að bankarnir hafa dregið á reikninga sína hjá Seðlabankanum í meira og minna óleyfi og borgað af því 16% refsivexti og láni svo fjármagnið út til atvinnulífsins með 10% vöxtum, eins og þeir mega hæst taka.

Ég skal svo ekki fjölyrða meira um þessi peningamál að svo stöddu, en ég verð að segja það, áður en ég skil við þau, að mér finnst það hafa gengið grátlega seint að framkvæma þá skynsamlegu áætlun, sem hæstv. forsrh. boðaði í nefndum umr. um fyrirspurnina hér á hv. Alþ. þann 11. des. s. l. En allt um það er auðvitað sjálfsagt að fagna þeirri yfirlýsingu og vona, að hún komi sem allra fyrst til framkvæmda.

Ein kenning viðreisnarinnar hefur verið sú, að rétt væri að veita minna fé til opinberra framkvæmda í góðu árferði, vegna þess að ástæðulaust og enda rangt væri fyrir hið opinbera, bæina og ríkið, að keppa við einkaaðilana um vinnuaflið. Þrátt fyrir þessa kenningu hafa stjórnarflokkarnir minnkað á undanförnum árum framlög til verklegra framkvæmda á fjárl., meira að segja breytt gildandi fjárl. á miðju fjárhagsári til lækkunar, svo mikið hefur þótt við liggja. Nú skyldi maður þá ætla, að þegar tímar hafa breytzt, atvinnuleysi gengið í garð og hvergi nærri séð fyrir endann á því ennþá, þá væri farið eftir þessari kenningu og framlög til verklegra framkvæmda hækkuð, en engu slíku er að heilsa í þessum efnum. Þvert á móti eru, eins og hv. þm. er öllum kunnugt, flestir framkvæmdaliðir engu hærri í krónutölu en þeir voru á s. l. ári þrátt fyrir gífurlega dýrtíðaraukningu. Stjórnarandstæðingar reyndu að bæta nokkuð úr þessu, eins og hér hefur nú raunar verið rakið í þessum umr., með till. um 300 millj. kr. framlag til atvinnurekenda, sem að einhverju leyti gat þá komið í stað aukningar á opinberum framkvæmdum, þó að sennilega hefði hvort tveggja þurft til að koma. Þessi till. var felld hér á hv. Alþ. Hún var hins vegar tekin upp eða stefna hennar í janúarmán., og nú kemur í ljós, að það þarf að afla lagaheimildar, til þess að það megi gera. Hvað var nú auðveldara en að afla sér lagaheimildarinnar um leið og fjárl. voru afgreidd? Þarna var um að ræða 300 millj. af þessum 7000 millj., sem Alþ. var að fjalla um hér fyrir jólin. Það var vitanlega einfaldlega af því, að það voru stjórnarandstæðingar, sem báru fram till., að ekki var hægt að samþykkja hana. Allir hlutu að viðurkenna, að hún væri skynsamleg, enda voru hátíðirnar varla afstaðnar, þegar farið var að tala um það, að þetta væri nú einmitt það, sem allra helzt þyrfti, 300 millj. til atvinnuaukningar. Þetta eru náttúrlega ekki heppileg vinnubrögð.

Þá langaði mig til þess að víkja nokkrum orðum að atvinnuástandinu hér í Reykjavík, vegna þess að ég er málum einna kunnugastur hér og svo líka vegna þess, að í höfuðborginni er fólkið flest og tala atvinnulausra þegar af þeirri ástæðu hæst á nokkrum einum stað eða í einu byggðarlagi. Strax á s. l. hausti gerðu borgarfulltrúar í Reykjavík sér grein fyrir því, að mikil hætta væri á því, að til stórfellds atvinnuleysis kynni að koma á þessum vetri. Sá ótti stafaði m. a. af því, að talsvert atvinnuleysi var hér einnig vetrarmánuðina í fyrra. Til þess að mæta þessum vágesti sá borgarstjórn það ráð tiltækast í upphafi að skipa 7 manna n. til þess, eins og í samþykktinni segir, að fylgjast með útliti í atvinnumálum borgarinnar og fyrirbyggja með öllum tiltækum ráðum, að til atvinnuleysis kæmi. Þetta var 19. sept. 1968. Nú vil ég strax taka það fram, að þessi n. vann að mörgu leyti ágætt starf, og hún lagði tveimur mánuðum síðar, eða 19. des., fram till. í 10 liðum, sem hver um sig og þó einkum allir saman, hefðu orkað miklu til þess,

að vísa vofu atvinnuleysisins frá dyrum reykvíska borgara. Þessi atvinnumálanefnd hafði vitanlega aðeins tillögurétt, en ekkert vald til að framkvæma þá hluti, sem hún kom auga á, að til heilla mundu horfa. Nokkrar af þessum till. snúa að vísu fyrst og fremst að borgarfyrirtækjum og borgarstofnunum og eiga þess vegna ekki erindi inn á hv. Alþ., en flestar eru þó till. þannig vaxnar, að framkvæmd þeirra er undir aðstoð og velvilja ríkisvaldsins komið. Þess vegna hefur framgangur þeirra og hvernig til tekst með þær almennt gildi, og þar af leiðandi álít ég það fullkomlega réttlætanlegt að gera þær hér að umtalsefni með örfáum orðum.

Á fundi borgarstjórnar Reykjavíkur í fyrri viku var gefin skýrsla um gang þessara mála af tilefni fyrirspurnar, sem þar kom fram. Fyrsta till. n. var um auknar hitaveituframkvæmdir og kom fram, að 27 millj. kr. lánsfé vantar til að framkvæma verklega áætlun fyrir árið 1969 og þá sérstaklega þær framkvæmdir, sem einkum áttu að stuðla að aukinni atvinnu. Skv. upplýsingum talsmanns meiri hl. hefur atvinnumálanefnd Reykjavíkur farið fram á það við atvinnumálanefnd ríkisins að fá þetta fjármagn að láni af því fé, sem ríkisstj. hefur lofað að útvega til atvinnuaukningar. Þetta svar hefur enn ekki fengizt, ekki einu sinni vilyrði um lán síðar, sem e. t. v. gæti dugað, til að unnt væri að hefja þessar framkvæmdir. Og nú er náttúrlega stóra spurningin sú, hvort þessi lánsbeiðni telst lítil eða stór í þeim skilningi, sem hæstv. forsrh. var að útlista hér áðan að mundi ráða úrslitum um það, hvort lánsbeiðnir til nefndarinnar yrðu afgreiddar strax eða hvort beðið yrði eftir heildarskoðun um land allt. Það verð ég að segja, að ef atvinnumálan. ríkisins tekur þá stefnu að bíða með þessa lánsfjárveitingu og afgreiðslu á þessari umsókn, þangað til úttekt á öllu landinu liggur fyrir, er hætt við því, að þessi hitaveituframkvæmd komi að litlum notum til að útrýma atvinnuleysi í Reykjavík á þessum vetri a. m. k.

Önnur till. var um aukna útgerð héðan frá Reykjavík. Hún var í allmörgum liðum, og ég skal ekki tefja tíma hv. þm. að telja það allt upp. Það er skylt að geta þess, að þann hluta till., sem fjallar um aukið rekstrarfjármagn til bátaflotans, er nú þegar byrjað að framkvæma, og eru eins og stendur góðar horfur á því, að um 50 bátar verði gerðir héðan út frá Reykjavík á vetrarvertíð, þar af 26 bátar yfir 192 tonn. Þetta er að vísu allt og lítil útgerð frá svo miklum fiskimannabæ sem Reykjavík ætti að réttu lagi að vera og var, og ástæðurnar til þess, hve útgerð hefur dregizt saman hér í Reykjavík, er algerlega kapituli út af fyrir sig, sem ég sleppi að ræða hér núna. En samt er þetta hátt hlutfall af þeim bátum, sem hér eru skráðir, því að mér er sagt, að það séu aðeins 5 bátar nú, sem ekki sé útséð um, hvort hefji róðra á þessari vertíð eða ekki.

Það hefur verið bent á það, að sjómannaverkfallið hafi tafið og truflað atvinnulífið hér. Sú er líka reyndin, en það verður að hafa það í huga, að af opinberri hálfu hefur lítið, ef nokkuð, verið gert til þess að koma í veg fyrir, að til þess þyrfti að koma eða greiða fyrir lausn þess, eftir að því varð ekki lengur forðað. Þegar gildandi hlutasamningum var breytt með l. og allir samningar jafnframt gefnir lausir, var hættunni vissulega boðið heim, eins og hér var varað við á hv. Alþ. og síðan hefur verið rakið í þessum umr. Hefði nú ekki mátt auka líkurnar á nýjum samningum t. d. á þann hátt að útvega útgerðinni þau rekstrarlán, sem nú er þó búið að gera, áður en til samninganna kom, t. d. fyrir n. k. áramót? Menn sáu það þó, að útgerðin mundi þurfa á nýju fjármagni að halda strax eftir gengisbreytinguna. Það var viðurkennt hér af hæstv. forsrh. 11. des. Hvers vegna var þá ekki reynt að útvega þetta fjármagn einum mánuði fyrr, þannig að það lægi fyrir við samningana, að útgerðin mundi fá slíkt rekstrarfjármagn? Ég held, að það mundi hafa stórlega aukið líkurnar á samningum og breytt andrúmsloftinu verulega til hins betra.

Þá var það þetta blessaða fiskverð. Það var mjög lengi verið að velta vöngum yfir því. Ég hygg, að það hljóti að hafa verið heppilegra, að það hefði verið komið fyrr, svo að menn vissu, hvað þeir voru að tala um og að þessi dráttur hvor tveggja hafi verið óþarfur og heldur til bölvunar, svo að ekki sé of mikið sagt.

Annar liður þessarar till. atvinnumálanefndar, sem fjallar um útgerð, lýtur að því að gera sjóhæfa 3 togara, sem verksmiðjan Klettur á og liggja hér bundnir við bryggjur. Samkv. áætlun, sem Seðlabankinn hefur látið gera, kostar þessi viðgerð um 27 millj. kr. Um þessa fjárhæð hefur verið sótt til atvinnumálanefndar ríkisins. Þar liggur sú umsókn enn, og um hana á við það sama og ég sagði um umsóknina til atvinnumálanefndar ríkisins um lán til hitaveitunnar, að á miklu veltur, hvort þessar umsóknir fást afgreiddar strax eða hvort þær verða látnar bíða eftir einhverri heildarskoðun, sem enginn veit enn, hvað langan tíma kann að taka.

Þriðja ályktunartill. atvinnumálanefndar Reykjavíkur fjallaði um það, að aukið verði lánsfjármagn það, sem húsnæðismálastjórn ríkisins hefur til umráða, því að talið var, að slíkt mundi fljótt bæta atvinnuástandið. Allir hv. þm. vita, að húsnæðismálastjórn hefur verið útvegað lánsfjármagn að upphæð 100 millj. kr. og að nú er farið að úthluta þessu fé. Það er auðvitað góðra gjalda vert, að þetta fjármagn kemur til, en á sitthvað er að líta í þessu sambandi. Í fyrsta lagi það, að byggingarsjóður var búinn að láta þessa fjárhæð og ríflega það í framkvæmdirnar við Breiðholt umfram það, sem samkv. venjulegum lánareglum er lánað út á hverja íbúð skv. hinu almenna veðlánakerfi, eins og margsinnis hefur verið rakið hér. Þess vegna má auðvitað með fullum rétti segja, að hér sé aðeins verið að standa við loforð, sem áður voru gefin. Það þarf vitanlega enga sérsamninga um það milli verkalýðsfélaga og ríkisstj., að lánuð séu venjuleg lán út á íbúðir, jafnvel þótt þær séu byggðar af opinberum aðilum, og mér finnst þær skýringar, sem nú síðar eftir dúk og disk hafa komið fram á því, hvað það raunverulega hafi verið, sem fram fór í júnísamkomulaginu, séu algerlega út í hött. Ég held, að það hafi alltaf legið ljóst fyrir, að það var viðbótarfjármagn, sem ríkisstj. lofaði að útvega verkalýðsfélögunum í þessu skyni. En alveg burtséð frá þessu, sem má kannske segja, að sé matsatriði, leyfi ég mér að láta í ljós þá skoðun, að þessi fjármagnsútvegun skapi ekki aukna atvinnu í verulegum mæli, því miður. Þetta stafar af því, að þessir peningar verða notaðir til

þess að lána seinni hluta húsnæðislána. Þær íbúðir, sem lánað er út á í þeim tilfellum, eru yfirleitt fullbúnar eða a. m. k. mjög langt komnar. Eigendur þeirra hafa knúið sig áfram til að komast inn í íbúðirnar og neytt til þess allra ráða, tekið víxla í bönkum, að svo miklu leyti sem það hefur verið mögulegt, stofnað til skulda í verzlunum, algengt er að hluti vinnulauna sé ógreiddur, þegar hér er komið, vinir og vandamenn hafa hlaupið undir baggann o. s. frv. Auðvitað er nauðsynlegt að gera fólki mögulegt að standa í skilum með þessar greiðslur, sem það hefur stofnað til í fullkomlega góðri trú á það, að lánin komi. En ég dreg í efa, að mikil atvinnuaukning sé þessu fjármagni samfara, því miður verð ég að segja. Sízt ber að vanþakka þetta, það vil ég undirstrika. En óneitanlega fylgir óþægilegur böggull skammrifi, þar sem áskilið er, að þessar 100 millj. verði endurgreiddar ársfjórðungslega á árinu af tekjum byggingarsjóðs. Hér sýnist því vera nokkuð skammgóður vermir á ferðinni, þegar þess er gætt, að um 450 millj. kr. mun nú vanta til þess, að kerfið geti staðið við skuldbindingar.

Um 400–500 íbúðir bíða nú fokheldar og 80–100 millj. kr. fjárveiting til þeirra mundi vafalaust laga atvinnuástandið verulega. En það, sem hér um ræðir, seinni hluta lán út á fullgerðar íbúðir í mörgum tilfellum, bætir ekki úr atvinnuástandinu að neinu marki. En ég endurtek þó, að gott er, að mörgum íbúðum verður á þennan hátt bjargað undan hamrinum, en yfir fjölmörgum alþýðuheimilum vofir nú sú hætta, að eignir þeirra lendi á nauðungaruppboði, eins og auglýsingar borgarfógetaembættisins eru órækastur vitnisburður um. Til viðbótar því atvinnuleysi, sem þegar er fyrir hendi í byggingariðnaðinum, liggur nú fyrir það, að iðnaðarmönnum, sem vinna við fjögur fjölbýlishús í Breiðholtshverfi, verður sagt upp atvinnu um n. k. mánaðamót vegna fjárskorts þeirra byggingarsamvinnufélaga, sem fyrir þessum byggingum standa. En eins og menn án efa muna, eru málefni byggingarsamvinnufélaga ein þeirra, sem hafa verið í athugun hjá hæstv. ríkisstj. síðan guð má vita hvenær, og frv. frá mér og fleirum um aðstoð við þau var vísað til ríkisstj. á þingi í fyrra. Þar liggur það enn. Þar er alltaf verið að framkvæma heildarendurskoðun á húsnæðismálunum og enginn endir þeirrar endurskoðunar fyrirsjáanlegur.

Fjórða till. atvinnumálanefndar Reykjavíkur var um það, að reynt yrði að auka rekstrarfjármagn iðnfyrirtækja, og var bent á ákveðnar aðferðir í því skyni, sem hv. þm. nú þekkja, þar sem þær liggja fyrir á prentuðu þskj. í tillöguformi frá okkur nokkrum þm. Framsfl. Atvinnumálanefnd Reykjavíkur lagði mikla áherzlu á það, að verksmiðjuiðnaðurinn eða verulegur hluti hans a. m. k., en að honum starfa um 5 þús. manns, búi við svo mikla rekstrarfjárörðugleika, að áætla má, að þessi iðnaður dragist að verulegu leyti saman, ef ekki raknar úr um fjáröflun eins og í nál. segir. Nú hefur Seðlabankinn ritað viðskiptabönkunum bréf, þar sem tilkynnt er um nýjar útlánareglur, og m. a. sagt, að Seðlabankinn taki aðeins þátt í lausn vandamála, er varða stærri fyrirtæki, er einstakir viðskiptabankar eigi erfitt með að veita viðhlítandi fyrirgreiðslu, en þess á hinn bóginn vænzt, að viðskiptabankarnir reyni, eftir því sem efni standa til, að leysa úr vandamálum annarra minni fyrirtækja af eigin rammleik. Allar þessar lánveitingar eiga að fara fram eftir ákvörðun Seðlabankans, en þó á ábyrgð viðkomandi viðskiptabanka, sem skuldbundinn er til að sjá um endurgreiðslu lánanna, og ræki lega undirstrikað, að hér sé aðeins um tímabundna aðstoð Seðlabankans að ræða, enda sé að jafnaði við það miðað, að jafnmikið fé komi á móti frá viðkomandi viðskiptabanka. Um þessar fyrirætlanir skal ég ekki ræða hér að þessu sinni frekar en orðið er. Þær eru flóknar og þykja erfiðar í framkvæmd, svo að ekki sé meira sagt, en það gefst vafalaust tækifæri til þess að ræða þær betur hér síðar. En ég vil aðeins um þetta segja, að formaður atvinnumálanefndar Reykjavíkur hafði um þetta þau orð um daginn, að fyrirhuguð úrlausn væri að dómi n. ekki nægilega góð og að nefndin mundi halda áfram könnun á möguleikum betra fyrirkomulags á þessu stefnuskrármáli sínu.

Um málefni iðnaðarins almennt væri vissulega ástæða að ræða ítarlega. Því neitar auðvitað enginn, að stórfelld gengislækkun, sem iðnaðarfólk tæki á sig bótalaust, það er án nokkurra kauphækkana, eykur að sjálfsögðu afkomumöguleika iðnfyrirtækja. Takmarkið getur þó ekki verið þetta, heldur hitt, að iðnaðarfyrirtækin geti borgað starfsliði sínu mannsæmandi kaup fyrir venjulegan vinnudag. Svo virðist sem ýmsir telji nú, að 100 millj. manns í EFTA-löndunum bíði málþola eftir því, að íslenzkur iðnaðarvarningur flytjist tollfrjáls inn í löndin, albúinn að kaupa hvaðeina, sem við teljum okkur mega án vera. Því miður held ég, að þessu sé ekki þann veg farið. Ég óttast og veit raunar, að íslenzkar iðnaðarvörur eiga harða samkeppni í vændum á mörkuðum þessara háþróuðu iðnaðarþjóða, sem Fríverzlunarbandalagið mynda. Þó vil ég ekki neita því, að íslenzkar útflutningsiðnaðarvörur eða útflutningsiðnaður geti átt framtíð fyrir sér. En í mínum augum hlýtur það að byggjast á fáum vörutegundum, sem við getum sérhæft okkur í með árangri. Allt þyrfti þetta auðvitað að byggjast á nákvæmni og vöruvöndun. Líklega þyrfti helzt að vinna úr innlendum hráefnum. Þó þarf það ekki endilega að vera. Aðrar nágrannaþjóðir okkar hafa sýnt það, að þær geta byggt upp blómlegan iðnað til útflutnings með því að vinna úr innfluttu hráefni. Og ég verð að segja það hér, að mér finnst tíminn hafa verið illa notaður til að kanna þessi mál, þótt ég viðurkenni, að nú seint og um síðir hafi komizt nokkur skriður á það að athuga um lausn þessara mála, þar sem bæði samtök iðnrekenda og iðnaðardeild Sambands ísl. samvinnufélaga hafa nú komið á hjá sér deildum, sem fyrst og fremst eiga að starfa að markaðsleit og sölu varnings þeirra á erlendum mörkuðum. En ég tel, að allt þetta hefði átt að athuga miklu betur, áður en sótt var um inngöngu Íslands í EFTA, en ekki fara nú á elleftu stundu að athuga það, hvort nokkur iðngrein í landinu sé til, sem standist snúning þessum fyrirtækjum, sem nú á að hefja samkeppni við. Og ég minni þá aftur á till., sem liggur fyrir hv. Alþingi frá mér og fleirum um eflingu iðnrekstrar. En 1. liður hennar fjallar um það að leggja fyrir Rannsóknaráð ríkisins að taka til rækilegrar athugunar og rannsóknar í samráði við Iðnaðarmálastofnun Íslands, hvaða iðngreinar geta hérlendis haft jafngóðan eða betri starfsgrundvöll en hliðstæðar iðn-

greinar hafa í nágrannalöndum Íslands. Þessi till. er ekki ný. Ég veit ekki, hvað hún er gömul. En ég veit það eitt fyrir víst, að 1960 var sams konar till. flutt hér á hv. Alþ. af þáv. þm. Karli Kristjánssyni o. fl. Ég held, að það væri betur ástatt um athugun þessara mála og meiri líkur á því, að við gætum gert heppilega samninga við þau lönd, sem við viljum nú umfram allt tengjast margir hverjir, ef þessi athugun hefði legið fyrir, ef við vissum raunverulega, að við hefðum eitthvað upp úr því að ganga í Fríverzlunarbandalagið, en ekki bara vonuðum það, eins og mér virðist því miður, að sé undirstaðan hjá mörgum þeim, sem hæst og mest beita sér fyrir því, að þessi leið verði farin.

Ég skal svo ekki gera að umtalsefni fleiri af till. atvinnumálanefndar Reykjavíkur. Það voru einar 5–6 aðrar. Þær voru meira almenns eðlis, það er í formi áskorana og annað slíkt. Ein þeirra var þó um það að leita samninga við samgmrn. og vegamálayfirvöldin um byggingu brúar yfir Elliðaár og auka atvinnu við byggingarframkvæmdir m. a. með því. Ég held nú, þó að það komi þessu máli kannske ekki mikið við, efnahagsráðstöfunum ríkisstj., þá sé vegagerð yfir Elliðaárnar eitt brýnasta almannavarnamál allra þeirra, sem í Reykjavík búa og dvelja, hv. alþm. ekkert síður en annarra, því að það er vitanlega alveg fráleitt, að samgöngurnar við nesin hérna séu háðar því, að þessi eina hálfónýta brú standist áhlaup vatns og íss, enda munaði minnstu, að illa færi fyrir um það bil 1½ ári – eða var það ekki bara fyrir einu ári? Mig minnir það nú.

Ég skal svo ekki hafa þessi orð fleiri. Ég hef bent hér á nokkur þeirra atriða, sem við framsóknarmenn teljum, að hafa beri að leiðarljósi, þegar efnahagsmálastefnan er mörkuð. Í meðalárferði og þegar þröngt er í búi, verður stjórnleysi í gjaldeyrismálum og fjárfestingarmálum enn þá tilfinnanlegra en það annars er. Menn taka ekki eins eftir því, þegar nóg er til alls, þó að ýmislegt fari úrskeiðis í stjórnmálabaráttunni. En ég held, að við þurfum að breyta hér til og taka upp ýmislegt af því, sem ég hef hér nefnt og annað, sem liggur fyrir í formi frv. og till. frá okkur framsóknarmönnum, og það er bjargföst skoðun mín og hefur ekki breytzt í þessum umr. enn sem komið er a. m. k., að ef þessum ráðum hefði verið beitt, þá væri málefnum þjóðarinnar betur borgið en nú er.

Benedikt Gröndal: Herra forseti. Þessar umr. hófust á því, að hæstv. forsrh. gaf ítarlega og glögga skýrslu um efnahag þjóðarinnar og þá erfiðleika, sem að henni hafa steðjað undanfarið. Skýrsla þessi var gefin samkv. ósk stjórnarandstöðunnar, og fólust í henni nýjustu upplýsingar, sem sérfræðingar þjóðarinnar hafa fram að færa um þessi mál. Kjarni þess, sem fram kom í upplýsingunum og forsrh. lagði áherzlu á, var, að þjóðarframleiðslan hafi á örfáum síðustu árum lækkað um rúmlega 17%, aflabrögð hafi farið stórminnkandi, alveg sérstaklega síldaraflinn, sem var uppistaða í velmegun áranna 1964–1966, og að lokum, að verðlag á íslenzkum afurðum hafi farið lækkandi á alþjóðamörkuðum allt upp að og yfir 50%.

Nú hafa borizt þær fréttir, að gengið hafi verið frá nýjum viðskiptasamningum við Sovétríkin, en þau eru eitt af beztu viðskiptalöndum okkar og kaupa íslenzkar afurðir fyrir yfir 500 millj. kr. á ári. Hingað til hafa þessi viðskipti verið talin tryggari en á hinum frjálsa markaði, hvað verðlag snertir, en nú fylgir það fréttinni, að verð á frystum fiski, sem fer til Sovétríkjanna, muni einnig lækka, þó að nokkur hækkun verði á verði síldarafurða, sem því miður er mjög lítið af um þessar mundir. Þetta er tilefni til þess að minna okkur enn þá á þær grundvallarstaðreyndir, sem efnahagsvandræði þjóðarinnar byggjast á. Sovétríkin hafa í vaxandi mæli fylgt þróun verðlags á hinum frjálsu mörkuðum, og getum við að sjálfsögðu ekki deilt um þá stefnu. En afleiðingin er sú hin sama og áður, að nýir samningar eru gerðir fyrir vörusölu upp á ½ milljarð kr. og enn eru að koma fram verðlækkanir, eins og dunið hafa yfir okkur s. l. tvö ár eða svo.

Ég minni á þetta atriði enn einu sinni vegna þess, að ég tel það vera höfuðgalla á öllum málflutningi stjórnarandstæðinga, að þeir taka ekki fullt tillit til þessara staðreynda. Þeir segja að vísu hér og þar í ræðum sínum til þess að vera sanngjarnir í eigin augum, að þeir viðurkenni, að þjóðin hafi orðið fyrir miklum áföllum. Síðan halda þeir áfram að tala eins og þessi áföll hafi ekki dunið yfir og kenna ríkisstj. um allt það, sem gengið hefur á móti þjóðinni nú undanfarið. Ég tel, að þessi málflutningur stjórnarandstæðinga sé hættulegur. Þeir reyna að blekkja íslenzku þjóðina með því að tala þannig, að heildarmyndin af málflutningnum gefur til kynna, að ríkisstj. og stjórnarstefnan beri meginábyrgð á því, sem komið hefur fyrir. Ég tel, að stjórnarandstæðingar séu einnig að blekkja sjálfa sig með þessum áróðri. Reynslan sýnir okkur, að stjórnmálamönnum hættir til að trúa sínum eigin áróðri. Og það getur verið, að þessi málflutningur, sem stjórnarandstöðuflokkarnir hafa valið sér – að leggja svo mikla áherzlu á stjórnarstefnuna, en taka svo lítið tillit til afla og verðlags, – reyndist þeim hættulegur, ef þeim yrði að óskum sínum um að taka við stjórn landsins. Ég er hræddur um, að þá mundu þeir skyndilega breyta um tón. Þá mundu þeir skyndilega tala öðruvísi við þjóðina en þeir gera í dag.

Við höfum ýmis dæmi fyrir okkur, sem koma fram í hugann, þegar hlustað er á ræður eins og þær, sem fluttar hafa verið bæði í dag og við fyrri hluta þessarar umr. Ef við tökum Framsfl., þá er þetta ekki í fyrsta skipti, sem hann hefur haldið uppi hörðum kröfum um, að ríkisstj. fari frá, þegar Framsfl. hefur verið í andstöðu. Hvernig var það veturinn 1950? Var þá ekki meginkrafa Framsfl., að ríkisstj., sem leyfði sér að flytja frv. um gengislækkun, færi frá? Í það skiptið tókst að koma ríkisstj. frá. En hvað gerðist? Framsfl. tók saman höndum við flokkinn, sem hafði staðið að þeirri ríkisstj. Strax og framsóknarmenn voru komnir í stólana, gerðu þeir það sama, sem þeir höfðu fordæmt nokkrum dögum áður. Þá tóku þeir upp stefnu þeirrar ríkisstj., sem þeir heimtuðu skilyrðislaust að færi frá. Þetta er að vísu 18–19 ára gamalt dæmi, en það er ein af hinum klassísku sögum úr íslenzkum stjórnmálum, sem menn ekki geta gleymt, enda eru sömu menn við völd í þingflokki framsóknarmanna í dag og voru þá.

Hvernig er það með Alþb.? Það hefur átt aðild að ríkisstj., fékk hana sumarið 1956, þegar vinstri stjórnin var mynduð. Þá voru líka efnahagsörðugleikar, að vísu

ekki líkt því eins miklir og við höfum átt við að glíma nú undanfarin tvö ár. En hvað var það fyrsta, sem þessi nýja ríkisstj. gerði með þátttöku Alþb.? Það voru ráðstafanir til þess, að launþegar skyldu fórna nokkrum vísitölustigum. Það var fyrsta bjargráðið, sem Alþb. kom auga á, þegar það fékk valdaaðstöðu. Og ef menn vildu þreyta þá þm., sem nenna að sitja hér í salnum og hlusta á þessar umr., með löngum upplestrum, þá væri enginn vandi að fletta þingtíðindunum og sýna dæmin úr ræðum Alþb.-þm. frá þessu hausti, þegar þing kom saman, þar sem þeir beinlínis telja alþýðu landsins trú um, að það sé hennar hagsmunamál að gefa eftir hluta af vísitöluuppbótum. En það er annar tónninn í þessum flokki, þegar hann er í algerri stjórnarandstöðu, og í dag fylgir hann ólíkri stefnu þeirri, sem hann greip til, þegar hann komst til valda fyrir fáum árum. Nei, það er varhugavert af stjórnarandstöðunni að gera lítið úr þeim erfiðleikum, sem dunið hafa á þjóðinni vegna aflaleysis og lækkandi afurðaverðs, en gera svo mikið úr því, að stefna ríkisstj. eigi sök á erfiðleikunum.

Hv. stjórnarandstæðingar hafa bent á nokkur meginatriði, sem þeir telja, að hafi verið röng í stefnu stjórnarinnar. Það má deila um þessi atriði hvert og eitt. Sum þeirra eru stór stefnuatriði og verður sjálfsagt ekki samkomulag um þau. Önnur eru smærri atriði, eins og að leiðrétta tryggingakerfi bátanna eða jafnvel gera vaxtabreytingar, sem geta ráðizt eftir aðstæðum, eru raunar mál, sem ólíklegt er, að langvarandi ósamkomulag þurfi að vera um.

En við skulum athuga tvö meginatriði í málflutningi stjórnarandstæðinga. Þeir halda því fram, að ríkisstj. hafi svikizt um að koma á einhvers konar innflutningshöftum eða stjórn á innflutningnum, eins og þeir orða það. Vegna þess að ekki hafi verið stjórn á innflutningnum, sé ástandið orðið eins alvarlegt í gjaldeyris- og viðskiptamálum og raun ber vitni. Stjórnarflokkarnir hafa haldið fram, að þetta sé alröng túlkun og ástandið í gjaldeyrismálunum mundi án efa vera mjög svipað því, sem það er í dag, ef ekki nákvæmlega eins, þó að hér hefðu verið höft svipuð því, sem við þekkjum svo vel af reynslu. En ef menn vilja taka nokkurt tillit til fenginnar reynslu, verða þeir að viðurkenna, að fullkomin innflutningshöft, sem við höfðum fyrr á árum, dugðu ekki til að tryggja þjóðinni greiðslujöfnuð, þó að við hefðum svo að segja alvaldar n., sem skömmtuðu hvern eyri af gjaldeyri. Þær gátu samt sem áður ekki tryggt greiðslujöfnuð. Þetta tókst ekki á árunum fyrir stríðið, það tókst ekki á árunum eftir stríðið og það tókst ekki á árunum 1950–60.

Menn gagnrýna það, að flutt sé inn mikið af óþarfa vöru. Það er nokkuð til í því. Samkvæmt því verzlunarfrelsi, sem ríkt hefur, hefur verið hægt að flytja inn óþarfavöru, ef einhver hefur viljað kaupa hana hér heima. En við skulum ekki gleyma því, að þegar við höfðum fullkomin innflutningshöft og alvaldar n. á þessu sviði, þá var líka fluttur inn óþarfi. Ef þeir menn, sem skemmta sér bezt við að tala um tertubotna, muna nokkur ár aftur í tímann, hljóta þeir að hafa heyrt glerkýr nefndar, því að á haftatímabilinu var nákvæmlega sams konar gagnrýni uppi um allt land. Af hverju erum við að flytja inn ýmiss konar óþarfa, spurðu menn, þegar við höfum takmarkaðan gjaldeyri? Hvernig stendur á því, að n. við Skólavörðustíginn, sem getur ráðið þessu, leyfir, að inn eru fluttar glerkýr og annað slíkt? Á þessu var skýring. Hún var sú, að ríkissjóður þurfti að fá tolltekjur, og það varð þess vegna að flytja inn svo og svo mikið magn af þeirri lúxusvöru, sem var í hæsta tollaflokki og líklegt var talið að fólk mundi kaupa. Þess vegna leyfi ég mér að fullyrða, að jafnvel alvöld n. við Skólavörðustíg hefði ekki forðað íslenzku þjóðinni frá tertubotnunum. Innflutningur á ýmissi óþarfa- og lúxusvöru tíðkaðist, þegar innflutningshöft voru í almætti, og er því ekki við því að búast, að hann legðist alveg niður, þegar innflutningurinn var að verulegu leyti gefinn frjáls.

Að mörgu leyti er sömu sögu að segja um stjórn á fjárfestingu. Ríkisstj. hefur verið gagnrýnd mjög fyrir það, að undanfarin ár hafi verið óeðlileg og oft óhagkvæm fjárfesting. Nú skal ég játa það, að þetta er að nokkru leyti rétt. Íslendingar hafa sett fé á óhyggilegan hátt í fyrirtæki, sem hafa gefið slæma raun. En eru nokkrar líkur til þess, að við hefðum forðazt þessi mistök, sem því miður eru alltof algeng hjá okkur, þó að við hefðum haft opinbert fjárfestingareftirlit? Við höfðum þetta eftirlit allt fram undir 1960 að einhverju leyti, þó það færi minnkandi. Reynslan sýndi, að fjárfestingareftirlitið réð ekki heildarmagni fjárfestingar, en gat stundum haft örlítil áhrif á flokkun fjárfestingar. Hins vegar skulum við minnast þess, að það var á þessu fjárfestingarhaftatímabili, sem við byggðum upp svo að segja tvöfalt kerfi frystihúsanna um allt land, sem nú er svo mjög gagnrýnt. Fátt af þessum húsum hefur orðið til á allra síðustu árunum, þegar fjárfestingin hefur verið að miklu meira leyti frjáls. Ég vil minna á það, að meðan fjárfestingin var háð verulegum höftum, þá var reist hin fræga glerverksmiðja, einhver mestu mistök í iðnaðaruppbyggingu, sem hér hafa orðið. Þá voru gerðar framkvæmdir eins og Örfiriseyjarverksmiðja og Hæringur, sem árum saman voru notuð sem tákn um vanhugsaða eða misheppnaða fjárfestingu. Þannig gæti ég lengi talið til sönnunar því, að það eru engar líkur á, að opinbert eftirlit með fjárfestingu hefði forðað okkur frá skyssum eins og t. d. þeim síldarverksmiðjum, sem byggðar voru eftir að síldin var gengin hjá og hafa engin verkefni fengið.

Ég skal játa, að við eigum mikið eftir að læra í fjárfestingarmálum. Við verðum að losna við þá pólitísku ásókn, sem virðist vera jafnsterk á banka- og lánastofnanir til þess að koma vissum fyrirtækjum upp og hún var, þegar til n. varð að sækja um leyfi. Ég skal játa, að þær stofnanir, bankar og sjóðir, sem lána fé til fjárfestingar, þurfa að hafa miklu betra eftirlit með þeim fyrirtækjum, sem lánað er til, og gera miklu strangari kröfur um, að þeir, sem fá sparifé landsmanna til uppbyggingar á fyrirtækjum, geti sýnt fram á, að fyrirtækin séu nægilega vel undirbúin, að þeir hafi það eigið fé, sem lofað er o. s. frv. En að ástand þjóðarinnar mundi vera að verulegu leyti betra, þó við hefðum haft fjárfestingareftirlit undanfarin ár, það get ég ekki viðurkennt. Ég tel mikinn misskilning að reyna að telja almenningi trú um, að það séu slíkar ástæður, sem valda vandræðum okkar, en ekki minnkandi afli eða lækkandi verð á afurðum.

Þannig mætti telja fleiri af þeim málum, sem

stjórnarandstaðan teflir fram, og eru þau, sem á eftir koma, öll minni í vöfum heldur en þau, sem ég hef nefnt, og hafa þar af leiðandi minni þýðingu. Ég tel því auðvelt að sýna fram á, að þau mál, sem stjórnarandstaðan teflir fram og telur ríkisstj. til ávirðingar, hefðu ekki ráðið úrslitum. Önnur meðferð þeirra hefði ekki getað hindrað, að þau vandræði skyllu yfir, sem við eigum nú við að glíma. Þetta er kjarni málsins. Af þeim sökum vil ég endurtaka, að ég tel mjög varhugavert fyrir stjórnarandstöðufl. að leggja slíka megináherzlu á það í áróðri sínum að telja þjóðinni trú um, að ríkisstj. beri alla sök á þessum vandræðum, en aðrar utanaðkomandi aðstæður litla sem enga.

Í umr. um efnahagsmál undanfarna daga hafa komið fram tvö sjónarmið, sem menn gjarnan staðnæmast við. Einn af ræðumönnum framsóknarmanna hélt því fram, að ráðh. núv. ríkisstj. væru beztu menn, sem vildu vel, en væru svo ófærir til starfa sinna, að þeim hefði misheppnazt stjórn landsins og þeir hafi óviljandi leitt þjóðina út í hinar mestu ógöngur. Þetta er ákaflega furðuleg kenning. Þegar menn, sem halda þessu fram, krefjast, að ríkisstj. fari frá til að geta sjálfir tekið við af henni, þá er ekki hægt að draga aðra ályktun en þeir telji þann mannakost, sem stjórnarandstaðan hefur á þingi, standa ráðh. og forustumönnum stjórnarfl. svo mjög framar að öllu leyti, að það gæti bjargað þjóðinni. Ég efast um, að nokkur hugsandi maður mundi skrifa undir þessa kenningu, ef hann áttaði sig á því, hvert hún leiðir.

Annar ræðumaður kom fram, kommúnisti, og hélt fram kenningu, sem er ákaflega kommúnistísk. Hann hélt því fram, að ráðh. vissu mætavel, hvað þeir væru að gera. Þeir væru vísvitandi að flytja 2–3 þús. millj. kr. til í þjóðfélaginu, frá hinum vinnandi launþegum til einhverra annarra. Þarna er verið að taka núverandi efnahagsvandræði íslenzku þjóðarinnar og hnoða þau til, eins og þegar menn búa til mynd úr leir, til þess að láta myndina falla inn í heildarkenningu kommúnismans um þjóðfélagslega þróun. Það eru hinir vondu kapítalistar, sem ráða öllu hér vestan tjalds og eru að beita völdum sínum til þess að kreista blóðið úr saklausri alþýðunni. Þessar kenningar þekkjum við vel. Það vill svo til, að talan, sem þessi ræðumaður nefndi að væri verið að stela frá vinnandi fólki í landinu, 2–3 þús. millj., eru nálægt því að vera sama upphæð sem gjaldeyristekjur okkar af útflutningsframleiðslu hafa lækkað frá beztu árunum, til dæmis frá 1965 og fram til 1968. Það er ekki tilviljun, að maðurinn fær út úr gengislækkunardæminu svipaða tölu og þá, sem Hagtíðindi, er liggja á borðum þm., sýna okkur svart á hvítu, að er það fé, sem við höfum tapað vegna minnkandi sjávarafla og lækkandi verðlags, og þar af leiðandi er það fé, sem vantar inn í ríkisbú okkar.

Það er þetta tap, sem veldur vandræðunum. En svona er farið að. Efnahagsvandræði, sem eru augljós og má lesa út úr óvefengjanlegum skýrslum, eru ýmist teygð í þá furðukenningu, að landinu sé stjórnað af skussum, sem vita ekki, hvað þeir eru að gera, eða í þá kommúnistísku kenningu, að landinu sé stjórnað af ræningjum, sem séu að flytja nokkra milljarða til á milli landsmanna. Ég tel, að báðar þessar kenningar séu ómerkar og til þess eins gerðar að draga athygli þjóðarinnar frá staðreyndum málsins. Ég ítreka það, að hv. stjórnarandstæðingar munu iðrast þess að hafa talað þannig. Ef það á fyrir þeim að liggja að taka við stjórn landsins, mun fara eins fyrir þeim og fór fyrir framsóknarmönnum veturinn 1950, þegar þeir voru búnir að koma minnihlutaríkisstj. frá og það fyrsta, sem þeir gerðu, þegar þeir komust í stólana, var að taka upp sömu stefnu og ríkisstj. hafði fyrr. Það er hætt við, að það færi alveg eins fyrir Alþb. og fór fyrir því 1956, þegar það komst til valda. Það varð að byrja á að gera það, sem verkalýðsflokkum er verst við af öllu að þurfa að gera, að taka vísitöluuppbætur af launþegunum.

Hv. 11. þm. Reykv. hefur nýlokið langri og mikilli ræðu og kom víða við, en engin ástæða er til að tína margt til úr máli hans. Þó vildi ég drepa á 2–3 atriði. Hann byrjaði á því að ráðast á viðskmrh. og halda því fram, að ráðh. hefði sagt í ræðu sinni um daginn, að viðreisnarstefnan hefði yfirburði yfir allar aðrar efnahagsstefnur í austri og vestri. Mér kemur ræða ráðh. þannig til hugar, að hann hafi í þetta skipti, eins og svo oft fyrr og síðar í ræðum um efnahagsmál, reynt að sýna fram á, að viðreisnarstefnan hafi verið og sé, sama stefna sem fylgt er í aðalatriðum í öllum nágrannalöndum okkar, þar sem efnahagskerfið er nokkurn veginn frjálst. Það er mikill munur á þessu. Ráðh. hefur hvað eftir annað reynt að sýna fram á, að grundvallaratriðin í stefnu núv. ríkisstj. síðan 1960 hafi verið hin sömu sem fylgt er t. d. í nálega öllum löndum Vestur-Evrópu, og er þá sama, hvort það eru lönd, sem sósíaldemókratar hafa stjórnað um áratugi, eða lönd, sem miðflokkar eða hægri flokkar stjórna. Hvað grundvallaratriðin snertir, eru megineinkennin hin sömu, þó að áherzlumunur sé nokkur. Hæstv. ráðh. hefur líka reynt að sýna fram á, hvað eftir annað, að sú stefna, sem stjórnarandstæðingar boða, að krefjast innflutningshafta og fjárfestingarhafta, er stefna, sem aðrar þjóðir fylgdu í lok síðasta heimsófriðar og nokkur ár þar á eftir, en hafa, að ég hygg undantekningarlaust, allar horfið frá. Þess vegna sé það spor aftur á bak að boða íslenzku þjóðinni, að hún eigi að hverfa til þessarar stefnu á nýjan leik.

Hv. þm. réðst harkalega á ríkisstj., eins og raunar flokksmenn hans allir gera, fyrir þá verðbólguþróun, sem verið hefur undanfarin ár, og þá staðreynd, að ríkisstj. hefur ekki getað ráðið við verðbólguna. En hafa hv. framsóknarmenn með stefnu sinni undanfarin ár barizt fyrir því, að spyrnt væri fæti gegn verðbólgunni? Hafa þeir ekki, framsóknarmenn, ár eftir ár heimtað hærra búvöruverð, hærri álagningu, frjálsa álagningu? Hafa ekki framsóknarmenn heimtað stóraukin útlán á öllum sviðum? Hafa þeir ekki heimtað hærra kaupgjald við hvert tækifæri? Hafa þeir ekki heimtað stóraukin ríkisútgjöld og hafa þeir ekki heimtað stórauknar framkvæmdir á öllum sviðum? Þetta eru allt góð málefni, ef hægt er að framkvæma þau. En getur nokkur heilvita stjórnmálamaður sagt, að þetta sé barátta gegn verðbólgu? Getur nokkur maður annað en játað, að öll þessi atriði, þegar þau eru tekin saman í heild, séu eins og olía á eld verðbólgunnar? Ef stjórn landsins hefði farið eftir þessum kröfum framsóknarmanna um að hækka verðlag á öllum afurðum, um að hækka laun og álagningu við hvert tækifæri, um að stórauka útlán á

öllum sviðum, um að stórauka opinberar framkvæmdir og aðrar framkvæmdir, ef allt þetta hefði verið gert undanfarin ár, þá hefði verðbólgan hér á landi aukizt stórkostlega. Allt eru þetta liðir í því, sem við köllum verðbólgu, þegar afleiðingar þess verða þær, sem verið hefur undanfarið. Það er því furðulegt, að framsóknarmenn skuli leyfa sér að standa upp og ráðast á ríkisstj. fyrir verðbólguþróun undanfarinna ára, þegar það er skjalfast, að þeir hafa sjálfir krafizt aftur og aftur á öllum sviðum ráðstafana, sem hefðu magnað þessa verðbólgu, en ekki dregið úr henni.

Þá mátti heyra á verulegum hluta af ræðu hv. 11. þm. Reykv., að honum er hvað mest áhugamál, að gáttir Seðlabankans verði opnaðar til fulls og þaðan streymi stórum meira fé en streymt hefur út í gegnum bankakerfið og út til þjóðarinnar. Slík stefna í peninga- og lánamálum er auðvitað ekki til þess fallin að draga úr verðbólgu. Hún er beinlínis til þess fallin að auka verðbólgu. Og ástæðan til þess, að Seðlabankinn og ríkisstj. hafa ekki veitt miklu meira fé út í efnahagslífið undanfarin ár og allt til þessa dags, er ekki mannvonzka, heldur óttinn við, að stóraukin útlán muni enn auka verðbólguna.

Því hefur verið haldið fram af stjórnarfl., að þegar spenna sé mikil í efnahagslífinu, verði að halda fastar um öll þessi atriði, sem ég taldi, en hins vegar sé ástæða til að slaka á, þegar á móti blæs, atvinnan minnkar og framleiðslan minnkar. Þetta hefur ríkisstj. gert og er að gera, enda þótt stjórnarandstæðingum þyki hún ekki gera nóg. Hv. þm. játaði, að Seðlabankinn hefði létt fyrir viðskiptabönkunum. Ríkisstj. hefur aukið eða fengið Seðlabankann til að auka útlán til íbúðabygginga um 100 millj. kr. Ríkisstj. tilkynnti strax samtímis gengislækkuninni breytingar á almannatryggingum, sem þýða það, að nú á næstunni verður byrjað að dæla út í efnahagskerfið upp undir 200 millj. kr. Þar eru 15–20 þúsund launþegar, sem munu fá verulega vernd gegn þeim erfiðleikum, sem þjóðarheildin á við að stríða. Ríkisstj. hefur lofað og er að byrja að undirbúa 300 millj. kr. lánveitingar til atvinnuaukningar, og mætti þannig lengi telja. Þessi stefna er í framkvæmd að svo miklu leyti sem unnt er í dag.

Hv. 11. þm. Reykv. var önugur út í Fríverzlunarbandalagið, EFTA, og hafði allt á hornum sér varðandi hugsanlega afstöðu Íslendinga til þess. Ég vil þó minna á, að Alþ. hefur samþ. að kanna, með hvaða kjörum við kynnum að geta gengið í EFTA og ákvörðun um að ganga í þetta bandalag verður ekki tekin fyrr en þær upplýsingar liggja fyrir. Hann talaði um, að íslenzkur iðnaður þyrfti að búa sig undir útflutning, og ég get verið honum sammála um það, að sá undirbúningur hefði mátt vera meiri undanfarin ár. En sá undirbúningur er á vegum iðnrekenda- og samvinnusamtakanna, og er því ekki nema að takmörkuðu leyti við ríkisstj. að sakast um það. En hann talaði um, að nú væri runnin upp ellefta stund iðnaðarins. Það er of djúpt í árinni tekið, vegna þess að gengjum við í EFTA um næstu áramót, þá eru í dag upp undir 11 ár, þangað til við yrðum búnir að létta af þeim tollum, sem við mundum létta af í sambandi við inngöngu í EFTA, ef kröfu ríkisstj. verður framfylgt. Þar er reiknað með því, að við fáum 10 ára aðlögunartímabil varðandi þau tollahlunnindi, sem við mundum þurfa að veita, en það eru þau, sem snerta iðnaðinn. Það er því talað þarna um 10 ára aðlögunartímabil, svo að enn er ekki öll von úti.

Hv. þm. sagði, að við þyrftum að vita, hvað við hefðum upp úr þátttöku, en ekki að lifa í voninni einni. Auðvitað eru allir þessu sammála. Það hefur ekki hvarflað að nokkrum manni, að við færum að ganga í þetta bandalag án þess að vita nákvæmlega, hvað við höfum upp úr því og hvað við þurfum að leggja fram á móti. Til þess eru þær athugunarviðræður, sem nú standa yfir, og ég get fullvissað hv. þm. um, að ákvörðun um inngöngu í EFTA, sem raunar verður ekki tekin annars staðar en hér á Alþ., verður ábyggilega ekki tekin án þess að við vitum í fyrsta lagi, hvað við fáum, og það geri okkur hugsanlegu þátttöku hagkvæma. Ég held, að það ætli sér enginn að ganga inn í þetta bandalag, hvað sem það kostar, heldur því aðeins að fyrir því séu yfirgnæfandi líkur og að verulegu leyti vissa, að það muni styrkja okkar hag efnahagslega.

Það hefur mikið verið deilt á ríkisstj. fyrir þær gengislækkanir, sem hafa verið óhjákvæmileg afleiðing af stórminnkandi aflabrögðum og lækkandi verðlagi á afurðum nú á nokkrum síðustu árum. Gengislækkanirnar hafa því ekki verið að frumkvæði ríkisstj., heldur óhjákvæmileg viðbrögð við atburðum, sem gerzt hafa og komið hafa utan að frá. Ríkisstj. gerði nokkrar hliðarráðstafanir þegar með gengislækkuninni, og vil ég telja þar til fyrst 200 millj. kr. aukningu á almannatryggingum. Ríkisstj. gerði það lýðum ljóst, sem það vildu vita, að hún hugsaði sér að taka upp viðræður og samstarf við launþegasamtökin og gera hliðarráðstafanir að eins miklu leyti og unnt er í samvinnu við þau. Nú má segja, að það sé einkennilegt, að ríkisstj. ætli að gera hliðarráðstafanir í samvinnu við þessi einu samtök, en við skulum gera okkur ljóst, hver tilgangurinn er. Hann er að reyna að auka líkur á vinnufriði, og möguleikar þjóðarinnar til að hafa fullt gagn af þeim ráðstöfunum, sem nauðsynlegt hefur verið að gera, byggjast að verulegu leyti á að það takist að halda vinnufriði. Þess vegna er þessi stefna ríkisstj. eðlileg.

Hv. framsóknarmenn eru duglegir við að flytja till., en þeim hættir til að halda, að þegar þeir eru búnir að setja einhverja hugmynd á blað og fá það prentað í Gutenberg með númeri þskj., þá séu þeir orðnir höfundar að því máli. Í sambandi við till. þeirra með fjárlögum um, að 300 millj. skuli veita til atvinnuaukningar, þá er að sjálfsögðu rétt að benda á, að sú till. er engin sönnun fyrir því, að þeir hafi fundið upp þá hugmynd, að ríkisvaldið geti veitt fé til þess að auka atvinnu. Þó að þeirri till. væri ekki tekið betur á þeim stað, þýðir það ekki, að ríkisstj. hafi þar með hafnað því, að hið opinbera geti lagt fé til atvinnuaukningar. Till. er góðra gjalda verð og vafalaust vel hugsuð, en það var ætlun ríkisstj., eins og þegar hafði verið yfir lýst, að reyna að leysa þessi mál í samvinnu við verkalýðshreyfinguna, og viðræður um það voru að hefjast fyrir hátíðir. Áætlunin um atvinnunefndir og nýjar 300 millj. er til orðin upp úr því samstarfi. Ríkisstj. leggur mikið upp úr því, að þessar ráðstafanir verði gerðar í samstarfi við launþegasamtökin. Það er þess vegna, sem hún gerir þetta eftir viðræður við Alþýðusambandið í jan., en lét

hjá líða að samþ. till., sem framsóknarmenn fluttu rétt fyrir jólin. Þetta er fullkomlega eðlileg skýring.

Síðasti ræðumaður lét í ljós þá ágætu hugmynd, að Íslendingar ættu að mæta þeim erfiðleikum, sem að steðja, með því að leita sameiginlegra ráða, og ég vil taka mjög undir það. Það er í raun og veru þjóðarharmleikur, þegar slíka erfiðleika ber að garði, að þá skuli magnast sundrung og stéttaátök í landinu, en þjóðin ekki bera gæfu til þess að sameinast í átökum gegn þeim erfiðleikum, sem við er að etja. Að þessu leyti er ég sammála hv. þm. En ef við tökum aftur upp hinn pólitíska þráð, þá er það trú okkar stjórnarsinna, að ríkisstj. hafi með þeim viðræðum, sem hún stofnaði til s. l. haust, rétt út höndina og skapað möguleika fyrir því að mynda pólitíska samstöðu um þessa baráttu. Við lítum svo á, að viðræðurnar hafi leitt í ljós, að samstaða væri ekki fyrir hendi. Stjórnarandstæðingar virtust ekki reiðubúnir að ganga inn í samsteypustjórn til að mæta þessum erfiðleikum, og þeir, sem tóku fyrir flokkana þátt í þessum umr., komu sér þegjandi og með ágætum saman um, að það væri ekki grundvöllur undir því samstarfi, sem þeir ætluðu að tala um. Þetta er veigamikil pólitísk staðreynd, og við lítum þannig á, að það sem á eftir kom, verði að skoðast í ljósi þess, að alvarleg tilraun til þess að skapa sameiningu allra stjórnmálaflokkanna tókst ekki. Eftir að sú tilraun fór út um þúfur, var ekki annað fyrir stjórnarflokkana að gera en að leggja til atlögu við örðugleikana eða hlaupa af hólmi. Stjórnarflokkarnir gerðu það, sem þeir urðu að gera. Þeir lögðu til atlögu við erfiðleikana og hafa síðan gert margar ráðstafanir, sem eru öllum stjórnmálamönnum og stjórnmálaflokkum ógeðfelldar, af því að þær eru erfiðar og hljóta að verða óvinsælar. En það varð að gera þær, og stjórnarflokkarnir tóku á sig þá ábyrgð, sem því fylgir, og verða að standa eða falla með henni.

Það er mikið talað um, að útflutningur nokkurra tuga manna til Ástralíu sé slæmt merki um ástandið á Íslandi, og má vel vera, að svo sé. Í þessum efnum hefur aðstaða okkar jafnan verið betri en aðstaða flestra annarra landa, því að það er talið eðlilegt í nágrannalöndum okkar, að eitthvað af fólki fari jafnan í burtu. Hér hefur það jafnan verið talið til stórtíðinda, ef alþýðufólk tekur sig upp og fer til útlanda, en það gegnir öðru máli, ef það eru háskólamenntaðir menn, sem þjóðin hefur eytt mörgum hundruðum þús. kr. í að skóla. Það þykir sjálfsagt, að tugir þeirra fari úr landi. Ég skal ekki draga úr því, að þetta sé óheppileg þróun fyrir okkur, og ég vil láta í ljós von um það, að hún verði ekki langlíf. En ég tel ástæðulaust að draga af þessu þá ályktun, að þjóðin sé að fyllast vantrú. Sérstaklega tel ég ástæðulaust að halda fram, að þetta stafi af sérstakri vantrú á stjórnarflokkunum og leiðtogum þeirra. Ef um einhverja slíka vantrú er að ræða – þjóðin er jafnan gagnrýnin, þegar á móti blæs, það þekkjum við, menn eru hvassyrtir í garð þeirra, sem stjórna, þegar erfiðleika ber að höndum, það þekkjum við líka – en ef um raunverulega vantrú er að ræða á leiðtogum þjóðarinnar, þá vil ég leyfa mér að fullyrða, að trúin á stjórnarandstæðingum og leiðtogum þeirra sé sízt meiri en á aðra. Ef þeir halda það sjálfir, að þeir njóti trausts eða trúar, en stjórnarflokkarnir njóti vantrúar, þá vaða þeir villu og reyk.

Ég vil að lokum enn láta í ljós þá von mína, að þótt ekki tækist s. l. haust að skapa sameiginlega afstöðu flokkanna til að ráðast gegn erfiðleikunum, þá muni þjóðinni samt auðnast að yfirvinna sundrungardrauginn og standa í grundvallaratriðum saman um það, sem hún verður nú að gera, sem er að auka framleiðslu, auka útflutning, endurbæta atvinnuvegi og styrkja þannig fjárhag sinn, svo að við komumst yfir erfiðleika þessara ára og getum á ný sótt fram til betri lífskjara og betra lífs.

Geir Gunnarsson: Herra forseti. Hv. síðasti ræðumaður, Benedikt Gröndal, minntist hér áðan á þá kenningu hv. 6. þm. Reykv., Magnúsar Kjartanssonar, að ríkisstj. hafi með síðustu gengislækkun verið að flytja 3000 millj. kr. frá verkalýðnum til atvinnurekenda og lagði áherzlu á það, að það vildi svo til, að þetta væri einmitt sú tala, sem þjóðarbúið vantaði, miðað við gósenárin mestu, og skildist mér, að í því ætti að felast, að slík tilfærsla væri eðlileg og óhjákvæmileg. En heldur hæstv. ræðumaður, að verkafólk á Íslandi hafi engri kjaraskerðingu orðið fyrir annarri en þeirri, sem felst í áhrifum af síðustu gengislækkun. Er honum ekki ljóst, að verkafólk var búið að taka á sig stórfelldar kjaraskerðingar, áður en síðasta gengislækkun var framkvæmd, vegna minnkandi atvinnu og hækkaðs vöruverðs? Þó að hv. Alþfl.-þm. hafi e. t. v. ekki orðið var þessara kjaraskerðinga, sem verkafólk hefur tekið á sig auk áhrifanna af síðustu gengislækkun, þá hafa þær því miður ekki farið fram hjá alþýðuheimilunum í landinu.

Þegar rætt er um þau efnahagsvandamál, það geigvænlega atvinnuleysi, sem nú er við að etja, eftir að gjaldeyristekjur hafa dregizt saman og við búum nú við eðlilega meðaltalsveiði og meðaltalsafurðaverð, og það kemur óhjákvæmilega upp í huga hvers manns, hve illa var með gjaldeyrinn farið undanfarin ár, þá er það algengasta viðkvæði stuðningsmanna ríkisstj., að það sé auðvelt að vera vitur eftir á. En þá er þess að gæta í fyrsta lagi, að þess sjást enn alls engin merki, að ríkisstj.-flokkarnir hafi öðlazt vizkuna, ekki einu sinni eftir á, þó að það ætti samkvæmt hinu gamla orðtaki ekki aðeins að vera auðvelt, heldur sjálfsagt og lágmarkskrafa til ábyrgra aðila. Ekkert bendir til þess, að stjórnarflokkarnir læri af reynslunni. Ekkert bendir til þess, að þeir dragi lærdóma af árangrinum af gjaldeyrissóuninni, stjórnleysinu í fjárfestingarframkvæmdum undanfarin veltiár, heldur er þeirri stefnu, sem leiddi til ófarnaðarins, til atvinnuleysisins og til hruns veigamikilla þátta atvinnulífsins, haldið áfram í þrjózku og blindni.

Í öðru lagi er þess að gæta, að í þeirri afsökun stuðningsmanna stjórnarfl., að það sé auðvelt að vera vitur eftir á, á það að felast, að engir hafi orðið til þess að benda á hættuna í tíma. Engir hafi í vímu hins einstæða gjaldeyrismoksturs af völdum metafla og metverðlags afurðanna bent á, að betur yrði að nýta verðmætin en gert var, betur yrði að tryggja undirstöðuatvinnuvegina en ríkisstj. fékkst til að gera. Þetta er að sjálfsögðu alrangt. Fulltrúar Alþb. hafa ekki aðeins sýnt fram á eftir á, hver eru óhjákvæmileg áhrif stjórnarstefnu sem þeirrar, sem viðreisnarstjórnin hefur

einskorðað sig við, en þar sýnir árangurinn sig bezt sjálfur. Atvinnuleysi og hrun framleiðslugreina er órækur vitnisburður um árangur viðreisnarstefnunnar. En einmitt þegar gjaldeyrisausturinn var sem mestur vegna aflahlaupa og verðhækkana á afurðum og fæsta þeirra fyrrverandi stuðningsmanna stjórnarflokkanna, sem nú sjá viðreisnarstefnuna í nýju ljósi, óraði fyrir því, sem nú blasir við, þá varaði Alþb. við því, sem hlyti að gerast, ef stefnu ríkisstj. um stjórnleysi í fjárfestingar-, innflutnings- og verðlagsmálum yrði haldið áfram.

Alþb.-menn átöldu sóunina á gjaldeyrinum, ekki aðeins sóunina í erlendar neyzluvörur, sem auðvelt var að framleiða hér á Íslandi, innflutning, sem lagði í rúst hina margvíslegu innlendu framleiðslu og svipti smám saman fjölda fólks atvinnu, sem það hafði haft um árabil, heldur deildi Alþb. einmitt á þeim árum hvað mest á hina stjórnlausu fjárfestingu, þegar gróðahvötin var ein látin um ráðstöfun gjaldeyrisins. Fulltrúar Alþb. deildu ekki aðeins á hina fráleitu sóun í verzlunarhallir og banka, heldur einnig á það stjórnleysi, sem ríkti í fjárfestingunni í sjálfum framleiðsluatvinnugreinunum. Það má t. d. minna á kassagerð Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna. Það er ekki núna fyrst sem við höldum því fram, að fráleitt sé að byggja verksmiðju fyrir milljónir kr. til þess að framleiða vöru, sem unnt er að framleiða í verksmiðju, sem fyrir er og getur annað allri þörf landsmanna fyrir vöruna og meira til. Við deildum á þá ráðstöfun strax og hún var á undirbúningsstigi. Og það var t. d. ekki sérlega vinsælt á þeim árum að finna að fjárfestingu í fiskvinnslustöðvum, en þó gerðum við Alþb.-menn það, þegar okkur var ljóst, að um var að ræða framkvæmdir, sem voru algjörlega brenndar því marki stjórnarstefnunnar að vera skipulagslausar framkvæmdir fyrir almannafé, byggðar á óraunhæfum vonum um einkagróða án alls tillits til hagsmuna þjóðfélagsins eða viðkomandi byggðarlags.

Ég skal t. d. rifja upp, hvað ég sagði eitt sinn í þessum ræðustóli, þegar framleiðsla þjóðarinnar og gjaldeyristekjur voru enn stórvaxandi og áttu enn eftir að aukast verulega. Það var löngu áður en að samdrættinum kom. Ég sagði við 2. umr. fjárlaga 2. des. 1965, með leyfi hæstv. forseta: „Og það eru ekki aðeins ónauðsynlegar framkvæmdir einar, skrifstofu- og verzlunarhúsnæði, sem byggt er í stjórnleysi og án nokkurrar heildarskipulagningar. Jafnvel fjárfesting í öðrum greinum, t. d. fiskvinnslustöðvum, er algjörlega skipulagslaus. Ég get tekið sem dæmi, að undanfarin ár hefur risið í Hafnarfirði fjöldi af fiskvinnslustöðvum, frystihúsum og öðru í einum hnapp, án þess að samtímis sé tryggt, að þær fái hráefni, og voru þó fyrir í bænum mjög afkastamiklar nýtízku fiskvinnslustöðvar, sem berjast í bökkum vegna hráefnaskorts. En þetta er einkennið í dag. Stórfelld fjárfesting í verzlunar- og skrifstofuhúsnæði og í öðru lagi algjörlega skipulagslausar þær fjárfestingar einkaaðila, sem þó eru á nauðsynlegri sviðum."

Síðan þessi orð voru mælt, eru liðin rúm 3 ár, og nú eru ávextir viðreisnarstefnunnar að falla fullþroskaðir til jarðar. Nú er atvinnuleysi í Hafnarfirði meira en nokkru sinni hefur áður þekkzt í sögu bæjarfélagsins. Þar hefur tala atvinnuleysingja náð um 330, en það svarar til þess, að um 7500 manns væru atvinnulausir í öllu landinu, ef atvinnuleysi væri jafnmikið hvarvetna annars staðar. Þótt eitthvað muni draga úr atvinnuleysinu nú, þegar róðrar eru hafnir, þá fer því fjarri, að á því verði ráðin full bót, þar sem ekki munu nema 10 bátar verða gerðir út þaðan í vetur. Þessi tala, sem ég hér nefndi, er síðan á sunnudaginn var, eftir að bátar voru farnir að róa. Þetta geigvænlega atvinnuleysi í Hafnarfirði, hið stórfelldasta, sem um getur, stafar ekki af því, að þar hafi ekki verið notað verulegt fjármagn til fjárfestingar á undanförnum árum, heldur m. a. af því, að við ráðstöfun þess fjármagns hafa ekki verið hafðir í huga heildarhagsmunir verkafólksins í bænum. Fjármagnið hefur ekki verið notað til þess að tryggja atvinnuöryggi bæjarbúa, heldur hafa þar aðrar hvatir ráðið. Í fjárfestingarframkvæmdum í Hafnarfirði hefur stefna stjórnarflokkanna kristallazt í framkvæmd, og birtist þar í einkar skýru ljósi. Sú hefur verið stefna stjórnarflokkanna undanfarin ár að láta fjármagnið sem frjálsast, þannig að þau efnahagslögmál mættu verka sem óheftust, að fjármagnið leitaði í þær atvinnugreinar og þann rekstur, sem hver einstaklingur, sem yfir fjármagni réði, gerði sér í hugarlund, að gæfi honum mestan gróðann. Þess vegna hefur verulegum hluta fjármagnsins verið varið til bankabygginga í bænum. Þar var fyrir viðreisnina einn sparisjóður í litlu og gömlu húsnæði, en nú eru þar tvö bankaútibú í nýju húsnæði og sparisjóðurinn kominn í tugmilljóna króna hús. En togaraflotinn varð á sama tíma aðeins ⅓ hluti þess, sem hann áður var, þegar sparisjóðurinn í sínu gamla húsnæði dugði bæjarbúum vel. Og vegna þess, að fyrir einstaklinga leit reikningsdæmi gróðavonarinnar þannig út, að fiskverkun væri arðvænleg, en útgerð togara og báta til bolfiskveiða hins vegar ekki, þá spruttu upp fiskvinnslustöðvar, frystihús og aðrar verkunarstöðvar eins og gorkúlur á haug, allt byggt meira og minna fyrir fjármagn úr almannasjóðum. Þegar fiskvinnslustöðvunum fjölgaði þannig á ári hverju, en bátum og togurum fækkaði að sama skapi, því að ekkert var gert af hálfu ríkisvaldsins til þess að efla þann rekstur og byggja hann upp, þá kom þar fljótlega, að það varð ekki einu sinni einn bátur að meðaltali á hverja fiskvinnslustöð í bænum. Þetta var viðreisnarstefnan í hnotskurn. Auðvitað varð ríkisvaldið samkvæmt bókvizku erlendra hagfræðikenninga að stuðla að því, að fjármagnið lenti í þeim rekstri, sem álitið var, að gæfi gróða, en flykktist úr útgerð, sem engu skilaði nema tapi.

Á almennum borgarafundi, sem verkalýðsfélögin í Hafnarfirði boðuðu til haustið 1967, lýsti ég því, eftir því sem unnt var á þeim 10 mínútum, sem ég hafði þar til umráða, hve stórhættuleg áhrif stefna ríkisstjórnarflokkanna hefði á atvinnulíf þar, atvinnuöryggi almennings í bænum og hversu þessi stefna mundi bitna verr á Hafnfirðingum en flestum landsmönnum öðrum, þar sem Hafnfirðingar byggðu afkomu sína á þeim greinum útgerðar, sem stjórnarstefnan léki verst. Nú eru þessi áhrif komin skýrar í ljós en þá var og atvinnuöryggi bæjarbúa svo komið, að hverjum bæjarbúa er nú ljóst, að engir hafa goldið eins grimmilega

afleiðinganna af stefnu stjórnarflokkanna og Hafnfirðingar.

Í bókinni Saga Hafnarfjarðar eftir Sigurð Skúlason hefst kaflinn um atvinnulíf með þeim orðum, sem ég nú skal lesa með leyfi hv. forseta: „Frá því um aldamót hafa fiskveiðar ekki einungis verið meginatvinnuvegur Hafnfirðinga, heldur einnig sú starfsemi, sem skapað hefur vöxt bæjarins og verið undirstaða annarra atvinnuvega þar.“ Þessi orð voru rituð árið 1933, og á því tímabili, sem þau greina frá og jafnan síðan, hafa Hafnfirðingar gert sér ljós þau grundvallarsannindi, sem í þeim felast, og aðalkappsmál bæjarbúa, hvar í flokki sem þeir hafa staðið, hefur verið að auka og efla fiskveiðar og fiskvinnslu í bænum, hafi þeir sjálfir fengið að ráða þróuninni. Bæjarbúar hafa fullvel vitað, að um langt skeið a. m. k. er ekkert annað atvinnuöryggi til fyrir þá en blómleg útgerð.

Í vitund landsmanna hefur Hafnarfjörður verið öflugur útgerðarstaður, ein höfuðstöð togaraútgerðar á Íslandi, og hafa Hafnfirðingar þó mátt berjast við margs kyns erfiðleika, sem útgerð fylgja að jafnaði, aflabrest og óáran og verðfall á mörkuðum og auk þess brotthlaup umfangsmikilla atvinnurekenda með atvinnutæki sín frá staðnum. Þó hélt Hafnarfjörður jafnan velli sem útgerðarbær, sem tryggði afkomu og atvinnuöryggi bæjarbúa a. m. k. til jafns við önnur bæjarfélög. En nú hefur þeirri ríkisstj. Sjálfstfl. og Alþfl., sem hefur haft það að höfuðmarkmiði að knýja fram óheft umsvif einkagróðans án alls tillits til samfélagslegra þarfa, tekizt á mestu gósenárum, sem Íslendingar hafa lifað um aflabrögð og afurðaverð, að murka svo niður útgerð í bænum, að hún má teljast í algerum rústum og lífsafkomu launþega þar með stefnt í algjöran voða.

Í Hafnarfirði hafa um skeið aðeins verið gerðir út tveir togarar, og í vetur á hávertíðinni verða að líkindum ekki gerðir þar út nema 10 bátar, svo að þrátt fyrir lausn sjómannaverkfallsins er fyrirsjáanlegur svo alvarlegur atvinnuskortur, að því ríkisvaldi, sem komið hefur útgerðinni á vonarvöl með fráleitri stefnu sinni, kippt grunninum undan atvinnuöryggi bæjarbúa, hlýtur óhjákvæmilega að vera skylt að gera sérstakar ráðstafanir til þess að reisa atvinnulífið þar úr rústum.

Ég lýsti því að nokkru í útvarpsræðu frá Alþ. s. l. haust, hversu málum væri komið í Hafnarfirði, og áttu þó afleiðingar af hruni útgerðarinnar þar eftir að koma enn skýrar í ljós. Ef til vill hafa einhverjir hv. alþm. talið, að ég málaði myndina of dökkum litum, og ég tel því ástæðu til að lesa – með leyfi hv. forseta og með leyfi bæjarstjórans í Hafnarfirði – bréf hans til atvinnumálanefndar Reykjaneskjördæmis, sem dagsett er 25. jan. s. l. Það hljóðar svo:

„Í framhaldi af samþykkt bæjarráðs Hafnarfjarðar hinn 23. þ. m., þar sem mér var falið að gera yður grein fyrir þróun þeirri, er orðið hefur í atvinnumálum Hafnfirðinga á undanförnum árum, ástandinu, eins og það er nú, og horfum, en í ályktun bæjarráðs kemur skýrt fram sú skoðun, að mikils þurfi nú með, til þess að mál þessi megi á ný komast í eðlilegt horf. Í þessu efni vil ég sérstaklega benda á allt eftirfarandi: Við atvinnuleysisskráningu að undanförnu hefur tala skráðra verið sem hér segir: 1. desember 30, 1. janúar 38, og nú eru skráðir atvinnulausir 190.“

Þetta var 25. janúar, en í þeirri ályktun, sem ég gat hér áðan frá fundi verkalýðsfélaganna, sem haldinn var á sunnudaginn var, kemur fram, að í Hafnarfirði eru nú atvinnulausir 333 menn. Síðan segir áfram í bréfinu:

„Þessar tölur skráðra atvinnuleysingja segja þó hvergi nærri allt, þar sem vitað er, að hvarvetna hefur atvinna dregizt saman, vinnutími stytzt og atvinnutekjur þar af leiðandi lækkað. Á þetta einkum þó við varðandi útgerð og fiskverkun, en á slíkri starfsemi hafa Hafnfirðingar um langan aldur fyrst og fremst byggt afkomu sína, en einnig á þetta við um iðnað, ekki síst byggingariðnað, svo og þjónustustarfsemi hvers konar.

Allmikið er af fiskvinnslustöðvum í bænum, sem byggzt hafa upp á undanförnum áratugum, en sem nú standa ýmist óstarfræktar eða lítt starfræktar sökum skorts á hráefni mikinn hluta ársins. Á þetta rætur sínar að rekja til þess, að fiskveiðifloti sá, sem héðan stundar veiðar til vinnslu í bænum, hefur stórlega gengið saman. Þannig má benda á, að í stað þess að 10 togarar voru gerðir út frá Hafnarfirði um eitt skeið, en Hafnarfjörður hefur jafnan fyrst og fremst verið talinn heppilegur staður fyrir útgerð togara, hefur þeim fækkað af ýmsum ástæðum, m. a. vegna sölu til erlendra aðila vegna rekstrarörðugleika undanfarinna ára, þannig að nú eru starfandi einungis tveir togarar. Sama má næstum segja varðandi vélbátaútgerð í bænum, þ. e. útgerð þeirra báta, sem að jafnaði stunda fiskveiðar með það fyrir augum að skila afla sínum til úrvinnslu í Hafnarfirði. Hins vegar hafa bætzt við flotann nokkur stærri fiskiskip, sem fyrst og fremst eru ætluð til síldveiða og starfa því mestan hluta ársins utanbæjar. Sem afleiðingu þessarar þróunar má benda á, að sumar fiskvinnslustöðvar, þar á meðal frystihús, hafa á síðustu árum neyðzt til þess að hætta störfum, bátar hafa horfið, farizt, brunnið eða eyðilagzt á annan hátt, án þess að fyllt hafi verið í skörðin, og benda má á, að ein stærsta fiskvinnslustöð um langt skeið, Jón Gíslason s. f., hefur lítt eða ekki verið starfrækt síðustu ár. Í stað þess, að þar var útgerð 10 báta, er nú ekki útlit fyrir neina starfrækslu á þessu ári. Þegar er búið að ráðstafa bátum fyrirtækisins á ýmsa vegu, auk þess sem þeir hafa farizt á ýmsan hátt án endurnýjunar. Munu nú fara fram úrslitaathuganir um framtíð þessa fyrirtækis. Naumast er útlit fyrir, að meira en 10 bátar verði gerðir út á komandi vertíð, sem leggja afla upp í Hafnarfirði, en mun færri annan tíma ársins, í stað 35 báta árið 1967. Í beinu sambandi við hrörnun útgerðarinnar kemur svo að sjálfsögðu samdráttur í störfum öllum, er lúta að þjónustu við útgerðina, svo sem í skipaviðgerðum, skipasmíði, verzlun og miklu fleiri störfum.

Byggingarvinna, sem hefur verið um árabil allumfangsmikil, hefur dregizt mjög saman, m. a. sökum minnkandi lánveitinga úr húsnæðismálasjóði til Hafnarfjarðar, sem sést af því, að í stað þess að á árinu 1967 voru veitt lán að upphæð 47.114.000 kr., urðu þau á árinu 1968 aðeins 15.867.000 kr., auk þess sem óeðlilegur dráttur hefur orðið á afgreiðslu lána þessara.

Af því, sem mjög lauslega er drepið á hér að framan, má sjá, að mjög þarf skjótra úrræða, ef takast á að

breyta þeirri óheillaþróun, sem um alllangt skeið hefur átt sér stað í atvinnumálum Hafnfirðinga. Þess skal getið, að þessi þróun í hafnfirzku atvinnulífi hefði þó reynzt enn örlagaríkari, ef eigi hefði komið til framkvæmda við Búrfell og Straumsvík, en allmikið af Hafnfirðingum leituðu sér atvinnu við þessar framkvæmdir, einkum við upphaf framkvæmdanna við Straumsvík. Hefur þessi atvinnumöguleiki verið að dragast saman, eftir því sem líður að lokum byggingarframkvæmda þar, og er nú mjög óverulegur. Við ráðningu fastra starfsmanna til framtíðar liggur eigi fyrir nein vissa um hlut Hafnfirðinga til þeirra starfa. Jafnframt því, sem Hafnfirðingar fagna tilkomu atvinnumálanefndarinnar og vænta sér mikils af störfum hennar til stuðnings ýmsum tiltækum aðgerðum til úrbóta, vil ég benda á eftirfarandi, sem líklegt væri til skjótvirkra umbóta í þessu efni:

1. Að takast mætti að efla fiskveiðiflota, gerðan út frá Hafnarfirði, til eflingar fiskiðnaði í bænum. Má í því sambandi sérstaklega benda á nauðsyn þess, að auka mætti á ný verulega við togaraútgerð í Hafnarfirði. Slík útgerð hentar Hafnfirðingum bezt og er líklegust til þess að skapa fiskvinnslustöðvunum samfellda vinnslu mestan hluta ársins. Gæti í þessu efni komið til greina leiga eða kaup á togurum, sem hvorugt mundi geta komið til, nema hið opinbera greiddi sérstaklega fyrir því á einn eða annan hátt. Er kunnugt um nokkurn áhuga í þessu efni, sem mikils væri um vert, að n. gæti stutt til raunhæfra aðgerða. Í þessu efni má benda á, að áhugi er fyrir kaupum á b. v. Gylfa hjá tveimur Hafnfirðingum, og væri vel, ef n. gæti haft áhrif á framgang þess máls. Enn fremur vil ég benda á nauðsyn þess, að stutt yrði að lausn á fjárhagsvandamálum Jóns Gíslasonar s. f., þannig að sú starfsemi mætti hefjast að nýju, en það fyrirtæki var hvað stærsti atvinnuveitandi hér í bæ um árabil.

2. Efling vélbátaflotans einkum með hliðsjón af fiskvinnslu í bænum væri mjög aðkallandi.

3. Aukið fjármagn til byggingariðnaðarins, m. a. til aðkallandi skólabyggingarframkvæmda bæjarsjóðs, væri einnig líklegt til að bæta verulega úr atvinnuþörf, sem er miklu meiri en fram kemur af atvinnuleysisskráningunni.

4. Enn fremur vil ég benda á nauðsyn þess, að unnt yrði sem fyrst að koma til framkvæmda byggingu dráttarbrautar í Hafnarfirði, svo sem ráðgert hefur verið, en frestað að ósk ríkisstj., þar sem fjár var vant til uppbyggingar svo margra dráttarbrauta á sama tíma, sem ráðgerðar höfðu verið.

Hér hefur aðeins verið drepið á fátt eitt, en þó fyrst og fremst út frá því sjónarmiði, hvað mætti verða til skjótvirkra úrbóta. Taldi bæjarráð rétt að árétta þessi vandamál bæjarfélagsins við n., þegar við upphaf starfs hennar. Mundi bæjarráð að sjálfsögðu æskja sem bezts samráðs við atvinnumálan. um lausn þess vanda, er við blasir. Læt ég fylgja hér með ábendingar, er bæjarráði hafa borizt frá atvinnumálanefnd, sem starfað hefur hér í bæ að undanförnu.

Með fyllstu von um, að n. taki þessi mál til náinnar athugunar, og beztu óskum til hennar um farsæl störf kveðjum vér yður í umboði bæjarráðs Hafnarfjarðar.

Bæjarstjórinn í Hafnarfirði.

Til atvinnumálanefndar
Reykjaneskjördæmis."

Eins og ljóst er af þessu, eru slæmar horfur í atvinnulífi Hafnfirðinga um þessar mundir, og atvinnulífi þar er á þann veg háttað, að þær atvinnugreinar, sem bæjarbúar byggja afkomu sína á, togaraútgerð og rekstur fiskibáta, sem leggja upp afla sinn til verkunar í fiskvinnslustöðvum, nutu ekki síldargróðans. En þar sem þessar atvinnugreinar guldu hins vegar í ríkum mæli verðbólgustefnunnar, sem mest hefur markað verðlagsmálin undanfarin ár, hlaut að koma að því, að þessar atvinnugreinar hryndu. Samkvæmt þeim hagfræðikenningum, sem hafa verið leiðarljós ríkisstjórnarflokkanna, að gróðahvötin og stundarhagsmunir einstaklinga skyldu vera hreyfiafl í atvinnulífinu og ráða uppbyggingu þess, voru engin viðbrögð höfð í frammi til þess að koma í veg fyrir, að þeim greinum útgerðar, sem skiptu Hafnfirðinga öllu máli, blæddi út. Þessi stjórnarstefna, að láta fjármagnið leita þangað, sem gróðinn er fyrir, en láta afskiptalaust, að aðrar atvinnugreinar koðni niður, hefur leikið atvinnulífið í Hafnarfirði hrapallega, eins og fram kemur í bréfi bæjarstjórans þar til atvinnumálanefndar, sem ég var hér áðan að lesa. Bæjarfélagið hefur undanfarin ár þurft að kosta milljónum króna til þess að halda sem lengst lífi í þeirri togaraútgerð, sem ríkisvaldið hefur algerlega vanrækt að efla. Hag Hafnfirðinga væri án efa betur komið í dag, ef sú stefna Alþb. hefði ráðið, að sérhverri ríkisstj. beri á hverjum tíma með yfirvegaðri stjórnarstefnu, með stjórn á fjárfestingar-, innflutnings- og verðlagsmálum að tryggja, að einstakar mikilsverðar atvinnugreinar séu ekki látnar brotna niður, þótt í móti blási, þegar einkafjármagnið með gróðasjónarmiðin ein að leiðarljósi vill eðli sínu samkvæmt leita annað. Hagur Hafnfirðinga væri betri í dag, ef sú stefna Alþb. hefði ráðið, að hverri ríkisstj. beri að tryggja stjórn á þróun atvinnulífsins vitandi vits, styðja við þær atvinnugreinar, sem höllum fæti kunna að standa hverju sinni, og tryggja með því atvinnuöryggi alls almennings í hinum einstöku byggðarlögum í landinu. Svo grátt hefur stefna núv. stjórnarflokka leikið undirstöðuatvinnuveg Hafnfirðinga, togaraútgerð og bátaútgerð, að það er sérstök siðferðisleg skylda þeirra að gera nú þegar sérstakar ráðstafanir til þess að efla að nýju þær atvinnugreinar, sem hafa verið að lamast á undanförnum árum. Sérstaklega er í þessu efni rík skylda þeirra þm. Reykjaneskjördæmis, sem styðja stjórnarflokkana og bera sína ábyrgð á þróuninni í undirstöðuatvinnuvegum Hafnfirðinga.

Fyrsti togarinn, sem Íslendingar eignuðust, var gerður út frá Hafnarfirði, og það er athyglisverð staðreynd, að einn þeirra manna, sem mestan þátt áttu í því að auka því skipi við atvinnutækin í bænum, var afi hv. núv. 1. þm. Reykn. Matthíasar Á. Mathiesens. Sá hv. þm. hefur alla sína þingmannstíð verið í þingflokki, sem hefur haft ríkisstjórnarforustu, og því haft sérstakt tækifæri til þess að leggja sitt af mörkum, til þess að stjórnarstefnan stuðlaði að eflingu útgerðar í bænum.

En á þeim mestu gósenárum, sem þjóðin hefur lifað, hefur togurum í Hafnarfirði hins vegar fækkað um ⅔ hluta. Það er vonandi, að þessum afkomanda eins frumkvöðuls togaraútgerðar í Hafnarfirði og á Íslandi fari nú að renna blóðið til skyldunnar og láti það ekki gerast á þingferli sínum, að sá fornfrægi togarabær Hafnarfjörður hreppi þau örlög að verða aðeins svefnpláss fyrir starfsfólk, sem sækir vinnu sína í Reykjavík, eða til erlends auðhrings í Straumsvík. Hvað sem öðru líður, er hætt við, að þeim gömlu Hafnfirðingum, sem voru brautryðjendur í togaraútgerð og lögðu metnað sinn í umsvifamikinn hafnfirzkan atvinnurekstur, þætti þá lágt lotið.

Ég ætla að hafa sem fæst orð um hlut hæstv. fyrrv. sjútvmrh., hæstv. núv. utanrrh., Emils Jónssonar, sem var hæstráðandi í útvegsmálum þjóðarinnar á árum mesta aflahlaups og beztu viðskiptakjara, sem þjóðin hefur lifað. En togaraútgerðin, undirstöðuatvinnuvegur í heimabæ hans í hálfa öld, var á sama tíma látin hrynja saman án nokkurra viðbragða stjórnarvalda til þess að sporna við því. Lengst af þeim tíma, sem hrun togaraútgerðarinnar hefur orðið, áttu Hafnfirðingar tvo Alþfl.-ráðh. í ríkisstj. Það er e. t. v. ekki án samhengis við það, að samhliða því, sem togurum í bænum hefur fækkað um tvo þriðju hluta hefur fulltrúum Alþfl. í bæjarstjórn Hafnarfjarðar fækkað næstum nákvæmlega jafnmikið.

Ég hef einskorðað mig svo til alveg við að greina frá áhrifum viðreisnarstefnunnar á atvinnulíf í Hafnarfirði og atvinnuöryggi bæjarbúa þar, m. a. vegna þess, að ég tel, að þar birtist árangurinn af stefnu hins óhefta kapítalisma á íslenzku atvinnulífi í hnotskurn. Örlög undirstöðugreina atvinnulífsins í Hafnarfirði á tímum viðreisnarstjórnarinnar eru lýsingin á því, hvernig stefna skipulagslausrar fjárfestingar, stefna stjórnlauss innflutnings, stefna algjörs frjálsræðis gróðafjármagnsins og stefna frjálsrar álagningar hefur verið að gjöreyðileggja grunninn undir veigamiklum þáttum atvinnulífsins, einmitt þeim þáttum, sem úrslitum valda um atvinnuöryggi Hafnfirðinga og hafa verið undirstaða að öllu atvinnulífi í bænum í meira en hálfa öld. Jafnvel mestu góðæri í sögu þjóðarinnar varðandi aflabrögð og markaðsverð dugðu ekki til þess að vega upp deyðandi áhrif viðreisnarstefnunnar á þessa þætti atvinnulífsins. Þá hef ég ekki síður rætt um Hafnarfjörð sérstaklega til þess að leggja áherzlu á, að hvergi liggur atvinnulífið í eins algjörri rúst og þar, hvergi er afkomuöryggi alþýðuheimila meira ógnað en í þessum 9000 manna bæ, sem hefur verið að missa burtu hvert á fætur öðru þau atvinnutæki, sem ein geta tryggt lífshagsmuni bæjarbúa. Ég hef lagt áherzlu á að lýsa atvinnuástandinu í Hafnarfirði vegna þess, að það er sérstök skylda ríkisvaldsins að gera nú þegar og án alls dráttar sérstakar ráðstafanir til þess að reisa framleiðsluatvinnuvegi Hafnfirðinga úr rústum.

Þótt verkafólk í Hafnarfirði þurfi nú og eigi rétt á sérstakri aðstoð til þess að endurreisa atvinnulífið í bænum, þá eru framtíðarhagsmunir þess fyrst og fremst þeir að taka höndum saman við launþega um land allt til þess að tryggja, að þeir fái að búa við aðra stjórnarstefnu en þá, sem steypt hefur grunninum undan afkomuöryggi sínu á síðustu árum. Hafnfirðingar munu án efa draga sína lærdóma af reynslu undanfarinna ára, og er ljóst að sú ein ríkisstj., sem leggur höfuðáherzluna á eflingu allra greina sjávarútvegsins, getur tryggt afkomuöryggi þeirra. Þeir munu því geta tekið undir og talið sérlega tímabær nú orð hv. 7. þm. Reykv., Birgis Kjarans, en hann mælti svo á Alþingi hinn 11. febr. 1960, með leyfi hv. forseta: „Efnahagsstefna er aðeins góð og forsvaranleg, þegar hún er þegnunum nytsamleg og flytur þeim velmegun eða ver þá áföllum. En þegar hún er tekin sjálfkrafa að þrengja kjör þeirra og hefur misst alla hæfni til að fást við úrlausnarefni, er hún orðin úrelt og hefur lokið hlutverki sínu og á skilyrðislaust að víkja fyrir nýrri og betri stefnu, sem er vandanum vaxin."

Eins og ég gat um í upphafi máls míns, bendir ekkert til þess, að hæstv. ríkisstj. hafi lært af reynslunni undanfarin ár, og þess er því naumast að vænta að sú ríkisstj., sem hefur stritazt við að sitja nokkru lengur en sætt er, taki mark á þessum glöggu ábendingum hv. 7. þm. Reykv., sem eru lýsandi fyrir viðreisnarstefnuna. En víst er, að hagsmunir almennings í landinu, atvinnuöryggi og afkoma hans, er undir því komið, að hæstv. ríkisstj. segi af sér sem allra fyrst og viðreisnarstefnan víki fyrir nýrri og betri stefnu, sem er vandanum vaxin.

Stefán Valgeirsson: Herra forseti. Þessar umr., sem hér fara fram, eru um skýrslu hæstv. forsrh. um efnahagsmál. Nú sé ég, að enginn hæstv. ráðherra er hér í salnum og því raunar til lítils að vera að ræða þessi mál. Ég kemst ekki hjá því að átelja þetta. Mér finnst það siðferðileg skylda a. m. k. hæstv. forsrh. og hæstv. viðskmrh., sem fer með efnahagsmál, að þeir séu hér í fundarsal, þegar mál sem þessi eru til umr. hér á hv. Alþ. Þessir starfshættir Alþ. eru áreiðanlega ekki til þess að auka virðingu þess, heldur hið gagnstæða.

Hv. 5. þm. Vesturl., varaformaður Alþfl., varði mjög hæstv. ríkisstj. Hann talaði eftir sömu nótum og hv. 12. þm. Reykv. gerði s. l. föstudag. Niðurstaða hv. þm. varð sú, að aðrar leiðir væru ekki til en að ráðast á kaupmátt launanna. Hann talaði um það, að við framsóknarmenn hefðum gert margar till., sem orðið hefðu til þess að auka verðbólguna, hefðu þær verið samþ. Hins vegar minntist hann ekkert á þær till., sem við framsóknarmenn höfum borið fram, sem hefðu orðið til að draga úr verðbólgunni með því að gera ýmsar ráðstafanir til þess að minnka rekstrarkostnað atvinnuveganna. Á það minntist hv. þm. aftur á móti ekki. Að öðru leyti tel ég ekki ástæðu til þess að ræða um þessa ræðu hv. 5. þm. Vesturl. Hann aðeins strikaði undir það, að stefna hans og Alþfl. væri sama stefna og Sjálfstfl. hefur í þessu máli.

Í umr. á hv. Alþ., þegar rætt var um bændafækkunarfrv. Alþfl., þá sagði hv. 9. landsk. þm. m. a., með leyfi forseta, „að bændur væru ráðvillt stétt og jörðin skriði undir fótum þeirra." Ástæðurnar fyrir því taldi hann vera, að það vantaði yfirstjórn og hagsýni í landbúnaði. Og enn sagði hv. 9. landsk. þm., með leyfi forseta: „Þegar yfirstjórnin brestur, er hætta á ferðum." Þetta er dómur talsmanns Alþfl. hér á hæstv. Alþ. um stjórn hæstv. landbrh. á málum landbúnaðarins. Það er full ástæða að vekja athygli á þessu. Hv. 9. landsk. þm.

lýsti ástandinu í landbúnaðinum, eins og það kom honum fyrir sjónir, og niðurstaða hans var sú, að þegar yfirstjórnin brestur, er hætta á ferðum. Hann efaðist ekki um, hvaða ástæða er fyrir því, hvernig komið er. Þetta er hinn uppkveðni dómur þingmanns Alþfl. á störfum hæstv. landbrh.

Það er ekki mjög langt, síðan formaður Alþfl., hæstv. viðskmrh., lét það frá sér fara, að við nána ath. á stefnu stjórnarflokkanna beggja hefði komið í ljós, að á þeim væri bókstaflega enginn munur. Þá veit maður það, það er ekki ágreiningur um stefnuna. Stjórnarfl. hafa sama viðhorf um tekjuskiptinguna í þjóðfélaginu, uppbyggingu atvinnulífsins, afstöðuna til markaðsbandalaga og annarra utanríkismála. Enginn ágreiningur um tilgang og markmið. Það er yfirstjórnin, sem hefur gjörsamlega brugðizt, t. d. í landbúnaðarmálum, að dómi hæstv. 9. landsk. þm. Þessi niðurstaða hlýtur að verða æðimörgum umhugsunarefni. Það er svo komið, að þm. úr stjórnarliðinu kveður upp úr um það hér á hv. Alþ., að ástæðan fyrir því, hvernig komið er, a. m. k. í landbúnaði, sé eingöngu sú, að yfirstjórnin hafi brugðizt. En gildir ekki það sama um aðra þætti þjóðmálanna? Er þessum hv. þm. ekki ljóst, að hann ber ábyrgð á þessari forystu og það er á hans valdi að bægja hættunni frá þjóðinni með því að losa hana við þessa forystu?

Mest er ég hissa á því, að hv. 9. landsk. þm. skyldi ekki fyrr gerast leiðsögumaður bænda til að vísa þeim út úr viðreisnarvillunni, eins og skilningur hans er skarpur t. d. á því, hvaða áhrif gengisfelling hafi á peningainnistæður. Hann hefur á hendi stjórn á bankaútibúi í tómstundavinnu með þingstarfinu og stendur því betur að vígi en ég og mínir líkar til að átta sig á því lögmáli, hvaða áhrif gengisfelling hefur á bankainnistæðu, hvort sem hún er eign einstaklings eða félagasamtaka. Í umræðunum um hagtryggingarsjóð landbúnaðarins sagði hv. 9. landsk. þm. m. a. með leyfi forseta: „Varðandi það, að allir sjóðir hafi brunnið upp í óðaverðbólgu undanfarinna ára, skal því að vissu marki ekki andmælt, en þó vil ég benda á það, að þeir sjóðir, sem hafa ávaxtað sig í fasteignum, eins og einmitt er hér gert ráð fyrir, að þessi sjóður geri að nokkru leyti, þeir hafa vissulega aukizt og margfaldazt og dafnað vel, og þurfum við ekki annað en að vísa til atvinnuleysistryggingasjóðs, sem nú er öflugasti sjóður, að ég hygg, hér á landi og hefur gert atvinnuvegunum að minni hyggju og að ég held flestum geysilegt gagn.“ Nú sá ég ekki í þessu frv., að ætlazt væri til, að hagtryggingarsjóður landbúnaðarins, ef stofnaður verður, eigi að tryggja sig gegn gengisfellingum með því að eignast fasteignir eða þau lán, sem lánuð yrðu úr honum, verði vísitölutryggð, og hvorugt mun heldur vera með atvinnuleysistryggingasjóðinn. Því væri mjög æskilegt, ef hv. 9. landsk. þm. skýrði þetta mál frekar, því að allur þorri hv. alþm. mun hafa annan skilning á því, hvernig gengisfelling verkar á bankainnistæðu. Þetta er ef til vill viðreisnarhagfræði, samin af viðskmrh. hæstv. og útfærð af vitringum hans. Í sjálfu sér er þetta í fullu samræmi við það, að leysa eigi greiðsluhallann með því að draga saman framleiðsluna og útrýma atvinnuleysi með sömu ráðum. Þessi viðreisnarhagfræði er þjóðinni dýr orðin, og almenningur er farinn að átta sig á því, að í sjálfu sér er hugsunin sú ein hjá hæstv. ríkisstj. að hanga í ráðherrastólunum, þó að með því séu allar siðferðislegar og lýðræðislegar reglur gjörsamlega brotnar.

Það þarf ekki að minna á, hvað stjórnarflokkarnir sögðu, að kosið væri um í síðustu kosningum. Var það ekki fyrst og fremst um verðstöðvunarstefnuna? Var því ekki heitið, að ef stjórnarflokkarnir héldu meirihluta sínum, þá yrði verðbólgan stöðvuð? Raunar var þjóðinni talin trú um það, að verðhækkanir allar hefðu verið stöðvaðar með verðstöðvunarlögunum 1966. Var því ekki heitið, af ef stjórnarflokkarnir héldu meirihluta sínum, þá yrði framtíð þjóðarinnar björt, þá yrði ekkert atvinnuleysi í náinni framtíð, og leiðin til bættra lífskjara var að kjósa stjórnarflokkana? Menn geta nú hugleitt það, hvernig tekizt hefur á þessu tímabili, síðan kosningar fóru fram, miðað við öll fyrirheitin. Verðbólguófreskjan flæðir yfir þjóðina í stað verðstöðvunar. Geigvænlegt atvinnuleysi er orðin óhugnanleg staðreynd í stað atvinnuöryggis, og í stað bættra lífskjara er ríkisstj. með form. Alþfl. í broddi fylkingar að þrýsta daglaunum launafólks og bænda niður í sultarlaun. Þó er það staðreynd, að þrátt fyrir minni afla og óhagstæðara markaðsverð á erlendum mörkuðum eru þjóðartekjur okkar ekki minni bak við hvern einstakling en í nágrannalöndunum, þar sem raungildi launanna er miklu hærra en hér. Hvað veldur? Er ekki kominn tími til, að það sé brotið til mergjar, hvernig á þessu stendur, hvaða ástæður liggi til þess, að atvinnuvegirnir geta ekki borgað þeim, sem við þá vinna, mannsæmandi laun? Ef þjóðartekjurnar eru eins miklar og opinberar skýrslur bera með sér, þá er einhvers staðar maðkur í mysunni og það ekki í smærra lagi. Er það hugsanlegt með þessa staðreynd í huga, að launafólk til sjávar og sveita taki því þegjandi, blátt áfram líði það, að ráðstöfunartekjum þess sé þrýst niður, eins og hæstv. ríkisstj. sýnilega ætlar sér, þegar þessi staðreynd liggur fyrir? Er til of mikils mælzt að fara fram á það við hæstv. viðskmrh., sem nú stjórnar efnahagsmálum þjóðarinnar og hefur gert það á tíunda ár, að hann gefi út nokkurs konar resept um það, hvernig fimm manna fjölskylda getur látið 10–13 þús. kr. mánaðarlaun hrökkva fyrir brýnustu nauðsynjum fjölskyldunnar. Fyrst hann skammtar þessi laun, ber honum í raun og veru skylda til að sýna fram á það svart á hvítu, að þessi laun hrökkvi a. m. k. fyrir því allra brýnasta, og færa þannig rök fyrir því, að þessi skömmtun sé gerð af réttsýni. Geti hann það ekki, þarf hvorki hann né aðrir að halda það, að þjóðin geri sér að góðu svona skömmtun. Slíkt er alveg óhugsandi. Þó að allt launafólk viti, að báðir stjórnarflokkarnir hafi sömu stefnu í þessum málum og þynnsta hnífsblað gangi ekki á milli þeirra, breytir það engu um það, að þjóðin tekur ekki slíkri skömmtun með þögn og þolinmæði, nema fyrir liggi, að byrðunum sé réttlátlega skipt á herðar þjóðfélagsþegnanna.

Hæstv. forsrh. sagði, að þjóðarframleiðslan væri nú svipuð á hvern þjóðfélagsþegn og hún var á árunum 1962–63. Hvers vegna þarf þá raungildi launa að vera miklu lægra nú en það var þá? Ber ekki Alþ. að grandskoða allt okkar kerfi, finna það út, hvað verður af miklum hluta þjóðarteknanna, og lagfæra höfuðmeinsemdirnar og lögfesta aftur verðtryggingu launa til að

forða þjóðinni frá langvinnum verkföllum og hundruða millj. tjóni fyrir þjóðarheildina, eins og gerðist í sjómannaverkfallinu fyrir skemmstu? Geri ekki Alþ. skyldu sína í þessu efni, ber ríkisstj. fulla ábyrgð á þeim afleiðingum, sem af því kunna að hljótast.

Hv. 12. þm. Reykv. sagði í ræðu sinni s. l. föstudag, að ef framsóknarmenn ekki sýndu fram á það, hvernig ætti að brúa það bil, sem vantaði á það, að atvinnufyrirtæki gætu borgað laun með fullri verðlagsuppbót, yrði krafa okkar um fulla verðlagsuppbót skoðuð sem marklaust hjal. E. t. v. er engum undrunarefni, þó að þm. Sjálfstfl. hafi hvorki vilja né viðsýni til að leita að öðrum leiðum en ráðast á kaupmátt launanna til að halda atvinnuvegunum gangandi, en hins vegar er það líklegra, að sumir kjósendur Alþfl. telji, að nú sé Bleik brugðið, ef fulltrúar þeirra á Alþ. sýna enga viðleitni til þess að lækka kostnaðarliði atvinnuveganna og gera þeim á þann hátt mögulegt að borga mannsæmandi laun. Hvers vegna er það ekki brotið til mergjar, hvað hægt væri að lækka olíuverðið með því móti að hafa eitt dreifingarkerfi í stað þriggja? Hví er ekki allt vátryggingakerfið grandskoðað, svo að hægt sé að létta af atvinnufyrirtækjum með því að samræma og sameina slíkar tryggingar? Og er það útilokað með öllu, að hægt sé að lækka vexti og lengja stofnlán atvinnuveganna? Hefur það verið kannað til fulls, hvort ekki er hægt að lækka sölukostnað á útflutningsvörum okkar eða auka verð þeirra með einhverju móti, t. d. með aukinni vinnslu o. s. frv.? Og fleiri spurningar sækja á hugann í þessu sambandi.

Veigamiklar framkvæmdir, sem hafa verið gerðar á vegum hæstv. ríkisstj., hafa verið framkvæmdar þannig, að þær hafa verkað sem beinn verðbólguvaldur. Eitt skýrasta dæmið um það eru Breiðholtsbyggingarnar. Þegar sú starfsemi hófst, var sagt, að tilgangurinn væri tvenns konar: í fyrsta lagi að lækka byggingarkostnað og í öðru lagi, að efnalítið fólk ætti þess kost að festa sér íbúð, þó að það gæti ekki borgað á byggingartímanum nema 20% af kostnaðarverði íbúðanna. Ekki veit ég til, að nokkur viðhlítandi greinargerð hafi verið gerð um raunverulegan kostnað við þessar byggingar. Hins vegar hefur verið sett ákveðið verð á þær íbúðir, sem afhentar hafa verið, og manni hefur skilizt, að það verð væri ekki miðað við það, að um álagningu væri að ræða, heldur hið gagnstæða. En hvernig er svo verðið á þessum íbúðum, miðað við kostnað á sams konar íbúðum byggðum á sama tíma í byggingarsamvinnufélögunum? Breiðholtsbyggingarnar reynast a. m. k. einum þriðja dýrari. Þannig er þessi framkvæmd. Halda menn, að þessi vinnubrögð hafi engin áhrif á verðbólguþróunina í landinu? Þar við bætist, að þessar byggingar í Breiðholti soga til sín mikinn hluta þess fjármagns, sem Húsnæðismálastofnun ríkisins hefur yfir að ráða, þannig að önnur byggingarstarfsemi er meira og minna lömuð af þeirri ástæðu. Það væri full ástæða fyrir Alþ. að kjósa rannsóknarnefnd til þess að kanna það, hvernig hagkvæmast er fyrir þjóðina að ráðstafa þeim fjármunum, sem hún getur ráðstafað til íbúðabygginga ár hvert. Þessi liður útgjalda er orðinn svo geigvænlegur miðað við hið almenna kaupgjald í landinu, að hann er gjörsamlega ofviða flestum, og Breiðholtsbyggingarnar hafa ekki orðið til þess að lækka byggingarkostnaðinn, þvert á móti.

Ráðandi öfl í stjórnarflokkunum stefna að því að fækka mjög í frumatvinnuvegum þjóðarinnar, landbúnaði og fiskveiðum, en fjölga að sama skapi í úrvinnslu- og þjónustugreinum, enda heyrist það aldrei úr þessum herbúðum, að svona og svona margir séu gerðir þjóðinni gagnslausir, t. d. í verzlun eða peningastofnunum. Hins vegar er hamrað á því endalaust, að fækka þurfi í fiskveiðum og ég tala nú ekki um í landbúnaði. Almenningur er farinn að átta sig á þessum öfugmælum, skilur það, að í þjónustugreinum vinna nú allt of margir menn. Menn skilja það áreiðanlega ekki, að í því fælist neinn þjóðarvoði, þó að peningalausu bankaútibúi yrði lokað og fækkað í öðrum og þó ekki síður í verzluninni, þar mætti áreiðanlega fækka ekki lítið. Það skilja það allir, nema þá ráðamenn þjóðfélagsins, að framleiðsluna þarf að fullnýta bæði til lands og sjávar og gera þessa framleiðslu sem verðmætasta með sem fullkomnastri vinnslu. Það er þetta, sem þjóðina skiptir fyrst og fremst máli. Það er á þessari framleiðslu, sem þjóðin byggir lífsafkomu sína.

Auðvitað reynir ekki hagfræðiprófessorinn, hv. 12. þm. Reykv., að velta því fyrir sér, hvað þá að brjóta það til mergjar, hvort hægt sé að létta einhverju af atvinnuvegunum. Hann trúir á sérréttindi fjármagnsins og lofar frelsið, þ. e. a. s. frelsi þess, sem fjármagninu ræður. Hinir hafa ekkert með frelsi að gera sakir fátæktar. Það er því í fullu samræmi við þetta lífsviðhorf, sem hv. 12. þm. Reykv. er blindur á báðum augum fyrir öðrum leiðum til að halda framleiðsluatvinnuvegunum gangandi en að lækka kaupmátt launanna. Hann telur aðra leið óhugsandi. Ég hafna slíkum kenningum, og ég er þess fullviss, að landið og miðin í kringum það búa yfir það miklum möguleikum, að til þess þarf ekki að koma, að öllum almenningi í landinu þurfi að skammta sultarlaun, enda verkar slík skömmtun þannig, að hún minnkar viðskipti og athafnir og eykur kreppuna. En þegar forustuna brestur, er hætta á ferðum. Undir það vil ég taka með hv. 9. landsk. þm., og þar mun að finna ástæðuna fyrir því, hvernig komið er.

Hæstv. forsrh. upplýsti hér í umr. s. l. föstudag, að verðmætasköpun á hvert mannsbarn væri svipuð nú og 1962–63. Hvers vegna er ekki hægt að gera atvinnuvegunum kleift að borga nú laun, sem hafa sama kaupmátt og þá? 1958 var allur fiskafli landsmanna 505 þús. tonn. En meðaltal á ári síðan, að árinu 1968 meðtöldu, er 741.5 þús. tonn eða 236.5 þús. tonnum meira að meðaltali. Eru viðskiptakjörin verri nú en þau voru á árinu 1958? Ætli menn treysti sér til að halda því fram? Hvaða ástæður liggja þá til þess, að raungildi launa hefur lækkað og það til muna frá því 1958? Við slíku þurfa að fást viðhlítandi svör.

Það erum ekki við framsóknarmenn, sem stjórnað höfum þetta tímabil. Það erum ekki við, sem teljum eðlilega eða forsvaranlega leið að lækka kaupmátt launa nú. Við viljum og teljum, að það beri að fara aðrar leiðir til þess að tryggja framleiðslunni starfsskilyrði. Það er hæstv. ríkisstj., sem situr fyrir svörum hér á hv. Alþ. Þess vegna hefði hv. 12. þm. Reykv. átt að beina spurningum sínum fyrst og fremst til hv. ríkisstj. Það er hún, sem á að gefa skýringar á og tæmandi svör

við því, hvers vegna framleiðsluatvinnuvegirnir geta ekki borgað hærra kaup, a. m. k. kaup, sem hefur ekki minni kaupmátt en það almenna kaup, sem var á árinu 1958.

Ég vil endurtaka það, að það er skylda Alþ. að grandskoða allt okkar kerfi og finna til þess leiðir, að atvinnuvegirnir geti borgað fulla verðlagsuppbót á laun nú. Og það er skylda hæstv. ríkisstj. að hafa allt frumkvæði í því máli.

Hvernig skyldu sagnfræðingar framtíðarinnar skrifa um viðreisnartímabilið? Komast þeir hjá því að benda á, að þetta stjórnartímabil sé fyrst og fremst saga mistaka, þar sem frelsi fjármagnsins var leiðandi afl í þjóðfélaginu og alls ráðandi, og form. Alþfl. hafi verið aðaltalsmaður þeirrar stefnu? Verður ekki bent á það, að á þessu tímabili hafi bankahallir sprottið upp eins og gorkúlur og starfsfólki í peningastofnunum fjölgað að sama skapi? Og eftir því sem starfsemin varð meiri, urðu peningarnir minni til að lána út. Verður ekki bent á, að ef innflutningur á þessu tímabili hefði verið 6–7% minni að meðaltali á ári, þá hefði engin skuldaaukning orðið erlendis? En frelsið í innflutningnum leiddi af sér atvinnuleysi, og svo hafi verið gengið langt, að dönsk mold hafi verið flutt inn frá Danmörku í blómapotta fína fólksins, plasthorn frá Austur-Evrópu og postulínskýr úr Austurlöndum, eins og fyrir þá fækkun, er varð á mjólkurkúm landsmanna á umræddu tímabili. Í ársbyrjun 1968 hafi mátt sjá víðs vegar í Reykjavík hálfkláraðar og ónotaðar verzlunar- og skrifstofuhallir, en aftur á móti verið tilfinnanlegur skortur á kennsluhúsnæði á öllum stigum fræðslunnar? Viðreisnarstjórnin hafi lagt á það höfuðáherzlu að fækka í frumatvinnugreinum landsmanna, landbúnaði og fiskveiðum, en lagt áherzlu á að fjölga í þjónustugreinum, að viðskiptahallinn yrði lagaður með minni framleiðslu, t. d. í landbúnaði, og atvinnuleysi útrýmt með sömu ráðum? Að ráð viðreisnarinnar til að komast út úr kreppuástandinu hafi verið að auka samdráttinn, minnka kaupmátt launa í landinu?

Ég fór í Iðnó á sunnudaginn var og sá þar „Mann og konu“ eftir Jón Thoroddsen. Þegar ég horfði á lokaatriði þessa sjónleiks, þar sem séra Sigvaldi er einn eftir á leiksviðinu, afhjúpaður og yfirgefinn, meira að segja systir hans, Staðar-Gunna, sem hann hafði þó margt reynt að gera vel við á rysjóttri ævi, var einnig búin að snúa við honum bakinu, þá rann það upp fyrir mér, að ferill séra Sigvalda og hans endalok minntu mig helzt á stjórnartíð viðreisnarinnar. Viðskipti séra Sigvalda við fólkið í Hlíð er smækkuð mynd af okkar þjóðlífi þessi síðustu ár. Ekki vildi séra Sigvaldi láta sín mál ganga til dómsstólanna frekar en hæstv. ríkisstj. þorir nú að láta þjóðina dæma sín verk. Séra Sigvaldi stóð þarna einn og yfirgefinn. En hvernig er það með hæstv. ríkisstj., e. t. v. er hennar Staðar-Gunna enn í kringum hana, en hvað verður það lengi úr þessu? Það síðasta, sem séra Sigvaldi sagði á leiksviðinu, var þetta: „Er nú ekki kominn tími til að biðja guð að hjálpa sér?“ En hvernig er það með hæstv. ríkisstj.? Er ekki líka kominn tími til þess fyrir hana?

Jónas Jónsson: Herra forseti. Erfiðleikarnir eru miklir og margvíslegir. Þeir blasa alls staðar við, það sjá allir og viðurkenna. En það er annað, sem allir sjá og flestir viðurkenna í hjarta sínu a. m. k., ef ekki opinberlega, og jafnvel þó að í stjórnarliði hafi verið, og það er það, að núverandi stjórnarstefna er röng í meginatriðum. Hún á alls ekki við í þjóðfélagi okkar, hvað sem kann að reynast annars staðar.

Þetta hafa menn lært af sárbiturri reynslunni. Þetta finna húsmæður, sem eru að streitast við að láta launin endast fyrir hinum brýnustu nauðþurftum í óðfluga hækkandi verðlagi. Þetta finnur hver heimilisfaðir, þó að fasta vinnu hafi og föst laun, þegar hann nú á stöðugt erfiðara með að láta þau endast fyrir afborgunum af húsnæðinu eða húsaleigunni eða öðrum skuldbindingum. Og hvað þá um hinn atvinnulausa? Honum birtist þetta sem blákaldur veruleikinn hvern morgun, er hann vaknar ekki til að fara til vinnu sinnar og neyta starfsorku sinnar til aukinnar framleiðslu og hagsældar í þjóðfélaginu, eins og hverjum heilbrigðum manni er eðlilegt, heldur til að sitja auðum höndum, vegna þess að þjóðfélagið, sem á þó svo margt óleyst, finnur ekki verkefni fyrir hann. Hann má streitast við það eitt að draga fram lífið á naumum atvinnuleysisbótum.

Atvinnurekendur finna einnig, að stjórnarstefnan er röng. Þeir reyna tæpast að endurlífga atvinnurekstur sinn eftir gengisfellinguna, sem átti þó að vera þeim blóðgjöf. En einmitt vegna endurtekinna gengisfellinga með nákvæmlega sömu úrræðum og áður, sem þá reyndust haldlaus, eiga þeir nú enga bjartsýni, þá bjartsýni, sem nauðsynleg er til að endurlífga atvinnulífið. Nú er það enn erfiðara en nokkru sinni fyrr að fá nauðsynlegt rekstrarfjármagn og þannig fráleitara en áður að koma fyrirtækjum á heilbrigðan rekstrargrundvöll.

Þá finna og sjá sjómennirnir þetta vel, þegar skerða verður hlut þeirra stórlega eftir hina stórfelldustu gengisfellingu í þjóðarsögunni.

Og hvort munu ekki bændur sjá og finna, að stefnan er röng? Þeir hafa í stórum landshlutum orðið að þola erfitt áferði nú um hríð, en enn meira mun þeim ógna hinar stórfelldu hækkanir á rekstrarvörum sínum, fóðurbæti, olíu og áburði. Nú þurfa þeir t. d. ekki aðeins að þola hækkun vegna gengisfellingar á áburðinum, sem þeir kaupa í vor, heldur kemur einnig á þann sama áburð gengishækkunin á þeim áburði, sem borinn var á í fyrra. Þeir sjá glöggt, að hækkunin á búvöruverðinu, sem af þessu leiðir, ef ekkert verður að gert, verður svo mikil á komandi hausti, að það stórspillir fyrir sölumöguleikum þeirra á afurðunum hér innanlands. Það kemur mjög hastarlega niður á neytendum, ef landbúnaðarvörur hækka mjög mikið, þær eru svo mikilvægur hluti hins daglega lífsviðurværis. Þannig fléttast mjög saman hagsmunir bænda og neytenda, en neytendur eru auðvitað allir landsmenn. Nú geta bændur ekki axlað meira af byrðunum, þeirra hlutur er búinn að vera langminnstur allt of lengi. Varla er enn hægt að skerða hann. Nú standa þeir frammi fyrir þeim vanda, hvernig þeir eigi að reyna að leysa út áburðinn á komandi vori. Mega þeir ekki alveg eiga von á annarri gengisfellingu næsta haust og þá annarri skuldafúlgu á bakið, er taka verður erlendan víxil fyrir áburðarkaupum, eins og gert var síðast, þannig að sagan endurtaki sig nákvæmlega?

Það er sama, hversu margar skýrslur eru fluttar, sem eiga að sanna það, að allir erfiðleikarnir stafi frá máttarvöldum, af verðfalli og aflaleysi, menn trúa því ekki, að betur hefði ekki mátt stjórna á veltitímanum. Það er ekki hægt að fá mann með heilbrigða skynsemi til að trúa því, að ekki hefði mátt með skynsamlegum stjórnarháttum nota feng góðæranna betur, þannig að við stæðum nú betur að vígi til að mæta erfiðleikunum, að ekki hefði mátt treysta betur grundvöll atvinnuveganna og leggja grundvöll að fjölbreyttari atvinnuháttum, sem væru minni sveiflum háðir, byggja t. d. upp heilbrigðan, innlendan iðnað í stað þess að leggja hann í rúst.

Eða hvað má segja um ástandið í heilbrigðismálum, skólamálum eða vegamálum? Bendir það til þess, að tækifæri góðæranna hafi verið rétt notuð? Ef ég hef skilið rétt skýrslu þá, sem hæstv. forsrh. las hér upp í upphafi þessara umr., þá urðu bæði þjóðarframleiðsla og þjóðartekjur reiknaðar á hvern landsmann svipaðar árið 1968 og þær voru 1962–63. Nú held ég, að það mætti leita með logandi ljósi meðal allra starfstétta og manna í öllum greinum atvinnulífsins án þess að finna nokkurn einasta atvinnurekanda eða launþega, sem ekki teldi stöðu sína hafa verið erfiðari á s. l. ári en hún var á fyrrnefndu tímabili. Og útlitið nú er uggvænlegra en það var þá. Og hver vildi skipta á útlitinu nú og því, sem var t. d. á vinstristjórnartímum? Þetta finna menn ofurvel. Menn finna sárt til þess, hvernig þjóðin hefur gloprað að miklu leyti úr höndum sér tækifærum góðæranna, tækifærum til að treysta efnahagslegt sjálfstæði sitt og búa í haginn fyrir framtíðina. Og þó er það enn verra, hve þessi mistök, þessi ranga stjórnarstefna, hefur dregið úr bjartsýni fólksins, úr trú þess á mátt sinn og möguleika íslenzku atvinnuveganna, lamað trú þess á framtak einstaklinga og félagsheilda. Þetta trúleysi mun tefja mest fyrir endurreisninni, þegar hún loksins kemur, sem vonandi verður. En langhættulegast er það þó, að stjórnin sjálf virðist vera algjörlega vonlaus og trúlaus á það, að við getum lifað hér mannsæmandi lífi á eigin atvinnurekstri.

Það er vegna þessa trúleysis og áberandi undirlægjuháttar við erlend völd, sem stjórninni er vantreyst svo mjög til samningagerða við erlenda aðila, hvort sem verið er að semja við erlenda auðhringa til framkvæmda hér eða athuga tengsl við alþjóðabandalög. Fólkið er hrætt við að treysta þessum trúlausu mönnum fyrir fjöreggi þjóðarinnar, sjálfstæðinu. Framsóknarmenn eru ekki á móti því að leita samvinnu við erlent fjármagn til að byggja upp atvinnutæki hér á landi, þegar það á við og þegar mannsæmandi samningar nást og þegar þeir eru innan þeirra marka, að engin hætta geti talizt á því, að hagsmunir hins erlenda fjármagns taki af okkur ráðin, hvorki í smáu né stóru. Á sama hátt eru framsóknarmenn engir einangrunarsinnar gagnvart samvinnu milli þjóða, en þeir vilja ekki heldur á því sviði hætta því, sem okkur er dýrmætast af öllu, bæði efnahagslegu og menningarlegu sjálfstæði.

Við getum í þessu sambandi bæði lært af eigin reynslu og annarra þjóða eða þjóðarbrota. Við fengum sjálfstæði, þó að Danir og ýmsir úrtölumenn innlendir teldu okkur óhæfa til að lifa hér efnahagslega sjálfstæða. Þó komu framfarirnar einmitt með sjálfsforræðinu. Aðrar smáar þjóðir hafa lifað í sambandi við eða undir handarjaðri stærri þjóða, svo sem keltnesku og norrænu þjóðarbrotin á útskögum og eyjum Bretlands. Þeir hafa fengið að kenna á því, hvernig gæði landa þeirra hafa verið nýtt, en arðurinn sogazt inn til miðstöðva stóru heildanna, en þeir staðið fátækir eftir. Þetta er það, sem Walesbúar eru nú að benda á, og þetta hafa Skotar bent á. Í þessum landshlutum byrjar fyrst atvinnuleysi á Bretlandseyjum. Jafnframt hafa þeir tapað hluta af sínu bezta fólki inn til stóru heildanna. Þetta viljum við ekki að gerist hér, hvorki frá landinu í heild né innanlands á milli landshluta. Því viljum við heilbrigða íslenzka stefnu í efnahagsmálum, atvinnu- og viðskiptamálum, og því viljum við jafnvægi á milli byggðanna í landinu.

Hæstv. viðskmrh. tekur sér það fyrir hendur í hverri ræðunni á fætur annarri, þegar hann ekki er að kenna kaupmönnum búfræði, að sanna það, að stjórnarstefnan sé hin eina rétta framfarastefna, en stefna stjórnarandstöðunnar og sérstaklega framsóknarmanna úrelt afturhaldsstefna. Ekki skal ég fara að karpa hér um það, hvort telst frekar til framfara eða afturhalds að láta allt reka á reiðanum undir yfirskini frelsis, láta blind stundargróðasjónarmið ráða því, hvernig fjármunum er varið, en ekki skynsamlegt mat á því, hvað er heildinni fyrir beztu, í bráð og lengd, að láta fégjarna spákaupmenn og það, sem þeim tekst með auglýsingaskrumi að fá fólkið til að kaupa, ráða miklu um það, hvernig gjaldeyrinum er varið, í stað þess að meta það eftir beztu manna yfirsýn, hvernig hyggilegast sé að verja honum. Ekki má nefna skynsamlega stjórn hlutanna og taka það fram yfir, sem gagnlegast er. Þá er hrópað: höft, höft, höft. Þegar harðnar á dalnum og ekki er nóg til skiptanna, þá á ekki að velja úr og verja fjármununum og gjaldeyrinum til þess nauðsynlegasta, heldur er skorturinn gerður að skömmtunarstjóra. Þannig á það að vera á öllum sviðum.

Ef þetta er hin nýja framfarastefna Alþfl., þá er ekki nema von, að mörgum virðist hann nú vera í meinlegri villu. Þá er heldur ekki von, að ráðh. flokksins sjái það, sem allir aðrir sjá og ég nefndi í upphafi, að stjórn þeirra væri á rangri leið. En ungir menn í forystu Alþfl. hafa þó bent á þetta, fleiri en einn, í greinum í Alþýðublaðinu, og þeir hafa, að ég held, gert um það samþykkt, að frá þessari stefnu verði að víkja. En ekkert stoðar, ráðh. sjá ekki villu síns vegar. Þetta geta þeir ef til vill skilið, sem hafa kynnzt því, þegar menn villast í hríðum og dimmviðri. Fyrir kemur þá, að þeir þekkja ekki alkunn kennileiti, og þeir taka ekki heldur ráðleggingum samferðamannanna, sem vilja benda þeim á rétta leið. Og sagt er, að villa geti orðið svo römm, að menn átti sig ekki á straumi fallvatna og telji, að vatnið renni upp í móti. Á því stigi villunnar virðast mér ráðh. Alþfl. nú vera, svo dimmt virðist orðið á þeim í herleiðingunni. Verður þá skiljanlegt, hvers vegna hæstv. ráðh. leggur sig svo mjög í líma við að sanna, að vatnið renni upp í móti brekkunni, að framfarir séu afturhald og öfugt.

En hví er ég að ræða um þetta? Það, sem búið er og gert, verður ekki aftur tekið. Það, sem máli skiptir, er: Hvernig komumst við út úr vandanum? Það gerum við aðeins með aukinni bjartsýni, með nýrri framfaratrú.

Hún þarf að skapast með samheldni allra þjóðhollra framfaraafla. Það verða nýir kraftar að koma til, ungir og framsæknir menn verða að taka við af þeim eldri, sem þreyttir eru orðnir af langri stjórnarsetu, og til þessa verður stjórnin að fara frá. Hún er bæði trúlaus sjálf og á enga tiltrú. Það er fyrsta skilyrðið til þess, að hægt sé að vekja bjartsýni hjá fólki, þá bjartsýni, sem nauðsynleg er til þess, að við losnum út úr erfiðleikunum, nauðsynleg til þess, að við getum hafið hér nýja uppbyggingarstefnu, sanna viðreisnarstefnu á rústum þeirrar, sem með háðsmerkjum hefur verið kölluð viðreisn að undanförnu. Við eigum til þessa nógan mátt, nóg efni, unga menn og ótrauða í mörgum flokkum, aðeins ef kraftarnir verða sameinaðir og það þarf að gera með nýjum kosningum. Þess vegna ber hæstv. ráðh. að sýna þá þjóðhollustu og fólkinu þá góðvild, því að ég efast hvorki um að þeir vilja vel né vilja vera þjóðhollir, að segja af sér hið bráðasta.

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. Mér þykir stórum miður, en ég sé hvorki hæstv. forsrh. né heldur viðskmrh., því að til þeirra vildi ég beina nokkrum orðum. Skyldi ekki geta verið, að þeir séu hér í alþingishúsinu? **(Forseti:** Ég held, að þeir séu ekki í húsinu. Þeir eru held ég annars staðar.) Það var stórum verra, en hér er þó einn ráðh., og ef til vill mætti ég biðja hann að skrifa hjá sér þær fsp., sem mig langar að flytja fram fyrir hæstv. stjórn.

Þegar hugsað er og talað um efnahagsmál, er ekki óeðlilegt, að þar á meðal íhugi menn fjárhagsaðstöðu þjóðarinnar gagnvart öðrum löndum, og um það efni eru þessar fsp., sem mig langar að biðja hæstv. ráðh., sem hér er að taka til athugunar og úrlausnar fyrir mig. Það er þá í fyrsta lagi: Hvað námu skuldir þjóðarinnar við önnur lönd mikilli fjárhæð við síðustu áramót, reiknaðar í ísl. kr. með núverandi gengi, í fyrsta lagi föst lán og í öðru lagi lausar skuldir? Og þá er hin spurningin þessi: Hvað er talið, að afborganir og vaxtagreiðslur af föstum erlendum lánum nemi miklu í ísl. peningum árið 1969? Ég get tekið þessa spurningu upp aftur fyrir hæstv. ráðherra: Hvað er talið, að afborganir og vaxtagreiðslur af föstum erlendum lánum nemi miklu í ísl. peningum árið 1969? Nú væri mér ákaflega kært, ef hæstv. ráðherra gæti hlutazt til um, að svör fengjust við þessum spurningum við þessa umræðu, áður en henni lýkur. Ég tel víst, að þessar upplýsingar séu fyrir hendi í stjórnarráðinu eða hjá tölvunni, sem er talin fjölvís, og mætti hafa símasamband við hana, jafnvel þó að nokkuð sé orðið áliðið dags, ef hún verður fyrir valinu, þegar leitað er að aðila til að svara þessu.

Hv. 5. þm. Vesturl. flutti ræðu hér í dag. Hann virtist vera mjög hrifinn af viðskipta- og efnahagsmálastefnu stjórnarinnar. Ég ætla aðeins að bregða hér upp með örfáum orðum einu dæmi af því, hvernig þessi stefna er í framkvæmd. Ég hef reyndar minnzt á það áður. Árið 1968, sem nú er nýliðið, keyptu Íslendingar vörur af Dönum og Norðmönnum fyrir samtals 1450 millj. kr., en seldu þessum tveimur þjóðum vörur fyrir 235 millj. Mikið af þessum vörum, sem við keyptum frá Dönum og Norðmönnum, voru iðnaðarvörur, sem mjög auðvelt var að framleiða hér á landi. Með þessu háttalagi hefur því hæstv. ríkisstj. verið að flytja vinnulaun, sem nema mörgum hundruðum millj. kr., frá íslenzkum mönnum til útlendinga. Þetta hefur nú verið eitthvað svipað þessu, árin á undan, viðskiptin við þessa granna okkar. En þegar gjaldeyri þrýtur til þess að halda uppi þessum viðskiptaháttum, þá eru stjórnin og hennar menn ekki aldeilis á flæðiskeri staddir. Ó nei. Þeir senda fulltrúa á ráðstefnu suður í löndum, þar sem mættir eru menn frá ýmsum þjóðum. Þeir fara þangað með samskotabauk og biðja annarra þjóða menn auðmjúklega að hjálpa sér nú í vandræðum og skjóta saman peningum, svo að þeir geti haldið uppi áfram því, sem þeir kalla viðskiptafrelsi hér á þessum hólma. Og þegar góðhjartaðir menn í öðrum löndum aumkast yfir þessa vesalinga hér norður frá og láta í það skína – **(Gripið fram í:** Hvar og hvenær hefur þetta verið gert?) Þetta er öllum kunnugt. Staðar-Gunna stjórnarinnar hlýtur að vita þetta eins og aðrir á heimilinu. Þegar látið er í það skína af útlendingum, að þeir séu nú til með að hlaupa undir bagga með þessum vesalingum hér, þá standa fulltrúar ríkisstj. á ráðstefnunni upp og hneigja sig djúpt og flytja innilegar þakkir fyrir aðstoðina. Það er nú ekki hærra risið á þeim en þetta, ríkisstj. og hennar stuðningsflokkum á Íslandi um þessar mundir. Svo kemur hv. 5. þm. Vesturl. í þennan ræðustól og flytur hér lofgerðarrollu um þennan ræfildóm stjórnarinnar, eftir því sem rómur hans og orka leyfa.

Hæstv. forsrh. flutti hér í upphafi skýrslu, alllanga og ítarlega skýrslu um efnahagsmálin, sem mér skildist, að væri samin af Efnahagsstofnuninni. Nú er dálítið slæmt, að hæstv. ráðh. skuli ekki vera við. Ég ætlaði að segja það við hann, að vegna þess að hann er góður íslenzkumaður, svo sem faðir hans var, þá ætti hann, áður en hann flytur fleiri skýrslur á Alþingi frá vissum embættismönnum, að lesa þær yfir og þýða þær á íslenzku. Ef hann gerði það, hæstv. ráðh., þá þyrftum við þm. ekki að hlýða á orð af hans vörum eins og t. d. þessi: „Í því umfangi.“ Þetta var eitt af því, sem hann sagði og las upp úr skýrslunni. Nú veit ég vel, að hæstv. forsrh. hefur í mörg horn að líta, og það er þess vegna ekki víst, að hann geti sjálfur þýtt þessi plögg, því að þetta eru langar skýrslur. Það er ekki víst, að hann hefði tíma til þess, þó að hann væri allra manna hæfastur til þess að þýða þetta á okkar tungu. Þá gæti hann trúlega fengið einhvern annan mann, sem væri góður í móðurmálinu, til þess að gera þetta. En þetta er mikið nauðsynjaverk. Þetta er aðeins vinsamleg ábending frá mér til hæstv. forsrh.

Sverrir Júlíusson: Herra forseti. Tilefni til þessarar umr. var skýrsla forsrh. um efnahags- og atvinnumál. Það verður ekki annað sagt en þm. hafi farið mjög vítt og breitt í umr. um þessi mál, og ætla ég þá einnig að fara kannske út fyrir þrengsta hring þessara mála og vil þá í upphafi byrja á því að leiðrétta hér missögn hv. þm. frá því á fundinum, sem var hér aðfaranótt þriðjudagsins í síðustu viku. Það var þá verið að afgreiða mál, sem var samkomulag um að hafa stuttar umr. um og það væri þá hægt að ræða og rífast um málin almennt síðar einmitt undir þeim dagskrárlið, sem nú er, þ. e. a. s. umr. um efnahags- og atvinnumálin. En þessi hv. þm. er 4. þm. Austf., og ég veit, að hann vill ekki láta það standa í þingtíðindunum, að hann hafi farið með rangt

mál eða rangar tölur, maður, sem er jafnkunnugur sjávarútvegsmálum eins og hann er, því að ég er sannfærður um það, að vísvitandi hefur hann ekki farið með rangt mál. En hann sagði við þetta tækifæri, að Færeyingar byðu fyrir loðnu 17 aura eða um 2 kr. íslenzkar. Nú hef ég hér í höndunum skeyti frá Hafsbrún í Fuglafirði, sem er verksmiðja, sem hefur keypt af Íslendingum, þar sem þeir segja, að þeir muni kaupa loðnu fyrir 11 aura kg. Þetta sé gert í tilraunaskyni, þar sem þeir hafi aldrei keypt loðnu áður, og einnig í símtali við þá sögðu þeir, að þeir reiknuðu með búkfitu, sem væri við Norður-Noreg, eða 6–7%. Nú er það svo, að það er talsverður munur á þessu, 11 aurum dönskum og 17 aurum. Þess vegna vildi ég, að þessi leiðrétting kæmist inn í þingtíðindin. Ég hef utan fundar sagt þessum hv. þm. einmitt frá þessu, og sagði hann þá: „Ja, þá hafa þeir ekki sagt mér rétt frá.“ En það vil ég segja í framhaldi af þessu, að það var einmitt verið að ákveða loðnuverð um þessar mundir hér, þó að það lægi ekki fyrir þessa nótt, sem ég vitna í, heldur var það nokkru síðar, og hækkaði þá loðnuverðið um 50% til skipta frá því, sem það var í fyrra. Það er alveg rétt, að það er engan veginn jafnhátt því verði, sem Færeyingar bjóðast til að borga í tilraunaskyni, en við vitum það af reynslu undanfarinna ára, að það er 2½–3% fita, sem kemur úr loðnunni, þ. e. a. s. endanlega. Vissulega er búkfitan hærri, en þetta eru staðreyndir.

Ég sé einnig ástæðu til þess að leiðrétta það, sem hv. 6. þm. Reykv. sagði einmitt á þessum sama fundi og var það einmitt umr. um lögfestingu á miðlunartill. Sagði hann, að íslenzkir útgerðarmenn greiddu ekki nema lítinn hluta eftir þær breytingar, sem eru orðnar á skiptakjörum vegna ráðstafana vegna sjávarútvegsins, sem samþ. voru í desember. Það var ekki nema lítill hluti, og ég held, að ég fari rétt með, þegar hann sagði, að það munaði allt að ⅓. Ég lét af þessu tilefni gera fsp. um það, því að það er vissulega sambærilegt, hvað sjómenn á brezkum togurum svo og þýzkum hefðu mikinn hluta af brúttóaflanum, og er með í höndunum skeyti, þar sem segir, að miðað við 10 þús. punda sölu hefur mannskapurinn á togara 35.5% eða 3550 pund. En það skal tekið fram í þessu sambandi, að á brezku togurunum eru ekki nema 20 menn, þeir eru ekki nema 20. En á íslenzku togurunum eru þeir upp í 32. Ég hef einnig hér skeyti frá Cuxhaven, þar sem segir, að mannskapurinn hafi á togurunum um ⅓ af brúttósölunni. Nú er ég hér með uppgjör á sama togaranum bæði fyrir sölu í Þýzkalandi og einnig í Bretlandi. Og er þá miðað við þær breytingar, sem hafa orðið á, eftir að lögin koma til framkvæmda, sem ég minntist á áðan. Ef reiknað er með af brúttósölu, þ. e. a. s. ekki tekið tillit til þess tolls, sem íslenzkir togarar verða að borga, þá er það miðað við söluna í Þýzkalandi mjög álíka eða 32.63%. En sé tekið tillit til 15% tolls í Þýzkalandi, þá er þetta 38.14% til skipverja. Mér sýnist, að þarna þoli þetta samanburð, og til viðbótar vil ég segja það, að ég er hér með sölu einmitt fyrir sama togara í Bretlandi, og eins og ég sagði áðan, var það um 35½%, ef ég reikna með brúttósölu þar, er það 35.23%, sem fer til skipverja, en sé dregið frá, eins og ég sagði áðan, 15% tollur, og því til viðbótar er vissulega útlagður kostnaður eins og löndunarkostnaður, en við skulum sleppa því, þá er þetta 41.4% til skipverja. Þetta sýnir, hvað íslenzk skip, sem að staðaldri sigla með afla sinn til útlanda, greiða eftir þær breytingar, sem nú hafa verið gerðar af Alþingi, og þá er þetta mjög sambærilegt. Ef íslenzkur togari aflar fyrir íslenzkan markað og landar hér heima, þá er greiðslan til skipverja, þegar búið er að taka tillit til greiðslu í stofnfjársjóð og þeirra 17%, sem er vegna hækkunar vegna gengisbreytingarinnar, þá verða það 39.6%. Mér virðist þetta sýna það, að þetta þoli einmitt mjög vel samanburð. Ég er einnig með hér uppgjör yfir 300 rúmlesta bát, sem reiknað er með 3000 lestum af bræðslusíld, og útkoman sýnir það, að þegar tillit er tekið til þeirra breytinga, sem nú hafa verið gerðar, eru kjörin og sá hluti, sem til skipverjanna fer, mjög áþekkur því, sem er í Noregi eftir þeim síðustu upplýsingum, sem ég hef þaðan, eða milli 37 og 38% í báðum tilfellunum. Ég vil einnig taka fram, af því að það er farið að ræða um þetta svo mjög og vegna þess, að blöð stjórnarandstöðunnar og þá sérstaklega Þjóðviljinn hafa rætt um það, að við þær ráðstafanir, sem gerðar hafa verið, mundi hlutur sjómanna lækka, og þá var ekki hægt að skilja orð Þjóðviljans á annan hátt en þann, að það væri í krónutölu, að ef tekið er tillit til fæðisins, eftir að reiknaður hefur verið inn í það sá fæðiskostnaður, sem samið var um í samningunum, þá nemur hækkunin 22.2%. Þjóðviljinn ræddi um, að þetta, það tilboð, sem var verið að ræða um á sínum tíma, þýddi 30% kjaraskerðingu, en varð svo eftir nokkra daga að éta það ofan í sig, á slæmri íslenzku, þegar sýnt var fram á, að þeir hefðu ekki tekið tillit til allra aðstæðna í útreikningunum.

Þetta er viðvíkjandi síldveiðunum, sem sýnir það, að þegar þessar breytingar hafa verið gerðar, lítur dæmið þannig út. Ég hef hér einnig upplýsingar um, hvernig útkoman er á vélbát, 100 rúml. vélbát, sem aflar fyrir 2 millj. 860 kr. eða 650 lestir, og sýnir útkoman það, að eftir þessar ráðstafanir, sem gerðar hafa verið, og þá fiskverðshækkun, sem varð núna um áramótin, nemur hækkun til skipverja, þegar tillit er tekið til fæðisins, 19.7%. Mér fannst rétt, að þetta kæmi fram, vegna þess að það er ekki eingöngu við þær umr., sem fram fóru á aðfaranótt þriðjudagsins, heldur einnig í þessum umr. sem komið hefur mjög fram, að þær breytingar, sem gerðar voru af Alþ. nú í haust í sambandi við hlutaskiptin og stofnfjársjóðinn, að það hafi verið orsök sjómannaverkfallsins, og vitna ég þá í orð hv. 3. þm. Norðurl. v., form. Framsfl., Ólafs Jóhannessonar, þar sem hann sagði, að breytingar á hlutaskiptum hefðu verið orsök sjómannaverkfallsins. Það skal ég ekki um segja, hvort það hefur verið alveg grunntónninn í þessu. Það getur vel verið, að hann hafi þar rétt fyrir sér, en því verðum við að gera okkur fyllilega grein fyrir, að þegar um jafnmiklar breytingar er að ræða eins og með þeirri gengisbreytingu, sem gerð var í haust, voru engir möguleikar fyrir því, að sú hækkun, sem varð, færi öll út í fiskverðið, án þess að tillit væri tekið til þeirrar uppbótar, sem áður var greidd. Við vitum, að bæði þessi gengisbreyting og þær gengisbreytingar, sem hafa verið gerðar áður, hafa verið til þess að leysa af hólmi uppbótakerfið, og er það því engin nýlunda. En ég skal svo ekki halda mig meira við þessar umr., sem fram fóru á aðfaranótt þriðjudagsins, en vildi segja almennt

nokkur orð í sambandi við atvinnumálin í það minnsta.

Það fer ekki á milli mála, að það áfall, sem íslenzka þjóðin hefur orðið fyrir á árunum 1967–1968, hlýtur að koma við alla landsmenn. Við erum öll á sama báti, og þess vegna er alveg ómögulegt fram hjá því að ganga, að þær byrðar, sem af þessu leiðir, hljóta að koma niður á okkur öllum. Í skýrslu hæstv. forsrh., sem hann las, og hans ræðu kom einmitt skýrt fram, hvað áföllin hafa verið mikil á þessum árum, og nægir í því sambandi að benda á, að ef miðað er við útflutningstekjur, þá er þar um helmingslækkun að ræða frá því, sem var á árinu 1966. Það gefur því auga leið, að það eru ekki aðeins þeir, sem næst framleiðslunni standa, sem verða að spenna að sér ólina. Það er útilokað, að við getum farið í nokkurn sjóð, þar sem við getum sótt það, sem á vantar. Ég vil í þessu sambandi einmitt benda sérstaklega á ræðu hv. 12. þm. Reykv., þar sem hann benti á það hér á föstudagskvöldið, að það væri – eða spurði öllu heldur um það, hver væri aðilinn, sem gæti greitt mismuninn á því, sem atvinnuvegirnir geta greitt, og því, sem fólk þarf að fá til þess að geta lifað við sömu kjör eins og hefur verið á síðustu árum. Ég hef ekki heyrt hv. framsóknarmenn svara þessum spurningum. Þó hef ég reynt að fylgjast með þessum umr. mjög nákvæmlega. En það eru gömul og ný sannindi, að það er ekki hægt að skipta upp meira en aflast. Og þegar hlutirnir ganga þannig fyrir sig, og því miður verðum við að ganga út frá því í okkar landi, að atvinnulífið gangi upp og niður, verðum við að sætta okkur við það, sem til skiptanna er.

En er nauðsynlegt að fara þannig að, eins og nú er áformað hjá atvinnurekendum, bæði hinu frjálsa framtaki svo og samvinnuhreyfingunni og ríkisvaldinu, að greiða ekki verðlagsuppbót nú 1. marz? Ég held það, að það fylgi því, að við erum Íslendingar, og við erum áreiðanlega öll mjög ánægð með það og gleðjumst oft vegna þess, en það fylgir því einnig að verða að taka á sig þau óþægindi, sem af þessu leiðir, og meðan við höfum ekki tryggari atvinnurekstur en við höfum í dag, þá verðum við að sætta okkur við þau kjör, sem undirstöðuatvinnuvegirnir geta boðið.

Ég vil segja það, að vissulega gerðu stjórnarflokkarnir og ekkert síður stjórnarandstaðan sér fulla grein fyrir því, að það var við mikinn vanda að fást í haust, þegar sást fram á það, að mikið aflaleysi var á síldveiðum, aflaleysi 2 ár í röð í vissum landshlutum í sambandi við bolfiskveiðar, og til viðbótar kom verðfall á útflutningsafurðum okkar. Og þær skýrslur, sem jafnt fulltrúar stjórnarandstöðunnar sem og stjórnarflokkarnir fengu, báru það með sér, að ef átti að afnema uppbótakerfið, sem byrjað var á, þurfti að færa á milli 1400–1700 millj. kr., eftir því við hve mikið aflamagn var miðað. Þetta gat að sjálfsögðu ekki farið fram öðruvísi en þetta kæmi víða við og menn fyndu fyrir því. En ég vil benda á þá uppbyggingu, sem hefur orðið á síðustu árum og þá sérstaklega við sjávarsíðuna. Fiskiskipaflotinn hefur margfaldazt. En það má vissulega um það deila, hvort það hafi nákvæmlega verið hin réttu skip, sem hafi verið keypt til landsins á þessum síðustu árum. En einmitt þeir, sem mesta dugnaðinn og áræðið hafa sýnt í sambandi við það, leituðu einmitt eftir stærri skipunum, og núna á líklega svona 5–6 árum hafa skip yfir 100 lestir fjórfaldazt að tölunni til hjá okkur. En það er nú þannig, að ef rekstur á að ganga, þarf til þess bæði vinnuafl og einnig fjármagn. Og það er náttúrlega alveg útilokað, að það sé hægt, að á góðum árum geti fiskiskipin ekki einu sinni greitt niður sín stofnlán. Þess vegna var í fyrra farið inn á það að stofna svokallaðan stofnfjársjóð, sem að mínu viti verður mjög til hagræðis í sambandi við allan rekstur í framtíðinni, ef atvinnuvegirnir ganga eðlilega.

Vissulega hafa komið fram margar staðhæfingar og ekki allar rökstuddar í sambandi við þær ráðstafanir, sem hafa verið gerðar í þessum málum, og mér dettur ekki í hug að halda því fram, að það hafi ekki bæði í atvinnumálum, í gjaldeyrismálum og öðrum átt sér stað mistök, sem hefði verið æskilegra, að öðruvísi hefði verið að staðið. En í heild held ég, að við verðum að viðurkenna það, að þannig hefur verið á málum haldið af núv. ríkisstj., að þeir, sem hafa haft ráðin og hug og vilja og fjármuni til þess að fara í framkvæmdir, hafa fengið til þess tækifæri, þótt ég viðurkenni það, að í sumum tilfellum hafa orðið mistök. En það hafa alltaf skeð mistök í þessum málum, og ég get aðeins minnzt á nýsköpunarráðið hér forðum, sem allir fjórir þingflokkarnir áttu sæti í. Hvað ætli það hafi verið mörg sett af vélum til þess að prjóna nærföt, sem voru fluttar inn í landið fyrir áeggjan þessara manna, þar sem einmitt skipulagningarpostularnir hafa fyrst og fremst verið? Það voru hvorki meira né minna en 6 sett af svokölluðum „interlockvélum" til þess að prjóna nærföt fyrir Íslendinga, þótt hvert sett hefði getað annað þörf Íslendinga. Þetta er aðeins dæmi um það, að það er mjög oft, sem mistök eiga sér stað í sambandi við þessi mál.

Ég gæti vissulega sagt ýmislegt í sambandi við bæði innflutningsmál og annað, og þótt ég sé ekki sammála hv. 12. þm. Reykv. um allt, sem hann hefur sagt í þeim málum, þá er ég í stefnuatriðunum algerlega sammála um það, að frelsi í innflutningsmálum er einmitt nauðsyn til þess að hlutirnir fái að þróast, þó að það sé vissulega á því sviði hægt að fara út fyrir mörkin eins og einnig í því, ef um höft eða leyfaveitingar er að ræða. Úr því að ég fór nú út í þetta, vil ég aðeins segja það, að í gegnum þau kynni og það starf, sem ég hafði einmitt í þessum málum, þá held ég, að ég verði að segja það, að yfirleitt hafa það verið samvizkusamir og ágætir menn, sem þar hafa starfað samvizkusamlega, en mistök hafa eflaust getað átt sér stað. En ég man lengra en til daga viðskiptaráðsins. Ég man líka eftir því, þegar hv. 1. þm. Norðurl. v. var formaður Innflutnings- og gjaldeyrisskrifstofunnar. Það var í fyrsta skipti, sem ég hitti þann mann, og þá var hann í því sæti, og ég man vel og mun áreiðanlega muna, á meðan ég lifi og held svona sæmilega óbrjálaðri hugsun, þá mun ég muna eftir þeim svörum, sem ég fékk frá þeim hv. þm. Það er því náttúrlega ákaflega auðvelt fyrir hv. framsóknarmenn að segja, að Magnús heitinn Jónsson prófessor hafi borið ábyrgð eða verið höfuðpostulinn í því haftakerfi, sem var 1947. Við munum bara lengra, sem erum komin til vits og ára, og ég gæti haldið langa ræðu um þetta. En þetta er nú kannske að fara út fyrir efnið, en það er þá, eins og ég sagði í upphafi, sama og fleiri þm.

hafa gert. Þeir hafa yfirleitt farið langt út fyrir það, sem er til umr.

Þingmenn stjórnarflokkanna gerðu sér alveg fyllilega grein fyrir s. l. haust, að vandinn var sá að reyna að tryggja það, að allir hefðu atvinnu. Og það fer ekki á milli mála, að við verðum þannig að búa að undirstöðuatvinnuvegunum, að þeir geti gengið. En vissulega, þegar mikil áföll eiga sér stað eins og hefur orðið á síðustu árum, þá eru ýmsar greinar, sem lamast, vegna þess að fjármagnið brestur og ýmislegt fleira, sem kemur til greina. Ég vil alveg fullyrða það, að það var ekki rétt, sem hv. 11. þm. Reykv., Einar Ágústsson, sagði, að óvissa um rekstrarlán til útgerðarinnar og í sambandi við hana hafi tafið fyrir lausn sjómannaverkfallsins. Það er alveg rangt. Ég var formaður þeirrar n., sem fjallaði um þessi mál við bankana og ríkisvaldið frá því í desember, og það lá alveg ljóst fyrir, að í byrjun janúar mundi verða hækkun á þessu. Einnig var það alveg ljóst, hvert fiskverðið mundi vera, og það var að beiðni fulltrúa sjómanna og útgerðarmanna, að þetta var ekki gefið út fyrr en eftir að verkfallinu lauk. Það vita allir, sem fylgjast með þessum málum, að það var þáttur í því að leysa sjómannaverkfallið, einmitt það atriði, að hluti af fæðinu væri tekinn af óskiptu, og ég fullyrði því og tel mig hafa þekkingu til þess að fullyrða það, að þetta er ekki rétt ályktun hjá þm. En ég sagði áðan, að þm. stjórnarflokkanna og hæstv. ríkisstj. gerðu sér fulla grein fyrir því, að það þyrfti að gera allt, sem mögulegt væri, til þess að atvinnuvegirnir gætu gengið, og hún hafði fullan vilja til þess að greiða úr þeim málum, sem þurfti, til þess að svo gæti orðið.

Ég vil nú ekki sérstaklega fara að lýsa skoðun minni um það, hvað hafi raunverulega verið þess valdandi, að sjómannaverkfallið leystist svona seint. En það má kannske segja það, að aðili í samninganefnd skipstjóra, sem er varaþm. Alþb., skrifaði 4 árum seinna undir samning, sem hans félag gerði, 4 árum seinna en samningurinn var gerður. Það bara sýnir, hvernig og með hvaða hug hann hefur gengið til verks bæði þá og nú.

Þegar ég bað um orðið var það til þess að reyna að leiðrétta ýmislegt, sem kom fram hér fyrr á Alþingi. En það mætti vissulega æra óstöðugan, ef ætti að leiðrétta allar þær firrur, sem koma fram fyrr og síðar, og ég segi fyrir mig, að ég læt oft undan þeirri freistingu að þegja yfir því, þó að það væri full ástæða til þess að gera það. Og eru það þá ekki margir, sem eru undanskildir af stjórnarandstöðunni, þegar þeir eru í þeim ham.

Um atvinnumálin er það að segja, að það er mín skoðun, að það þurfi að fara vandlega ofan í kjaramál til þess að afstýra því, að nýtt verkfall skelli á nú, þegar samningar eru byrjaðir milli Vinnuveitendasambandsins og Alþýðusambandsins. Ég tel og er sammála einum, ja, háttsettum verkalýðsleiðtoga, þegar hann sagði það í mín eyru ekki alls fyrir löngu, að mesta glappaskotið, sem alþýðusamtökin hafa gert, er einmitt það, þegar sett var 50 og 100% álag á dagvinnuna miðað við eftirvinnu, næturvinnu og helgidagavinnu. Ég er með fyrir framan mig rit, sem skýrir frá því, hvernig þessu er háttað í nágrannalöndum okkar, og oft er vitnað í það, hvernig kaupið sé þar og þess háttar. En t. d. í Danmörku er fyrsti eftirvinnutími borgaður með 25%, næsti með 33½% og þar næsti 50% álagi eða að meðaltali 36%. Í Noregi eru tveir fyrstu tímarnir greiddir með 25% álagi og önnur yfirvinna með 50%. Þetta er svipað og var hjá okkur skömmu eftir stríðið. Aftur á móti er helgidagavinna í Noregi reiknuð með 100% álagi. Sama má segja um Svíþjóð. Tveir fyrstu eftirvinnutímarnir eru reiknaðir með 35%, þriðji tíminn 75%, en helgidagavinna 100%. Vissulega er það svo, að síðan 1964 hefur verið stefnt aðeins í þessa átt, og ég held einmitt, að það sé nauðsynlegt að grandskoða þetta nákvæmlega, einmitt þetta kerfi, og á þann hátt stuðla að því, að rauntekjur manna verði meiri, því að þegar syrtir í álinn og allir verða að horfa í hverja krónu, sem þeir láta út, láta þeir að sjálfsögðu síður vinna eftir- og næturvinnu með því álagi, sem er. Ég þykist hafa alveg fullan skilning á þörf þeirra, sem lág laun hafa, og ég verð að segja það, að á mínum yngri árum gagnrýndi ég mjög oft Alþýðusambandið fyrir afstöðu þess gagnvart hálaunamönnum, því að það var mjög oft, sem Alþýðusambandinu var beitt til þess að hækka laun þeirra, sem betur voru settir, bæði múrara og annarra, og gekk í vatnið þeirra vegna.

Nei, það fer ekki á milli mála, að við þurfum að vinna sameiginlega að því, að atvinnuvegirnir geti gengið. Ef við horfum aðeins til baka miðað við það, sem hefur skeð á undanförnum árum, þá er það staðreynd, að á meðan vel gekk, var raunverulega meiru skipt upp en eðlilegt var frá atvinnuvegunum. En ég er að vona, að bæði þeir, sem eru vinstri sinnaðir, telja sig sósíalista og vinstri sinnaða, sjái það eftir þau áföll, sem við höfum orðið fyrir núna í atvinnumálum, að þá sé nauðsynlegt, að það séu byggð upp sterk atvinnufyrirtæki, sem séu þess megnug að taka skakkaföllum, sem hætt er við, að verði alltaf í okkar þjóðfélagi. Þeir, sem trúa á ríkisrekstur eins og Alþb.-menn, sem í daglegu tali eru náttúrlega kallaðir kommúnistar, gera sér nú ekki litla rellu út af þessu, því að lausn þeirra er ríkiskapítalismi, þar sem þeir ráða sjálfir, hvað greitt er fyrir vinnuna, og þar eru ekki leyfð verkföll eða sá óróri, sem af þeim leiðir. En við erum í lýðfrjálsu landi, og ég vona, að gifta Íslands verði það mikil, að einmitt þau öfl, sem vilja íslenzku þjóðinni bezt, fái að ráða í þeim málum, sem bíða úrlausnar, svo að íslenzka þjóðin geti búið við sæmilegt öryggi í atvinnumálum núna á næstu missirum. Vissulega þarf þjóðin þess með, að það gæti komið góður afli og atvinna gæti orðið sem mest, en ekki að steypa þjóðinni út í nýtt stríð með því að fara að deila um það, hverju á að skipta, því að það er vissulega, eins og ég sagði fyrr, þá erum við gæfusamir og teljum okkur hamingjusama að vera Íslendingar. En því fylgir vissulega sú kvöð, að við verðum að sætta okkur við það að geta ekki alltaf gert það, sem okkur langar til og sem við höfum vissulega getað veitt okkur í mjög ríkum mæli á síðustu árum vegna velgengni atvinnuveganna og vegna þess, að raunverulega hefur verið skipt upp meira en kannske skynsamlegt var, þar sem við eigum að heita að vera í kapítalísku landi, þó að það telji margir, að það sé dálítið blandað sósíalisma. En það er annað mál.

Ég skal svo ekki hafa þessi orð fleiri. Það er nú svo, að það eru orðnir fáir til þess að hlusta í hv. d. Það er nú það, að stjórnarandstæðingar hafa bæði við þessa umr.

og áður haldið mjög langar og miklar ræður, og það er náttúrlega ekki von, að þm. endist til þess að hlusta endalaust, þó að mér finnist, þó að það sé komið aðeins fram yfir 7, að það þyrfti að endurskoða þingsköpin svolítið í þá átt, að það væri spurning, hvort ætti að halda þingfundi áfram, þegar 2–3 aðilar eru orðnir eftir í þinginu. Og þar gæti ég verið sammála hv. 1. þm. Norðurl. v. um það, að það þyrfti endurskoðunar við. En þetta er nú annað mál. – [Fundarhlé.]

Ólafur Björnsson: Herra forseti. Þegar ég talaði hér á föstudaginn var, hóf ég mál mitt á því að benda á það, að meginuppistaðan í málflutningi stjórnarandstæðinga hefði í stuttu máli verið sú, að þeir tala um erfiðleika atvinnuveganna og að það hafi verið gerðar ófullnægjandi ráðstafanir þeim til hjálpar og þeir séu ekki aflögufærir. Í öðru lagi var mjög borin fram krafan um það, að greiða yrði áfram fullar vísitölubætur á laun, og svo í þriðja lagi, þar sem þessi krafa var borin fram, en jafnframt tekið fram, að atvinnuvegirnir væru ekki aflögufærir, var sú krafa gerð til ríkisstj., að hún brúaði bilið þarna á milli eða legði fram þá fjármuni, sem til þess þyrfti að greiða vísitöluuppbæturnar, og ef hún sæi slíkt ekki fært, ætti hún að fara frá. Allt það, sem sagt hefur verið hér í dag staðfestir þetta, og í rauninni hafa hv. stjórnarandstæðingar, þó að ýmsar hnútur hafi fallið í minn garð frá þeim, ekki vefengt þetta. Og allur málflutningur þeirra hefur hnigið í nákvæmlega sömu átt. Atvinnuvegirnir eigi í erfiðleikum, það þurfi að greiða fullar vísitöluuppbætur og þá fjármuni, sem til þess þurfi, eigi ríkisstj. að leggja fram. En ég spurði enn fremur: Þar sem ríkisstj. hefur nú ekki aðra möguleika til fjáröflunar en þá að leggja skatta á borgarana í einni eða annarri mynd, þá spurði ég: Hver er sá þriðji aðili fyrir utan atvinnurekendur og launþega, sem hægt er að leggja þessa skatta á? Nú er svo að vísu, að fyrir utan skattana getur ríkið auðvitað tekið lán. En ég trúi því varla, að nokkur maður með óbrjáluða skynsemi haldi því fram, að þegar um er að ræða greiðslu vísitöluuppbóta, eigi að afla fjár til slíks með lántökum. Það getur auðvitað komið til greina, ef um er að ræða fjáröflun til fjárfestingar, enda hafa hv. stjórnarandstæðingar, þó að margt í málflutningi þeirra sé fráleitt, ekki bent á lántökuleiðina.

Ég skoraði á þá að svara þessu og sagði, að það mundi verða eftir því tekið, ef þeir annaðhvort veldu þá leiðina að þegja eða svöruðu út í hött. Nú hafa verið ofurlitlir tilburðir, því skal engan veginn neitað, hjá hv. stjórnarandstæðingum að benda á leiðir í þessu sambandi, og á ég þar sérstaklega við hv. 11. þm. Reykv., sem svaraði þessu í stuttu máli og aðrir hv. framsóknarmenn a. m. k. hafa þar að nokkru tekið í sama streng, svo að ég held, að það sé nokkurn veginn fullnægjandi og tæmandi, að ég haldi mig að því í meginatriðum, sem hann sagði um þetta mál.

Hann nefndi í fyrsta lagi vextina, að það væri hægt að lækka vexti. Nú breytir það í rauninni engu um það, að einu aðilarnir í þjóðfélaginu, sem færir eru um að taka á sig nokkrar byrðar, í hvaða mynd sem það er, eru annaðhvort atvinnurekendur eða launþegar. Það, sem hér mundi vera um að ræða, ef lækkaðir eru vextir af sparifé og þá um leið útlánsvextir, þá mundi eiga sér stað að því marki tekjutilfærsla á milli sparifjáreigenda og lántakenda. Það er alveg rétt. En hverjir eiga sparifé í landinu? Það er rétt að líta aðeins á þá spurningu. Ætli það gildi ekki nokkurn veginn það sama um sparifjáreignina eins og skiptingu skattbyrðarinnar, að það eru auðvitað atvinnurekendur og launþegar sem eiga sparifé í landinu. Það getur verið, að bótaþegar og annað óstarfandi fólk eigi eitthvert sparifé, en ekki getur það verið nema lítið brot.

Nú má gera ráð fyrir því, að hluti atvinnurekenda í sparifé landsmanna sé lítill. Yfirleitt er það svo ekki sízt á tímum sem nú eru, að eigi atvinnurekendur einhverja slíka fjármuni, þá telja þeir ekki af því veita, að þeir noti þá í atvinnurekstri sínum. Og að öðru leyti er það yfirleitt þannig með fjármuni atvinnurekenda, að þeir eru festir. Þeir eru lagðir í atvinnureksturinn. Atvinnurekendur eru notendur sparifjár, en ekki eigendur þess. Niðurstaðan hlýtur því að verða sú, að eigendur sparifjárins í landinu hljóti að vera fyrst og fremst launþegar, þannig að launafólk, sem á eignir umfram það, sem fest er í eigin íbúð, neyzlufjármunum og öðru slíku, ávaxtar fjármuni sína á þennan hátt. Að vísu er ekki hægt að gera ráð fyrir því, að það séu stórar fjárhæðir, sem hver einstakur á, en vegna þess að launþegarnir eru margir, verður það samanlagt að mjög verulegu fé. Á þessu mun ekki hafa verið gerð nein rannsókn, en líklegt er, að mikill meiri hluti þeirra sparifjárinnstæðna, sem eru til, sé þannig til kominn. Það breytir engu um það, að þó að þessi leið væri farin, þá væri þarna um að ræða tekjutilfærslu í þessari mynd frá launþegum og til atvinnurekenda. Hitt er svo annað mál, hvort þetta væri hægt að gera að því marki í fyrsta lagi, að nokkuð mundi um það muna, og í öðru lagi, hvort þetta væri sanngjörn lausn.

Nú eru það geysimiklar fjárhæðir, sem um mundi vera að ræða, jafnvel þó að ekki væri greidd nema sú vísitöluhækkun, sem kemur til eftir næstu mánaðamót. Það verður alltaf nokkuð á annan milljarð kr., en allir vextir af sparifé munu varla nema meira en 500–600 millj. kr., svo að jafnvel þótt sú væri hugsun hv. stjórnarandstæðinga, að það eigi að afnema sparifjárvexti með öllu, þá yrði það aldrei nema lítið brot af þeim fjármunum, sem um er að ræða, sem fengizt gæti á þennan hátt. En í öðru lagi mundi þessi leið auðvitað í fyrsta lagi alls ekki vera sanngjörn með tilliti til þeirrar miklu skattlagningar á sparifé, sem óneitanlega hefur átt sér stað með gengisfellingunni, og í öðru lagi, og það er aðalatriðið, er spurningin sú, hvort atvinnurekendur mundu vera betur settir, jafnvel þó að þessi leið væri farin. Atvinnureksturinn kvartar undan því, að það sé ónógt lánsfé, það vanti lánsfé bæði til rekstrar og einnig til stofnlána. Engum lifandi manni dettur í hug, að framboðið af fjármagni mundi aukast við það, að vextir væru lækkaðir. Allar líkur eru auðvitað fyrir hinu gagnstæða. Það er ekki víst, hve mikil áhrif vaxtalækkunin mundi hafa í þá átt að draga úr sparifjármynduninni, en alltaf hlýtur hún að hafa einhver áhrif í þá átt, svo að þetta væri þá keypt því verði fyrir atvinnurekendur, að lánsfjárskorturinn mundi vera enn þá tilfinnanlegri en nú er. En nú einmitt fjallaði meginefni hinnar löngu ræðu hv. 11. þm. Reykv. um það að kvarta yfir því, hvað það vantaði mikið lánsfé til

allra mögulegra hluta. Till. hans og hv. flokksbræðra hans í þessu efni hlýtur því að hafa áhrif í þá átt að auka lánsfjárskortinn.

Það er kvartað undan svokölluðum lánsfjárhöftum, sem þeir nefna svo. Mér er nú ekki alveg fyllilega ljóst, hvað þeir eiga við, en eðlilegt er að skilja það sem þá staðreynd, sem enginn neitar, að það er ekki hægt að fullnægja öllum eftirspurnum eftir lánum. Við vitum það, og engum er um það kunnugra en hv. þm., hvað langar biðraðir eru að jafnaði á biðstofum bankastjóranna. En ef að till. þeirra væri farið í þessu efni, mundu þessar biðraðir lengjast enn þá. Lánsfjárhöftin hlytu að verða þá enn þá strangari en þau eru nú. Og þar við bætist einnig það, að lækkun vaxta mundi þýða enn meiri þrýsting á bankana og kröfur um lánveitingar en jafnvel er nú. Það verður því að líta þannig á, að þessi till. hv. stjórnarandstæðinga sé æði léttvæg.

En þeir þykjast hafa fleiri tromp á hendinni. Tveir eða þrír af hv. ræðumönnum framsóknarmanna hafa nefnt olíugróðann í þessu sambandi og gróðann af tryggingastarfseminni og talið, að það mætti létta verulega að manni skilst á atvinnurekstrinum og gera honum kleift að greiða hærra kaup, ef olíugróðinn og gróðinn af tryggingastarfseminni væri skertur. Nú vill svo til, að fyrirtæki, sem stendur þeim hv. framsóknarmönnum nærri, Samband ísl. samvinnufélaga, rekur mjög umfangsmikla starfsemi á þessum sviðum báðum. Eitt af þrem stóru olíufélögunum hér á landi er sem kunnugt er í nánum tengslum við Samband ísl. samvinnufélaga, og auk þess höfum við Samvinnutryggingar. Nú veit ég ekki, ef þessir hv. þm. bæru þetta undir forstjóra þessara fyrirtækja, hvort þeir mundu verða þeim alveg sammála. Það skal ég ekki segja um. Það er mál innbyrðis þeirra á milli. En ef það er nú rétt, að það sé hægt að *ná stórfelldum árangri í þá átt að gera atvinnuvegunum* kleift að greiða hærra kaup með því að lækka tryggingakostnað og lækka dreifingarkostnað olíu, þá vil ég spyrja: Hvers vegna fara þessi fyrirtæki þá ekki þessa leið? Ef greiðslan fyrir þessa þjónustu er miklu hærri en þarf að vera, hvers vegna lækka þá ekki þessi fyrirtæki sambandsins verðið á þessari þjónustu og slá þá tvær flugur í einu höggi, bæði þá, að þau mundu þá sennilega á skömmum tíma ná öllum þessum viðskiptum til sín, auk þess að slíkt væri auðvitað, ef þessi möguleiki í rauninni er til, búhnykkur fyrir þjóðarbúið? Það var enn fremur talað um hagræðingu í þessu sambandi. Það er alltaf hægt að slá því fram, að atvinnuvegirnir geti lækkað tilkostnað sinn með aukinni hagræðingu, og að því er unnið. En slíkt hlýtur þó fyrst og fremst að vera verkefni hinna ýmsu fyrirtækja, en ekki ríkisstj., og erfitt mun vera að færa rök að því, að hagræðing hafi strandað á því, að um ónóga opinbera fyrirgreiðslu hafi verið að ræða.

Þá var minnzt á rafmagnsverðið, að það mætti lækka það. Ég býst nú yfirleitt ekki við því, að rafmagnsverð sé ákveðið hærra en nauðsynlegt er til þess að sá rekstur standi undir sér, e. t. v. alls ekki það, þannig að þá yrði að reka slík fyrirtæki, sem eru yfirleitt í opinberri eigu, með halla. En þá þarf hið opinbera auðvitað að ná því af skattgreiðendunum á einhvern hátt, svo að þar mundum við eftir sem áður vera í sama farinu. Ég verð því að líta þannig á, að svarið við þessari *mikilvægu* spurningu, – en hér er beinlínis um að ræða grundvöllinn fyrir öllum málflutningi hv. stjórnarandstæðinga, – hafi verið algerlega út í hött, þannig að þessari spurningu sé ósvarað enn þá, hvert ríkið eigi að sækja þessa peninga, án þess að það sé á kostnað annaðhvort atvinnurekenda eða launþega eða með öðrum orðum, hver sé þessi þriðji aðili, sem þeir ætlast til, að taki byrðarnar á sig. Hann er ófundinn enn, en vera má, – ég sé, að það eru tveir hv. stjórnarandstæðingar, sem eru á mælendaskrá hér á eftir mér, – að hann komi þá í leitirnar, þó að seint sé í þeirra ræðum.

Innflutningshöftin hefur töluvert mikið borið á góma. Ég ætla ekki að fara að hefja nýjar umr. um það, hvort innflutningshöftum eigi að beita eða ekki, en vil aðeins undirstrika það, sem ég sagði á föstudaginn, að hvað sem menn hyggja um réttmæti innflutningshafta eða ekki, er aðalatriðið það, að með innflutningshöftum er ekki hægt að lagfæra gjaldeyrisjöfnuðinn. Það hefur bæði reynsla okkar sýnt undanfarin ár, þegar höftunum var beitt, að það var eftir sem áður stöðugur halli á viðskiptajöfnuðinum, og almennar skynsemihugleiðingar hljóta að leiða til sömu niðurstöðu. Og nú vill svo vel til, – ég reyndi að gera grein fyrir þessu í sem stytztu máli hér á föstudaginn, – að hv. 6. landsk. þm., Geir Gunnarsson, sem hér talaði áðan, hefur nú komið mér hér til liðs sennilega alveg óvart af hans hálfu. Hann var líka að gagnrýna, að það hefði verið flutt of mikið inn af óþarfavarningi á undanförnum árum, því að, sagði hann, það hefði verið auðvelt að framleiða þetta allt saman í landinu sjálfu. Jú, mikið rétt. Það var nú einmitt það, sem ég benti á, að ef bannaður yrði innflutningur á óþarfavarningi, hættir fólk ekki að nota hann, heldur flyzt framleiðslan inn í landið. En þá kemur annað til. Eins og við vitum, hefur að undanteknum síðustu mánuðum, þegar meira atvinnuleysis en æskilegt er hefur vissulega gætt, sem betur fer yfirleitt verið svo undanfarna tvo áratugi, að það hefur verið það, sem kölluð er á slæmu máli full atvinna í landinu. *Vinnuaflið hefur verið að fullu nýtt.* Sama máli hefur gegnt um fjármagnið. Það hefur beinlínis verið fjármagnsskortur. En þar sem annaðhvort hlýtur að vera framleitt fyrir innlendan eða erlendan markað, sjá allir, að þar er enginn þriðji möguleiki til. Ef framleiða á meira en áður fyrir innlenda markaðinn, t. d. fara að framleiða þessar miður nauðsynlegu vörur í landinu sjálfu frekar en að flytja þær inn og ef öll framleiðsluöfl eru í notkun, þá hlýtur það að verða á kostnað útflutningsframleiðslunnar. Það fjármagn og það vinnuafl, sem þarf í þennan nýja iðnað, getur ekki komið annars staðar frá. Þá er bara spurningin: Mundu afköstin í þessum nýja iðnaði, sem framleiðir miður þarfan varning til þess að fullnægja eftirspurninni, geta orðið jafnmikil eins og í þeirri útflutningsframleiðslu, sem fjármagnið og vinnuaflið er dregið frá? Ég tel það með miklum ólíkindum og líkur einmitt fyrir hinu gagnstæða. Afköstin eru yfirleitt miklu meiri í útflutningsframleiðslu okkar en í framleiðslunni fyrir innlendan markað. Þetta er ekki annað en það, sem allir vita. Þegar framleiða á fyrir lítinn innlendan markað hér, er yfirleitt ekki hægt að koma við nútímatækni á sama hátt og slíkt er kleift, þegar um framleiðslu fyrir

hinn stóra heimsmarkað er að ræða. Þannig að það að vera sjálfum sér nógur á þann hátt þýðir að vísu fjölbreyttari framleiðslu en áður hefur verið í þjóðfélaginu, en það þýðir minni framleiðsluafköst, minni þjóðartekjur og rýrari lífsafkomu fyrir þjóðina.

Þessi hv. þm. talaði mikið um erfitt atvinnuástand í sínum heimabæ, að þar væru 330 manns nú atvinnulausir. Að vísu var það í sjónvarpsfréttunum áðan, að þeir væru ekki nema 280. En það væri samt æskilegt, að það væri minna. Hvað útgerðin hefði grotnað niður, eins og hann talaði um, taldi hann allt ríkisstj. að kenna. Hann fór alveg fram hjá því, hver áhrif það hlýtur að hafa haft í þessu efni, að það er nú einu sinni staðreynd, að afköstin í sjávarútveginum hafa minnkað vegna verðfalls og aflabrests um hvorki meira né minna en helming á s. l. tveimur árum. Enginn hefur vefengt þær tölur, sem hæstv. forsrh. skýrði frá í frumræðu sinni í þessum umr. En eins og hv. 5. þm. Vesturl. sagði réttilega, er í öllum málflutningi stjórnarandstæðinga, þó að þeir neiti ekki svo augljósum staðreyndum, sem þarna er um að ræða, í rauninni alveg farið fram hjá þessu atriði.

Það hefur mikið borið á góma hjá hv. stjórnarandstæðingum, að þau átök, sem orðið hafa þegar á vinnumarkaðinum og kunna að vera í vændum, standi í sambandi við gengisbreytinguna og eigi rót sína að rekja til hennar. Að nokkru leyti er það satt. En þetta er þó ekki nema hálfur sannleikurinn og minna en það, því að öllum er ljóst, að hvað sem öðru líður, hvort genginu hefði verið breytt eða ekki, var óhjákvæmilegt, að mjög veruleg tekjutilfærsla hefði orðið að eiga sér stað til sjávarútvegsins í einni eða annarri mynd. Og hvort uppbótaleiðin, sem er nú sú leið, sem virðist vera efst í huga hv. stjórnarandstæðinga og raunhæfasta leiðin af þeim, sem yfirleitt komu til greina, hefði verið farin eða sú leið, sem farin var, hefði engu breytt um það, að það hefðu verið álíka miklir fjármunir, sem hefði orðið að flytja á milli. Tökum t. d. sjómennina. Það hefði auðvitað verið hægt að hækka fiskverð til útgerðar og vinnslustöðva með stórfelldum uppbótum úr ríkissjóði. En ætli þeir hefðu ekki viljað fá sinn hlut af því alveg á sama hátt eins og þegar um gengisbreytingu var að ræða? Þeir mundu þá hugsa sín kjaramál á mjög örökrænan hátt, ef það væri ekki tilfellið. Ef flytja hefði átt 1½ milljarð eða þar um bil frá öðrum þjóðfélagsborgurum til sjávarútvegsins, þá hefði það auðvitað ekki verið mögulegt nema að leggja á mjög stórfellda skatta, fyrst og fremst í mynd hækkaðra tolla eða einhvers þvílíks. Og hefði það ekki leitt til alveg sams konar árekstra við launþegasamtökin eins og þó að genginu hafi verið breytt? Og þegar talað er um verðrýrnun sparifjár vegna gengisbreytingarinnar, er það rétt, að hún hefur átt sér stað. En hefði ekki álíka mikil verðrýrnun sparifjár átt sér stað, ef til hinnar stórkostlegu tekjuöflunar í annarri mynd hefði þurft að koma, sem alltaf hefur verið undirstaða þess að fara uppbótaleiðina?

Hv. stjórnarandstæðingar tala stundum um það, þó að það sé að vísu mál, sem hægt væri að ræða við þá á öðrum vettvangi, að þeir eigi ekki að láta skortinn skammta, eins og þeir kalla það, heldur skynsemina, eins og mig minnir, að það sé orðað í grg. fyrir till. hv. framsóknarmanna um atvinnumálastofnun o. fl. Nú er það að mínu áliti alls ekki út í bláinn og án nokkurrar skynsamlegrar merkingar, þegar verið er að tala um, að skorturinn skammti. Auðvitað er það alltaf skorturinn, sem skammtar. Þau gæði, sem ekki er neinn skortur á, eins og andrúmsloftið, sem við öndum að okkur, þarf ekki að skammta. En allt, sem er takmarkað, hefur í för með sér kostnað og fyrirhöfn að afla, þannig að slík gæði þarf að skammta eftir einhverjum leiðum. Alltaf verður það skorturinn, sem skammtar. En það er víst það, sem þeir hafa í huga, þegar þeir tala um, að það eigi að vera skynsemin, sem skammtar, að það séu settar á fót opinberar nefndir til að annast skömmtunina. Tökum t.d. bílaverzlunina eins og hún er nú og eins og hún var fyrir svona 20 árum. Þá var það opinber nefnd, sem úthlutaði bílunum. Þeir, sem í þeirri n. áttu sæti, – um það er ég sammála hv. 10. landsk.þm. – voru hinir mætustu og ágætustu menn, en þeir úthlutuðu þessu flokksbræðrum sínum, frændum og vinum, en þá, sem þeir ekki þekktu, létu þeir afskipta. Þetta var í rauninni ákaflega mannlegt. Þessir menn hafa aðsetur hér í Reykjavík, og bílstjóri, sem er hér í bænum eða í nágrenni bæjarins og er svo heppinn að vera í frændsemi eða tengdum við einhvern mann, sem um þetta fjallar, eða er góður flokksmaður hans, hefur því aðgang að honum og sannfærir hann sjálfsagt um það, að hann hafi sérstaka þörf fyrir bíl. Aftur á móti ef hann er bílstjóri norður á Raufarhöfn, sem engan þessara manna þekkir, þá verður hann að láta sér nægja að senda hinni háu n. bréf. Þeir vita engin deili á mönnum þar, og bréfið fer beint í bréfakörfuna. Þannig var þetta. Það má kalla það því nafni, að það sé skynsemin sem skammtar, þegar þessi leið er farin. En hinir, sem lenda þarna utan gátta, komast í kynni við skortinn. Nú eru hins vegar engar hömlur á því, að allir geti keypt bíl, sem telja sig hafa ráð á því og vilja fórna fjármunum sínum til þess frekar en annars. Eftir sem áður er það skorturinn, sem skammtar, en með öðru móti.

Hv. 5. þm. Norðurl. e. talaði um það, að kaupmáttur launa væri nú minni en 1958. Hann færði ekki nein rök fyrir þessu. Ég efast ekki um, að þetta kunni að vera hans skoðun. En það væri ákaflega gaman að því, og mér væri full forvitni á því að sjá, hvernig slíkt verður rökstutt með tölum, og jafnvel þó að slíkar tölur komi fram, er það algerlega óhugsandi, að þær gætu verið réttar. Rauntekjur þjóðarinnar munu hafa um það bil tvöfaldazt frá 1958 eða aukizt um a. m. k. 50% eða meira frá 1958 til 1966. Á s. l. ári hef ég heyrt farið með þá tölu og vefengi hana ekki, að neyzlan hafi rýrnað um eitthvað 8%. Meira er það nú ekki. Það er sú kjararýrnun, sem almenningur enn þá hefur orðið fyrir. En það vegur auðvitað engan veginn á móti þeirri hækkun raunteknanna, sem orðin var á tímabilinu frá 1958 til 1966. Þetta fær því engan veginn staðizt. En hins vegar er rétt að taka það fram, að allar tölur, sem yfirleitt eru birtar um kaupmátt launa og þess háttar, ber að taka með mjög mikilli varúð.

Þó að málefnaleg röksemdafærsla hv. stjórnarandstæðinga, ef því nafni skyldi nefna, virðist vera ákaflega veik og þar stríði allt hvað á móti öðru, þá hefur ekki vantað stór orð og fullyrðingar. En spurningin er sú, hvort þessi stóru orð, öll gífuryrðin um það, að ríkisstj.

njóti einskis trausts hjá þjóðinni, hún eigi að fara þegar í stað og fram eftir þeim götunum, hvort það, sem liggur að baki þessum stóru orðum, er ekki fyrst og fremst það, að þeir finna til málefnalegs veikleika síns, af því að þeir vita, að þeir hafa ekki nein úrræði, ekki neinar frambærilegar till., og yfir það er breitt með þessum stóru orðum. Ég fyrir mitt leyti er ekki í vafa um það, að fyrr eða síðar kemur auðvitað að því, að þjóðin kveður upp sinn dóm í þessum málum, þó að það sé ekki stjórnarandstæðinga að ákvarða slíkt. Ég er ekki í neinum vafa um það, að rólegar og málefnalegar rökræður um þessi mál munu opna augu þjóðarinnar fyrir því á sama hátt eins og barnsins, hvað snerti nýju fötin keisarans, að málefnalega séð eru hv. stjórnarandstæðingar ekki í neinu.

Forseti (BF): Forseti vill minna á, að þessi umr. hefur nú staðið í rúmlega 9½ klukkustund, og þar sem forseti hefur áhuga á að reyna að ljúka umr. í kvöld, vill hann leyfa sér að beina þeim tilmælum til þeirra hv. alþm., sem enn eru á mælendaskrá, að þeir noti ræðutíma sinn vel og skynsamlega, þannig að ekki þurfi að koma til skömmtunar á ræðutíma vegna tímaskorts.

Matthías Bjarnason: Herra forseti. Það hefur oft heyrzt í vetur og raunar undanfarna vetur af vörum stjórnarandstæðinga, að þeir telji, að ráðherrar láti sig oft vanta á þingfundi, og þeir hafi þess vegna þurft eða talið sig þurfa að fresta ræðum sínum eða staðið þegjandi hér í pontunni, á meðan leitað hefur verið að ráðherrum. En þess á milli hafa þeir talið, að allir þeir, sem skipuðu ríkisstj., væru menn, sem ættu fyrir löngu að vera búnir að segja af sér. En mörgum þeirra verður það á, að þeir geta alls ekki flutt ræðu nema hafa ráðh. viðstadda. Ég fyrir mitt leyti ætla að segja hér nokkur orð og verða við tilmælum hæstv. forseta að reyna að vera stuttorður og get flutt mitt mál, þó að enginn ráðh. sé viðstaddur. En hins vegar finnst mér það afar leiðinlegt, sérstaklega fyrir stjórnarandstöðuna, sem hefur svo mjög kvartað undan, hvað ráðh. vanti á fundi og þm. stjórnarliðsins sæki slíka fundi illa, en nú er aðeins mætt hér frá Alþb. 10% af þm., en þá á ég auðvitað við Alþb. eins og það var eftir síðustu kosningar. Og af Framsfl., stærri stjórnarandstöðuflokknum, hafa til skamms tíma verið inni 11%, en nú bættist þeim góður liðsauki, þar sem er hv. 5. þm. Norðurl. v.

Hv. stjórnarandstæðingar hafa gert hér efnahagsmálin mjög að umræðuefni eftir skýrslu hæstv. forsrh., og ekki er það nema eðlilegt, að efnahagsmál séu mikið rædd og atvinnumálin. Þeir hafa flutt sitt mál auðvitað með misjöfnum hætti eins og gengur og gerist. Það hafa verið misjafnlega sanngjarnar ræður og margt verið sett út á, sem hefur gerzt í efnahagsmálunum. Mér finnst því ekki úr vegi að minnast stuttlega þess út af þeirri gagnrýni, sem fram hefur komið frá hv. stjórnarandstæðingum, að þeir telja, að það vanti meira skipulag til atvinnuuppbyggingar í landinu, það þurfi að skipuleggja betur, hvernig fjármagni er varið til atvinnuuppbyggingar. Þegar efnahagslögin voru sett 1960 og brotið var blað í efnahagsmálum þjóðarinnar, voru þessir flokkar báðir á móti því, sem þá gerðist og var að gerast, og einn mesti reiknimeistari Framsfl. bæði fyrr og síðar komst að þeirri niðurstöðu, að með setningu efnahagslaganna mundi verða hér mjög mikið atvinnuleysi innan fárra mánaða. Það mundi byrja á því, að öll aukavinna vinnandi manna mundi hverfa, og höfuðpostuli kommúnistanna, sem nú er horfinn af þingi, taldi, að það mundi verða algert atvinnuleysi á þremur mánuðum.

Reynslan varð önnur. Hér var atvinna mikil, og það var mikil uppbygging í atvinnulífi landsmanna á þessum árum, og það var gert það mikið, að það varð fljótt skortur á vinnuafli, en það hefur líka sína geigvænlegu hættu, þegar skortur er á vinnuafli. Þá byrja yfirborganir og hver fer að bjóða upp fyrir öðrum. Hvernig vildu stjórnarandstæðingar bregðast við þessari þenslu, hvernig vildu þeir verja þeim ágóða, sem þá var af atvinnulífinu? Vildu þeir safna til mögru áranna á þeim tíma? Ég held ekki. Ég held, að ég sé ekki á nokkurn hátt að skrökva á þessa hv. þm. stjórnarandstöðunnar, þó að ég segi það, að þeir undir öllum kringumstæðum og hvenær sem er, bæði utan þings og innan, vildu alltaf auka á þessa spennu. Þeir hafa öll þessi ár flutt till. um aukin útgjöld úr ríkissjóði. Þeir hafa talið á öllum þessum árum, þegar atvinna var það mikil, að það var skortur á vinnuafli, að ríkisvaldið legði aldrei nóg fjármagn til hinna ýmsu framkvæmda og heimtuðu alltaf meiri framkvæmdir á þessum árum, og ég minnist þess, að þau fáu ár, sem ég hef átt sæti á Alþingi, þá hef ég heyrt þennan söng við afgreiðslu fjárl. og í hvert skipti, sem rætt hefur verið um efnahagsmálin. Hvernig voru viðbrögð stjórnarandstöðunnar, þegar gerðar voru kröfur um hækkað kaupgjald á þessum tíma? Sögðu þeir: Nei, fólkið hefur ágæt lífskjör, við skulum reyna að halda kaupgjaldi í skefjum og geyma aftur til mögru áranna, fyrst það gengur svo vel allt nú? Nei, þeir hafa tekið undir hverja kauphækkun og hverja hækkun, sem hefur orðið í þjóðfélaginu, og alltaf talið, að ríkisstj. á þessum árum hafi verið íhaldssöm að vilja ekki ganga lengra til þess að eyða öllu jafnóðum. Það, sem þó var til, þegar ógæfan dundi yfir og verðfall varð og samdráttur í framleiðslunni, var þó fyrir það, að ríkisstj. hamlaði á móti kröfum stjórnarandstöðunnar, og ástandið væri ólíkt verra í dag, ef núv. þingmeirihl. hefði orðið við þeim kröfum, sem hv. stjórnarandstæðingar hafa alltaf haft uppi á þessum tíma.

Fulltrúi Alþb., sem hér talaði í dag, sagði, að það hefði átt að byggja upp iðnað, spara innflutning á vörum og annað eftir þeim götunum. Það átti auðvitað að færa skipabyggingarnar allar inn í landið. Ég segi: Hvar var vinnuaflið til þess að stunda þessi störf á þessum árum? Það var ekki fyrir hendi. Hver starfandi hönd í þessu þjóðfélagi hafði nóga vinnu, og þegar hv. stjórnarandstæðingar voru komnir yfir það, að það yrði atvinnuleysi eftir setningu efnahagslaganna 1960, þá hófu þeir sönginn á því, að það væri verið að þræla þjóðinni út með allt of mikilli vinnu. Hvernig hafa viðbrögð stjórnarandstöðunnar verið í því að auka fjölbreytni atvinnulífsins? Hvernig voru viðbrögð stjórnarandstöðunnar, þegar stærsta atvinnumál, sem hefur borið hér á góma á Alþ. var hér til umr. og afgreiðslu, bygging álverksmiðjunnar í Straumsvík? Hvernig féllu atkv. stjórnarandstöðunnar þá? Væri það

ekki til þess að bæta ástandið, ef ríkisstj. hefði farið að ráðum stjórnarandstöðunnar og beðið í allmörg ár enn að hefja stóriðju á Íslandi? Væru þá ekki færri atvinnulausir en nú eru í Hafnarfirði og annars staðar, eins og nefnt var hér áðan, ef við hefðum farið að ráðum stjórnarandstöðunnar? Nei, sem betur fór gerði ríkisstj. það ekki. Fólki var stefnt hér á pallana af málgögnum stjórnarandstöðunnar til þess að mótmæla því að fara út í byggingu álbræðslunnar í Straumsvík og hefja stóriðju á Íslandi. Það mistókst. Þjóðin stóð með stjórninni í þessu máli. Nú vilja hv. stjórnarandstæðingar ekkert á þetta mál minnast. Nei, ég fullyrði það, að ástandið væri mun verra, ef það hefði verið farið að ráðum hv. stjórnarandstöðu, eins og hún hefur túlkað málin hér á Alþ. á undanförnum árum.

Það hefur verið geigvænleg hræðsla við erlent fjármagn, sem hefur komið fram í ræðum margra hv. stjórnarandstæðinga. Ég fagna því, að einn þm. Framsfl., hv. 1. þm. Norðurl. e., sagði hér í sinni jómfrúrræðu í dag, að Framsfl. væri ekkert hræddur við það að taka við erlendu fjármagni til skynsamlegrar atvinnuuppbyggingar, og ég fagna því, ef skoðun þessa þm., sem flutti sitt mál hér mjög prúðmannlega, ef hún nú er loks orðin ofan á í Framsfl.

Undanfarin tvö ár hafa stjórnarandstæðingar ekki átt nógu sterk orð til þess að lýsa erfiðleikum framleiðsluatvinnuveganna. En með þeim efnahagsaðgerðum, sem gerðar voru í nóvember s. l., voru sumir þeirra fljótir að snúa við blaðinu. Þá var allt talið eftir, sem útgerðin fékk með þeim aðgerðum, sem áður, á meðan hún var í mestum erfiðleikum, var talið, að þyrfti að bæta, og þá var sagt, að nú hefði sjómaðurinn of lítið. Það má alltaf og í það óendanlega reyna að skara eld að glóðum óánægjunnar en við verðum að sætta okkur við það, að góðu árin, sem við lifðum, eru búin í bili. Við höfum orðið fyrir það þungum áföllum, að útflutningsverðmæti þjóðarinnar, sem var rúmir 6 milljarðar kr. á árinu 1966, lækkaði niður í 3.6 milljarða kr. á árinu 1967 miðað við sama gengi. Það hlýtur hver heilvita maður að skilja, hvar sem hann er í flokki, að þjóð, sem verður fyrir jafn þungu áfalli getur ekki lifað við sömu lífskjör og áður var. Hvar eru þeir í þessu þjóðfélagi, sem geta brúað það bil, að þjóðin geti, á meðan hún er að komast yfir þessa erfiðleika, lifað við sömu lífskjör.

Hv. 4. þm. Austf. sagði hér við þessar umr. um skýrsluna í efnahagsmálum, að ríkisstj. hefði gert allt fyrir verzlunina, og þar væri sem sagt gróðinn og þar væri fjármagnið. Nú spyr ég fulltrúa hins stjórnarandstöðuflokksins, fulltrúa Framsfl., að því, hvort þeir telji, að samvinnuverzlunin, félagsverzlunin í landinu, sem þarf að byggja sinn rekstur á aðkeyptu vinnuafli, telji sig hafa það of gott nú á undanförnum árum og hafi það enn. Ég hef heyrt annað úr þeim herbúðum, og ég get vel skilið það, að það sé borið sig illa þar. Þess vegna eru þetta ómakleg ummæli frá hv. 4. þm. Austf.

Við verðum auðvitað að taka á okkur þessa erfiðleika, þjóðfélagið í heild, og við skulum líka gera okkur það ljóst, að efnahagsstefna, sem ein ríkisstj. markar, er ekki efnahagsstefna, sem hvorki sést á blettur né hrukka, þegar árin líða. Það verður að endurskoða bæði þessa stefnu og aðrar. Það verður að taka tillit til breyttra aðstæðna í þjóðfélaginu. Það verður að taka tillit til þeirra áfalla, sem þjóðin hefur orðið fyrir og enginn maður ræður við. Þetta veit ég, að allir greindari menn úr hópi stjórnarandstæðinga skilja vel og hafa ekki síður skilning á en við úr liði stjórnarinnar. Hv. stjórnarandstæðingar hafa bent á ýmislegt, sem ég skal fúslega játa, að megi betur fara. En við erum aðeins mannlegir menn, sem þurfum auðvitað að læra af reynslunni, bæta það, sem miður fer á hverjum tíma.

Það hefur verið mikið talað í þessum umr. um útþensluna í þjónustukerfinu. Vissulega má það til sanns vegar færa. Fulltrúi frá Alþb. og annar frá Framsfl. talaði um það hér í dag, hvað bankarnir væru margir í landinu og útþensluna í bankakerfinu og taldi, að það væri engin þörf fyrir alla þessa banka. Þetta má vel vera rétt. Barðist Framsfl. á móti því að gera Samvinnusparisjóðinn að Samvinnubanka? Ætlar Alþb. að berjast gegn því, að Sparisjóður alþýðu verði gerður að banka, sem nú er verið að fara fram á? Það væri fróðlegt að fá svör við þessu.

Það hefur sennilega ekki farið fram hjá neinum Íslendingi, að einn af þeim þm. Framsfl., sem nú lætur mest á sér bera í þingsölum og er sennilega einn mesti hagfræðingur flokksins, var kjörinn í bankaráð Búnaðarbankans fyrir jólin. Og hann taldi hér í ræðu í dag, að það ætti að fækka stórlega starfsfólki bankanna. Ég hefði nú ekki trúað því, að þessi kjarkmikli maður, sem skoraði í gær landbrh. á hólm og endaði ræðu sína á séra Sigvalda, en í því sambandi minnti hann mig sérstaklega á Jón sterka úr Skugga-Sveini, hann mundi láta sig vanta hér í umr. í kvöld, sérstaklega eftir þá gagnrýni, sem hann hefur viðhaft, að menn hlusti ekki á umr. hér í Alþingi. Ég hefði viljað spyrja þennan bankaráðsmann að því, hvað hann hafi lagt til í bankaráði Búnaðarbankans að segja upp mörgum starfsmönnum. Það hefði verið fróðlegt fyrir okkur, þessa illa upplýstu þm., sem ekki eigum nein sæti í bankaráðum, – þótt ýmsir komist þar að, eru þeir þó fleiri, sem ekki eru í bankaráðum – að fá upplýsingar um það, hvað þessir menn, sem telja, að megi þarna færa verulega saman, hvað þeir hafi sjálfir lagt til málanna.

Ég hét því hér í byrjun minnar ræðu, að ég skyldi ekki verða langorður. En þó vil ég ekki skilja hér við þessa ræðu án þess að minnast aðeins á það, að með þeim efnahagsaðgerðum, sem voru gerðar í nóvember s. l., tel ég, að stigið hafi verið stórt spor í þá átt að koma útflutningsatvinnuvegunum aftur á réttan grundvöll, og allt byggist nú á því, að við kunnum að haga okkar seglum eftir vindi, þannig að það þurfi ekki að grípa árlega til gengisfellinga. Þess vegna verðum við, meðan ekki kemur meiri afli á land og meðan verðmætið er ekki meira, sem þessi þjóð skapar, verðum við auðvitað að leggja hart að okkur í bili. Ég er ekkert hræddur um það, að þetta ástand eigi ekki eftir að batna verulega.

Ég vil ekki flytja ræðu eins og einn þm. Framsfl., sem talaði hér í dag og hefur raunar oftar talað, 5. þm. Norðurl. e., því að í hvert skipti, sem ég heyri hann flytja ræðu, er eins og það sé komið myrkur um miðjan dag. Hann sér ekki annað en allt sé svart framundan og það sé ekki nokkur leið að bjarga neinu. Hann talar sérstaklega um það, hvað bændur landsins séu illa

komnir. Hann lýsir bændastéttinni eins og þeir séu einhverjir fátæklingar. Hvenær hefur verið meiri gróska í landbúnaði en þennan síðasta áratug? Hvenær hefur verið ræktað meira á Íslandi en þennan síðasta áratug? Hvenær hefur verið byggt meira og meira keypt af tækjum? Lífsafkoma fólks hefur aldrei verið betri en á þessum áratug, þó að nú hafi sú stétt auðvitað sem aðrar orðið fyrir þungum áföllum.

Ég sagði hér áðan, að ég tel, að við þurfum að læra af reynslunni. Við þurfum að haga okkar efnahagsmálum og atvinnuuppbyggingu þannig, að við eigum auðvitað að skipuleggja miklu meir en við höfum gert uppbyggingu bæði fiskiskipaflotans og fiskiðnaðarins, það skal ég fúslega játa. En hver mælti gegn þeirri uppbyggingu, sem hefur átt sér stað í hinum ýmsu greinum? Þá voru allir blindaðir af því, þegar síldin var mest, að alls staðar þyrfti að byggja síldarverksmiðjur. En það er ekki hægt að byggja eða gera alla hluti í einu. Það hefur komið fyrir okkur sem þjóð, hvar sem við erum í stjórnmálaflokki, að líta á stundarhag, líta á það, sem er bezt hverju sinni, en ekki að reyna, eins og haganlegast er, að auka sem mest fjölbreytni útflutningsframleiðslunnar. Og með því að skrá krónuna réttu verði þá ýtum við auðvitað undir það, að atvinnulífið verður með eðlilegum hætti. Nú er hægt fyrir nýjar greinar að hefja útflutning, en undir uppbótaleiðinni hefði slíkt verið ólíkt verra og hefði miklu frekar aukið á vantrú manna að fara út í nýjar greinar, ef sú stefna hefði verið tekin upp. Ég tel, að við eigum að auka útflutning framleiðsluatvinnuveganna eins og þegar er stefnt að að gera og margoft hefur verið rætt. Nú hefur atvinna minnkað það verulega hér í landinu, að nú eru fyrst tök á því að hefja marga þá framleiðslu innanlands, sem ekki voru tök á, meðan barizt var um hverja vinnandi hönd í landinu að fá hana til vinnu. Þessar aðstæður eru allar að breytast. Ríkisstj. og þingmeirihl. hennar hefur fullan skilning á því að laga sig eftir breyttum aðstæðum, og ég efast ekki um það, að allir greindari og sanngjarnari stjórnarandstæðingar vilja vinna og stefna að sama marki.

Einar Ágústsson: Herra forseti. Ég skal nú reyna að verða við þeim tilmælum að hafa þetta stutt, enda er satt að segja lítið freistandi að tala yfir hálftómum þingsal. Ég verð þó að viðurkenna það, að annar hv. stjórnarfl., sem er Sjálfstfl., hefur mætt hér með einvala liði í kvöld, og á hann vissulega hrós skilið fyrir það. Og mættum við læra nokkuð af því hinir. En ég minni nú svona á í leiðinni, að það hefur nú ekki alltaf verið svo, þegar umr. hafa farið fram hér á síðkvöldum á hæstv. Alþingi. Það má segja um þá, að batnandi mönnum sé bezt að lifa.

Annars hafði ég kvatt mér hljóðs fyrir fundarhlé til þess að gera að umtalsefni og til þess að reyna að svara nokkrum atriðum, sem komu fram í ræðu hv. 5. þm. Vesturl., Benedikts Gröndal. Hann vék talsvert að þeirri ræðu, sem ég flutti hér fyrr við umr., og á þann veg, að mér finnst, að ég verði að svara a. m. k. sumu af því, sem þar kom fram. Ég harma það nú, að hann er einn þeirra 90% Alþfl.m., sem vantar hér í kvöld. En engu að síður verð ég að láta það eftir mér að víkja að þessu örfáum orðum. Hv. þm. má eiga hrós skilið fyrir það, að hann viðurkenndi það þó, að ríkisstj. hefði ekki tekizt að halda verðbólgunni í skefjum. Enda má nú kannske segja, að það hefði verið ofrausn fyrir nokkurn mann að ætla sér að takast það á hendur að afsanna þá kenningu. En sá galli var á hans málflutningi að mínum dómi, að hann vildi umfram allt kenna það okkur framsóknarmönnum, að ekki hefði tekizt að halda verðbólgunni í skefjum. Það mátti skilja það á hans máli, að ef okkar óþörfu till. og ráðleggingar hefðu ekki ævinlega verið að koma fram, þá hefði nú allt leikið í lyndi hjá hæstv. ríkisstj. og verðbólgan hefði verið minni og lítil sem engin. Þessi skemmdarstarfsemi okkar framsóknarmanna skildist mér aðallega hafi átt að vera fólgin í því, að við hefðum sífellt átt að vera að bera fram hér á Alþ. alls konar till. til hækkunar. Ég vil ekki neita því, að við höfum á undanförnum þingum borið fram nokkur frv. og till., sem mundu hafa aukið útgjöld ríkisins, ef samþ. hefðu verið. En hvað margar till., sem við höfum flutt, hafa verið samþ.? Ég held, að verðbólga hæstv. ríkisstj. hafi sáralítið vaxið við þær till. Og þar að auki vil ég benda á það, að það er alveg víst, að a. m. k. Framsfl., og að ég hygg raunar hinn stjórnarandstöðuflokkurinn líka, hafa mjög stillt í hóf kröfugerð sinni, t. d. við samningu fjárlaga. Ég minnist þess, að síðan ég tók sæti hér á hv. Alþ. fyrir um það bil 6 árum, þá hafa brtt. okkar við fjárl. verið mjög fáar og mjög smáar og stundum ekki kannske nema svo sem ein. Ef það er óviðurkvæmileg kröfugerð, þá veit ég ekki, hvernig á að fara að því að lifa eftir kenningum hv. 5. þm. Vesturl. í stjórnarandstöðu. Þá sagði hann í öðru lagi, að ég vildi opna allar gáttir Seðlabankans og ausa út fé í allar áttir. Það hefur aldrei verið með í mínum till. að þurrausa alla sjóði Seðlabankans. En ég hef, það er rétt, eins og fleiri hv. þm. úr öllum flokkum, sagt, að það þyrfti að koma til aukið fjármagn, þegar tilkostnaður atvinnufyrirtækjanna er hækkaður, eins og gert hefur verið. Og ég vitna aftur í það, sem ég sagði í dag, að þegar hæstv. forsrh. svaraði fsp. 11. des., þá var það einmitt inntakið í því svari, að ríkisstj. væri ljóst, að fyrstu áhrif gengislækkunarinnar væru neikvæð og til þess að fyrirtækin gætu notið þess hagræðis, sem stjórnarliðar byndu við gengislækkunina, hlytu þeir að auka útlánin. Svo ég held, að við séum bara sammála í þessu atriði nú orðið, en við höfum ekki alltaf verið það, það skal játað. En ég vil meina, að hér hafi orðið stefnubreyting á hjá ríkisstj., a. m. k. í orði, og að hún hafi fallizt á þau rök, sem við höfum hér verið að flytja.

Hv. þm. sagði, að ég hefði haft allt á hornum mér varðandi umsóknina um inngöngu Íslands í Fríverzlunarbandalagið, EFTA. Ekki held ég, að þetta sé alveg rétt frá skýrt hjá honum, að ég hafi haft allt á hornum mér. Hitt er rétt, að ég gagnrýndi það með örfáum orðum, að mér fannst, að undirbúningur að þessari umsókn hefði ekki verið fullnægjandi. Og ég get vel endurtekið það og skal standa við það, hvar sem er, að ég tel það fráleitt, að land sæki um inngöngu í bandalag, sem það veit ekkert enn þá, hvaða hagræði það hefur af. Hv. þm. sagði, að vitanlega mundi ekki vera gengið í Fríverzlunarbandalagið nema að ýtarlega athuguðu máli, en staðreyndin er sú, að það er búið að

senda umsókn, og umsókn í venjulegum viðskiptum þýðir það, eða tilboð, að maður sé tilbúinn að ganga inn, ef manni verður veitt viðtaka. Það getur vel verið, að hæstv. viðskmrh. og sendimönnum hans í Genf takist að fá viðunandi samninga við þetta bandalag. Ég vona það, og ég hef ekki neina ástæðu til að ætla kannske, að svo geti ekki orðið. En mér finnst, að ekki hafi verið nægilega vel að þessum málum staðið. Og ég segi það alveg hiklaust, að þó að Framsfl. hafi átt fulltrúa í svonefndri EFTA-nefnd, þá hafi sú skýrsla, sem hún skilaði, verið að mörgu leyti mjög ófullkomin, þar sem það er beinlínis viðurkennt, að öll helztu atriði, sem máli skipta, séu á athugunarstigi eða verði athuguð síðar. Samt er mælt með umsókninni.

Þá sagði hv. 5. þm. Vesturl., að gengislækkunin væri ekki gerð að frumkvæði ríkisstj., heldur væri hún viðbrögð hennar. Þarna erum við þó 100% á sama máli. Og þetta er einmitt það, sem ég var að segja hér í dag, að væri grundvallarágreiningsefni okkar framsóknarmanna a. m. k. og stjórnarliða annars vegar sumra, að hlutverk ríkisstj. væri ekki það eitt að skrá gengið, hlutverk ríkisstjórna, ekki bara Íslands, heldur allra ríkisstjórna, ætti að vera það að standa vörð um gengið og reyna að koma í veg fyrir að þurfa sífellt að vera að fella það.

Hv. þm. sagði enn fremur, að 300 millj. kr. till. til atvinnuaukningar hefði verið til athugunar hjá hæstv. ríkisstj., að mér skildist löngu áður en till. um það kom fram frá minni hl. fjvn. hér á Alþ. við afgreiðslu fjárl. Það vil ég náttúrlega ekki og get ekkert sagt né upplýst um, hvað hæstv. ríkisstj. hefur til athugunar. Mér heyrist nú, að það sé ærið margt, og a. m. k. er reynslan æði oft sú, að þegar frv. koma fram frá öðrum, þá er venjulega viðkvæðið þetta: Það er alveg ástæðulaust fyrir ykkur að vera að flytja frv. um þetta og þetta atriði. Við erum með þetta í athugun. Og stundum hefur það meira að segja komið á daginn, að frv. hafa skotið hér upp kollinum, mjög skömmum tíma eftir að málinu hefur verið hreyft af öðrum. Hvort sem ríkisstj. hæstv. hefur verið að athuga þetta lengur eða skemur, breytir það alls ekki þeirri staðreynd, að þessi till. um 300 millj. kr. fjárveitingu til atvinnuaukningar var felld með öllum atkvæðum stjórnarliða. Og ástæðan fyrir því, að mér skildist eftir málflutningi hv. 5. þm. Vesturl., var sú, að það væri miklu heppilegra að koma á þessu atvinnuaukningarfé í samvinnu og samráði við samtök atvinnuveganna, bæði launþegasamtökin og vinnuveitendasamtökin. En ég spyr aðeins: Var ekki alveg eins hægt að semja við þessa aðila, þó að búið væri að afla lagaheimildar til þess að veita þessa fjárhæð? Það kom fram í dag í svari hæstv. forsrh. við fsp., sem hér var borin fram á föstudag, að það þyrfti að afla lagaheimildar bæði til þess að úthluta þessu fé og eins til þess að taka það að láni. Og ég segi það, að mér finnst það vera furðuleg vinnubrögð að lofa fyrst og afla svo heimildarinnar á eftir, þegar búið er að bera fram till. um það mán. fyrr að fara aðra leið, þá einu réttu leið, að afla fyrst samþ. Alþ. og ganga tryggilega frá lagahliðinni, áður en farið er að semja og lofa út um land og út um borg.

Hv. þm. minntist á það í tilefni af því, sem ég sagði í dag, að menn ættu nú að reyna að taka höndum saman um lausn á þessum vandamálum, að það væri einmitt skoðun hæstv. ríkisstj. og að hún hefði af miklu örlæti, skilst mér, og góðum hug rétt fram hönd til hinna flokkanna um, að allir tækju nú höndum saman um lausn vandans og boðið upp á samstarf. Ég hygg, að það sé út af fyrir sig rétt í þessari frásögn, að hæstv. ríkisstj. hafi átt frumkvæðið að þessum viðræðum. En ég held, að hitt sé jafn víst, að þessar viðræður hafi fyrst og fremst strandað vegna afstöðu a. m. k. annars stjórnarflokksins. Eða er það ekki rétt munað, að á meðan á þessum viðræðum stóð, hafi Alþfl. haldið landsþing eða landsfund og þar hafi verið samþ. yfirlýsing í þá stefnu, að Alþfl. fyrir sitt leyti væri fullkomlega ánægður með það stjórnarsamstarf, sem væri, og hann teldi það ástæðulaust að breyta þar nokkuð til. Mig minnir enn fremur, að hæstv. viðskmrh. hafi orðað þetta einhvern veginn þannig í grein, sem ég las í Alþbl., það mun líklega hafa verið áramótagrein hans, að það eina, sem skildi á milli stefnu Alþfl. og Sjálfstfl. væri framkvæmd á skólamálum og tryggingamálum og ýmsu þvílíku. Ef þetta er rétt munað og ef þessir atburðir hafa skeð, eins og ég hef verið að reyna að lýsa þeim, sérstaklega samþykktin á þinginu í haust, er þá hægt að segja, að af heilindum hafi verið staðið að þessum samstarfsviðræðum af hálfu þessa flokks a. m. k.? Ég get ekki séð, að það sé, og ég get varla ímyndað mér það, að hv. stjórnarliðar, sem hér eru viðstaddir, ætlist til að stjórnarandstæðingar haldi áfram að tala við menn, sem hafa þessa yfirlýstu stefnu um það, að aðrir flokkar komi ekki þarna við sögu.

Það hefur verið mjög mikið gert af því að hampa því, að stjórnarandstæðingar hafi engar till. haft fram að færa í þessum viðræðum. Það er nú náttúrlega alls ekki rétt, því að margar ábendingar koma nú fram. Og ýmsar af þessum ábendingum hafa verið fluttar af okkur framsóknarmönnum hér á þingi í formi till. og frv. Hitt er svo annað mál, að ég heyri það hér, að þessar ábendingar þykja lítilmótlegar og léttvægar, og það verður náttúrlega hver að hafa sína skoðun á því, en ég hygg þó, að alveg sé óhætt að fullyrða það, að a. m. k. sumar af þessum ábendingum séu þannig vaxnar, að þær mundu, ef farið væri eftir þeim, hafa stórkostlega minnkað þann vanda, sem við er að stríða, og hefðu getað orðið til þess, að gengislækkunin hefði a. m. k. ekki þurft að vera svona mikil, jafnvel þótt hún hefði kunnað að þurfa að vera einhver, sem ég skal nú ekki fara frekar út í hér.

Hv. þm. Benedikt Gröndal talaði um þá vantrú á stjórnina og stjórnmálafl., sem ég gerði lítillega að umtalsefni í minni ræðu. Ég tók það sérstaklega fram, að ég stofnaði ekki til þeirra umr. til að vekja deilur milli flokka, heldur til að minna okkur á það, að við verðum náttúrlega að standa þannig að stjórn landsins, þeir sem til þess eru valdir á hverjum tíma, hvort sem það eru stjórnarandstæðingar eða stjórnarliðar, að fólk hafi einhverja trú á því, að við komumst fram úr erfiðleikunum. En ég var ekki með neinn samanburð á stjórnarliðum og stjórnarsinnum í því efni. Hann fór hins vegar út í þennan samanburð og taldi það, að þar væri nú mikill munur á. Ég segi fyrir mitt leyti og skal látið útrætt um þetta að öðru leyti en því, að ég er

algjörlega óhræddur við þennan samanburð, alveg óhræddur við hann.

Þá vil ég leiðrétta það, sem ég sagði hér í dag eftir ábendingu hv. 10. landsk. þm., að ekki hafi legið fyrir vilyrði frá hæstv. ríkisstj. um auknar fjárveitingar til rekstrarlána útvegsins, þegar sjómannaverkfallið stóð yfir. Að fengnum þeim upplýsingum, sem hann gaf hér, sem ég veit, að er þessu máli kunnugur, þá hlýt ég að hafa það, sem sannara reynist, að það hafi verið einhvers konar vilyrði fyrir þessu þann 8. jan. Hitt er svo annað mál, að ég get ekki varizt þeirri hugsun, að ég tel, að samhliða gengisfellingunni hefði slíkt vilyrði átt að liggja fyrir, og milli þess, að gengislækkunin var framkvæmd og þeirrar dagsetningar, sem hv. 10. landsk. þm. sagði mér, eru tveir mánuðir. Og ég endurtek það, að ég tel, að fyrr hefði átt að bregða við í þessu efni. En ég rengi ekki upplýsingar hv. 10. landsk. þm., það dettur mér ekki í hug. Ég hef þá haft rangar upplýsingar um þetta atriði. Ég hélt, að þessi loforð hefðu ekki legið fyrir fyrr en um það bil sem sjómannaverkfallið var að nálgast endapunktinn.

Hv. 10. landsk. þm. sagði, að ekki væri hægt að skipta meira en aflast. Það tek ég algjörlega undir. Það, sem ég hef reynt að leggja áherzlu á í mínum málflutningi, er það, að það ætti að lækka tilkostnaðinn á því, sem aflað er. Hitt skil ég, að það er ekki hægt að skipta stærri köku en fyrir hendi er á hverjum tíma. Þetta á í raun og veru líka við um það, sem hv. 12. þm. Reykv., hv. forseti, sagði í sinni ræðu, að ég hafi gert að megininntaki þess, sem ég hafi sagt um þessi atvinnumál, það, að stefna hefði átt að því að létta byrðum af atvinnuvegunum, gera rekstur þeirra hagkvæmari og ódýrari, til þess að ekki hefði þurft að fella gengið svona oft og svona mikið þeirra vegna og til þess, að þeir hefðu verið betur í stakk búnir til þess að greiða mannsæmandi kaup, en ég held, að við komumst ekki hjá því að játa þá staðreynd, að af lægsta kaupi, sem nú er greitt samkvæmt samningum, er tæplega hægt að ætla fjölskyldu að lifa því, sem kallað er mannsæmandi lífi. Þess vegna held ég, að þetta sé kjarni málsins. Við verðum þrátt fyrir allt, hversu erfitt sem það kann að vera og hversu miklar fjarstæður, sem það kunna að vera, sem framsóknarmenn hafa lagt til í þeim efnum, verðum allir að leggjast á eitt um það að lækka þennan tilkostnað, því að öðruvísi er ekki hægt að reka þjóðfélag með frjálsum þegnum, sem lifi vel í sínu landi.

Það má náttúrlega endalaust rifja upp söguna og deila um það, hverjir hafi átt mestan þátt í þeim mistökum, sem orðið hafa oft og einatt í úthlutun alls konar leyfa, meðan það kerfi var hér ráðandi. Og ég skal ekki fara langt út í það. Það eru vissulega ljótar lýsingar, sem hv. þm., 10. landsk. þm. Sverrir Júlíusson og 12. þm. Reykv. Ólafur Björnsson, hafa gefið á starfsemi þessara nefnda og satt að segja ljótari en svo, að ég byggist við að heyra þær frá þeim a. m. k., því að eftir því sem ég man bezt, þá starfaði annar þeirra a. m. k. talsvert, og þó sennilega báðir, við þessi mál á sínum tíma. Ég segi það alveg hiklaust og hef oft gert það og mun alltaf gera það, að eins og fjárhagsráð var orðið, þegar það var lagt niður, þá var það góð stofnun og skynsamleg stefna, sem það framkvæmdi. Ég mæli því ekki bót, að það sé verið að hundelta menn fyrir að byggja sér bílskúr eða garðspotta einhvers staðar úti í bæ, eins og gert var. Það er alveg rétt. Menn verða náttúrlega að hafa það í huga, að á þeim tíma, sem mest var gert af því, var hér algert neyðarástand. Þá var skortur hér eftir stríðsár og innflutningurinn sáralítill, sem hægt var að fá, jafnvel þó að hægt væri að borga hann. Það vantaði sement, steypustyrktarjárn og timbur, það vantaði allt, og það, sem tekið var til bílskúra og girðinga, var tekið frá íbúðarhúsum, svoleiðis að þessir menn hafa náttúrlega sína afsökun. Engu að síður tel ég, að það hafi verið of langt gengið og mun ekki standa í því, hvorki fyrr né síðar, að mæla því bót út af fyrir sig. En ég sé ekkert athugavert við það, þó að það sé undir vissum kringumstæðum, þegar þannig hagar til í þjóðfélaginu, þá sé það ekki mál þeirra, sem peningana hafa, hvort þeir geta byggt yfir sig villur upp á 5 eða 10 milljónir eða hvað það nú er, sem húsin kosta núna. Þegar fjárhagsráð var lagt niður, var hverjum og einum frjálst að byggja yfir sig 550 teningsmetra húsnæði, hann þurfti engan að því að spyrja. Ef hann hafði fjármagn til þess, gat hann gert það. Og ég endurtek það, að ég sé ekkert athugavert við það, þó að þeir, sem vildu byggja stærra, þyrftu að bera sig saman við ráðamenn í þjóðfélaginu um, hvort þjóðfélagið hefði ráð á því á þeim tíma.

Það er svo margt, sem ekki er leyft. Við getum ekki, Reykvíkingar, byggt okkur hús nema fá lóð. Það hefur til skamms tíma verið skortur á lóðum. Það hefur orðið að skammta þær. Við því er ekkert að segja. Eins er það með svo mörg önnur lífsins gæði, að menn geta þurft að bíða eftir því, að þeirra tími komi og að ástæður í þjóðfélaginu séu þannig, að það sé skynsamlegt eða jafnvel verjandi gagnvart öðrum atriðum að leyfa tilteknar framkvæmdir. Það hafa ríkari og stærri þjóðir en við gripið til þess um stundarsakir að stöðva byggingar, t. d. á verzlunarhúsum, iðnaðarhúsum, já og margs konar tegundum húsa. Meira að segja í sjálfri London, þeim stóra stað, var til skamms tíma bann við tilteknum stórbyggingum inni í borginni. Það bann setti íhaldsflokkurinn á á sínum tíma. Verður hann vafalaust ekki frekar en hv. Sjálfstfl. sakaður um það að vera haftapostuli. En hann sá, að það var skynsamlegt að gera þetta, og hann þorði þá að gera það, þegar þess þurfti með. Auðvitað erum við ekki að tala um það, að hér eigi um aldur og ævi að vera einhver höft, að mönnum eigi að vera bannað helzt allt, sem nokkurs sé virði. En við erum bara að benda á það, að það geti skapazt þær aðstæður í þjóðfélaginu, að það verði að takmarka það, sem mönnum er frjálst að gera.

Ég má nú ekki, herra forseti, vera að eyða svona þingtímanum í þetta spjall. Það er vissulega margt hægt að segja um þetta meira, en ég skal nú að mestu sleppa því.

Hv. 4. þm. Vestf., Matthías Bjarnason, hélt hér að mörgu leyti að mínum dómi skynsamlega ræðu, og ég vil nú segja þá skynsamlegustu ræðu, sem ég hef heyrt úr stjórnarherbúðunum í lengri tíma. Hann viðurkenndi það, að stefnur gætu ekki staðið af sér hregg og hríðar áratuganna, þær þyrftu endurskoðunar við. Það þyrfti e. t. v. að breyta þeim vegna breyttra aðstæðna. Þetta tel ég vel mælt og skynsamlega. En það var ekki

þetta, sem hæstv. viðskmrh. var að túlka hér á föstudaginn. Það var þvert á móti allt annað. Hann undirstrikaði það í einum sjö eða átta atriðum, að það *lægi bókstaflega líf við*, að engu yrði breytt. Þetta væri sú eina sanna, skynsamlega efnahagsmálastefna, sem allar skynsamar þjóðir færu eftir, og það yrðum við umfram allt að gera líka, hvernig sem hún passaði og hvernig sem hún hefði reynzt. Á þessum málflutningi geri ég mikinn mun.

Þessi sami hv. þm. beindi þeirri fyrirspurn til okkar framsóknarmanna, líklega þá til okkar viðstaddra helzt, hvernig aðstaða félagsverzlunarinnar hefði verið á undanförnum árum. Ég er nú ekki mikið kunnugur því og ekki talsmaður félagsverzlunarinnar sem slíkur og hef þar ekki neinar trúnaðarstöður með höndum, sem opni mér leið að öllum reikningum þar. En ég get þó svarað því, að ég hygg, að hún hafi verið ákaflega léleg, ákaflega léleg á undanförnum árum. Og ég minnist þess, að aðalfundir Sambands íslenzkra samvinnufélaga hafa aldrei svo verið haldnir, síðan ég fór að *vinna í tengslum við þessa hreyfingu, að það hafi ekki* verið kvartað undan því, að rekstrarfjáraðstaðan í bönkunum væri algerlega óviðunandi, það vantaði fjármagn til allra hluta. Ef það er algildur mælikvarði á aðstöðu verzlunarinnar á Íslandi í dag og á undanförnum árum, þá er hún ekki beysin. Það vil ég þó ekki skrifa alveg undir, að samvinnuverzlunin hafi setið alveg við sama borð og allir aðrir í þeim efnum, án þess að ég fari lengra út í það að svo stöddu. Látum það nægja um þetta.

Hv. 12. þm. Reykv. taldi, að ég hefði svarað fyrirspurn eða ábendingu frá sér alveg út í hött. Það stæði allt óhaggað, sem hann hefði sagt, jafnt fyrir því, hvort ég hefði nokkuð tekið til máls eða ekki. Það verður náttúrlega hvor okkar að hafa sína skoðun á því, hvort þau atriði, sem ég minntist á, mundu nokkru breyta fyrir atvinnuvegina eða ekki. Ég hef þá skoðun, að þessi atriði, sem ég nefndi, og fleiri slík skipti máli. Ég viðurkenni, að ekkert eitt þeirra er nein patent-lausn á þessum vanda. Ég hef hana ekki. En ég leyfi mér og mun halda áfram að leyfa mér að benda á mörg atriði, sem ég tel, að mundu gera rekstur fyrirtækjanna hagkvæmari, ef framkvæmd yrðu, bæði þau atriði, sem ég mundi eftir að nefna í dag, og þau, sem *ég síðar kann* að minnast við nánari athugun.

Hv. þm. sagði, að það væri ekki hægt að lagfæra gengisstöðuna með innflutningshöftum. Ég reyndi að gera grein fyrir því í dag, að margs konar sparnað á gjaldeyri væri hægt að framkvæma með framleiðslu innlends varnings, og það mun ég standa við. Hv. þm. vildi þá segja, að því meira sem væri framleitt af varningi til innanlandsneyzlu hér, þeim mun minna yrði til að flytja út. Þetta samþykki ég ekki. Ég held, að það sé alveg óhætt að slá því föstu, að margt af því fólki, sem t. d. hér í Reykjavík hafði atvinnu við iðnað, ýmsan léttan iðnað, hafi ekki farið út á sjó til að draga fisk, það hafi ekki farið upp í sveit til að framleiða dilkakjöt til útflutnings eða yfirleitt horfið að öðrum störfum. Margt af þessu fólki er fólk, sem ekkert annað eða mjög lítið annað getur gert og alls ekki unnið að þessum framleiðslugreinum, sem hv. þm. var að gera að umtalsefni sem útflutningsvarningi, kvenfólk, sem vinnur hluta úr dögum, fatlaðir eða menn, sem ekki eru fyllilega heilir heilsu, en geta þó unnið við léttan iðnað, og það er einmitt þetta fólk, sem hvað harðast hefur orðið *fyrir barðinu á því, hvernig iðnaðurinn hefur* grotnað niður hér á undanförnum árum. Þetta tel ég, að sé hreint þjóðfélagstap að nýta ekki þennan vinnukraft fyrir utan þá fáránlegu vitleysu, ef ég má nota svo stórt orð, að láta iðnaðinn ganga í rykkjum, eins og hér hefur sífellt verið gert, ekki bara undir núv. hv. stjórnarherrum, heldur raunar alla tíð. Það hefur allt of mikið verið gert af því, að það hefur gosið upp iðnaður á einum stað og þá yfirleitt margir í sömu grein, alveg eins og hv. þm. Sverrir Júlíusson var að lýsa með nærfataverksmiðjurnar í dag. Svo fer allt á hausinn, og það vil ég kenna skipulagsleysinu. Ég vil minna hv. 10. landsk. þm. á það, að framsóknarmenn áttu engan fulltrúa í nýsköpunarstjórninni. Og mikið af þessum vörum og tækjum, sem þannig er ástatt með, eins og hv. þm. var að lýsa, var einmitt flutt inn þá.

Herra forseti, ég skal verða við þeim tilmælum að *stytta mál mitt og láta þessu spjalli lokið*. Ég tel, að þessar umræður hafi orðið að ýmsu leyti til gagns. Þó þykir mér náttúrlega nokkuð á skorta, að fundarboðendur skuli ekki sýna sig við umræðurnar.

Halldór E. Sigurðsson: Herra forseti. Ég skal nú gleðja hv. viðstadda alþm. með því, að ég mun ekki lesa allar þessar bækur, sem ég hef með mér, en ástæðan til þess, að ég fór að biðja um orðið, er atriði, sem fram kom í ræðu hv. 5. þm. Vesturl. í dag, og þess vegna ætla ég að grípa til þessara bóka. En áður en ég vík að því, þá vil ég aðeins víkja lítils háttar að ræðu hv. 4. þm. Vestf., Matthíasar Bjarnasonar. Hann talaði um þátttöku þm. í þingfundum og fór að vitna í það, hvað margir prósentvís væru hér viðstaddir. Ég veit ekki, hvort þeir sjálfstæðismenn hafa frekar efni á því en við hinir að gera upp í prósentvís þátttöku þm. í þingfundum. Ég held, að það muni ekkert hallast á okkur þar. Og hann t. d. gleymdi alveg að geta eins flokksins, Alþfl., en hann hefði mátt reikna með hans prósentu um þátttöku í þessum fundi, þar er hæstv. forseti einn mættur. Ég minnist þess, að í gær, er hæstv. utanrrh. var að flytja sína skýrslu um utanríkismálin, sem er þó ein hin bezta, sem flutt hefur verið hér á hv. Alþ. af *skýrslum ríkisstj.*, þá sáust varla sjálfstæðismenn í þingsalnum. En sleppum því, við erum nú víst allir breyzkir í því, að menn geta ekki mætt á þingfundum sem skyldi.

En út af því sem hv. 4. þm. Vestf. sagði um ríkisútgjöld og till. okkar framsóknarmanna þar um, þá vildi ég benda þessum hv. þm. á það, að ef hann færi og kynnti sér þingsöguna, þá hygg ég, að það séu fá dæmi um stjórnarandstöðu, sem hefur flutt jafnlítið af brtt. við afgreiðslu fjárl. eins og Framsfl. hefur gert. Við höfum þing eftir þing flutt eina till. við afgreiðslu fjárl. til útgjalda, það var að reyna að halda uppi heiðri hæstv. samgmrh., af því að hans eigin samherjar höfðu þvingað hann til að láta af því, sem hann sjálfur hafði heitið.

Ég vil líka segja þessum hv. þm. það, að margt af því, sem við höfum talið, að þyrfti að framkvæma og ætti að vera fjárveiting til, hefur verið framkvæmt, en það hefur verið með lánum, sem framtíðin verður að greiða.

Þess vegna hefur það ekki orðið til þess að hafa áhrif á það að draga úr vinnuaflsskorti í landinu, nema síður sé, því að það hefur mjög mikið verið framkvæmt fyrir lánsfé á þessum árum. Ég vil líka segja það í sambandi við það, sem hv. þm. sagði, að svo hefði nú vinnuaflið verið notað síðustu árin, að ekki hefði verið hægt að halda uppi iðnaðinum í landinu.

En svo vék hann að stóriðjunni, og vinnuaflið var þar til. Það, sem um var deilt í sambandi við álverksmiðjuna, var ekki það, að hér ætti að vera stóriðja á Íslandi, því að enginn flokkur á þar betri sögu en Framsfl. með Áburðar- og Sementsverksmiðju. Það er stóriðja, sem var komið á á hans valdadögum. Það var deilt um samninginn, því að okkar stefna er þannig, að við viljum ekki leyfa erlent fjármagn til þátttöku í íslenzkum atvinnurekstri, nema samningur sé gerður um það, sérstakur samningur í það og það skiptið, og það var deilan um samninginn um álverksmiðjuna, sem stóð hér, en ekki um málið að öðru leyti. Það er líka algjörlega rangt, sem þeir sjálfstæðismenn og stjórnarsinnar hafa viljað halda fram, að við höfum verið andstæðingar Búrfellsvirkjunarinnar. Farið þið í þingtíðindin, og fylgizt þið með atkvæðagreiðslunni, þá áttið þið ykkur á því.

Ég vil aðeins segja þetta, en annars ætla ég nú ekki að segja fleira um ræðu þessa hv. þm. og get tekið undir það, að margt var í henni skynsamlegt og á annan veg en við erum vanir að heyra hér. T. d. var hún á allt annan veg en hjá hv. 12. þm. Reykv. Mér datt í hug, þegar þessi hv. þm., sem ég hef hinar mestu mætur á, var að tala, þá datt mér í hug sagan af mönnunum, sem villast. Það er meginregla hjá þeim, sem villast í byl eða myrkri, að þeir lenda alltaf á sama punktinum aftur. Þó að þeir viti það, að þeir eru staddir á þessum stað og telji sig alveg vera örugga með áttina, þá er það meginregla, að þeir koma eftir nokkra gönguferð að punktinum aftur. Og meginefni í ræðu þessa hv. þm. var ekkert annað en það, að það, sem við höfum verið að gera s. l. tíu ár og erum að gera núna, það er það eina rétta og það er ekkert annað til. Mér dettur í hug í þessu sambandi, af því að hv. 12. þm. Reykv. er prófessor í hagfræði, þá dettur mér í hug saga, sem hæstv. viðskmrh. sagði á fundi menntaskólanema og kennaraskólanema vestur á Sögu um daginn. Hann sagði frá því, að af prófessor í hagfræði hafi það frétzt til rektors háskólans, að hann hafi sama prófið ár eftir ár, sama verkefnið nákvæmlega ár eftir ár. Rektorinn kallaði prófessorinn til sín og sagði: „Er það satt, að þér leggið sama prófverkefnið fyrir nemendurna ár eftir ár?" „Já," sagði prófessorinn, „það er alveg rétt." „Áttið þér yður ekki á því, að nemendurnir vita svörin?" „Nei," sagði prófessorinn, „í minni fræðigrein er ekki sama svarið við spurningunni í ár, sem það verður næsta ár." Hagfræðin er einmitt þannig, hv. 12. þm. Reykv., að það er ekki alltaf sama svarið.

Það er ekki hægt að aka með bundið stýri og bundið fyrir augu. Menn verða að átta sig á lífinu. Hagfræði er ekkert annað en lífið sjálft,og þeir, sem kunna að útfæra hagfræði, átta sig á því, að lífið er ekki ein stefna, heldur eitt í dag og annað á morgun. Og þess vegna var það t. d., þegar hv. 12. þm. Reykv. var að tala um, hvar hann ætlaði að fá fé, það var ekkert í því í hans augum, nema auknir skattar og tollar. En hv. samherjar, hæstv. fjmrh., sem hafa setið í ríkisstjórnum, sem hann hefur stutt nú s. l. 10 ár, álíta, það var a. m. k. innihaldið í þeirra ræðum hér ár eftir ár, að það mætti spara í ríkisrekstrinum. Þangað væri hægt að sækja fé til þess að leysa verkefnin. Það væri mögulegt, og þegar þeir tóku við af fyrrverandi ríkisstjórnum, og sérstaklega kenndu þeir það nú allt við Framsókn, þá voru þeir ekki í vafa um það, að það mætti mikið spara frá Framsóknardögunum og finna fé til þess að leysa verkefni. Nú var hv. 12. þm. Reykv. alveg sannfærður um, að það væri engin leið að finna þar nokkra peninga, nokkra fjármuni. Ég get hins vegar sagt hv. 12. þm. Reykv. það, og ég er sannfærður um það og því sannfærðari sem ég kynnist betur ríkisrekstrinum, og ég veit, að hv. þm. Pétur Sigurðsson mun verða mér sammála um það, þegar við verðum búnir að endurskoða ríkisreikninginn saman í nokkur ár, ef það verður, að það er hægt að spara í ríkisrekstrinum. Og það er ekki hægt að komast út úr ríkisfjármálunum nema með samdrætti í ríkiskerfinu þannig, að breyta verður kerfinu frá því, sem það er búið að vera í áratugi. Þetta er staðreynd.

Þá er nú víst rétt að koma að efni, sem ég ætlaði sérstaklega að ræða um. Hv. 5. þm. Vesturl. flutti í dag ræðuna, sem hann er að meginmáli til búinn að flytja í tvennum kosningum á Vesturlandi og ég hef hlustað á á 23 fundum samtals. **(Gripið fram í: Ertu ekki farinn að kunna hana?)** Ég ætti að vera farinn að gera það, enda heyrði ég ekki nema lítið af henni í dag, en ég veit, hvað var á milli. Það er þetta, sem er að verða mjög áberandi í umr. hjá stjórnarsinnum núna, þessi undirvitund, að þeir vita það ósköp vel, að það er engin ánægja með þá, og þá segja þeir: „Þið verðið ekkert betri. Það er ekkert betra, þó að Framsókn komist til valda. Það verður svona álíka lélegt eins og hjá okkur." Og þegar hv. 5. þm. Vesturl. fer að vitna til þess arna, þá segir hann alltaf: „Þið vitið nú, hvernig Framsókn er. Hún vill þetta utan stjórnar, en þetta inni í stjórn. Og dæmið skal ég sanna ykkur, það er vantraustið og gengisbreytingin 1950. Framsókn lýsti vantrausti á flokksstjórn Sjálfstfl. 1950 fyrir frv. um gengisbreytinguna, en gekk svo inn í ríkisstjórn og samþykkti það." Og þetta var ástæðan til þess, að ég kvaddi mér hljóðs, og nú vil ég með leyfi hæstv. forseta leiða fram vitni í þessu máli.

Þegar vantraustið fór hér fram á hv. Alþ. 1950, þá vildi svo vel til, að hv. þm. Einar Olgeirsson, sem ég held, að hafi þá verið 2. þm. Reykv., flutti við atkvæðagreiðsluna eða áður en hún fór fram svo hljóðandi brtt. við vantrauststill., og ég vil með leyfi hæstv. forseta lesa hana, en hún er svona: „Á eftir orðunum „núv. ríkisstj."" – því að till. var bara vantraust Alþ. á núverandi ríkisstj. – „komi: sökum þess frv. til l. um gengisskráningu, launabreytingar, stóreignaskatt, framleiðslugjöld o. fl., sem nú hefur verið lagt fyrir Alþ., og þeirrar stefnu í efnahagsmálum þjóðarinnar, sem þar kemur fram." Þetta var till. hv. 2. þm. Reykv., Einars Olgeirssonar. Og nú skulum við vita, hvernig atkvæðagreiðslan varð um þessa till. Og þá skulum við fá úr því skorið, hvort hv. 5. þm. Vesturl., Benedikt Gröndal, er að fara með rétt mál eða ekki. Till. var á þskj. 362, brtt. var á þskj. 385. Till. var felld með 18 atkv. gegn 15 að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

eftirtaldir já. Með leyfi hv. forseta ætla ég að lesa atkvæðagreiðsluna: Finnbogi R. Valdimarsson, Finnur Jónsson, Gylfi Þ. Gíslason, Guðmundur Í. Guðmundsson, Haraldur Guðmundsson, Jónas Árnason, Lúðvík Jósefsson, Sigurður Guðnason, Stefán Jóh. Stefánsson, Steingrímur Aðalsteinsson, Áki Jakobsson, Ásmundur Sigurðsson, Brynjólfur Bjarnason, Einar Olgeirsson og Emil Jónsson. En nei sögðu: Eysteinn Jónsson, Gísli Guðmundsson, Halldór Ásgrímsson, Helgi Jónasson, Hermann Jónasson, Jörundur Brynjólfsson, Karl Kristjánsson, Páll Zóphóníasson, Páll Þorsteinsson, Rannveig Þorsteinsdóttir, Skúli Guðmundsson, Vilhjálmur Hjálmarsson, Ásgeir Ásgeirsson, Ásgeir Bjarnason, Bernharð Stefánsson, Steingrímur Steinþórsson, Bjarni Ásgeirsson og Jón Gíslason. Þessir hv. þm., sem allir eru framsóknarmenn, greiddu atkvæði gegn þessu. Og í ræðu, sem Hermann Jónasson, þáverandi þm. Strandamanna, flutti við þessa atkvæðagreiðslu, kemur það fram, að í þingkosningunum haustið 1949 hafi þeir framsóknarmenn lýst því yfir, að það væru ekki til nema tvær leiðir í efnahagsmálum, annaðhvort að fella gengið eða reyna að færa allt niður. Það væri hins vegar krafa þeirra, að jafnhliða gengisbreytingunni yrðu gerðar þær hliðarráðstafanir, sem þeir þá lögðu til, að gerðar yrðu og svo hitt, að ríkisstj. sæti við völd, sem hefði vald til þess að koma gengisbreytingunni í gegn og öðrum efnahagsmálaráðstöfunum og að framkvæma hana. Og þess vegna væri vantraustið fram komið, að þetta væri ekki til staðar. Ríkisstj. hefði enga getu til þess að koma m. a. gengisbreytingunni í gegn, og það væri ábyrgðarleysi að leggja fram frv. til gengisbreytingar – um gengisbreytingu, án þess að það gæti náð fram að ganga eða því væri tryggt fylgi. Og það skorti þær hliðarráðstafanir, sem þeir vildu, að gerðar yrðu. Það er því algjörlega rangt með farið,.að Framsfl. hafi fyrst lýst vantrausti á þá ríkisstj. vegna þessa frv., en síðan lýst yfir stuðningi við það og það hafi verið þarna um nokkra stefnubreytingu að ræða. Þetta var ástæðan til þess, að ég fór að biðja um orðið. Ég ætlaði mér ekki að taka þátt í þessum umr. En það er þörf á því, fullkomlega þörf á því, að vekja þetta upp og minna á þetta einmitt nú, þegar stjórnarsinnar eru farnir, ræðumaður eftir ræðumann, að halda því fram, að það verði engin breyting og stefnubreyting Framsóknar sé ekkert annað en að vilja komast í ríkisstjórn.

Ég ætla ekki að fara miklu lengra út í langar umr., það ætla ég mér ekki. Það er greinilegt í því, sem fram hefur komið í þessum umr., og er ekkert nýtt að heyra það, að gagnrýni okkar framsóknarmanna sé neikvæð og ósanngjörn og að við höfum ekkert til málanna að leggja til úrlausnar. Hv. 11. þm. Reykv. sýndi fram á það greinilega, og ég held, að ef hv. 12. þm. Reykv. hefði hlustað á ræðu formanns Framsfl. við umr. um gengisbreytinguna í haust, þá hefði hann líka áttað sig á þessu. Ef hann hefði lesið nál. okkar framsóknarmanna í fjvn., þá átti honum að verða það ljóst, að við höfðum till. í málinu fram að færa. En það, sem er haldið fram af hv. stjórnarsinnum, er eftirfarandi: Þið gleymið því alveg, að verðlagið hefur lækkað á útflutningsafurðum okkar, og þið gleymið því líka, að aflinn hefur minnkað. Þess vegna eruð þið ósanngjarnir, þegar þið reynið að kenna ríkisstj. um það, þó að ekki sé allt í lagi. Og þið verðið að gera ykkur grein fyrir því, að það verða verri kjör við þessar aðstæður en áður.

Við höfum haldið því fram, framsóknarmenn, að okkur sé það ljóst, að það verði verri kjör nú en í góðæri. En við höfum líka haldið því fram, að það séu takmörk fyrir því, hvað hægt sé að fara fram á mikla kjaraskerðingu, sem þegar er orðin æðimikil. Og ég undirstrika það, sem hv. 11. þm. Reykv. sagði hér áðan, að það er fleira, sem hefur áhrif á rekstur atvinnuveganna en kaupgjaldið eitt. Það ættu og það vita atvinnurekendur, þó að mest sé um hitt talað. Nú skal ég reyna að vera sanngjarn og taka tillit til þess arna. En þá vil ég fá skýringu hjá ykkur stjórnarsinnum. Við deilum ekki um það, að árferðið 1964 var gott, en hvers vegna þurfti þó ríkisstj. þá að veita aðalatvinnuvegunum styrk til þess að þeir gætu starfað? Þá voru góð aflabrögð og gott verðlag. Þá voru viðskiptakjörin betri en þau höfðu nokkurn tíma áður verið. Og ég bið ykkur líka að skýra það fyrir okkur, hvernig stóð á því, að þið urðuð með ríkisstyrkjum, beinum framlögum úr ríkissjóði, að styðja atvinnuvegina 1965 í bezta árferði, sem nokkurn tíma hefur gengið yfir atvinnuvegina á Íslandi? Var þar um að kenna slæmu árferði, slæmum aflabrögðum, lélegu verði? Viðskiptakjör voru miklu betri en nokkru sinni fyrr, og ég bið ykkur að skýra það fyrir okkur, hvernig stóð á því, að þið urðuð árið 1966 að gera hverja ráðstöfunina á fætur annarri vegna atvinnuveganna og fóruð um haustið 1966 út í stórfelldari niðurgreiðslur en nokkru sinni fyrr. Þá hélduð þið því fram, að það yrði að auka svo niðurgreiðslurnar, vegna þess að fólkið í landinu þyldi ekki álagið annars. Það voru þó ólíkt betri kjör en þau eru nú. Árið 1965 voru viðskiptakjörin 131 miðað við 100 og 1960 og 1954 einnig. Þetta eru þau beztu ár, sem nokkurn tíma hafa komið yfir Ísland, beztu ár afla og verðlags, og viðskiptakjörin þau albeztu, sem nokkur þekkir. Samt urðuð þið að gera hverja ráðstöfunina á fætur annarri vegna atvinnuveganna, þó að enginn megi efast um, að stjórnarstefnan hafi verið rétt. Og hvernig hélt það áfram 1967, enda þótt á því ári væri varið á áttunda hundrað millj. kr. af ríkisfé til niðurgreiðslna? Þá urðuð þið að gera gengisfall um haustið til þess að bjarga atvinnuvegunum. Og hverju hélduð þið sjálfir fram, stjórnarsinnar, um þá gengisbreytingu? Þið hélduð því fram, bæði Alþfl. og Sjálfstfl., að það mundi færast nýtt líf og nýtt fjör í atvinnuvegina og það mundi tryggja atvinnu og afkomu þjóðarinnar, gengisbreytingin haustið 1967. Þrátt fyrir þetta urðuð þið að vera með mánaðarfyrirgreiðslur fyrir atvinnuvegina allt árið 1968 og gera stórfelldari gengisbreytingu um haustið en áður hafði þekkzt. Þetta er æskilegt, að þið skýrið fyrir okkur, áður en þið farið að krefjast þess af okkur, að við teljum, að stefnan sé sú eina rétta. Og hvernig stendur á því, ég óska skýringar á því líka, áður en þið bregðið okkur um ósanngirni, hvernig stendur á því, að á þessu tímabili eru búnar að verða milljarða tekjur hjá ríkissjóði umfram fjárlög? Þrátt fyrir það eru nú hærri skuldir, eins og ég drap á áðan, hjá framkvæmdaliðum eins og vegum, höfnum, skólum, rafmagni o. fl. en nokkru sinni fyrr. Þessar skuldir voru óþekktar, t. d. í vegunum, þegar núverandi valdhafar komust til valda,

en eru nú um 500 millj. Og hvernig skýrið þið það, að þrátt fyrir meiri gjaldeyristekjur en nokkru sinni fyrr, stendur þjóðin ver út á við en nokkru sinni fyrr? Heildarskuldir og skuldir á hvern einstakling í landinu eru hærri en áður hefur þekkzt. Er ekki ástæða til, að þeir, sem hafa aðra lífsskoðun en þið, dragi í efa, að þessi stefna, sem þið hafið fylgt með litlum árangri, sé sú eina rétta? Og ykkur til bjargræðis hafið þið nú á einu ári hækkað verð á erlendum gjaldeyri yfir 100% og hafið orðið að taka önnur eins áföll á þjóðfélagið eins og þær hækkanir, sem urðu á erlendum skuldum við þessa breytingu. Það er nú svo, að af skipalánunum einum nemur hækkunin við gengisbreytingarnar 1967 og 1968 verðlagi á um 25 150 tonna skipum, eins og samið var um þau í skipasmíðjunni í Garðahreppi haustið 1967 fyrir gengisbreytinguna. Og svo kemur ofan á allt þetta, að atvinnuvegirnir eru á heljarþröminni, og enn þá er verið að setja stoðir við þennan og hinn atvinnureksturinn til þess að halda honum réttum.

Atvinnuleysi er nú meira en nokkru sinni fyrr, og ríkisstj. frelsisins, hins frjálsa framtaks, ríkisstj., sem hefur í málgögnum sínum, í ræðu og riti lýst því yfir, að bezta vörnin í atvinnumálum þjóðarinnar væri dugnaður einstaklinganna og hið frjálsa framtak, hún situr nú undir forsæti forsrh. með nefndir til þess að reyna með ríkisaðstoð að koma atvinnuvegunum nokkuð á leið. Mér hefur fundizt, að til þess að allt væri fullkomnað, þá ætti ríkisstj., þegar hún er að láta birta myndir af sjálfri sér og nefndum sínum, að setja yfirskriftina: Lengi lifi hið frjálsa framtak.

Þegar við lítum á þetta, ástandið í þjóðmálunum nú og þá möguleika, sem hæstv. ríkisstj. og hennar stuðningsmenn hafa haft á s. l. 10 árum með það í huga, að ríkisstj. hefur haft ráð um eða verið þátttakandi í öllum kjarasamningum síðan 1964 og síðar – hún hefur ráðið meira um niðurstöðuna en flestir aðrir – þá er ástæða til, að við stjórnarandstæðingar spyrjum: Hvernig væri ástandið í þjóðfélaginu, ef illa hefði verið stjórnað? – ef við eigum að trúa því, að núverandi ríkisstj. hafi stjórnað vel.

Pétur Sigurðsson: Herra forseti. Ég fagna því sannarlega, að hv. síðasti ræðumaður býður mig velkominn til starfa við eftirlit opinberra reikninga. Það er ekki aðeins það, að ég viti, að hann verði allur af vilja gerður til þess að segja nýliðanum til um það, hvers konar og hvernig endurskoðun þar eigi að fara fram, heldur veit ég það, að hann verður samkvæmur því, er hann sagði, þegar ég var kjörinn, að nú væri ekki lengur kjörið til þessara starfa eftir getu eða menntun, heldur eftir vigt. Og virðumst við báðir vera þar á sama meiði.

Það, sem veldur því, að ég kveð mér hljóðs nú, er ekki aðeins sum orð, sem hér hafa fallið í kvöld, heldur og kannske mín eigin orð fyrir stuttu í sambandi við annað mál, sem hefur reyndar komið hér á dagskrá í kvöld í ræðum sumra hv. þm. hér í þessum umr. En það er það mál, sem var hér til umr. fyrir nokkrum dögum í hv. þingi, þegar verið var að ræða um lausn yfirmannadeilunnar á fiskiskipaflotanum. Ég hafði þau orð þá eitthvað á þá leið í stuttu máli, sem ég flutti hér í hv. deild, að ég mundi þá kannske reyna að koma að ekki aðeins þeim málum heldur og öðru, sem varðaði það mál, m. a. að þeim málum, sem voru bein afleiðing af gengislækkuninni í haust, en það var frv. um sjávarútvegsmálin fyrir jólin, sem auðvitað varð mikill umræðuvaldur í sambandi við það mál, sem ég var hér að minnast á. Mér þótti verst að geta ekki verið við í kvöld, þegar hv. 10. landsk. þm. flutti ræðu sína, en hann mun hafa komið nokkuð inn á þau mál. Nú veit ég það, að þótt við höfum báðir staðið saman að lausn þessa máls, þá höfum við ábyggilega ekki verið alls kostar sammála frekar en ég geri ráð fyrir, að menn úr öðrum flokkum hafi verið algjörlega sammála um, hvaða tökum ætti að grípa það mál til þess að fá lausn á því. Ég geri ráð fyrir því, að það hafi verið sömu skoðanirnar, sem fram hafi komið í öllum flokkum, nema e. t. v. í Alþb., ef það bandalag er hægt að kalla pólitíska flokk lengur, um það, hvernig átti að leysa málið, að það hafi komið upp ágreiningur, sem sagt.

Ekki er því að leyna, að í þeim umr., og eins í þeim löngu umr., sem hafa orðið um skýrslu hæstv. forsrh. um efnahagsmálin, þá hefur verið komið inn á þessi mál. Og eins og ég sagði fyrr, bæði vegna þeirra orða minna, að ég mundi fara nokkrum orðum um þetta mál í þessum umr., og eins vegna þeirra orða, sem nú hafa fallið, þá þykir mér hlýða að láta í ljós skoðanir mínar á því, en þó kannske enn frekar að leiðrétta þær stórkostlegu missagnir, sem orðið hafa hjá ræðumönnum í sambandi við þetta mál við þessar umr. og þær fyrri, sem ég hef þegar vitnað til.

Ég held, að sá, sem lengst hafi gengið í missögnum og beinum ósannindum í sambandi við ummæli, hafi þó verið hv. 4. þm. Austf. Að vísu stóðu þeir honum ekki mikið að baki hv. 6. þm. Reykv. og hv. 4. þm. Reykv., en mér þykir rétt, að mínar leiðréttingar komi fram í þingtíðindum á röngu máli þessara manna. Meðal þess, sem var aðalkenning þeirra í sambandi við verkfall yfirmanna, var það, að verkfallið væri bein afleiðing af setningu sjávarútvegslaganna í des. Þetta er auðvitað alrangt, þegar það er haft í huga, að yfirmenn höfðu þegar snemma á síðastliðnu hausti, löngu áður en gengisfellingin var ákveðin, samþ. að segja upp sínum samningum. Og þeir höfðu m. a. mótað ekki aðeins kröfuna um lífeyrissjóð heldur og kröfuna um stórhækkaða kauptryggingu. Þetta skeði löngu áður en nokkur gengislækkun kom til sögunnar og löngu áður en frv. í sambandi við skerðingu hlutaskipta sjómanna kom fram hér á Alþ. Kannske væri þetta eitt nóg til þess að sýna, hvers konar blygðunarlaus óskammfeilni lýsir sér oft á tíðum í málflutningi hv. stjórnarandstæðinga. En eins og ég tók fram, tel ég rétt að draga það fram og láta það vera skráð í þingtíðindum, þessi ósannindi þessara hv. þm.

Auðvitað kom fleira fram í sambandi við þessar umr. þessara hv. þm., en kannske væri of mikið að fara að elta ólar við hvert einasta atriði. Eitt atriði var þó tekið fyrir á eftirmiðdagsfundi hér í dag af hæstv. forsrh., er hann minnti hv. 4. þm. Austf. á það, að hann hefði eitt sinn verið framkvæmdastjóri fyrir einu af stærstu togaraútgerðarfélögunum hér á landi. Að vísu varð það togarafélag fyrir miklu og geigvænlegu tjóni í skipamissi, en þeirra glæsilegasta skip seldi þó þessi ágætis framkvæmdastjóri burt úr sínu byggðarlagi á sama tíma sem hann hóf kröfuna um það til ríkisvaldsins og

annarra byggðarlaga jafnvel, að þau tækju upp togaraútgerð og rækju hana væntanlega með því tapi, sem hann var að losa sitt byggðarlag við. Við höfum oft heyrt það frá báðum stjórnarandstöðufl. á hv. Alþ., að þeir hafa talið það hinn mesta löst okkar að togaraútgerð hefur dregizt saman hér á Íslandi. En ef þessir sömu herramenn vikju huga sínum til baka til vinstristjórnaráranna tveggja og til þeirra ára, sem núv. hæstv. ríkisstj. hefur setið, þá mundu þeir sjá, að rýrnun togaraflotans varð miklu meiri hlutfallslega á tímabili vinstri stjórnarinnar en nokkurn tíma á tímabili núv. hæstv. ríkisstj., þrátt fyrir þá miklu erfiðleika, sem togaraútgerðin óneitanlega hefur orðið fyrir, auk þeirrar miklu samkeppni, sem hún hefur orðið fyrir af öðrum greinum fiskveiðanna. Og um leið og þessir hv. þm. stjórnarandstöðunnar eru að gagnrýna þennan samdrátt, þá virðist mér, að það sé fyllilega tímabært enn einu sinni að benda þeim á þá stórkostlegu aukningu, sem hefur orðið á fiskiskipastólnum á þessum árum.

Eitt af þeim atriðum, sem komu fram hjá hv. 4. þm. Austf. í sambandi við fæðispeninga sjómanna í þessum umr., var, að ákveðinn hluti fiskimanna hér í kringum land fengi ekkert úr hinum svokallaða matar- eða fæðisgreiðslusjóði, en þeir borguðu hins vegar í hann. Þessi hv. þm., sem í þessu máli sínu sem reyndar öllu öðru máli talar ekki aðeins til sinna hv. kjósenda eingöngu, heldur kannske þeirra helzt, sem sitja og hlusta á hann á þingpöllum, eins og þá reyndist vera raunin, virðist ekki hafa athugað það, að þessir hinir sömu fiskimenn, sem eru á skipum, sem ekki er lögskráð á, þeir njóta allra þeirra fríðinda, sem einmitt löggjöfin frá því í des. gerir ráð fyrir í sambandi við eigendur fiskiskipa. Þannig að í þeim tilfellum, þá eru oftast nær eigendur bátanna sjálfir þar um borð, og það er tekið af þeim að vísu sem skipverjum, en þeir fá það til baka sem eigendur skipsins. Þannig að ég mundi telja ákaflega óréttlátt, ef það ætti svo að fara að taka af hinum starfandi sjómönnum, sem eru hreinir launþegar hjá útgerðunum í hinum stærri útgerðarbæjum t. d. eða minnsta kosti á þeim skipum, sem lögskráð er á, ef það ætti að fara að taka af þeim til þess að fara að greiða þessum mönnum líka úr þessum sjóði.

Eitt af því, sem var ágreiningsefni í sambandi við þetta mál, var það, að yfirmenn á skipunum hefðu sumir hverjir komizt í það niðurlægingarástand að vera á sama eða líku stigi í kauptryggingu eins og þeir, sem bezt eru settir meðal undirmanna. Að vísu hef ég aldrei skilið þá skoðun sumra yfirmanna að láta það koma fram hjá sér, að þeir, sem hæst komast hjá undirmönnum, skuli aldrei geta komizt í það að hafa sömu kauptryggingu og þeir, sem eru að byrja sem yfirmenn og eiga eftir að ganga allar tröppurnar í þeim stiga, sem fiskimenn hafa. Fyrir utan það hlýtur auðvitað einhvern tíma að þurfa að gera greinarmun á því, hvað er trygging og hvað er kaup, fast kaup. Þegar ég hef talað um tryggingu, þá hefði ég álitið, að verið væri að tala um það, sem verið væri að tryggja ákveðinni persónu eða persónum, þannig að þær gætu annaðhvort haft lifibrauð af, gott eða illt, eftir því hver í hlut á og eftir því hvaða samningum viðkomandi aðilar ná, eða þá að það væru bætur, sem viðkomandi aðilar fengju í slysa- eða veikindatilfellum. Nú hins vegar virðist vera komið út í það hjá sumum aðilum í þessu þjóðfélagi, að þegar talað er um kauptryggingu, þá sé verið að ræða um laun, sem fara ekki aðeins 50% fram úr venjulegu verkamannskaupi, heldur kannske allt að 100%. Þetta tel ég með öllu óréttlátt. Ég tel, að allir búi við sama hlut, þegar undir þeim kringumstæðum er búið, og það þurfi ekki endilega að vera betur búið að yfirmanni en undirmanni. Þetta er eitt af ágreiningsatriðunum í síðustu samningum og eitt af því, sem ég tel, að mjög óþarflega hafi verið dregið fram af útgerðarmönnum í þessum umræddu samningum, eins og svo margt annað, og það vil ég, að komi skýrt fram. Þeir áttu ekki síztan hlutann í því, að þessir samningar töfðust.

Eitt af því, sem þeir drógu þar fram, var, að ég vil segja, skekkja mikil, sem hæstv. Alþ. gerði á sínum tíma í samþykkt laga um, að fiskimenn haldi fullum hlut í veikinda- og slysatilfellum lögboðinn lögskráningartíma, sem getur þýtt það fyrir útgerðina, að skipstjóri sé með sína tvo hluti til greiðslu allt að þrjá mánuði, ef hann veikist eða slasast. Þetta er auðvitað eitt af þeim atriðum, sem hafa komið fram í rökræðum á milli undir- og yfirmanna og hljóta að verða að dragast fram, þegar verið er að ræða um það, hvor búi við betri kjör. Þetta eina atriði meðal svo margra annarra, sem yfirmannasamtökin af skiljanlegum ástæðum hafa náð fram á undanförnum árum, eru auðvitað þess eðlis, að það er ekki hægt að draga það fram í slíkum samningum, viðræðum, hvorki opinberum eða einka. En hvað um það, ég vil vegna þessara orða minna auðvitað láta það koma skýrt fram, að það var margt, sem mælti því bót, að þessir menn fengju bætt sín kjör frekar en náðist í samningaumleitunum þeirra og frekar en gert var með því lagafrv., sem hér var samþ. Það auðvitað nær engri átt til lengdar, að við skulum eiga skipstjóra á skipum og vélstjóra, sem eru með 40 til 50 millj. króna verðmæti í höndunum, auk þess mörg mannslíf, sem ekki hafa tryggingu fyrir því, að þeir hafi svona álíka laun og vön skrifstofustúlka í opinberri stofnun, eins og t. d. Samvinnubankanum eða Búnaðarbankanum. Ég tel, að við séum á alrangri leið í þessu efni. Og það er kannske eitt af því, sem ég gagnrýni hæstv. ríkisstj. hvað mest fyrir. Og þau hv. 10%, sem hér eru stödd af stjórnarandstöðunni í kvöld, mega vel vita það, eins og þau sjálfsagt vita, að við getum líka gagnrýnt okkar hæstv. ráðh. og ríkisstj. og m. a. hef ég gert það oft á tíðum vegna þess, að mér hefur fundizt, að bæði hjá þeim og ekki síður hjá öðrum hv. alþm., að ég tali ekki um hv. stjórnarandstöðu, að það er ekki til neitt hjá þessum aðilum, sem héti launamálapólitík, samfelld stefna í launamálum á þessu landi. Sumum hefur virzt, að stefna væri oft á tíðum aðeins sú, að það ætti að halda kaupinu sem lægstu. Það getur verið ákaflega nauðsynlegt undir vissum tilfellum, en undir öðrum tilfellum tel ég líka nauðsynlegt að ganga á móti ákveðnum hópum, þýðingarmiklum hópum, að ég tali ekki um þá, sem búa við verst kjörin á hverjum tíma.

Það voru að vísu mörg fleiri gullkorn, sem féllu hjá þessum hv. stjórnarandstæðingum í sambandi við þessa löggjöf. Ég minnist þess sérstaklega, og ég gat nú ekki annað en brosað með sjálfum mér, þegar hv. 4. þm. Austf. fór að hrósa sér af því, að bæði skipstjóri og

skipshöfn hefðu komið til sín og beðið sig um það að fá að fara út á sjó, þegar hann var togaraútgerðarmaður, fyrir stórhátíðar. Þetta hljóta að vera alveg sérstakir menn, sem hann hafði í sinni þjónustu, og eiginlega furðulegt, að hann skyldi ekki aðeins selja skipin sín, heldur láta þetta fólk fara frá sér, sem er náttúrlega eitt dæmi um það, hvers konar tvískinnungur er í málflutningi þessara manna í sambandi við þessi mál.

Annað, sem er kannske það alvarlegasta í sambandi við þessa ákaflega erfiðu deilu, er það, að hér heyrum við á Alþ., að hv. forystumenn stjórnarandstöðunnar koma hver eftir annan með engilsveip um sig og lýsa því yfir, ja, við vissum ekkert, hvernig deilan stóð, við fréttum ekkert af henni, það var enginn, sem talaði við okkur. En einn af miðstjórnarmönnum Framsfl. var í samninganefndinni, einn af varaþm. Alþb. einnig, og trúi því hver sem vill, að bæði Lúðvík Jósefsson, Eysteinn Jónsson og Ólafur Jóhannesson hafi ekki rætt við þessa menn, að þeir hafi ekki vitað, hvað var að ske. Enda var mér persónulega fullkunnugt um það, að þeir vissu vel frá degi til dags, hvað þarna var að ske, og þeir gáfu líka þau ráð, sem reyndust þau ráð, sem ekki leiddu til lausnar málsins. Það má segja, að hafi verið að bera í bakkafullan lækinn, þegar hv. 4. þm. Reykv. fór að ræða um þessi mál. Hann virðist vera kominn á það stig, eins og reyndar bæði hv. 6. þm. Reykv. og 4. þm. Austf., að þeir standa á sama stigi og litlir strákar, sem eru að keppast um það, hver geti pissað lengst. Og segja **má kannske, að það megi breyta hinu gamla nafni, sem** hæstv. forsrh. gaf ákveðnum mönnum, sem hér töluðu mikið á sínum tíma, er hann kallaði þá puntudúkkur, **að við séum núna búnir að fá pissudúkkur á hæstv. Alþ.** En ég vil leyfa mér að segja það, að ég held, að þegar frá líður og við sjáum þessa atburði, sem stjórnarandstaðan **telur beint framhald af efnahagsráðstöfununum á** s. l. hausti, að þegar frá líður og horft er á það gífurlega tjón, sem þessi deila olli allri þjóðinni og ekki síst mönnunum sjálfum, og þegar við horfum á það gífurlega aflamagn, sem þessi glæsilegi floti með glæsilegum skipshöfnum, sem skipa þennan glæsilega flota, getur borið að landi á stuttum tíma öllu þjóðarbúinu til farsældar, þá hljóti allir menn að vera sammála því, að þessi leið var nauðsynleg. Enda var það viðurkennt af þeim aðilum, sem þá áttu í deilunni, að málið væri komið í þann hnút, að það yrði að leysa það. Og þótt mér persónulega, sem einum af aðilum að þessari deilu á sínum tíma, þótt ég ætti ekki beinan þátt að henni fyrir mitt stéttarfélag, – þótt mér persónulega sé það þvert um geð, að til slíkra ráðstafana þurfi að grípa, þá skal ég alltaf viðurkenna það, að sú aðstaða getur skapazt, að minni hagsmunir verði að víkja fyrir meiri hagsmunum, í þessu tilfelli fyrir hagsmunum heildarinnar. Ég tók það fram í þeim fáu orðum, sem ég hafði hér fyrir mínu máli í sambandi við þetta mál, að það væru þung spor fyrir mig að þurfa að gera þetta. Ég hefði kannske líka þurft að taka þetta fram, og ég tel mig reiðubúinn til þess að gera það hvenær sem er, ef hagsmunir heildarinnar eða miklu stærri hópa eiga í hlut.

Út af þeim umr., sem hér hafa farið fram bæði í dag og síðast, þegar umr. hófust um þetta mál, þá þarf ég í sjálfu sér ekki að vera margorður. Enda má segja sem svo, að þeir, sem hófu þessar umr. að áskorun **stjórnarandstöðunnar, ættu kannske frekar að vera hér** til þess að svara því, sem á þá er borið, og á ég þá við foringja vora, hæstv. ráðh. Hins vegar tek ég alveg undir það, sem sérstaklega flokksbræður mínir hafa sagt hér í þessum umr., að það er auðvitað alveg **ástæðulaust að láta ákveðinn hóp og kannske alla hv.** þm. stjórnarandstöðunnar vaða hér uppi ekki aðeins **þingfund eftir þingfund, heldur ár eftir ár og skora á okkur til umræðna um efnahagsmál eða önnur mál.**

Eins og kom fram í sambandi við eitt mál hér fyrir stuttu í hæstv. deild, var það tekið fram, að það þyrfti að leysa það mál mjög skjótt og að það hefði verið óskað eftir því við okkur stjórnarþm. að tefja ekki umr. mjög mikið. Þetta hafði líka verið borið fram við hv. stjórnarandstæðinga. Flestir þeirra voru það drenglundaðir, að þeir tóku það til greina, en það voru þó ákveðnar pissudúkkur, sem ekki vildu kannast við, að slíkar málaumleitanir hefðu komið fram við þær. Og þess vegna var málið tafið miklu meira en þurfti. Ég vil taka það fram í sambandi við slíkar umr., að ég get verið reiðubúinn til þess að ræða við hv. stjórnarandstæðinga, hvenær sem er, um bæði efnahagsmálin og önnur þingmál. En ég vil leyfa mér að benda þeim á þá skoðun *mína*, að það sé ákaflega þýðingarlítið að vera að tyggja upp sömu ræðurnar hvað eftir annað, ergja bæði sjálfan sig, eigin flokksmenn og okkur hina á þeim málflutningi, sem þeir viðhafa. Nú vil ég samt sem áður undanskilja þá hv. þm. Framsfl., sem hér hafa talað í kvöld, vegna þess að ég hef hlustað á mál þeirra. Þeir hafa verið málefnalegir, þeir hafa farið inn á þau málefni, sem þeir voru gagnrýndir fyrir, svarað þeim, hafa bæði verið kurteisir og eins og ég vil endurtaka **málefnalegir, kannske meira en bæði ég og aðrir erum.** En samt sem áður vil ég halda því fram, að sumar af þessum áskorunum þeirra um umr. um mál séu alls ekki tímabærar, því að ég held, að bæði hv. þm., sem **hér talaði á undan mér, og aðrir, og þar á ég kannske sérstaklega við hv. þm., sem talaði fyrir hönd Framsfl.** hér á undan honum eða hv. 11. þm. Reykv., þeir hafi ekki enn þá fundið sjálfa sig í Framsfl. Það er auðvitað ákaflega grátlegt til þess að hugsa, að þeir skuli ekki **hafa gert það. En þeir finna það kannske eins og við hinir, sem erum kannske, eins og að orði var komizt í** ræðu eins manns, í þeirri aðstöðu, að við þurfum að gagnrýna ekki aðeins okkar ráðh. heldur og samþingmenn. Þeir eru kannske komnir í þá aðstöðu ekki síður en við, að þeir þurfa að gagnrýna sína flokksforingja og flokksbræður og það ekki að ástæðulausu. Því að það er rétt, eins og einn hv. þm. lauk máli sínu á hér í kvöld, að þeir eru ekki aðeins málefnasnauðir, heldur eiga þeir ekki, ef sú kenning þeirra er sönn, að stjórnarfl. eigi ekki lengur trúnað þjóðarinnar, þá leyfi ég mér að taka undir orð þess þm., að þeir sjálfir og flokksforusta þeirra eiga ekki trúnað þjóðarinnar í dag.

Halldór E. Sigurðsson: Herra forseti. Ég skal ekki fara að hefja hér nýjar umr., enda var megnið af ræðu hv. síðasta ræðumanns eintal sálarinnar, sem mér kemur ekki við. En það var út af lítilli athugasemd, sem hann skaut hér fram í upphafi máls síns, sem ég vildi leiðrétta hann. Það er alveg rétt, að ég sagði þetta við

sessunauta mína, hv. 1. þm. Austf. og hæstv. fjmrh., að þegar þeir hefðu valið okkur hv. 10. þm. Reykv., svo vel í skinn komna og þunga menn sem við erum, þá sagði ég um okkur báða: „Nú eruð þið farnir að velja eftir vigt.“ Um það, að ég segði: „Þið hugsið hvorki um menntun né getu,“ það er rangt, og því mótmæli ég. Ég hélt hins vegar, að hv. 10. þm. Reykv. væri það karlmenni, að það mætti gera að gamni sínu um hans eigin skrokk, eins og ég gerði um minn eigin.

III. Utanríkismál.

Á 31. fundi í Sþ., 24. febr., var tekin á dagskrá:
Skýrsla utanríkisráðherra um utanríkismál.

Utanrrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Þess hefur verið óskað, að gefin væri hér skýrsla um utanríkismál og að umr. um þau færu hér fram. Ég tel þessa ósk eðlilega og sjálfsagða og sjálfsagt að verða við henni. Slíkar umr. fara víða fram í þjóðþingum og þykja sjálfsagðar. Utanríkismálin eru ekkert feimnismál, en vegna smæðar okkar og fámennrar utanríkisþjónustu höfum við minna um þessi mál að segja en flestir aðrir. Ég lofaði því fyrir áramótin, fyrir þinghlé, að þessi skýrsla yrði gefin fljótlega eftir að þing kæmi aftur saman, og það tel ég, að ég hafi staðið við, þar sem ég tilkynnti skrifstofustjóra Alþingis, að ég væri tilbúinn að gefa þessa skýrslu 17. febr. s. l. En mér hafði skilizt, að sumir hv. alþm. bæru brigður á, að við þetta loforð hefði verið staðið, en ég tel, að það hafi verið gert, þar sem skýrslan var tilbúin, viku eftir að þing kom aftur saman eftir þinghlé.

Ég hef líka talið rétt, að allir flokkar, bæði þeir, sem að ríkisstj. standa, og eins hinir, sem mynda stjórnarandstöðuna, fylgdust sem bezt með þessum málum, því að þau eiga að mínu viti að vera hafin yfir þröng flokkssjónarmið og alls ekki að vera áróðursefni á milli flokka, nema vitaskuld að því leyti, sem flokkarnir eru ósammála um grundvallarstefnuna, ef um slíkan ágreining er að ræða. Ég hef þess vegna átt hlut að því, að utanrmn. tæki upp störf á þann hátt, sem til er ætlazt, að fylgjast með og að segja sitt álit a. m. k. um þau utanríkismál okkar, er okkur snerta, og gera um þau till. til Alþingis, eftir því sem ástæða þykir til. Á þann hátt fá allir flokkar í gegnum fulltrúa sína í n. vitneskju um þau mál, sem efst eru á baugi á hverjum tíma, en allir þingflokkarnir eiga, eins og kunnugt er, fulltrúa í n. Þá hef ég líka talið rétt, að allir þingflokkarnir fengju fulltrúa á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna og tækju þar þátt í störfum, en á þetta hefur nokkuð skort að undanförnu. Hefur þetta nýja fyrirkomulag gefizt vel, en um það vildi ég segja, að ég tel þýðingarmikið, að flokkarnir veldu til þessarar farar sem mest sömu menn, því að það tekur ávallt nokkurn tíma fyrir nýja menn að setja sig inn í störfin. Hvort tveggja þetta, að gera utanrmn. virkan aðila í meðferð utanríkismála og þátttaka allra flokka í störfum allsherjarþings Sameinuðu þjóðanna, ætti að geta orðið til þess, að allir flokkar fengju sem gleggstar upplýsingar um það, sem í þessum málum er að gerast og að samræma eftir því, sem mögulegt er, skoðanir manna á þessum málum, eftir að hafa fengið allar upplýsingar, sem fyrir hendi eru. Til viðbótar kemur svo eins og áður, að allir flokkar eiga aðstöðu til allra starfa í Norðurlandaráði, en þar eru til umr. mörg sérmál þátttökuríkjanna fimm.

Þegar gefa skal skýrslu um utanríkismál hér og nú, þá finnst mér, að mér sé nokkur vandi á höndum. Í fyrsta lagi vegna þess, að slík skýrsla hefur ekki verið gefin áður nema um sérstök málefni, en annars staðar hefur sams konar skýrslugerð verið gefin mörgum sinnum og í hefðbundnu formi, en hér hefur þetta ekki verið gert, og því ekkert fast form fyrir því, hvernig slíkt skuli gera. Í öðru lagi er okkar utanríkisþjónusta mjög fámenn og sendifulltrúar okkar aðeins til frásagnar á fáum stöðum, en annars staðar litlar eða engar upplýsingar að fá umfram það, sem allir vita af frásögnum blaða, útvarps og tímarita.

Okkar utanríkismálastefna byggist, eins og ég hef nefnt hér áður, aðallega á fjórum atriðum. Í fyrsta lagi á náinni samvinnu við hin Norðurlöndin. Í öðru lagi á þátttöku í störfum Sameinuðu þjóðanna. Í þriðja lagi á þátttöku í Norður-Atlantshafsbandalaginu. Og í fjórða lagi á góðri samvinnu við okkar viðskiptalönd án tillits til þess, hvernig þau haga sínum innanlandsmálum og stjórnarfari. Ég skal nú fara nokkrum orðum um þessi atriði.

Norðurlandaþjóðirnar eru skyldastar okkur allra þjóða. Menning þeirra og menningarlíf hefur þróazt af sömu rót. Stjórnarfar þeirra er svipað og okkar og fyrst og fremst byggt á frelsi einstaklingsins og lýðræði. Þegar af þessum ástæðum er eðlilegt, að við höfum við þessar þjóðir nánari tengsl en við aðrar. En fleira kemur til. Við erum allra þjóða smæstir, og einsamlir getum við litlu áorkað, hvorki í okkar málum á alþjóðavettvangi né annarra. En samanlögð íbúatala Norðurlandanna allra er um 20 millj., og á málflutning þeirra er hlustað, hvar sem þau beita sér sameiginlega fyrir afgreiðslu mála. Það að vera með í þeirra hópi gefur okkur styrk, og þá er enn eins að geta, að oft og mörgum sinnum skortir okkur upplýsingar vegna fámennis utanríkisþjónustu okkar. Er þá oftast leitað til Norðurlandanna, en þær upplýsingar, sem okkur skortir, eru þar jafnan, vil ég segja, fúslega veittar. Um þessa afstöðu okkar til Norðurlandanna hygg ég, að flestir Íslendingar séu sammála. Þó hafa komið fram raddir um það, að réttast væri að hafa aðeins eitt sendiráð fyrir Norðurlöndin öll. Það hygg ég, að væri ekki vel ráðið. Svo náið er sambandið milli okkar og þeirra, að ég tel fulla þörf á að hafa stöðugt samband okkar í milli, samband, sem einungis er mögulegt með því að hafa sendiráð á staðnum, eins og nú er. Og það væri ekki heldur vel séð af þeim, ef eitthvert af sendiráðum okkar væri lagt niður, og hefur það greinilega komið í ljós.

Margháttuð samvinna milli Norðurlandanna á sér stað á fjöldamörgum sviðum, en Íslendingar taka þátt í henni bæði á vegum Norðurlandaráðs, á vegum ríkisstjórnanna beint og einnig á vegum fjölmargra stofnana. Utanrrh. koma t. d. saman tvisvar á ári bæði til að bera saman bækur um ýmis alþjóðamál og til að undirbúa fundi Sameinuðu þjóðanna. Þó að skoðanir

séu stundum skiptar, eins og eðlilegt er, er þó oftast samstaða um afstöðu til flestra þeirra mála og umr. mjög gagnlegar. Samstarfið við allar Norðurlandaþjóðirnar hefur verið mjög gott á sviði menningarmála, menntamála og kennslumála, þar sem fjöldi íslenzkra námsmanna hefur fengið aðstöðu til náms og menntunar á fjölmörgum sviðum, en á einu sviði hefur þó hallazt nokkuð á, en það er í viðskiptum okkar við Norðurlandaþjóðirnar. Viðskiptajöfnuður okkar við þær hefur verið okkur óhagstæður. Á árunum 1961–1967 var innflutningur okkar frá Norðurlöndum að meðaltali 215.1 millj. d. kr. eða um ¼ hluti af öllum innflutningnum, en útflutningurinn til þessara landa nam á sama tíma að meðaltali aðeins 136.6 millj. d. kr. Þetta stendur þó væntanlega til bóta, m. a. ef við gerumst aðilar að EFTA. En ef okkur, að vel athuguðu máli, þykir æskilegt að gerast aðilar að EFTA, þá eigum við örugglega hjá Norðurlöndunum góða stuðningsmenn í því máli, og svo er einnig um fjölda annarra mála einnig á alþjóðavettvangi, að hjá Norðurlöndunum eigum við jafnan vísan góðan stuðning.

Þegar Sameinuðu þjóðirnar voru stofnaðar í styrjaldarlokin, var yfirlýst stefna þessara samtaka að setja niður deilur á milli ríkja. Þetta hefur ekki tekizt, nema segja megi miðlungi vel. Í nokkrum tilfellum hefur þetta þó tekizt, en í allt of mörgum tilfellum hefur það ekki tekizt. Sameinuðu þjóðirnar geta lítið annað aðhafzt, þegar slíkar deilur koma upp, en að gera samþykktir, sem þó hefur oft og tíðum verið erfitt að fá fram vegna neitunarvalds nokkurra þjóða í öryggisráði. En þó að slíkar samþykktir hafi verið gerðar, hafa mörg ríki, sem þessar ályktanir snerta, haft þær að engu og farið sínu fram. Framkvæmdavald hefur stofnunin ekkert, enda ætlazt til, að deilur þessar verði jafnaðar með friðsamlegum hætti. Friðargæzlusveitir eru þó til nokkrar, en allt of fáar og vanmegnugar, t. d. í Austurlöndum nær, í Kongó og raunar víðar. Raunin hefur orðið sú, að æðimörg þátttökuríkjanna hafa ekki viljað taka þátt í þeim kostnaði, sem þessar sveitir hafa í för með sér, og starf þeirra því orðið minna en æskilegt hefði verið, þó að vissulega hafi orðið nokkur árangur og gagnlegur.

Á allsherjarþingum Sameinuðu þjóðanna mæta fulltrúar frá aðildarríkjunum flestum. Þau eru nú 126 að tölu. Þessir fundir eru því hinn ákjósanlegasti vettvangur til þess að ræða ýmis alþjóðamál, og fyrir okkur Íslendinga alveg sérstaklega, sem höfum ekki diplómatískt samband nema við tiltölulega fáar þjóðir, er þetta mjög þýðingarmikið.

Þegar 23. allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna var sett hinn 20. sept. 1968, voru aðeins nokkrar vikur liðnar frá innrás Sovétríkjanna og bandamanna þeirra í Tékkóslóvakíu. Andrúmsloftið í sölum allsherjarþingsins bar þess ótvíræð merki, hve djúpstæð áhrif viðburður þessi hafði haft á ríkisstjórnir jafnt sem almenning um heim allan. Styrjöldin í Víetnam geisaði enn. Undirbúningsviðræður þær, sem hafnar voru í París milli Bandaríkjanna og Norður-Víetnam, höfðu staðið í nokkra mánuði án sjáanlegs árangurs og án þess, að nokkur varanleg lausn virtist framundan á næstu grösum. Viðleitni öryggisráðsins til þess að koma á friði fyrir botni Miðjarðarhafs hafði borið næsta lítinn árangur þrátt fyrir þrautseigju og þolinmæði hins sérstaka sendimanns Sameinuðu þjóðanna, Gunnars Jarring, sem mánuðum saman hafði unnið að því með lagni að reyna að þoka deiluaðilum nær samningaborðinu. Sýndist mörgum sem lítil von væri til þess að koma á verulegum sáttum eða friði milli Araba og Ísraels. Borgarastyrjöldin í Nígeríu hafði leitt ótaldar hörmungar yfir íbúa Bíafra, sem hrundu niður af hungri í þúsundatali, konur sem karlar, börn jafnt og gamalmenni. Var þetta í margra augum hróplegt dæmi um vanmætti Sameinuðu þjóðanna til þess að grípa í taumana, þegar um borgarastyrjöld innan eins aðildarríkis, sem nýtur fullveldis og viðurkenningar allra aðildarríkjanna, er að ræða. Átti almenningur að vonum erfitt með að skilja, hvers vegna ekki væri hægt að skerast í leikinn og bjarga lífum sveltandi og saklausra barna. Allt þetta átti sinn þátt í því, að segja má, að á 23. allsherjarþinginu hafi ríkt nokkur tilfinning vanmættis og vonleysis, einkum framan af þinginu. Við þetta bættist, að forsetakosningar stóðu fyrir dyrum í Bandaríkjunum, og biðu allir átekta og með eftirvæntingu eftir að sjá, hverja stefnu nýr forseti og stjórn hans mundi marka.

Atburðirnir í Tékkóslóvakíu höfðu þó ekki eins alvarleg áhrif á störf þingsins og margir höfðu óttazt í upphafi, og er leið á þingtímann fór andrúmsloftið aftur að breytast. Mönnum létti, er sjáanlegt var, að Bandaríkin og Sovétríkin voru ásátt um að láta ekki slitna alveg upp úr sambandinu milli austurs og vesturs vegna nýafstaðinna atburða og sýndust öllu fremur stefna að því að taka upp á ný viðræður um að hefta vígbúnaðarkapphlaupið. Þá var svo að sjá sem Rússar væru þess fremur hvetjandi, að Norður-Víetnamar settust að samningaborði með Bandaríkjunum í því skyni að binda endi á styrjöldina í Víetnam. Á sviði afvopnunarmála varð lítill árangur á 23. allsherjarþinginu. Eini raunhæfi árangurinn, er náðst hafði á því sviði síðustu árin, var samningurinn um stöðvun á útbreiðslu kjarnavopna, sem samþykktur var á fimmta sérstaka aukaþingi samtakanna, sem Ísland hefur undirritað ásamt fjölda annarra ríkja. Ekki voru þó allir ánægðir með sum ákvæði samningsins, og í ágúst 1968 var haldin í Genf ráðstefna þeirra ríkja, sem ekki hafa kjarnavopn, til að ræða ýmis ákvæði samningsins og önnur vandamál í sambandi við sívaxandi framleiðslu kjarnorkuefna, er breyta má í kjarnavopn. Ísland tók þó ekki þátt í þeirri ráðstefnu. Var setningu allsherjarþingsins frestað um eina viku, þvert ofan í ákvæði þingskapa, til þess að bíða eftir því, að ráðstefnunni lyki. Um helmingur aðildarríkjanna hafði þegar undirritað samninginn um stöðvun á dreifingu kjarnavopna, en mörg ríki höfðu ákveðið að bíða eftir niðurstöðu ráðstefnunnar í Genf, áður en þau tækju ákvörðun um að undirrita samninginn, og sum þeirra ríkja, sem höfðu undirritað hann, biðu með fullgildingu eftir því sama. Varð það til þess, að samningurinn var ekki genginn í gildi, er allsherjarþingið hófst. Þá hafði innrásin í Tékkóslóvakíu orðið til þess, að viðræður milli austurs og vesturs um afvopnunarmál höfðu stöðvazt í bili. Átján ríkja afvopnunarnefnd Sameinuðu þjóðanna í Genf hefur jafnan skilað skýrslu um störf sín ár hvert til allsherjarþingsins, og hafa umræður alls-

herjarþingsins um afvopnunarmál að mestu grundvallazt á þeirri skýrslu. Af þeim sökum, sem hér hafa verið nefndar, hafði nefndin fáa fundi á seinni hluta s. l. árs og gat litlu af sér skilað til allsherjarþingsins. Það þótti þó bót í máli, að nefndin gat komið sér saman um dagskrá og umræðuefni fyrir fundi sína á árinu 1969. Í þingsályktun um afvopnunarmálin lýsti allsherjarþingið því yfir, að það vonaðist eftir því, að takast mætti að hefja á ný viðræður milli austurs og vesturs, þ. e. milli Sovétríkjanna og Bandaríkjanna, og stæðu vonir til þess, að einhver árangur næðist af störfum afvopnunarnefndarinnar á árinu 1969.

Eitt af aðalhlutverkum Sameinuðu þjóðanna, samkvæmt sjöunda kafla stofnskrár samtakanna, er friðargæzla. Þrátt fyrir vanmætti og takmarkað vald hefur Sameinuðu þjóðunum tekizt að stöðva ófrið og bera klæði á vopnin, þegar vilji aðildarríkja og þá sérstaklega stórveldanna hefur verið fyrir hendi. Hins vegar ríkir, eins og kunnugt er, djúpur ágreiningur um það, hvort öryggisráðið eitt geti tekið ákvarðanir um friðargæzlu og stöðvun ófriðar eða hvort allsherjarþinginu sé heimilt með ⅔ meiri hluta atkvæða að ákveða slíkar aðgerðir í þeim tilvikum, sem vilji meiri hluta meðlima öryggisráðsins hefur verið lamaður með neitunarvaldi eins stórveldis. Ríkisstjórn Íslands hefur, eins og önnur Norðurlönd, fylgt þeirri stefnu, að efla beri framkvæmdavald Sameinuðu þjóðanna og að neitunarvald eins stórveldis í öryggisráðinu sé þrándur í götu fyrir því, að stofnunin geti gegnt tilætluðu hlutverki sínu. Þetta sjónarmið kom greinilega fram af Íslands hálfu í hinum almennu umræðum á 22. allsherjarþinginu haustið 1967. Ágreiningurinn varðandi friðargæzluhlutverkið er í stuttu máli þessi: Sovétríkin og Frakkland halda því fram, að einungis öryggisráðið geti tekið ákvarðanir um, að Sameinuðu þjóðirnar beiti herliði til að stilla til friðar milli ófriðaraðila. Bandaríkin og margar Vesturlandaþjóðir halda hinu fram, að öryggisráðið sé ekki einrátt við friðargæzluaðgerðir, heldur að þegar öryggisráðið geti ekki komið sér saman, sé allsherjarþinginu heimilt að ákveða að senda herlið til þess að koma á eða viðhalda friði og spekt í hlutaðeigandi landi, þ. e. að senda þangað friðargæzlusveitir. Hins vegar viðurkenna sömu ríki, að eingöngu öryggisráðið geti ákvarðað að senda herlið til að bæla niður styrjöld, þ. e. að ganga til bardaga við styrjaldaraðila. Þessi grundvallarágreiningur um túlkun á ákvæðum stofnskrár Sameinuðu þjóðanna er enn óleystur og þar með vandamálið um greiðslu á kostnaðinum um friðargæzlu samtakanna í Kongó og Palestínu. Ríkisstj. hafa nú þessa dagana borizt tilmæli frá aðalritara Sameinuðu þjóðanna um aukin frjáls framlög til friðargæzlusveitanna á Kýpur. Íslendingar hafa áður lagt fram nokkurt fé í þessu skyni, en vegna hins erfiða fjárhags nú hefur ríkisstj. ekki talið fært að gera þetta í þetta sinn, þótt leitt sé að geta ekki orðið við þessum tilmælum samtakanna.

Þrátt fyrir þennan grundvallarágreining má segja, að friðargæzluvandamálinu hafi þokað á leið á s. l. ári. Milliþinganefnd um friðargæzlumál, sem skipuð er 33 ríkjum, kom sér saman um grundvallaratriði varðandi stöðu og hlutverk hermálafulltrúa Sameinuðu þjóðanna. Nokkur ríki, svo sem Danmörk, Noregur, Svíþjóð og Kanada, hafa tilkynnt, að þau hafi til taks sérstakar hersveitir, sem ætlið skuli til taks og Sameinuðu þjóðirnar geti gripið til og notað sem friðargæzlusveitir. Er þess vænzt, að fleiri ríki muni gera slíkt hið sama og þannig muni smátt og smátt myndast gæzlu- og hjálparsveitir, sem Sameinuðu þjóðirnar geti gripið til með litlum fyrirvara.

Nýlendumálin hafa í mörg ár verið ofarlega á baugi í umræðum allsherjarþings Sameinuðu þjóðanna. Hafa þær umræður óneitanlega haft mikil áhrif og jafnvel úrslitaáhrif í þá átt að hraða þeirri þróun, að nýlendur fengju sjálfstæði. Er nú svo komið, að flestar eða allar hinar stærri nýlendur helztu heimsveldislandanna, svo sem Bretlands og Frakklands, hafa fengið sjálfstjórn eða algert fullveldi og eru orðnar sjálfstæð ríki og meðlimir Sameinuðu þjóðanna. Síðustu tvö eða þrjú árin hafa umræður um nýlenduvandamálin því aðallega beinzt að Portúgal og Suður-Ameríku og að Bretum og öðrum bandamönnum Portúgals í NATO. Jafnframt hafa Afríkuþjóðir beint athygli sinni meir og meir að kynþáttavandamálinu og að apartheit-stefnu Suður-Afríku og hliðstæðri stefnu Suður-Ródesíu og beint skeytum sínum að Bretum, Bandaríkjamönnum og öðrum vestrænum þjóðum fyrir tregðu þeirra til þess að láta til skarar skríða um valdbeitingu gegn Ródesíu og S.-Afríku. Á 23. allsherjarþingi virtust fulltrúar margra þróunarlanda hins vegar hafa gert sér ljóst, að ekki yrði komizt lengra í bili. Fulltrúar margra ríkja í S.-Ameríku og Asíu og jafnvel Afríkumenn virtust komnir á þá skoðun, að það væri gagnslítið og jafnvel óhyggilegt að þvinga í gegn stórorðar ályktanir um valdbeitingu eða aðrar aðgerðir, sem vitað væri fyrirfram, að væru alls óraunhæfar. Mun þessi þróun eiga rót sína að rekja til þess, að æ fleiri ábyrgir fulltrúar gera sér grein fyrir því, að þingsályktanir, sem krefjast aðgerða, sem Sameinuðu þjóðirnar hafa ekki umboð eða vald til að framkvæma, munu einungis bera þann árangur að veikja samtökin og grafa undan því hlutverki, sem þau eiga að geta gegnt til þess að styrkja friðsamlega sambúð þjóða heims.

Á sviði efnahagsmála voru mörg mikilvæg og nytsamleg mál á dagskrá allsherjarþingsins, og segja má, að vel hafi miðað áfram í sumum þeim málum. Samkomulag náðist um skipun nefndar til að undirbúa og skipuleggja 2. þróunaráratug Sameinuðu þjóðanna 1971–1980. Jafnframt var viðskipta- og þróunarráðstefna Sameinuðu þjóðanna, UNCTAD, skipulögð sem fastastofnun, en ætlunin er, að hún verði eins konar miðdepill í skipulagi þróunaráratugsins. Meðal mála, sem Ísland lét til sín taka á þessu sviði, var aukning á framleiðslu eggjahvituríkra fæðutegunda, og annar fulltrúi Íslands í efnahagsmálanefnd þingsins flutti ræðu í því máli og hvatti til skipulags átaks til þess að koma á fót framleiðslu í stórum stíl á fiskmjöli til manneldis, – það væri ein próteinríkasta fæðutegund, sem mannkynið ætti völ á, og gæti orðið öflugur þáttur í baráttunni gegn hungri og næringarskorti í vanþróuðum löndum. Var Ísland meðflutningsaðili að ályktun varðandi þetta mál.

Að venju var nefndarmönnum okkar skipt niður á allsherjarþinginu á hinar ýmsu þingnefndir, en þær eru 7, eins og kunnugt er. Var leitazt eftir að gera það eftir

sérþekkingu og reynslu hvers manns. Sendinefndin hélt með sér fundi að morgni hvers dags, áður en þingfundir hófust, eins og starfsvenja er hjá sendinefndum annarra ríkja. Greindi hver nefndarmaður frá umræðum og tillögum, sem komið höfðu fram í hans þingnefnd, og var tekin afstaða til þeirra í ljósi þeirra fyrirmæla, sem sendinefndin hafði frá utanrrn. hér. Samkvæmt skýrslu frá fastafulltrúa Íslands var samstarf nefndarinnar hið ákjósanlegasta, og ef ágreiningur var um afstöðu Íslands í einstökum þingmálum, fór nefndin eftir fyrirmælum utanrrn., en einstakir nefndarmenn höfðu þó tækifæri til að gera grein fyrir sérstöðu sinni.

Hannes Kjartansson sendiherra flutti aðalframsöguræðu Íslands í allsherjarumræðum þingsins. Rökstuddi hann stefnu Íslands í hinum helztu þingmálum, sem á dagskrá voru. M. a. gerði hann þá grein fyrir stefnu ríkisstj. varðandi aðild Kína, að Ísland teldi óeðlilegt, að alþýðulýðveldið Kína, fjölmennasta þjóðríki veraldar, stæði utan samtakanna. Hins vegar væri ríkisstjórn Íslands andvíg því að reka aðildarríki úr samtökunum, sem haldið hefðu allar settar reglur. Því bæri að stefna að því að finna lausn, er gerði það mögulegt bæði fyrir alþýðulýðveldið Kína og lýðveldið Kína, þ. e. Taiwan, að verða meðlimir. Ísland hefði því gerzt meðflytjandi að þeirri ályktunartillögu, sem Ítalía gekkst fyrir, að skipuð skyldi nefnd til að kanna málið og reyna að finna leið til þess, að alþýðulýðveldið Kína gæti öðlazt aðild að Sameinuðu þjóðunum án þess að útiloka Formósu. Ítalska tillagan var þó, eins og kunnugt er, felld aftur á þessu þingi. 30 ríki greiddu henni atkvæði, en 67 voru á móti og 27 sátu hjá. Þetta mun vera í fyrsta sinn, sem sendinefnd Íslands á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna hefur átt frumkvæði að því að semja og bera fram eigin þingsályktunartillögur, og þær undirtektir og hið almenna fylgi, sem báðar tillögurnar fengu, eru, að ég tel, landi og þjóð til álitsauka, og mun ég víkja að þeim báðum síðar.

Eitt merkasta nýmæli, sem lagt var fram á þessu allsherjarþingi að tilhlutan Svía, er vandamálið: Vernd á umhverfi mannsins, náttúruvernd í víðtækustu merkingu þess orðs. Mengun andrúmslofts og vatns í kringum stórborgir víða um heim og ýmis önnur náttúruspjöll eru orðin svo alvarleg vandamál, að tímabært þykir að glíma við þau á alþjóðlegum vettvangi. Ísland gerðist ásamt mörgum öðrum meðflutningsaðili að ályktun Svía, að kölluð skyldi saman á vegum Sameinuðu þjóðanna alþjóðaráðstefna um þessi mál árið 1972. Var sú tillaga samþykkt einróma á þinginu.

Önnur tillaga, sem Ísland var meðflutningsaðili að, var tillaga sú, sem utanrrh. Danmerkur átti frumkvæði að, þess efnis að fela framkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna að kanna með fyrirspurn til ríkisstjórna aðildarríkjanna, með hverju móti þær teldu mögulegt að koma á skrásetningu á vopnasölu milli landa. Noregur og Malta voru einnig meðflytjendur að tillögunni, en till. fékk fremur dræmar undirtektir í fyrstu nefnd þingsins, og var hún ekki borin undir atkvæði.

Hér hefur aðeins verið greint frá nokkrum af helztu málum, sem til umræðu voru á 23. allsherjarþinginu, svo og þeim málum, sem sérstaklega varða Ísland. Alls voru 90 mál á dagskrá allsherjarþingsins að þessu sinni, og fluttar voru samtals 115 ályktunartillögur. Vil ég nú víkja að hinum sérstöku áhugamálum Íslands og tillöguflutningi íslenzku nefndarinnar í því sambandi á síðasta allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna.

Það fer ekki á milli mála, að enn sem fyrr eru landhelgis- og fiskveiðiréttarmál einn mikilvægasti þáttur íslenzkrar utanríkisstefnu. Þau viðfangsefni hafa því verið meðal mikilvægustu verkefna, sem utanrrn. og utanríkisþjónustan hafa fengizt við á undanförnum árum. Stefnan í þessum efnum var glögglega mörkuð með þál. Alþ. frá 5. maí 1959, þar sem sagt er, að afla beri viðurkenningar á rétti okkar til landgrunnsins alls. Og í samningnum, sem gerður var um lausn landhelgisdeilunnar við Breta og Þjóðverja 1961, er það tekið fram skýrum stöfum, að ríkisstj. muni halda áfram að vinna að framkvæmd þeirrar ályktunar varðandi útfærslu fiskveiðilögsögunnar við Ísland. Það þarf heldur engan að undra, sem til allra málavaxta þekkir, að við Íslendingar höfum hug á því að tryggja, að auðlindir hafsins umhverfis landið, sem öll okkar framtíð byggist á, gangi ekki til þurrðar vegna ofveiði og ásóknar fiskiskipa fjölda þjóða. Löngum var talið, að hafið væri óþrjótandi forðabúr og ekki þyrfti að óttast að illa aflaðist, ef á sjó gæfi. En sá tími er því miður liðinn og ný og breytt viðhorf komin til sögunnar í þessum efnum. Það er staðreynd, sem ekki þýðir að horfa fram hjá, að nú virðist sem fiskistofnarnir í N.-Atlantshafi séu nánast að verða fullnýttir. Verði sóknin í þá aukin, sem nokkru nemur, mun þar verða um skaðlega ofveiði að ræða. Það er t. d. sameiginlegt álit erlendra fiskifræðinga, að jafnmikið aflamagn sé almennt unnt að veiða á vesturhluta Atlantshafsins með 20% minni sókn, ef veiðarnar væru skipulagðar betur en nú er. Og jafnmikið fiskveiðiríki sem Sovétríkin hefur m. a. nýlega sett fram tillögur um að takmarka aflamagnið á NA-Atlantshafinu við meðaltal undanfarinna ára, svo að ofveiðihættunni verði bægt frá dyrum. Okkar eigin fiskifræðingar hafa komið fram með þær alvarlegu upplýsingar, að svo virðist sem við tökum meira úr þorskstofninum en hann virðist jafnvel þola. Dánartala stofnsins hafi verið komin upp í um 70% á árunum 1960–1964, en æskilegt sé, að dánartalan fari ekki yfir 65% að mati þeirra. Jafnframt liggja fyrir þær upplýsingar, að Íslendingar sjálfir veiða aðeins 18 fiska af hverjum 100 óþroska fiskum, sem á Íslandsmiðum veiðast, hitt taka erlend fiskiskip. Þá hefur nýlega verið skýrt frá því, að heildarafli landsmanna á síðasta ári hafi aðeins numið 550 þús. tonnum, en árið 1966 hafi aflinn verið yfir 1200 þús. tonn. Er þar því um meira en helmingslækkun að ræða á þessum tveimur árum. Þessar staðreyndir, sem ég hef hér gert að umtalsefni, og þessi atburðarás öll sýnir glögglega, hver höfuðnauðsyn það er fyrir okkur Íslendinga að tryggja fiskveiðihagsmuni okkar á komandi árum. 12 mílna fiskveiðilögsagan var mikilsverður áfangi á sínum tíma, og hún var lögtekin í fullu samræmi við aðgerðir annarra þjóða um það leyti og réttarþróunina í heiminum. En í ljós hefur komið, að sú lögsaga kemur ekki nægilega til móts við fiskveiðihagsmuni ýmissa strandríkja, sem mjög byggja á fiskveiðum. Þau telja, að ekki verði

komizt hjá því á næstu árum að taka upp einhverja þá skipan, sem tryggir strandríkinu einhvers konar forgangsrétt til veiða á landgrunnsmiðum sínum umfram önnur ríki og kemur í veg fyrir rányrkju á þessum miðum. Við Íslendingar erum ekki einir um það að óska eftir einhverju slíku fyrirkomulagi. Svipaðar hugmyndir komu fram í ræðu, sem fiskimálaráðherra Kanada, Jack Davies, hélt í Boston í nóv. s. l., og þann 1. nóv. var sú hugmynd borin fram í forustugrein í The Fishing News, sem er blað brezku togaraeigendanna, að strandríkið fái lögsögu yfir öllum landgrunnsfiskimiðum og heimili síðan öðrum þjóðum veiðar þar, svo sem æskilegt þykir undir yfirumsjón alþjóðanefndar, sem valin verði í samráði við strandríkið.

Þessi tvö dæmi, sem ég hef hér vitnað til, sýna, að það eru fleiri þjóðir en við Íslendingar, sem gera sér ljóst, að nauðsyn er að koma á nýrri, alþjóðlegri skipan varðandi forréttindi strandríkisins til fiskveiða á landgrunnsmiðum sínum. Og það væri líka vissulega sanngirnis- og réttlætismál, að sú þjóð, sem byggir efnahag sinn á fiskveiðum, njóti betri réttar til fiskimiðanna í næsta nágrenni við strendur sínar en þjóðir, sem byggja lönd, sem eru í þús. mílna fjarlægð.

Á síðasta ári hefur utanrrn. unnið markvisst að áframhaldandi sókn í þessum efnum og náð mikilsverðum áföngum á alþjóðavettvangi á þessu sviði. Hefur það starf verið unnið aðallega á vettvangi Sameinuðu þjóðanna, þar sem utanríkisþjónustan hefur fengið samþ. till. um vernd fiskstofnanna á úthafinu gegn ofveiði og rányrkju og einnig ýtt úr vör gerð alþjóðareglna til þess að hindra mengun sjávar. Jafnframt höfum við einnig borið fram hagsmunamál okkar innan fiskveiðinefndar þeirrar, sem fer með stjórnun og eftirlit fiskveiðanna á NA-Atlantshafi.

Á 5. fundi NA-Atlantshafsfiskveiðinefndarinnar, sem haldinn var í París sumarið 1967, bar íslenzka sendinefndin fram till. um það, að allar togveiðar yrðu bannaðar hálft árið á stóru svæði fyrir utan fiskveiðilögsöguna norðaustur af landinu, eða frá línu, sem dregin er réttvísandi frá Rifstanga, og að annarri línu, sem er dregin réttvísandi í austur frá Dalatanga. Byggðist till. þessi á niðurstöðum athugana n. alþjóðahafrannsóknaráðsins á ástandi fiskstofnanna við Ísland, sem fyrr er getið. Sérstakur fundur var haldinn með fulltrúum 5 þjóða í janúar á s. l. ári og málið aftur rætt á 6. fundi NA-Atlantshafsfiskveiðinefndarinnar, sem haldinn var hér í Reykjavík í maímánuði. Varð niðurstaðan sú, að íslenzkir fiskifræðingar munu skipuleggja sameiginlegar fiskifræðirannsóknir margra þeirra þjóða, sem n. skipa, sem beinast skulu að því að leiða í ljós ástand fiskstofnanna hér við land og á nálægum hafsvæðum. Lýkur rannsóknunum eftir tvö ár, og verður þá unnt að taka frekari ákvarðanir um bann við veiðum á ákveðnum svæðum úthafsins hér við land eða hvaða veiðitakmarkanir eru þar nauðsynlegar til viðhalds fiskstofnunum. Má því segja, að mál þetta sé komið á rekspöl og hér verið að leggja vísindalega undirstöðu fyrir frekari aðgerðir til verndar fiskstofnunum utan íslenzku fiskveiðilögsögunnar.

Er þá komið að þætti Íslands á vettvangi Sameinuðu þjóðanna. Á því allsherjarþingi, sem nú er nýlokið, 23. allsherjarþinginu, hefur Ísland látið verulega að sér kveða og haft forystu í hópi þjóða í þeim efnum, sem varða hagsmuni strandríkja og varðveizlu fiskstofna í hafinu utan fiskveiðilögsögunnar. Höfum við flutt tvær till. á þinginu í þessum efnum, og svo vel tókst til, að þær hlutu báðar samþykki. Má það kallast vel af stað farið á þessum vettvangi, því það vita allir sem til þekkja, að í þessum hópi 126 þjóða fer það ekki alltaf svo, að smæstu ríkin komi þannig hagsmunamálum sínum í höfn. Megum við Íslendingar því sannarlega vel una við þær viðtökur, sem þessar tvær till. okkar hlutu á þessu veraldarþingi þjóðanna. Ekki aðeins teljum við okkur með því hafa þokað góðum málum og gagnlegum nokkuð áleiðis, heldur vöktu báðar íslenzku till. allmikla athygli og urðu jafnframt til þess að kynna sjónarmið okkar heima fyrir og hagsmuni í fiskveiðiréttarmálum. Getur það komið okkur að góðu gagni síðar meir.

Fyrri till. okkar fjallaði um það, að alþjóðareglur skuli settar, til þess að komið verði í veg fyrir, að fiskstofnarnir bíði tjón af mengun sjávar. Jafnframt skuli þegar í stað hafin athugun á því, hvaða réttindi eigi að veita strandríkjum til þess að vernda fiskstofnana, þegar mengun hefur átt sér stað eða hætta er á henni í hafinu fyrir utan fiskveiðilögsöguna. Er ljóst, að fyrir Íslendinga og aðrar þær þjóðir, sem byggja á fiskveiðum, getur hér orðið um mikilvæga, nýja réttindaheimt að ræða. Tillaga þessi er fram komin vegna þess, að mjög fer nú vaxandi, að þjóðir vinni þær auðlindir, sem á hafsbotni finnast, svo sem gas, kol og olíu, en við slíka námuvinnslu er ætíð hætta á því, að alls kyns eiturefni komist út í hafið, sem fiskstofnunum getur stafað stórhætta af, því að slík efni geta borizt óravegu með hafstraumum á skömmum tíma. Þótt undarlegt megi virðast, eru ekki í dag til neinar alþjóðareglur, sem miða að því að hindra, að slík mengun geti átt sér stað. Í hafsbotnsnefnd Sameinuðu þjóðanna bar því íslenzka n. upp till. á s. l. sumri um, að Sameinuðu þjóðirnar láti semja slíkar reglur, og verði einn þáttur þess verks að kanna, hvaða ný réttindi eigi að veita strandríkinu á þessu sviði utan landhelginnar. Till. fékk góðan byr í hafsbotnsnefnd og var borin fram á allsherjarþinginu í vetur. Þar óskuðu 40 ríki eftir að gerast meðflutningsmenn að till., þ. á m. Bandaríkin, Sovétríkin, Bretland og Frakkland. Hlaut till. mikið fylgi og var samþ. í einu hljóði með 119 atkv. skömmu fyrir þinglokin í desember. Verður nú strax hafizt handa um framkvæmd rannsóknar, sem till. gerir ráð fyrir, hvernig bezt verði hindrað, að mengun frá vinnslu á hafsbotni hafi skaðleg áhrif á fiskistofnana og annað líf í sjónum. Skipuleggur framkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna rannsókn þessa, en sérfræðinganefnd nokkurra alþjóðastofnana mun væntanlega annast hana. Þegar álit liggur fyrir, mun málið aftur koma fyrir þ. Sameinuðu þjóðanna, og gefst okkur, sem öðrum þjóðum, þá tilefni til og tækifæri til þess að greina frá áliti okkar að nýju. Er þess að vænta, að niðurstaða þessa frumkvæðis af okkar hálfu verði sú, að saminn verði ítarlegur alþjóðasamningur um varnir gegn mengun sjávar, og er það vissulega þarft mál og tímabært.

Þá skal getið um hina tillöguna, sem Ísland bar fram á þingi Sameinuðu þjóðanna í vetur. Sú till. fjallaði um

vernd fiskistofnanna í úthöfunum og aukna alþjóðasamvinnu um skynsamlega varðveizlu þeirra og nýtingu. Var þessi till. Íslands flutt við umr. um dagskrármál í annarri n. á allsherjarþinginu um auðæfi hafsins. Hafa Sameinuðu þjóðirnar síðustu tvö árin látið gera ítarlega, sérfræðilega greinargerð um það, hvernig auðæfi hafsins verði bezt nýtt, og var skýrsla sérfræðingan. til umr. í n. Íslenzku sendin. þótti nauðsynlegt, að allsherjarþingið mótaði stefnuna í þessum mikilvægu málum á grundvelli sérfræðingaskýrslu þessarar og gæfi hinum ýmsu sérstofnunum Sameinuðu þjóðanna fyrirmæli um það, að hvaða verkefni bæri fyrst og fremst að starfa á þessum vettvangi. Hér er um að ræða tvö meginmarkmið. Í fyrsta lagi, að fiskstofnar úthafsins gefi meira af sér en hingað til, en það er einmitt á úthafinu sem meiri hluti fiskveiða okkar fer fram. Í öðru lagi er mikilvægt, að fiskstofnum úthafsins sé veitt nægileg vernd gegn ofveiði, svo að þeim sé ekki hætta búin af þeim sökum. Bar íslenzka sendin. því fram till. sína um nýtingu og vernd fiskstofnanna í úthöfunum. Segir þar m. a., að tryggja verði með aukinni alþjóðasamvinnu, að fiskstofnar úthafanna hljóti fullnægjandi vernd, svo að arður þeirra verði jafnan í hámarki, annað sé ekki afsakanlegt af samfélagi þjóðanna, þegar til þeirrar staðreyndar er litið, að meira en helmingur mannkyns býr við næringarskort í dag. Er í till. skorað á allar þjóðir að auka samvinnu sína á þessu sviði með sérstöku tilliti til þarfa þróunarlandanna. Jafnframt er sérstofnunum Sameinuðu þjóðanna, sem að fiskimálum starfa, falið að auka starf sitt, að því er varðar vernd fiskstofnanna, og efla samvinnu sína og stuðla að sem beztri nýtingu auðæfa hafsins. Leggur till. framkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna þá skyldu á herðar að gefa 25. þingi Sameinuðu þjóðanna skýrslu í samráði við efnahags- og félagsmálaráð samtakanna um það, sem áunnizt hefur um vernd fiskstofnanna og betri nýtingu þeirra á grundvelli hinnar íslenzku tillögu.

Fljótt kom í ljós, að till. þessi átti verulegu fylgi að fagna á þinginu, og sögðu fulltrúar ýmissa ríkja, að hér væri borið fram þarft og merkilegt mál, svo mjög sem fæðuskorturinn er orðinn alvarlegt vandamál í veröldinni í dag. Ættu Sameinuðu þjóðirnar að láta sig það meira varða en hingað til hefur verið. Þegar till. kom síðan til atkvæða á allsherjarþinginu hinn 17. des. s. l., var hún samþ. með 99 atkv. án mótatkvæða, en 8 sátu hjá. Með þessari till. höfum við vakið athygli á breiðum vettvangi á því vandamáli, sem einna stærst er í okkar augum: Nauðsyn þess að hindra rányrkju á fiskimiðum og tryggja sem beztan arð fiskstofnanna. Vitanlega er okkur mikilvægast, að slíkt sé tryggt á okkar eigin miðum hér í N-Atlantshafinu, en þess er ekki síður þörf víða annars staðar. Mátti það merkja af þeim hljómgrunni, sem íslenzka till. fékk í umr. og atkvæðagreiðslunni. Er það vissulega líka þróun í rétta átt, að við Íslendingar ræðum ekki sýknt og heilagt eingöngu um okkar eigin hagsmunamál á alþjóðavettvangi, heldur leggjum þar jafnframt jákvætt til málanna á breiðari grundvelli það sem öllum þjóðum eða flestum er í hag. Það höfum við gert með flutningi þeirra tveggja till., sem hér hafa verið nefndar.

Það starf, sem hefur verið unnið á vettvangi Sameinuðu þjóðanna, er áfangi í sókn okkar í fiskveiðiréttinda- og fiskverndarmálum. Við hljótum að njóta góðs af öllum þeim ráðstöfunum, sem framkvæmdar eru á alþjóðavettvangi og miða að því að hindra ofveiði og auka arð fiskstofnanna. Með tillögugerðinni um alþjóðasamning gegn mengun hafsins og skaðlegum áhrifum hennar á fiskstofnana hafa Íslendingar einnig haft forgöngu um alþjóðlegt nauðsynjamál. Þetta starf allt vekur jafnframt athygli þjóða veraldar á því, að þetta land byggir þjóð, sem lætur sig miklu varða farsæla lausn þessara mála og jafnframt, að hún á flest sitt undir skynsamlegri nýtingu auðlinda hafsins. Mun það án efa koma okkur að góðu haldi í starfi okkar í framtíðinni.

Á allsherjarþinginu nú í desember var kjörin nefnd, sem hefur fengið það verkefni að gera uppkast að alþjóðasamningi um nýtingu auðlinda hafsbotnsins. Var Ísland eitt þeirra 42 ríkja, sem í nefnd þessa voru kjörin. Síðustu ár hefur athygli manna beinzt í æ ríkara mæli að hafsbotninum og þeim miklu auðlindum, sem þar hafa fundizt. Hafa mörg ríki þegar sett lög um réttindi sín til hafsbotnsins eða landgrunnsins undan ströndum sínum og allra þeirra auðlinda, sem í grunninu kunna að finnast. En eins og kunnugt er, hefur allmikið magn jarðgass þegar fundizt í landgrunni Noregs og Danmerkur og á botni Norðursjávar er fyrir nokkrum árum hafin umfangsmikil námuvinnsla.

Fram til þessa höfum við ekki gert formlegt tilkall til þeirra auðæfa, sem finnast kunna í hinu íslenzka landgrunni, eða yfirráðaréttar íslenzka ríkisins yfir því. En vegna hinnar öru þróunar og breyttra viðhorfa í þessum efnum hefur utanrrn. nú samið frv., þar sem svo er fyrir mælt, að íslenzka ríkið eigi fullan og óskoraðan yfirráðarétt yfir landgrunninu, að því er tekur til rannsókna á auðæfum þess og vinnslu og nýtingu þeirra. Skulu öll slík auðæfi vera eign Íslendinga, og er það mark sett í lagafrv., að þessi réttindi okkar skuli ná svo langt út frá ströndum landsins sem unnt er að vinna auðæfi landgrunnsins. Og eins og ég tók fram, þegar ég mælti fyrir þessu frv., hafa ekki fram til þessa farið fram neinar rannsóknir á því, hvaða efni íslenzka landgrunnið hefur að geyma, og ekki er víst, að þar séu fólgnir neinir fjársjóðir, þrátt fyrir hina góðu reynslu nágranna okkar. En ríkisstj. hefur þótt það sjálfsagt öryggis- og varúðaratriði að skera úr því með slíku lagafrv., að landgrunnið er eign Íslendinga, og öðrum þjóðum er ekki heimilt að hefja þar rannsóknir eða námuvinnslu nema með leyfi íslenzkra stjórnvalda.

Í aprílmánuði s. l. gaf ég hér á Alþingi skýrslu um afstöðu ríkisstj. til Atlantshafsbandalagsins og varnarsamningsins við Bandaríkin, tvö náskyld málefni, en þó aðskilin. Spunnust þá nokkrar umr. út af þessari skýrslu, enda er hér um að ræða tvö þýðingarmikil atriði í utanríkisstefnu okkar Íslendinga. Eru þessi mál stöðugt til íhugunar og umr. manna á meðal, og síðast var umr. um þau hér í þingsölunum skömmu fyrir jólin, og lét ég þá orð falla á þá leið, að tækifæri mundi gefast bráðlega til að ræða þessi mál nánar í almennum umr. um utanríkismál.

Skal ég þá fyrst víkja að Atlantshafsbandalaginu. Sögulegur aðdragandi að stofnun bandalagsins og þróun þess, eftir að það tók til starfa, er flestum ljós, og gerði ég þessu nokkur skil í skýrslu minni hinn 19. apríl

s. l. Þó að mikið hafi verið deilt um þátttöku okkar í NATO á sínum tíma, held ég, að í raun og sannleika sé ekki ágreiningur um sögulegar aðstæður, er lágu til grundvallar því, að við tókum þá ákvörðun að gerast aðilar að varnarbandalagi Vesturlanda. Jafnvel andstæðingar bandalagsins bera ekki lengur brigður á þær. Er við endurheimtum að fullu sjálfstæðið úr höndum Dana, var sú þunga skylda lögð á herðar hins nýja lýðveldis að varðveita þetta sjálfstæði og tryggja öryggi landsins og frelsi þjóðarinnar. Þetta er eitt höfuðverkefni utanríkisþjónustu hvers fullvalda ríkis. Fyrir 50 árum töldu Íslendingar þessum málum borgið með einhliða yfirlýsingu um ævarandi hlutleysi, og var Dönum falið að tilkynna erlendum ríkjum þetta. En haldleysi þessarar yfirlýsingar kom einmitt skýrast í ljós, þegar við Íslendingar þurftum vorið 1940 sjálfir að taka öll okkar eigin mál í eigin hendur, áður en sambandslögin höfðu runnið sitt skeið á enda. Þegar við stofnuðum okkar utanríkisráðuneyti og þurftum fyrst í reynd að marka okkar pólitísku utanríkisstefnu, sem ekki eingöngu laut að sambandinu við Dani, þá var það einmitt vegna þess, að hlutleysið hafði brugðizt. Það er eftirminnilegt tímanna tákn, að við tókum við stjórn okkar eigin utanríkismála á rústum hlutleysisstefnunnar.

Segja má, að við höfum fyrst vikið frá hlutleysisstefnunni í verki, er við, tveim árum eftir að styrjöldinni lauk, gengum í Sameinuðu þjóðirnar, sem upphaflega eru hernaðarbandalag sigurvegaranna í seinni heimsstyrjöldinni. Svisslendingar, sem mest leggja upp úr hlutleysi allra þjóða og vopnum búast til að verja það, hafa ekki enn í dag gengið í Sameinuðu þjóðirnar. Að lokinni styrjöldinni settu menn trú sína á Sameinuðu þjóðirnar, en fljótlega kom í ljós, að smáríkjum yrði ekki sú stoð í þeim, sem vonir stóðu til, enda má segja, að forsendan fyrir friðargæzluákvæðum í stofnskrá Sameinuðu þjóðanna sé einmitt samkomulag stórveldanna, sem neitunarvaldið hafa í öryggisráðinu. En þegar möndulveldin höfðu verið lögð að velli með sameiginlegu átaki bandamanna, upphófst fljótlega kalt stríð á milli austurs og vesturs. Lögðu kommúnistar undir sig Austur-Evrópuríkin hvert af öðru, en Vesturlönd, sem fyrst í stað höfðu fagnað friði og afvopnazt með undraverðum hraða, tóku nú að ugga um sinn hag. Ljóst var framsýnustu mönnum, að bindast yrði samtökum, ef takast ætti að spyrna við fæti. Þróuðust þessi mál síðan stig af stigi, unz þar kom, að ákveðið var að stofna Atlantshafsbandalagið, er kommúnistar höfðu hrifsað völdin í Tékkóslóvakíu og sett Vestur-Berlín í herkví 1948, en hvort tveggja átti sér stað á því ári. Var okkur Íslendingum boðin þátttaka frá upphafi, og eftir vandlega athugun var lagt til hér á Alþingi og samþykkt að gerast stofnaðilar að NATO. Höfum við borið gæfu til, að víðtæk samstaða hefur náðst milli lýðræðisflokkanna þriggja og þar með meginþorra allra landsmanna um þetta grundvallaratriði. Hefur þar afstaðan mótazt af málefninu sjálfu og engu öðru. Er það tvímælalaust vilji þjóðarinnar í þessu mikilvægasta máli allra sjálfstæðra og fullvalda ríkja.

Öll er þessi saga undanfarinna 20 ára kunn og óþarfi að rekja hana hér í löngu máli enn einu sinni. En aðalatriðið er, að við Íslendingar gerumst aðilar að Atlantshafsbandalaginu af frjálsum vilja, og þar hefur okkur farnazt vel. Enginn beitti okkur þvingunum til inngöngu, en sem oftar fylgdum við að málum frændþjóðum okkar, sem næst okkur standa á Norðurlöndum, Norðmönnum og Dönum.

Við erum fullgildir aðilar að Atlantshafsbandalaginu og skrifuðum undir samninginn ásamt fulltrúum 11 annarra ríkja hinn 4. apríl 1949, og er það í sjálfu sér mikilvæg viðurkenning á sjálfstæði okkar og fullveldi, að við erum hlutgengir í samstarfi bandalagsþjóðanna, þar sem eru stórveldi á borð við Bandaríkin og ýmis minni ríki, eins og Holland og Belgía t. d., sem þó eru margfalt fjölmennari en við, og störfum saman á jafnræðisgrundvelli. Er við gerðumst stofnaðilar að NATO, gerðum við það með fyrirvara, eins og við þrír ráðh. úr ríkisstj. Stefáns Jóh. Stefánssonar greindum frá í skýrslu okkar um undirbúningsviðræðurnar í Washington í marzmánuði 1949, og skal ég koma að því síðar, er ég ræði um varnarsamninginn við Bandaríkin.

Eftir því sem alþjóðasamningar gerast, er Atlantshafssamningurinn tiltölulega einfaldur í sniðum. Hann er aðeins 14 greinar. Þetta er raunar einn af höfuðkostum samningsins. Grundvallarhugmyndin er augljós og skýrt sett fram. Tilgangurinn er að bindast samtökum um varnir aðildarríkjanna og treysta öryggi þeirra. Í fyrsta lagi skal reynt að efla friðinn og afstýra átökum í milliríkjaviðskiptum, og í annan stað skal aðstoða hvert eitt aðildarríki, sem kynni að verða fyrir árás. Í 5. gr. samningsins segir, að vopnuð árás á einn eða fleiri aðila sambandsins skuli vera talin árás á þá alla, og verða þá gerðar sameiginlegar ráðstafanir til að hrinda árásinni og tryggja aftur öryggi bandalagsþjóðanna. Þetta er undirstöðuatriði, sem legið hefur til grundvallar öllu samstarfi bandalagsþjóðanna á undanförnum tveim áratugum. Aftur á móti er ekki að finna ítarleg ákvæði í Atlantshafssamningnum um uppbyggingu bandalagsins. Samkv. 9. gr. er þó kveðið á um stofnun ráðs, sem skipað skuli fulltrúum allra aðildarríkjanna. Bandalagið hefur getað þróazt eftir þörfum og tekið ýmsum breytingum allt frá upphafi. Skemmst er að minnast, að Frakkar drógu herlið sitt undan sameiginlegri yfirherstjórn bandalagsins, sem fyrst hafði verið sett á laggirnar í apríl 1951, og voru þá viðhlítandi breytingar gerðar þannig, að varnarstyrkur bandalagsins er talinn sízt minni en áður, er endurskipulagningunni var lokið.

Nú ætla ég ekki að fara hér nánar út í uppbyggingu bandalagsins. Upplýsingar þar að lútandi liggja fyrir hverjum, sem vill kynna sér þær. En ég bendi aðeins á, að bandalagið fylgist jafnan með breyttum tímum og hefur aðlagað sig nýjum kringumstæðum. Atlantshafsráðið situr á stöðugum fundum árið um kring, og ráðherrafundirnir eru haldnir a. m. k. tvisvar á ári. Þar er stefnan mörkuð og síðan stöðugt unnið að framkvæmd hennar, en að auki hafa oft á undanförnum árum gefizt tækifæri til endurskoðunar á störfum bandalagsins og stefnumarki. Má þar fyrst til nefna skýrslu vitringanna þriggja, sem svo eru nefndir, frá árinu 1956, en þeir lögðu áherzlu á efnahags- og vísindasamstarf bandalagsþjóðanna auk hins pólitíska samstarfs í varnarmálum. Og nú síðast Harmelskýrsluna frá 1967 um framtíðarverkefni bandalagsins, eins og þau horfa við eftir 19 ára samstarf aðildarþjóðanna. Vík ég nánar að

þessari skýrslu Harmels síðar, en fyrst vildi ég ræða nokkuð um uppsagnarákvæði Atlantshafsbandalagsins, sérstaklega vegna þess að um þau hefur verið allmikið rætt manna á meðal undanfarin missiri, og hefur þá stundum gætt nokkurs misskilnings.

Samningurinn gildir um óákveðinn tíma, og hann er óuppsegjanlegur fyrstu 20 árin. 13. gr. hljóðar svo: „Þegar 20 ár eru liðin frá gildistöku samnings þessa, getur hver aðili sagt honum upp með eins árs fyrirvara, talið frá afhendingu tilkynningar þess efnis til ríkisstj. Bandaríkjanna, en hún skýrir ríkisstj. annarra aðila frá afhendingu slíkra tilkynninga."

Samningurinn fellur sem sagt ekki úr gildi núna eða að enduðum 20 árum. Hann heldur áfram gildi, og eru *gildistímabilinu ekki takmörk sett. En nú fyrst eftir* 20 ár gefst möguleiki á að segja samningnum upp með eins árs fyrirvara, og engrar endurskoðunar er krafizt á þessu ári samkv. ákvæðum samningsins. En eins og gefur að skilja, hafa þessi mál verið mikið til umr., þar sem nú fyrst væri möguleiki á að segja samningnum upp. Miklar umr. í frjálsu samfélagi þeirra sjálfstæðu og fullvalda ríkja, sem aðild eiga að Atlantshafsbandalaginu, eru ekkert nýtt fyrirbæri. Eins og ég hef þegar sagt, er stöðugt verið að marka sameiginlega stefnu og breyta samstarfinu, eftir því sem þörf krefur. Ég vil leggja höfuðáherzlu á þá staðreynd, að ekkert bandalagsríkjanna hyggur á að notfæra sér þennan möguleika, eins og er a. m. k., heldur þvert á móti eins og skýrt kom fram á síðasta utanríkisráðherrafundi í Brüssel í nóvembermánuði s. l. Þar náðist fullkomin samstaða fulltrúa allra 15 aðildarríkjanna um áframhaldandi gildi bandalagsins til þess að tryggja öryggi aðildarþjóðanna og til þess að byggja á viðleitnina til samkomulags í Evrópu, eins og lesa má í 12. gr. fréttatilkynningar fundarins. Þar er einnig ítrekað, að samningurinn sé gerður til óákveðins tíma og jafnframt tekið fram, að atburðirnir að undanförnu, og er þar átt við *Tékkóslóvakíu, sanni enn á ný, að áframhaldandi til*vera bandalagsins hafi aldrei verið nauðsynlegri en nú. Þetta skrifuðu allir ráðherrarnir undir, en sá franski, Michel Debré, bætti við, að svo framarlega sem atburðir næstu ára mundu ekki leiða til róttækrar breytingar á samskiptum austurs og vesturs, teldi franska ríkisstj., að bandalagið yrði að halda áfram, svo lengi sem það virtist nauðsynlegt.

Öll ber þessi fréttatilkynning ráðherrafundarins vott um mikla einingu bandalagsríkjanna, og skal ég aðeins minna á til viðbótar það, sem segir í 7. gr.: Eru aðildarríkin sannfærð um, að stjórnmálaleg samstaða þeirra hefur enn ómetanlegt gildi í því skyni að hamla gegn árás og annarri valdníðslu. Það er umfram allt einbeittur ásetningur þeirra að standa við gagnkvæmar skuldbindingar sínar í samræmi við Atlantshafssamninginn og vernda aðildarríki bandalagsins gegn sérhverri vopnaðri árás. Þetta er samdóma álit allra utanrrh., er þeir síðast komu saman.

Afstaða Frakka er þó óbreytt til sameiginlegu herstjórnarinnar. Þeir taka ekki þátt í henni. En af hverju? Þeim, er vilja benda á Frakka sem fordæmi, væri rétt að rifja það upp. Ástæðan er m. a. sú, að Frakkar telja öryggi sínu ekki nægjanlega borgið, á meðan Bandaríkin hafa úrslitavald um það, hvenær kjarnavopn verða notuð til varnar í Evrópu. Frakkar vilja vera í aðstöðu til að geta ákveðið sjálfir, hvenær hleypt verði af kjarnasprengju í Evrópu, komi þar til vopnaðra átaka. Þeir ætla þess vegna að koma sér upp kjarnorkuherafla og treysta á eigin mátt, af því að þeir eygja þann möguleika, að Bandaríkjamenn verji ekki Evrópu með kjarnavopnum, ef þeir eiga yfir höfði sér eyðileggingu síns heimalands. Vestur-Evrópa verði þá kannske gefin eftir til að komast hjá kjarnasprengjuregni yfir Bandaríkin. Gaullistar óska að geta stutt frönskum fingri á atómgikkinn án atbeina annarra samherja, en Frakkar hafa ekki sagt sig úr bandalaginu og virðast ekki ætla að gera það. Þeir hafa ekki og ætla sér ekki að segja upp Atlantshafssamningnum. Þeir *vilja m. ö. o. njóta áfram þeirrar verndar, sem í honum* felst. Annars er hér komið út í sálma, sem erfitt er kannske fyrir okkur Íslendinga, vopnlausa smáþjóð, að bera skynbragð á. Ballance of terror eru orð, sem heyrast oft í þessu sambandi eða jafnvægi skelfingarinnar vegna ógnana á báða bóga, og hallast á hvoruga. Stundum hefur staðið tæpt, en til allrar hamingju hefur þetta geigvænlega jafnvægi haldizt á undanförnum tveimur áratugum, jafnvel þó að það hafi í eðli sínu tekið miklum breytingum, allt frá er Bandaríkjamenn einir áttu kjarnavopn og gátu komið þeim í skotmörk í margra þús. km fjarlægð, og þar til nú í dag, að risaveldin tvö, Bandaríkin og Sovétríkin, geta þetta bæði. Og það sem meira er, bæði geta svarað í sömu mynt, jafnvel eftir að kjarnasprengjum hefur rignt yfir þau. **Möguleikar til þess að gereyða mótaðilanum án hættu** á gagnárás af sömu stærðargráðu eru því ekki fyrir hendi, þannig að fræðilegar líkur á gereyðingarstríði með kjarnavopnum hafa minnkað, að því er talið verður. Jafnvægið á þó kannske eftir að raskast bráðlega, ef fleiri kjarnorkuveldi koma til með langdrægar eldflaugar. Við þessa þróun, sem orðið hefur fram að þessu á sviði kjarnavopna og flugskeyta, hefur athygli *varnarmálaráðherra NATO beinzt aftur að venjulegum* vopnabúnaði svokölluðum, þannig að verjast megi hvers konar árás og hvenær sem er án þess að grípa strax til kjarnavopna.

Á síðustu ráðherrafundum hefur verið ákveðið að efla varnir bandalagsríkjanna og auka fjárveitingar til þeirra. Stóð síðasti fundur varnarmálaráðherranna 16. jan. s. l. Eftir þann fund var frá því skýrt, að heildarútgjöld NATO-þjóðanna námu á s. *l.* ári samtals *104* þús. millj. dollara, en þar af lögðu Evrópuþjóðirnar fram 20 þús. millj., og er búizt við því, að hlutfallslega fari útgjöld Evrópuþjóðanna vaxandi, þannig að þær taki á sig stærri hluta af varnarbyrðinni en hingað til. Þetta eru næstum stjarnfræðilegar tölur og erfitt fyrir Íslendinga að átta sig á þeim. En rétt aðeins til að gefa betri innsýn í þessi mál skal ég einungis nefna, að Luxemburg, sem næst stendur okkur af NATO-löndunum að fólksfjölda með rúml. 300 þús. íbúa, veitti 660 millj. ísl. króna til varnarmála á s. l. ári. Miðað við fólksfjölda eingöngu væri sambærileg tala hjá okkur um 300–400 millj. kr. Danir og Norðmenn verja hvor í sínu lagi um það bil 30 milljörðum til varnarmála. Sambærileg tala hjá okkur, hvort heldur miðað er við fólksfjölda eða prósentur af þjóðartekjum, mundi vera um og yfir 1000 millj. kr. Væru aðrar NATO-þjóðir valdar til saman-

burðar, mundi útkoman vera enn verri. Svona tölur eru okkur Íslendingum framandi, þar sem við þekkjum ekki neinn lið á fjárlögum, sem heitir Útgjöld til landvarna. Er þetta þó nokkurt umhugsunarefni, en ég þreyti ekki þingmenn á fleiri samanburðartölum, því að hver sem er getur velt þessu fyrir sér, þar sem birtar eru opinberlega allar upplýsingar um útgjöld NATO til hernaðarmála.

Nýlegar ákvarðanir um hækkun fjárframlaga til varnarmála eru beinar afleiðingar af atburðunum í ágústmánuði s. l., er fimm aðildarríki Varsjárbandalagsins undir forystu Sovétríkjanna réðust inn í Tékkóslóvakíu með herafla til þess að kúga ríkisstj. þar til þess að breyta stefnu í innanlandsmálum, þvert ofan í vilja svo að segja allrar þjóðarinnar. Við þessa atburði beindist athyglin enn á ný að varnarkerfi Atlantshafsbandalagsins, en afturkippur kom í viðleitni til bættrar sambúðar við kommúnistaríkin í Vestur-Evrópu. Fram að þessu hafði á undanförnum misserum verið megináherzla lögð á það að reyna að ná betra samkomulagi við Sovétríkin og alþýðulýðveldin í Austur-Evrópu í þeirri von, að þokast mætti í áttina til lausnar á grundvallardeilumálum í álfunni. Þessari stefnu hafði einkum verið fylgt innan Atlantshafsbandalagsins, eftir að Harmel-skýrslan, sem áður var nefnd, var samþykkt á ráðherrafundinum í des. 1967. En skýrsla þessi var árangur af rækilegri endurskoðun á starfsemi bandalagsins og framtíðarverkefnum þess, sem hafizt var handa um árið 1966 að frumkvæði Pierre Harmels, utanríkisráðherra Belgíu. Öll aðildarríkin stóðu að þessari samþykkt ráðherrafundarins 1967, en í henni segir á þá lund, að bandalagið hafi tvö meginverkefni og að þeim báðum beri jafnan að vinna ötullega. Í fyrsta lagi eru landvarnirnar, og skal jafnan halda við hernaðarmætti bandalagsþjóðanna og efla pólitíska einingu þeirra til þess að koma í veg fyrir árásarstyrjöld á samningssvæðinu í Evrópu og Norður-Ameríku. Þegar öryggi bandalagsþjóðanna er þannig tryggt, skal í öðru lagi leitazt við að koma samskiptum milli Austur- og Vestur-Evrópu á traustari grundvöll í þeirri von, að jafna megi endanlega pólitíska ágreining um undirstöðuatriði, og ber þar Þýzkalandsmálið hæst. Þetta tvennt, hernaðarstyrkur í varnarskyni og pólitískur vilji til bættrar sambúðar, fer saman, og skal leita allra ráða til að leysa vandamál austurs og vesturs, svo að á komist varanlegur friður í Evrópu, er byggi á réttlátri framtíðarskipan álfunnar, og verður þá fyrst öryggi hinna einstöku ríkja tryggt til frambúðar. Jafnframt verður þá árangurs að vænta í afvopnunarmálum með því að minnka stig af stigi vopnabúnaðinn á báða bóga. Eins og ég sagði og fram kemur í fréttatilkynningu síðasta utanríkisráðherrafundar, kom nokkur afturkippur í þessi mál við atburðina í Tékkóslóvakíu, en eigi að síður verður haldið áfram á sömu braut og hingað til.

Viðhorfin breytast sífellt, en grundvöllurinn er sá sami, Atlantshafssamningurinn heldur gildi sínu um ófyrirsjáanlega framtíð. Atlantshafsbandalagið hefur náð tilgangi sínum að því leyti, að samningssvæðið allt hefur verið blessunarlega laust við vopnuð átök á undanförnum tveimur áratugum. Til styrjaldar hefur ekki komið á því svæði, sem samningurinn nær til, og valdajafnvægi við kommúnistaríkin í Austur-Evrópu hefur komizt á fyrir tilvist bandalagsins. En ástandið er þó engan veginn tryggt og getur á svipstundu breytzt til hins verra. Þetta hafa atburðir síðustu missera minnt á, svo að ekki verður um villzt, atburðir í Evrópu og utan hennar. Má þar nefna innrásina í Tékkóslóvakíu, ástandið fyrir botni Miðjarðarhafs, styrjöldina í Víetnam, hörmungarnar í Nígeríu og fleiri og fleiri. Þar sem undir niðri eru óleyst grundvallarvandamál, er spenna fyrirliggjandi, og vopnuð átök eru víða í heiminum, sem breiðzt geta út fyrr en varir. En grundvallarvandinn í öryggismálum Evrópu verður ekki leystur til frambúðar, meðan álfunni er skipt í tvo hluta, Þýzkaland er klofið og Berlínarmúr skilur á milli. Þar bíður stórt pólitískt mál úrlausnar. Byggt verður á þeim árangri, sem náðst hefur í NATO, og áfram unnið að frambúðarlausn öryggismála aðildarríkjanna, en bandalagið verður ekki leyst upp, fyrr en eitthvað betra hefur komið í staðinn. Íslendingar hyggja ekki á úrsögn frekar en aðrar aðildarþjóðir, þar með taldar frændþjóðir okkar á Norðurlöndum, sem við lítum gjarnan til, er við reynum að átta okkur á aðstöðunni á alþjóðavettvangi og mótum stefnuna í alþjóðamálum okkar.

Á s. l. ári hafa orðið miklar umræður um Atlantshafsbandalagið í Noregi og Danmörku, en niðurstaðan er sú, sem kom fram í yfirlýsingu síðasta utanríkisráðherrafundar NATO, sem ég gat um áðan. Sósíaldemókratar stóðu að aðild að NATO á sínum tíma, og þótt stjórnarskipti hafi orðið í báðum þessum löndum og þar haldi nú aðrir flokkar og aðrir menn um stjórnvölinn en fyrir 20 árum, þá halda Norðmenn og Danir ótrauðir áfram í Atlantshafsbandalaginu og hyggja ekki á breytingar í þeim efnum. Það gerum við heldur ekki, og er það tvímælalaust vilji mikils meiri hl. landsmanna, eins og margoft hefur komið fram á undanförnum árum. Yfir 80% atkvæðisbærra manna hafa jafnan lýst stuðningi við stefnu þeirra þriggja flokka, sem vilja eiga áframhaldandi aðild að varnarsamstarfi vestrænna þjóða í Atlantshafsbandalaginu. Andstæðingar aðildar okkar að NATO hafa verið og eru enn a. m. k. aðeins lítið brot af þjóðinni.

Þá kem ég nánar að varnarsamningnum við Bandaríkin frá 1951. Óþarft ætti að vera að rekja hér enn einu sinni ástæðurnar fyrir því, að hann var gerður á sínum tíma, eða þróun þeirra mála síðan. Þetta gerði ég að nokkru í skýrslu minni hér á þingi hinn 19. apríl s. l., en þessi saga er flestum kunn og mörgum ofarlega í huga, enda eru samskipti okkar við varnarliðið stöðugt undir smásjá almennings, eins og vera ber, og sífellt til umr. á opinberum vettvangi, nú síðast vegna furðulegra till., sem settar voru nýlega fram í viðræðuþætti í útvarpinu. Á ýmsu hefur gengið í þessum málum, en sú kenning, sem þar kom fram, er þó með þeim fjarstæðukenndari og öfgafyllstu, sem ég hef heyrt getið um. Í þessum efnum sem öðrum er okkur hollast að láta ekki stundarerfiðleika villa okkur sýn, þannig að við missum sjónar á meginmarkmiðum. Hversu hagkvæmlega sem slungnir fjármálamenn geta útlistað reikningsdæmi sín og samanburð við Spánverja, uppgripatekjur af varnarliðinu til úrlausnar núverandi efnahagserfiðleikum okkar Íslendinga, þá er ég hræddur um, að það yrði okkur skammgóður vermir, ef við viljum vera

áfram sjálfstæð þjóð. Við megum aldrei vera háðir tekjum af dvöl erlends herliðs hér á landi, því að ef svo færi, mundi fljótlega þverra sjálfsvirðing okkar og siðferðisvitund og erlendar þjóðir hætta að viðurkenna Ísland sem sjálfstætt og fullvalda ríki. Það þarf ekki að fara mörgum orðum um þetta. Söguleg dæmi um slíka ógæfu eru of mörg og ekki öll gömul. En í þessu sambandi er rétt að rifja upp aðalatriðin, að því er viðvíkur varnarsamningnum við Bandaríkin. Eins og ég sagði áðan, gerðum við fyrirvara, þegar við gerðumst stofnaðilar að Atlantshafsbandalaginu. Við fullvissuðum okkur m. a. um það, að við mundum ekki þar með taka á okkur sjálfkrafa neinar skuldbindingar um að hafa hér erlendan her í landinu á friðartíma. Okkur er algerlega í sjálfsvald sett, hvort hér er varnarlið í landinu, og það fer einungis eftir okkar eigin dómi og ástandinu í heiminum og friðarhorfum. Þetta hefur verið ljóst frá upphafi og má segja, að við njótum allra fríðinda af þátttöku í öflugu varnarbandalagi, en leggjum ekki annað af mörkum en það, sem við sjálfir teljum okkur fært.

Er varnarsamningurinn var gerður vorið 1951, var talið óverjandi vegna hættuástands í heiminum, að Ísland væri óvarið með öllu, eins og lýst er í inngangsorðum að samningnum, sem lögfestur var hér á Alþ. um haustið. Við þær atkvgr. í báðum þd. varð jafnvel meiri samstaða meðal þm. lýðræðisflokkanna þriggja en 1949, er atkv. voru greidd um aðild okkar að Atlantshafsbandalaginu. 1951 voru kommúnistar eða þeir, sem við venjulega köllum svo, en eru ýmsum öðrum nöfnum nefndir, þeir voru raunverulega einangraðir og einir á báti á móti. Aðalatriði samningsins frá 1951 er það, að Bandaríkin taka á sig beina ábyrgð á vörnum Íslands innan ramma Atlantshafsbandalagsins, og hefur sú samvinna okkar við Bandaríkin öll verið þannig, að við getum vart á annað betra kosið, þegar á heildina er litið. Er þó stærðarmunur mikill á aðilum, en Bandaríkin hafa aldrei látið okkur kenna aflsmunar, heldur eru okkar samskipti ávallt byggð á jafnrétti, og þurfum við þó ekki að leita langt að dæmum um samskipti risaveldis við smáríki, sem er á annan veg farið og byggjast á öðrum forsendum, þar sem er Breznev-kenningin um rétt Sovétríkjanna til íhlutunar, hvar sem er, í hinu svokallaða sósíalska samveldi. En það, sem meira er, við bjuggum þannig um hnútana, þegar varnarsamningurinn var gerður 1951, þar sem endurskoðunar- og uppsagnarákvæði samningsins eru, að við getum einhliða slitið varnarsamvinnunni við Bandaríkin, ef okkur býður svo við að horfa, t. d. ef við teljum, að okkur nægi tryggingin í Atlantshafssamningnum sjálfum til öryggis þjóðinni. Það hefur líka reynt á þessi ákvæði 7. gr. varnarsamningsins eftir ályktun Alþingis vorið 1956, eins og ég rakti í ræðu minni í aprílmánuði s. l. En svo fór þó að lokum, að við ákváðum sjálfir um haustið að segja samningnum ekki upp, því að endurskoðuninni var frestað. Þá var vinstri stjórnin svonefnda nýmynduð og átti eftir að sitja að völdum næstu tvö árin, eftir að viðræðunum við Bandaríkin var hætt með erindaskiptum við sendiherra þeirra hér 6. desember 1956. Í þessum orðsendingum segir, að varnarliðið muni dvelja áfram hér á landi, þar sem ástandið í alþjóðamálum sé ótryggt. Jafnframt er áréttaður fyrirvari frá 1949 um dvöl erlends herliðs hér á landi á friðartímum, enda sé endanleg ákvörðun í þessum málum í höndum Íslendinga einna.

Þótt við höfum góða reynslu af samskiptum við varnarliðið, þá er okkur óefað hollast að hafa ekki erlent herlið hér á landi til langdvalar. Þess vegna þurfum við stöðugt að endurmeta allar aðstæður og athuga, hvort breyting getur talizt æskileg á skipun þessara mála. Þetta hefur ríkisstj. gert og gerir enn. Það er ekki aðeins stjórnmálaástandið í heiminum og þá Evrópu alveg sérstaklega, sem þarf að fylgjast með og íhuga, heldur einnig breytingar á hernaðarþýðingu Íslands, sem vegna legu sinnar er miðpunktur á samgönguleið yfir Norður-Atlantshaf. Þrátt fyrir hraðfleygar og stórstígar framkvæmdir í smíði gereyðingarvopna og hernaðartækni allri, ef þannig má að orði kveða um þróunina á svo ógnvekjandi iðju, þá mun það álit sérfræðinga, að herfræðilegt mikilvægi Íslands fari ekki minnkandi. Þrátt fyrir stöðugt öflugri eldflaugar og atómvopn og stöðugt nærnari tækjabúnað til þess að finna og fylgjast með hugsanlegum árásaraðilum, þá fer hernaðarþýðing Íslands sízt minnkandi og þar af leiðandi varnarþörfin einnig. Eitt vopnið, sem mikið hefur verið rætt um á undanförnum árum, eru kjarnorkueldflaugar um borð í kjarnorkuknúnum kafbátum, sem siglt geta í lengri tíma um öll heimsins höf og jafnvel undir ísnum á Norður-heimskautinu. Þessa kafbáta eiga bæði risaveldin, og breytingarnar í hernaðartækninni verða á báða bóga. Þar er stöðug samkeppni. En óneitanlega höfum við Íslendingar orðið áþreifanlega varir við tíðari ferðir sovézkra herskipa á Norður-Atlantshafi. Hér hafa á s. l. ári verið sovézk herskip upp undir landsteinum, og í fyrsta skipti héldu Varsjárbandalagslöndin flotaæfingar á Atlantshafi s. l. vor. Öll eru þessi herfræði hlutir, sem við Íslendingar þekkjum ekki mikið til, og efalaust þurfum við að afla okkur betri sérfræðilegrar þekkingar á hernaðarmálefnum, þannig að við getum sjálfir lagt sérfræðilegt mat á allar aðstæður. En það er þó kannske ekki eins nauðsynlegt og ætla mætti, ef haft er í huga, að við gerum aldrei meira en styðjast við álit hernaðarsérfræðinganna og hafa það til hliðsjónar eingöngu, hvort heldur slíkt álit kemur frá Bandaríkjamönnum beint eða frá Atlantshafsbandalaginu í heild eða frá öðrum aðilum, sem við getum leitað til. Endanleg ákvörðun okkar Íslendinga byggir aldrei nema að nokkru leyti á áliti sérfræðinga. Ákvörðunin um dvöl erlends herliðs hér á landi og raunar einnig um aðild okkar að Atlantshafsbandalaginu hlýtur alltaf að vera pólitísk. Þar verður meiri hluta vilji þjóðarinnar að ráða, þegar allt kemur til alls, og þeir samningar, sem löglega kjörin stjórnvöld hafa gert í nafni þjóðarinnar, eru líka þannig úr garði gerðir, að vilji þjóðarinnar nær fram að ganga, þegar að því kemur, að Alþingi ákveður að breyta stefnu þeirri, sem hingað til hefur verið framfylgt í öryggis- og varnarmálum landsins. En allar slíkar ákvarðanir þarf að taka að vandlega athuguðu máli. Hafi reynslan kennt okkur eitthvað í þessum efnum, er það vissulega það að rasa ekki um ráð fram, því að skjótt skipast veður í lofti í vályndum heimi.

Mér er það ljóst, að það eru fleiri atriði, sem snerta utanríkismál, sem kannske hefði verið rétt að ræða um.

En ég læt þetta nægja í bili, og ef þau mál, sem ég hef ekki minnzt á, koma hér fram í umr., þá skal ég reyna að svara þeim, eftir því sem ég get. En viðskiptamálin, sem kannske hefði verið ástæða til að minnast á, eru þannig framkvæmd hjá okkur, að viðskiptasamningar eru gerðir á vegum utanrrn., en framkvæmd viðskiptasamninga við erlend ríki er í höndum viðskmrn. og EFTA-málið hefur með samkomulagi milli okkar ráðh. verið í höndum viðskmrh., og um þau hefur líka verið rætt talsvert að undanförnu.

Af Evrópuráðinu er tiltölulega lítið að segja. Við höfum tekið þátt í því. Við höfum átt þar menn í mannréttindanefnd og í mannréttindadómi, og við höfum fylgzt þar með málum og fylgt t. d. Norðurlöndunum í afstöðunni til Grikkja, en þeir hafa verið mjög gagnrýndir þar, og fleira mætti raunar nefna, en ég tel ekki ástæðu til þess að fara lengra út í það hér. Ég tel, að með þessu, sem ég nú hef sagt, sé minnzt á aðalmálin, sem uppi hafa verið í utanríkismálum á síðustu misserum.

Magnús Kjartansson: Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. utanrrh. fyrir skýrslu þá, sem hann flutti um utanríkismál. Eins og hann vék sjálfur að í upphafi ræðu sinnar, hefur hann hafið nýja starfshætti, eftir að hann tók við embætti utanrrh., og hætt þeirri einangrunarstefnu, sem tíðkaðist í tíð fyrirrennara hans. Hæstv. utanrrh. hefur látið utanrmn. hefja störf á nýjan leik, og þessar skýrslugjafir eru liður í sams konar vinnubrögðum, og þetta er ástæða til þess að þakka og meta.

Skýrslur eru mjög á dagskrá þessa dagana og hnappast mjög mikið saman. Ég held, að það sé nokkurt álitamál fyrir okkur alþm., hvernig haga eigi slíkum skýrslugjöfum framvegis, og væri tímabært að reyna að koma sér niður á vinnubrögð í því efni og setja jafnvel um það fastar reglur í þingsköp. Ég tel t. d., að það gæti verið mjög skynsamlegur aðdragandi að alm. umr. um einhvern málaflokk, að útbýtt yrði skriflegri skýrslu, en að ráðherrar létu sér nægja að flytja almennar stefnuræður á grundvelli slíkra skriflegra skýrslna. Þetta mundi stytta umræður mikið og auk þess auðvelda þm. að taka málefnalegan þátt í umr. Það getur verið erfitt að hlusta á ræðu, sem víkur að fjölmörgum einstökum atriðum, og eiga svo að gera við hana athugasemdir strax á eftir. Mér fannst ýmis atriði í skýrslu hæstv. utanrrh. þess eðlis, að þau hefðu betur farið í skriflegri skýrslu, sem þm. hefðu átt kost á að athuga, áður en alm. umr. hæfist. Þetta held ég, að sé til ath. fyrir þm., þegar slíkum skýrslum fjölgar svo mjög, sem nú er raun á orðin.

Hæstv. utanrrh. vék að mjög mörgum atriðum í skýrslu sinni, og hún var á sumum sviðum eins konar starfsskýrsla ráðuneytisins. Þar væri hægt að víkja að fjölmörgum atriðum, en það mundi raunar taka allt of langan tíma, ef maður vildi lýsa öðrum skoðunum en fram komu hjá hæstv. ráðh. um þessi fjölmörgu atriði eða leggja þar orð í belg til viðbótar því, sem hann sagði.

Af almennum atriðum hafði ég hug á því að víkja hér að tveimur málefnum. Í sambandi við skýrsluna um störfin á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna vék hæstv. ráðh. að afstöðu íslenzku sendinefndarinnar til aðildar Kína, og ummæli hæstv. ráðh. voru dálítið einkennileg. Hann talaði þar annars vegar um alþýðulýðveldið Kína og hins vegar um lýðveldið Kína, en svo nefndi hann eyjuna Taiwan og lýsti því, að það væri afstaða ríkisstj., að þessir tveir aðilar ættu að eiga aðild að Sameinuðu þjóðunum. Málið ber engan veginn þannig að. Það er alkunn staðreynd, að Kínaveldi er eitt af stofnríkjum Sameinuðu þjóðanna og á sæti í öryggisráði, samkvæmt stofnskrá Sameinuðu þjóðanna. Um þetta er enginn ágreiningur. Ágreiningurinn er um hitt, hver á að fara með aðild Kínaveldis. Á það að vera ríkisstj. í Peking, sem ræður ómótmælanlega yfir öllum meginþorra Kínaveldis, eða eiga það að vera valdamenn á eyjunni Taiwan, sem eru einangraðir úti í hafsauga? Um þetta hefur verið deilt á vettvangi Sameinuðu þjóðanna, og sendinefnd Íslands hefur tekið þá einkennilegu afstöðu að snúast gegn því, að ríkisstj. í Peking fari með aðild Kína. Hin spurningin, hvort rétt væri, að eyjan Taiwan fengi sjálfstæðan fulltrúa á þingi Sameinuðu þjóðanna er allt annað mál. Ég veit ekki til þess, að ráðamenn á eyjunni Taiwan hafi haft nokkurn hug á því að stofna sjálfstætt ríki. Þvert á móti hygg ég, að þeir vilji reyna að líta svo á, að þeir séu hinir raunverulegu ráðamenn Kínaveldis alls, og á þeim forsendum vilja þeir vera innan Sameinuðu þjóðanna. Ef hins vegar upp kæmi það viðhorf, að stofnað yrði sérstakt ríki á Taiwan og það sækti um inngöngu í Sameinuðu þjóðirnar, er að sjálfsögðu tímabært fyrir Íslendinga að taka afstöðu til slíkrar umsóknar, en meðan slíkt hefur ekki gerzt, er það út í hött að vera að ræða um það atriði.

Annar þáttur almenns eðlis, sem hæstv. utanrrh. vék að, var innrásin í Tékkóslóvakíu. Hæstv. ráðh. sagði nokkrum sinnum í ræðu sinni, að innrásin í Tékkóslóvakíu væri til marks um það, hver hætta stafaði af Varsjárbandalaginu, og að nauðsyn væri á því að efla NATO. Þetta viðhorf sér maður víða í áróðursmálgögnum, en ég hef ekki orðið var við það, að ábyrgir stjórnmálamenn, t. d. í Vestur-Evrópu, hafi metið málin á þennan hátt. Nýlega las ég t. d. grein, sem flokksbróðir hæstv. utanrrh., Jens Otto Krag, aðalleiðtogi danskra jafnaðarmanna, skrifaði um innrásina í Tékkóslóvakíu. Hann fór að vonum mjög hörðum orðum um þá innrás, en ályktunarorð hans voru engu að síður þau, að því færi fjarri, að þessi atburður hefði nokkuð raskað valdahlutföllum í Evrópu og það væri háskalegast af öllu, ef þessi hörmulegi atburður yrði notaður til þess að reyna að magna kalda stríðið á nýjan leik. Enda held ég, að það liggi í augum uppi, ef menn hugsa á rökréttan hátt, að það var ekki til marks um styrkleika Varsjárbandalagsins, að hersveitir þess bandalags skyldu þurfa að beita sér gegn einu aðildarríki bandalagsins. Þetta sýnir veikleika bandalagsins, en ekki styrkleika þess. Bandalagið er að sjálfsögðu veikara en það var fyrir, og staðreyndin er sú nú, að Sovétríkin eru með mikinn her í Tékkóslóvakíu til þess að ráða þar þeim málum, sem þau telja sig þurfa að ráða, og sú staðreynd hefur bundið heri Varsjárbandalagsins umfram það, sem áður var. Almennar tilfinningaröksemdir eins og þær, að þetta sýni aukinn

mátt Varsjárbandalagsins, held ég, að séu algerlega út í hött.

En það, sem mestu máli skiptir í umr. eins og þessum, og það, sem umfram allt þarf að ræða, að minni hyggju, eru þau vandamál, sem snerta okkur Íslendinga sérstaklega, og þar á ég fyrst og fremst við aðildina að Atlantshafsbandalaginu og hernámið. Á þessu ári gerast, sem kunnugt er, þau tíðindi, að hvert aðildarríki Atlantshafsbandalagsins getur sagt sig úr bandalaginu, í fyrsta skipti í 20 ár. Og snemma á þessu þ. flutti ég ásamt hv. 5. þm. Reykn. till. um, að við tækjum upp ákveðin vinnubrögð til að geta fjallað um þetta mál á raunsæjan og málefnalegan hátt. Till. okkar var svohljóðandi með leyfi hæstv. forseta:

„Alþ. ályktar að fela utanrmn. að semja rækilega greinargerð um afstöðu Íslands til Atlantshafsbandalagsins í tilefni þess, að 1969 getur hvert aðildarríki bandalagsins sagt sig úr því með eins árs fyrirvara. Í grg. skal rætt um þau vandamál, sem tengd eru aðild Íslands að bandalagi þessu, um breytingar á alþjóðamálum á þeim 20 árum, sem bandalagið hefur starfað, og viðhorfin nú. Enn fremur verði þar raktar hugmyndirnar um öryggisbandalag Evrópu, sem leysi Atlantshafsbandalagið og Varsjárbandalagið af hólmi. Grg. þessi skal lögð fyrir Alþ., er það hefur störf í ársbyrjun 1969. En að loknum umræðum um hana verði teknar ákvarðanir um afstöðu Íslands til Atlantshafsbandalagsins."

Því miður fór svo, að þessi till. okkar komst ekki á dagskrá í Sþ. og voru horfur á því, að þ. færi í jólaleyfi, án þess að hún yrði rædd. Þá sýndu hæstv. forsetar Sþ. þá vinsemd að leyfa mér að mæla fyrir henni í nokkrar mínútur, og í þeirri ræðu lagði ég áherzlu á það að skora á hæstv. ríkisstj. og utanrmn. að viðhafa þessi vinnubrögð. Mér varð þó ekki að þessari ósk minni, heldur flutti hæstv. utanrrh. ræðu og hafnaði algerlega þeirri hugmynd, að utanrmn. tæki upp þingræðisleg vinnubrögð á þessu sviði. Ekki get ég sagt, að mér hafi komið viðbrögð hæstv. utanrrh. á óvart, en engu að síður eru þau furðuleg og ósæmileg og raunar einstæð meðal Atlantshafsbandalagsríkja, sem ég þekki til.

Starfsemi Atlantshafsbandalagsins og aðild ríkja að því er mjög stórfellt og örlagaríkt vandamál; það er tengt þróun alþjóðlegra stjórnmála og örlögum hvers lands um sig. Þegar hægt er að segja sig úr bandalaginu á þessu ári, hafa þau tímamót leitt til þess, að hvarvetna í aðildarríkjunum, nema á Íslandi, hefur verið og er unnið að því að meta aðstæður á nýjan leik, safna gögnum og röksemdum og ræða vandamálin. Það ríki, sem haft hefur forystu um þessa endurskoðun, er Frakkland, en það greip raunar til sinnar ráða þegar 1966 og sleit hernaðarsamvinnu við bandalagið og vísaði öllu bandarísku hernámsliði frá Frakklandi ásamt aðalstöðvum bandalagsins, og enn er öldungis óvíst, nema Frakkland segi sig endanlega úr bandalaginu á næstunni. Ég mun síðar í máli mínu víkja hér ögn nánar að þessari afstöðu Frakka. Stjórn Kanada hefur greint frá því nýlega, að hún vinni nú að því að endurskoða aðild sína að Atlantshafsbandalaginu og komi til álita að slíta allri hernaðarsamvinnu við bandalagið. Önnur ríki hafa unnið að því að safna sem ítarlegustum gögnum um þessi nýju viðhorf, til að mynda hefur utanríkisráðuneyti Dana nýlega gefið út mikið ritverk um Danmörku og Atlantshafsbandalagið, þrjú stór bindi. Ég veit, að það er til hér í utanrrn. Íslands. Hliðstæð rit hafa verið gefin út í öllum þingræðisríkjum innan bandalagsins, nema á Íslandi. Hvergi nema hér er nauðsynlegt, að þm. flytji till. um þingræðisleg og málefnaleg vinnubrögð á þessu sviði, og alls staðar nema hér er óhugsandi, að utanríkisráðh. neiti að verða við beiðni alþm. um málefnalega gagnaöflun og umr. og ákvarðanir á grundvelli þeirra.

Röksemdir þær, sem hæstv. ráðh. hafði uppi, er hann flutti ræðu sína skömmu fyrir jól, voru þær, að ástæðulaust væri að safna gögnum um Atlantshafsbandalagið og hafa málefnalegar umr. um það, vegna þess að allar staðreyndir væru kunnar og hefðu verið í 20 ár. Enn sætu hér á þ. 3 þeirra stjórnmálaleiðtoga, sem fóru til Bandaríkjanna til viðræðna um Atlantshafsbandalagið 1949, og þeir hefðu á sínum tíma gert fulla grein fyrir viðræðum sínum við bandarísk stjórnarvöld. Hæstv. ráðh. virtist þannig halda, að ekkert hefði breytzt í 20 ár. Það, sem hefði verið talið rétt og satt 1949, hlyti að vera satt og rétt 1969. Auk þess bætti hæstv. ráðh. við staðhæfingum, sem vel hefðu sómt sér í barnaskólastíl um afrek bandalagsins í þágu frelsis og lýðræðis, auk þess sem bandalag þetta hefði tryggt frið í 20 ár.

Ég ætla ekki, að þessu sinni, að hefja alm. umr. um 20 ára þróun í alþjóðamálum, en hitt vita allir, að Atlantshafsbandalagið er ekkert almennt lýðræðis- eða friðarfélag, heldur hagsmunasamtök auðugra Vesturlandaríkja, sem flest voru áður nýlenduveldi og reyndu að halda þeim yfirráðum sem lengst. Athafnir Atlantshafsbandalagsríkja hafa fyrst og fremst beinzt að þeim verkefnum, þótt andstaðan við Rússa væri höfð að yfirvarpi. Næstu 5 ár, eftir að Atlantshafsbandalagið var stofnað, háði Frakkland stórstyrjöld í Víetnam og reyndi að halda þar nýlendudrottnun sinni. Þegar Frakkar biðu ósigur í þeirri styrjöld, tók við önnur, ekki síður ömurleg, í Alsír. Sá hluti af herafla Atlantshafsbandalagsins, sem heyrði til Frökkum, var hagnýttur til þessara árásarstyrjalda, og hernaðaraðstoð Bandaríkjanna stóð undir tilkostnaðinum af þessum útrýmingarherferðum gegn fátækum þjóðum. Hæstv. utanrrh. hlýtur að reka minni til þess, að tvö Atlantshafsbandalagsríki, Bretland og Frakkland, hófu árásarstyrjöld á Egyptaland 1956, þótt minna yrði úr högginu en til var ætlazt. Hann hefur einnig setið á ráðherrafundum í námunda við utanrrh. Portúgals, en það Atlantshafsbandalagsríki heldur enn uppi illræmdustu nýlendukúgun, sem eftir er á hnettinum, og beitir til þess hersveitum, vopnum og fjármunum, sem markaðir eru Atlantshafsbandalaginu. Það stafar trúlega af því, að Portúgalar eru samherjar okkar og vinir, að fáar fregnir birtast hérlendis um tortímingarhernað Portúgala í nýlendum sínum, og hér leggur enginn til að safnað sé fé til þess að bjarga hungruðu og særðu fólki frá dauða á þeim landssvæðum. Ónefnt er þá sjálft forysturíki Atlantshafsbandalagsins, Bandaríkin. Þau hafa nú herafla sinn í meira en 3000 herstöðvum, hvarvetna á hnettinum, og beita honum til þess að ráða yfir hlut annarra þjóða, taka ákvarðanir um ríkisstjórnir og þá fyrst og fremst um verð á hrá-

efnum, sem auðhringir ríkra þjóða þurfa að hagnýta. Þessi alþjóðlegi hernaður Bandaríkjanna hefur seinustu árin náð hámarki í styrjöldinni í Víetnam, einhverri ósæmilegustu tortímingarstyrjöld, sem mannkynssagan kann frá að greina. Í þeirri styrjöld eru notaðir hermenn Atlantshafsbandalagsins; frá því hefur meira að segja verið greint í fréttum, að bandarískir hermenn, sem dveljast á Íslandi, fái hér sérstaka þjálfun, áður en þeir eru sendir til hernaðaraðgerða í Víetnam.

Menn geta haft mismunandi skoðanir á þessari hernaðarsögu Atlantshafsbandalagsríkja gegn fátækum þjóðum, en þeim, sem telja þessa stefnu rétta eða óhjákvæmilega, ber þá að gera málefnalega grein fyrir því mati, í stað þess að tala eins og börn um friðarsamtök. Og áður en hæstv. ráðh. tekur sér aftur lýðræði í munn í sambandi við Atlantshafsbandalagið, ætti hann að ræða örlítið um Grikkland, þar sem hershöfðingjaklíka náði völdum með aðstoð bandarísku leyniþjónustunnar og nýtur nú alveg sérstakrar vinsemdar hjá herstjórn Atlantshafsbandalagsins. Hann ætti að ræða um bandamenn sína í Portúgal og í Tyrklandi eða um Spán, sem er að vísu ekki formlegur aðili að bandalaginu, en leggur þó Bandaríkjunum til land undir miklar herstöðvar, sem eru hluti af kerfi bandalagsins.

Í ræðu sinni fyrir jól vitnaði hæstv. utanrrh. sérstaklega til orða og athafna stjórnmálaleiðtoga 1949, þegar hann var að rökstyðja þá skoðun sína, að óþarft væri að framkvæma nokkra sjálfstæða könnun nú. Hins vegar lýsti hæstv. ráðh. því yfir í dag, að á þessu tímabili hefðu orðið mjög verulegar breytingar á hernaðartækni og sú hernaðartækni hefði leitt til breyttra viðhorfa. Einmitt þessar breytingar eru atriði, sem okkur ber að kanna alveg sérstaklega og gera okkur grein fyrir því, hvaða áhrif þessar breytingar hafa haft á aðstöðu okkar. Þegar Atlantshafsbandalagið var stofnað 1949, höfðu Bandaríkin einokun á kjarnorkuvopnum, og það gereyðingarvopn var talið hornsteinn bandalagsins; með því að hampa kjarnorkuvopnum var talið, að bandalagið gæti komið vilja sínum fram. Þessi aðstaða breyttist, þegar Sovétríkjunum tókst að framleiða kjarnorkusprengjur. Því næst urðu stórveldin tvö svo til jafnfljót að framleiða vetnissprengjur, sem hafa þann tortímingarmátt, að kjarnorkustyrjöld mundi hafa í för með sér gereyðingu heimsbyggðarinnar. Einnig urðu stórveldin næstum því jafnfljót að framleiða litlar kjarnorkuhleðslur, sem unnt er að nota á vígvöllum í svokölluðum takmörkuðum styrjöldum.

Næsta gerbreyting varð, þegar Sovétríkin sendu á loft fyrsta gervitungl sitt. Þá kom í ljós, að þau höfðu tryggt sér mikla yfirburði í eldflaugasmíði og að meginland Ameríku var nú ekki lengur óhult, ef til styrjaldar kæmi, en það er að sjálfsögðu mjög örlagarík staðreynd á sviði alþjóðamála. Bandaríkin hófu síðan sókn á þessu sviði, náðu Sovétríkjunum í eldflaugagerð og komust fram úr þeim. Þessu næst gerðist það, að stórveldunum báðum tókst að koma alllangdrægum eldflaugum fyrir í kafbátum, en sú aðgerð gerir það óframkvæmanlegt að koma í veg fyrir kjarnorkuárás með því að eyðileggja kjarnorkusprengjurnar, áður en þær eru sendar af stað. Árásarstöðvarnar eru nú dreifðar um hnöttinn allan, og þær eru aldrei á sama stað stundinni lengur. Í þessu sambandi er einnig vert að minna á, að Bretland, Frakkland og Kína hafa nú hafið framleiðslu kjarnorkuvopna og eldflauga, en tugir annarra ríkja hafa fjárhagslegt og tæknilegt bolmagn til að leggja inn á sömu braut.

Þessar staðreyndir hafa haft ákaflega djúpstæð áhrif á þróun alþjóðamála síðustu tvo áratugi, og okkur ber að vega þær og meta í stað þess að ástunda almennt orðagjálfur um frið og lýðræði. Breytingarnar á hernaðartækni og þar með á valdi hafa einnig gerbreytt alþjóðlegum stjórnmálum á þessu tímabili. Í upphafi Atlantshafsbandalagsins stóðu stórveldin andspænis hvort öðru sem algerir andstæðingar og því næst hernaðarsamtök þau, sem stórveldin stofnuðu hvort fyrir sig. Þau viðhorf hafa verið að breytast æ meira að undanförnu, eftir að leiðtogum stórveldanna varð ljóst, að allsherjar styrjaldarátök þeirra í milli mundu færa hvorugum sigur, aðeins leiða til allsherjar tortímingar. Svokölluð friðsamleg sambúð hefur tekið að þróast leynt og ljóst, en grundvöllur hennar er skipting heimsins í áhrifasvæði. Stórveldin stefna sameiginlega að því að verða eins konar alþjóðalögregla, ráða hvort fyrir sínum heimshluta, og þau beita sér sameiginlega gegn því, að fleiri ríki nái því valdi á kjarnorkuvopnum, að þau geti orðið hlutgeng í samskiptum við risana. Það er þessi valdstefna, sem leitt hefur til vaxandi óróleika innan áhrifasvæða beggja stórveldanna á undanförnum árum, vaxandi klofnings jafnt austan tjalds sem vestan. Ríki og þjóðir eiga að vonum erfitt með að sætta sig við það framtíðarhlutskipti að verða að lúta boðum og bönnum hinna kjarnorkuvæddu þursa.

Skiptingin í áhrifasvæði milli stórveldanna er mislangt komin í heiminum. Í Evrópu er hún næsta skýr og grundvöllur hennar það samkomulag um áhrifasvæði, sem bandamenn gerðu í lok heimsstyrjaldarinnar og Winston Churchill hefur skýrt frá í endurminningum sínum. Eina vandamálið af þessu tagi, sem er óútkljáð í Evrópu, er framtíð Berlínar. En að öðru leyti er það algerlega ljóst, að í Evrópu hafa verið dregin mörk, sem stórveldin hreyfa sig ekki út fyrir, þótt þau virðist telja sér heimilt að gera hvað sem þeim sýnist innan markanna. Það eru þessar aðstæður, sem valda því endurmati, sem nú er verið að framkvæma víða um lönd, og til glöggvunar á þeim viðhorfum er fróðlegt að fara nokkrum orðum um stefnu þess ríkis, sem lengst hefur gengið í endurskoðunarstefnu sinni innan Atlantshafsbandalagsins. Hæstv. utanrrh. vék nokkrum orðum að þessu áðan í ræðu sinni og talaði heldur kuldalega um þessa stefnu Frakka, sagði, að þeir vildu vera með fingurinn á kjarnorkugikknum. En ástæðurnar fyrir því, að Frakkar slitu hernaðarsamvinnu við bandalagið og íhuga að segja sig úr því í náinni framtíð, eru fjórar.

Í fyrsta lagi telja Frakkar, að Atlantshafsbandalagið sé í verki tæki Bandaríkjanna til þess að halda yfirdrottnun í Vestur-Evrópu. Ef það ástand sé látið haldast of lengi, missi Vestur-Evrópuríki sjálfstæði sitt í vaxandi mæli og verði að lúta boðum og bönnum Bandaríkjanna og hins sameiginlega hernaðarkerfis. Þessi þróun sé ekki sæmandi fyrir sjálfstæð ríki. Frakkland og raunar Evrópa verði að gerast sjálfstæðir

aðilar í heimsmálum og megi ekki sætta sig við að vera peð í tafli annarra.

Í öðru lagi telja Frakkar, að öryggi það, sem Atlantshafsbandalagið átti að veita í upphafi, standi ekki lengur til boða. Á því sviði hafi orðið alger umskipti, þegar breytt hernaðartækni gerði Bandaríkin sjálf að hugsanlegu skotmarki í kjarnorkustyrjöld. Eftir það verður að teljast hæpið og nánast óhugsandi, að Bandaríkin hætti sjálfri tilveru sinni til stuðnings bandamanni í Evrópu. Í þessu sambandi vísa Frakkar á það nýja hernaðarkerfi, sem komið var upp innan Atlantshafsbandalagsins og kennt er við Mc'Namara, en það er í því fólgið, að nú eiga hefðbundnir herir að taka að sér það hlutverk, sem kjarnorkusprengjunum var áður ætlað. Frakkar segja, að ef til stórátaka kæmi í Evrópu með aðild risaveldanna, mundu þau hugsanlega varpa kjarnorkusprengjum á þá staði, sem tekizt væri á um, en um það væri þegjandi samkomulag, að þau hlífðu hvort öðru við kjarnorkuárásum til þess að komast hjá sjálfsmorði. Þannig séu Evrópuríkin orðin þolendur en ekki gerendur; *aðild að bandalögum* risaveldanna auki ekki öryggi þeirra, heldur magni hættuna.

Í þriðja lagi segja Frakkar, að tengslin við Bandaríkin séu ekki lengur nauðsynleg fyrir Evrópu; Vestur-Evrópuríki hafi næga getu til að tryggja öryggi sitt sjálf. Í því sambandi benda Frakkar á kjarnorkuvígbúnað sinn, sem sé nægileg ógnun gegn hvers konar hugsanlegri ásælni. Enn segja Frakkar í þessu sambandi, að hættan á styrjaldarátökum í Evrópu hafi orðið minni og minni, eftir að kjarnorkukapphlaupi risaveldanna lauk með augljósu þrátefli. Hættusvæðin séu annars staðar, í heimshlutum, þar sem áhrifasvæði risaveldanna hafi ekki enn verið fastmælum bundin.

Og í fjórða lagi segja Frakkar, að einmitt hættan á átökum í öðrum heimshlutum, ekki sízt í Asíu, leiði verulegan háska yfir Atlantshafsbandalagsríkin í Evrópu. Bandaríkin beiti sér mjög í slíkum átökum, til að mynda í styrjöldinni í Víetnam, og slíkur hernaður geti leitt til stórstyrjaldar. Þá kunni Vestur-Evrópuríki að vera nauðugir samherjar Bandaríkjanna í átökum, sem þau hafa enga samúð með eða fulla andúð á, eins og t. d. yrði, ef árásarstyrjöld Bandaríkjanna í Víetnam leiddi til víðtækari hernaðaraðgerða.

Þetta eru meginröksemdir Frakka, eins og þær hafa verið túlkaðar af de Gaulle og Couve de Murville, og þær sýna, hversu gagngerar breytingar eru að verða á viðhorfum manna, hvað umr. um málefni Atlantshafsbandalagsins eru djúptækar. Maður skyldi ætla, að íslenzkir ráðamenn hlustuðu a. m. k. gaumgæfilega á röksemdir Frakka, því að þar tala menn, sem allavega verða ekki grunaðir um að vera handbendi Rússa eða umboðsmenn heimskommúnismans.

Þegar Frakkar framkvæma endurmat á stöðu sinni innan Atlantshafsbandalagsins, hugsa þeir að sjálfsögðu um aðstöðu sína, hin sérstöku vandamál franska ríkisins. Á sama hátt ber okkur Íslendingum að meta málin af íslenzkum sjónarhóli, kanna viðhorf okkar í samræmi við breyttar aðstæður, hugsa um þjóðlega hagsmuni okkar. Við þá könnun getum við ekki apað eftir neinum öðrum. Sérstaða okkar er mikil, og við verðum að taka ákvarðanir okkar í samræmi við hana.

Í sambandi við aðild Íslands að Atlantshafsbandalaginu er mikilvægt, að menn komi sér niður á svar við þeirri spurningu, hvers vegna var lagt á það ofurkapp 1949 að fá Íslendinga til að gerast aðilar að þessu hernaðarbandalagi. Við erum örsmá þjóð; við höfum engan her; pólitísk áhrif okkar á alþjóðavettvangi eru ekki umtalsverð. Samt var lagt á það mikið kapp af öðrum ríkjum, einkanlega Bandaríkjunum, að fá Íslendinga til að ganga í Atlantshafsbandalagið. Á þessari staðreynd er ekki til nein önnur skýring en sú, að Bandaríkin vildu tryggja sér herstöðvar á Íslandi. Kröfu sína um herstöðvar á Íslandi báru Bandaríkin fram haustið 1945 og vildu þá fá þrjár slíkar stöðvar til 99 ára. Þegar þeirri kröfu var hafnað, neituðu Bandaríkin að flytja her sinn á brott af landinu þrátt fyrir fyrri loforð, þar til gerður hafði verið sérstakur samningur um afnot Bandaríkjanna af Keflavíkurflugvelli. Þegar stórveldi ber fram kröfur af slíku tagi, fellur það ekki auðveldlega frá þeim.

Hver raunsær maður hlýtur að komast að þeirri *niðurstöðu, að aðild Íslands að Atlantshafsbandalaginu* átti fyrst og fremst að auðvelda Bandaríkjunum að fá hér á nýjan leik fullgildar herstöðvar. Enda komu herstöðvarnar tveimur árum seinna, vorið 1951, að vísu þvert ofan í loforð íslenzkra valdamanna og bandarískra ráðherra, sem höfðu heitið því hátíðlega 1949, að hér skyldi aldrei vera erlendur her né erlendar herstöðvar á friðartímum. Hæstv. utanrrh. sagði í ræðu sinni hér áðan, að Bandaríkin hefðu aldrei látið okkur kenna aflsmunar. Það gerðu þau þó í stríðslok, þegar þau neituðu að flytja her sinn héðan á brott, nema þau fengju sérstakan samning um afnot af Keflavíkurflugvelli, og í annan stað er það alveg augljóst mál, að bandarískur her hefði komið hingað vorið 1951, hvað svo sem íslenzkir ráðamenn hefðu sagt. Það leið svo stuttur tími frá því, að alþm. voru kallaðir hér á leynifundi til þess að taka ákvörðun um þessa kröfu Bandaríkjanna og þar til herinn kom, að augljóst er, að þetta hernám hafði verið undirbúið löngu, löngu áður.

En það er sérstök ástæða til þess að leggja áherzlu á þessa samtengingu Atlantshafsbandalagsins og hernámsins vegna þess, að því hefur mjög verið haldið fram að undanförnu, að aðildin að Atlantshafsbandalaginu og *hernámssamningurinn séu tvö aðskilin atriði*; við getum sem hæglegast losað okkur við hinn erlenda her, en verið þó áfram fullgildir aðilar að bandalaginu. Ég held, að þetta einfalda sjónarmið fái engan veginn staðizt. Í þessu sambandi er vert að minna á inngang hins svokallaða varnarsamnings, en hann er svo hljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Þar sem Íslendingar geta ekki sjálfir varið land sitt, en reynslan hefur sýnt, að varnarleysi lands stofnar öryggi þess sjálfs og friðsamra nágranna þess í voða, og þar sem tvísýnt er um alþjóðamál, hefur Norður-Atlantshafsbandalagið farið þess á leit við Ísland og Bandaríkin, að þau geri ráðstafanir til, að látin verði í té aðstaða á Íslandi til varnar landinu og þar með einnig til varnar svæði því, sem Norður-Atlantshafssamningurinn tekur til, með sameiginlega viðleitni aðila Norður-Atlantshafsbandalagsins til að varðveita frið og öryggi á því svæði fyrir augum."

Og í 1. gr. sjálfs samningsins segir svo:

„Bandaríkin munu fyrir hönd Norður-Atlantshafsbandalagsins og samkv. skuldbindingum þeim, sem þau hafa tekizt á hendur með Norður- Atlantshafssamningnum, gera ráðstafanir til varnar Íslandi með þeim skilyrðum, sem greinir í samningi þessum. Í þessu skyni og með varnir á svæði því, sem Norður-Atlantshafssamningurinn tekur til, fyrir augum lætur Ísland í té þá aðstöðu í landinu, sem báðir aðilar eru ásáttir um, að sé nauðsynleg."

Hér eru Atlantshafssamningurinn og hernámssamningurinn tengdir saman órjúfanlegum böndum. Hernámsliðið kemur hingað samkv. beiðni bandalagsins, og það er tekið fram sem almenn regla, að varnarleysi bjóði hættu heim, ekki aðeins í því landi, sem á hlut að máli, heldur og hjá nágrönnum þess. Ég dreg það mjög í efa, að Atlantshafsbandalagið hefði litið á það sem eitthvert einkamál Íslendinga, ef við hefðum ákveðið að láta herinn fara. Í því sambandi vil ég minna á 4. grein Atlantshafssamningsins, en hún er svohljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Aðilar munu hafa samráð sín á milli, hvenær sem einhver þeirra telur friðhelgi landssvæðis einhvers aðila, pólitísku sjálfstæði eða öryggi ógnað."

Samkvæmt þessari grein hafa ríkin heimild til íhlutunar um málefni hvers annars, og hefðu Íslendingar sagt upp hernámssamningnum gegn vilja Atlantshafsbandalagsins, er naumast nokkur vafi á því, að þessari grein hefði verið beitt. Á meðan herstöðvarnar hér voru taldar mikilvægar, hefðu Bandaríkin vafalaust hagnýtt hana til þess að halda herstöðvum sínum hér, hvað sem ákvörðunum okkar liði, á sama hátt og þau neituðu að flytja lið sitt burt 1945 og á sama hátt og þau halda uppi herstöðvum víða um lönd, gegn vilja íbúanna.

Þetta er grundvallaratriði, þegar meta á afstöðu Íslands til Atlantshafsbandalagsins. Hernámið er skilgetið afkvæmi Atlantshafssamningsins, þeir menn, sem segjast vera með aðild að bandalaginu, en andvígir hersetunni, eru að villa á sér heimildir. Ef ekki kæmi til hernámið, þá dreg ég í efa, að nokkru öðru ríki væri það nokkurt kappsmál að hafa Íslendinga í svokölluðu hernaðarbandalagi með sér.

Þegar Íslendingar meta nú, hvort þeir eiga að halda áfram aðild að bandalaginu, ber þeim jafnframt að kanna til hlítar, hvort sú aðild leiðir ekki til erlendrar hersetu um ófyrirsjáanlega framtíð. En í sambandi við slíkar bollaleggingar er einnig vert að íhuga, að hernaðargildi Íslands hefur gerbreytzt á þeim tveimur áratugum, sem liðnir eru, síðan Atlantshafssamningurinn var gerður.

Ástæðan til þess, að Bandaríkjamenn lögðu áherzlu á að halda hér herstöðvum í styrjaldarlok, var sú, að á þeim tíma voru flugvélar þeirra tiltölulega skammfleygar. Til þess að koma þeim yfir Atlantshaf á öruggan hátt þurfti millilendingarstaður að vera tiltækur, og Keflavíkurflugvöllur var í nokkur ár fyrst og fremst hagnýttur á þennan hátt. Ísland var þá talinn nauðsynlegur, hernaðarlegur tengiliður milli Bandaríkjanna sjálfra og áhrifasvæðis þeirra í Evrópu. En þessar aðstæður hafa gerbreytzt með tilkomu langfleygra véla. Keflavíkurflugvöllur gegnir nú ekki lengur hlutverki sem millilendingarstaður fyrir hernaðarflugvélar á leið yfir Atlantshaf. Á sama tíma hafa fornar hugmyndir um herstöðvar og gildi þeirra gerbreytzt með tilkomu eldflauga og kjarnorkuvopna. Herstöðvar eru nú fyrst og fremst hagnýttar til að hafa áhrif á umhverfi sitt. Augljóst er, að herstöðin á Íslandi er nú orðin fjarskalega veigalítill þáttur í herstjórnarkerfi Bandaríkjanna. Aðalverkefni herstöðvarinnar hér er að hafa eftirlit með kafbátaferðum á Norður-Atlantshafi, og því eftirliti væri hægt að stjórna á jafn hagkvæman hátt frá mörgum stöðum öðrum, m. a. frá Nýfundnalandi, þar sem þessar eftirlitsstöðvar voru áður.

Hæstv. utanrrh. hélt því fram í ræðu sinni hér áðan, að sérfræðingar teldu, að hernaðargildi Íslands væri jafn mikið og það hefði verið fyrir 20 árum. En engu að síður er það staðreynd, að þær breytingar, sem orðið hafa á hernaðartækni á þessu tímabili, á þróun alþjóðamála og sambúð stórveldanna, hafa leitt til breytinga á herstöðvunum á Íslandi, að vísu án þess að frumkvæði Íslendinga kæmi til.

Þegar bandarískt herinn kom hingað 1951, var þar meðal annars um að ræða raunverulegt varnarlið, landher með skriðdreka og annan tækjakost, sem ekki gat haft annan tilgang en að snúast til varnar, ef gerð væri innrás í landið. Einnig kom hingað flugher, sem átti að vinna með landhernum að sömu verkefnum. Báðar þessar deildir hernámsliðsins eru farnar frá Íslandi fyrir mörgum árum. Hér hefur um langt skeið ekki verið neitt varnarlið. En með þeim umskiptum hefur bandaríska herstjórnin að sjálfsögðu staðfest í verki það mat sitt, að hernaðarleg árás á Ísland sé óhugsandi, eins og nú standa sakir. Herinn á Miðnesheiði er aðeins örlítill hlekkur í eftirlitskerfi Bandaríkjanna og Atlantshafsbandalagsins, en á engan hátt neitt varnarlið fyrir okkur.

Það er vafalaust rétt, sem lesa mátti í grein í Morgunbl. fyrir nokkru, að þessari herstöð sé valinn ákaflega hæpinn staður frá varnarsjónarmiði og hægt væri að granda henni á nokkrum mínútum með eldflaugum frá kafbátum, sem þyrftu ekki einu sinni að koma upp á yfirborðið. Í sömu grein var lögð áherzla á það, að ef hér ættu að vera raunverulegar bandarískar hervarnir, þá þyrfti að kóma fyrir miklum bandarískum her miðsvæðis á Íslandi, en leggja fullkomna hervegi frá þessum stöðvum og umhverfis allt land, svo að hægt væri að senda lið á sem skemmstum tíma til hvers þess staðar, þar sem hættu kynni að bera að höndum. Fróðlegt væri að vita, hversu margir Íslendingar mundu kæra sig um hernám af þessu tagi. En á það reynir ekki, sem betur fer, því að Bandaríkin hafa ekki talið það í samræmi við hagsmuni sína og mat sitt á aðstæðum að hafa nokkurt varnarlið á Íslandi árum saman, og ekkert bendir til þess, að hernaðarhagsmunir þeirra muni stuðla að slíkri ráðabreytni.

Ég lít svo á, að það hljóti að vera meginatriði í mati okkar á Atlantshafsbandalaginu að gera okkur grein fyrir þeirri undirstöðustaðreynd, að aðild að því bandalagi og hernámið eru eitt og sama vandamálið. Ef herstöðvarnar hefðu ekki komið til, hefði ekkert ríki haft nokkurn minnsta áhuga á aðild okkar að bandalaginu og fremur viljað forðast jafn gagnslausan bandamann. Það er einnig ákaflega mikilvæg staðreynd í þessu sambandi, að gildi herstöðvanna fyrir Bandaríkin hefur farið ört minnkandi á síðustu tveimur áratugum.

Ef Íslendingar ákvæðu nú að losa sig við herstöðvarnar, yrði andstaða stórveldisins þeim mun minni sem gildi stöðvanna er orðið rýrara.

Utanríkisstefna Íslendinga getur að sjálfsögðu ekki mótazt einvörðungu af því, sem við viljum, heldur verður einnig að meta hana í samræmi við það, sem við getum. Við verðum að gera okkur raunsæja grein fyrir því, að við búum í veröld, sem skipt er í áhrifasvæði, og að við erum á miðju áhrifasvæði Bandaríkjanna á vesturhveli jarðar. Ef stefna okkar gengi í berhögg við stefnu eða hagsmuni Bandaríkjanna, mundi stórveldið ekki hika við að beita valdi sínu hér frekar en annars staðar. En þótt þessi aðstaða sé metin af fullu raunsæi, mega ráðamenn Íslands aldrei gleyma því, að það er skylda þeirra að tryggja íslenzku þjóðinni sem mest sjálfstæði og frelsi innan þeirra marka, sem aðstæðurnar skammta okkur. Ef menn meta málin frá íslenzkum sjónarhóli, er sú staðreynd augljós, að varanlegt hernám er andstætt hagsmunum þjóðarinnar. Það er skylda hverrar ríkisstjórnar að vinna að því að losna við hernámið, jafnvel þótt ráðherrarnir hafi fyllstu samúð með stjórnmálaviðhorfum hernámsveldisins. Það er einnig augljós staðreynd, að Íslendingum hlýtur að vera það keppikefli að standa utan hernaðarbandalaga. Í slíkum samtökum á vopnlaus og örfámenn friðarþjóð, eins og Íslendingar, ekkert erindi. Samkvæmt því ber íslenzkum valdamönnum að starfa, hvaða hug sem þeir bera til hernaðarbandalagsins. Ef eðlileg íslenzk viðhorf væru ríkjandi hér á landi, ætti það að vera sameiginleg stefna þjóðarinnar allrar, að Íslendingar byggju einir og frjálsir í landi sínu og gætu tekið óháða afstöðu til allra alþjóðlegra vandamála. Ágreiningur okkar ætti að snúast um það eitt, að hve miklu leyti slík stefna væri raunsæ og framkvæmanleg miðað við aðstæður hverju sinni.

En einmitt þarna er alvarlegasta veilan í stjórn íslenzkra utanríkismála. Ráðamenn okkar hefur skort andlegt sjálfstæði til að meta viðfangsefni sín af íslenzkum sjónarhóli. Allt tal þeirra um utanríkismál er einvörðungu bergmál af viðhorfum annarra, fyrst og fremst bandarískra valdamanna og málsvara Atlantshafsbandalagsins. Enda þótt Atlantshafsbandalagsríki í Vestur-Evrópu hafi tekið upp æ sjálfstæðara mat á undanförnum árum, örlar ekki á slíkum viðhorfum hjá valdaflokkunum hér. Og þessi ósjálfstæðu og óþjóðlegu viðhorf ráðamannanna hafa smitað út frá sér á uggvænlegan hátt.

Hæstv. utanrrh. sagði í ræðu sinni hér áðan, að yfir 80% Íslendinga væru fylgjandi aðild að Atlantshafsbandalaginu. Þarna er um að ræða barnalega staðhæfingu. Aðildin að Atlantshafsbandalaginu hefur aldrei verið borin undir þjóðina, og ég held að fáum blandist hugur um, að meiri hluti þjóðarinnar var andvígur aðild að bandalaginu, þegar hún var ákveðin fyrir tveimur áratugum, enda höfnuðu stjórnarvöldin þá mjög almennri kröfu um þjóðaratkvæði. Vilji hæstv. ráðh. fá raunverulega vitneskju um afstöðu þjóðarinnar nú, er rétt að láta reyna á hana. Væri staðhæfing hæstv. ráðh. hins vegar rétt væri það síður en svo ánægjuefni fyrir nokkurn ábyrgan mann, að meiri hluti þjóðarinnar vildi ólmur vera í hernaðarbandalagi til frambúðar; það sannaði það eitt, að menn eru orðnir gersamlega áttavilltir og gera sér ekki lengur grein fyrir sérstöðu Íslendinga og raunverulegum hagsmunum þjóðarinnar. Einmitt slík ósjálfstæð viðhorf eru háskalegustu afleiðingar þeirrar hersetu, sem við höfum nú búið við í meira en aldarfjórðung; talsverður hópur manna er búinn að gleyma eðlilegum, þjóðlegum og siðferðilegum sjónarmiðum; hernámið er ekki lengur ill nauðsyn, eins og stuðningsmenn þess kölluðu það í upphafi, heldur góð nauðsyn, keppikefli, gleðiefni. Morgunblaðið kallaði hernámsliðið meira að segja „fjöregg þjóðarinnar" í forystugrein fyrir nokkrum dögum. Í verzlun hernámsliðsins á Keflavíkurflugvelli vinna á annað hundrað Íslendingar og þeir hafa fallizt á þau fyrirmæli yfirboðara síns að tala ekki íslenzku á vinnustað. Þegar svo er komið undirgefni Íslendinga við erlent vald, ættu ráðamenn sannarlega að fara að hugsa sig um.

Og nú eru uppi hugmyndir um það að gera hernámið að sem mestri tekjulind, gera okkur sem háðasta því efnahagslega, eins og hæstv. ráðh. vék að í ræðu sinni áðan. Í því sambandi mættu menn vel minnast atburða, sem gerðust á eynni Möltu fyrir nokkrum árum. Þar býr þjóð, sem er dálitlu fjölmennari en við, og hún hefur um skeið notið brezkrar forsjár. Þar hafa verið brezkar herstöðvar og flotastöðvar og ýmiss konar atvinnurekstur, sem hefur verið tengdur þeim athöfnum. Bretar telja þessar stöðvar sínar úreltar og óþarfar að verulegu leyti. Þeir hafa verið að draga saman seglin. En þá brá svo við, að eyjarskeggjar höfu örvæntingarfulla baráttu gegn því að losna við hernámsliðið, af þeirri einföldu ástæðu að það var atvinna þeirra og lífsviðurværi; þá skorti innlenda atvinnuvegi, sem risið gætu undir nútíma þjóðfélagi; samskiptin við hið erlenda stórveldi voru orðin að náðarbrauði. Þannig hljóta samskipti þjóða við erlenda aðila ævinlega að vera. Þau standa ekki lengur en útlendingarnir telja sig hafa hag af því. Því er ekkert fráleitara en ætla að gera þjónustustörf við útlendinga að einum af hornsteinum hins íslenzka þjóðfélags. Mér þótti vænt um, að hæstv. utanrrh. gagnrýndi þessa kenningu í ræðu sinni hér áðan, en hann mætti gera meira; hann mætti hugleiða, hvernig á því stendur, að slík kenning skuli koma upp og fá býsna miklar undirtektir í þjóðfélaginu. Fyrir tveimur áratugum hefði það verið óhugsandi, að nokkur maður hefði dirfzt að boða slíka kenningu opinberlega, en nú er það ekki aðeins talið hugsanlegt, heldur hleypur upp stór hópur manna og tekur undir þessi viðhorf. Stefna, sem leiðir slíka hugarfarsbreytingu yfir verulegan hóp manna, er háskaleg framtíðarsjálfstæði Íslendinga.

Í þessum bollaleggingum mínum hér hef ég ekki rætt nema að sáralitlu leyti um átökin í alþjóðlegum stjórnmálum. Á þeim hef ég þó ákveðnar skoðanir, eins og menn vita, og gagnstæðar skoðanir mínum eiga öfluga málsvara hér á Alþ. En ég tel, að skoðanir manna á stórveldaátökum og öðrum ágreiningsefnum í alþjóðamálum megi aldrei skyggja á þá skyldu okkar að móta íslenzka utanríkisstefnu í samræmi við hagsmuni okkar sjálfra. Þótt menn hafi fyllstu samúð með einhverju stórveldi eða einhverju hernaðarbandalagi eða einhverju kenningakerfi, mega þeir aldrei fórna þjóðlegum hagsmunum Íslendinga fyrir slík viðhorf. Mæli-

kvarðinn á gagnsemi íslenzkrar utanríkisstefnu á að vera sá einn, hvort hún tryggir okkur sem mest frelsi og sjálfstæði. Aðild að Atlantshafsbandalaginu skerðir sjálfsákvörðunarrétt okkar og óháð mat; því hlýtur það að vera verkefni þjóðlegrar utanríkisstefnu að losa okkur úr því bandalagi. Hernámið fær á engan hátt samrýmzt framtíðarhagsmunum ísl. þjóðarinnar; því á það að vera verkefni allra ábyrgra afla að aflétta hersetunni. Ef menn hugsa frá íslenzkum sjónarhóli, getur þá naumast greint á um þessi markmið. Hitt getur hins vegar orðið ágreiningsefni, hvenær raunsætt sé og kleift að stíga þessi skref. Einmitt þess vegna skiptir það meginmáli, að við höfum sjálfir frumkvæði að rannsókn á aðstæðum hverju sinni og leggjum sjálfstætt mat á niðurstöðurnar. Því vil ég að lokum skora á hæstv. ríkisstjórn að láta framkvæma þá málefnalegu könnun á aðild okkar að Atlantshafsbandalaginu, sem við hv. þm. Gils Guðmundsson gerðum till. um í upphafi þessa þings.

Þórarinn Þórarinsson: Herra forseti. Ég sé, að hæstv. ráðh. er enn ekki mættur á fundinum, en ég hefði viljað í upphafi máls míns beina nokkrum orðum til hans, en það er að vísu þess efnis, að það skiptir engu meginmáli, hvort ráðh. er viðstaddur eða ekki. En það, sem ég hefði viljað segja fyrst, er það, að ég tel, að hæstv. ráðh. hafi unnið athyglisvert brautryðjendastarf með þeirri skýrslu, sem hann flutti hér, og þess ber að vænta, að hún verði upphaf þess, að slíkur háttur verði á hafður framvegis, að ráðh., sem fer með utanríkismál, gefi öðru hverju skýrslur um þessi mál í þinginu og síðar geti farið fram umr. um þau af hálfu þm. – Ég sé, að hæstv. ráðh. er hér kominn og skal aðeins endurtaka það, sem ég var að segja, að ég tel, að hæstv. ráðh. hafi með þeirri skýrslu, sem hann flutti í þinginu í dag unnið merkilegt brautryðjendastarf, og þess ber að vænta, að því verði haldið áfram, og ég álít, að hann eigi þakkir skilið fyrir það að hafa rutt brautina í þessum efnum. Mér finnst líka rétt að láta það koma fram við þessar umr., að ég tel hæstv. ráðh. einnig hafa unnið merkilegt starf með því að endurreisa eða endurvekja utanrmn., ef svo mætti segja. Það var flokksbróðir hans, Héðinn Valdimarsson, sem á sínum tíma átti frumkvæði að því, að utanrmn. var sett á stofn árið 1928. Nefndin vann mjög merkilegt starf næstu árin eða allt fram til þess tíma, að síðari heimsstyrjöldinni lauk. Hún vann þá eins og þingsköp gera ráð fyrir. Ríkisstj. hafði þá náið samband við hana, og þannig voru traust tengsl milli þingsins og stjórnarinnar í þessum efnum. Eftir síðari heimsstyrjöld koms hins vegar sá háttur á, að þetta samstarf stjórnarinnar og utanrmn. lagðist meira og minna niður, og má segja, að svo hafi verið að mestu leyti þangað til nú, að hæstv. ráðh. hefur haft frumkvæði að því að utanrmn. starfi með eðlilegum hætti og eins og þingsköp gera ráð fyrir, þannig að hún fjalli ekki eingöngu um þau mál, sem koma fram hér í þinginu og snerta verkahring hennar, heldur láti ríkisstj. hana fylgjast með því helzta, sem er á prjónunum hverju sinni í utanríkismálum, og ekki aðeins meðan þing stendur, heldur líka þegar þing starfar ekki. Þess vegna hefur sá háttur nú verið upp tekinn, að n. heldur a. m. k. mánaðarlega fundi og oftar, eftir því sem þörf krefur. Ég álít, að með því að endurvekja þannig utanrmn. og stuðla að því, að hún starfi eins og þingsköp gera ráð fyrir, hafi hæstv. núv. utanrrh. unnið merkilegt starf, sem ég treysti og þm. vafalaust allir, að framhald verði á. Ég vil einnig segja það, að ég tel, að hæstv. utanrrh. hafi einnig haft athyglisverða forystu í sambandi við skipan sendinefndarinnar á þingi Sameinuðu þjóðanna. Hann hefur tekið þann hátt upp, sem er víða annars staðar, að gefa öllum þingflokkum kost á því að eiga fulltrúa í n. Það vantaði mikið á, að svo væri oft áður. Ég álít, að þetta sé nauðsynlegt til tengsla við störf þessarar miklu stofnunar, Sameinuðu þjóðanna, og vænti þess, að áfram verði fylgt því fordæmi, sem hæstv. núv. utanrrh. hefur tekið upp eða komið á í þessu efni.

Sú skýrsla, sem hæstv. ráðh. flutti hér, var mjög umfangsmikil og kom víða við, og þess vegna verður ekki hægt að víkja að nema litlu af því, sem þar kom fram. Hann gaf ítarlegt yfirlit um störf allsherjarþings Sameinuðu þjóðanna, og er ástæða til að minnast á ýmislegt af því, sem þar kom fram, en ég mun láta nægja að víkja aðeins að einu atriði, og er það þau afskipti, sem sendinefnd Íslands hafði af þeim málum, sem snerta hafsbotninn og auðæfi hafsins, en eins og ráðh. skýrði frá, bar þau mál mjög á góma á seinasta allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna. Ég álít, að sendinefnd okkar og þeir menn, sem komu þar mest við sögu, hafi unnið athyglisvert starf, sem var þar veitt athygli með því og sérstaklega fyrir það, að Hannes Kjartansson, Gunnar Schram og Haraldur Kröyer, sem allir fluttu ræður í sambandi við þessi mál, höfðu forgöngu um þann tillöguflutning, sem ráðh. minntist á. Ég álít, að bæði með þeim tillöguflutningi og með þeim ræðuhöldum af hálfu Íslands í sambandi við þessar till., hafi verið vakin athygli á því, að Ísland lætur sig þessi mál miklu varða, og það muni í framtíðinni verða tekið eftir því, sem Ísland hefur fram að færa á þessu sviði. Hitt er svo það, að við eigum hér mikið starf ónunnið.

Ráðh. minntist á það, að það gæti verið ástæða til þess, að Ísland beitti sér fyrir því, að kvödd væri saman sérstök ráðstefna, alþjóðleg ráðstefna, til að fjalla um landhelgismálið. Ég álít, að þetta sé eitt af þeim atriðum, sem hæstv. ríkisstj. og Alþ. þurfa að hafa nánara samráð um. Það má vel vera, að það sé rétt stefna í þessum efnum, að Ísland beiti sér fyrir sérstakri ráðstefnu um landhelgismálið, áður en langt líður, en mér finnst rétt að vekja athygli á því í þessu sambandi, að þegar þessi mál bar seinast á góma á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna 1951, þegar um það var að ræða, eftir að fyrri Genfarráðstefnan um landhelgismálin hafði misheppnazt að verulegu leyti, þá komu fram tvær mismunandi skoðanir um það, hvernig halda ætti á málinu til frambúðar. Önnur var sú, að það væri nægilegt að ræða þetta mál á allsherjarþinginu sjálfu, en hin var sú, að það væri rétt að kveðja saman nýja landhelgisráðstefnu. Ísland fylgdi þá þeirri stefnu, að það væri nægilegt að ræða þetta mál á allsherjarþinginu sjálfu, en ekki þyrfti nýja ráðstefnu til að fjalla um það, sem væri ónunnið í þessum efnum. Það urðu talsverð átök um þetta á þinginu, sem lauk þannig, að samþ. var með eins atkv. mun að efna til nýrrar ráðstefnu í landhelgismálinu. Nú er það þannig, að því er mér skilst, að

það er svona visst takmark hjá forráðamönnum Sameinuðu þjóðanna að efna ekki til nema einnar alþjóðlegrar ráðstefnu á ári, og það er þegar búið að ákveða slíkar ráðstefnur a. m. k. fram til 1972, þegar haldin verður sú ráðstefna, sem Svíar beittu sér fyrir um verndun mannlegs umhverfis, og það má vel vera, að búið sé að ákveða fleiri ráðstefnur síðar meir. En það, sem veldur því, að það er frekar tregða á að halda slíkar ráðstefnur, er, að þeim fylgir mjög verulegur aukakostnaður, og Sameinuðu þjóðirnar eiga við verulega fjárþröng að búa, eins og kunnugt er. Þess vegna má vel vera, að okkur þyki ástæða til að æskja þess, að málið verði tekið upp á vettvangi allsherjarþingsins sjálfs, en ekki efnt til sérstakrar landhelgisráðstefnu. Þetta er a. m. k. atriði, sem mér finnst, að ætti að íhuga nánar, áður en endanleg ákvörðun verður um þetta tekin. Það, sem mér finnst á skorta í þessum efnum, er það, að við þurfum að kynna okkur miklu betur en hingað til hefur verið gert, hvert er viðhorf hinna ýmsu þjóða til landhelgismálsins og þó sérstaklega þess máls, sem við berum mest fyrir brjósti, en það er viðurkenning á sjálfu landgrunninu eða viðurkenning á rétti strandríkisins til fiskveiða þar. Nú hafa orðið miklar breytingar í þessum efnum, síðan landhelgisráðstefnan síðari var haldin í Genf 1960. Það hafa bætzt við fjölmargar nýjar þjóðir í samtökin, og við vitum ekki fullkomlega um það, hver þeirra afstaða kann að vera til þessa máls. En mér fyndist, að það væri eðlilegt, að af Íslands hálfu yrði unnið að því á næstu árum eða næstu misserum að kynna okkar sjónarmið til þessara mála og grennslast fyrir um það, hvert er viðhorf hinna ýmsu þjóða til þessa máls og þá ekki sízt þeirra þjóða, sem eru nýjar í samtökunum. Þetta er mikið starf, en ég hygg, að bezt verði að vinna þetta í sambandi við sendinefnd okkar í New York og þar sé ærið verk að vinna, sem öðru fremur réttlæti það, að við höfum sérstaka sendinefnd þar allt árið um kring, að við látum vinna mikið könnunarstarf í þessum efnum. En ég held, að það væri ekki hyggilegt fyrir okkur að beita okkur fyrir því, að kvödd yrði saman ný landhelgisráðstefna eða málið tekið upp sérstaklega á þingi Sameinuðu þjóðanna, fyrr en við erum búnir að fá nokkuð greinilegar upplýsingar um það, hvert er viðhorf hinna ýmsu þátttökuþjóða í þessum efnum og ekki þó sízt þeirra, sem nýjar eru.

Ég sé ekki ástæðu til að víkja að því, sem hæstv. ráðh. sagði um afstöðu okkar til Norðurlanda, vegna þess að ég hygg, að þm. hafi yfirleitt verið sammála um það án tillits til flokka. En mér finnst þó rétt að víkja nokkrum orðum að því, sem kom fram um Atlantshafsbandalagið.

Eins og hæstv. ráðh. gat um, segir svo í 19. gr. sáttmála Atlantshafsbandalagsins. – Ég er ekki alveg viss um það, hvort það er 19. gr. eða einhver önnur. Það skiptir ekki máli. En sú grein, sem fjallar um það efni, sem ég ætla að víkja að, hljóðar á þessa leið:

„Þegar 20 ár eru liðin frá gildistöku samnings þessa, getur hver aðili sagt honum upp með eins árs fyrirvara, talið frá afhendingu tilkynningar þess efnis til ríkisstj. Bandaríkjanna, en hún skýrir ríkisstj. annarra aðila frá afhendingu slíkra tilkynninga."

Eins og sést á þessu ákvæði í gr. um 20 ára fast gildistímabil samningsins, var það almenn von eða ósk á þeim tíma, þegar Atlantshafsbandalagið var stofnað, að innan 20 ára frá stofnun þess yrðu Sameinuðu þjóðirnar orðnar svo traustar eða orðið svo friðsamlegt af öðrum ástæðum á Atlantshafssvæðinu, að slíks svæðisbandalags eins og Atlantshafsbandalagsins yrði ekki þörf lengur. Það má tvímælalaust segja það um starfsemi Atlantshafsbandalagsins, að það hefur borið mikinn og góðan árangur. Evrópa hefur verið einn friðsamasti hluti heimsins undanfarin 20 ár, og tvímælalaust stendur friðurinn í dag miklu traustari fótum í Evrópu en hann gerði fyrir 20 árum. Þetta er tvímælalaust mjög að þakka því hernaðarlega jafnvægi, sem Atlantshafsbandalagið hefur skapað og þó öðru fremur þátttöku Bandaríkjanna í því, því að sú þátttaka hefur gefið bandalaginu þann styrk, sem mest hefur munað um. En þrátt fyrir þennan árangur hafa hins vegar þær vonir ekki rætzt, að á þessum 20 árum efldust Sameinuðu þjóðirnar svo mikið, að NATO yrði óþarft eða upp risi eitthvað nýtt og betra, sem gæti leyst það af hólmi, eins og t. d. sameiginlegt öryggisbandalag NATO og Varsjárríkjanna. Þess vegna eru öll þátttökuríki Atlantshafsbandalagsins sammála um það, að NATO-samstarfinu verði haldið áfram að óbreyttum ástæðum. Og ég get lýst því yfir fyrir hönd þess flokks, sem ég fylgi, að hann er því sammála, að Ísland verði áfram í Atlantshafsbandalaginu að óbreyttum aðstæðum. Atburðirnir í Tékkóslóvakíu hafa sýnt það enn gleggra en ella, að nauðsynlegt er að halda þessu samstarfi áfram, a. m. k. enn um hríð. Þótt innrás Rússa í Tékkóslóvakíu sé ekki almennt túlkuð þannig, að hún sé undirbúningur árásar á Vestur-Evrópu og það sé álitið enn eins og áður, að Rússar vilji komast hjá stórveldastyrjöld ekki síður en aðrar þjóðir, þá ber þessi atburður samt merki um ótta og taugaóstyrk á bak við hina lokuðu múra Kreml, sem hvetur vestrænar þjóðir til varúðar og samstöðu. Enginn getur sagt, hvert þessi uggur eða ótti við bæði ímyndaða og raunverulega innlenda og erlenda andstæðinga gæti leitt stjórnendur Ráðstjórnarríkjanna, ef t. d. varnarsamstarf vestrænna þjóða leystist upp og einhvers staðar þætti tækifæri til útþenslu, án þess að það leiddi til styrjaldar. Þess vegna verður NATO-samstarfið að halda áfram, meðan þetta óvissa ástand varir, en vonandi helzt það ekki lengi. Það, sem gerðist í Tékkóslóvakíu, má hins vegar ekki verða til þess, að menn gefist upp við að vinna að bættri sambúð milli austurs og vesturs í Evrópu. Það má ekki vera varanlegt ástand eða verða varanlegt ástand, þótt það sé óhjákvæmilegt um skeið, að Evrópa skiptist milli tveggja hernaðarbandalaga.

Sitthvað bendir nú til þess, að Rússar séu farnir að gera sér ljóst, að þeir hafi misreiknað sig í Tékkóslóvakíu, alveg eins og Bandaríkjamenn sjá nú orðið, að þeir hafa misreiknað sig í Víetnam. Bæði stórveldin virðast nú fúsari til samkomulags en oft áður. Margar hugmyndir eru nú uppi um leiðir til að reyna að draga úr skiptingu Evrópu og þeirri hættu, sem hlýtur að vera henni samfara. Ýmsir stjórnmálaflokkar á Norðurlöndum, eins og t. d. sósíaldemókratar í Danmörku, hafa lýst sig fylgjandi sérstakri ráðstefnu Evrópuríkja um öryggismál Evrópu. Í byrjun þessa mánaðar var birt í Bandaríkjunum álit sérstakrar nefndar, sem hafði starfað á vegum félags Sameinuðu þjóðanna þar í landi.

Formaður þessarar n. var Sörensen, sem var einkafulltrúi Kennedys forseta á sínum tíma, en meðal nefndarmanna voru m. a. Erlander, sem var fyrrv. aðalfulltrúi Bandaríkjanna hjá Atlantshafsbandalaginu, Mackay, sem var hernámsstjóri Bandaríkjanna í Vestur-Þýzkalandi og Kissinger, sem nú er aðalráðgjafi Nixons. Rétt er að geta þess, að hann fór úr n., þegar Nixon réð hann í þjónustu sína. Meðal þess, sem þessi n. leggur til, er það, að stofnuð verði einhvers konar öryggisnefnd Evrópu, sem skipuð sé fulltrúum fimm NATO-ríkja og fimm Varsjárbandalagsríkja, eða fulltrúum Bandaríkjanna, Bretlands, Frakklands, Vestur-Þýzkalands og Ítalíu og svo fulltrúum Sovétríkjanna, Póllands, Ungverjalands, Austur-Þýzkalands og Tékkóslóvakíu. Þessi öryggisnefnd ræðir m. a. um leiðir til að draga skipulega úr herstyrk beggja bandalaganna í Mið-Evrópu. Þá leggur þessi ameríska nefnd til, að þýzku ríkin sjálf, Vestur-Þýzkaland og Austur-Þýzkaland, hefji viðræður um samvinnu með sameiningu fyrir augum síðar meir. Þannig eru nú uppi margs konar till. um aðgerðir til að draga úr spennu og bæta sambúð austurs og vesturs. Þá er rétt að geta þess, að miklar vonir eru bundnar við þær viðræður, sem nú eru að hefjast milli forseta Bandaríkjanna og ríkisstjórna nokkurra Vestur-Evrópuþjóða, en í framhaldi af þeim eru væntanlegar viðræður milli Bandaríkjanna og Sovétríkjanna.

Vel má því vera, að stærri breytingar séu í vændum en margir gera sér ljóst nú, og stefni þær í rétta átt, þá ber að sjálfsögðu að taka þeim með fögnuði. En þetta hlýtur m. a. að valda því, að allar aðildarþjóðir Atlantshafsbandalagsins munu stöðugt verða að endurskoða afstöðu sína með tilliti til þeirra breytinga, sem kunna að verða í þessum efnum í náinni framtíð, þó að þær telji hins vegar nauðsynlegt að halda bandalaginu áfram að óbreyttum aðstæðum.

Mikil áherzla hefur jafnan verið lögð á það, að Atlantshafsbandalagið væri frjáls samtök; hver ein ríkisstjórn gæti gagnrýnt það, sem henni þætti miður fara. Þannig hafa líka t. d. Noregur og Danmörk gagnrýnt nýlendustefnu Portúgala og fasistabyltinguna í Grikklandi og stuðning sumra NATO-ríkja við fasistastjórnina þar. Ég efast um, að Ísland hafi staðið hér við hlið frændþjóða sinna innan Atlantshafsbandalagsins, þó að það kunni að hafa gert það á öðrum sviðum. En það er víst, að bæði nýlendustefna Portúgala og fasistabyltingin í Grikklandi hafa komið miklu óorði á Atlantshafsbandalagið í Afríku og Asíu og það engan veginn að ófyrirsynju. Forystumenn Atlantshafsbandalagsins mega ekki gleyma því, að höfuðhlutverk þess er að vernda frelsið, og þess vegna mega þeir ekki látast ekki sjá það, að fasistar og nýlendukúgarar eru innan bandalagsins. Því hefur stundum heyrzt haldið fram, að við megum ekki gagnrýna Portúgala og Grikki af viðskiptaástæðum, en hvers vegna máttum við þá gagnrýna Rússa fyrir innrásina í Tékkóslóvakíu, þar sem viðskipti okkar við þá eru miklu meiri en við Portúgala og Grikki?

Ég læt þetta nægja um Atlantshafsbandalagið, en vík að öðru máli, sem ekki skiptir síður miklu fyrir okkur, en það er afstaðan til varnarsamningsins. Eins og kom fram í ræðu hæstv. ráðh., þá er um tvö alveg aðskilin mál að ræða, þar sem annars vegar er aðild okkar að Atlantshafsbandalaginu og hins vegar aðild okkar að varnarsamningnum frá 1951. Þetta hefur verið margsinnis áréttað af hálfu forystumanna okkar, og m. a. gerði hæstv. forsrh. þetta mjög rækilega á ráðherrafundi Atlantshafsbandalagsins, sem var haldinn hér á s. l. sumri. Enda þarf ekki annað en að lesa varnarsamninginn til að sjá, að svo er, því að í honum er uppsagnarákvæði sem gerir okkur mögulegt að segja samningnum upp hvenær sem er með eins og hálfs árs fyrirvara. Við höfðum fullkominn fyrirvara um það, og hann var einnig viðurkenndur af hinum þátttökuþjóðunum, þegar við gengum í Atlantshafsbandalagið á sínum tíma, að með þeirri þátttöku tækjum við ekki á okkur skuldbindingar um að hafa hér her á friðartímum, en hins vegar gæti leitt af þátttökunni, að það kæmi fram ósk um það frá bandalaginu, að hér yrði herseta á stríðstímum, en ekkert yrði þó gert í þeim efnum, nema það sem Ísland samþykkti sjálft.

Áður en ég ræði nánar um varnarsamninginn, finnst mér rétt að lesa hér upp þá ályktun, sem flokksþing framsóknarmanna, sem haldið var 1967, þ. e. seinasta flokksþingið, sem haldið hefur verið, gerði um þetta mál og mun svo ræða um málið nánara í framhaldi af því, en þessi ályktun flokksþingsins hljóðaði á þessa leið:

„Flokksþingið vill minna á þann fyrirvara, sem gerður var af hálfu Íslendinga, er þeir gerðust aðilar að Atlantshafsbandalaginu, en meginefni hans var á þá lund, að á Íslandi yrði ekki herlið á friðartímum, að það væri algjörlega á valdi Íslendinga sjálfra, hvenær hér væri erlent herlið og Íslendingar hefðu ekki eigin her og ætluðu ekki að setja hann á fót. Samkvæmt þessum fyrirvara og í samræmi við fyrri yfirlýsingar vill Framsfl. vinna að því, að varnarliðið hverfi úr landi í áföngum. Flokksþingið telur, að stefnt verði að því, að Íslendingar sjálfir taki við gæzlu ratsjárstöðva og nauðsynlegra varnarmannvirkja, er hið bandaríska varnarlið hverfur á brott. Sú breyting verður að gerast með skipulegum hætti og stig af stigi. Telur þingið tímabært, að hafnar séu viðræður um, að gjörð sé fjögurra ára áætlun um brottflutning varnarliðsins og að þjálfaðir verði íslenzkir kunnáttumenn, sem tækju við starfrækslu ratsjárstöðvanna og gæzlu nauðsynlegra mannvirkja stig af stigi, samhliða því að bandarískum hermönnum á Íslandi yrði fækkað. Þess sé vandlega gætt að leyfa ekki þær framkvæmdir á vegum varnarliðsins, sem torveldað gætu þessar breytingar."

Sú meginstefna, sem hér kemur fram, er á þann veg, að Íslendingar eigi sjálfir að taka að sér gæzlu og varðveizlu varnarstöðvanna, meðan þeirra er talin þörf hér, án þess að þó verði settur á stofn íslenzkur her. Það má segja, að þessi stefna sé ekki ný, því að næstum því strax, eftir að varnarsamningurinn var gerður 1951, komu þær hugmyndir eða till. fram hér á Alþ., að Íslendingar tækju gæzlu slíkra stöðva að sér að meira eða minna leyti. Ég held t. d., að á þingunum 1953 og '54 hafi verið fluttar nokkrar till. um það, að Íslendingar tækju sjálfir að sér gæzlu radarstöðvanna og flutningsmenn þeirra hafa verið úr öllum flokkum, eins og Sigurður Bjarnason, Magnús Jónsson, Jón Kjartansson sýslumaður, Gísli Guðmundsson, Páll

Þorsteinsson, Hannibal Valdimarsson, Gylfi Þ. Gíslason og jafnvel fleiri. Þá flutti Alþfl., að ég held, á þingunum 1953, 1954 og 1955 þáltill. þess efnis, að þegar skyldi hafinn undirbúningur þess, að Íslendingar tækju í sínar hendur rekstur, viðhald og gæzlu þeirra mannvirkja, sem byggð hefðu verið eða óbyggð væru á grundvelli varnarsamningsins, og að Alþ. gæti ákveðið brottflutning herliðsins með þriggja mánaða fyrirvara, þegar Íslendingar væru reiðubúnir til að taka fyrrgreind störf í eigin hendur, og náist ekki samkomulag á þessum grundvelli, verði varnarsamningnum sagt upp. Það var einmitt þessi till. Alþfl., sem flutt var á þinginu 1955, sem varð til þess, að gerð var hin kunna ályktun Alþ. frá 28. marz 1956, en þá var orðið samkomulag á milli Alþfl. og Framsfl. um nýja till. í málinu, sem var þó raunar ekki annað en framhald af áðurnefndri tillögu Alþfl. Sú tillaga var samþ. af þinginu með tilstyrk þeirra manna, sem nú mynda Alþb. En í þeirri till. sagði m. a., með leyfi hæstv. forseta:

„Með hliðsjón af breyttum viðhorfum síðan varnarsamningurinn frá 1951 var gerður og með tilliti til yfirlýsingar um, að eigi skuli vera her á Íslandi á friðartímum, verði hafin endurskoðun á þeirri skipan, sem þá var tekin upp, með það fyrir augum, að Íslendingar annist sjálfir gæzlu og viðhald varnarmannvirkja, þó ekki hernaðarstörf, og að herinn hverfi úr landi. Náist ekki samkomulag um þessa breytingu, verði málinu fylgt eftir með uppsögn samkvæmt 7. gr. samningsins."

Sjálfstæðismenn studdu ekki þessa till., en tóku það þó fram, að hvað meginstefnu snerti, væru þeir henni ekki ósammála, eins og mér finnst rétt að gera grein fyrir hér á eftir. Sjálfstæðismenn lögðu til, að þessari till. yrði vísað frá með rökstuddri dagskrá, sem hófst á þessa leið, með leyfi hæstv. forseta: „Svo sem fram kemur í sjálfum varnarsamningnum, hefur það ætíð verið tilætlun Alþ. og ríkisstj., að erlent varnarlið dveldi ekki lengur hér á landi en nauðsynlegt væri vegna öryggis landsins og þar með friðsamra nágranna þess að endanlegu mati íslenzkra stjórnvalda. Alþ. áréttar þennan vilja sinn og lýsir yfir því, að það telur rétt, að hafinn sé nauðsynlegur undirbúningur þess. Áður en ákvörðun um brottflutning hersins er tekin, þarf hins vegar að athuga rækilega hvort tveggja, ástand og horfur í alþjóðamálum og hvernig fyrir skuli koma margháttuðum úrlausnarefnum, sem hér skapast af þessum sökum."

Síðan fylgir alllangur spurningalisti, sem nær bæði til þess, að það sé kannað betur, hvernig viðhorfið er í alþjóðamálum og með hvaða hætti því verði fyrir komið, ef Íslendingar tækju sjálfir að sér gæzlu varnarstöðvanna, hverjir greiddu það o. s. frv. Í þeim umræðum, sem fram fóru um till., gerði Jóhann Hafstein nánari grein fyrir þessari stefnu Sjálfstfl. og sagði m. a., með leyfi hæstv. forseta:

„Ég legg áherzlu á, að mér vitanlega er ekki nú fremur en fyrr nokkur ágreiningur um meginstefnu í þessu máli milli sjálfstæðismanna og framsóknarmanna, en við sjálfstæðismenn teljum, að með þeirri málsmeðferð, sem viðhafa á samkvæmt till. þeirra framsóknarmanna og Alþfl.-manna á þskj. 623, sé farið mjög óhyggilega að."

Jóhann segir enn fremur, að í dagskrártill. sjálfstæðismanna felist í fyrsta lagi það, að Alþ. ályktar, að erlent varnarlið dveljist ekki lengur hér á landi en nauðsynlegt er vegna öryggis landsins, og lýsir yfir því, að það telur rétt, að hafinn sé nauðsynlegur undirbúningur þess, að svo megi verða.

Eins og ég hér hef rakið, voru allir þessir 3 flokkar og raunar Alþb. líka, því að það kom með till. ekki ólíka þessari, sammála um þá meginstefnu á þinginu vorið 1956, að hafinn yrði undirbúningur að brottför hersins á þann hátt, að Íslendingar sjálfir tækju í sínar hendur gæzlu varnarstöðvanna, en hins vegar var ósamkomulag um aðferðir milli Framsfl. og Alþfl. annars vegar og Sjálfstfl. hins vegar. Það, sem mér finnst rétt að undirstrika, er einmitt þetta, að um sjálfa meginstefnuna var ekki ágreiningur, en hins vegar var ágreiningur um vinnuaðferðir.

Afdrif þessarar till., sem Alþ. samþ. í marz 1956, voru, eins og hæstv. utanrrh. minntist á, að henni var frestað og málið hefur legið að mestu leyti niðri síðan.

Nú er það rétt, eins og kom fram hjá hæstv. ráðherra, að það er ekki æskilegt, að Íslendingar þurfi að búa við hersetu til langframa og þessi mál þurfi stöðugt að vera til endurskoðunar með tilliti til þeirra breyt., sem verða kunna. Við erum búin að búa við erlenda hersetu um nær 30 ára skeið, og ef svo heldur áfram lengi enn, fer þetta að komast upp í vana, ef svo mætti segja, og þess vegna er eðlilegt, ef menn meina eitthvað með þeim yfirlýsingum, sem þeir hafa verið með í þessum efnum, að við notum fyrsta tækifæri til þess að losa okkur við hersetuna. Og þá getur verið eðlilegt, meðan varnarsamstarf helzt, að það sé gert með þeim hætti sem flokkarnir urðu sammála um 1956, að Íslendingar taki sjálfir að sér gæzlu varnarmannvirkjanna innan þess ramma þó, að ekki verði settur upp innlendur her. Við þetta bætist, að síðan 1951, er herverndarsamningurinn var gerður, hefur orðið mjög mikil breyt. á hernaðartækni og hernaðaraðstöðu í heiminum, sem að margra dómi, – þó að ekki séu allir sammála um það, – hefur þau áhrif, að hernaðarleg þýðing Íslands er ekki hin sama og áður var. Og áreiðanlega geta allir verið sammála um það, að hún er allt önnur en hún áður var, þó að menn kannske deili um það, hvort hún hefur aukizt eða minnkað.

Ég mundi hins vegar halda fram af minni leikmannsþekkingu, sem ég skal játa, að nær ekki langt, að þær varnir, sem eru hér núna, þjóni miklu síður og komi að miklu minna gagni vörnum landsins sjálfs en þær gerðu á þeim tíma, þegar varnarsamningurinn var gerður, eða fyrst eftir að varnarsamningurinn var gerður. Þá gat verið rökstudd ástæða til að ætla, að með þeim herstyrk, sem var t. d. á Keflavíkurflugvelli, væri hægt að verja hann árás flugvéla, en um aðrar árásir var þá tæpast að ræða. Nú er þetta gerbreytt, síðan flugskeyti og kjarnorkusprengjur komu til sögunnar. Nú er hægt að eyðileggja völlinn á þann hátt, að einhvers staðar sé stutt á hnapp í órafjarlægð. Ég held líka, að þar sem reikna má með því, ef til styrjaldar kemur milli Bandaríkjanna og Sovétríkjanna, – því að ekki er um styrjöld annarra aðila að ræða á þessu svæði, – að fyrst og fremst verði beitt flugskeytum og kjarnorkuvopnum og í þeim grinma leik hafi Ísland miklu minni þýðingu en það hafði t. d. í síðari heimsstyrjöldinni, þegar

hernaðartæknin var allt önnur. En þetta er að sjálfsögðu allt matsatriði, sem menn kunna að deila um, og þess vegna sleppi ég að ræða það nánar hér.

Það, sem ég vildi leggja áherzlu á í sambandi við þetta mál, er það í framhaldi af því sem utanrrh. sagði, að það sé orðið fullkomlega tímabært – og það mun verða till. framsóknarmanna, – að á vegum utanríkismálan. fari fram ítarleg athugun á öllum þáttum varnarmálanna og það verði m. a. sérstaklega athugað, með hvaða hætti verði bezt við komið þeirri tilhögun, að Ísland taki að sér gæzlu ratsjárstöðva og annarra hernaðarmannvirkja, þannig að hinn erlendi her geti horfið héðan brott í áföngum. Þegar niðurstaða er fengin um þetta, og ef samkomulag næst um þetta milli flokkanna eða þingmeirihluta, þá verði hafizt handa um að koma þessu í framkvæmd. Það, sem ég vildi svo segja í framhaldi af þessu, er það, að mér finnst ekki skipta meginmáli, hvort hinn erlendi her fer héðan einu árinu fyrr eða seinna, heldur hitt, að það séu sett viss markmið í þessum efnum, sem hægt sé að fara eftir, og við sjáum hilla undir það, að Ísland verði ekki lengur hersetið land. En að sjálfsögðu ber að taka tillit til þess í þessu sambandi, hvernig ástatt er í alþjóðamálum. En þó að mörgum hafi þótt horfa nokkuð uggvænlega um stund, treysti ég á það, að þróunin verði þó frekar hagstæð í þessum efnum en það gagnstæða, og þess vegna sé orðið meira en tímabært, að við athugum þessi mál til hlítar og gerum okkur fulla grein fyrir því, hvernig því væri bezt fyrir komið, að Íslendingar önnuðust sjálfir gæzlu radarstöðvanna og hernaðarmannvirkjanna, eins og ég hef áður lýst.

Mér finnst rétt að láta það koma fram, að í þessari afstöðu felst engin óvild til Bandaríkjanna, og ég held, að það sé réttlátur dómur í þessum efnum, að sambúð Íslendinga og hins ameríska herliðs hafi verið með þeim hætti, að ekki hafi verið hægt að vænta þess, að hún tækist öllu betur. Það fylgja því alltaf margvísleg vandamál, þegar erlendur her dvelur í einhverju landi, en ég hygg, að það hafi tekizt hér með þeim hætti, að við getum þolað samanburð við það, sem jafnbezt hefur verið í þessum efnum. Hver sem afstaða okkar til Bandaríkjanna kann annars að vera, finnst mér, að það sé eðlilegt og réttlátt, að þetta sé viðurkennt. Ég hef líka fulla trú á því að þegar að því kæmi að ræða um það við Bandaríkin, að t. d. Íslendingar tækju að sér sjálfir gæzlu ratsjárstöðvanna og hernaðarmannvirkjanna, meðan það verður talið nauðsynlegt, að þá muni þau líta á það með fullum skilningi. Það rifjast upp fyrir mér í þessu sambandi ummæli, sem fyrrv. utanrrh. Dulles lét falla 1956, þegar kunnugt var um ályktun Alþ. þá, en honum fórust orð eitthvað á þá leið, að 4–5 þús. manns á Íslandi svaraði til þess, að það væri 4–5 millj. manna erlendur her í Bandaríkjunum, og Bandaríkjamönnum mundi þykja þröngt fyrir dyrum, ef þeir þyrftu að hafa svo fjölmennan erlendan her í sínu landi. Þess vegna held ég, að þannig eigi að vera hægt að halda á þessu máli, að við ættum að geta náð góðu samkomulagi um það við Bandaríkin og það þyrfti ekki að varpa neinum skugga á sambúð þessara þjóða eða gera hana stirðari í framtíðinni.

En jafnframt og ég læt þessi orð falla um Bandaríkjamenn og viðurkenni það, sem þeir hafa gert vel við okkur, þá finnst mér rétt að láta það koma fram, að þó að svo sé, megum við ekki fylgja þeim í einu og öllu, því að þeir fremja sín mistök eins og aðrir. Það, sem ég hef alveg sérstaklega í huga í þessu sambandi, er afstaða þeirra til aðildar Kína að Sameinuðu þjóðunum. Eins og hæstv. ráðh. sagði réttilega, er það óeðlilegt, að sú ríkisstj., sem ræður yfir fjölmennustu þjóð veraldar, skuli ekki eiga aðild að Sameinuðu þjóðunum. Við vitum, að það, sem veldur þessu, er fyrst og fremst það, að Bandaríkin standa þarna á móti og halda fram rétti stjórnar, sem er löngu búin að missa öll yfirráð í Kína. Ef haldið væri á þessum málum með eðlilegum hætti, eins og hefur verið gert í sambandi við önnur ríki, þá hefði stjórnin í Peking fyrir löngu átt að vera búin að taka sæti Kína hjá Sameinuðu þjóðunum og hin stjórnin að víkja, því að tvær stjórnir geta ekki setið á þingi Sameinuðu þjóðanna eða verið í samtökum Sameinuðu þjóðanna fyrir eitt og sama ríki. Þar getur ekkert ríki haft nema eina sendinefnd og eitt atkvæði, og þess vegna er sú kenning, að það geti verið 2 sendinefndir fyrir Kína á þingi Sameinuðu þjóðanna út í hött, nema því aðeins að það sé búið að viðurkenna eitthvert nýtt sérstætt kínverskt ríki, eins og t. d. Formósu, en slíku er alls ekki til að dreifa. Ég álít þess vegna, að það sé kominn tími til þess, að Ísland breyti afstöðu í þessum efnum. Það spor var stigið á síðasta þingi, sem ég álít að hafi verið í rétta átt, að Ísland sat hjá við atkvæðagreiðslu um þá till., sem þar var flutt, um að stjórnin í Peking fengi aðild Kína að Sameinuðu þjóðunum, en næsta skrefið í framhaldi af því á að vera það, að við tökum sömu afstöðu til þessa máls og frændþjóðir okkar á Norðurlöndum, þ. e. að við greiðum atkv. með aðild Peking-Kína, að stjórnin í Peking fái umboð Kína innan Sameinuðu þjóðanna.

Ég sé svo ekki ástæðu til þess að hafa þetta lengra að sinni, en ég vil að lokum endurtaka það, að ég er hæstv. ráðh. þakklátur fyrir það brautryðjendastarf, sem hann hefur unnið með þessari skýrslugerð, og vænti þess, að á því verði áframhald á komandi tíð.

Benedikt Gröndal: Herra forseti. Ég hef mál mitt á sama hátt og tveir hv. síðustu ræðumenn með því að þakka hæstv. utanrrh. fyrir að hafa breytt meðferð utanríkismála á þann hátt sem raun ber vitni og þó alveg sérstaklega fyrir þá skýrslu, sem hann hefur flutt hér í dag. Samt sem áður leyndi það sér ekki, að hv. 6. þm. Reykv. er enn ekki alls kostar ánægður og vill fá meira en ráðh. hefur gert í þessum efnum.

Ég vil minna á, að um þá meðferð, sem utanríkismál hafa hlotið hér undanfarin 20–30 ár, ber ekki sízt að kenna ráðamönnum Sameiningarflokks alþýðu – Sósíalistaflokksins, eins og hann hét áður, og Alþýðubandalaginu síðar. Menn muna þá tíð fyrir 20 árum, þegar rætt var um inngöngu Íslands í Atlantshafsbandalagið og leiðtogi kommúnista á Íslandi stóð í þessum sal og ögraði íslenzku þjóðinni með valdi hins kommúnistíska heims, en grjótið dundi á húsinu að utan. Slíkir viðburðir eru ekki líklegir til þess að stuðla að málefnalegum umræðum um utanríkismál, enda var erfitt að koma á æskilegri meðferð mála í þá tíð. Sem betur fer hefur þróunin orðið sú nokkur undanfarin ár,

að öldurnar hefur lægt og gagnkvæm tortryggni hefur minnkað, svo að unnt hefur verið að bæta meðferð utanríkismála, gera hana málefnalegri og eðlilegri, eins og hér kemur fram. Ég vil vænta þess, að þróun utanríkismála haldi áfram á þeirri braut, en við eigum ekki eftir að lifa aftur tímabil eins og sum þau, sem eru í fersku minni.

Hv. stjórnarandstæðingar hafa báðir, sem hér hafa talað, ráðizt á afstöðu ríkisstj. í sambandi við aðild Kína að Sameinuðu þjóðunum. Ég vil láta í ljós undrun yfir því, að bæði ræðumenn Alþb. og Framsfl. skuli mæla fyrir því, að eðlilegt sé að útiloka frá þátttöku í Sameinuðu þjóðunum ríkið á Formósu, þar sem búa 12–14 millj. manna, ríki, sem hefur verið í Sameinuðu þjóðunum frá upphafi og er einn af stofnendum þeirra. Deilan um þátttöku Kína í Sameinuðu þjóðunum er eitt af stærstu átakamálum milli stórveldanna í heiminum, og eru flestir að komast á þá skoðun nú, að það sé mjög óeðlilegt, að meginlands-Kína, sem kommúnistar ráða yfir, skipi ekki sæti Kína hjá Sameinuðu þjóðunum. Hins vegar hafa ýmsar þjóðir reynt að ganga á milli öfganna í þessu máli og beita sér fyrir einhverri þeirri lausn, sem gæti orðið til þess að höggva á hnútinn og koma á samkomulagi, sem væntanlega byggðist þá á því, að bæði meginlands-Kína og Formósa gætu verið áfram í Sameinuðu þjóðunum. Mér þykir mjög eðlilegt, að Ísland skuli skipa sér í hóp þeirra ríkja, sem hafa reynt að koma á samkomulagi og eðlilegri lausn á þessu máli. Ég undrast það að vísu ekki frá Alþb. hálfu, en ég vil biðja framsóknarmenn að íhuga sína stöðu í þessu máli og sjá, hvort þeir komast ekki að þeirri niðurstöðu, að eðlilegra sé, að Íslendingar reyni heldur að fylla flokk þeirra þjóða, sem ganga á milli og reyna að finna sanngjarna lausn á svo erfiðu vandamáli.

Í sambandi við þá spurningu, hvort það geti með tímanum orðið tvö kínversk ríki í Sameinuðu þjóðunum, *finnst mér, að við ættum ekki að útiloka slíkan* möguleika. Mér finnst heldur óeðlilegt og ekki stuðla að því, að Sameinuðu þjóðirnar nái auknum árangri, að t. d. Þjóðverjar skuli ekki eiga neina fulltrúa þar. Þeir hafa þar sendinefnd, sem hefur enga opinbera stöðu, en fylgist aðeins með málum. Að sjálfsögðu er illmögulegt eða óhugsandi að annað hvort þýzka ríkið fengi sæti í Sameinuðu þjóðunum, en ekki hitt. Sama staða er í Kóreu. Þar búa tugir millj. manna, en landinu er skipt í N.- og S.-Kóreu, og þessi stóra þjóð getur ekki vegna þessa pólitíska klofnings, sem er afleiðing af stríðinu, verið með í starfi Sameinuðu þjóðanna. Enn er sömu sögu að segja í Víetnam: Ég hygg því, að við eigum ekki að taka svo einstrengingslega afstöðu, að það sé útilokað, að tvö ríki geti við slíkar aðstæður verið aðilar að Sameinuðu þjóðunum, þó að við vonum að sjálfsögðu í flestum tilfellum, að slík aðild yrði aðeins tímabundin, þangað til tækist að finna einhverja varanlegri og betri lausn á stjórnskipan þessara þjóða.

Ég vil taka undir það, sem hér hefur komið fram, að við Íslendingar verðum að líta á utanríkismálin af raunsæi. Þegar við ræðum um Atlantshafsbandalagið, koma fram tvær mismunandi skoðanir á því, hvers konar bandalag það sé. Annars vegar er lögð á það áherzla, að flestar þjóðir bandalagsins – þó ekki allar – hafi lýðræðislega stjórnskipan og vilji verja það frelsi einstaklinga og þjóða, sem við metum svo mikils. Alþb.-menn draga þetta mjög fram, þegar þeir vilja ná sér niðri á Atlantshafsbandalaginu fyrir aðild Grikklands og Portúgals. Ég vil leggja á það áherzlu, að þjóðskipulag flestra NATO-ríkjanna, og það er ríkjandi hugsun í bandalaginu, byggist á frelsi og lýðræði, sem við aðhyllumst. Þegar hv. Alþb.-menn hneykslast svo mjög á því, að það skuli vera í bandalaginu eitt ríki, þar sem herforingjaklíka hefur tekið sér einræðisvald, eins og í Grikklandi, má minna á önnur alþjóðasamtök, sem Alþb.-menn á Íslandi eru algjörlega reiðubúnir til að taka þátt í og þar sem þeir vilja gjarnan fá að sitja fundi, þar sem þó nokkuð er af ríkjum, sem hafa einvalda herforingjastjórn. Við vitum, að Alþb. fagnar því, að það skuli fá að senda fulltrúa til Sameinuðu þjóðanna, og það styður, að við séum í því bandalagi. En við hliðina á íslenzku sendinefndinni þar sitja fulltrúar Ungverja. Við vorum ekki hrifnir af stjórnarfarinu þar í landi fyrir rúmlega 10 árum, þegar byltingin var brotin á bak aftur. Rétt hjá Íslendingum sitja í sölum Sameinuðu þjóðanna fulltrúar ríkja eins og Íraks, þar sem er einhver versta herforingjaharðstjórn, sem nokkurs staðar situr í dag, og hengir menn á götum úti um þessar mundir. Rétt hjá íslenzku sendinefndinni sitja fulltrúar ríkis eins og Indónesíu. Ekki veit ég betur en þar sé og hafi verið allhörð herforingjastjórn, sem fyrir fáum árum lét sig hafa það að drepa um 300 þús. kommúnista. Ég tek þetta sem dæmi um, að í alþjóðasamtökum þýðir ekki að setja algjöran mælikvarða.

Hv. 6. þm. Reykv. réðst, eins og Alþb.-mönnum er títt, mjög á sumar Atlantshafsbandalagsþjóðirnar fyrir það, að þær væru gömul nýlenduveldi og hefðu háð grimmileg nýlendustríð. Það er meginatriði í þessu efni um þær allar, nema Portúgali, að þær er gömul nýlenduveldi, þær eru fyrrverandi nýlenduveldi, sem einmitt á undanförnum 20–25 árum hafa gefið tugum *þjóða frelsi, hundruðum millj. manna. Á sama tíma* hafa heilar þjóðir verið innlimaðar í kommúnismann þegjandi og hljóðalaust, eins og það var einu sinni orðað, en Alþb.-menn minnast sjaldan á það.

Ég vil taka fram, að bæði stuðningsmenn ríkisstj. hér á Íslandi og stuðningsmenn lýðræðisflokkanna á öðrum Norðurlöndum, raunar einnig í Bretlandi, Niðurlöndum og víðar innan Atlantshafsbandalagsins, *hafa ráðizt harkalega á stjórnarfar í Grikklandi og* haldið uppi svo sterkum andróðri gegn því, að grísku stjórninni er ekki um sel. Á sama hátt hafa þessar þjóðir haldið uppi baráttu gegn nýlendukúgun Portúgala, og ég veit ekki betur en Íslendingar hafi hvað eftir annað greitt atkv. í sölum Sameinuðu þjóðanna með till., sem miðað var gegn Portúgölum og öðrum nýlendukúgunarþjóðum í S.-Afríku.

Við getum litið á Atlantshafsbandalagið frá þeim sjónarhóli, að þjóðirnar, sem í því eru, berjist flestar fyrir ákveðnu stjórnarfari. Við getum líka verið raunsæir og játað, að í Atlantshafsbandalaginu eru 15 þjóðir, sem hafa sameiginlegra hagsmuna að gæta og hafa gert samtök til þess að vernda þessa hagsmuni. Við vitum úr mannkynssögunni, að jafnan hafa hagsmunir öllu meiri áhrif en hugsjónirnar. Það er þetta, sem fyrst og fremst hefur valdið því, að innan Atlantshafs-

bandalagsins eru bæði sannar lýðræðisþjóðir og þjóðir með annað stjórnskipulag.

Það, sem gerðist, var, að sigurvegararnir í síðasta heimsófriði gátu ekki komið sér saman um að finna friðinn, sem átti að koma á eftir ófriðnum. Þeim tókst ekki að finna þá skipan mála í Evrópu, sem tryggði þar frið og öryggi. Því kom tímabil skömmu á eftir, þegar upplausn var um alla álfuna og komið var á kommúnistísku stjórnskipulagi í mörgum löndum í skjóli Rauða hersins. Að sjálfsögðu kallaði þetta á mótaðgerðir, Marshall-aðstoð, Truman-kenningu og síðan Atlantshafsbandalagið. Við stofnun Atlantshafsbandalagsins og Varsjárbandalagsins hefur tekizt eftir upplausnina, sem fylgdi í kjölfar stríðsins, að koma á valdajafnvægi í Evrópu, og þetta valdajafnvægi er undirstaða þess, hve friðsamlegt hefur verið í álfunni undanfarin 20 ár.

Það er rétt, að framan af þessum tveimur áratugum var staða Bandaríkjamanna mjög óvenjuleg, því að þeir voru langöflugasta þjóðin, en höfðu jafnframt orðið fyrir litlu tjóni í ófriðnum, áttu borgir sínar og verksmiðjur heilar, og gátu þar af leiðandi komið Evrópu til hjálpar. Staða Bandaríkjamanna var því mun sterkari en allra hinna til samans. Síðan Evrópuþjóðirnar hafa byggt upp borgir og framleiðslu, hefur þetta breytzt; viðhorf þeirra hafa breytzt og styrkleikahlutföll á milli Evrópuþjóða og Bandaríkjanna hafa þó nokkuð jafnazt, þó að langt sé frá, að það sé hægt að kalla jafnt. Frakkar hafa gengið lengst í að ýta á eftir, að Vestur-Evrópuþjóðir taki sjálfstæðari stöðu gagnvart Bandaríkjunum en verið hefur. Þeir ganga raunar miklu lengra en það, því að stefna Frakka hefur undanfarin misseri mótazt öllu meira af hugmyndum De Gaulles um glæsileik og sjálfstæði Frakklands en að reyna að jafna metin gagnvart Bandaríkjamönnum.

Það er forvitnilegt, að ræðumaður Alþb. skuli lýsa hér nákvæmlega og af mikilli velþóknun sjónarmiðum Frakka í deilum þeirra við hin Atlantshafsbandalagsríkin, og var ekki annað á honum að heyra en hann hefði fyllstu samúð með þeim sjónarmiðum franskra stjórnarvalda, að það sé óþolandi, að eingöngu Bandaríkin og Sovétríkin hafi kjarnorkuvopn, heldur þurfi fleiri að hafa þau. Ég vona, að ég hafi misskilið hv. ræðumann, og það sé ekki skoðun hans, að ástæða sé til að dreifa kjarnorkuvopnum til fleiri þjóða en hafa þau í dag. Það getur verið erfitt fyrir smáþjóðir, og jafnvel það, sem einu sinni voru kölluð stórveldi, að una því, að tvö risaveldi á þessari litlu jarðkringlu hafi gnægð kjarnorkuvopna. Ég hygg þó, að það sé betra, að þau hafi þessi vopn aðeins tvö en að þessi sömu ógnarvopn dreifist á margar hendur. Þá fyrst verður hætta á, að eitthvað af þessum sprengjum springi og valdi tjóni, þegar ýmis minni ríki, sem minni ábyrgð bera, komast yfir sprengjurnar.

Þegar Atlantshafsbandalagið var stofnað, stóðu Íslendingar andspænis mikilli ákvörðun, um það hvort þeir ættu að ganga í bandalagið eða ekki. Við höfum enn heyrt talað um það af mikilli vanþóknun, að Ísland skuli leyfa sér að ganga í það, sem kallað er hernaðarbandalag. Að sjálfsögðu er hernaður og allt, sem honum tilheyrir, fjarlægt okkur, vegna þess að við höfum verið vopnlaus þjóð í margar aldir. En ef við viljum vera sjálfstæð þjóð, verðum við að líta á þetta af raunsæi. Við verðum að gera okkur ljóst, að svo að segja allar aðrar þjóðir eru vopnaðar. Þær hafa vopn til að geta gripið til þeirra, ef þær geta ekki leyst deilumál sín og náð tilgangi sínum í utanríkismálum á annan hátt. Við verðum að búa eins og á bæ er títt sagði Jón Sigurðsson einhvern tíma, undan því verður ekki komizt. Ég tel, að við Íslendingar verðum að horfast í augu við það, að við getum ekki hjá því komizt að ganga í ýmiss konar samtök, þar sem hernaður kemur til sögunnar, og er þar fyrst að nefna sjálfar Sameinuðu þjóðirnar, sem eru, eins og hv. utanrrh. benti á í framsögu sinni, fyrst og fremst hernaðarbandalag sigurvegaranna úr annarri heimsstyrjöldinni. Megintilgangur Sameinuðu þjóðanna er að beita vopnum gegn hverri þeirri þjóð, sem vogar sér að gera árás á aðra. Það má rekja nánar, ef mönnum sýnist svo, hvernig það hefur komið fram, að Sameinuðu þjóðirnar eru að verulegu leyti hernaðarbandalag. Hitt er svo annað mál, að þjóð eins og við Íslendingar sinnir meira öðrum þáttum í starfi þeirra, og við eigum engar óskir heitari en hernaðarhlutinn fari minnkandi, en annað samstarf vaxandi.

Eins er með öryggismálin í nágrenni við okkur. Svæðabandalög eru leyfð samkvæmt sáttmála Sameinuðu þjóðanna og hafa verið mynduð víða í heiminum. Þegar þær þjóðir, sem við búum í nágrenni við, telja sig þurfa að taka höndum saman til að tryggja öryggi sitt, þá er erfitt fyrir okkur Íslendinga að stinga höfði í sandinn.

Við höfum gert okkur vonir um það eftir 1944, þegar við endurreistum lýðveldið, og í lok ófriðarins, að Sameinuðu þjóðirnar mundu nægja til að veita okkur og öðrum þjóðum, sem við erum sambærilegir við, það öryggi, sem við óskum eftir. En reynslan sýndi, að Sameinuðu þjóðunum tókst þetta ekki og tekst það ekki enn, þó að við getum vonað, að það muni takast í framtíðinni. Í öðru lagi vissum við af reynslu, að hlutleysi mundi ekki duga okkur, heldur kalla yfir okkur þær hættur, sem við vildum allra helzt forðast. Ef við værum hlutlausir, allslausir og einir, þegar til ófriðar drægi, ef svo hörmulega kynni að fara, þá má heita öruggt, að stríðsþjóðir mundu keppast um að komast hingað, og við mættum þakka fyrir, ef þeim ekki lenti saman einmitt á þessum hólma. Í þriðja lagi sýndi síðasti ófriður, að lega Íslands er þannig, að við getum ekki látið sem við vitum ekki af nágrenni við aðrar þjóðir eða þýðingu landsins hernaðarlega og fyrir samgöngur á friðsamlegan hátt.

Til viðbótar við þetta má nefna, að það er mikil fjarstæða, að lítil þjóð eigi að forðast að ganga í alþjóðleg samtök. Þvert á móti held ég, að lítil þjóð hafi miklu meira við það að vinna að vera í alþjóðlegum samtökum en þær stærri, sérstaklega þegar um er að ræða litla þjóð, sem er fyrrverandi nýlenda, eins og við erum, og unir ekki þeirri skipan mála, sem hún hefur hlotið í arf, heldur vill breyta heiminum í kringum sig, eins og við höfum viljað gera til dæmis í landhelgismálum. Þegar við höfum mál að sækja gagnvart öðrum þjóðum, er okkur hagur að því að vera í félagsskap, því að við getum oft fundið í félaginu einhverja, sem eru sammála okkur og við getum beitt gegn þeim, sem eru á

móti okkur. Þessa höfum við nú þegar notið í mun ríkara mæli en menn gera sér almennt grein fyrir, og nægir að benda á meðferð landhelgismálanna í því sambandi. Það var því eðlilegt fyrir Íslendinga, þó að það væri mikið skref, að ganga í Atlantshafsbandalagið, þegar það var stofnað.

Við heyrðum það fullyrt hér fyrr í dag, að það hefði aldrei verið borið undir íslenzku þjóðina, hvort þetta hafi verið rétt ákvörðun hjá meiri hluta Alþ. Ég vil mótmæla þessari skoðun, vegna þess að í henni kemur fram vanmat, að ég ekki segi fyrirlitning, á því stjórnskipulagi, sem við höfum. Það vildi meira að segja svo til, að það voru alþingiskosningar haustið 1949, aðeins fáeinum mánuðum eftir að við gengum í Atlantshafsbandalagið. Það er því ómögulegt að segja, að þjóðin hafi ekki, mjög fljótlega eftir að þessi ákvörðun var tekin, fengið tækifæri til þess að kveða upp sinn dóm. Tækifærin komu hvert af öðru í kosningunum þar á eftir. Enginn getur neitað því, að Atlantshafsbandalagsmál, sérstaklega varnarliðið, skiptu verulegu máli í kosningunum 1953, og það eru, að ég hygg, einu kosningarnar, þegar þeir flokkar, sem studdu og styðja aðild Íslands að Atlantshafsbandalaginu, fóru niður fyrir 80% kjósenda. Þessi mál voru mjög til umræðu í kosningunum 1956, og síðan hafa kosningar verið hverjar á fætur öðrum. Samt sem áður hefur þjóðin ekki valið þann kost að taka fylgi sitt frá þeim flokkum, sem stóðu að ákvörðuninni um aðild Íslands að Atlantshafsbandalaginu. Það er því ekki hægt að draga aðra ályktun af stjórnmálaþróun síðustu 20 ára í þessu landi en þá, að þjóðin hafi hvað eftir annað staðfest með miklum meiri hluta, sem við allar kosningar nema einar var yfir 80%, að hún er sammála þeirri ákvörðun Alþ., að Ísland skyldi verða aðili að Atlantshafsbandalaginu.

Hv. 6. þm. Reykvíkinga varpaði fram þeirri spurningu, hvers vegna ofurkapp var lagt á, að Ísland gengi í Atlantshafsbandalagið 1949. Þegar þrír ráðherrar höfðu farið til Washington og rætt við ráðamenn þar, aðallega við Dean Acheson utanríkismálaráðherra, og Ísland tók ákvörðun eftir miklar umræður, þá kom greinilega í ljós, hvaða hernaðarlegar hugmyndir stofnendur bandalagsins höfðu í sambandi við Ísland. Það fylgdi með yfirlýsingum um þessi mál, að bandalagið gerði sér vonir um að fá, ef til nýs ófriðar drægi, svipaða aðstöðu á Íslandi og það hafði í síðasta heimsófriði. Á þeim grundvelli voru gefnar þær yfirlýsingar, sem þá voru birtar.

Hv. þm. fullyrti, að Bandaríkjamenn hafi frá upphafi ætlað sér að fá herstöðvar hér á Íslandi og framkvæmt þá áætlun á líðlega 2 árum, eftir að bandalagið var stofnað. Ég tel, að þetta sé alröng túlkun, og skal færa nokkur rök að því. Það hafa verið til í sögunni mörg varnarbandalög, og þau hafa undantekningarlaust byggzt á þeirri grundvallarreglu, að sé ráðizt á einn aðila í bandalaginu, jafngildi það árás á þá alla og komi þá hinir til hjálpar. Yfirleitt hefur verið talið, að þetta loforð um hjálp, ef á einhvern yrði ráðizt, væri nóg til að hindra hugsanlega árás. Þegar Atlantshafsbandalagið var stofnað, höfðu menn þessar sömu hugmyndir, hvernig bandalagið ætti að starfa. Þegar bandalagið varð til, var ekki sett upp allt það varnarskipulag, sem síðar hefur orðið til. Það var ekki fyrr en nokkru síðar, þegar líður á árið 1950, að upp komu hugmyndir um það í V.-Evrópu, að þessi gamla tegund af bandalagi dygði ekki lengur. Hv. 6. þm. Reykvíkinga sýndi Frökkum mikið traust í máli sínu og virtist taka mark á því, sem þeir segja. En það vill svo til, að það voru einmitt Frakkar, sem tóku forystu um það innan Atlantshafsbandalagsins 1950, að bandalagið gerði meira en að gefa þetta undirskrifaða loforð um gagnkvæma hjálp. Á fundum Atlantshafsbandalagsins í London í maí 1950, lagði Robert Schuman, sá mikilsvirti utanrrh., sem allra manna mest hefur unnið að því að sameina V.-Evrópu, fram kröfu við Bandaríkjamenn um að gera þetta bandalag að veruleika. Upp frá því hófust viðræður um það, sem í fyrstu var kallað „sameiginleg herstjórn". Allmörgum mánuðum síðar varð þessi sameiginlega herstjórn að veruleika, og þá fer fyrst að komast skriður á að mynda það skipulag sameiginlegra varna með herstjórn, sem er tilbúin á friðartímum, er einkennir Atlantshafsbandalagið. Þessi hugmynd fæddist ekki fyrr en eftir að Atlantshafsbandalagið er orðið til.

Um svipað leyti og þessi breyting varð á skipun Atlantshafsbandalagsins og Bandaríkjamenn juku mjög herstyrk sinn í V.-Evrópu fyrst og fremst samkvæmt kröfu Frakka, þá þótti líka eðlilegt að styrkja varnir Grænlands, Íslands og Azoreyja á Atlantshafi. Þessir þrír staðir fylgdust nokkurn veginn að, og finnst mér það gefa til kynna, að Bandaríkjamenn hafi ekki haft í huga, að þátttaka Íslands væri eingöngu til þess gerð, að þeir gætu komið sér hér upp hernaðarbækistöð.

Ef íhugað er, hver raunveruleg hernaðaraðstaða Íslands hefur verið og er, komast menn fljótlega að þeirri niðurstöðu, að gagnvart nágrönnum okkar á Bretlandseyjum og í N.-Ameríku er hernaðarleg aðstaða landsins fyrst og fremst neikvæð. Þeir hafa, eins og hv. 6. þm. Reykv. benti á, fjölmargar aðrar bækistöðvar við Atlantshaf, sem þeir geta notað til hvers, sem þurfa þykir. En þeir hafa áhuga á því, að hugsanlega fjandsamlegar þjóðir nái ekki aðstöðu á Íslandi. Þegar Winston Churchill kom til valda, rétt um það leyti sem brezki herinn kom hingað og rauf hlutleysi Íslands með hernámi, sagði Churchill ekki, að það væri kominn her til Íslands til að verja landið, heldur sagði eitthvað á þá leið, að nú hefði verið hindrað, að Þjóðverjar gætu tekið landið.

Það hefur verið fullyrt af að a. m. k. tveimur hv. ræðumönnum, að hernaðarleg þýðing Íslands hafi minnkað. Ísland hafi verið mikilvæg flugstöð milli Ameríku og Evrópu, en nú geti flugvélarnar flogið alla þessa leið án viðkomu. Síðan hafi komið eldflaugar og kjarnorkuvopn, sem breyti þessu öllu. Það er rétt, að hernaðarþýðing sú, sem mest var fyrr á árum, hefur minnkað. Ísland hefur ekki sömu þýðingu sem lendingarstöð flugvéla; það hefur ekki sömu þýðingu fyrir samgöngur milli N.-Ameríku og V.-Evrópu. En það hafa komið önnur atriði í staðinn, sem ég met svo, að hernaðarleg þýðing landsins sé ekki minni en hún hefur verið.

Fyrsta atriðið er, að þegar eldflaugar komu í vaxandi mæli til sögunnar, jókst þýðing radarvarna mjög verulega, og Atlantshafsríkin byggðu samfellda keðju

radarvarnastöðva yfir N.-Ameríku, Grænland, Ísland og Færeyjar til Skotlands. Þetta er nýtt atriði, sem hefur mjög mikla hernaðarlega þýðingu, og Ísland er hlekkur í þessari keðju. Mátti heyra það, t. d. á ræðu hv. 4. þm. Reykv., Þórarins Þórarinssonar, hve radarstöðvarnar eru mikill þáttur í starfi varnarliðsins.

Í öðru lagi hafa komið til skjalanna nýjar tegundir kafbáta, sem flytja kjarnorkuflugskeyti. Þessir kafbátar eru nú orðnir þýðingarmikill þáttur í árásargetu risaveldanna, bæði Sovétríkjanna og Bandaríkjanna. Getur hver maður séð með því að líta á kort, að bæði risaveldin hljóta að senda þessa kafbáta um sundin á milli Grænlands og Íslands og Íslands, Færeyja og Bretlandseyja. Þetta veitir Íslandi óhjákvæmilega aukna hernaðarlega þýðingu, og þarna er þýðing Íslands í beinu samhengi við hin ægilegu árásarvopn risaveldanna. Sem betur fer hefur engum komið til hugar að nota landið sem bækistöð, enda er þess ekki þörf. Lega þess í N.-Atlantshafi gerir óhjákvæmilegt, að landið hefur fengið nýja þýðingu í sambandi við kafbátaflotana. Eftir því sem mér skilst, munu Sovétríkin eiga um 50 slíka kafbáta og Bandaríkin líklega um 75, svo að hér er um allmikinn flota að ræða báðum megin.

Í þriðja lagi vil ég benda á hina miklu flotauppbyggingu Sovétríkjanna, sem hefur gerzt á tiltölulega fáum árum. Sovétríkin hafa komið sér upp geysiöflugum nútímaflota, sem hefur látið til sín taka á öllum heimshöfum í stórvaxandi mæli. Þegar við lítum á ástandið í heiminum, þar sem tvö risaveldi, Sovétríkin annars vegar og Bandaríkin hins vegar, standa hvort andspænis öðru og tefla hvort við annað með heimsfriðinn að veði, þá sjáum við, að eftir síðari heimsstyrjöldina voru Bandaríkin mikið flotaveldi, en Sovétríkin áttu mjög lítinn flota. Það er allra hluta eðlilegast, að Sovétríkin hlutu að reyna að jafna þessi met. Það eru þau nú að gera. Mest hefur borið á flotauppbyggingu Sovétríkjanna á Miðjarðarhafi. Þar hefur Rauði flotinn engar fastar bækistöðvar utan Svartahafs, en þar eru svokölluð hlutlaus ríki eins og Alsír og Egyptaland, sem hafa léð flotanum meiri eða minni aðstöðu í höfnum. Þessi flotauppbygging hefur haft meiri háttar áhrif á valdajafnvægi í Mið-Austurlöndum, þar sem nú er talin mest hætta á, að heimsfriðurinn kunni að rofna.

Allt bendir til þess, að nákvæmlega hið sama sé að gerast á N.-Atlantshafi og hefur þegar gerzt á Miðjarðarhafi. Sovétríkin senda herskip sín út á hafið í vaxandi mæli. Þau hafa haldið flotaæfingar á milli Íslands og Noregs. Þau hafa nú nýlega sent herskip, sem sigldi umhverfis Ísland og lögðu greinilega áherzlu á, að eftir því væri tekið. Þá hefur könnunarflug Sovétríkjanna yfir N.-Atlantshaf og nágrenni Íslands aukizt verulega.

Eins og ég sagði áðan, er þessi þróun mála eðlileg, og við henni mátti búast. Það er raunar ekki nýtt, að Sovétríkin séu mikið sjóveldi, því að alla 19. öldina voru þau 3. mesta flotaveldi á jörðinni, en þau hlutu að gera ráðstafanir gegn hinum mikla flotastyrk Bandaríkjamanna. Þessar gagnráðstafanir koma fram á því hafi, N.-Atlantshafinu, sem liggur á milli þéttbýlustu og mestu iðnaðarríkja veraldarinnar, en einmitt á þessu svæði erum við Íslendingar. Hér er í uppsiglingu einn þáttur í valdaátökum Sovétríkjanna annars vegar eða Varsjárbandalagsins og Bandaríkjanna hins vegar eða Atlantshafsbandalagsins. Þessi átök gerast í næsta nágrenni við okkur, og það er ómögulegt að halda fram, að þetta skipti Íslendinga engu máli.

Ég tel, að ég hafi sýnt fram á, að veigamikil atriði hafi komið fram á síðustu árum, sem hafa aukið aftur hernaðarlega þýðingu Íslands, jafnframt því sem hin gömlu atriði, sem giltu í síðasta heimsófriði, hafa haft minni þýðingu.

Á það er bent, að nú sé hægt að eyðileggja Keflavíkurflugvöll og önnur varnarmannvirki hér á landi með flugskeytum úr kafbátum eða annars staðar að. Ég vil minna menn á, að það er enginn staður á allri jörðinni, sem ekki er hægt að skjóta á flugskeytum í dag. Það er ekkert sérstakt við Reykjanesið, hvað þetta snertir.

Þegar rætt er um varnarmál Íslands, hættir mönnum oft til að tala um hugsanlega innrás í landið. Meðan heimsstyrjöldin var enn fersk í minnum manna, var ef til vill ekki óeðlilegt, að menn hugsuðu þannig. Þó hygg ég, að það sé rétt, sem kom fram hjá hv. 6. þm. Reykv., að slíkir viðburðir verði að teljast harla ólíklegir. Við verðum að gera ráð fyrir, að einhverjar aðvaranir mundu berast, áður en til slíkra ótíðinda drægi, og mjög þyrfti heimsástand að versna frá því, sem nú er, ef nokkrum manni ætti að detta innrás alvarlega í hug.

En hver er þá tilgangur þeirra, sem mest berjast fyrir því, að draga Ísland út úr Atlantshafsbandalaginu, og hvað ætla þeir sér? Þeir ætla sér að gera Ísland hlutlaust og algjörlega varnarlaust. Ég get ímyndað mér, að ef þeim tækist að koma Íslandi á einhvern hátt út úr Atlantshafsbandalaginu og gera það hlutlaust, mundi sú stjórn, sem stæði að slíkri breytingu í utanríkismálum, fljótlega þurfa að sýna hlutleysið í verki með því að leyfa sovézkum herskipum að koma í íslenzkar hafnir og fá hér sömu þjónustu og herskip Atlantshafsríkjanna hafa fengið undanfarin ár; geta tekið hér olíu og vistir og fengið smávægilegar viðgerðir. En það er slík aðstaða, sem Rauði flotinn er einmitt að leita eftir svo að segja um allan heim í dag. Yfirflotaforingi hans var í fyrra í heimsókn í Indlandi einmitt til þess að reyna að fá slík réttindi. Þetta væru að vísu ekki meiri réttindi en brezk og norsk og bandarísk herskip hafa hér í dag, svo að það yrði enginn vandi að telja mönnum trú um, að þetta væri aðeins jafnræði, þegar að því kæmi. En hlutlaust Ísland, þar sem slíkar heimsóknir færu að gerast tíðar, mundi þegar hafa þau áhrif á nágrannalönd okkar, að þessu yrði mætt með aukinni uppbyggingu af hálfu NATO-ríkjanna, eftir að við værum farnir úr bandalaginu. Þau mundu styrkja bækistöðvar í Grænlandi og Færeyjum og Skotlandi og jafnvel auka herskipastyrk sinn hér á hafinu. Þegar Atlantshafsbandalagið tæki að auka viðbúnað í kringum Ísland, mundi Varsjárbandalagið auðvitað svara í sömu mynt. Þannig gæti ég vel ímyndað mér, að án þess að um dramatísk stórtíðindi yrði að ræða, væri Ísland búið að kalla fram vígbúnaðarkapphlaup á hafinu í kringum okkur og hernaðarlega spennu. Ég hygg, að það sé varla hægt að hugsa sér neitt, sem við höfum minni not fyrir en slíkt ástand í kringum okkur.

Þessar vangaveltur gefa mönnum dálitla hugmynd

um það, hvers konar munur er á því fyrir þjóð eins og okkur að hafa vinsamlegt samband um öryggis- og varnarmál við þær þjóðir, sem eru okkur skyldastar og búa næst okkur, eða á hinn bóginn að brjótast út úr slíkum samtökum, taka aðra stefnu en grannar okkar, vinir og frændur fylgja og tefla það tafl, sem því mundi fylgja.

Atlantshafsbandalagið mun vafalaust halda áfram störfum. Það er þegar ljóst. Það mun halda áfram störfum vegna þess, að það hefur náð tilgangi sínum undanfarin 20 ár. Það hefur skapað jafnvægi á móti Varsjárbandalaginu í Evrópu, og þetta jafnvægi er undirstaða friðar og velmegunar, sem verið hefur í álfunni. En við skulum minnast þess, að alvarlegustu öryggisvandamálin í Evrópu, sérstaklega í Mið-Evrópu, eru enn þá óleyst. Þýzkalandsmálið hefur í marga mannsaldra verið eins konar púðurtunna. Þýzkalandi er enn skipt í tvö ríki, en Berlín er eins og við vitum, og einmitt þessa dagana eru deilur og vandamál þar ytra. En vegna þess að kjarninn í öryggismálum meginlands Evrópu, sem er Þýzkaland, skipan þess og landamæri, er óleyst mál, þá væri fásinna að leysa upp þau tvö bandalög, sem hafa skapað jafnvægi á þessu svæði, a. m. k. þangað til við höfum annað og betra öryggiskerfi til að taka við.

Viðburðirnir í Tékkóslóvakíu sýndu að vissu leyti veikleika Varsjárbandalagsins, eins og hv. 6. þm. Reykv. benti á. En þeir sýndu líka styrk þess. Þeir sýndu, hve vald Sovétríkjanna yfir þessu bandalagi er mikið. Og þeir sýndu, að ákveðinn vilji og ákveðin stefna ráða í þessu bandalagi. Þetta er styrkur. Þeir sýndu þann styrk, að Sovétríkin gátu fengið smáþjóð eins og Ungverja, þjóð eins og Pólverja með sína sögu að baki, til að ráðast inn í Tékkóslóvakíu. Þetta sýnir styrk, og má draga þá ályktun af Tékkóslóvakíu, að viðburðirnir þar séu enn ein sönnun fyrir því, hversu varhugavert væri að leysa upp það öryggisjafnvægi, sem er í Evrópu, a. m. k. þangað til annað betra sér dagsins ljós. Ég tel því eðlilegt, að Atlantshafsbandalagið starfi áfram og Íslendingar verði áfram aðilar að því.

Ég vil að lokum minna á eina staðreynd, sem ég held, að hafi ekki komið fram í kvöld eða hefur þá farið fram hjá mér. Hún er sú, að eftir að 20 ára tímabilið er liðið, sem bundið var í Atlantshafssamningnum, geta þjóðirnar á hverju ári sagt samningnum upp. Það kemur ekki annað 20 ára tímabil, heldur eru nú möguleikar til uppsagnar á hverju ári. Að sjálfsögðu verðum við að hafa vakandi auga á því, hvað þátttaka okkar þýðir. Við verðum að gæta hvers smáatriðis í sambandi við varnarliðið, og einmitt í sambandi við það tel ég, að þessi nýja uppsagnaraðstaða veiti okkur visst öryggi. Ef þróun mála hér snýst til verri vegar, eigum við þessa útleið.

Ég tel eðlilegt, að við endurskoðum þessi mál í huga okkar og rannsökum þau nálega stöðugt. Það hefur komið fram, að ríkisstj. hefur gert þetta og vill gera áfram. Ég tel rétt að íhuga vel till. framsóknarmanna um, að Íslendingar taki smám saman að sér meira og meira af störfum varnarliðsins. Þetta eru till., er Alþfl.-menn fluttu á sínum tíma, eins og hér var bent á. Hins vegar vil ég minna á, að það er alls ekki eins einfalt mál og menn e. t. v. halda að taka við störfum varnarliðsins. Ræðumaður Framsfl. benti sérstaklega á það, að við ættum sjálfir að stjórna radarstöðvunum og reka þær. Ég veit ekki, hvort hann gerir sér ljóst, að radarstöðvar eins og þær, sem hér eru, ná ekki tilgangi sínum nema til staðar séu orrustuflugvélar eða aðrar jafnhraðfleygar flugvélar til þess að fara upp í loftið og athuga, hvað það er, sem radartækin sýna, ef eitthvað óvenjulegt kemur í ljós. Ef um geysistóran flugflota væri að ræða, sem allt í einu kæmi yfir landið, væri ekki vafamál, hvað væri á ferðinni. Það, sem gerist og hefur gerzt nú undanfarin ár, er, að öðru hverju koma fram á radartækjunum ókunnar flugvélar. Hér eins og um allan heim, bæði austan og vestan járntjalds, fara eftirlitsflugvélar á loft til að athuga, hvað er á ferðinni. S. l. ár þurftu orrustuflugvélarnar á Keflavíkurflugvelli að fara að meðaltali á loft annan hvern dag til að kanna slíka hluti. Og það kom í ljós, að flug sovézkra flugvéla hafði aukizt stórkostlega yfir landinu miðað við árin á undan. Þetta hefði ekki sézt í radartækjunum einum, heldur var aðeins hægt að komast að raun um það með gæzluflugvélum. Ég hygg, að framsóknarmenn muni, eins og fleiri, hika við, að Íslendingar taki að sér þann hluta af starfinu, sem felst í því að fljúga orrustuflugvélum og athuga, hvað það er, sem kann að vera á leiðinni inn yfir landið. Með því að kanna, hvað radartækin sýndu, kom í ljós þessi aukni rússneski áhugi á Íslandi. Það er pólitísk staðreynd, sem við þurfum að vita um og er hluti af því, sem ég nefndi áður, hinni auknu starfsemi Sovétríkjanna á hafinu. Ég álít, að það væri mjög óheppilegt, ef við vissum ekki um slíka þróun, sem er að gerast rétt í kringum okkur, án þess að menn þurfi að gera of mikið úr því, eða hræðast á nokkurn hátt.

Hér komum við enn að höfuðvandamáli íslenzkra öryggismála, því, sem hefur gert þau erfið viðfangs allt síðan Íslendingum fyrst kom til hugar að gerast sjálfstæð þjóð. En það er vopnleysi okkar. Vopnleysið gerir þetta vandamál eins erfitt úrlausnar og raun ber vitni. Að vísu er rétt, að við séum raunsæir í þessu eins og öðru og gerum okkur það ljóst, að við erum ekki alveg vopnlausir, þó að við þykjumst vera það. Það eru um 400 lögreglumenn á Íslandi, en mikill hluti þeirra er þjálfaður í meðferð léttra skotvopna, og þau skotvopn eru til, þótt þau hafi sem betur fer aldrei verið notuð nema við æfingar. Og það eru rúmlega 100 manns í landhelgisgæzlu okkar, en af þeim eru allir yfirmenn á skipunum þjálfaðir í meðferð skotvopna.

Ég nefni þetta aðeins til þess að benda á, að hér er um flókið mál að ræða. Við verðum að skoða það ofan í kjölinn og megum ekki hafa neina hleypidóma, því að við verðum í framtíðinni að beita raunsæju mati á stöðu okkar í varnar- og utanríkismálum. Við verðum að taka ákvarðanir með skynsamlegum niðurstöðum af þeim staðreyndum, sem við komumst að sjálfir. Við höfum gert þetta hingað til, tekið raunhæfar, þýðingarmiklar ákvarðanir, og ég hygg, að þeim ríkisstj., sem setið hafa undanfarin 20 ár, hafi tekizt að sjá öryggi þjóðarinnar vel borgið. Ég vona, að það takist einnig í framtíðinni.

Forsrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Ég vildi einungis lýsa því, að ég var í einu og öllu samþykkur

því, sem kom fram í hinni mjög ítarlegu og greinargóðu skýrslu hæstv. utanrrh. Margt af því, sem hann sagði, var þess eðlis, að ég geri ráð fyrir því, að allir Íslendingar séu þar á einu máli. En einnig í þeim köflum ræðu sinnar, þar sem hann fór inn á deilumál, eins og varðandi varnir landsins, þátttöku okkar í Atlantshafsbandalaginu og varnarsáttmálann við Bandaríkin, þá var ég honum í einu og öllu sammála. Ég sé því ekki ástæðu til að bæta neinu við hans orð, heldur vil gera hans orð að mínum og lýsa því yfir, að Sjálfstfl. er í þessum efnum alveg sömu skoðunar og fram kom í ræðu ráðh.

Magnús Kjartansson: Herra forseti. Það er í sjálfu sér tilgangslítið að halda þessari umr. lengi áfram yfir mjög svo auðum þingsal. Við höfum í rauninni annað þarfara við tímann að gera en vera hér langt fram á nótt til að ræða mál, sem svona takmarkaður áhugi virðist vera á innan þingsalanna. Mig langar þó aðeins til að gera örfáar athugasemdir við þá ræðu, sem hv. 5. þm. Vesturl. flutti áðan. Hann kom þar mjög víða við, drap á mjög mörg vandamál, og ef gera ætti athugasemdir við það allt, þyrfti maður að taka sér langan tíma, en það ætla ég mér ekki að gera.

Hv. þm. hóf ræðu sína á því að vilja kenna ísl. sósíalistum um það, að meðferð utanríkismála á Íslandi hefur verið með hreinum endemum þangað til núna fyrir nokkrum árum, þegar hæstv. utanrrh. tók upp nýja starfshætti, eins og ég vék að í fyrri ræðu minni í dag. Hv. þm. vildi kenna um Einari Olgeirssyni, að því er mér virtist, eða Brynjólfi Bjarnasyni, að þeir hefðu annar hvor þeirra staðið í þessum ræðustól og haft í hótunum á sama tíma og grjót hafi dunið á rúðum þinghússins. Nú hef ég vissulega mikið álit á þessum ágætu þm., sem voru þá hér, en það var ekki á þeirra valdi að efna til þeirra átaka og þess hugaræsings, sem kom upp hjá þjóðinni fyrir 20 árum. Það var ekki á valdi þeirra eða nokkurra annarra einstaklinga. Þessi miklu átök voru til marks um það, að sú ákvörðun, sem tekin var fyrir 20 árum, kom ákaflega mikið við ísl. þjóðina. Það var mjög verulegur hluti þjóðarinnar, sem taldi þessa ákvörðun háskalega og ranga og taldi hana koma við það, sem viðkvæmast var í eðli Íslendinga. Þess vegna urðu þessi átök svona heit.

Á tímabilinu eftir það varð hér á Íslandi kalt stríð í viðræðum stjórnmálaflokka um utanríkismál, en það leiddi til þess, að utanríkismálin voru í rauninni afgr., án þess að Alþ. fengi að fylgjast með þeim. Ég held, að það sé mjög gott, að við erum komnir yfir þetta tímabil og að við skulum geta rætt hér í þingsölunum nokkurn veginn málefnalega um þessi viðfangsefni, eins og við höfum gert hér í dag. Utanríkismálin eru stórfelld vandamál, og við þurfum að vera menn til að hlusta hver á annan og taka tillit til þeirra röksemda, sem fram koma, að því leyti sem menn kunna að vilja á þær fallast.

Ekki fannst mér sannfærandi, það sem hv. 5. þm. Vesturl. sagði um Kína. Hv. þm. sagði, að ríkið á Formósu hefði verið í Sameinuðu þjóðunum frá upphafi vega og það væri ekki eðlilegt að víkja því úr samtökunum. Það hefur ekki verið neitt ríki á Formósu í Sameinuðu þjóðunum frá upphafi vega. Það er Kínaveldi sjálft, sem hefur verið í samtökunum, og Kínaveldi sjálft er það enn þá. Ágreiningurinn er um það, hverjir eigi að fara með atkvæði Kína, aðild Kína hjá Sameinuðu þjóðunum. Á það að vera ríkisstj. í Peking, sem fer með öll völd í meginhluta landsins, eða á það að vera þessi hópur, sem dvelst á eynni Taiwan? Það þýðir ekkert að standa hér og segja, að eðlilegt sé að tvö kínversk ríki geti fengið aðild; ég hef ekkert á móti því. En þá þarf að vera um að ræða tvö kínversk ríki, en ekki er um neitt slíkt að ræða. Chiang Kai-shek er algerlega andvígur því, að litið sé á eyjuna hans sem sérstakt ríki. Hann segist vera ráðamaður yfir Kínaríki öllu, og pólitík hans miðast við það. Bollaleggingar af þessu tagi eru algjörlega út í hött.

Hv. þm. sýndi svolitla viðkvæmni út af því, að ég gagnrýndi það, sem mér fannst vera heldur yfirborðslegt tal um frelsi og lýðræði á vegum Atlantshafsbandalagsins. Hins vegar viðurkenndi hann það sjónarmið, að það væru sameiginlegir hagsmunir, en ekki hugsjónir, sem stjórna þessu bandalagi. Þetta er hagsmunabandalag auðugra ríkja á vesturhveli jarðar, ríkja, sem áður voru mikil nýlenduveldi, og ríkja, sem nú hagnýta sér efnahagslega yfirburði til þess að sölsa til sín gróða af auðlindum, sem eru í fátækum ríkjum.

Hv. þm. komst þannig að orði, að sum þessi nýlenduveldi hefðu gefið hundruðum millj. manna frelsi. Ég held, að anzi mikið sé ofmælt að tala um gjafir; þau voru neydd til þess, og sum voru ákaflega treg. Þetta eru ekki í ríkara mæli fyrrverandi nýlenduveldi en svo, að eitt þessara ríkja, Frakkland, háði nýlendustyrjaldir í mörg ár, eftir að Atlantshafsbandalagið var stofnað, og beitti til þess herjum og vopnum, sem bandalaginu voru mörkuð. Þessa styrjöld háðu Frakkar fyrst í Víetnam og síðan í Alsír. Alsír var tiltekið í sjálfum Atlantshafsbandalagssamningnum, sem eitt af þeim svæðum, sem ætti að vernda.

Þetta eru hagsmunasamtök. Og þetta eru hagsmunasamtök, sem við Íslendingar eigum mjög lítið sameiginlegt með. Það sáum við ákaflega vel, þegar við sóttum rétt okkar 1958 og stækkuðum landhelgina. Ástæðan til þess, að landhelgin umhverfis Ísland var þröng, var sú, að voldug ríki höfðu gerzt æ nærgöngulli við okkur. Við vorum þarna að endurheimta fornan rétt, en þá gerðist það, að eitt Atlantshafsbandalagsríkið sendi herskipaflota sinn til Íslands til þess að beita valdi gegn þessum ákvörðunum okkar. Og bandalagið sjálft veitti árásarríkinu siðferðilegan stuðning og reyndi allt, sem það gat, til þess að fá okkur til að falla frá ákvörðunum okkar. Við vorum þarna í stöðu fátækrar þjóðar, þó að við værum í bandalaginu, og þess vegna urðum við fyrir þessari árás.

Hv. þm. sagði, að vopnleysið væri mesta vandamál okkar. Öll ríki væru hervædd og við yrðum að minnast þess, að það verkefni yrði að rækja, hvort sem okkur líkaði betur eða verr. Ég vil minna hv. þm. á það, að þegar Íslendingar ákváðu að stofna sjálfstætt ríki, gerðu þeir sér þær hugmyndir, að hægt væri að halda uppi sjálfstæðu ríki án þess að hafa her. Það var tilgangur Íslendinga með því að stofna sjálfstætt ríki. Með því að fela stórveldi hervarnir á Íslandi er verið að afhenda öðru ríki hluta af þeim eðlilegu yfirráðum, sem Íslendingar eiga að hafa. Við erum að skerða sjálfstæði okkar.

Við erum að skerða fullveldi okkar. Þetta er alveg augljóst mál. Og ef við viljum halda fast við þá stefnu, sem menn mörkuðu í upphafi, að Íslendingar eigi að vera frjáls þjóð, þá verðum við að hverfa frá þessari stefnu eins fljótt og við mögulega getum. Að öðrum kosti gefumst við upp á því verkefni, sem okkur var falið að leysa.

Þingmaðurinn sagði, að sagan hafi sýnt, að hlutleysi verndi þjóðir ekki. Auðvitað verndar hlutleysi ekki þjóðir. En aðild að hernaðarbandalögum verndar þjóðir ekki heldur, það sýnir sagan líka. Ef tekin væru saman dæmin um það, að smáríki í hernaðarbandalögum hafi orðið fyrir miklum árásum af þeim sökum, þá skipta þau tugum og hundruðum á umliðnum öldum. Svona almennar staðhæfingar hafa að sjálfsögðu ekkert gildi. Það er ekki hægt að afgreiða þetta vandamál með því að skírskota annars vegar til hlutleysis og hins vegar til aðildar að hernaðarbandalagi. Í hvorugu felst neitt endanlegt öryggi.

Hv. þm. vildi bera brigður á það, sem ég rakti hér í ræðu minni í dag, að hernaðargildi Íslands hefði breytzt mjög verulega á síðustu 20 árum. Og hann taldi, að einmitt þróun vígbúnaðar hefði valdið nýjum vandamálum, sem skiptu Ísland máli. Hann taldi t. d., að tilkoma eldflauga hefði stórlega aukið gildi radarstöðva. Ég held, að það sé almennt álit sérfræðinga, að hinar föstu radarstöðvar á jörðu niðri séu að missa gildi sitt og munu missa gildi sitt mjög tilfinnanlega á næstunni, vegna þess að til eru komin ný tæki, sem eru miklu skjótvirkari og miklu nákvæmari, og þar á ég við njósnatunglin, sem eru nú svífandi umhverfis hnöttinn okkar og fylgjast með öllum slíkum hreyfingum. Mér virðist sérfræðingar sammála um það, að í þá átt stefni þróunin á þessu sviði.

Hv. þm. taldi, að hernaðarþýðing Íslands væri í beinu samhengi við mikla kafbátaflota, sem séu á ferðum í hafinu. Auðvitað er það rétt, en það á ekki aðeins við um Ísland. Þessir kafbátar eru hvarvetna í heimshöfunum. Tilgangurinn með þeim er sá að vera með kjarnorkuárásarstöðvar á stöðugri hreyfingu, til þess að ekki sé hægt að eyðileggja slíkar stöðvar, áður en til árásar kemur. Þetta á ekki frekar við um Ísland en aðra staði, hvar sem er á hnettinum.

Annars er það eflaust ekki sérlega sannfærandi, þótt við hv. 5. þm. Vesturl. séum að bollaleggja um vígbúnað. Ég hefði talið, að það hefði verið ákaflega fróðlegt, ef hæstv. ríkisstj. hefði leitað til einhverra óháðra og hlutlausra sérfræðinga til þess að svara ýmsum spurningum um þessi mál. Ég tel t. d., að það hefði verið ákaflega fróðlegt, ef hæstv. ríkisstj. hefði viljað fallast á þá rannsókn, sem við fórum fram á hér í haust, við þm. Alþb., að kalla til einhverja slíka sérfræðinga. Ég hygg t. d., að það mundi vera auðvelt að fá slíka sérfræðinga til aðstoðar frá Sviþjóð. Þar gætum við fengið sérfræðileg svör við ýmsum þeim spurningum, sem við erum að bollaleggja um, vafalaust af fullmikilli vankunnáttu stundum.

Hv. 5. þm. Vesturl. er ekki aðeins mikill áhangandi Atlantshafsbandalagsins, hann er einnig stuðningsmaður Varsjárbandalagsins. Hann lýsti því yfir, að undirstaða friðar í Evrópu væri jafnvægi þessara tveggja bandalaga. Hann hefur lýst þessu áður í blaði sínu, og hann sagði hér áðan, að það væri fásinna að leysa upp þessi tvö hernaðarbandalög. Þetta virðist vera hugmynd hv. þm. um framtíðina, að tvö slík hernaðarbandalög, þar sem stórveldin ráða öllu, sem þau vilja, drottni yfir æ stærri hlutum heimsbyggðarinnar. Ég held, að þetta sé ákaflega óæskileg þróun, sérstaklega fyrir hin smæstu ríki. Og ef við getum stuðlað að því að leysa upp þetta valdakerfi stórveldanna, þá ættum við að beita okkar litlu áhrifum í þá átt.

Ég benti á það í ræðu minni í dag, að það væri algjörlega heimildarlaust að lýsa yfir því, að 80% þjóðarinnar hefðu tekið afstöðu með aðild okkar að Atlantshafsbandalaginu. Það er algjörlega rangt að benda á almennar kosningar í því sambandi, því að það er staðreynd, hvort sem okkur líkar hún betur eða verr, að utanríkismál hafa tiltölulega mjög lítil áhrif á kosningaúrslit á Íslandi. Um þetta eru fjölmörg dæmi. Eina skiptið, sem slík mál hafa raunverulega verið í brennidepli, var í kosningunum 1956. Þá stóðu þrír flokkar að till. um uppsögn herverndarsamningsins, en einn flokkur, Sjálfstfl., var á móti. Það var tekizt á um þetta sjónarmið í kosningunum, þetta var eitt aðalmál þeirra. Og úrslitin urðu þau, að meiri hluti þjóðarinnar greiddi atkvæði með því, að herinn færi.

Það hafa oft verið bornar hér fram kröfur um þjóðaratkvæði um þetta mál. Þær voru sérstaklega bornar fram fyrir 20 árum af miklum þunga, og undir þá kröfu skrifuðu margir af kunnustu menntamönnum þjóðarinnar. En á hana var ekki fallizt. Og hæstv. utanrrh. og aðrir forystumenn vita fullvel, að eins og ástatt var þá, eru allar líkur á því, að verulegur meiri hluti þjóðarinnar hafi verið andvígur herverndarsamningnum.

Hv. þm. Þórarinn Þórarinsson vék mjög ítarlega að atburðunum 1956 í ræðu sinni. E. t. v. er ástæða til að minna á það, að ákvörðun Alþ. um brottför hersins 1956 hafði ákaflega gagnleg áhrif. Að vísu heyktust tveir af stuðningsflokkum vinstri stjórnarinnar á þeirri ákvörðun um haustið, en hún hafði samt mjög víðtæk áhrif á aðgerðir Bandaríkjanna. Á árunum á undan höfðu Bandaríkin undirbúið stórfelldar nýjar herstöðvar hér. Framkvæmdar höfðu verið miklar mælingar fyrir nýjum flugvelli á Suðurlandi, og snemma árs 1956 var gerður formlegur samningur milli Bandaríkjanna og Íslendinga, um að Bandaríkin kæmu upp herskipahöfn í Njarðvíkum. Um það var undirritaður formlegur samningur. Þegar Alþ. tók ákvörðun sína um brottför hersins, virtist Bandaríkjunum aðstaðan á Íslandi tæp stjórnmálalega séð. Og þá var tekin sú ákvörðun að flytja nýjar stöðvar héðan til Grænlands. Hinar miklu stöðvar á Grænlandi voru settar upp, vegna þess að Bandaríkin töldu ekki óhætt að hafa þessar stöðvar á Íslandi. Stöðvarnar, þar sem kjarnorkusprengjurnar féllu á Grænlandi, hefðu getað verið á Íslandi, ef ekki hefði verið tekin þessi afstaða 1956.

Við skulum alltaf minnast þess, að þótt við séum lítill aðili og Bandaríkin ákaflega stór aðili, þá getum við samt haft áhrif á þróun þessara mála. Og það er skylda allra íslenzkra forystumanna, hvaða skoðanir sem þeir kunna að hafa á heimsmálum, að takmarka eins og þeir mögulega geta alla íhlutun erlendra aðila á Íslandi,

jafnvel þó að um sé að ræða aðila, sem þeir hafa fyllstu samúð með. Það er skylda þeirra að tryggja, að Íslendingar sjálfir hafi sem óskoraðastan yfirráðarétt yfir landi sínu. Og ég tel, eins og ég rakti í dag, að nú blasi við nýir möguleikar á þessu sviði, vegna þess að herstöðvarnar hér hafa um langt skeið verið að verða gagnminni og gagnminni fyrir stórveldið. Það er okkur í hag, að þessar stöðvar séu sem veikastar, vegna þess að þá auðveldar það okkur að losna við þær. Séu þær mjög öflugar, mun okkur aldrei takast það.

Þessa vil ég vænta, að menn minnist, einnig þeir forystumenn, sem trúaðastir eru á málstað Bandaríkjanna og Atlantshafsbandalagsins.

Utanrrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Ég tel mér skylt að byrja þessi fáu orð mín á því að þakka þeim, sem hér hafa talað, fyrir vinsamlegar undirtektir við skýrslu mína.

Það hefur þó komið fram hér, að a. m. k. einn hv. þm. taldi, að það væri betra að hafa á þessari skýrslu annað form, þannig, að mér skildist, að leggja hana fram prentaða eða vélritaða og ekki hafa umr. nema sem nokkurs konar útdrátt úr þessari skýrslu. Ég get vel fallizt á, að þetta megi ræða og eigi að ræða, því að ég sagði það í upphafi ræðu minnar í dag, að mér væri nokkur vandi á höndum samanborið við aðrar þjóðir, þar sem þessar skýrslur væru í hefðbundnu formi og menn væru nokkurn veginn bundnir af því frá ári til árs, hvaða form á þeim væri haft. Ég hef kynnt mér nokkrar af þessum skýrslum, sem fluttar hafa verið hjá nágrannaþjóðum okkar á Norðurlöndum, a. m. k. þeim þremur, sem næstar okkur eru, og þar er þetta sitt á hvað. Ég hef séð í þingtíðindum þeirra þjóða, að utanrrh. hafa flutt meginmál sinnar skýrslu alveg í þingsölunum og ekki dregið þar neitt undan og ekki heldur látið sér nægja að flytja útdrátt úr þessum skýrslum, sem yrðu þá fluttar í ræðuformi, en sjálf skýrslan yrði prentuð og aðeins til athugunar. Ég tel þetta vera til athugunar, og þó að ég hafi haft þennan hátt á nú, þá er ég alls ekkert á móti því að breyta því í þetta form, ef það þætti betra að gefa skýrsluna skriflega og hafa umr. þá þeim mun styttri. Það kemur til athugunar síðar.

Um sjálf efnisatriði skýrslu minnar hefur ekki verið mikið rætt í sjálfu sér. Af þeim málum, sem afgreidd hafa verið hjá Sameinuðu þjóðunum, og um afstöðu okkar til þeirra, hefur einungis verið minnzt á eitt, og það er um afstöðu okkar til aðildar Kína að Sameinuðu þjóðunum. Við höfum þar í flestum tilfellum setið hjá við atkvgr., og í einstaka tilfelli hefur verið greitt atkv. á móti því. En hvers vegna höfum við haft þennan hátt á? Við höfum gert það vegna þess, að í flestum tilfellum hefur till., sem borin hefur verið fram hjá Sameinuðu þjóðunum, verið á þá lund, að um leið hefur verið gert ráð fyrir því að útiloka Formósu frá þátttöku. Nú kann það að vera, að formlega séð sé stjórnskipulag þeirra þar, sem þó telja um 14 millj. manna, ekki eins og hjá okkur tíðkast, þannig að fræðilega séð megi skoða Kína sem eitt ríki, bæði Formósustjórnina og Peking-Kína. En ég vil þó benda á, að þeir menn, sem nú fara með völd á Formósu eða Taiwan, voru einn aðilinn af fimm, sem beittu sér á sínum tíma fyrir stofnun Sameinuðu þjóðanna. Og þó að atvikin hafi nú hagað því svo síðan, að þeir hafi verið hraktir úr sínu heimalandi og séu nú í nokkurs konar útlegð á Taiwan, þá finnst mér það allharðleikið að láta þá fara úr samtökum Sameinuðu þjóðanna án þess að hafa gert nokkurn skapaðan hlut fyrir sér. Við höfum þess vegna fylgt þeirri stefnu á þingum Sameinuðu þjóðanna, að við höfum viljað, að það yrði reynd einhvers konar málamiðlun, málamiðlun, sem gerði báðum aðilum mögulegt að vera aðilar, og Formósa yrði áfram meðlimur, en Peking--Kína yrði tekið í samtökin. Ítalía hefur beitt sér fyrir lausn af þessu tagi, og við höfum verið stuðningsmenn þeirrar till. og meira að segja flm. í einu tilfelli.

Annars hafa umr. hér snúizt fyrst og fremst og ég vil segja nærri eingöngu um Norður-Atlantshafsbandalagið og varnarliðið hér, og hafa komið fram þessi gamalkunnu sjónarmið, að við ættum að segja okkur úr NATO og segja upp varnarsamningnum. Varnarsamningurinn væri raunar lítils eða einskis virði, radarstöðvarnar hér væru gagnslausar, það væru komin ný njósnatungl, sagði hv. 6. þm. Reykv., og þessi tunglför væru komin algjörlega í staðinn fyrir radarinn, og mér skildist næstum því, að það væri hægt að skjóta úr þessum tunglhnöttum líka.

En radarstöðvarnar og orrustuflugvélarnar, sem eru í sambandi við þær, eru einn effektívasti eða raunverulegasti hluti af okkar vörnum í landinu að mínu viti. En það var eftirtakanlegt, að það var nokkur skoðanamunur hjá hv. 6. þm. Reykv., Magnúsi Kjartanssyni, og hv. 4. þm. Reykv., Þórarni Þórarinssyni, því að hann vildi segja, að NATO og varnarbandalagið og varnarliðið hér væru tveir ólíkir hlutir og ættu að ræðast sitt í hvoru lagi. Ég hef líka verið þeirrar skoðunar, en hv. 6. þm. Reykv. vildi gera þetta að einu máli. Varnarliðið hér væri afleiðing af NATO-bandalaginu, og manni skildist, að svo mundi verða um alla framtíð.

Hv. 4. þm. Reykv., Þórarinn Þórarinsson, vildi, að hafinn væri nú þegar undirbúningur að uppsögn á varnarliðssamningnum og við létum okkur í framtíðinni duga það að vera aðilar að Atlantshafsbandalaginu. Ég held, að sú skoðun sé mjög hæpin, að við eigum á einhverju ákveðnu augnabliki að segja, að við þurfum ekki lengur á varnarliðinu að halda, vegna þess að það eru aðstæðurnar í heiminum, umhverfið í heiminum, það er ástandið hingað og þangað, sem sker úr um það, hvort við eigum að hafa þetta varnarlið eða ekki. Við skulum segja t. d., að við ættum að segja upp varnarliðinu og senda það heim í dag. En hvernig er ástandið í heiminum í kringum okkur? Hvernig er ástandið í Austurlöndum nær? Það er eins og púðurtunna, sem getur sprungið á hvaða augnabliki sem vera vill. Og það er ekki nóg með það, að þessi púðurtunna springi á þann hátt, að Ísraelsmenn og Arabar fari saman í átök. Hitt er miklu hættulegra, að það virðist svo sem að baki þessara aðila beggja séu stórveldin tvö, Bandaríkin og Rússland. Hvað yrði úr því, ef þau kæmu til liðs við þessa aðila í Ísrael og Arabalöndunum? Hvað yrði þá, ef þessi stórveldi stilltu sér á bak við þessa styrjaldaraðila þar? Það gæti orðið úr því það heimsbál, sem við vissum ekki, hvar endaði. Og væri þá gott, að við værum búnir að senda okkar varnarlið í burtu? Ég held ekki.

Árið 1956 var það, ja við skulum segja sameiginlegt álit meiri hluta þings, að við gætum eins og málum væri þá komið sagt upp samningnum frá 1951, og það var ákveðið að gera það. En þegar kom til stykkisins, var hætt við það og dregið í land, vegna þess að það var talið, að það væri ekki rétt að gera það á þeirri stundu. Og var ástandið í heiminum þá, að ég ætla, ekki nándar nærri eins ótryggt og það er í dag.

Hv. 6. þm. Reykv. vildi telja það heimildarlaust að telja, að 80% af þjóðinni stæðu á bak við Atlantshafsbandalagið. Nú hefur þetta ekki verið orðað þannig, a. m. k. ekki af mér, heldur hefur það verið orðað þannig, að 80% stæðu á bak við þá flokka, sem hafa staðið að Atlantshafssamningnum. Og það er náttúrlega svolítil tilfærsla á sannleikanum að segja, að það séu 80% með samningnum eða að það séu 80% með þeim flokkum, sem að bandalaginu standa.

Hv. þm. sagði, að 1956 hefði verið búið að gera samning um byggingu herskipahafnar í Njarðvík. Það hefði verið hætt við að gera hana, vegna þess að talað var um að segja upp Atlantshafssamningnum. Þetta er ekki nákvæmlega með staðreyndir farið. Það var aldrei talað um það að byggja herskipahöfn í Njarðvík. Það var talað um að byggja þar höfn, sem væri til afnota fyrir fiskimenn staðarins. Það var talað um það að byggja höfn svipaða því, sem nú hefur verið byggð af okkur sjálfum þarna. Þessa höfn hefðum við losnað við að byggja, ef við hefðum fengið samninginn um þetta við Bandaríkjamennina. Um herskipahöfn var ekki að ræða. Ég hafði þá teikningar af höfninni, því að ég gegndi þá störfum vitamálastjóra og fylgdist nákvæmlega með þeim samningum, sem um þetta voru gerðir. Og það var ekkert, ekkert sem minnti á það, að þarna ætti að vera herskipahöfn, heldur einungis var með þeim samningum, sem þá var talað um, verið að mæta óskum íbúanna í Keflavík og Njarðvíkum.

Hv. þm. sagði, að gildi stöðva hér væri minna en áður. *Þetta hefur nú verið rætt, svo að ég skal ekkert* fara út í það frekar. En ég held, að gildi stöðvanna hér sé fullt eins mikið nú og jafnvel meira en verið hefur oft áður. Hann taldi, að það hlyti að vera okkur keppikefli að standa utan við hernaðarsamtökin. En hvers virði er frelsi og sjálfstæði lands, sem ekki hefur neitt afl á bak við sig til að verja sjálfstæðið og hlutleysið? Það hefur sýnt sig í fjöldamörgum löndum, smáum og stórum, að þetta er lítils virði, nema því aðeins að það sé eitthvert vald, eitthvert afl á bak við, sem getur tryggt sjálfstæðið og frelsið. Náttúrlega var okkur sá vandi á höndum, þegar við lýstum yfir okkar sjálfstæði, að við gætum tryggt það með einhverjum hætti. Hvernig hafa Svíþjóð og Sviss tryggt sitt sjálfstæði? Þau hafa tryggt það með herafla. Þó að þjóðir hafi haft herafla, ef hann hefur ekki verið nægur, eins og t. d. Danmörk, Noregur, Holland, Belgía o. fl. lönd, hafa þau ekki getað varið sitt hlutleysi og sitt frelsi, þegar til átaka hefur komið, af því, að þeir hafa ekki haft nægan herafla á bak við sig.

Ég held þess vegna, að það sé rétt afstaða hjá ríkisstj., og ég hef fylgt henni mjög eindregið, að við eigum að vera aðilar að Atlantshafsbandalaginu, því að það sé eina ráðið til þess að tryggja okkar sjálfstæði og frelsi. Við getum nú með árs fyrirvara sagt okkur úr því, ef okkur þykir henta, og við getum líka með árs fyrirvara eða hálfs annars árs fyrirvara losað okkur við varnarliðið hér á landi, ef okkur þykir það henta, og það er okkur í sjálfsvald sett í báðum tilfellunum, hvort við gerum það eða ekki. Og það er ekkert í þessum málum, sem hefur verið þröngvað upp á okkur. Það er algjörlega háð okkar mati og okkar ákvörðunum sjálfra, hvað gert verður.

Hv. 4. þm. Reykv. lýsti yfir fyrir hönd Framsfl., að þeir væru fylgjandi þátttöku í NATO, og það var nú vitað raunar, að svo var. En mér þykir vænt um það, að það skuli þá liggja fyrir, að það skuli vera þrír stærstu eða tveir stærstu flokkarnir og einn í viðbót, sem standa vörð um bandalagið, hvað sem svo verður um varnarliðið sjálft, sem hér er. Ég hef ekki trú á því, að þegar það mál er skoðað ofan í kjölinn, þá þyki rétt, að við segjum þeim samningi upp heldur.

Og þetta, sem sagt, hefur eiginlega verið eina málið í þessum umr., sem rætt hefur verið. Það er ekkert óeðlilegt, það hefur verið gert áður, og ég tel, að það sé gott, að við ræðum það. Ef það kemur eitthvað nýtt, þá er að hlusta á það og taka því og draga af því lærdóma. En því miður hefur í þessum málum af hendi stjórnarandstöðunnar ekki komið fram mikið nýtt.

Jónas Árnason: Herra forseti. Ég vil, vegna þess að ég hef venjulega tekið þátt í umr. um utanríkismál hér á hinu háa Alþ. aðeins leyfa mér að segja þetta, áður en þessari umr. lýkur:

Ég hafði hugsað mér að halda hér ræðu, alllanga ræðu í kvöld, en ég hef verið að bíða eftir því, að fjölgaði í þingsalnum – árangurslaust. Hér hafa í kvöld, – ég vildi gjarnan taka það fram, til þess að það komist í þingskjöl, þingtíðindi – hér hafa í kvöld, meðan til umr. hafa verið örlagaríkustu mál Íslendinga og alls mannkynsins, verið staddir á þingfundi þetta 9–11 þm. Og ég verð að segja okkur Alþb.-mönnum til hróss, að þriðjungur þessara þm. er okkar lið. Það væri betur, *að hlutfallið væri oftar þannig*, t. d. við þýðingarmestu atkvæðagreiðslur. Ég hef, eins og ég sagði, hætt við að flytja þá ræðu, sem ég hafði hugsað mér að flytja hér í kvöld, það verður tækifæri til þess síðar. En ég má til með að taka það fram, svo að það komist líka í þingskjöl og þingtíðindi, að hér hefur verið allmargt manna á áheyrendapöllum, og má mikið vera, ef einhverjir þeirra eiga ekki meira erindi hingað niður á stólana en þeir, sem hafa hér atkvæðisrétt og málfrelsi.

IV. Framkvæmd vegáætlunar 1968.

Á 33. fundi í Sþ., 26. febr., var tekin á dagskrá:
Skýrsla samgmrh. um framkvæmd vegáætlunar 1968 (A. 232).

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Skýrslu um framkvæmd í vegamálum var útbýtt hér í hv. Alþingi rétt fyrir jólin, fyrir þinghléið í vetur, en ekki

hefur gefizt tækifæri til að ræða þetta, eftir að þingið kom saman fyrr en nú. Segja má, að það komi ekki að sök, því að hér er aðeins um að ræða mál, sem búið er að framkvæma, og aðeins um það að ræða, hvernig það hefur verið gert og hvernig þetta liggur fyrir. En vegáætlun fyrir árin 1969–1972 mun bráðlega verða lögð fram, og þá gefst aftur tækifæri til þess að ræða um vegamálin.

Það hefur vitanlega verið unnið á s. l. ári, *eftir því* sem fé var til í vegáætlun, og það tókst að halda vegáætlunina að mestu eða öllu leyti, eins og fram kemur í þeirri skýrslu, sem útbýtt hefur verið. En segja má um vegáætlunina 1967, eins og hv. þm. vita, að þegar skýrsla um framkvæmd hennar var lögð fram og rædd, lágu ekki fyrir lokareikningsskil um þá framkvæmd. En samkv. endanlegum reikningsskilum urðu heildarútgjöld vegasjóðs á árinu 393.8 millj. kr., en tekjur 370.6 millj. kr. Það var því halli á vegáætlun á árinu, 23.2 millj. kr. Af þessum halla eru 21 millj. kr. á vegaviðhaldi, en 2.2 millj. kr. á brúargerðum, og voru orsakir þessa raktar ítarlega í grg. með frv. að breytingu á vegalögum, sem lögfest var á Alþingi 10. apríl s. l.

Þá eru lög um breytingu á vegalögum. Það eru lög nr. 7 1968. En með þeirri breytingu eru tekjustofnar vegasjóðs hækkaðir verulega og áætlað, að ráðstöfunartekjur sjóðsins væru á árinu 1968 109 millj. kr. hærri en var í gömlu vegáætluninni. Samkv. vegáætlun 1968 voru ráðstöfunartekjur vegasjóðs á árinu áætlaðar þannig að frádregnum endurgreiðslum:

Tekjur af benzíni samkv. vegáætlun brúttó 273.8 millj., endurgreiðslur 21.2 millj., nettótekjur 252.6 millj. Tekjur af hækkun benzíngjalds samkv. l. nr. 7 1968 36 millj., tekjur vegna lækkunar á endurgreiðslum 7 millj., samtals 43 millj. Tekjur af þungaskatti samkv. vegáætlun 75.5 millj., endurgreiðslur 0.8 millj., sama sem 74.7 millj. Tekjur af hækkun þungaskatts samkv. l. nr. 7 1968 40 millj., samtals 114.7 millj. Tekjur af gúmgjaldi samkv. vegáætlun 14.7 millj., tekjur af hækkun á gúmgjaldi samkv. l. frá 1968 26 millj., sama sem 40.7 millj. Þá eru tekjurnar alls 451 millj. kr. Í bráðabirgðaákvæðum l. nr. 7 1968 var ákveðið, að tekjum vegasjóðs samkv. þessum lögum skyldi á árinu 1968 varið eins og hér segir:

Í greiðslu kostnaðar við undirbúning hraðbrautaframkvæmda til ársloka 1968 21 millj. Til greiðslu kostnaðar umfram vegáætlun 1967: a) halli á vegaviðhaldi vegna náttúruhamfara 21 millj. b) halli á brúargerðum 2 millj., samtals 23 millj. Til aukningar ráðstöfunarfjár 1968 á eftirtöldum liðum vegáætlunar: Viðhald þjóðvega 17.3 millj., til brúargerða 10 millj., til endurbóta á hættulegum stöðum 4 millj., samtals 31.3 millj. Til kaupstaða og kauptúna svo og rannsókna og tilrauna við vega- og gatnagerð 9.4 millj. Til nýrra vega: Strákavegur 16.8 millj., Ólafsfjarðarvegur 1 millj., Suðurfjarðavegur 6.5 millj., sama sem 24.3 millj. Þetta gerir 109 millj. kr. Samkv. lið 4 skyldu 9.4 millj. kr. af tekjuaukningu fara til kaupstaða og kauptúna og tilrauna við vegagerð í samræmi við 32. og 36. gr. l. nr. 71 1963 og 1. gr. l. nr. 7 1968, en ákveðið var að nota heimildarákvæðið í niðurlagi síðastnefndu greinarinnar. Þessi upphæð reyndist 0.9 millj. of lág, og var því raunverulega ráðstafað 109.9 millj. með bráðabirgðaákvæðunum.

Við gengisbreytinguna í nóvember 1967 og nýja kjarasamninga í marz á s. l. ári urðu nokkrar hækkanir á kostnaði við framkvæmdir, eins og fram kemur samkv. vísitölu. Hækkun við vegaviðhald var 16.5%, vegagerð 16.7% og við brúargerðir 16.4%. Við ráðstöfun á tekjuaukningu vegasjóðs samkv. l. frá 1968 var tekið tillit til þessara verðhækkana varðandi brúargerð og vegaviðhald að mestu, en ekki varðandi fjárveitingar til einstakra vega, sem voru flestar óbreyttar, frá því að vegáætlun var samin 1965.

Þá kemur fram, að vegna veðurfars og náttúruhamfara varð að eyða miklu fjármagni eða 24 millj. kr., eins og rétt er að víkja nánar að. Það urðu stórskemmdir á vegum og brúm á Suður- og Vesturlandi og einnig um miðbik Norðurlands í feiknalegum vatnavöxtum í lok febrúar og byrjun marz. Tókst þó víðast að koma umferð *í eðlilegt horf í marz, en fullnaðarviðgerð* á vegum og brúm var ekki lokið fyrr en á miðju sumri. Tjón af þessum flóðum nam röskum 7.5 millj. kr. Vorið var mjög kalt, og urðu vegaskemmdir af völdum holklaka og aurbleytu því með mesta móti í ýmsum landshlutum. Um miðjan nóvember urðu einhverjir stórfelldustu vatnavextir, sem um getur á Austurlandi á svæðinu frá Lónsheiði að Hellisheiði. Orsök þessara vatnavaxta var mikil, samfelld úrkoma í marga daga samfara óvenjulegu hlýviðri. Var mikill snjór kominn á Austurlandi, þegar þetta gerðist, og jók það vatnaganginn að miklum mun. Bráðabirgðaviðgerðum var lokið fljótt, og nam það tjón mörgum millj. kr., en heildartölu hef ég ekki enn þá fengið um það, en mun gera grein fyrir því, þegar vegáætlunin verður lögð fram.

Það hefur komið fram með umferðartalningu, að umferð hefur farið nokkuð vaxandi á Suðurlandi, en minnkar sums staðar annars staðar. En þungir vörubílar, sem hefur farið fjölgandi að undanförnu, fara vitanlega stöðugt verr með vegina.

Í sambandi við umferðarbreytinguna í hægri umferð 26. maí voru á s. l. ári flutt nær 3000 umferðarmerki af vinstri yfir á hægri vegarbrún á öllum þjóðvegum að undanskildum fjölförnustu vegunum út frá Reykjavík, en þar voru þessi merki flutt skömmu fyrir H-dag, og höfðu þá verið flutt alls 3142 umferðarmerki. Önnur atriði, sem komu til kasta Vegagerðar ríkisins í sambandi við umferðarbreytinguna voru þessi:

Gerðar voru sérstakar biðreinar á tveimur stöðum við Hafnarfjarðarveg. Einnig var breikkuð syðri akbrautin á Vesturlandsvegi í Ártúnsbrekku. Byggt var nýtt gjaldskýli við Reykjanesbraut hjá Straumi milli akreina, og er umferðargjald nú innheimt af bifreiðum í norðurleið, en var innheimt við suðurleið áður. Var þetta gert til þess að komast hjá aukakostnaði við breikkun nyrðri akreinar. Á sjálfan H-dag voru flutt um 150 akreinamerki á blindhæðum. Síðan voru 52 stór leiðamerki og 7 vegvísar fluttir af vinstri yfir á hægri vegarbrún. Þá sá Vegagerð ríkisins um uppsetningu á 1155 H-merkjum víðs vegar um land fyrir framkvæmdanefnd H-umferðar.

Kostnaður við framangreindar framkvæmdir vegna umferðarbreytingarinnar á árunum 1967 og 1968 nam

alls samkv. samningum 3 millj. kr. að undanskildum kostnaði við uppsetningu H-merkja. Hefur sá kostnaður verið endurgreiddur Vegagerð ríkisins. Eins og hv. alþm. vita, er mikið eftir að gera í sambandi við vegmerkingar, lagfæringar á blindhæðum og beygjum, en segja má, að það hafi með þessu, sem gert var í sambandi við breytinguna, mikið verið lagfært, frá því sem áður var. En það ber vitanlega að stefna að því, að á allar blindhæðir verði sett merki og helzt, að vegurinn verði klofinn til þess að forðast slysahættuna.

Það þykir rétt að vekja athygli á innheimtu tekna og greiðsluyfirliti. Við endurskoðun á vegáætlun fyrir árin 1967 og 1968 var áætlað, að benzínsala á yfirstandandi tekjuári vegasjóðs, nóvember-október, yrði 74.6 millj. lítra, en endurgreiðslur voru þá áætlaðar 21.2 millj. kr. Á s. l. tekjuári reyndist benzínsalan 72.8 millj. ltr., en endurgreiðslur 17.3 millj. kr. Urðu því nettótekjur af benzíngjaldi það ár 250.1 millj. kr. Á tímabilinu nóv. 1967 til septemberloka 1968 hefur benzínsalan reynzt 0.7% minni en á sama tímabili í fyrra, og er því áætlað nú, að benzínsala í ár verði alls 72.2 millj. ltr. eða 0.8% minni en á s. l. ári. Hins vegar hafa endurgreiðslur lækkað niður í tæpar 10 millj. kr., sbr. breytingu á reglugerð þar að lútandi. Af þeim sökum er áætlað, að tekjur af benzíngjaldi verði 2.2 millj. hærri en áætlað var. Þetta mun ekki hafa orðið nákvæmlega þessi upphæð, en niðurstöðutölur hef ég ekki fengið enn í hendur frá vegamálastjóra og mun gera grein fyrir lokatölum, þegar vegáætlunin verður lögð fram. Tekjur af þungaskatti til októberloka voru 101.2 millj. kr., en endurgreiðslur 3.2 millj. kr. og nettótekjur því 98 millj. kr. Í vegáætlun voru endurgreiðslur áætlaðar 0.8 millj. kr. með hliðsjón af reynslu fyrri ára. Með tilliti til þessa er nú áætlað, að heildartekjur af þungaskatti á árinu nemi 111.1 millj. kr. eða 3.6 millj. kr. lægri upphæð en áætlað var. Þetta mun hafa látið mjög nærri samkv. lokatölum, sem ég þó hef ekki enn fengið í hendur.

Við endurskoðun á vegáætlun fyrir 1968 á s. l. ári voru tekjur af gúmmígjaldi á því ári áætlaðar 14.7 millj. kr., sem samsvarar 1635 tonna sölu. Við hækkun á gúmmígjaldi með l. nr. 7 1968 var sú áætlun endurskoðuð og tekjuáætlun miðuð við, að salan yrði 1210 tonn, sem er um 4% minni sala en 1967 og 9% minni en salan 1966. Hinn 1. nóvember var salan á hjólbörðum aðeins orðin 775 tonn, og með hliðsjón af sölu í nóvember og desember undanfarin ár er áætlað, að heildarsalan á árinu verði 964 tonn. Er það 23% minni sala en á árinu 1967. Var því áætlað, að heildartekjurnar á þessum lið yrðu 31.8 millj. kr. eða 8.9 millj. kr. lægri en áætlað var, og það mun hafa reynzt nokkurn veginn rétt áætlun, að gúmmísalan varð mun minni á s. l. ári en á árinu 1967. Þess vegna vantaði nokkuð upp á, að heildartekjur næðust á árinu, en fyrir því verður nánari grein gerð, þegar lokatölur liggja nákvæmlega fyrir. En samkv. þessu má búast við, að innheimta tekna verði sem hér segir 1968, – en það má kannske segja, að í febrúarmánuði 1969 sé dálítið skrýtið að segja, að það megi búast við, að tekjur á árinu 1968 verði svona og svona, en lokatölur hef ég ekki enn fengið í hendur, og þess vegna kýs ég að halda mig við þessa skýrslu, enda hefur reynslan orðið sú, að þessar tölur, sem áætlaðar voru seint á árinu 1968, reyndust í aðalatriðum nokkurn veginn réttar.

Tekjur vegasjóðs af benzínskatti nettó 295.6 millj., þungaskatti 114.7 millj. og gúmgjaldi 40.7 millj. eða 451 millj. kr. En gera má ráð fyrir, að þessi áætlun, sem var gerð með breytingu á vegalögunum, hafi ekki staðizt að fullu og vantað hafi ca. 10 millj. kr. til þess, og m. a. þess vegna verður nokkur halli á vegasjóði á s. l. ári, sennilega um 10 millj. kr., sem vantar á tekjurnar og 10–15 millj., sem farið var umfram áætluð útgjöld.

Þá þykir rétt að vekja athygli á lánum til vega. Föst lán til vega á árinu voru tekin: Hraðbrautir 47.3 millj., þjóðbrautir 13.1 millj. og landsbrautir 6.6 millj. eða samtals 67 millj. kr. Af þessum lánum eru 51 millj. kr. samkv. framkvæmdaáætlun ríkisstj., en 16 millj. kr. samkv. Vestfjarðaáætlun. Um skiptingu þessara lána vísast til grg. um framkvæmdir á einstökum vegum. Föst lán vegasjóðs í árslok 1967 og 1968 verða eins og hér segir miðað við skráð gengi á hverjum tíma. Föst lán, hraðbrautir í árslok 1968, 373.1 millj., þjóðbrautir 109.1 millj. og landsbrautir 33.9 millj., samtals 516.1 millj. Þá er rétt að vekja athygli á því, að það hefur orðið gengistap á þessum lánum. Á hraðbrautarlánunum 82.2 millj., þjóðbrautir 15.1 millj. og landsbrautir 11 millj. eða gengistapið alls 108.3 millj. Þegar ég segi, að skuldirnar séu 516.1 millj., er reiknað á núverandi gengi.

Þá voru tekin bráðabirgðalán til vegaframkvæmda. Það var fylgt sömu reglu og undanfarin ár. Á árinu 1968 voru samþykkt aðeins bráðabirgðalán til þeirra vegaframkvæmda, sem fjárveitingu hafa á vegáætlun næsta ár. Þar sem yfirstandandi ár eða árið 1968 var seinasta ár gildandi vegáætlunar, 1965–1968, þá hafa engin ný bráðabirgðalán verið veitt nema 700 þús. kr. til Þingeyjarsýslubrautar, en bein lánsheimild var þar fyrir hendi í III. kafla vegáætlunar fyrir árið 1968. En bráðabirgðalán vegasjóðs til einstakra vegaframkvæmda í árslok 1968 voru sem hér segir: Engin bráðabirgðalán til hraðbrauta. Til þjóðbrauta 1 millj. 858 þús. og landsbrauta 2 millj. 466 þús. eða 4 millj. 324 þús., en voru í árslok 1967 11 millj. 981 þús. Bráðabirgðalánin hafa því lækkað um 7.6 millj. kr.

Þá er með viðhald þjóðvega, sem er vitanlega oft erfitt, vegna þess að fé er ekki nægilegt fyrir hendi til þess að fullnægja kröfu manna um vegaviðhald eins og æskilegt væri. Á vegáætlun fyrir árið 1968 eru veittar 139.4 millj. kr. til viðhalds þjóðvega. Hafði sú upphæð verið hækkuð úr 108 millj. kr. við endurskoðun á vegáætlun fyrir árin 1967–1968, sem gerð var veturinn 1967. Stafaði það af hækkun viðhaldsvísitölu úr 489 stigum 1965 í 571 stig 1967 og hækkuðum kostnaði við snjómokstur, eins og nánar er rakið í grg. með till. til þál. um endurskoðun vegáætlunar 1967–1968. Enn fremur voru samkv. l. nr. 7 1968 veittar 17.3 millj. kr. til vegaviðhalds eða alls 156.7 millj. kr. á árinu. Í hinni endurskoðuðu vegáætlun var kostnaður við vetrarviðhald áætlaður eins og hér segir: Áætlaður kostnaður við vetrarviðhald á vegáætlun 1967 15.2 millj., 1968 17.2 millj. Í þessari áætlun um vetrarviðhaldið var miðað við meðaltal áranna 1965–1966, sem var 12.2 millj. kr. Við þá upphæð var bætt 3 millj. kr. 1967 vegna mikilla snjóalaga, sem vitað var um, og vegna fyrir-

hugaðra breytinga á reglum um greiðslu kostnaðar við snjómokstur frá 1958, sem tóku gildi 1. desember 1967. Fyrir árið 1968 var bætt 5 millj. kr. við áætlað meðalvetrarviðhald 1965 og 1966 vegna breytinga á snjómokstursreglum. Raunverulegur kostnaður við vetrarviðhald 1967 og fyrra árshelming þessa árs hefur orðið eins og hér segir: 1967, 26.7 millj. og 1968 var áætlað, að hann yrði 30 millj., og mun sú áætlun hafa látið nærri því að standast, sennilega ekki orðið nema 29 millj. Kostnaður við vetrarviðhald árið 1967 var því 11.5 millj. kr. hærri en gert hafði verið ráð fyrir í vegáætlun, og var það meginorsök þess, að viðhaldskostnaður á því ári í heild fór um 21 millj. kr. fram úr fjárveitingu samkv. vegáætlun. Orsakir þessa voru að sjálfsögðu, að snjóalög voru mun meiri það ár en árið 1966, sem var snjóþungt ár miðað við árið 1965. Kostnaður við vetrarviðhald var í októberlok 24 millj. á árinu 1968 og talsvert hærra en árinu áður, en eins og ég sagði, mun vetrarviðhaldið hafa verið tæplega 30 millj. kr. á s. l. ári. Lokatölur hef ég ekki enn fengið.

Þá er rétt að geta þess, að tjón af völdum náttúruhamfara urðu á árinu, og var reynt að bæta úr því. Beint tjón af völdum náttúruhamfara, eins og það var í októberlok, var sem hér segir: Tjón af flóðum í febrúar og marz 7.5 millj., í ágúst 1.2 millj., í nóvember 4 millj. og tjón á brúnni á Mórillu í Kaldalóni 0.9 millj. Þetta eru 13.6 millj. Ég held, að beint tjón af völdum náttúruhamfara hafi ekki orðið meira en þetta, þótt skýrslan nái ekki yfir s. l. mánuð. Ég held, að þetta sé tæmandi upptalning á árinu. Tjón er vitanlega nokkuð mikið, en úr þessu var reynt að bæta, enda þótt ekki væri fyrir hendi bein fjárveiting til þess, og leiðir þetta til þess að gera verður upp vegasjóð fyrir s. l. ár með nokkrum tekjuhalla.

Þar sem tekjur vegasjóðs voru auknar eins og áður er talið með l. frá Alþingi 10. apríl s. l. um 109 millj. kr., var unnt að standa við vegáætlunina og halda í horfinu með viðhald og framkvæmdir. Ef ekki hefði verið aukið svo mjög við tekjur vegasjóðs, sem gert var með þessum lögum, hefði ástand veganna vitanlega orðið mun verra og ekki verið hægt að standa við þær framkvæmdir, sem settar voru í vegáætlun, þegar hún var samin 1965. Öll fjárveiting til vegaviðhalds á árinu nam 156.7 millj. kr., eða tæpri 1 millj. kr. hærri upphæð en raunverulegur kostnaður varð við vegaviðhaldið á árinu 1967. Af þessari fjárveitingu til vegaviðhalds voru 17.3 millj. af tekjum samkv. ákvörðun laga 1968 til þess að mæta þeim verðhækkunum, sem urðu á árinu 1968 vegna gengisbreytingarinnar í nóvember 1967. Miðað við hækkun á vísitölu viðhaldskostnaðar frá marz 1967 til ágúst 1968, sem nemur 16.5%, hefði þessi fjárveiting þurft að vera 6 millj. kr. hærri til þess að mæta beinni verðhækkun, en það reyndist þó ekki mögulegt af þeirri tekjuaukningu, sem breytingin á vegalögunum gaf. Þar sem kostnaður við vetrarviðhald á árinu og flóðaskemmdir eru mun meiri en miðað var við í vegáætlun, þá er nú gert ráð fyrir, að umframgreiðslur á vegaviðhaldi í ár verði eins og hér segir: Vegna snjómoksturs 6 millj., vegna flóðaskemmda 7 millj., vegna viðhalds brúa 2 millj. Þetta var samkv. áætlun, sem gerð var í nóvember, og þetta mun hafa reynzt nokkurn veginn rétt, en lokatölurnar liggja ekki enn þá fyrir, ekki komnar í mínar hendur.

Þá hefur áður verið minnzt á vegmerkingar, sem gerðar voru í sambandi við hægri umferðina, en eins og ég minntist á áðan, er vitanlega mikið ógert í því efni. Það er búið að merkja það, sem segja má 112 km af hraðbrautum, og það er þá 100%; af þjóðbrautum er búið að merkja 2763 km af 2911, þ. e. 95%, en af landsbrautum aðeins 2049 km af 5736 km. Það er þar, sem aðallega er eftir að merkja. Og þess vegna er það, að það þarf vitanlega að ætla fé í það á þessu ári og næstu árum til þess að flýta því.

Engar framkvæmdir voru við Reykjanesbraut á árinu, þar sem lagningu þess vegar var lokið. Í ár eru gjöld á fjárlögum til Reykjanesvegar, og þykir rétt að vekja athygli á því, hvernig því er varið. Greiðslur vaxta og afborgana af föstum lánum voru 49.9 millj., greiðsla á bráðabirgðaláni verktaka 1967 5 millj., greiðsla á skuld við vegasjóð 1967 3.6 millj., greiðsla á efnistöku og landsspjöllum 0.6 millj., lántökukostnaður 0.6 millj. og óráðstöfuð fjáröflun 4.6 millj. Þetta eru 64.3 millj., sem voru greiðslur vaxta og afborgana á Reykjanesbraut á s. l. ári. En fjáröflun til þessa vegar var fjárveiting í vegáætlun 6.8 millj., framlag varnarliðsins 0.3 millj., áætlaðar nettótekjur af umferðargjaldi 13.6 millj., sem urðu aðeins meiri, að mér er sagt, og lán samkv. framkvæmdaáætlun 43.6 millj. Það hefur stundum verið jafnvel gefið í skyn, að vegasjóður stæði undir þessum gjöldum, þessum skuldum, en svo hefur ekki verið nema að litlu leyti, því að vegasjóður hefur aðeins greitt á árinu 1968 6.8 millj. upp í þennan kostnað, sem af Reykjanesbraut leiðir. Föst lán á Reykjanesbraut voru s. l. áramót 264.2 millj. kr. á þáverandi gengi, en vegna gengisbreytingarinnar eru þessi lán nú 358 millj. kr. Síðan vegurinn var opnaður fyrir almennri umferð hinn 26. október 1965, hafa nettótekjur af umferðargjaldi samkv. reglugerð orðið um 38.5 millj. kr. Það hefur stundum verið deilt um þetta umferðargjald á Reykjanesbrautinni, en þó hygg ég, að flestir, sem þennan veg fara oft, hafi nú sannfærzt um það, að það borgar sig fyrir þá að borga þetta gjald miðað við það að fara þennan ágæta veg. Og áreiðanlegt er það, að aðrir landsmenn mundu óska eftir því að mega borga samsvarandi gjald, ef þeir hefðu fengið góðan veg í staðinn fyrir malarvegina, sem oft eru misjafnir.

Þá þykir rétt að vekja athygli á því, að undirbúningur að hraðbrautaframkvæmdum hefur verið mikill á s. l. ári, eins og kom fram í grg. með frv. til laga um breytingu á vegal. á s. l. ári. Frumdrög að samgöngumálaathugun voru gerð árið 1963 á vegum Efnahagsstofnunarinnar af norskum hagfræðingi, sem þá starfaði hjá Transport-Økonomisk Institut í Osló og var fenginn að láni til þessa verks. Var ákveðið, að þessi heildarathugun á samgöngumálum yrði unnin á vegum Efnahagsstofnunarinnar í náinni samvinnu við samgmrn. og hlutaðeigandi ríkisfyrirtæki. Við slíka athugun þarf að kveðja til sérfræðinga í hinum ýmsu þáttum samgöngumála, svo og hagfræðinga, er sérþekkingu hafa á því sviði. Ekkert íslenzkt fyrirtæki hefur á að skipa starfskröftum með reynslu við gerð slíkra áætlana, en hins vegar hafa ýmis erlend fyrirtæki

sérhæft sig á þessu sviði á undanförnum tveim áratugum. Það hefur verið að því fundið, að samgmrn. og vegagerðin hafa lagt til að fá útlend fyrirtæki til þess að vinna að þessari heildarsamgönguáætlun. En það er ekki ástæða til þess að finna að, vegna þess að við höfum ekki möguleika til þess að gera það í því formi, sem nauðsynlegt er. Ef við hugsum okkur að fá lán til vegaframkvæmda hjá Alþjóðabankanum, þá er þess krafizt, að það sé þekkt fyrirtæki, sem bankinn viðurkennir, sem stendur að slíkri áætlun. Og vegamálastjóri, sem á að vera þessu mjög kunnugur, hefur oft sagt það, bæði í samtölum og í blöðum, að við höfum ekki mannafla eða möguleika til að vinna þetta að fullu eða öllu leyti. Hins vegar er það hreinn misskilningur, þegar því er haldið fram, að það sé gengið fram hjá íslenzkum verkfræðingum. Íslenzkir verkfræðingar vitanlega vinna meginhlutann af þessu verki, eftir að heildaráætlunin hefur verið komin, og það er langt frá því, að þeir starfskraftar, sem við höfum yfir að ráða, séu ekki að fullu nýttir, þótt erlend fyrirtæki séu fengin til að setja sinn stimpil á þetta eftir því, sem ástæður þykja til, og leggja sem sagt aðaldrögin að áætluninni.

Það hefur verið unnið að heildarathugunum á Vesturlandsvegi. Á síðasta ári lá fyrir frumáætlun um kaflann frá enda Miklubrautar að Leirvogi ásamt tengingu við Þingvallaveg. Á árinu 1968 hefur verið unnið að lokaáætlun fyrsta hluta vegarins frá enda Miklubrautar vestan Elliðaáa og að Höfðabakka um tveggja km kafla. Er sú áætlun langt komin og verður lokið um áramót, hefur verið lokið við síðustu áramót að ég ætla. Á kaflanum frá Leirvogi að Eyri í Kjós hefur verið unnið að fyrstu jarðvegskönnun og grunnmælingum, og loftmyndir hafa verið gerðar af sama kafla, en um gerð loftmyndakorta hefur ekki verið samið. Lokið var við frumáætlun um kaflann frá Reykjanesbraut hjá Blesugróf upp með Elliðaám að Rauðavatni. Þessi kafli vegarins er ekki þjóðvegur, en af skipulagsástæðum og vegna framhalds vegarins frá Rauðavatni var nauðsynlegt að gera frumáætlun fyrir þennan kafla. Unnið er að frumáætlun kaflans frá Rauðavatni að Lækjarbotnum, og ætti hún að geta legið fyrir um áramót. Hefur henni sennilega ekki verið að fullu lokið. Á síðasta ári var lokið við frumáætlun um kaflann frá Lækjarbotnum að Svínahrauni. Vinna við frumáætlun kaflans frá Svínahrauni að Selfossi hófst í desember og ætti að geta legið fyrir á fyrri hluta ársins 1969. Loftmyndakort af allri leiðinni frá Reykjavík að Selfossi mun fullgert í árslok 1969.

Gufunesvegur. Frumáætlun um Gufunesveg milli Vesturlandsvegar og Suðurlandsvegar er lokið. Syðri hluti þessa kafla mun verða fyrsti áfangi að framkvæmdum við Suðurlandsveg.

Reykjanesbraut. Unnið er nú að frumáætlun um kaflann frá Miklubraut að Breiðholtsbraut, en staðið hefur á umferðarforsögn í nokkra mánuði. Ætti gerð þessarar áætlunar að ljúka fyrri hluta þessa árs. Lokið var við gerð frumáætlunar um gerð kaflans frá Breiðholtsbraut að Arnarnesvegi. Einnig var lokið við grófa frumáætlun um kaflann frá Arnarnesvegi að Hafnarfirði, en sú áætlun er aðallega gerð til þess að ákveða legu vegarins vegna vinnu við skipulag á þessu svæði. Á s. l. ári var lokið gerð frumáætlunar fyrir kaflann frá Hlíðarvegi í Kópavogi að Engidal. Lokið er gerð loftmyndakorta fyrir vinnu við lokaáætlun. Hafinn er fyrsti undirbúningur að mælingum og kortagerð með uppsetningu fastamerkja og samræmingu við kortagerð fyrir Akureyrarbæ. Lokið var við nýja áætlun um umferðarmagn fyrir hraðbrautirnar næst Reykjavík, en áætlun þessi var gerð á vegum borgarverkfræðings í Reykjavík, og Vegagerð ríkisins tók þátt í áætlunargerðinni og greiddi að hluta kostnað við hana. Kostnaður við þennan undirbúning hraðbrautaframkvæmda á árinu 1968 var 5.4 millj. kr.

Þá er hér í skýrslunni, sem hv. þm. hafa fengið, vikið að þjóðbrautum og landsbrautum, og er hver einstakur vegur upp talinn og hverju hefur verið varið af fé í hvern veg. Ég sé ekki ástæðu til þess að vera að telja það upp, þar sem þetta liggur hér fyrir skjalfest, og geta þm. vitanlega áttað sig greinilega á því.

Á árinu var varið til uppgræðslu og girðinga meðfram vegum 2 millj. 823 þús. kr. og var skipt þannig, að 1623 þús. kr. voru ætlaðar til uppgræðslu en 1.2 millj. til girðinga. Það hefur verið talið, að það væri mikil framför í því, að vegagerðin hefur nú ástundað það að græða upp vegakanta og land, sem hefur verið rofið, og er það vitanlega til mikillar prýði og góð starfsemi, en sennilega þyrfti vegagerðin að hafa meira fé til að setja í þetta á næstu árum, svo að fullnægt væri óskum manna í því efni.

Fjallvegirnir eru taldir hér upp, þeir eru kallaðir aðalfjallvegir. Kaldadalsvegur; 150 þús. kr. fóru til viðhalds á þeim vegi, en Kaldadalsvegur er nú orðinn miklu fjölfarnari en áður var, en þetta viðhald hefur verið í því formi, að það hefur verið borið ofan í og svo hefur veghefill verið látinn fara eftir veginum nokkrum sinnum yfir sumarið. Ég man, að þegar ég fór þennan veg í sumar, fannst mér hann mjög góður og hægt að fara hratt yfir hann. Þá eru það 300 þús. kr. til Kjalvegar og var varið til vanalegs viðhalds. Það má einnig segja um þann veg, að hann er að verða fjölfarnari og fjölfarnari með hverju ári, sem líður, og þetta er vitanlega allt of lítil upphæð til þess að hægt sé að tala um verulegt viðhald, og eftir því, sem umferðin verður meiri, þarf vitanlega meira fé. Þá er rétt að geta þess, að brúin á Hvítá þarna inn frá, gamla Sogsbrúin, er mjög veikbyggð og gæti verið hættuleg, ef einhverjir færu með mjög þunga bíla út á hana. Þetta er hengibrú, eins og margir munu vita, og það er þörf á því að endurbyggja þessa brú eins fljótt og auðið er.

Þá hefur verið unnið að brúargerðum á árinu eins og áætlað hefur verið, og var talsvert um brúargerðir á árinu. Til stórbrúa var varið 14.1 millj. kr., til brúa 10 m og lengri 19.7 millj. og til brúagerða samkvæmt lögum 1968 10 millj. eða 43.8 millj. alls. Með l. nr. 7 1968 um breytingu á vegalögum 1963 var tekin upp 10 millj. kr. fjárveiting til brúagerða í ár til þess að mæta hækkunum vegna verðbreytinga, sem orðið höfðu, eftir að vegáætlun var endurskoðuð 1967. Þessi hækkun á áætluðum brúargerðakostnaði í ár skiptist þannig: Hækkun vegna stórbrúa 6.65 millj. kr., hækkun vegna brúa 10 m og lengri 4.06 millj., samkv. l. 1968 10 millj. 710 þús. kr.

Þær stórbrýr, sem gerðar voru, voru eftirtaldar. Brú á Fnjóská. Það var lokið við yfirbyggingu brúarinnar, en

stöplar voru byggðir 1967. Brúin er 96 m löng stálbitabrú á þrem höfum. Gólfið er steypt, og hefur það tvöfalda akbraut 8 m breiða. Brúin var tekin í notkun í október, og áætlaður kostnaður er 15.2 millj. Lokatölur liggja vitanlega nú fyrir, en ég hygg, að áætlaður kostnaður muni hafa reynzt nokkurn veginn réttur.

Brú á Hvítá hjá Bjarnastöðum. Þar var byggð 120 m löng steypt bitabrú á 6 höfum. Nýja brúin leysir af hólmi bogabrú frá 1915, sem bæði var mjó og veikbyggð. Brúin var tekin til umferðar í október, áætlaður kostnaður 7 millj. 150 þús., og raunverulegur kostnaður mun hafa verið mjög nálægt þessu.

Brú á Hrútá í Öræfum. Byggð var 70 m löng stálbitabrú á þrem höfum. Gólf er úr timbri. Með þessari brú var rutt úr vegi síðustu stóru hindruninni fyrir samgöngur í Öræfasveit að austan. Framkvæmdum var lokið í september, áætlaður kostnaður var 4 millj. 370 þús. kr. og mun hafa reynzt nærri lagi.

Brú á Hverfisfljót í Vestur-Skaftafellssýslu. Byggð var 60 m löng stálbitabrú með steyptu gólfi yfir 3 höf. Brúin er byggð nokkru ofar en gamla brúin, sem byggð var 1913, en sú brú var mjög mjó og burðarlítil. Brúin var tekin í notkun í október. Áætlaður kostnaður er 5 millj. 830 þús. og mun hafa staðizt að mestu leyti.

Til brúa 10 m og lengri. Brú á Gljúfurholtsá og Bakkárholtsá í Ölfusi. Fjárveiting var 2 millj. kr. Brýr þessar voru byggðar 1967, en höfðu ekki fulla fjárveitingu þá, sbr. skýrslu um framkvæmd vegáætlunar 1967.

Brú á Hvítá hjá Bjarnastöðum. Fjárveiting var 2 millj. 210 þús. kr. Hér er aðeins um byrjunarfjárveitingu að ræða, en kostnaður við verkið er áætlaður 7 millj. 100 þús. kr. Var framkvæmdum frestað, sbr. grg., sem áður hefur verið gefin.

Brú á Staðarhólsá hjá Bjarnastöðum. Byggð var 16 m löng stálbitabrú með timburgólfi, og var hún tekin í notkun í september. Áætlaður kostnaður er 970 þús. kr.

Brú á Mjóafjarðará á Vestfjarðavegi. Byggð var 14 m löng steypt bitabrú, og var framkvæmdum lokið í ágúst. Áætlaður kostnaður var 1 millj. 30 þús., sem mun hafa staðizt.

Brú á Kjálkafjarðará á Vestfjarðavegi. Byggð var 24 m steypt bitabrú á tveim höfum. Var brúargerðinni lokið í september. Áætlaður kostnaður 1630 þús.

Brú á Katadalsá í Vestur-Húnavatnssýslu, sýsluvegur. Byggð var 11 m löng stálbitabrú með timburgólfi. Var brúin tekin í notkun um mitt sumar. Áætlaður kostnaður er 640 þús. kr.

Brú á Húseyjarkvísl í Skagafirði, 34 m löng brú á tveim höfum. Burðarbitar eru úr stáli, en gólf úr timbri. Brúin var tekin til umferðar í haust. Áætlaður kostnaður er 1870 þús. kr.

Brú á Flókadalsá í Fljótum, 14 m stálbitabrú með timburgólfi, og var framkvæmdum lokið um mitt sumar. Áætlaður kostnaður er 970 þús. kr.

Brú á Svartá hjá Skeggstöðum, sýsluvegur. Byggð var 25 m stálbitabrú með timburgólfi. Var brúin tekin til umferðar í október, áætlaður kostnaður 1810 þús. kr.

Brú á Torfufellsá í Eyjafirði. Byggð var 14 m löng stálbitabrú með timburgólfi. Var brúin tekin í notkun í nóvember, áætlaður kostnaður 1 millj. 80 þús. kr.

Brú á Laxá hjá Hólmavaði. Byggð var 36 m löng brú í einu hafi. Burðarbitar brúarinnar eru úr stáli, en gólf úr timbri. Brúin var tekin til umferðar í október. Áætlaður kostnaður 2 millj. 910 þús. kr.

Brú á Eyvindará á Mjóafjarðarvegi. Byggð var 30 m löng stálbitabrú á tveim höfum. Gólf er úr timbri. Framkvæmdum lauk í september. Áætlaður kostnaður 1670 þús. kr.

Brú á Breiðdalsá í Breiðdal. Byggð var 14 m löng steypt bitabrú, og var framkvæmdum lokið síðari hluta sumars. Áætlaður kostnaður er 1 millj. 90 þús. kr.

Brú á Njarðvíkurá í Borgarfirði eystra, sýsluvegur. Byggð var 16 m stálbitabrú með timburgólfi, og var hún tekin í notkun í október. Áætlaður kostnaður 1 millj. 70 þús. kr.

Brú á Fellsá í Suðursveit. Byggð var 46 m löng brú á þrem höfum. Burðarbitar eru úr stáli, en gólf úr timbri. Var brúin tekin í notkun í september. Áætlaður kostnaður er 3 millj. 60 þús.

Sennilega liggja fyrir lokatölur núna hjá vegamálastjóra, en það er ekki langt síðan ég ræddi við hann einmitt um þessa skýrslu, og ég hefði viljað hafa lokatölur fyrir hendi, en þær eru ekki fyrir hendi, en vegamálastjóri hefur upplýst það, að allar þessar áætluðu tölur hafi staðizt nokkurn veginn og það sé ekki um mikla breytingu á því að ræða. En sjálfsagt verður getið um það síðar hér á hv. Alþ.

Til smábrúa var varið 6.3 millj. kr., sem var dreift víðs vegar um landið, eftir því sem þörfin var mest. Það eru 17 brýr samtals.

Aðrar brúargerðir. Það er brú á Landeyjavegi syðri, sem tengir saman Austur- og Vestur-Landeyjar. Þar var 16 m löng timburbrú á Fljótsvegi, og var hún byggð fyrir um það bil 20 árum. Þar sem vatnsmagn í Fljótsvegi hefur aukizt til muna á undanförnum tveim áratugum vegna landþurrkunarframkvæmda, var brú þessi orðin of stutt, og hafa orðið á henni skemmdir nær árlega í flóðum undanfarin ár og síðast í flóðunum í lok febrúar á árinu 1968. Auk þess var brúin orðin mjög veikbyggð fyrir núverandi umferð. Þar sem ógerningur var talið að gera við brúna einu sinni enn, var að till. vegamálastjóra byggð 20 m löng steinsteypt brú, og var áætlaður kostnaður við framkvæmdina 1100 þús. kr. Til greiðslu þessa kostnaðar var varið til bráðabirgða 1 millj. kr. af geymslufé Hvítárbrúar hjá Bjarnastöðum, svo sem að framan greinir, og enn fremur 100 þús. kr. af viðhaldsfé brúa, þar sem a. m. k. sú upphæð sparaðist við endurbyggingu brúarinnar.

Þá eru brýr á Hólsá og Stigá í Öræfum. Svo sem að framan greinir voru samkv. vegáætlun í ár byggðar brýr á Fellsá og Hrútá í Öræfum, og voru þá aðeins tvær ofangreindar ár óbrúaðar á leiðinni frá Höfn í Hornafirði að Skeiðarársandi. Um 16 m langar brýr þarf á hvora ána um sig og auk þess töluverða varnargarða, og er heildarkostnaður við báðar brýrnar ásamt varnargörðum áætlaður 3.5 millj. kr. Þar sem brýr þessar eru ráðgerðar sem stálbitabrýr með timburgólfi á steyptum stöplum, var talið mjög hagkvæmt að láta brúarvinnuflokk þann, sem byggði brýrnar á Fellsá og Hrútá, ljúka byggingu stöplanna í ár, þar sem venjulegur vegavinnuflokkur gæti sett upp stálbita og timburgólf á árinu 1969, og mætti með því móti spara

mikið fé við að flytja brúarvinnuflokk alla leið frá Reykjavík í Öræfin. Þar sem kostnaður við byggingu stöplanna var alls áætlaður 800 þús. kr., féllst rn. á að heimila Kaupfélagi Austur-Skaftfellinga að leggja fram 300 þús. kr. lán til framkvæmdanna, en á móti féllst rn. á það að verja 500 þús. kr. af geymslufé Hvítárbrúar hjá Bjarnastöðum til þess að greiða það, sem á vantaði.

Þá er það Mórilla í Kaldalóni. Á s. l. vori bárust fréttir um það, að tekið hefði af yfirbyggingu brúarinnar á Mórillu í Kaldalóni, en brú þessi er 50 m löng stálbitabrú með timburgólfi á steyptum stöplum. Þótti ekki annað fært en endurbyggja brúna á s. l. ári, enda þótt ekki væri fjárveiting fyrir hendi.

Einnig var brú á Þingmannaá á Vestfjarðavegi. Hún var einnig endurbyggð vegna þess, að það þótti óhjákvæmilegt að gera veginn akfæran, en sú brú var ónýt, og ekki mögulegt talið að gera við hana.

Fjárveiting til sýsluvegasjóða var í vegáætlun 13.3 millj. kr., og hafði sú upphæð verið miðuð við, að heildartekjur sýsluvegasjóða á árinu 1967 yrðu 6 millj. 635 þús. kr. samkv. 21. og 23. gr. vegalaga, þegar vegáætlun var endurskoðuð 1967. Var innheimta sýsluvegasjóðsgjalda samkv. 21. gr. vegal. bundin við kaup í almennri verkamannavinnu hjá Vegagerð ríkisins 1. desember 1966, sem var 42.07 kr. á klst. Í skýrslu um framkvæmd vegáætlunar 1967 voru tekjur sýsluvegasjóðanna samkv. lögum áætlaðar alls 6.65 millj. kr., en við endanleg reikningsskil á þessu ári reyndust þær nokkru hærri eða 7 millj. 273 þús. kr. Hefði ríkisframlag samkv. 28. gr. í ár því átt að vera 14 millj. 540 þús. kr. í staðinn fyrir 13 millj. 300 þús. kr. Áætlaðar tekjur sýsluvegasjóðs í ár samkv. vegalögunum og framlag vegasjóðs verða þá sem hér segir: Sýsluframlag 7 millj. 398 þús. skv. 21. og 26. gr. og 502 þús. skv. 23. gr., ríkissjóðsframlag 13 millj. 300 þús. eða samtals 21 millj. 201 þús. kr.

Þá er það til vega í kaupstöðum og kauptúnum. Mannfjöldi 1. desember 1967 var samkv. endanlegum tölum Hagstofu Íslands frá 18. júní 1968: Kaupstaðir 136 309 íbúar, kauptún með 300 íbúa og yfir 29 371, eða 165 680 íbúar. Framlag samkv. 32. gr. vegal. er 12.5% af áætluðum heildartekjum vegasjóðs árið 1968, sem áætlaðar eru um 342 millj. samkv. vegáætlun plús 109 millj. kr. aukning vegna breytinga á vegalögunum, alls 451 millj., framlag til hraðbrauta samkv. 32. gr. vegal. 31 millj., sem dregst frá, þannig að það er reiknað aðeins af 420 millj. kr. kaupstaðafé. Þá verður kaupstaðafé 43 millj. 762 þús. kr., sem tekið verður til skipta. Fer ég ekki nánar út í það, hvernig þetta skiptist, en það má sjá á bls. 30 í skýrslunni, sem hér liggur frammi.

Þá er varið nokkru fé til kaupa áhalda og véla eða samtals 15 millj. 35 þús. kr., sem eru á þeim lið. Þar af eru 13 millj. til vélakaupa, 2 millj. til byggingar áhaldahúsa og 35 þús. til bókasafns verkamanna. En þær vélar, sem voru keyptar, voru þrír stórir vegheflar með útbúnaði til snjómoksturs, tvær vélskóflur og fjórar smábifreiðar til mælinga og því um líkt. Auk þess voru fest kaup á ýmsum minni tækjum, svo sem vélbörum, rafstöðvum, steypubröndunarvélum og því um líku. Alls voru keyptar vélar fyrir um 13 millj. kr. og auk þess greiddar skuldir, sem áður höfðu safnazt.

Þá er varið til tilrauna í vegagerð 3 millj. 50 þús. kr. á árinu. Þar af var geymt fé frá árinu 1967 795 þús. kr. Þá voru gerðar tilraunir með ódýr slitlög úr asfalti og varið til þess nokkru fé, en tilraunum í þessu skyni þarf að halda áfram, og hefur komið í ljós, að sumt af því, sem gert hefur verið, reynist jafnvel betur en búast hefði mátt við. En áður en farið er að leggja slitlag í stórum stíl, er nauðsynlegt að hafa gert nokkrar tilraunir til þess að sannfærast um það, hvað okkur hentar bezt hér við okkar breytilega veðurfar. Þá eru rannsóknir á möl til mannvirkjagerðar og rannsóknir á burðarþoli vega og ýmsar fleiri rannsóknir í sambandi við vegagerð, sem ég fer ekki nánar út í.

Ég hef hér stiklað á stóru í sambandi við framkvæmdir á s. l. ári, og aðalatriðið er það, að það hefur verið hægt að standa við vegáætlunina þrátt fyrir þær verðsveiflur, sem orðið hafa. En það er vitanlega ljóst, að í hvert skipti, sem rætt er um vegamál og rifjað upp, hvaða vandi það er, sem að höndum ber í sambandi við vegagerð í okkar strjálbýla landi, að það þarfnast aukins fjármagns, ef við ætlum að flýta framkvæmdum, sérstaklega ef ráðast á í dýrar og varanlegar framkvæmdir.

Það hefur stundum verið spurt að því hér, og það er kannske rétt þess vegna að upplýsa það, hvað mikið viðhaldsfé hefur farið í hvert kjördæmi. Það hefur líka stundum verið spurt að því, hve mikið snjómokstursfé hefur farið í hvert kjördæmi, en mér hefur ekki gengið vel að fá það upplýst hjá vegamálastjóra, hve mikið snjómokstursfé hefur farið í hvert kjördæmi, enda er það náttúrlega mjög breytilegt, eftir því hvernig snjóalög liggja. En viðhaldskostnaður þjóðvega á árunum 1965–1968 var þannig, að 1965 var varið til viðhaldsins 121.5 millj. kr., 1966 156.8 millj. kr., 1967 181.3 millj. kr. og 1968 171.7 millj. kr., og inni í þessum tölum er það fé, sem fer í snjómoksturinn, en það hefur verið frá 15 og allt upp í 30 millj. kr., sem hefur farið í það, eftir því hvað snjóalögin hafa verið mikil. En viðhaldskostnaður þjóðvega eftir kjördæmum 1965 var:

	Reykjaneskjörd.	12	millj.	44	þús.
	Vesturlandskjörd.	15	–	908	–
	Vestfjarðakjörd.	11	–	831	–
	Norðurl. v.	11	–	651	–
	Norðurl. e.	11	–	462	–
	Austurl.	14	–	21	–
	Suðurl.	20	–	121	–
1966:	Reykjaneskjörd.	21	millj.	224	þús.
	Vesturl.	20	–	835	–
	Vestfirðir	16	–	214	–
	Norðurl.v.	14	–	737	–
	Norðurl.e.	17	–	168	–
	Austurl.	19	–	425	–
	Suðurl.	24	–	868	–
1967:	Reykjaneskjörd.	24	–	104	–
	Vesturland	24	–	605	–
	Vestfirðir	17	–	727	–
	Norðurl.v.	16	–	399	–
	Norðurl.e.	20	–	423	–
	Austurland	21	–	32	–
	Suðurland	31	–	460	–

En skiptingu á árinu 1968 hef ég enn ekki fengið hjá vegamálastjóra, en vona, að hann hafi hana tilbúna seinna á þessu þ., en bráðlega verður lögð fram vegáætlun fyrir árin 1969–1972, sem vegagerðin er nú að semja og vinna að, og þá verður nánari grein gerð fyrir lokatölum á kostnaði við vegaframkvæmdir á árinu 1968, og þá vitanlega verður nánari grein gerð fyrir fyrirhuguðum framkvæmdum í vegamálum.

Það er, held ég, ekki nauðsynlegt, að ég hafi þessi orð í sambandi við vegaskýrsluna 1968 öllu fleiri að sinni, en ef að líkum lætur, munu einhverjir hv. þm. kveðja sér hljóðs og koma með fsp., og þá gefst tækifæri til þess að fylla upp í eyðurnar og taka fram það, sem ég kann að hafa sleppt.

V. Áætlun um hafnargerðir 1969—1972.

Á 50. fundi í Sþ., 14. maí, var tekin á dagskrá:
Áætlun um hafnargerðir 1969—1972 (A. 740).

Félmrh. (Eggert G. Þorsteinsson): Herra forseti. Eins og hv. þdm. mun kunnugt, var útbýtt hér á Alþ. í gær fjögurra ára áætlun um hafnargerðir. Í samræmi við hafnalög frá 1967 hefur verið unnið að undirbúningi framkvæmdaáætlunar um hafnargerðir fyrir fjögurra ára tímabilið 1969–1972. Að áætluninni hafa unnið verkfræðingar hafnamálaskrifstofunnar og annað starfsfólk hennar.

Fyrstu drög áætlunarinnar voru kynnt fjvn. við framlagningu till. til fjárveitinga til hafnargerða árið 1968. Var sú áætlun til 5 ára og miðuð við þáverandi ástand í efnahagsmálum þjóðarinnar og það, hvað unnið hafði verið á undanförnum árum að hafnargerðum. Leitað var álits hafnarstjórna og sveitarstjórna um áætlunina í því formi, og urðu undirtektir yfirleitt mjög jákvæðar, þannig að hún myndaði eðlilegan grundvöll áætlunar þeirrar, sem nú hefur verið fram lögð. Að sjálfsögðu hefur verið tekið tillit til þeirra óska, sem fram komu úr hendi hafnarstjórna, eftir því sem tök voru á.

Á s. l. hausti var vinnu við áætlunargerðina mjög langt komið, en um það leyti voru till. gerðar til fjárveitinga til hafnargerða. Ekki þótti þó rétt að leggja fram fjögurra ára áætlun þá sakir óvissu í efnahagsmálum. Það ástand leiddi til þess, að endurskoða varð allan fjárhagsgrundvöll áætlunarinnar. Þar sem tilgangur áætlunargerðarinnar á fyrst og fremst að vera til leiðbeiningar um fjárveitingar og aðrar fjárútveganir vegna hafnargerðar var eftir því leitað við fjmrn., hverjar heildarupphæðir það taldi líklegt, að veittar yrðu til hafnargerða á árunum 1970–1972. Eru niðurstöðutölur áætlunarinnar í samræmi við þær tölur fjmrn. Meginniðurstöður áætlunarinnar eru þær, að ekki verði varið til hafnargerða á komandi árum minna fé en varið hefur verið á fjárl. undanfarinna ára í krónutölu. Að sjálfsögðu hefur þetta í för með sér allverulegan niðurskurð framkvæmda frá því, sem verið hefur hin síðari ár, og varð því að takmarka mjög framkvæmdir frá því, sem ráðgert hafði verið í 5 ára áætluninni. Við gerð áætlunarinnar hafa eftirtalin meginsjónarmið verið höfð í huga:

1. Unnið verði að því, að í öllum bæjum eða þorpum, er að sjó liggja, verði nokkur aðstaða til afgreiðslu hafskipa, þannig að hægt sé að fullnægja flutningaþörf á sjó til og frá staðnum.

2. Reynt verði eftir föngum að bæta þær hafnir, er ótryggar og hættulegar mega teljast fyrir fiskibáta og áhafnir þeirra.

3. Lokið verði við þá áfanga, sem þegar eru hafnir, þannig að full not fáist af viðkomandi fjárfestingu.

4. Lokið verði fullnaðarfrágangi allra mannvirkja þeirra, er unnið er að.

5. Reynt hefur verið að velja þau verkefni, er telja má, að mesta þýðingu hafi fyrir byggðarlögin og landið sem heild.

Mjög er ólíklegt, að menn verði samdóma um það val verkefna, sem áætlunin gerir ráð fyrir. En þá er því til að svara, að áætlunin er aðeins til leiðbeiningar við fjárveitingar, þannig að endanlegar ákvarðanir verða teknar við veitingu fjár á fjárlögum hverju sinni svo sem verið hefur. Samkv. áætluninni er gert ráð fyrir, að heildarframkvæmdir á áætlunartímabilinu nemi um 450 millj. kr., þar af beint ríkisframlag 265 millj. kr., svo að sveitarfélögin verða að afla 185 millj. kr. sjálf. Ljóst er, að það verður miklum erfiðleikum bundið fyrir sveitarfélögin að afla síns hluta fjárins. Margar hafnir eru þannig settar, að ekki verður hjá komizt að gera sérstakar ráðstafanir til að rétta hlut þeirra, annaðhvort með því að viðkomandi hafnarsjóði verði veitt lán til langs tíma eða með sérstökum beinum fjárframlögum úr ríkissjóði. Væri æskilegt, að sú fjáröflun færi fram fyrir milligöngu Hafnabótasjóðs, og þyrfti að sjá honum fyrir verulega auknum tekjum. Þótt mönnum virðist, að víða séu ærin verkefni fyrir hafnargerðir á ýmsum stöðum, er þó nú svo komið, að sjá má fyrir endann á þeirri uppbyggingu, sem verið hefur í höfnum landsins.

Að loknum þeim framkvæmdum, sem fjögurra ára áætlunin gerir ráð fyrir, má segja, að víðast sé lokið grundvallarframkvæmdum í höfnum miðað við þá notkun og þær kröfur, sem gerðar eru til hafna í dag, þannig að í næstu áætlun verði fyrst og fremst um að ræða framkvæmdir, sem aukin umsvif á viðkomandi stað kalla á eða auknar kröfur um aðstöðu í höfnunum frá því, sem þar eru nú mestar gerðar. Með yfirliti sem þessari áætlun á bæði þm. og sveitarstjórnarmönnum að vera nokkuð ljóst, hver þau verkefni eru, sem vinna verður að í hafnarmálum á næstu árum, og jafnframt á að vera auðveldara að gera sér grein fyrir fjármunaþörf á hinum ýmsu stöðum og þar með, í hvaða röð æskilegast er að vinna að sjálfum framkvæmdunum.

Inn í áætlunina eru teknar framkvæmdir ársins 1969, svo sem þær voru ákveðnar af Alþ. á sl. hausti. Jafnframt má skoða áætlunina sem till. um framkvæmdir ársins 1970. Hins vegar er gert ráð fyrir, að

áætlunin verði endurskoðuð á næsta ári og þá lagðar fyrir sundurliðaðar till. um framkvæmdir áranna 1971–1972. Verður sú endurskoðun að sjálfsögðu gerð í samræmi við þáverandi efnahagsástand þjóðarinnar og þá fjármuni, sem ætla má, að handbærir verði til hafnarbygginga á því tveggja ára tímabili.

Svo sem ljóslega kemur fram í hafnalögum er áætlun þessi ekki bindandi fyrir Alþ. og ekki til þess ætlazt, að hún verði samþ. í því formi, sem hún liggur nú frammi, heldur aðeins til þess að auðvelda Alþ. að ráðstafa því fé, sem tilkostnaðurinn er á hverjum tíma til hafnarframkvæmda. En ljóst er, að of miklar breytingar frá henni gera öll störf þeirra, er að þessum málum vinna, erfiðari og baka sveitarfélögunum óæskilega óvissu um framkvæmdamöguleika þeirra í hafnargerðum.

VI. Framkvæmda- og fjáröflunaráætlun 1969.

Á 53. fundi í Sþ., 17. maí, var tekin á dagskrá:
Skýrsla fjmrh. um framkvæmda- og fjáröflunaráætlun ríkisstj. fyrir árið 1969.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Þessi skýrsla mun nú vafalaust þykja hv. þm. nokkuð síðbúin, en það hefur verið venja á hverju Alþ. að flytja af hálfu fjmrh. yfirlitsskýrslu sem þessa, sem hér er að finna í þeirri bók, sem hv. þm. nú finna á borðum sínum. Þegar frv. um fjáröflun til ríkisframkvæmda var lagt hér fram á hinu háa Alþ., spurðust ýmsir þm. fyrir um það, hvort ekki væri ætlunin, að slík skýrsla yrði flutt. Ég gat þá um það, að það væri mikið vafamál af ýmsum ástæðum. Bæði hefðu þessi mál mikið verið rædd í vetur og í haust í sambandi við viðræður stjórnmálaflokkanna, hvað varðar efnahagsmálin almennt, og auk þess væri sá annar annmarki, að stjórn framkvæmdasjóðs ríkisins hefði ekki gengið frá ákvörðun sinni um skiptingu lánsfjár og fjáröflun til stofnsjóðanna. Nú hefur þetta síðustu daga gerzt, og það þótti því sjálfsagt, að þessi skýrsla yrði útbúin og lögð fram á Alþ. Það hefur verið venja, að fjmrh. hafi flutt þessa skýrslu og hún hefur sjaldnast leitt til nokkurra umr., enda er hún fyrst og fremst upplýsingar annars vegar um þróunina á liðnu ári og hins vegar um áætlaðar framkvæmdir bæði opinberra aðila og einkaaðila á yfirstandandi ári. En ég minnist þess, að á síðasta þingi kom fram aths. um það, að eðlilegra væri, að hv. þm. fengju þessa skýrslu fjölritaða, þar sem hún væri fyrst og fremst upplýsingar um þessi mál, sem gætu orðið mönnum til leiðbeiningar og athugunar síðar. Ég hef því talið rétt að þessu leyti að haga þessu með þessum hætti nú og vonast til þess, að þm. telji það þó fremur til bóta, að skýrsla þessi skuli hafa verið gerð en ekki.

Skýrslan skiptist í ýmsa kafla. Þar er fjallað fyrst og fremst um þróun efnahagsmála 1968, viðhorfin á árinu 1969, gerð grein fyrir framkvæmda- og fjáröflunaráætlun 1969 bæði fyrir sjóðina, stofnsjóðina, sem framkvæmdasjóður Íslands hefur gert, og fyrir ríkisframkvæmdirnar, sem hér hafa verið til umr. í sambandi við frv. um það mál. Á það því ekki að þurfa að leiða til neinna sérstakra umr., því að það er ekki annað um það sagt í þessari skýrslu en draga saman þær upplýsingar, sem eru í því frv. til viðbótar þeim ríkisframlögum, sem á öðrum sviðum eru veitt til framkvæmda. Og síðan er gert yfirlit um fjármunamyndunina annars vegar 1968 og áætlaða fjármunamyndun 1969 eftir tegundum framkvæmda. Að lokum eru svo til nánari upplýsinga ýmsar töflur og skýrslur, sem ættu að verða hv. þm. aðgengilegar, og vil ég sérstaklega vekja athygli á sértöflu nr. 6, þar sem sundurliðað er, hvernig framkvæmdasjóður Íslands hugsar sér að ráðstafa stofnfé til stofnsjóða atvinnuveganna, en það hefur ekki áður legið fyrir hinu háa Alþ.

Herra forseti. Ég tel ekki ástæðu til, eins og málum er háttað, að hafa um þetta fleiri orð, en legg þessa skýrslu hér fram til leiðbeiningar og upplýsinga fyrir hv. þm.

VII. Fyrirspurnir um stjórnarráðstafanir.

Á 6. fundi í Nd., 28. okt., utan dagskrár, mælti

Magnús Kjartansson: Herra forseti. Ástæðan til þess, að ég fór fram á það að fá að segja hér nokkur orð utan dagskrár, var mjög furðuleg frétt, sem ég las í Morgunblaðinu á laugardaginn var. Þar var greint frá ræðu, sem yfirmaður hernámsliðsins, Frank B. Stone, hefði flutt fyrir skömmu á fundi í Rotaryklúbbi Reykjavíkur. Hann skýrir þar í upphafi að sögn blaðsins frá ýmsum kostnaðarliðum í sambandi við hernámið á Íslandi, en síðan tekur aðmírállinn að flytja tilteknar till. um íslenzk innanríkismál. Ég vil leyfa mér að lesa hér kafla úr frétt Morgunblaðsins, með leyfi hæstv. forseta. Morgunblaðið segir svo:

„Þá ræddi aðmírállinn hugmyndir sínar um, hvað Íslendingar gætu gert til að taka þátt í vörnum landsins auk þess, sem þeir gera nú þegar með framkvæmdum á vegum varnarliðsins og sameiginlegum rekstri veðurstofu. Stone aðmíráll kvaðst þeirrar skoðunar, að auka ætti sameiginlegt samstarf Íslands og Bandaríkjanna að vörnum sínum og hins frjálsa heims. Benti hann á, að unnt væri að auka almannavarnir til að gera þeim kleift að fást jafnt við hamfarir náttúrunnar og af mannavöldum. Starfsmenn almannavarna mætti þjálfa í meðferð skotvopna jafnt sem sjúkrahjálp og hafa stjórn á óeirðum, einnig í aðstoð við flóttamenn og skipulagningu fjarskipta. Þá mætti þjálfa hóp strandgæzlumanna,

sem hefðu reynzt svo mikils virði á Kyrrahafi á dögum heimsstyrjaldarinnar síðari. Slíkir strandgæzlumenn mundu vinna þýðingarmikið verk með því að fylgjast með grunsamlegum athöfnum í hinum mörgu fjörðum og eyjum Íslands. Aðmírállinn benti einnig á, að unnt væri að útbúa skip Landhelgisgæzlunnar tækjum til að aðstoða í baráttu NATO gegn kafbátum. Sá möguleiki væri einnig fyrir hendi, að íslenzkir lögreglumenn væru í sambandi við varnarliðið til að hjálpa því sem leiðsögumenn og túlkar, ef til átaka kæmi. Frank B. Stone sagði, að í sambandi við fyrrgreinda möguleika kæmi til álita, að einn eða tveir Íslendingar fengju formlega kennslu í einhverjum hinna mörgu herskóla NATO. Íslenzka ríkisstj. gæti þá treyst á sérmenntaða menn sér til ráðuneytis í sambandi við þróun hermála."

Þegar bandarískt herinn kom hingað til lands, var því lýst hátíðlega yfir, að hann mundi ekki að neinu leyti hlutast til um íslenzk innanríkismál. Hér er hins vegar um að ræða ákaflega freklega íhlutun af sjálfum yfirmanni hernámsliðsins. Og ástæðan til þess, að ég taldi rétt að taka þetta upp nú þegar hér á þingi, er sú, að ég vil beina því mjög eindregið til hæstv. ríkisstj., að hún taki þetta mál upp við bandarísk stjórnarvöld og geri ráðstafanir til að koma í veg fyrir, að slíkir atburðir endurtaki sig. Það er ekki þolandi, að yfirmaður hernámsliðsins sé að flytja áróðursræður um íslenzk innanríkismál. En ég vildi þá einnig, fyrst ég er farinn að tala um þetta, spyrja hæstv. utanrrh., hvort þau atriði, sem fram koma í ræðu hernámsstjórans, hafa e. t. v. verið rædd innan ríkisstj. Er það e. t. v. á döfinni hjá hæstv. ríkisstj. að flytja um það till., að starfsmenn almannavarna verði þjálfaðir í meðferð skotvopna til þess að hafa „stjórn á óeirðum", eins og Morgunblaðið kemst að orði? Hefur ríkisstj. velt því fyrir sér að koma upp innlendum her, svokallaðri strandgæzlu, eins og þarna er talað um? Hefur það komið til mála innan ríkisstj., að Landhelgisgæzlan verði gerð að hluta af herstyrk Atlantshafsbandalagsins? Hefur ríkisstj. velt því fyrir sér, að íslenzkir lögreglumenn ættu að vera í sérstökum tengslum við hernámsliðið hérna? Og hyggur ríkisstj. á það að senda einhverja sérstaka menn á herskóla hjá Atlantshafsbandalaginu, til þess að stjórna slíkum athöfnum? Mér þykir rétt að spyrja hæstv. utanrrh. um þetta, fyrst þessi atriði koma fram í ræðu hernámsstjórans, – hvort þetta eru einvörðungu hans hugmyndir eða hvort þetta er e. t. v. komið á það stig, að eitthvað sé farið að ræða það innan íslenzku ríkisstj.

Utanrrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Það er nú venjan, ef spurt er í alvöru og óskað eftir svörum, sem rökstudd séu af þeim, sem svara á, að þá sé það gert á venjulegan hátt í fsp.-tíma, og ég held, að það væri bezt fyrir þennan hv. þm., ef hann vill fá svör við því, sem hér er spurt um, að hann geri það á þann venjulega og þinglega hátt, en komi ekki ég vil segja aftan að mönnum óviðbúnum með svona tal, eins og hann hefur verið með hér nú. Þetta er yfirgripsmikið mál og stórt. Ég vil þess vegna ekki fara út í að ræða það á þennan hátt með þessu móti, heldur ef hann vill, þá getur þessi hv. þm. borið fram fsp. sína á eðlilegan hátt, og skal ég þá ekki skorast undan að segja það, sem ég veit.

Hitt skal ég segja þegar á þessu stigi, að flest eða ég held allt, sem hann spurði um, hvað ríkisstj. hefði í huga í þessu sambandi, því get ég svarað með því einu, að ekkert af þessu hefur verið rætt í ríkisstj. Það er að vísu einn maður frá Landhelgisgæzlunni, sem er á skóla, sem heitir Military College, suður í Róm, en það er um þau herteknisk atriði, sem landhelgisgæzluna varðar og hana eingöngu, en alls ekki verið neitt rætt um það, að það væri þáttur í hinum almennu vörnum landsins. Ég held líka, að nokkuð af því, sem hann hefur eftir aðmírálnum, sé nú kannske ekki svo mikið innanríkismál okkar, eins og þessi hv. þm. vill vera láta, heldur beinlínis um samstarf að vörnum landsins. Það hlýtur að vera í okkar „interessu", að þessar varnir séu á þann hátt, sem við getum unað við. Og sú skoðun hefur verið uppi áður fyrr, að það mætti losa sig við ýmsa starfsmenn af Keflavíkurflugvelli erlenda og láta íslenzka aðila taka þar upp starfið. Það hefur ekki verið um neitt slíkt rætt nú lengi, svo ég muni eftir, en þetta hefur verið uppi, og meira að segja láta Íslendinga taka að sér ýmsa þætti í gæzlu þeirri, sem varnarliðsmennirnir nú fara með. En annars vildi ég segja það, að ef hv. þm. vill fá nánari svör, þá á hann að bera fsp. fram á þinglegan hátt.

Magnús Kjartansson: Herra forseti. Ég gerði grein fyrir því áðan, hvers vegna ég hefði kvatt mér hljóðs í dag. Það var vegna þess, að ég vildi mótmæla því, að yfirmaður hernámsliðsins væri hér með ræðuflutning og áróður um íslenzk innanríkismál, og ég beindi því til hæstv. ríkisstj. og hæstv. ráðh., að hann gerði nú þegar ráðstafanir til að koma í veg fyrir, að slíkir atburðir endurtaki sig. Við eigum ekki að þola það, að þessi erlendi aðmíráll sé að flytja ræður um þau mál, sem við eigum einir að taka ákvörðun um. Þessu var lýst mjög hátíðlega yfir, þegar hernámssamningurinn var gerður, að hið erlenda lið mundi á engan hátt hafa íhlutun um innanlandsmál okkar, og það er verkefni hæstv. utanrrh. að tryggja það, að um slíka íhlutun sé ekki að ræða. En því miður tók hæstv. ráðh. ekkert undir þessa aths.

Ég bar einnig fram spurningar áðan og hæstv. ráðh. svaraði þeim raunar. Hann sagði, að þessi mál hefðu ekki verið rædd innan ríkisstj., og um það var ég einmitt að spyrja. Ég ætlaði mér ekki að koma neitt aftan að hæstv. ráðh.; ég taldi, að það væri ósköp einfalt mál, ef þetta hefði ekki verið rætt innan ríkisstj., að segja það eins og hæstv. ráðh. sagði, þannig að það er alveg ástæðulaust að snupra mig í sambandi við það. Almennar fsp. ber ég hér fram eins og háttur er á þingi.

En hitt atriðið er fullkomið alvörumál, að hæstv. ríkisstj. fylgist vandlega með því, að það erlenda lið, sem dvelst hér, sé ekki með ótímabæra íhlutun um innanlandsmál okkar Íslendinga. Ég tók eftir því í þessari frétt í Morgunblaðinu, að á það var lögð sérstök áherzla af aðmírálnum, að hernámsliðið veitti yfir 900 millj. kr. á ári inn í íslenzkt efnahagskerfi,

eins og það var orðað. Það var auðséð, að aðmírállinn vildi leggja áherzlu á það, að við hefðum af því fjárhagslegan ábata að vera með hinn erlenda her á Íslandi. Við vitum ákaflega mörg dæmi um það, að hernámsliðið hefur reynt að komast í samband við fjölmarga aðila hér á Íslandi, félagasamtök og einstaklinga, og það vill reyna að búa þannig um, að vist þess hér sé talin eðlilegur hlutur. En hún má aldrei verða eðlilegur hlutur, ef við hyggjum á þá framtíð að fá að búa einir í landi okkar. Þess vegna á það að vera sérstök skylda þeirra manna, sem kölluðu her inn í landið, að gæta þess, að allir samningar séu fullkomlega í heiðri hafðir og að yfirmenn hernámsliðsins séu ekki með íhlutun eins og þá, sem Stone aðmíráll hefur haft í frammi.

Á 13. fundi í Sþ., 20. nóv., utan dagskrár, mælti

Ólafur Jóhannesson: Herra forseti. Í hádegisútvarpi var lesin frétt eða tilkynning frá gjaldeyrisbönkunum þess efnis, að gjaldeyrisviðskipti væru felld niður um sinn og þangað til öðru vísi yrði ákveðið. Ég vildi leyfa mér að mælast til þess, að hæstv. ríkisstj. og þá sérstaklega hæstv. bankamálaráðh. gæfi þingheimi nánari skýringu á þessari ákvörðun. Fólk spyr, hvað hér sé að gerast. Fólk spyr, hvort það megi á næstunni vænta viðbótargengisfellingar. Er jörðin að skríða undan fótum okkar? Ég skal á þessu stigi engan dóm leggja á þessa ákvörðun. Ég kemst hins vegar ekki hjá því að vekja athygli á því furðulega ósamræmi á milli þess, sem nú er gert, og þess, sem var að gerast hér á hv. Alþ. á mánudaginn í fyrri viku. Þá var verið að afgreiða hér mál um ráðstafanir vegna gengisbreytingar. Þá var gjaldeyrisbönkunum lokað einn dag. Það var talin höfuðnauðsyn á, að þetta mál yrði afgreitt þá samdægurs, vegna þess að manni skildist, að traust landsins út á við væri í hættu, ef ekki væri hægt að opna gjaldeyrisbankana á réttri stundu næsta dag. Og til mín komu þá bæði hæstv. forsrh. og hæstv. viðskmrh. og lögðu á það þunga áherzlu, að þetta mál næði fram að ganga, svo að bankarnir gætu hafið gjaldeyrisviðskipti næsta dag. Og jafnvel bankastjórar höfðu samband við mann út af þessum tíðindum og lögðu áherzlu á það, að hægt væri að opna bankana. Manni skildist þá, að einhver ósköp mundu ske, ef ekki væri hægt að opna gjaldeyrisbankana þegar á venjulegum tíma á þriðjudag. Og svo mikil áherzla var á þetta lögð, að okkur þm. Ed. var haldið á næturfundi fram undir kl. 5.

Nú er gjaldeyrisviðskiptum lokað, ekki einn dag, ekki um neinn ákveðinn tíma, heldur þangað til öðru vísi kann að verða ákveðið. Ég tel víst, að þeir, sem þessa ákvörðun hafa tekið, hafi í höndum miklu fyllri upplýsingar um þetta efni heldur en þær, sem heyra mátti í útvarpi, og ég tel æskilegt, að þær upplýsingar komi hér fram, þannig að þingheimur geti frekar áttað sig á þeim tíðindum, sem hér kunna að vera í vændum, og þjóðin öll.

Það hefur verið kunnugt, að það hefur leikið orðrómur á því, að frankinn mundi vera í hættu. Nú er mér ekki kunnugt um það, að Ísland hafi haft ýkja mikil viðskipti við Frakkland, og veit þess vegna ekki, hvort ástæða mundi vera til að hætta gjaldeyrisviðskiptum á Íslandi, þó að gengisbreyting kynni að vera í vændum á frankanum. En hitt má vel vera, að gengisbreyting á frankanum, ef til kæmi, dragi meiri slóða á eftir sér. Og þá er rétt, að það sé hér upplýst, ef kostur er. Eitt er víst, að þeir vísu menn, sem peninga- og gjaldeyrismálum ráða hér á landi, hafa sjálfsagt ekki hrapað að ákvörðun sem þessari, og eitthvað hlýtur á bak við að búa, og það vænti ég, að hæstv. viðskmrh. upplýsi hér á eftir.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Fyrir hádegi í dag barst ríkisstj. og Seðlabankanum vitneskja um, að í nágrannalöndum okkar væri opinber skráning á gengi felld niður og öllum gjaldeyrisviðskiptum frestað, þangað til öðru vísi væri ákveðið. Það er um það spurt, hvað hér sé að gerast. Ég vona, að um það geti enginn ágreiningur verið, að þegar öll nágrannalönd okkar grípa til slíkra ráðstafana að fresta gengisskráningu og hætta gjaldeyrisviðskiptum um sinn, komi ekki til mála, að við hér á Íslandi höldum uppi opinberri gengisskráningu og höldum áfram gjaldeyrisviðskiptum. Ástæðan er einfaldlega sú, að við getum að sjálfsögðu ekki haldið áfram að verzla með erlendan gjaldeyri, sem enginn veit, hvers virði er í raun og veru. Ef seðlabankar og gjaldeyrisbankar í nágrannalöndum telja sig knúða til þess að hætta viðskiptum með allan gjaldeyri, vegna þess að tiltekinn gjaldeyrir sé orðinn óviss í verði, þá vona ég, að allir geti verið sammála um, að ekki kemur til mála, að við höldum áfram fast við ákveðna skoðun á því, hvers virði sá gjaldeyrir sé, sem allar aðrar þjóðir telja sig orðnar í óvissu um, hvers virði sé.

Það, sem hér er að gerast, er því það, að um ákvarðanir er að ræða af hálfu yfirvalda í öllum helztu viðskiptalöndum okkar, sem við getum að sjálfsögðu ekki látið eins og vind um eyru þjóta. Við það, sem ég sagði áðan, bætist svo, að hætta kynni að vera á spákaupmennsku, sem yrði efnahagslífi og íslenzkum viðskiptaaðilum til mikils tjóns. Ég vona því, að stjórnarandstaðan geti á það sjónarmið fallizt, það sjónarmið, sem var einhuga sjónarmið ríkisstj. og Seðlabankans, að þessir alvarlegu atburðir erlendis gerðu það algerlega óhjákvæmilegt fyrir okkur Íslendinga að taka fullt tillit til þeirra, þ. e. a. s. hegða okkur með sama hætti og yfirvöldin í nágrannalöndum hafa hegðað sér. Það er áreiðanlega nóg um að deila milli stjórnar og stjórnarandstöðu á þessu sviði og mörgum öðrum sviðum, þó að við kjósum að standa saman um ákvörðun, jafnmikilvæga ákvörðun og þessa, þar sem um augljósa hagsmuni Íslands er að tefla og óverjandi mundi vera að hegða sér öðru vísi heldur en ríkisstj. og Seðlabankinn ákvað í morgun, að gert skyldi.

Að því er það snertir, hvað sé að gerast í Vestur-Evrópu, þ. e. a. s. hver sé ástæða þess, að þjóðir Vestur-Evrópu grípa til jafn gagngerðra ráðstafana og hér er um að ræða, get ég að sjálfsögðu ekki mikið sagt. Þó er mér óhætt að segja þetta. Það hefur verið kunnugt í öllum fjármálaheiminum undanfarna mánuði, vikur og þó sérstaklega undanfarna daga, að Frakkar hafa átt

við mikla erfiðleika að etja í sínum greiðsluviðskiptum, þannig að það hefur mjög komið til tals þar í landi, sterkur orðrómur verið uppi um það, að franska ríkisstjórnin og franski seðlabankinn muni grípa til gengislækkunar frankans til þess að gera alvarlega og endanlega tilraun til þess að eyða þeim greiðsluhalla og þeim gjaldeyriserfiðleikum, sem Frakkar hafa átt við að etja. Á hinn bóginn hefur það verið svo, að nágrannaþjóð Frakka, Þjóðverjar, hafa búið við mikinn greiðsluafgang í sínum utanríkisviðskiptum, þannig að ýmsir alþjóðafjármálafræðingar hafa talið, að þýzka markið væri í raun og veru vanmetið, þannig að eðlilegt væri af þýzku ríkisstjórninni og seðlabankanum að taka ákvörðun um það, að gengi marksins skuli hækkað í verði. Og mjög margir fjármálasérfræðingar og stjórnmálamenn í Vestur-Evrópu og Ameríku hafa verið þeirrar skoðunar, að í sjálfu sér mælti margt með því að lækka gengi frankans, en hækka gengi marksins. Með því móti mundi bezt verða séð fyrir því jafnvægi í alþjóðagreiðsluviðskiptum, sem hefur verið í alvarlegri hættu undanfarið, sem alvarlegar truflanir hafa orðið á undanfarið. Hins vegar hafa þýzka ríkisstjórnin og þýzki seðlabankinn hingað til staðið mjög öndverð gegn því, að þýzka markið yrði hækkað og hafa viljað grípa til annarra ráðstafana til þess að draga úr þeim óhagstæðu áhrifum á heimsviðskipti, sem hinn mjög svo hagstæði greiðslujöfnuður Þjóðverja hefur haft í för með sér. Og fram til síðustu stundar, fram til kvöldsins í gærkvöldi, var það líka yfirlýst stefna frönsku stjórnarinnar að reyna að grípa til annarra ráðstafana en gengisfellingar frankans til þess að eyða hinum óhagstæða greiðslujöfnuði Frakklands. Í tilefni af þessu hefur í dag verið boðað til ráðherrafundar tíu veldanna svonefndu, sem eru tíu helztu iðnaðarþjóðir í Vestur-Evrópu, sem aðild eiga að Alþjóðagjaldeyrissjóðnum. Þessi samtök þessara tíu landa eru í ár undir forsæti Þýzkalands, þ. e. a. s. undir forsæti þýzka efnahagsmálaráðherrans, Schiller, og þess vegna mun sá kostur hafa verið tekinn að halda þann fund í Bonn undir forsæti hans. Sömuleiðis þinga í dag bankar á Vesturlöndum í Basel og mér hefur skilizt það á fregnum, sem okkur hafa borizt í morgun, að vonir megi teljast til þess, að endanlegar ákvarðanir í þessum málum verði teknar í dag. Þó er mér sagt það, að í hádegisútvarpi, sem ég því miður ekki heyrði, hafi verið fregnir frá París um það, að óvíst sé, að það takist að ná endanlegum ákvörðunum í dag. Um þetta get ég í sjálfu sér ekkert sagt frekar en aðrir.

Það, sem við hljótum að vona hér, þegar því óvissutímabili lýkur, sem nú stendur yfir í dag og við vonum, að verði ekki langærra en dagurinn í dag, – það, sem við hér hljótum að vona, er, að þessi kreppa, sem nú er í gjaldeyrismálum og gengismálum Vestur-Evrópu, hafi ekki áhrif á gengi sterlingspunds eða gengi dollars. Ef Vestur-Evrópuþjóðunum tekst að leysa sín vandamál, sem fyrst og fremst eru vandamál Frakklands og Þýzkalands, ef þeim tekst að leysa þau vandamál þannig, að Bretar telji sínum hagsmunum ekki stefnt í voða, tel ég, að það, sem hefði gerzt, þurfi engin áhrif að hafa á nýlegar ákvarðanir Íslendinga eða á hag þeirra almennt skoðað. Ef sem sagt niðurstaðan verður sú, sem ég veit, að er stefna flestra ef ekki allra stjórna í hinum vestræna fjármálaheimi, að gengi sterlingspundsins og dollarsins haldist óbreytt, en aðrar ráðstafanir verði gerðar, annaðhvort í gengishlutfallinu milli franka og marks eða enn aðrar ráðstafanir í þessum löndum til þess að eyða því ójafnvægi og þeim áhrifum, sem þetta allt saman hefur haft á alþjóðagreiðslujöfnuðinn, þá tel ég óhætt að fullyrða, að við höfum ekkert að óttast í þessu sambandi og hagur okkar muni við þessar ráðstafanir ekki þurfa að versna í alþjóðaviðskiptum. Hitt er alveg augljóst mál, hlýtur að vera öllum alþm. ljóst og raunar öllum, sem um þessi mál hugsa og bera á þau eitthvert skynbragð, að ef þessi kreppa endar að einhverju leyti í áhrifum á gengi sterlingspunds eða dollars eða hvort tveggja, þá hlýtur það að hafa mikil áhrif á stöðu Íslendinga í alheimsviðskiptunum.

Um þetta getum við á þessu stigi ekki látið í ljós annað en frómar óskir um það, að gengi sterlingspunds og dollars haldist óbreytt. Þá mun okkar hlutur í stórum dráttum haldast óbreyttur í utanríkisviðskiptunum, og það hlýtur í sjálfu sér að vera keppikefli okkar allra.

Að síðustu vildi ég segja, að milli þessara atburða og þeirrar breytingar á gengi krónunnar, sem nýlega var tekin ákvörðun um, eru að sjálfsögðu alls engin tengsl. Enginn mannlegur máttur gat að sjálfsögðu séð það fyrir, ekki frekar á Íslandi heldur en í öðrum vestrænum löndum, að til þeirrar kreppu, sem nú er komið til, mundi koma á þessum drottins degi. Það var því engin ástæða til þess fyrir okkur Íslendinga að fresta þeim aðgerðum, sem að dómi okkar í ríkisstj. og Seðlabankanum voru orðnar algerlega óhjákvæmilegar. Og í raun og veru, þótt við hefðum frestað þeim, hefði það engin áhrif haft nema því aðeins, að þessari kreppu, eins og ég sagði áðan, ljúki með gengisbreytingu á pundi og dollar, sem við allir sameiginlega hljótum að óska eftir, að ekki eigi sér stað.

Ólafur Jóhannesson: Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. viðskmrh. fyrir þessi svör og þessar upplýsingar. Sé það rétt, sem hann upplýsti, að öll Norðurlöndin hefðu fellt niður gjaldeyrisviðskipti hjá sér, þá má sjálfsagt telja þessa ráðstöfun, sem hér hefur verið gerð, eðlilega eftir atvikum. Ég hafði nú ekki heyrt það áður, að öll Norðurlöndin hefðu gert þetta. Ég hafði heyrt eitthvað um Danmörku og Noreg. En hæstv. ráðh. upplýsir, að Svíþjóð og Finnland fari þar með. Hins vegar gat hæstv. ráðh. ekki gert mikla grein fyrir því, hvað væri að gerast, sem varla var kannske heldur að búast við. Hann lét þess þó getið, að það væri augljóst, að það væri ekkert vit í því að vera að verzla með gjaldeyri, sem enginn vissi, hvað gilti. Þetta segir náttúrlega sína sögu. Að sjálfsögðu er það augljóst mál, að það, sem gerist í þessum efnum á næstunni í helztu viðskiptalöndum okkar, getur haft mikla þýðingu hér. Auðvitað höfum við allir okkar frómu óskir, en óskirnar virðast nú duga lítið í þessu sambandi. Ekki get ég nú verið hæstv. ráðh. öldungis sammála um það, að enginn mannlegur máttur hafi mátt sjá, til hverra tíðinda mundi draga, vegna þess að undanfarna daga og jafnvel lengur heldur en undanfarna daga hefur verið sterkur orðrómur, eins og allir þekkja, um það, að breytingar mundu verða gerðar á gildi frankans. Að

vísu hafa frönsk stjórnarvöld borið á móti því, en það þekkja nú allir, að það er ekki alltaf mikið leggjandi upp úr því, hvað viðkomandi stjórnarvöld segja um það efni, þannig að ég held, að það sé of sterkt að orði kveðið hjá hæstv. ráðh., að það hafi enginn mannlegur máttur mátt gera ráð fyrir þessu, þó að auðvitað hafi enginn getað séð það fyrir, að þetta mundi skella yfir akkúrat í dag. En ég ætla ekkert að fara að krefja hæstv. ráðh. frekari sagna um það, hvað hér mundi gerast eða hverra tíðinda hér mundi að vænta, ef svo færi, að frankinn yrði felldur og fall hans hefði áhrif á gengi pundsins.

Ég get alveg fallizt á það sjónarmið, sem kom fram hjá hæstv. ráðh., að það geti verið eðlilegt, þegar svona stendur á, að loka gjaldeyrisviðskiptum til þess að koma í veg fyrir spákaupmennsku og annað verra. Og ég get meira að segja bætt því við, að ég held, að það hefði verið full ástæða til þess að grípa til þvílíkra ráðstafana oftar. Ég býst t. d. við því, að það hefði ekki sakað að grípa til þess að loka gjaldeyrisviðskiptum hér um skeið, áður en gengisfellingin var ákveðin. En um það ætla ég nú ekki að fara að deila nú. Það gefst tækifæri til þess síðar. En ég vil aðeins segja það, að þó að það megi segja eins og hæstv. ráðh. sagði, að það væri ekkert samband á milli þessara atburða, sem nú eru að gerast, og gengisfellingarinnar, sem gerð var hér u. þ. b. fyrir 1½ viku, þá stendur það óhaggað, sem ég sagði, að þá þóttu ein ósköp við liggja, að gjaldeyrisbankarnir væru ekki lokaðir nema einn einasta dag. Það þótti svo mikið við liggja, að þörf var talin á næturfundi og ástæða til að knýja málið fram, án þess að nokkur venjuleg, þingleg athugun gæti þá farið fram á því. En ég dreg þá ályktun af því, sem einmitt nú kemur fram, að það veltir hlutunum ekkert á annan endann, þó að gjaldeyrisviðskiptum sé lokað 1, 2 eða 3 daga, og það eitt út af fyrir sig setur traust landsins út á við ekki í neina hættu. Þess vegna tel ég einmitt með þessum atburði sannað, það sem ég vissi alltaf, að var rétt, að það var engin þörf á því að fá það mál afgreitt samdægurs.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð út af síðustu ummælum hv. þm. Ég er þeirrar skoðunar, að það sé mjög skaðlegt viðskiptalífi þjóðar og raunar áliti hennar og lánstrausti út á við, ef stöðva þarf gengisskráningu og gjaldeyrisviðskipti meira en einn dag. Það vita allir, að til slíkra ráðstafana getur þurft að grípa á þeim degi, sem mjög mikilvægar ákvarðanir í gengismálum eða peningamálum eru teknar, svo sem t. d. gengisbreyting er. Og mér er fullvel kunnugt um það, að hinar þjóðir Norðurlandanna og helztu viðskiptaþjóðir okkar í Vestur-Evrópu líta alveg sömu augum á málið. Í raun og veru ber mjög að forðast undir slíkum kringumstæðum, að það þurfi nokkuð að loka gjaldeyrisbönkum, og slíkar ákvarðanir sem þetta eru gjarnan teknar um helgi, þ. e. a. s. meðan á venjulegu helgarfríi peningastofnananna stendur. Um það mætti nefna fjölmörg dæmi einmitt til staðfestingar því, að það er almenn skoðun, að mjög óhagkvæmt sé og mjög óhagstætt, sérstaklega landinu sjálfu og þess eigin utanríkisviðskiptum, ef stöðva þarf jafnmikilvægan þátt þjóðarbúskaparins eins og viðskipti með erlendan gjaldeyri og tollafgreiðslur á vörum eru. Þess vegna var það með góðri samvizku og í sterkri trú á, að verið væri að þjóna heildarhagsmunum landsins og hagsmunum íslenzks viðskiptalífs og þar með íslenzkra neytenda, þegar farið var fram á það við stjórnarandstöðuna í sambandi við gengisbreytinguna síðustu hér hjá okkur, að gjaldeyrisbankarnir þyrftu ekki að vera lokaðir nema í einn dag. Þannig stendur líka á þeim ummælum mínum áðan, að ég vonaðist eindregið og einlæglega til þess, að þessi kreppa í Vestur-Evrópu leystist í dag, í kvöld, þannig að bankar í viðskiptalöndum okkar tækju aftur upp gengisskráningu í gjaldeyrisviðskiptum í fyrramálið og mundum við þá að sjálfsögðu gera það sama. Munurinn á aðstæðum um daginn og aðstæðum nú er sá, að þá höfðum við sjálfir í hendi okkar, hversu lengi gjaldeyrisbankarnir skyldu verða lokaðir. Við höfðum það í hendi okkar, að truflunin þyrfti ekki að vara nema í einn dag. Þess vegna var það, sem við forsrh. fórum fram á það við leiðtoga stjórnarandstöðunnar, að þeir féllust á það að afgreiða þetta frv. með nokkuð sérstökum hætti, sem ég skal fúslega játa, að gert var, og ég skal enn fremur taka það skýrt og ljóst fram, að við metum það mjög mikils við leiðtoga stjórnarandstöðunnar og stjórnarandstöðuna yfirleitt, að hún skyldi verða við þessum óskum okkar, og teljum, að með þessari sameiginlegu afstöðu höfum við þjónað heildarhagsmunum landsins á mjög mikilvægu sviði og þar með íslenzku viðskiptalífi og íslenzkum neytendum. Nú stendur allt öðru vísi á. Þessari lokun er þröngvað upp á okkur erlendis frá, ef ég má svo til orða taka. Hún er óhjákvæmileg afleiðing hjá okkur af ráðstöfunum erlendra ríkisstj. og erlendra seðlabanka. Við verðum að sjálfsögðu að hafa hér lokað jafnlengi og þeir halda sínum viðskiptum lokuðum. Það viðurkenndi hv. þm. mér til mikillar ánægju og af kunnri sanngirni, að ekki væri hægt að ætlast til þess, að við hér norður í nyrztu höfum héldum áfram gjaldeyrisviðskiptum, þegar allar hinar þjóðir Norðurlanda og helztu þjóðir í Vestur-Evrópu treystu sér ekki til þess að halda uppi gjaldeyrisviðskiptum. Í þessu efni verðum við að játa það eins og er, að við verðum að fara eftir ákvörðunum annarra. Við verðum að hegða okkur eins og allar okkar helztu viðskiptaþjóðir í Vestur-Evrópu hegða sér. Það er því ekki á okkar valdi í þessu tilfelli, hversu lengi þessi stöðvun gjaldeyrisviðskipta og frestun gengisskráningar varir. En hitt vildi ég segja að síðustu og leggja á það mjög sterka áherzlu, að ég veit það af viðtölum í morgun, að á það er lögð megináherzla, að kreppan sé til lykta leidd í dag einmitt vegna þess, hversu stórfellt tjón það er talið, ef stöðva þarf gjaldeyrisviðskipti lengur heldur en í einn dag eða einn sólarhring. Og það get ég sagt, að hér munu gjaldeyrisviðskiptin verða tekin upp um leið og eðlileg gjaldeyrisviðskipti komast á í viðskiptalöndum okkar í Vestur-Evrópu.

Forsrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Það var eingöngu vegna þess, að hv. 3. þm. Norðurl. v. vitnaði í mín ummæli. Það er rétt, að ég átti tal við hann um það að hraða meðferð málsins á dögunum, en ég hygg mig muna það rétt, að ég lagði megináherzlu á þægindi í innlendum viðskiptum. Ég fjallaði út af fyrir sig ekki um það, hvort þetta mundi baka Íslandi mikið van-

traust erlendis. Ég ber ekki neitt á móti því, sem hæstv. viðskmrh. segir um það, en minn málflutningur byggðist eingöngu á hinu, að það væri nauðsynlegt fyrir eðlilegan gang viðskipta hér, að gjaldeyrisverzlunin yrði lokuð sem allra skemmst. Og þetta hygg ég, að ekki verði um deilt. Það liggur svo í augum uppi, að þegar hætt er að skrá gengi þess gjaldeyris, sem við verzlum mest með, af þeirra eigin heimaþjóðum, getum við ekki haldið áfram þeirri verzlun. Það segir sig alveg sjálft. Enda er ekki um það deilt. Og þess vegna eigum við ekki annars úrkosti, heldur en að gera þá ráðstöfun, sem hér hefur verið gerð. Ég skal játa, að mér kom algerlega á óvart, að það mundi hafa svo víðtækar verkanir, þessi lokun, sem maður heyrði um í útvarpinu í morgun, að kauphöllum hefði verið lokað í París og London og Bonn, að vísu var sagt, að það væri almennur frídagur í Bonn. Og þó maður hefði heyrt um erfiðleika á skráningu frankans – að halda honum uppi, – gerði ég mér ekki grein fyrir, að þeir örðugleikar mundu hafa svo skyndilega verkun, að bönkum í okkar helztu viðskiptalöndum yrði lokað varðandi gjaldeyrisverzlunina. Það er sitt hvað, þó að eitt land eigi í örðugleikum, eins og Frakkland, að afleiðingarnar breiðist jafnört út eins og hér ber raun vitni. Um þetta tjáir hins vegar ekki að deila. Þetta liggur hér fyrir, og um sjálfa þá athöfn, sem hér hefur verið gerð, finnst mér ekki vera neinn ágreiningur.

Ég endurtek það, að ég mat það við hv. stjórnarandstöðu á dögunum, að málið var þá, umrætt mál, afgreitt á einum degi eða þannig, að ekki þurfti af þessum sökum að loka algerlega fyrir gjaldeyrisverzlun hér nema einn dag. Það er að vísu svipað því, sem áður hefur verið stundum. Þetta hefur staðið nokkuð misjafnlega af sér, en alltaf hafa menn leitazt við að hafa slíkan frest sem skemmstan; menn hafa alltaf leitazt við það. Eins og það hefur verið föst venja, svo lengi, sem ég man, að þrátt fyrir harðan ágreining á milli stjórnmálaflokka hafa stjórnarandstæðingar orðið við óskum ríkisstjórnar um að afgreiða mál, jafnvel mjög flókin mál á mjög skömmum tíma, þegar það hefur verið ljóst, að afgreiðslan ein mundi verka mjög truflandi, ef hún drægist, vegna þess að menn hafa þá hugsað sér, að hægt væri að halda áfram deilum um efni málsins síðar, þó að það yrði ekki umflúið, sem hvort eð var ljóst orðið, að gert mundi verða.

Á 31. fundi í Nd., 17. des., utan dagskrár, mælti

Jónas Árnason: Herra forseti. Frá því hefur verið skýrt í blöðum, að yfirmaður verzlunar hersins á Keflavíkurflugvelli hafi bannað íslenzkum starfsmönnum verzlunarinnar að tala móðurmál sitt sín á milli. Í tilefni af þessu leyfi ég mér að beina þeirri fyrirspurn til hæstv. utanrrh., hvað hann hafi aðhafzt í þessu máli, hvort hann telji það ekki í sínum verkahring að gæta sóma Íslendinga gagnvart þeirri ósvífni, sem þessi maður hefur í frammi, hvort ekki sé ástæða til þess að víkja þessum manni frá og vísa honum jafnvel úr landinu eins og gerzt hefur áður, þegar ósvífni bandarískra yfirmanna á Keflavíkurflugvelli hefur tekið út yfir allan þjófabálk, eins og t. d. þegar þeim yfirmanni, sem eitt sinn skipaði Íslendingum þremur eða fjórum að leggjast á magann í forarpoll, var vísað úr landi. Þetta er í stuttu máli fyrirspurn til hæstv. utanrrh.

Utanrrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Þessari fsp. háttv. þm. get ég svarað, án þess að hafa nokkuð getað undirbúið það, á þann hátt, að strax og ég sá þessa fregn í blöðum, þá spurðist ég fyrir um það hjá varnarmálanefnd, hvort þetta væri tilfellið, og var þá sagt, að maður hefði komið þarna til starfa sem yfirmaður verzlunarinnar nýr og ókunnugur, og sjálfsagt hefði hann gert þetta af ókunnugleika einum. Þessu er nú búið að kippa í lag, eftir því sem ég veit bezt.

Jónas Árnason: Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðh. upplýsingarnar. Hann segir, að þessu hafi verið kippt í lag. Það er að vísu ekki ljóst, á hvern hátt þessu hefur verið kippt í lag. Jafnframt segir hann, að þessi maður sé nýr og hann hafi gert þetta af ókunnugleika einum. Ég vil þá beina því til hæstv. utanrrh., að hann geri yfirmönnum á Keflavíkurflugvelli ljóst í eitt skipti fyrir öll, að við Íslendingar ætlum okkur að halda áfram að tala móðurmál okkar hver við annan.

Á 27. fundi í Sþ., 7. febr., utan dagskrár, mælti

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Ég hafði nú í rauninni búizt við því, að hæstv. ríkisstj. flytti Alþ. hér að þessu sinni skýrslu um það alvarlega ástand, sem nú er upp komið í landinu og allir þekkja til. Alþ. hefur ekki setið að störfum nú um alllangan tíma og þennan tíma hefur margt alvarlegt gerzt í landinu, sem er þess eðlis, að það er í rauninni varla hægt að hefja hér þingstörf, án þess að að þessum málum sé vikið.

Við vitum, að þær ráðstafanir, sem samþykktar voru í efnahagsmálum dagana rétt fyrir þingslitin eða fyrir jólin, voru samþykktar hér á Alþ. ég hygg með þá trú frá hálfu þeirra, sem að löggjöfinni stóðu, að með þeirri löggjöf, sem þar var sett, mætti búast við því, að fjör færðist í atvinnuvegi landsmanna, og eins og sagt var: Öll hjól framleiðslunnar færu af stað. Við Alþb.-menn vöruðum ríkisstj. við því að setja þau lög, sem þá voru sett og gripu jafnmikið inn í launakjör þýðingarmikilla starfsstétta í landinu og raun varð á, og ég man eftir því, að ég hafði þau orð hér, að mér þætti langsennilegast, að afleiðingarnar yrðu þær, að það kæmi til alvarlegrar stöðvunar í framleiðslulífi landsins, ef þessi lög yrðu sett. Reynslan hefur nú sýnt það, að aðvaranir okkar Alþb.-manna voru ekki ástæðulausar. Nú hefur þegar farið þannig, að svo til allur fiskiskipafloti landsmanna hefur stöðvazt á hávetrarvertíðinni nokkuð á annan mánuð. Auðvitað vita allir það, að hér er um gífurlegt tjón að ræða fyrir þjóðarbúið sem heild, og skiptir þar ekki höfuðmáli, hver veldur því, að svona hefur til tekizt. En þó held ég, að enginn vafi leiki á því, að ástæðan til þess, að þessi stöðvun hefur orðið, liggur í því, að hér voru samþykkt lög á Alþ., sem slitu í sundur gerða samninga og hlutu í rauninni að leiða til átaka um kjaramálin. Við Alþb.-menn teljum, að það hvíli á hæstv. ríkisstj., vegna þess hvernig til hefur tekizt, hvíli á henni sérstök skylda að reyna að beita sér fyrir því, að

lausn fáist á þessari deilu, og þá ekki síður á hinu, að ekki þurfi þá að koma til nýrrar deilu þegar að þessari lokinni, þ. e. a. s. deilu um það stórmál, hvort greiða skuli vísitöluuppbætur á laun eða ekki, en eins og kunnugt er hafði hæstv. ríkisstj. tilkynnt það hér á Alþ., að hún hygðist beita sér fyrir þeirri reglu, að vísitöluuppbætur yrðu ekki greiddar á laun. Hins vegar liggur það fyrir, að verkalýðshreyfingin í landinu hefur gert um það samþykkt, að hún muni ekki una við slíkar reglur, og bendir þá allt til þess, að það geti skollið hér á ný verkfallsalda út af því ágreiningsmáli um næstu mánaðamót, ef ekki verður komið í veg fyrir það í tíma. Mér sýnist því, að við stöndum frammi fyrir svo alvarlegum málum í þessum efnum, að það sé full ástæða til þess, að hæstv. ríkisstj. geri Alþ. grein fyrir því, hvernig er ástatt um þessi mál og hvaða leiðir hún hugsar sér að reyna að fara til þess að bægja þessum voða frá. Mér hefði einnig fundizt full ástæða til þess, að ríkisstj. hefði skýrt hér Alþ. strax í upphafi þessa starfstímabils nokkuð frá því, hvað er að gerast varðandi atvinnuleysismálin. Það hefur nokkuð verið skýrt frá þeim aðgerðum í blöðum, en mjög ónákvæmt á allan hátt. Frá því hefur verið skýrt, að ætlað sé að veita út í atvinnulífið um 300 millj. kr. En engar upplýsingar hafa komið fram um það, hvernig á að afla þessa fjár, og auðvitað hlýtur þetta að vera málefni Alþ., sem ástæða er til fyrir ríkisstj. að láta ræða hér á þingi.

Það skiptir auðvitað miklu máli, hvernig að því er staðið að reyna að leysa slíkan vanda, sem nú er upp kominn. Ég vænti þess, að hæstv. ríkisstj. gefi Alþ. mjög fljótlega skýrslu um þessi mál og um það, hvað hún hyggst fyrir í þessum efnum, og það var aðalerindi mitt hér upp í ræðustólinn að fara fram á það, að það yrði gert.

En fyrst ég er hér kominn, þykir mér rétt að víkja aðeins að því í leiðinni, sem ég las í Morgunblaðinu í morgun, að ég og annar hv. alþm. hefðum haft hér *afgerandi áhrif á samningafundi um þessa deilu í gær*, og erum við bornir í þeim efnum allþungum sökum. Ég veit ekki hvað mig áhrærir um annað tilefni en það, að ég var hér staddur í alþingishúsinu í gær klukkan fjögur á blaðamannafundi, sem minn flokkur hélt þar, og þegar þessum blaðamannafundi, þar sem m. a. voru staddir fulltrúar frá Morgunblaðinu, var lokið, gekk ég eins og leið liggur niður stigana, hitti að vísu fyrir mér á „Kringlunni" í örfáar mínútur forstjóra Landssambands ísl. útvegsmanna, Sigurð Egilsson, og yrti á hann og hann á mig örfáum orðum, og síðan gekk ég út úr þinghúsinu og var hér ekki meir. En tilefnið verður svo það, af því að ég hafði sézt hér í þinghúsinu daginn fyrir þingsetningu, að ég væri hér að verki og hefði stöðvað hér alla samningagerð. Ég vil aðeins segja það í tilefni af þessu, að þetta er auðvitað dæmi um alveg furðulega ósvífna blaðamennsku. En ég vil vænta þess, að þeir aðilar, sem einhver áhrif geta haft á það, hvernig til tekst með lausn þeirra alvarlegu deilumála, sem við stöndum nú frammi fyrir, að þeir reyni að taka á þessum málum á annan hátt en þann að reyna ýmist að sakfella þennan eða hinn fyrir það, að stöðvunin skuli enn vera. Það þýðir auðvitað ekki annað í þessum efnum en að gera sér fulla grein fyrir því, að það hafa verið sett hér lög á Alþ., sem aðilar vinnumarkaðarins urðu að taka tillit til. Samningar, sem voru í fullu gildi, voru slitnir í sundur með lögum, og síðan hafa þessir aðilar á vinnumarkaðinum ekki komið sér saman.

Ég endurtek svo þá beiðni mína til hæstv. ríkisstj., en ætlast ekki til þess frá minni hálfu, að hér hefjist neinar almennar umræður um þessi mál. En ég óska eftir því, að hæstv. ríkisstj. flytji Alþ. hið fyrsta skýrslu sína um þessi mál og hvað hún hyggst fyrir til þess að bægja þeirri miklu hættu frá dyrum almennings í landinu, sem nú blasir við og allir vita um.

Ólafur Jóhannesson: Herra forseti. Ég vil leyfa mér að taka undir orð síðasta ræðumanns, hv. 4. þm. Austf., Lúðvíks Jósefssonar, og fara þess á leit, að ríkisstj. gefi Alþ. hið fyrsta skýrslu um það, hvernig málin standa í þeim efnum, sem öllum eru nú efst í huga, atvinnuleysismálunum og kjaradeilu sjómanna. Ég vænti þess, að hæstv. ríkisstj. verði við þeirri ósk, og vegna þess skal ég ekki fara mörgum orðum um þessi mál nú. En vitaskuld er það eðlilegt, að það vandræðaástand, sem nú ríkir í þjóðfélaginu, sé rætt strax og Alþ. kemur saman til framhaldsfunda, – strax og Alþ. kemur saman til funda á þessu ári. Það hefði að mínum dómi verið full ástæða til þess að kveðja Alþ. saman fyrr, til þess einmitt að fjalla um þessi alvarlegu mál, því að sannarlega eru þau svo alvarleg og hafa verið svo alvarleg.

Það er að vísu góðra gjalda vert, að hæstv. ríkisstj. hefur átt hlut að því að setja upp atvinnumálanefndir, og það er góðra gjalda vert, að hún hefur stefnt þeim saman til funda hér í Reykjavík til þess að ræða þessi mál öll við þær. En ég hygg nú samt, að það hefði nú fyrst af öllu átt af ríkisstj. hálfu að ræða þessi mál við Alþ. og á Alþ.

Það þarf náttúrlega ekki að eyða orðum að því, hve sjómannaverkfallið er alvarlegt og hvert tjón þjóðfélagið bíður af því og hver höfuðnauðsyn það er, að það leysist. Um það hljóta allir að vera sammála. Og *það er mikið böl, að til þessa sjómannaverkfalls skyldi koma*. Til þess hefði aldrei átt að koma, og það er með öllu óvíst, að til þess hefði komið, ef hlutur sjómanna hefði ekki verið rýrður svo sem gert var með l. um ráðstafanir vegna sjávarútvegsins. En í umræðum um það mál á Alþ. var margbent á það, hverjar afleiðingar samþykkt þess frv. mundi hafa. Það var margbent á það, að með setningu þeirra laga væri beinlínis verið að stofna til ófriðar á vinnumarkaði, og það var beinlínis verið að ögra sjómönnum með því að rýra hlut þann, sem þeir áttu samkvæmt löglegum samningum. Ég sagði þá og ég segi enn, að ég vil ekkert um það dæma, hvort þau hlutaskipti, sem um hafði verið samið á sínum tíma, voru sanngjörn eða eðlileg, en þau skipti og þá samninga höfðu útgerðarmenn samþykkt. Þeir samningar áttu að standa í gildi óbreyttir, þangað til þeim var breytt af réttum samningsaðilum. Ég er ekki í nokkrum vafa um það, að það var mikil vangá af löggjafanum að grípa þarna inn í. Ég verð þó að segja það, að sjómenn, hásetar a. m. k., hafa sízt af öllu gert meiri kröfur en búast mátti við eftir atvikum. Og ég verð að segja það, að þegar litið er til þess, hverjar kröfur þeir hafa gert, er ég satt að segja mjög hissa á því, að það skuli ekki þegar vera búið að leysa þetta verkfall. Það sýnist satt að segja ekki vera svo mikið, sem á milli ber,

að það er undarlegt, að það skuli ekki hafa tekizt að miðla málum. Við vitum um þær tvær höfuðkröfur, sem þar hafa verið hafðar uppi af hálfu hásetanna, þ. e. fæðiskostnaður og aðild að lífeyrissjóði. Ég skal ekki fara að ræða þær kröfur, en ég held, að flestir, sem átta sig á þeim, verði að viðurkenna, að þær eru ekki ósanngjarnar.

Ríkisstj. segist hafa reynt að greiða fyrir lausn þessa máls, eftir því sem hún hefur getað. En það liggur ljóst fyrir, að góður vilji hennar og áhrif hafa ekki dugað til þess að leysa þessa deilu. Það er því augljóst, að hún verður að gera betur.

Án þess að ég ætli að fara langt út í málið, eins og ég sagði í upphafi, verður ekki hjá komizt að vekja athygli á vægast sagt dálítið einkennilegum skrifum annars stjórnarblaðsins um þetta mál. Í ritstjórnargrein í Alþýðublaðinu fyrir örfáum dögum var sagt, með leyfi forseta:

„Ef það væri á valdi ráðherra Alþýðuflokksins að leysa deiluna, væru róðrar löngu hafnir aftur. Það er von flokksins, að deilan leysist sem allra fyrst, þannig að sjómenn geti vel við unað."

Þarna er vissulega gefið í skyn, að það strandaði á ráðherrum Sjálfstfl., að þessi deila er ekki leyst. Ég held, að það sé ekki til of mikils mælzt, að það sé óskað skýringar á þessum ummælum. Og það er jafnframt ástæða til þess að spyrja: Hver hafa verið þessi ráð Alþfl. til þess að leysa þessa deilu, sem ekki hafa náð fram að ganga? En heyra þessi mál ekki fyrst og fremst undir sjútvmrh., ráðh. Alþfl.? Hvaða ráðh. hefur það fremur á valdi sínu en hann, einmitt hann, að stuðla að lausn þessarar deilu, að miðla málum í þessari deilu? Er það ekki fyrst og fremst í hans verkahring? Það er æskilegt, að hæstv. sjútvmrh. geri frekari grein fyrir aðgerðum sínum í þessu máli. En hitt vil ég svo að lokum segja um þessa deilu, að það er nauðsynlegt, að hún sé leyst tafarlaust. Það held ég, að eigi að vera hægt. Og um það eiga öll öfl að sameinast að leysa verkfallið sem fyrst. Og ég vil segja það, að Framsfl. er reiðubúinn, jafnt þó að hann sé í stjórnarandstöðu, að leggja lið sitt til hvers konar skynsamlegra ráðstafana, sem gætu leitt til eða stuðlað að lausn þessarar deilu.

Hitt er svo ekki síður alvarlegt, hve atvinnuleysið hefur farið hér vaxandi að undanförnu og hve geigvænlegt það er orðið. Að sjálfsögðu vona menn, að nokkuð rakni úr í þeim efnum, þegar sjómannaverkfallið leysist. En því fer þó fjarri, að það muni leysa allan vanda í þeim efnum. Það, sem ég vil segja um þessi atvinnuleysismál á þessu stigi, er það, að atvinnuleysið var löngu fyrirsjáanlegt. Það var fyrirsjáanlegur samdráttur í atvinnulífinu. Það var einmitt eitt meginumræðuefni má segja í viðræðum stjórnmálaflokkanna s. l. haust, og ég held, að það hafi þá allir, sem í þeim tóku þátt, verið sammála um það, að atvinnuleysið væri hið mesta böl, sem átt gæti sér stað, og allir verið sammála um það, að það þyrfti að gera eitthvað til þess að bægja því frá. En hvað hefur verið gert? Því miður harla lítið til þessa. Gengislækkunin var gerð, en hún hefur ekki reynzt sá fjörgjafi atvinnuvegunum, sem sagt var, að hún yrði, svo sem hv. 4. þm. Austf. drap hér á áðan. Hún hefur ekki megnað að fá hjól atvinnulífsins til þess að snúast svo sem haldið var fram af forsvarsmönnum hennar. Það þurfti auðvitað að gera samhliða og um leið og gengislækkunin var framkvæmd margar hliðarráðstafanir, m. a. ráðstafanir til eflingar atvinnulífsins. Þær átti auðvitað að mínum dómi að gera áður en gripið var til þessarar stóru ráðstöfunar, og ef það hefði verið gert, hefði að mínum dómi mátt komast af með miklu minni gengisfellingu eða aðra hliðstæða ráðstöfun heldur en raun bar vitni. Nú þýðir ekki um það að tala. Gengislækkunin var framkvæmd svo sem gert var, og hún er sú staðreynd, sem menn verða að ganga út frá, en þá þurfti auðvitað strax, þá þegar eftir að hún hafði verið framkvæmd, að gera tafarlausar ráðstafanir til þess að hleypa lífi í atvinnuvegina, því að annars var atvinnuleysi bersýnilegt fram undan. Og í umr. um vantraust, sem hér fóru fram á hv. Alþ. þá skömmu eftir, lagði ég einmitt megináherzlu á það í minni ræðu, að það yrði að gera ráðstafanir til eflingar atvinnulífsins og til þess að bægja frá atvinnuleysi og það yrði að gera þær strax, en það var ekki gert, því miður. Það var látið dragast og svo mjög daufheyrðust menn við þessum aðvörunarorðum og svo mjög trúðu menn á vísdómsorð forsvarsmanna gengislækkunarinnar, að á Alþ. felldu menn fyrir jólin í sambandi við fjárlagaumr. till. um að veita 300 millj. til atvinnuaukningar. Það er fyrst í janúarmánuði, sem samið er um það í samningum við verkalýðsfélögin að útvega 300 millj. til atvinnuaukningar. Og eins og ég sagði áðan, vil ég telja það út af fyrir sig mjög góðra gjalda vert, að þessar atvinnumálanefndir hafa verið settar á stofn. En það er sýnilegt, og það hefur komið fram hjá hæstv. forsrh., að það tekur sinn tíma, að þær ráðstafanir, sem atvinnumálanefndir gera till. um, komist í framkvæmd. En hvað á fólkið að gera á meðan? Fólkið getur ekki sofið á meðan. Það er atvinnulaust, og það verður að gera tafarlausar ráðstafanir. Það er það, sem ríður á. Það er ekki nóg að athuga málin. Það getur verið gott og nauðsynlegt að athuga málin, en þegar málin eru komin í þann hnút, sem nú er, þarf skjót handtök. Og ég vil vænta þess, að það verði höfð í þessum efnum skjótari handtök heldur en ætla má eftir því, sem enn hefur fram komið, og menn þurfi ekki að bíða mánuðum saman eftir því að sjá árangurinn af starfi þessarar atvinnumálanefndar, og að sem allra fyrst verði fé það fengið og útvegað, sem heitið hefur verið til þessa. Þess er mikil þörf og þyrfti auðvitað meira, en vitaskuld viðurkenna allir, að því eru takmörk sett, hve mikið fé er hægt að útvega. En það er hægt að gera ýmsar aðrar ráðstafanir til þess að létta byrðar á atvinnuvegunum og greiða fyrir því, að hjól atvinnulífsins fari að snúast. Á það hafa menn lítt viljað hlusta til þessa.

En ég vil nú vænta þess, að ríkisstj. hæstv., reynslunni ríkari, fari að hugsa sitt mál og fari að hugsa um það í fullri alvöru, hvort full reynd sé nú ekki komin á þá stefnu, sem hún hefur framfylgt til þessa, og hvort ekki sé kominn tími til þess að breyta um stefnu.

Ingvar Gíslason: Herra forseti. Það var nú satt að segja ekki meining mín að fara að taka hér þátt í umr. utan dagskrár um eitt eða neitt málefni, en þegar ég var að leggja af stað heiman frá mér, þar sem ég bý suður í

Hafnarfirði, og fékk samflot með einum þm., sem þar á heima, þá fór hann að minnast á, að það væri aldeilis frétt í Morgunblaðinu af afrekum mínum. Þetta kom nú allt flatt upp á mig, því að ég vissi ekki til þess, að ég hefði unnið til þess hina síðustu daga að komast á forsíðu Morgunblaðsins. Og þegar ég kom svo hingað niður í þinghús, varð þetta blað fyrir mér, Morgunblaðið, með þessari stóru baksíðufrétt um það, að framsóknarmenn og kommúnistar reyni að spilla sem allra mest fyrir samkomulagi í þeirri deilu, sem nú er til lausnar hjá sáttasemjara ríkisins. Og sérstaklega eru tveir þm. bendlaðir við þetta athæfi, að reyna að spilla þessum samningum, og annar þeirra er hv. 4. þm. Austf. og hinn þm. er ég.

Nú ætla ég ekki, og hef kannske enga ástæðu til þess í sjálfu sér, að fara að standa hér upp og bera af mér sakir vegna þess, sem Morgunblaðið er að segja, því að augljóst er, að hér er um fullkomna fölsun að ræða og algeran tilbúning. Ég hygg, að það sé eins og hv. 4. þm. Austf. hefur skýrt frá og rétt er að sjálfsögðu skýrt frá hjá honum, að þá hafi hann átt hér lögmætt erindi í þinghúsið eins og fleiri þm., og þannig stóð á um mig í gær. Ég átti hér fullkomlega lögmætt erindi og var hér staddur í húsinu, kannske klukkutíma, við að skrifa bréf og hringja í nokkur símanúmer bæði hér í bænum og utan bæjar. Þetta er nú eitt af því, sem við þm. gerum hér gjarnan í þinghúsinu og teljum vera fullkomlega lögmæt erindi. Þar á meðal átti ég erindi inn í símaklefa okkar framsóknarmanna, sem er við hliðina á flokksherbergi okkar, og fór þar að sjálfsögðu inn og hafði þar nokkra viðdvöl. Jafnframt hef ég að sjálfsögðu kastað kveðju á og átt einhverjar viðræður við kunningja mína þarna í hópi samningamanna, og tel, að mér hafi verið það fullkomlega heimilt, og fóru þær viðræður allar fram vinsamlega og án alls áróðurs af minni hálfu og að sjálfsögðu án þess, að þeir væru þar neitt til þess að taka við fyrirskipunum frá mér. Enda vil ég taka það alveg skýrt fram, að mér er það persónulegt áhugamál og það er áhugamál framsóknarmanna yfirleitt, að þessi deila fari að leysast, og við gefum engar fyrirskipanir – hvorki ég sem einstaklingur né heldur Framsfl., – við gefum engar fyrirskipanir til samningamannanna, sem að þessu standa, og treystum þeim fullkomlega, á hvora hliðina sem þeir standa, til þess að leysa þessa deilu, og við treystum einnig sáttasemjara ríkisins til þess að leiða þessa deilu farsællega til lykta. Og við treystum því að sjálfsögðu, að þessir aðilar komi sér saman, og við munum ekki, hvorki sem flokkur né samtök né heldur sem einstaklingar, reyna að hafa þar nein spillandi áhrif á.

Eðvarð Sigurðsson: Herra forseti. Eins og öllum hv. alþm. mun kunnugt, er hér lokið fyrir nokkrum mínútum útifundi, sem haldinn var á Austurvelli til að mótmæla atvinnuleysi og kjaraskerðingu. Ég vil nota þetta tækifæri til þess að kynna hv. alþm. ályktun, sem þessi fundur samþykkti og verður afhent formönnum þingflokkanna og er þegar komin í hendur nokkurra þeirra. Með leyfi forseta vil ég þá lesa þessa ályktun:

„Fjölmennur útifundur um atvinnumál, haldinn 7. febrúar 1969 að tilhlutan verkamannafélagsins Dagsbrúnar og Trésmiðafélags Reykjavíkur, samþykkir að senda Alþingi og ríkisstj. eftirfarandi ályktun:

Fundurinn telur, að það ástand, sem nú er orðið í atvinnu- og afkomumálum alþýðufólks, sé með öllu óviðunandi. Atvinnuleysið um allt land er nú orðið gífurlegt, og munu nú vera skráðir atvinnulausir um 5500 manns. Atvinnuhorfur fara enn versnandi og er augljóst, að margir þeir, sem enn hafa vinnu, standa frammi fyrir minnkandi atvinnu eða atvinnuleysi. Unga fólkið hefur þegar fengið að kenna á atvinnuleysi og skólaæskan orðið að búa við ónóga atvinnu á s.l. sumri. Þetta alvarlega ástand í atvinnumálum er að verða viðvarandi í mörgum greinum. Jafnhliða samdrætti á vinnumarkaði og minnkandi atvinnu almennt vex dýrtíðin í landinu hröðum skrefum, og þó er ætlazt til þess af stjórnvöldum, að launafólk taki á sig bótalaust sífellt hækkandi verðlag.

Stefnan í atvinnu- og efnahagsmálum hefur leitt til samdráttar í atvinnulífi og til ört vaxandi dýrtíðar. Hún hefur leitt til síendurtekinna árekstra á vinnumarkaði með dýrum afleiðingum fyrir þjóðarheildina. Frá þessari röngu og hættulegu stefnu verður að hverfa þegar í stað. Fundurinn krefst þess, að upp verði tekin ný stefna í atvinnumálum, stefna, sem miðar að því að tryggja fulla atvinnu og batnandi lífskjör. Fundurinn krefst þess, að þegar í stað verði samið við sjómenn um sanngjarnar kröfur þeirra og síðan hlutazt til um, að öll framleiðslutæki þjóðarinnar verði fullnýtt. Fundurinn krefst þess, að framkvæmdir verði þegar í stað hafnar um margvísleg þjóðhagslega hagnýt störf og þannig komið í veg fyrir atvinnuleysi. Fundurinn krefst þess, að innlendur iðnaður verði studdur til fullra framleiðsluafkasta, en dregið úr óþörfum og óeðlilegum innflutningi. Þegar verði samið við innlendar skipasmíðastöðvar um endurnýjun og eflingu fiskiskipaflotans. Þegar verði útvegað fjármagn til byggingarframkvæmdanna og nýjar atvinnugreinar verði studdar með eðlilegri fjárhagsfyrirgreiðslu. Fundurinn leggur áherzlu á, að hafizt verði handa um skipulega uppbyggingu atvinnulífsins um allt land og þannig lagður grundvöllur að stóraukinni þjóðarframleiðslu.

Fundurinn skorar mjög alvarlega á stjórnarvöld landsins að hverfa frá þeirri óheillastefnu að ætla enn að efna til stórátaka í þjóðfélaginu út af þeim sjálfsagða og sanngjarna rétti launafólks, að kaup sé vísitölutryggt. Fundurinn beinir því til alls launafólks í landinu, hvar sem það er búsett og í hvaða stétt sem það er, að standa saman í órofa fylkingu um hagsmunamál sín og kröfuna um nýja framkvæmdastefnu í atvinnumálum. Á þann hátt getur það sýnt, að það mun ekki lengur þola þá stefnu, sem leiðir til atvinnuleysis, dýrtíðar og versnandi lífskjara, en mun standa saman um rétt sinn og hagsmuni þjóðarheildarinnar. Treysti stjórnarvöld sér ekki til að verða við réttlátum kröfum vinnandi fólks um fulla atvinnu og mannsæmandi lífskjör, um breytta stefnu í atvinnu- og efnahagsmálum, krefst fundurinn þess, að ríkisstj. segi af sér, efni til nýrra kosninga og veiti þjóðinni rétt til þess að velja sér nýja forustu."

Þetta er sú ályktun, sem þessi fjölmenni fundur samþykkti. Ég held, að það þurfi ekki, og ég ætla ekki hér að nota þetta tækifæri til þess að fara mörgum

orðum um hana, en þessi tími til þessarar fundarboðunar var með hliðsjón af því, að hv. Alþ. hefur nú störf sín að nýju í dag, og reykvískir verkamenn vildu nota það tækifæri til þess að minna alþm. alla og stjórnvöld landsins á, að hér í landi er nú mjög alvarlegt ástand, ástand, sem hlýtur að leiða til alvarlegra hluta, ekki aðeins fyrir einstaklingana, sem nú verða fyrir barðinu á atvinnuleysinu og þeirri kjaraskerðingu, sem ekki aðeins fylgir því, heldur einnig vaxandi dýrtíð. Það er ekki aðeins fyrir þá einstaklinga, heldur fyrir þjóðarheildina, og hætt er við, að hér komi til meiri óróa, ef ekki verður þegar í stað brugðizt svo öfluglega við, að atvinnuleysi hverfi aftur úr sögunni. Við teljum, að við höfum svo mörg verkefni og mikil í okkar landi, og við eigum líka að hafa efni á því að geta unnið að þeim verkefnum. Og allra mesta sóun, sem fram fer, er að láta þúsundir vinnufúsra handa vera iðjulausar.

Fleiri orð vil ég ekki hafa um þetta mál núna, en leyfi mér að afhenda hæstv. forseta sameinaðs Alþingis þessa ályktun.

Forsrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Ég er því sammála, að ástandið nú er vissulega alvarlegt og gefur ástæðu til ráðstafana, sem ekki mega dragast úr hömlu. Ég lýsi ánægju minni yfir því, að þeir þm., sem hér hafa talað, hafa allir, með nokkuð mismunandi hætti þó, lýst áhuga sínum á því að leysa sjómannaverkfallið, sem nú stendur yfir. Og hvað sem skrifum dagblaða líður, og þar fer nú oft svo, að ekki eru allir ánægðir með það, sem um sjálfa þá er sagt, þá er það mjög ánægjulegt, að svo áhrifamiklir þm. sem hv. 4. þm. Austf. og hv. 2. þm. Norðurl. e. skuli hér hafa haft ástæðu til og fengið tækifæri til að lýsa sérstökum áhuga sínum á lausn verkfallsins. Ég veit, að þeir munu hvor í sínu lagi geta haft þar mikil áhrif, ekki sízt hv. 4. þm. Austf., og hans till. í þá átt munu vega þungt hjá sumum þeirra, sem þarna ráða úrslitum. Mér kemur ekki til hugar að halda því fram, að þeir hafi ekki áhuga fyrir lausninni, og vil því taka undir það, sem hv. 3. þm. Norðurl. v. sagði, að við þurfum allir að sameinast um það hver á sínum vettvangi að stuðla að lausn verkfallsins.

Hann færði að því og byggði á blaðaummælum, að innan ríkisstj. væri einhver ágreiningur um þetta efni. Svo er ekki. Við höfum verið sammála í einu og öllu um afstöðu okkar til verkfallsins og við höfum gert það, sem við höfum megnað til þess að leysa verkfallið, beita áhrifum okkar bæði beint og óbeint til þess. Það er hins vegar ekki á okkar valdi, þar sem um frjálsan samningsrétt er að ræða, að fyrirskipa aðilum að ljúka verkfallinu. En ég tek undir það með hv. 3. þm. Norðurl. v., að svo virðist sem mun minna beri á milli heldur en e. t. v. hefði mátt vænta og sumir þm. sögðu fyrir hér um áramótin eða fyrir áramótin, að verða mundi. Þetta er vissulega ánægjulegt og sýnir, að almennari skilningur er á þeim örðugleikum, sem við er að etja, heldur en sumir höfðu ætlað. Það má segja, að því hörmulegra sé, að ekki skuli hafa tekizt að leysa þessa deilu. En sannleikurinn mun vera sá, að þar hafa fléttazt inn í óteljandi smáatriði, sem sum hafa hlaupið í hnút, og mönnum hefur þess vegna gengið seint að nálgast sjálfan aðalvandann. Ég vil enn treysta því, eins og ég hef vonað, kannske með óhæfilegri bjartsýni, að þetta mál leysist með frjálsu samþykki aðila. Ég tel ekki heppilegt, að við förum á þessu stigi að ræða einstök atriði málsins, enda er það í raun og veru ekki á okkar færi. Við höfum ekki þau gögn við hendina og upplýsingar, sem fram hafa komið hjá sáttasemjara í hans þolgóðu tilraunum um að finna hér lausn, er allir gætu fallizt á. En það er greinilegt, að nýtt átak þarf að gera til þess að reyna að leiða verkfallið til lykta sem fyrst. Sannast bezt að segja hygg ég, að það hafi hingað til nokkuð verkað á aðila, a. m. k. suma, að menn höfðu ekki ýkja mikla aflavon. Um það má þó ætíð deila, t. d. varðandi loðnuveiði fyrir utan Austfirði, svo að dæmi sé nefnt, en nokkuð mun þetta hafa verkað á aðila, en það er ljóst, að eftir því sem líður fram í þennan mánuð, þá á sú ástæða ekki lengur við. Hitt er svo misskilningur, sem hv. 4. þm. Austf. sagði, að verkfallið væri búið að standa nokkuð á annan mánuð, ef ég tók rétt eftir. Það var þó ekki fyrr en um miðjan janúar, sem verkfallið skall á. Það er nógu slæmt fyrir því, og hefur staðið lengur heldur en vonir okkar stóðu til, úr því að til verkfalls þurfti að koma. Það að kenna verkfallið löggjöfinni, sem sett var fyrir áramótin, er skoðun, sem menn vitanlega geta haft og að nokkru leyti er rétt, en ekki nema að nokkru leyti. Það er jafnvíst, að ef sú löggjöf eða einhver svipuð hefði ekki verið sett, hefði verið útilokað, að bátaflotinn kæmist á veiðar einfaldlega vegna þess, að allan fjárhagsgrundvöll vantaði. Og eins og ég segi, ég hef ekki viljað trúa öðru heldur en málið leystist friðsamlega vegna þess, að mér sýnist ekki bera ýkja mikið á milli. En nokkuð mun það, auk þess sem ég hef áður drepið á, valda örðugleikum, að sumir óttast, að ef komizt er yfir einn þröskuld, muni öðrum skjóta upp áður en langt um líður, vegna þess að vinnubrögðin hafa verið þau að reyna ekki að fá heildarmynd heldur taka hvert atriði út af fyrir sig.

Þetta er atriði, eins og ég segi, sem við getum ekki sagt, að sé rangt eða öðru vísi að farið en skyldi. Það er staðreynd, að svona hefur verið farið að, og við hljótum allir og ég fagna því mjög, að við viljum allir af einlægni reyna að leysa þessa deilu.

Jafnframt get ég tekið undir það, sem var upphaf þessara umr., að mér þykir eðlilegt, að hér fari fram áður en langt um líður almennar umr. um efnahagsástand og horfur, atvinnumál, hvort mönnum þykir heppilegra að hafa það í sambandi við till., sem fram eru fluttar, eða frv., sem fyrir liggja, við skulum segja, breytingin á atvinnuleysistryggingalögunum gefur strax formlegt tilefni til þess að taka upp almennar umr., ef menn vilja, eða hvort menn koma sér saman um að hafa allsherjarumr. í framhaldi af skýrslugjöf ríkisstj. eða einhverri almennri tillögugerð. Þetta finnst mér við geta skoðað betur og ég mundi telja það hollt fyrir alla, bæði fyrir þingheim og fyrir landslýð, að slíkar almennar umr. gætu farið fram sem allra fyrst, og mun sízt undan þeim skorast. Hitt vitum við, að venjan hefur verið sú á fyrsta degi eftir þinghlé, svo langt sem þetta, að þá hafa menn ætlað sér tíma til flokksfundarhalda. Svo mun einnig vera ráðgert í dag og nauðsynlegt, að menn beri þar saman bækur sínar. En einhvern tíma í næstu viku mundi ég telja eðlilegt, að slíkar umr., sem hér hefur verið vikið að, færu fram eða a. m. k.

væru hafnar. Af þeim sökum sé ég ekki ástæðu til þess að fara í umr. um efni málsins að þessu sinni. Það er auðvitað misskilningur frá okkar sjónarmiði, að það sé stefnu ríkisstj. að kenna, hið alvarlega ástand, sem hér er. Það eru annarlegar ástæður, okkur öllum Íslendingum, jafnt stjórnarandstæðingum sem stjórnarstuðningsmönnum óviðráðanlegar, sem hér hafa verið að verki, en umr. um slíkt tilheyra þeim efnislegu umr., sem hér var farið fram á, að ættu sér stað síðar, og skal ég þess vegna ekki hafa þessi orð lengri.

Á 53. fundi í Ed., 3. marz, utan dagskrár, mælti

Einar Ágústsson: Herra forseti. Ég hef kvatt mér hér hljóðs utan dagskrár til þess að gera að umtalsefni með örfáum orðum einhliða ákvörðun fjmrn. um það að skjóta ágreiningi við Bandalag starfsmanna ríkis og bæja um greiðslu verðlagsuppbótar til sáttasemjara og ákveða, að laun opinberra starfsmanna skuli eftir sem áður, fyrst um sinn a. m. k., greidd samkv. eldri vísitölu. Eins og hv. þdm. er kunnugt, kom frá fjmrh. hæstv. fyrir hönd fjmrn. tilkynning til dagblaða og útvarps þann 27. febrúar, þar sem þessari málsmeðferð, sem ég nú frá greindi, var lýst. Ég hygg, að það sé ekki ofmælt, þó að sagt sé, að þessi málsmeðferð hafi vakið talsverða furðu hjá bæði opinberum starfsmönnum og eins öðrum þeim, sem fylgzt hafa með þessu máli, og það er einfaldlega vegna þess, að í gildi er kjaradómur í kjaradómsmálinu nr. 1 frá 1968, sem kveðinn var upp á miðju s. l. ári, 21. júní, en þar segir alveg skýrum stöfum í 2. gr., hver launin eiga að vera. Það er, að verðlagsuppbót samkv. dómi þessum greiðist á grunnlaun fyrir dagvinnu, sem eigi eru hærri en 10.000 kr. á mánuði. Á grunnlaun, er nema allt að 16 þús. á mánuði, skal greiða sömu verðlagsuppbót og á 10 þús. kr. grunnlaun, en verðlagsuppbót þessi skal síðan fara lækkandi á hverju grunnlaunastigi fyrir ofan 16 þús. og skal lækkunin á hverju launastigi nema ½% af viðkomandi grunnlaunum. Þetta skal þó aldrei valda því, að verðlagsuppbót á grunnlaun milli 16 þús. og 17 þús. kr. á mánuði verði lægri en helmingur þess fjár, sem á 10 þús. kr. grunnlaunum er. En í 4. gr. þessa dóms er svo sagt, að 1. maí, 1. ágúst og 1. nóvember 1968, 1. febrúar 1969 og framvegis á þessum tímum reiknar kauplagsnefnd þá hækkun, sem hlutfallslega hefur orðið á framfærslukostnaði í Reykjavík síðan 1. nóvember 1967. Og síðar segir svo: „Frá vísitölunni eins og hún er hverju sinni samkv. þessum útreikningi n., dregur hún 2.34 prósentustig og fæst þá hundraðshluti þeirrar verðlagsuppbótar, er greidd skal á laun frá 1. degi næsta mán. á eftir, í samræmi við ákv. 2. gr.“ Verðlagsuppbótin átti að reiknast með tveimur aukastöfum. Það er þess vegna alveg skýrt samkvæmt þessum dómi, sem ég hef hérna vitnað til, að hinn 1. febrúar s. l. átti kauplagsnefnd að reikna út nýja vísitölu framfærslukostnaðar í Reykjavík og fjmrn. átti samkv. sama dómi að greiða laun samkv. þeirri vísitölu frá 1. þ. m. Þetta hefur eigi verið gert, heldur greidd óbreytt laun frá febrúarmánuði, sem ég get ekki talið annað en sé algert brot á þessum kjaradómi.

Í 6. gr. þessa dóms er allur vafi tekinn af um það, að hann er enn í gildi. Hann gildir samkv. 6. gr. sinni frá 1. marz 1968 til 31. desember 1969 og gildir jafnframt um þessar reglur ákvæði 7. gr. l. nr. 55 1962, en það eru lögin um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

Ég vildi þess vegna leyfa mér að beina þeim fsp. til hæstv. fjmrh., hvort það væru nokkrar frekari röksemdir fyrir þessari málsmeðferð heldur en þær, sem fram koma í áðurnefndri grg. rn. frá 27. febrúar.

Í öðru lagi vil ég lýsa þeirri skoðun minni, að hér hafi ekki verið staðið rétt að málum með þessari meðferð, og í þriðja lagi vil ég nú leyfa mér að skora á hæstv. fjmrh., að hann beiti sér fyrir því, að farið verði að lögum í þessu máli. Því hefur a. m. k. verið haldið fram í þessu máli, að ekki hafi verið hægt að reikna verðlagsuppbót miðað við 1. febrúar s. l. vegna þess, að tiltekin mál hafi ekki fengið afgreiðslu hér á Alþ., og er þá fyrst og fremst átt við ný lög um fjölskyldubætur. Ég get ekki séð, að hér sé nein ástæða til þess að fresta útreikningi vísitölunnar. Kauplagsnefnd á að reikna vísitöluna eins og framfærslukostnaðurinn var í Reykjavík þann 1. febrúar s. l., en það getur ekki verið rétt, að kauplagsnefnd sé hindruð í störfum sínum á þeim forsendum, að það sé beðið eftir einu eða öðru, sem síðar kunni að koma frá Alþingi, enda væri þá erfitt og ómögulegt að rækja það starf af hendi.

Ég skal ekki níðast á góðvild hæstv. forseta með því að halda hér langa ræðu um þetta, þó að vissulega mætti margt um það segja, en ég vildi ekki láta þetta tækifæri fara framhjá, svo að ekki væri vakin athygli á þessu.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Ég hef nú ekki ýkja mikið að segja um það mál, sem hv. 11. þm. Reykv. gerði hér að umtalsefni, umfram það, sem komið hefur fram, bæði í opinberri tilkynningu frá fjmrn. og í bréfaskiptum, sem birt hafa verið í blöðum af hálfu Bandalags starfsmanna ríkis og bæja. Það er alveg rétt, að hér hefur verið gripið til ráðstafana, sem eru óvenjulegar, og það var síður en svo löngun mín að þurfa að grípa til slíkra aðgerða og af þeim sökum var það, sem ég ítrekað fór þess á leit við stjórn B.S.R.B., að viðræður yrðu teknar upp um það milli rn. og þeirra, að þeir féllust á fyrst um sinn, að greidd yrði sama vísitala og greidd var 1. febrúar á laun almennt í landinu með hliðsjón af því, að ljóst yrði, að sú vísitala yrði notuð til launaviðmiðunar fyrir allar launastéttir landsins aðrar þann 1. marz. Vitanlega er það rétt, að ég gat strangt tekið ekki krafizt eins né neins af stjórn B.S.R.B. um þetta efni annars en skilnings á þeim vanda, sem við væri að fást, og mér hugkvæmdist ekki að fara fram á, að þeir fórnuðu í einu né neinu þeim rétti, sem opinberir starfsmenn áttu. Hins vegar var það ljóst, að eins og málum er háttað var með öllu óeðlilegt að greiða þessa vísitölu að sinni, og jafnframt einnig sýndist mér ljóst, að málin væru með þeim hætti og yrðu á þann hátt í deiglunni á næstu vikum, að það væri mikilsvert, að strax gætu hafizt milli rn. og ráðamanna opinberra starfsmanna viðræður um það, hvernig ætti að mæta þeim viðfangsefnum og viðhorfum einmitt á þann hátt, að það ekki kæmi niður á opinberum starfsmönnum. Það kom t.d. fyrir á s. l.

ári, að opinberir starfsmenn urðu þar mánuði á eftir með sínar vísitöluuppbætur vegna þess, að málum var þannig háttað, að þeir kusu að skjóta til kjaradóms deilu eða ákvörðun um það, hvernig með verðlagsuppbætur til opinberra starfsmanna skyldi þá farið. Það var boðið þá af hálfu rn., að það skyldi með þær farið á alveg sama hátt og gert var varðandi kjarasamninga stéttarfélaganna. Það vildi stjórn B.S.R.B. ekki sætta sig við. Það er hennar mál að meta það og ég er ekki að deila á hana fyrir það, en þetta leiddi hins vegar af sér það, að það féll niður mánaðarvísitala. Með því að hefja viðræður nú þegar var það í mínum huga, að það yrði séð fyrir því, að viðræður hæfust strax milli samningsaðila, sem hefðu átt að geta tryggt það, að ekki hefði orðið um að ræða neinn réttindamissi opinberra starfsmanna og heldur ekki, sem var mitt sjónarmið, að þeir fengju nein óeðlileg réttindi umfram aðra. Ég vil leggja á það áherzlu, að það, sem nú er að gerast í sambandi við opinbera starfsmenn, er ekki það, að það sé verið að taka af þeim nein laun, heldur hitt, að þeir fá ekki greidda þá hækkun, sem að öllu óbreyttu hefði orðið á hinum almenna launamarkaði í sambandi við vísitölugreiðslur þann 1. marz. Það er rétt hjá hv. þm. og því hefur ekki verið á móti mælt af hálfu rn., að í gildi væri kjaradómur frá 21. júní 1968, þar sem svo er mælt fyrir, að vísitölubreytingar skuli verða til ársloka 1969. Hitt er jafn víst, að forsendur fyrir þessum kjaradómi eru, eins og nú standa sakir, brostnar. Það er grundvallarregla í lögum um samningsrétt opinberra starfsmanna, að þeir skuli hafa sambærileg laun og aðrar launastéttir, en heldur ekki meira, hvorki meira né minna. Hefði verið byggt á hinum formlegu ákvörðunum kjaradóms nú, hefðu opinberir starfsmenn nú um þessi mánaðamót hlotið launauppbætur, sem engir aðrir launþegar í landinu fá. Ég skal ekkert fara hér að blanda mér út í deilu *milli launþegasamtakanna almennt og vinnuveitenda.* Hitt eru engu að síður ljóst, að þessar uppbætur hafa ekki verið greiddar, og það mun ekki vera nein deila um það, að það hafi verið fullkomlega lögformlegt að greiða þær ekki, þó að launþegar að sínu leyti hafi mótmælt því og talið sig eiga fullan rétt á þeim. Það er annað mál. Það er rétt, að opinberir starfsmenn standa að því leyti hér traustari fótum, að kjarasamningar þeirra féllu ekki úr gildi 1. marz að forminu til, en hins vegar að efni til féllu þeir úr gildi. Alveg hiklaust fullyrði ég vegna þess, að ef hv. þm. lítur í forsendur fyrir dómi kjaradóms frá því 21. júní, þá er þar komizt svo að orði, að það hefði þótt rétt að byggja kjaradóm þennan á sambærilegum launauppbótum eða vísitöluuppbótum eins og samið var um á hinum almenna vinnumarkaði. Það er því alveg ljóst mál, að ef það hefði verið vitað hvað gerðist 1. marz, hefði dómur kjaradóms orðið með allt öðrum hætti.

Hv. þm. sagði, að það væri einstætt, að rn. hefði gripið til þeirrar einhliða ákvörðunar að skjóta deilunni til sáttasemjara. Það er vitanlega ekkert einstætt við það. Ef samningsaðili ekki vill ræða málið, þá er auðvitað ekki um annað að ræða heldur en fylgja þeim reglum, sem l. gera ráð fyrir. Ef ekki næst samkomulag milli aðila án aðstoðar sáttasemjara, þá er til hans leitað, og það er ekkert, sem hindrar það, að annar aðilinn geti gert það, ef hinn neitar, því að það veit ég, að hv. þm. veit sem góður lögfræðingur, að það er auðvitað ekki hægt að stöðva aðgerðir í málum með þeim hætti, að annar aðilinn neiti bara að sitja að samningaborði, þegar um þetta er að ræða. Hann verður a. m. k. að taka afleiðingunum af því og getur ekki hindrað gagnaðilann í því, ef hann telur sig eiga rétt, að leita þá eftir þeim rétti með eðlilegum hætti. Og það mun vissulega verða gert.

Hv. þm. vék að vísitölunni og sagði, að það væri auðvitað ekki hægt að stöðva útreikning vísitölunnar, og hefði borið að reikna hana út þann 1. marz eða fyrir 1. marz. Nú veit hv. þm. það, að það er sérstakur aðili, sem reiknar út vísitölu, og kauplagsnefnd hefur ekki fengið nein fyrirmæli frá rn. um það, hvernig hún eigi að haga sínum störfum, heldur gerir hún það l. samkv. Hún hefur birt um það nú nýlega opinbera yfirlýsingu, að hún telji, að það hafi ekki verið auðið að reikna vísitölu fyrir 1. marz vegna þess, að hér hafi verið til meðferðar í Alþ. frv., sem hefur beinlínis áhrif á þá vísitölu. Það er mjög sjaldgæft, að það séu til meðferðar frv. í Alþ., sem hafa þannig áhrif aftur fyrir sig, ef segja má. En það er í þessu tilfelli vegna þess, að það er gert ráð fyrir, að fjölskyldubæturnar taki gildi aftur í tímann og mundu þar af leiðandi hafa verkað á vísitöluna 1. marz, þannig að kauplagsnefnd hefur formlega lýst því yfir, að hún telji sig ekki hafa með neinu móti getað reiknað út vísitöluna 1. marz og var þá heldur ekki ljóst, við hvað ætti að miða launaútreikning. Nú má auðvitað segja, að það sé hægt að finna út vísitölu til að greiða eftir, en það er allt annað mál.

Það er hins vegar ekki aðalatriði þessa máls, heldur hitt, að með því að greiða launauppbætur frá 1. marz hefðu opinberir starfsmenn verið að fá kjör, sem aðrar launastéttir í landinu ekki hafa. Og ég tek það skýrt fram, að ef það yrði niðurstaðan, að aðrar launastéttir fengju sömu kjör og hér er um að ræða eða héldu þeim eða að því marki, sem þær standa að þeim, þá hefur rn. ekki hugkvæmzt annað en opinberir starfsmenn fengju slík kjör. Það eina, sem hér er um að ræða, er, að hér verði um biðtíma að ræða, þar til séð verður, hver kjörin verða á hinum almenna markaði, og þá reynir að sjálfsögðu á það, hvort samningar takast milli rn. og opinberra starfsmanna eða ekki. En það er ekki ætlunin að brjóta á þeim rétt að einu né neinu leyti. Ég hefði talið það ákaflega æskilegt, ef stjórn B.S.R.B. hefði viljað á það fallast að forða slíkum leiðindum, sem alltaf hljóta af því að verða, þegar þarf að grípa til aðgerða sem þessara. Hér er um að ræða samtök vinnuveitenda, sem hafa mjög nána samvinnu sín á milli, í raun og veru stjórnsýslukerfið, og ber vissulega að harma það, ef þeir aðilar ekki vilja líta á vandamálin eins og þau liggja fyrir. Ég skal að öðru leyti ekki fara að deila á stjórn B.S.R.B. að einu né neinu leyti. Hún hefur hér engan sérstakan málsvara og því tel ég það ekki viðeigandi. Hún verður að velja sína starfshætti og rn. verður þá að sjálfsögðu að velja sína.

Ég sé ekki ástæðu til, herra forseti, að segja um þetta fleiri orð. Þetta mál mun ganga sinn gang. Það er opin leið að sjálfsögðu fyrir aðila, eins og gert er ráð fyrir í lögum, að gæta sinna hagsmuna, og vissulega mun rn. ekki og hefur enga löngun til að setja fótinn fyrir það, að opinberir starfsmenn geti gert það. En ég efast stórkostlega um, að það hefði verið að neinu leyti í þágu opinberra starfsmanna, að greidd hefði verið nú vísitala, sem svo e. t. v. hefði verið af þeim krafin aftur síðar, þegar samið hefði verið, ef um semst á hinum almenna vinnumarkaði, að vísitala verði greidd með öðrum hætti heldur en kröfur launþegasamtakanna standa til, og um það efni stendur einmitt allur ágreiningurinn nú. Það er vísitalan, sem um er deilt.

Ég vil aðeins að lokum, að það komi skýrt fram, að ég harma það, að það hafi þurft að grípa til þessara aðgerða. Ég get hins vegar ekki séð, og röksemdir, sem fram hafa komið, hafa ekki sannfært mig um það, að það hafi verið hægt að grípa til annarra aðgerða, og ég sé ekki, að það sé á neinn hátt í þágu opinberra starfsmanna, að það sé verið að blása í herlúðra út af þessu máli. Það er ekki ætlunin að ganga á rétt þeirra að einu né neinu leyti og rn. hefur aldrei hugsað sér það að fara að beita þá neinum fantatökum, heldur aðeins að það skuldi gilda sem eðli málsins og lögum samkv. á að gilda, að þeir á hverjum tíma fái laun greidd í samræmi við ákvæði laganna um, að opinberir starfsmenn skuli laun fá með hliðsjón af kjörum annarra stétta.

Einar Ágústsson: Herra forseti. Ég þakka hæstv. fjmrh. fyrir það, sem hann sagði hér áðan, og lofa því að lengja ekki þessar umr., sem fara hér fram utan dagskrár og á kostnað hins eiginlega fundarefnis. En ég kemst ekki hjá því að endurtaka það hér vegna þess, sem hæstv. ráðh. sagði, að mér finnst hér vera um grundvallarágreining að ræða milli þess, sem ég sagði, og þess, sem hæstv. fjmrh. sagði, þegar hann talar stöðugt um samning, um að það þurfi að taka upp samningaviðræður við B.S.R.B. og það verði gerður nýr samningur, þegar verkalýðsstéttirnar eru búnar að koma sínum málum fyrir. Ég álít hins vegar, að hér sé um að ræða dóm, þann dóm, sem ég áðan vitnaði í. Það var reynt að semja og málinu vísað til kjaradóms. Kjaradómur kvað upp þennan skýlausa dóm, sem ég vitnaði í áðan. Samkv. honum á að reikna nýja vísitölu á grundvelli framfærslukostnaðar í Reykjavík 1. febrúar og greiða laun samkv. henni 1. marz. Ég hef lesið forsendur þessa dóms, eins og hæstv. ráðh. ráðlagði mér. Og ég veit, að í þeim er miðað við, að launin séu sambærileg við það, sem samið var um við aðrar stéttir í marzmánuði í fyrra. En það er bara hvergi tekið fram í dómnum, að það skuli vera samband þarna á milli. Dómurinn er alveg skýlaus og ekki skilyrtur á nokkurn hátt. Það er þess vegna að mínum dómi verið að taka af opinberum starfsmönnum laun, sem þeir samkv. kjaradómi áttu að fá hinn 1. marz s. l. Ég veit ekki, hve mikið. Það hefur ekki verið reiknuð vísitalan enn þá, en augljóst er og ekki verður það deiluatriði, að hún hlýtur að hækka talsvert. Ég skal ekki orðlengja um þetta. Ég bara undirstrika þennan mismun, sem er á skilningi okkar, mín og hæstv. fjmrh. á þessu, og ég hygg nú, að opinberir starfsmenn a. m. k. skilji kjaradóm þeim skilningi, sem ég hef hér verið að draga fram.

Ég vil svo aðeins, af því að ég var eitthvað óskýr í máli þarna áðan, taka það fram, að ég er ekki að kenna hæstv. fjmrn. um það, að vísitalan var ekki reiknuð. Það er vitanlega annar aðili, sem það gerir, eins og hæstv. ráðh. undirstrikaði. Ég fellst ekki á neitt af þeim rökum, sem komu fram í yfirlýsingu þeirrar n., sem á að reikna vísitöluna vegna þess, að í fyrsta lagi var um stjórnarfrv. að ræða, sem venjulega fá nú hér greiða afgreiðslu á hv. Alþ. Það er nú komið fram nál. frá hv. heilbr.- og félmn. Ed. shlj. um að mæla með frv., svoleiðis að ef einungis stóð á því að vita, hverjar þessar fjölskyldubætur yrðu í framtíð, mátti nú treysta á, að þetta frv. yrði samþ., og í öðru lagi tel ég víst, að frv. hefði getað fengið hér framgang í þinginu með meiri hraða eins og mörg önnur mál, sem minni samstaða hefur verið um, ef eftir því hefði verið leitað. Og svo í þriðja lagi það, að samkv. lögum á að reikna vísitöluna samkv. þeim framfærslukostnaði, sem er fyrir hendi á hverjum tíma, svo að ég tel þetta nú vera fyrirslátt frekar heldur en rök.

En ég skal ekki orðlengja frekar um þetta. Ég sem sagt bara endurtek það að lokum, að þessi kjaradómur er alveg skýr og það er ekki í sjálfum kjaradómi neins staðar tengt saman, hvað opinberir starfsmenn eiga að fá í laun og svo aðrar stéttir, sem það semja um. Það er hins vegar getið um það í forsendunum. Það er alveg rétt hjá hæstv. fjmrh.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Það er aðeins eitt atriði, sem hv. 11. þm. Reykv. gerði hér að umtalsefni í seinni ræðu sinni og sem ég vildi víkja örfáum orðum að. Hann taldi, að það væri efnismunur á því, hvað væri samningur annars vegar og dómur hins vegar. Á þessu er vitanlega enginn efnismunur að því leyti, að samkv. reglunum um laun opinberra starfsmanna getur að sjálfsögðu B.S.R.B. samið um annað, ef það kýs, en dómur segir til um. Það er í fyrsta lagi. Í öðru lagi er nauðsynlegt, að það komi fram, að kjaradómi hefur hvað eftir annað verið breytt, þannig að þó að það hafi verið ákveðið svo, að kjaradómur skyldi gilda ákveðinn tíma, hefur jafnan kjaradómur verið endurskoðaður, ef breytingar hafa farið fram á samningstímabilinu. Og einmitt sá kjaradómur, sem vitnað er í af hv. þm., er breyting á eldri kjaradómi, og þessi breyting kom til vegna þess, að það voru sérstök vísitöluákvæði sett á s. l. ári. Hefði það ekki verið ákveðið með kjaradómi, hefðu þær greiðslur væntanlega orðið með öðrum hætti. Vitanlega hugkvæmdist rn. ekki að bera það fyrir sig, að það væri í gildi kjaradómur og þar af leiddi, að það ætti ekki að borga þessa vísitölu. Það kom mér aldrei til hugar. Þannig að hér er verið að hengja sig í algjörlegar formlegar ástæður hjá hinni ágætu stjórn B.S.R.B., sem að vísu er skiljanlegt vegna þess, að kjaradómur nú er í þeirra þágu, en kjaradómur í fyrra, sem var breytt, var andstæður

þeirra hagsmunum. Þetta er einungis spurning um mat hagsmuna og mismunandi viðhorf af þessum sökum, en þetta taldi ég aðeins rétt að kæmi fram vegna þess, að það er ekkert óeðlilegt, þetta erum við stöðugt að gera, að breyta kjaradómi, honum hefur bara hingað til verið breytt í aðra átt. Nú hefur það komið til, að það hefur verið óskað, a. m. k. að sinni, að breyta honum í hina áttina, fara hina leiðina, en það hafa hinir ágætu menn, sem að því máli standa, ekki viljað fallast á. Þetta er í rauninni það eina efnislega, sem hér er um að ræða.

Á 36. fundi í Sþ., 19. marz, utan dagskrár, mælti

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Nú eru liðnir fullir tveir mánuðir síðan ríkisstj. gerði sérstakt samkomulag við Alþýðusamband Íslands um ákveðnar ráðstafanir í atvinnumálum. Eins og kunnugt er var því heitið með þessu samkomulagi, að lagðar yrðu fram 300 millj. kr. til þess að reyna að bæta úr því erfiðleikaástandi, sem þá var upp komið víða um land í atvinnumálum, og þó að forystumönnum verkalýðssamtakanna í landinu þætti, að þessi loforð kæmu heldur seint vegna þess alvarlega ástands, sem þá var upp komið, gerðu menn sér þó vonir um það, að þetta samkomulag gæti leitt til talsverðra umbóta í þessum efnum og það tiltölulega fljótlega. En nú eru sem sagt liðnir tveir mánuðir síðan þetta samkomulag var gert og allmargar nefndir voru settar á fót, líklega í öllum kjördæmum landsins, og allstór hópur manna kom hingað til Reykjavíkur til þess að taka þátt í undirbúningi þess, að hægt væri að hefjast handa til úrbóta í þessum efnum. Og einnig var sett á fót sérstök atvinnumálanefnd ríkisins, fjölmenn nefnd, og þar var formaður sjálfur hæstv. forsrh. Það er ekki af því að segja, það er öllum hv. alþm. kunnugt, að víða um landið hefur verið hið alvarlegasta ástand í atvinnumálum allan þennan tíma eða í allan vetur, og þó að nokkuð hafi dregið úr atvinnuleysinu þar á landinu, þar sem vetrarvertíð segir mest til sín eða á vetrarvertíðarsvæðinu, þá fer því auðvitað fjarri, að hér hafi nokkrar breytingar orðið til hins betra á þeim stöðum á landinu, þar sem vetrarvertíðin gerir lítið sem ekkert gagn. Þeir eru því orðnir æði margir, sem eru orðnir langleitir eftir því að heyra eitthvað um það, hvað sé að gerast í þessum efnum. Mér er ekki kunnugt um það, að enn þá hafi verið veitt neitt af þessu fjármagni til úrbóta í atvinnumálum, ekki a. m. k. til þeirra staða, þar sem ég þekki bezt til og þar sem þó er hið alvarlegasta ástand í þessum efnum, og mér sýnist því, að margt bendi til þess, að með þeim vinnubrögðum, sem ég hef getað fengið upplýsingar um, geti hér orðið enn mjög alvarlegur dráttur á úthlutun þessa fjármagns og á því, að þetta geti komið að gagni. Nú liggur það einnig fyrir, að atvinnumálanefndirnar í kjördæmunum hafa fyrir alllöngu síðan skilað sínu áliti á þeim umsóknum, sem þá hafa legið fyrir, en síðan þegar atvinnumálanefndirnar í kjördæmunum eru búnar að skila sínu áliti, þá er tekið upp á því að senda þessar umsóknir og umsagnir atvinnumálanefndanna úr kjördæmunum út í alls konar stofnanir hér í Reykjavík, sem enn senda þetta sín á milli. Ég tel, að hér sé alveg óeðlilegur seinagangur á og það sé ástæða til þess að fara fram á það, að afgreiðslu á þessum málum verði hraðað.

Ég vildi leyfa mér að spyrja hæstv. forsrh. um það, hvenær megi búast við því, að úthlutun á þessu fé geti farið fram, þannig að að einhverju ráði teljist. Hvort það megi ekki búast við því, að nú mjög fljótlega eða næstu daga verði þessu fjármagni úthlutað, a. m. k. til þeirra staða þar sem ástandið er alvarlegast í þessum efnum og þar sem alveg er augljóst, að vetrarvertíðartíminn getur ekki breytt neinu teljandi um ástandið í atvinnumálum.

Ég vildi einnig spyrja hæstv. forsrh. um það, hvort það hafi ekki verið gerðar ráðstafanir til þess að afla þessa fjár, sem heitið var með þessu samkomulagi, hvort það liggi ekki alveg fyrir, að það sé búið að afla fjárins. Þá vildi ég einnig leyfa mér að spyrja hann um það, hvort það geti verið rétt, sem hér hefur flogið fyrir og er talað hér um á milli þm., að nokkur hluti þessa fjár muni ekki verða handbær á þessu yfirstandandi ári. En það væri vitanlega að draga verulega úr þeim loforðum, sem gefin voru í þessum efnum, ef svo væri.

Ég hef ekki séð ástæðu til þess að leggja þessar fsp. fyrir í skriflegu formi. Þær eru þess eðlis, að þær kalla á svar fljótlega, því að það bíða hér margir eftir að fá svör varðandi þessi mál og ég efast ekkert um það, að hæstv. forsrh., sem er formaður í þeirri yfirnefnd, sem hér á hlut að máli, á gott með að svara þessu án þess að hafa mikinn viðbúnað. Það efast ég ekkert um, að hann getur. Ég vil einnig benda á í þessum efnum, að ég hef rekið mig á, að vegna þess, hvernig unnið hefur verið að þessum málum, hefur beinlínis gengið verr en áður að fá fjármagn til atvinnulegra framkvæmda eftir þeim leiðum, sem áður voru í gildi, og er því borið við, að nú sé allt í þessari allsherjar athugun. Hinn mikli lánasjóður, sem Atvinnuleysistryggingasjóðurinn er, hefur hreinlega gefið það út, að hann sé nú lokaður fyrir öllum lánbeiðnum og svari þar engum vegna þess, að þetta sé allt komið í þessa 300 millj. kr. athugun. Og svipaða sögu er að segja um Atvinnujöfnunarsjóð, en þessir sjóðir hafa báðir veitt talsvert af lánum á undanförnum árum, sem hafa getað ýtt undir atvinnulegar framkvæmdir.

Ég vil vænta þess, að hæstv. forsrh. sjái sér fært að svara hér þessum fsp. mínum, alveg sérstaklega til þess að þeir fjölmörgu menn, sem búa við mesta örðugleika varðandi atvinnuleysi víðs vegar um landið nú, geti heyrt það hér í fréttum frá Alþ. og eftir frásögn hæstv. forsrh. sjálfs, við hverju þeir megi búast í þessum efnum nú einmitt á næstunni. Ég vænti þess, að hæstv. ráðh. sjái sér fært að verða við þessum óskum mínum.

Forsrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Ef hv. þm. raunverulega telur hér slíkan seinagang á ferðum eins og hann lætur nú uppi, hefði auðvitað ekkert verið hægara heldur en bera fram fyrir viku fsp., sem hægt hefði verið að svara í einstökum atriðum nú, í stað þess

að koma hér á fundinn og ætlast til grg., sem ég hef ekki búið mig undir. Það er að vísu rétt, að einn hv. flokksmaður þm. gat þess í gær við mig, að hann hefði hug á að bera fram eitthvað svipaða fsp. Ég sagði honum þá, að ég mundi nú annaðhvort í þessari viku ellegar í síðasta lagi í byrjun næstu viku gefa almenna grg. um þessi mál í sambandi við framlagningu frv. til l. um starfsemi þessarar nefndar. Eins og kom hér fram á dögunum í umr., er þörf á slíkri löggjöf. Það frv. hefur nú verið samið og er til athugunar í einstökum greinum. Von mín hafði verið sú, að það væri hægt að leggja frv. fram í dag eða á morgun. Það getur skeð, að það tefjist, en það verður í síðasta lagi lagt fram á fundi á mánudaginn og þá hægt að taka það til umr. ekki síðar en á þriðjudag. Ég hafði hugsað mér að gefa þá, eins og ég segi, þingheimi heillega skýrslu um þau störf, sem fram hafa farið innan atvinnumálanefndar ríkisins og á hennar vegum, og þá er einnig hægt að hafa almennar umr. um þetta vandamál.

Ég get einungis svarað því nú, að úthlutun þessa – ja, það er rétt kannske að byrja á hinu, – að ráðstafanir hafa verið gerðar til þess að afla fjárins. Það má teljast öruggt, að það fáist. Það er ekki enn fengið, en eins og ég segi, þá má telja öruggt, að það fáist, og sá dráttur, sem orðið hefur, stafar ekki af fjárskorti, heldur af því, að hér er um mjög viðamikið og umfangsmikið málefni að ræða, eins og við allir vitum. En úthlutanir eru þegar hafnar, sumpart með beinum fjárgreiðslum, að því er ég hygg, eða a. m. k. með loforðum til aðila, sem þeir örugglega geta notað sér og gert ráðstafanir samkv. En þetta mun koma nánar fram í þeirri skýrslu, sem ég hef gefið.

Um það, hvort öllu þessu fé verði úthlutað á þessu ári eða einhverju næsta ár, er ekki mitt að segja á þessu stigi. Um það mun n. í heild taka ákvarðanir eftir því, sem efni gefast til. Ég get sagt það eitt, að mér sýnist, að hér sé mikils fjár þörf. Viðtækar ráðstafanir þarf að gera, og þetta fé mun eyðast skjótlega, ef það á að verða að því gagni, sem hugur okkar stendur til. Hitt er annað mál, að í hinu upphaflega samkomulagi var gert ráð fyrir því, að hér yrði um tveggja ára starfsemi að ræða og fénu þá úthlutað nokkuð smám saman á því tímabili. Nú má vel vera, að atvik reynist verða þau, að hér þurfi hraðari handbrögð. Það er á valdi n. og mun verða rætt þar, þegar menn fá ljósari mynd af þeim heildarþörfum, sem fyrir eru. Það er auðvitað greinilegt, að það er þörf á mjög miklu fjármagni, en við verðum að miða okkar ráðagerðir við þann ramma eða þann stakk, sem okkur hefur verið sniðinn. Það eru ýmsar aðrar ráðstafanir, sem gerðar hafa verið af ríkisnefndinni, en beinlínis varðandi sjálfa fjárúthlutunina, sem nú stendur yfir eins og ég segi. Þar á meðal fyrirgreiðsla hjá öðrum lánastofnunum, og mér kemur það algjörlega ókunnuglega fyrir sjónir t. d. að Atvinnuleysistryggingasjóður hafi dregið úr sinni starfsemi vegna þessa sjóðs, mér kemur það algjörlega ókunnuglega fyrir sjónir. Menn úr stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs eru í ríkisn. og þeir hafa aldrei vikið einu orði að þessu. Hitt vitum við öll, að vegna þess atvinnuástands, sem nú er, og mikilla útgjalda Atvinnuleysistryggingasjóðs, þá er þar miklu þrengra um fé heldur en verið hefur. Það er allt annað mál og má ekki blanda saman við það, sem hér hefur verið um rætt. En þess er þó að geta, að þrátt fyrir þær þrengingar, þá hefur einnig innan atvinnumálan. ríkisins því verið hreyft hvað eftir annað, hvort Atvinnuleysistryggingasjóður gæti e. t. v. hlaupið undir bagga um framkvæmdir, þar sem ljóst er, að atvinnumálan. ríkisins getur ekki lagt fram nóg fé. Eins fullyrði ég, að því fer fjarri, að Atvinnujöfnunarsjóður hafi stöðvað sína útlánastarfsemi. Það hefur þvert á móti verið gert samkomulag við þann sjóð og atvinnumálanefnd ríkisins um það, að þessir aðilar störfuðu samhliða. Atvinnujöfnunarsjóður hefur tekið að sér viss verkefni, sem stjórn hins sjóðsins hefur þá í huga varðandi sínar ákvarðanir, og eins og ég segi, þá er það algjör misskilningur, að sá sjóður hafi dregið úr starfsemi af þessum sökum. Eins er það ekkert leyndarmál, að í einstökum tilfellum þá hefur á vegum atvinnumálan. ríkisins verið leitað til annarra lánastofnana bæði Fiskveiðasjóðs og bankanna og raunar Framkvæmdasjóðs um að samræma þeirra aðgerðir, og ýtt undir lán, eftir því sem efni hafa til staðið. Þetta er rétt að komi fram nú þegar, en eins og ég segi, þá mun ég gefa um þetta heillega skýrslu einhvern allra næstu daga og þá gefst þm. færi á að ræða málið almennt og koma með sínar ábendingar, eftir því sem atvik standa til.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. forsrh. fyrir þau svör, sem hann hefur hér gefið, þó að þau nái ekki ýkjalangt að mínum dómi og ég sé ósköp hræddur um það, að þeir, sem búið hafa við atvinnuleysi um margra mánaða skeið, telji, að þær upplýsingar, sem komu fram hjá hæstv. forsrh., verði nú ekki mjög til þess að gera þá bjartsýnni. Þó er það ánægjulegt að heyra, að atvinnumálan. ríkisins skuli vera byrjuð að veita lánsloforð, og ég vil þá vænta þess, að nú á næstu dögum þá hljóti að koma eitthvað talsvert af afgreiðslum frá henni í samræmi við þær umsagnir, sem fyrir liggja frá atvinnumálanefndum kjördæmanna. Mér fannst nú svar hæstv. forsrh. viðvíkjandi því, hvort sá orðrómur gæti verið réttur, að ekki stæði til að úthluta öllu þessu fjármagni á þessu ári, næsta einkennilegt, því hann svaraði því á þá lund, að það væri málefni atvinnumálan. ríkisins að ákveða um það, en ég hélt satt að segja, að það hefði ekki átt að fara neitt á milli mála, að loforð hefði verið gefið um það að verja í þessu skyni 300 millj. kr. og það nú þegar og það hafi allir gert sér fulla grein fyrir því, þegar þau loforð voru gefin, að þessar 300 millj. gátu engan veginn leyst allan vandann, svo að það var engin spurning um það, að það þyrfti á allri upphæðinni að halda og jafnvel allmiklu meiru. Ég vænti nú, að sú verði niðurstaða þessarar n., að ekki komi annað til greina en að standa við þetta fyrirheit með því að greiða út alla þessa fjárhæð í þessu skyni, því ekki mun af veita.

Þá þykir mér einnig vænt um að heyra það út af fyrir sig, þó að það segi ekki nema takmarkað, að hæstv. forsrh. segir, að það komi sér ókunnuglega fyrir sjónir, að svo sé ástatt, að Atvinnuleysistryggingasjóður hafi dregið við sig lánaafgreiðslur og borið því við, að nú sé þetta allt í athugun hjá þessari stóru n., og sömuleiðis sé þetta með Atvinnujöfnunarsjóð. Ég veit þó um einstök tilfelli í þessum efnum, en vitanlega er sjálfsagt, þegar

þetta liggur fyrir, að hér er ekki um það að ræða, að störf atvinnumálanefndar ríkisins,eigi á neinn hátt að hafa áhrif á hina sjóðina, að þá sé gengið eftir því, að þeir standi a. m. k. ekki verr í stöðu sinni en þeir hafa gert til þessa, því að nú er enn þá meiri þörf á fjármagninu frá þeim í þessu skyni en nokkurn tíma áður.

Ég vænti svo, að sú skýrsla, sem hæstv. ráðh. boðaði hér um þetta mál, komi mjög fljótlega, og þá gefist hér tækifæri til þess að ræða þetta mál ítarlegar, en ég legg áherzlu á það, að það eru orðin mikil vonbrigði hjá mörgum víða um land, að ekki skuli hafa verið meiri hraði í afgreiðslu í þessum efnum til úrbóta í atvinnuleysismálunum, og ég hygg, að allir hafi búizt við því, þegar þessi loforð voru gefin fyrir 2 mánuðum, að hér yrði meiri hraði hafður á en því miður hefur orðið.

Á 40. fundi í Sþ., 16. apríl, utan dagskrár, mælti

Jónas Árnason: Herra forseti. Ég hef kvatt mér hljóðs utan dagskrár að þessu sinni vegna atburðar, sem gerðist í morgun. Það var frá því sagt í hádegisfréttum, að stór, bandarískur kafbátur hefði siglt inn í Hvalfjörð og í fylgd með honum var dráttarbáturinn Magni og varðskipið Albert.

Því hefur verið haldið fram af stjórnarvöldunum, að fullyrðingar okkar Alþb.-manna um það, að verið væri að gera Hvalfjörð að flotastöð fyrir herskip og kafbáta Bandaríkjanna og annarra NATO-ríkja, svona eftir því, sem þörf þætti, og það engu síður á friðartímum heldur en ef til styrjaldar kæmi, þær fullyrðingar hefðu ekki við nein rök að styðjast. Þarna væru að vísu til staðar legufæri, múrningar, sem e. t. v. mætti nota til þess að binda kafbáta og hin stærri herskip, – allar skilgreiningar stjórnarvalda í þessu sambandi hafa verið næsta óljósar, – en hitt kæmi ekki til mála að gera Hvalfjörð að flotastöð á friðartímum.

Heimsókn hins bandaríska kafbáts í morgun sýnir hins vegar, að við Alþb.- menn höfum haft á réttu að standa. Eftir þessa heimsókn verður því ekki á móti mælt, að Hvalfjörður er flotastöð. Heimsóknin táknar í raun og veru opinbera yfirlýsingu um það gagnvart öllum heiminum, og allar líkur eru á, að hún tákni upphaf þess, að bandarísk herskip og kafbátar fari að gera sig þarna æ heimakomnari, unz svo yrði komið að lokum, sem við Alþb.-menn höfum alltaf verið að vara þjóðina við, að Hvalfjörður yrði ein helzta flotastöð Bandaríkjanna, og þar með væri upp kominn í næsta nágrenni höfuðstaðarins viðbúnaður, sem mundi kalla yfir hann enn þá ægilegri hættu, ef til kjarnorkustyrjaldar kæmi, heldur en sá hættustaður, sem þegar er fyrir í næsta nágrenni Reykjavíkur, þ. e. a. s. Keflavíkurflugvöllur.

Raunar er margt fleira, sem bendir til þess, að Bandaríkin og NATO hyggist nú færa sig upp á skaftið hér uppi á okkar landi og við strendur þess. Grunsamlegur er vægast sagt sá áróður, sem hernámsblöð og útvarp og einkum sjónvarp hafa rekið að undanförnu fyrir NATO og studdur hefur verið oft hinum fáránlegustu lýsingum á því, að Rússar séu að brugga okkur launráð með flotaæfingum eina 1000 km suður í Atlantshafi o. fl., og má segja, að tilraun hafi verið gerð til þess að vekja upp aftur Rússagrýluna í öllu sínu veldi, og helztu forystumenn NATO hafa verið látnir koma fram í íslenzku sjónvarpi til þess að þjarma sérstaklega að okkur Íslendingum í krafti þessarar grýlu, skelfa okkur, villa um fyrir okkur og rugla dómgreind okkar. Slík herferð hefur oft áður verið upp tekin, þegar stjórnarvöldin hafa verið að undirbúa einhverjar stóraðgerðir til aukins hernaðarbrölts og aukinna ítaka Bandaríkjamanna hér á landi og þegar talið er nauðsynlegt að skapa það sálarástand með þjóðinni, að hún sætti sig við ósköpin, og sannarlega ekki að ástæðulausu, að hjá mönnum vakni grunsemdir um, að eitthvað slíkt sé nú í aðsigi.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Svo sem hv. alþm. er kunnugt, er utanrrh. lasinn um þessar mundir og gegnir ekki störfum á Alþ. og mun ekki gera næstu vikur. Svo sem allir vita, hafa ráðh. viðtalstíma á miðvikudagsmorgnum, og ég var við þau störf í morgun frá 9–1 og heyrði því ekki hádegisfréttir um þann atburð, sem hv. þm. hefur gert að umtalsefni, og auk þess hef ég ekkert samband haft við utanrrn. í morgun né heldur í matartímanum. Ég get því engar upplýsingar gefið um þann atburð, sem hv. þm. gerði að umræðuefni, umfram það, sem kann að hafa verið frá greint í fréttum ríkisútvarpsins. Hins vegar er það alkunna, að miklar skipaferðir hafa verið umhverfis Ísland nú undanfarið, og hefur það ekki dulizt neinum, sem með málum hefur viljað fylgjast. Ég get og bætt því við, að ég veit ekki betur en ýmis íslenzk skip hafi fengið afgreidda olíu úr einmitt sömu tönkunum og mér skilst, að hinn erlendi kafbátur hafi fengið afgreidda olíu úr í morgun. En ég skal með ánægju afla frekari upplýsinga um það mál, sem hér er um að ræða, tel það bæði sjálfsagt og skylt, og skal láta hv. þm. þær upplýsingar í té og þingheimi öllum, ef eftir því er sérstaklega óskað.

Jónas Árnason: Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðh. svör hans, svo langt sem þau náðu. Það var sannarlega ekki langt. Og ég verð að lýsa furðu minni á því, að ríkisstj. virðist ekkert um þetta vita, sem gerðist í morgun, að bandarískur kafbátur kom inn í Hvalfjörð. Ber að skilja þetta sem svo, ef Hvalfjörður fyllist allt í einu af herskipum, að ríkisstj. Íslands viti ekkert um það bara vegna þess, að einn ráðh. hefur handleggsbrotnað?

Reyndar mætti gera ýmislegt fleira að umtalsefni í þessu sambandi. Frá því er sagt í blöðum, að 200 manns úr brezkri fótgönguliðadeild, sem nefnist Royal Anglian Regiment, muni n. k. föstudag hefja heræfingar norðan og austan Búrfells, og eigi þær að standa í 10 daga. Ég vænti þess, að ríkisstj. sé kunnugt um þetta. Um sama leyti í fyrra kom hingað brezk fallhlífadeild og var að æfingum uppi í öræfum á svipuðum slóðum minnir mig og um álíka langan tíma.

Í þessu sambandi hlýtur því að vakna sú spurning, hvort ætlunin sé, að slíkt hernaðarbrölt verði árlegur viðburður hér á landi, hvort ætlunin sé að gera íslenzk öræfi ár hvert að eins konar íþróttasvæði handa brezkum dátum til að æfa sig í manndrápum. Ja, það fylgir fréttinni – íslenzk stjórnarvöld hljóta að vita um

þetta, því að það fylgir fréttinni, að þetta sé gert með þeirra leyfi. En ég dreg í efa, að íslenzk stjórnarvöld hafi heimild til þess að gefa slíkt leyfi, og vil raunar mótmæla því harðlega. Eða líta íslenzk stjórnarvöld e. t. v. svo á, að þau geti, hvenær sem þeim bjóði svo við að horfa, opnað öll öræfi landsins fyrir ótakmörkuðum herafla til þess að iðka þar stríðslistir sínar? Já, ég spyr: Hvar mundu takmörkin í þessu efni?

Ég mótmæli þessu af ýmsum fleiri ástæðum. Í fyrra tóku bandarískir hermenn af Keflavíkurflugvelli þátt í æfingum brezku fallhlífahersveitarinnar. Bandarískir hermenn af Keflavíkurflugvelli munu einnig eiga að taka þátt í þeim æfingum brezku fótgönguliðasveitarinnar, sem hefjast eftir tvo daga. Æfingar bandarískra hermanna hafa nú hin síðari ár verið litlar sem engar hér á landi, þ. e. a. s. á landi niðri. Andstyggð fólks á styrjöldinni í Víetnam hefur eflaust valdið því. Herstjórnin á Keflavíkurflugvelli hefur ekki viljað kalla yfir sig fordæmingu Íslendinga út af því, að land þeirra væri notað til þess að þjálfa menn til þess meginverkefnis, sem herafli Bandaríkjamanna hefur nú með höndum, hins blóðuga útrýmingarstríðs í Víetnam. En þessar heimsóknir brezkra hermanna og æfingar þeirra eru bersýnilega notaðar sem skálkaskjól í þessu sambandi. Þær eru notaðar til þess að lauma bandarískum hermönnum upp á öræfi okkar og gera þá hæfari til starfans, ef þeir skyldu verða kallaðir héðan og austur til Víetnam. Einnig af þessari ástæðu vil ég mótmæla þessu hernaðarbrölti á landi okkar og láta í ljós andstyggð mína á því.

Sem fyrr segir, dreg ég í efa, að íslenzk stjórnarvöld hafi nokkra heimild til þess að veita leyfi til þessara æfinga þarna uppi á öræfunum, og sem Íslendingur og þar með einn af eigendum þessara öræfa vil ég einnig mótmæla þessu, mótmæla því, að þessi eign mín sé notuð til þessarar viðurstyggilegu iðju.

Það er nú mikið talað um það, að okkur beri að vernda fegurð lands okkar og þá ekki sízt öræfanna, bægja frá óþrifnaði og hvers kyns spjöllum. Á sama tíma leyfa stjórnarvöldin sér að bjóða heim þeim argvítuga óþrifnaði, sem hér er um að ræða, og á ég ekki aðeins við tilganginn með þessum æfingum, heldur einnig þau spjöll, sem hljóta að verða af margra daga sparki heilla herflokka í öræfum, fallbyssuskothríð á viss skotmörk, því að fótgönguliðar æfa sig einnig í slíku, og öðru brölti þeirra. Ég leyfi mér sem sagt að mótmæla þessu einnig af hreinlætisástæðum.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Í tilefni af ummælum hv. þm. um heræfingar, sem fyrirhugaðar eru, er það að segja, að þær hafa verið leyfðar og fara fram með fullu samþykki og fullu leyfi réttra íslenzkra stjórnarvalda, og munu verða framkvæmdar undir löglegu eftirliti þeirra. Að því er snertir furðu hans á því, að íslenzka ríkisstj. skuli ekki hafa vitað um töku erlends kafbáts á einhverju magni af olíu í Hvalfirði nú í morgun, þá geri ég ráð fyrir því, að ástæða þess sé einvörðungu sú, að hér sé um svo einfaldan atburð að ræða, að hlutaðeigandi embættismenn, sem um málið hafi fjallað, hafi ekki talið ástæðu til þess að gera ríkisstj. grein fyrir málinu, enda eins og ég sagði áðan algengt, að olía sé afgreidd úr þeim olíugeymum, sem um er að ræða. Vitneskjuskortur minn eða annarra ráðh. – ég veit ekki, hvort öðrum ráðh. hefur verið kunnugt um þetta – vitneskjuskortur minn, sem eigandi að hafa samband við utanrrn. varðandi slík mál sem stendur eða það við mig, geri ég ráð fyrir, að stafi af því einu, að hér sé talið um svo smávægilegan og lítilfjörlegan atburð að ræða, að ekki hafi þótt ástæða til þess að trufla viðtalstíma ráðh. eða matartíma hans til þess að skýra honum frá því, sem hér hefur verið að gerast. En ég endurtek það, að ég skal að sjálfsögðu skoða, hvað hér hefur verið á ferðinni og gera þm. og, ef ástæða þykir til, þingheimi grein fyrir málavöxtum.

Hér er að sjálfsögðu hvorki staður né stund til þess að hefja almennar umr. um utanríkismál, en að gefnu tilefni frá hv. þm. skal ég taka fram, að ríkisstj. er reiðubúin, er mjög reiðubúin, til þess hvenær sem er að efna til almennra umr. um utanríkismál, og þarf ekki annað en ósk um það að koma fram frá þessum hv. þm. eða öðrum þm., og þá mun ríkisstj. samþykkja það og óska eftir því gagnvart hæstv. forseta, að til slíkra umr. verði efnt. Við höfum ekkert að óttast í þeim efnum og engu að leyna.

Á 78. fundi í Nd., 17. apríl, utan dagskrár, mælti

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Ég bið hv. þm. enn eins og í gær afsökunar á því, hvað mér liggur lágt og illa rómur sökum lasleika í hálsi. En ástæða þess, að ég kveð mér hljóðs, er sú, að á fundi sameinaðs Alþingis í gær var beint til ríkisstj. fsp. um komu bandarísks kafbáts til Hvalfjarðar til þess að taka olíu. Fyrirspyrjandi gaf í skyn, að hér væri um óvenjulegan atburð að ræða og bæri sérstakan vott um hagnýtingu Hvalfjarðar í sambandi við stríðsundirbúning. Mér var laust eftir hádegi í gær ekki kunnugt um þennan atburð og gat því sagt það eitt, að ég skyldi athuga þetta mál, en gerði hins vegar ráð fyrir því, að hér væri um venjulega afgreiðslu á eldsneyti til erlends herskips að ræða, en um nauðsynleg formsatriði í því sambandi fjölluðu embættismenn án þess að gera ráðh. aðvart.

Athugun málsins hefur leitt í ljós, að tilgáta mín var rétt, og er það nánast spaugilegt, að atburður sem þessi sé gerður að sérstöku umræðuefni á Alþingi Íslendinga. Í varnarsamningnum milli Íslands og Bandaríkjanna frá 1951 er gert ráð fyrir því, að skip varnarliðsins geti fengið eldsneyti á Íslandi, og hefur mér vitanlega aldrei verið fundið að þessu ákvæði sérstaklega, svo sjálfsagt sem það er út af fyrir sig. Síðan árið 1951 hefur Olíufélagið h.f. geymt fyrir varnarliðið varabirgðir af olíu í olíustöðinni í Hvalfirði. Herskip hafa komið í Hvalfjörð að jafnaði einu sinni til tvisvar á ári frá þessum tíma. Auk þess hafa ýmiss konar herskip, þ. á m. kafbátar, verið afgreiddir í Reykjavíkurhöfn. Hefur brezki flotinn einnig samning við Olíufélagið h.f. um afgreiðslu á olíu, og aðrar þjóðir hafa samning við hin olíufélögin um afgreiðslu á olíu til herskipa sinna. Í samræmi við þá samninga, sem ég hef nú nefnt, og í framhaldi af hliðstæðum afgreiðslum á undanförnum áratugum var eldsneyti afgreitt frá Olíufélaginu h.f. í Hvalfirði til kafbáts á vegum varnarliðsins í gær. Kafbáturinn hafði fengið heimild íslenzkra stjórnvalda til

þess að koma inn í íslenzka landhelgi, en herskip annarra þjóða verða jafnan að sækja um slíka heimild. Er því augljóst, að hér var ekki um neitt frávik að ræða frá fyrri reglum eða framkvæmd í þessum efnum. Nauðsynleg formsatriði voru afgreidd af hlutaðeigandi embættismönnum, og engin ástæða til þess að skýra ráðh. frá þeim.

Skip varnarliðsins hafa á grundvelli varnarsamningsins um langt árabil fengið afgreitt eldsneyti úr birgðastöðinni í Hvalfirði og í öðrum íslenzkum höfnum, kafbátar jafnt sem önnur skip. Eru því fullyrðingar um, að hér sé um einhverja stefnubreytingu að ræða af hálfu íslenzkra stjórnvalda í þessum efnum, algerlega úr lausu lofti gripnar.

Loks má geta þess, að samkv. alþjóðareglum fá öll erlend herskip nauðsynlega afgreiðslu í íslenzkum höfnum, hverrar þjóðar sem þau eru. Þannig var t.d. sovézkt herskip tekið til viðgerðar í skipasmíðastöð á Seyðisfirði fyrir fáum árum, og þótti engum tíðindum sæta. Það má og enn fremur geta þess t.d., að í fyrravor sótti pólskt herskip um leyfi til þess að koma inn í íslenzka landhelgi til þess að fá vatn og vistir, fékk að sjálfsögðu leyfið og var afgreitt í Reykjavíkurhöfn, án þess að fréttnæmt þætti. Ef hingað kæmi sovézkur kafbátur og óskaði eftir því að kaupa olíu af íslenzku skipafélagi, mundi honum eflaust verða veitt slík heimild. Högg það, sem reitt var til hér á Alþingi í gær, hefur því reynzt vindhögg af skýrustu gerð.

Jónas Árnason: Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðh. þær upplýsingar, sem hann veitti hér, og það gleður mig, að hann hefur kynnt sér þetta mál nákvæmlega. Fullyrðingar hans um það, að það sé spaugilegt, að vakið sé máls á Alþingi á atviki eins og þessu, ætla ég ekki að ræða að sinni. Ég ætla að fara að fyrirmælum forseta og hafa þetta aðeins stutta aths., en mér sýnist, að ekki sé vanþörf á, að vakin sé athygli á atburðum eins og þessum, og ég ítreka þær fullyrðingar mínar frá í gær, að atburðir eins og þessir hafa oft reynzt undanfari aðgerða, sem leiddu til aukinna ítaka Bandaríkjamanna hér á landi, hernaðarlegra og annarra, og ég held mig við þá afstöðu. Og það mun einnig verða afstaða okkar Alþb.-manna í framtíðinni að hafa vakandi auga með atburðum eins og þessum, ekki þá sízt, þegar það kemur í ljós, að ríkisstj. er ókunnugt um, er þessir atburðir gerast, og slík mál eru ekki athuguð fyrr en við bendum á þau.

Varðandi fullyrðingar ráðh. um það, að jafnvel sovézkur kafbátur mundi fá hér afgreiðslu, skal ég ekkert segja, en ég vænti þess þá, ef sovézkir kafbátar fara að venja komur sínar hingað, að hæstv. ráðh. og hæstv. ríkisstj. verði kunnugt um slíkt, og það komi ekki alveg flatt upp á hana eins og heimsókn þessa kafbáts í gær. **(Dómsmrh.:** Þeir verða þá að gera boð á undan sér.) Ja, hæstv. dómsmrh. gerir þá aths., að þeir verði að gera boð á undan sér. Gerði þá ekki þessi kafbátur í gær boð á undan sér? **(Menntmrh.:** Jú, það gerði hann). En hæstv. ríkisstj. var samt ekki kunnugt um komu hans.

Á 40. fundi í Sþ., 16. apríl, utan dagskrár, mælti

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. Alþingi mun eiga hús í Kaupmannahöfn, það er húsið, sem Jón Sigurðsson forseti bjó í, meðan hann átti heima þar í borg. Nú ganga ófagrar sögur af þessu húsi. Sagt er, að ekkert af fólki sé þar heimilisfast, en þó sé húsið opið og lausingjalýður gangi þar um stofur bæði um daga og nætur, en þessu fylgi svall og sóðaskapur. Ég vil því beina þeirri fsp. til hæstv. forseta Alþingis, hvort þeir hafi kynnt sér þetta, hvort þær sögur séu sannar, sem af þessu ganga. Og ef þeir hafa komizt að þeirri niðurstöðu, að þarna sé rétt frá skýrt, hvort þeir hafi þá ekki nú þegar gert eitthvað eða ætli ekki að gera nú hið fyrsta ráðstafanir, sem að gagni megi koma til að ráða bót á þessu ófremdarástandi.

Forseti (BF): Út af fsp. hv. 1. þm. Norðurl. v. vill forseti aðeins segja það, að ekki er langt síðan forsetar þingsins hafa gert formönnum þingflokkanna grein fyrir, hvernig þetta mál stendur. Það er ekki staður né stund til þess að hefja umr. um þetta mál hér að sinni, en ég leyfi mér að vísa hv. þm., varðandi þetta mál, til formanns þingflokks hans, sem veit nákvæmlega, hvernig málið stendur.

Ég get svo bætt því við, að ég skal hlutast til um það við meðforseta mína, að gerð verði opinberlega ítarleg grein fyrir þessu máli.

Á 45. fundi í Sþ., 30. apríl, utan dagskrár, mælti

Ólafur Jóhannesson: Herra forseti. Mig langar til að beina ákveðinni spurningu til ríkisstj. og þá fyrst og fremst til hæstv. fjmrh. Spurningin er á þessa lund: Hvernig hyggst ríkisstj. haga launagreiðslum til starfsmanna ríkisins um þessi mánaðamót og framvegis? Ætlar hún að fara eftir gildandi kjaradómi eða ætlar hún að halda uppteknum hætti og synja starfsmönnum ríkisins um þá uppbót, sem þeim ber samkv. kjaradómi frá 21. júní 1968? Það er ástæða til þess að spyrja þessarar spurningar nú, þar sem kjaradómur hefur vísað á bug kröfu fjmrh. um endurskoðun á ákvörðunum kjaradóms samkv. 7. gr. kjarasamningalaganna.

Ég vona, að þessi spurning sé skýr. Málið er þannig vaxið, að ríkisstj. hlýtur að hafa gert sér fulla grein fyrir því, hvernig við því eigi að snúast, og þess vegna álít ég, að hæstv. fjmrh. muni veitast auðvelt að svara þessari spurningu nú fyrirvaralaust og án þess að hún hafi verið skriflega fram borin.

Það má aðeins minna á það hér, að laun starfsmanna ríkisins eru ákveðin með kjarasamningum eða, ef kjarasamningar ekki takast, þá með gerðardómi, ákvörðun kjaradóms. Yfirleitt hefur það nú farið þannig í sambúðinni við ríkisstarfsmenn, að samningar hafa ekki tekizt, heldur hafa launin yfirleitt verið ákveðin með kjaradómi, og þannig var það síðast. Þau voru ákveðin 21. júní 1968 með kjaradómi. Og um kjaradóm gilda þau ákvæði samkv. lögum, að hann gildir í tvö ár, þó þannig, að miðað er við áramót. En í tvö ár gildir sú ákvörðun, sem kjaradómur hefur tekið, nema breyting sé gerð á ákvörðunum hans með þeim hætti, sem segir í 2. mgr. 7. gr. kjarasamningal. nr. 55/1962. Til þess að breyting verði gerð á kjaradómi eða kjarasamningi, verða tilteknar forsendur að vera fyrir hendi, en þegar þær forsendur eru fyrir hendi, þá

getur hvor aðili sem er krafizt endurskoðunar á kjaradómi. En þær forsendur, sem þurfa að vera fyrir hendi, til þess að breyting verði gerð á ákvörðun kjaradóms, eru þær, að almennar launabreytingar hafi átt sér stað í landinu, frá því að kjaradómur var upp kveðinn.

Nú er það öllum hv. þm. kunnugt, að hæstv. fjmrh. leit svo á, að eftir að vitneskja barst um það, að atvinnurekendur mundu ekki greiða vísitöluuppbót á laun eftir 1. marz í samræmi við fyrri samninga, þá fór hann þess á leit við fyrirsvarsmenn opinberra starfsmanna, að ákvæði kjaradóms væru tekin til endurskoðunar. Þeirri málaleitan var hafnað af hálfu kjararáðs á þeim grundvelli, að ekki væru fyrir hendi skilyrði þau, sem greinir í 7. gr. kjarasamningalaganna. Síðan fór svo hæstv. fjmrh. þess á leit, að kjaradómur tæki málið til meðferðar, og gerði þá kröfu, að ákvæðum kjaradómsins yrði breytt, og lét vera að greiða þá uppbót á laun þeirra ríkisstarfsmanna, sem rétt eiga á uppbót, hinn 1. marz s. l. Hefur svo staðið síðan, að því er ég bezt veit, að þeir starfsmenn ríkisins, sem rétt eiga á vísitöluuppbót, samkv. ákvæðum kjaradómsins frá í fyrra, hafa ekki fengið hana. Og þetta mál var af ríkisstarfsmanna hálfu borið undir félagsdóm og talið rof á kjaradómi. Þar hafði fjmrh. þá fyrst uppi þá kröfu, að þetta mál heyrði ekki undir félagsdóm. Þeirri kröfu var hrundið, en málið mun enn vera að þessu leyti til hjá félagsdómi. En jafnframt var málið borið undir kjaradóm, og kjaradómur hefur nú fjallað um það í nokkuð langan tíma, en nú hefur þó komið dómur hans, og hann er á þá lund, að málinu var vísað frá. Þegar það liggur fyrir, þá get ég ekki séð neina réttlætanlega ástæðu til þess að synja að greiða starfsmönnum ríkisins þá uppbót, sem þeim ber samkv. gildandi kjarasamningi. En ég undirstrika, að það eru engan veginn allir starfsmenn ríkisins, sem þá uppbót eiga að fá, vegna þess að eins og öllum er kunnugt er hér um skerta vísitölu að ræða eða takmarkaða, og ég hygg þess vegna, að ég geti örugglega sagt það um sjálfan mig t. d., að ég hef alls engra hagsmuna þarna að gæta, og svo er um þá, sem eru í hinum hærri launaflokkum. En ég lít svo á, að hinir eigi lagalegan rétt á því að fá þessa uppbót, því að kjaradómurinn heldur gildi þangað til honum hefur verið breytt með þeim hætti, sem í lögunum segir. Og ég hygg, að hver og einn einasti starfsmaður ríkisins, sem undir þetta kemst, gæti farið þá leið, ef hann kysi, að fara í mál við ríkið og heimta eftirstöðvar launa sinna.

Sú röksemd, sem hæstv. fjmrh. hefur borið fram fyrir kröfu sinni, fær ekki staðizt, vegna þess að það er alls ekki hægt að segja, að neinar þvílíkar almennar launabreytingar hafi átt sér stað í landinu, að þau skilyrði séu fyrir hendi til þess að kjaradómur taki launaákvörðun sína til endurskoðunar, því að vitaskuld verður kröfu um launabreytingar og samningaumleitunum um launabreytingar og deilu um laun á engan hátt jafnað til þess, að launabreytingar almennar hafi þegar átt sér stað. Þá mætti allt eins snúa dæminu við og þá býst ég við, að flestir sæju, hversu fjarstætt er, þ. e. a. s. ef deilan nú lægi fyrir með öðrum hætti en hún gerir og verkamenn hefðu í stað þess eða launamenn þeir, sem eiga í deilunni, hefðu í stað þess að fara fram á að óbreytt launaákvörðun frá fyrri samningum gilti, þá hefðu þeir gert kröfu um hækkun upp á 25–30% og það hefði kannske ekki verið orðið strax við þeirri kröfu og það hefði kannske deila um þá kröfu staðið í tvo mánuði. Ég býst ekki við, að neinum hefði dottið í hug, að opinberir starfsmenn gætu strax við upphaf þeirrar deilu farið til kjaradóms og farið fram á það við hann, að hann endurskoðaði ákvörðun sína um laun, vegna þess að fram væru komnar svo og svo miklar kröfur um launahækkanir. Slíkri kröfu yrði vitaskuld vísað frá vegna þess, að það lægi þá ekkert fyrir um það, hver endir yrði á þeirri deilu. En alveg eins stendur á í dag um þá deilu, sem yfir stendur. Það veit enginn og enginn okkar, hvernig þeirri deilu lyktar, og sú niðurstaða, sem í þeirri deilu kann að fást, getur því aldrei orðið röksemd nú á þessu stigi fyrir breytingum á ákvæðum kjaradóms. Það verður að bíða og sjá hvað setur og sjá, hvernig samningar takast um það efni, hvort þeir leiða til almennra launabreytinga eða ekki, og þá fyrst er ástæða til þess að taka það til athugunar eða þá fyrst getur kjaradómur tekið það til skoðunar, hvort ástæða sé til þess að breyta fyrri ákvörðunum. En hvernig svo sem á þetta er litið, þá er það ljóst, að eftir að kjaradómur hefur vísað þessu máli frá sér, þá er óvefengjanlega í gildi sá kjaradómur, sem upp var kveðinn 21. júní s. l., og í samræmi við hann á að greiða starfsmönnum ríkisins laun. Framhjá því verður aldrei komizt. Og ég á bágt með að skilja þá ákvörðun, sem ríkisstj. hefur tekið í þessu máli að undanförnu. Ég vona, að hún hafi skipt um skoðun, eftir að kjaradómur nú liggur fyrir, frávísunardómur kjaradómsins. Afstaða ríkisstj. er ekki að mínum dómi fallin til þess að greiða fyrir lausn þeirrar alvarlegu vinnudeilu, sem nú stendur yfir. Ég held þvert á móti, að það mundi vera spor í rétta átt og greiða fyrir lausn þessarar alvarlegu vinnudeilu, sem nú er, að ríkisstj. héldi sig við lög að þessu leyti og greiddi samkv. ákvæðum kjaradómsins, sem upp var kveðinn í fyrra, nokkru eftir að þeir kjarasamningar voru gerðir, sem mér skilst, að launþegar almennt hafi viljað og vilji sætta sig við, að áfram gildi. En að svo vöxnu máli skal ég ekki fara nánar út í þá almennu vinnudeilu, þó að hún sé náttúrlega það mál, sem nú skyggir á öll önnur, og ekki væri ástæðulaust fyrir Alþ. að láta nokkuð til sín taka.

En ég ætla að halda mig við þessa spurningu: Hvernig hyggst ríkisstj. nú eftir uppkvaðningu kjaradómsins haga launagreiðslum til opinberra starfsmanna?

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Mér er fullkomlega ljúft að svara fsp. hv. 3. þm. Norðurl. v., en skal hins vegar ekki fara langt út í að ræða þetta mál efnislega hér utan dagskrár, eins og hann gerði, vil aðeins fara um það örfáum orðum, hvernig þetta er til komið, og þarf ekki að taka langan tíma til þess. Það er rétt, sem hv. þm. sagði, að þegar vitað var, að kjarasamningar féllu úr gildi á hinum almenna launamarkaði og miðað yrði við, a. m. k. um óvissan tíma, greiðslu launa í samræmi við vísitölu þá, sem greidd var á febrúarlaun, þá þótti ríkisstj. eðlilegt, að launagreiðslum til opinberra starfsmanna yrði hagað í samræmi við það, sem grundvallaratriði kjarasamninga-

laganna gera ráð fyrir, en svo sem öllum hv. þdm. mun kunnugt, er það meginefni löggjafarinnar um kjaramál opinberra starfsmanna, að þeir skuli á hverjum tíma bera úr býtum sambærileg kjör og greidd eru á hinum almenna launamarkaði í landinu. Þess vegna fór ég þess á leit sem farandi með umboð ríkisins gagnvart ríkisstarfsmönnum, að stjórn Bandalags starfsmanna ríkis og bæja féllist á það að fresta yrði greiðslu þeirra viðbótarvísitöluuppbóta, sem átti að falla til hinn 1. marz, og séð yrði, hvernig færi um þær kjaradeilur, sem væru í landinu, og var það þá skýrt tekið fram af minni hálfu, að vitanlega kæmi ekki til mála annað en opinberir starfsmenn yrðu gerðir skaðlausir af því og þeir fengju laun í samræmi við það, sem kjarasamningal. gerðu ráð fyrir, en ekki umfram það. Þessu var hafnað af ríkisstarfsmönnum algerlega, að þeir væru til viðtals um slíkt, og var þá farin sú eðlilega leið að undangenginni sáttatilraun að leggja þetta mál fyrir kjaradóm til meðferðar.

Ég skal fúslega játa það, að formlega séð má segja, að kjaradómur sé í gildi, og það hefur verið þar af leiðandi fullverjanlegt að greiða þessi laun. Hins vegar var það efnislega séð að minni hyggju algerlega óeðlilegt að greiða þessar launauppbætur eins og þá stóðu sakir. Ef til kæmi, að um það væri samið á sínum tíma, þá lá það ljóst fyrir, og það tilkynnti ég opinberum starfsmönnum, þá að sjálfsögðu yrðu þær bætur þeim fullkomlega greiddar. En hins vegar, ef svo færi, að laun yrðu með öðrum hætti, þá hlyti að koma til kröfu um endurgreiðslu af hálfu ríkisins á hendur opinberum starfsmönnum, og það þjónaði engu góðu. Opinberir starfsmenn völdu þann kostinn að vera ekki til viðtals um þetta mál, og ég skal ekkert orðlengja um það. Niðurstaðan varð sú, að fjmrn. stefndi málinu til kjaradóms, eins og lög gera ráð fyrir, og krafðist breytinga í samræmi við grundvallaratriði laganna og þá heimild, sem veitt er í 7. gr., ef breytingar verða á kjörum á samningstímabilinu.

Þetta mál hefur verið til meðferðar fyrir kjaradómi og hefur nú verið vísað frá dómnum. En það er mjög rík ástæða til að gera sér grein fyrir því, af hverju því er vísað frá dómnum. Því er alls ekki vísað frá dómnum vegna þess, að kjaradómur líti svo á, að efnislega séu ekki full rök fyrir þessari kröfu fjmrn., heldur vegna þess, að málið eða kröfugerðin sé, sem þeir segja, svo óljós, að það sé ekki hægt að dæma hana. Og þessi óljósa kröfugerð er í því fólgin, að krafa rn. var þess eðlis, að það var farið fram á, að kjaradómur úrskurðaði, að vísitala febrúarmánaðar skyldi gilda á laun opinberra starfsmanna þangað til endanlega væri um það vitað, hvaða kjör yrðu ráðandi á hinum almenna vinnumarkaði. Það er þessi viðbót, þessi skilyrta kröfugerð, sem veldur því, að kjaradómur vísar málinu frá og telur, að ekki sé hægt að dæma málið á þessum grundvelli. Það er mál út af fyrir sig, hvað segja má um þennan dóm kjaradóms. Ég hef mínar skoðanir um það, en tel ekki viðeigandi að vera að ræða þær hér.

Ég held, að hér sé fyrst og fremst um að ræða það atriði, sem hlýtur að vera ágreiningsefni, en er að vísu að minni hyggju ekkert ágreiningsefni, hvort kjaradómur sé gerðardómur eða almennur dómstóll, því að kröfugerð lýtur nokkuð öðrum lögum, ef um gerðardóm er að ræða í stað almenns dómstóls. Og ástæðan til þess, að málinu er vísað frá, er sú, að hér sé um skilyrta kröfu að ræða, sem sé háð óljósum endalokum, ef svo megi segja, þannig að það sé í rauninni ekki hægt að dómtaka kröfuna með þessum hætti. Það er því nauðsynlegt að gera sér grein fyrir því, að kjaradómur hefur alls ekki efnislega vísað frá því atriði, hvort það skuli verða við þeirri kröfu, að vísitala febrúarmánaðar skuli greidd eða ekki, og af þeirri ástæðu mun rn. að sjálfsögðu krefjast úrskurðar kjaradóms um það efni. Það getur verið, að það þurfi að leggja málið fyrir með þeim hætti, sem út af fyrir sig ég mundi ekki óska að þurfa að gera, en það er að gera kröfu til þess, að vísitöluuppbætur verði ekki greiddar út samningstímabilið. Það er ákveðin og formleg krafa, en sem auðvitað engum hefur dottið í hug að standa við, ef yrði launahækkun á þessu tímabili, þá auðvitað ættu opinberir starfsmenn að fá þær kjarabætur. En þetta verður að skoðast út frá formlegum ástæðum og það eru algerlega formlegar ástæður, sem valda því, að kjaradómur vísar þessu máli frá sér nú, en ekki vegna þess, eins og ég hef séð í sumum blöðum í dag, að með því sé slegið föstu, að ríkisstarfsmenn eigi rétt á því að fá vísitöluuppbætur greiddar með marzvísitölu. Af þessum sökum get ég einfaldlega svarað því, að uppbætur verða ekki greiddar nú um þessi mánaðamót, heldur mun rn. vísa málinu aftur til kjaradóms og gera kröfu til efnislegrar meðferðar þess.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Ég hef áður lýst afstöðu minni og okkar Alþb.-manna til þess máls, sem hér er til umr., en það er þó komið á nokkuð nýtt stig nú. Það fer ekki á milli mála, að okkar skoðun er sú, að sú stefna, sem hæstv. fjmrh. tók upp í þessu máli, fær ekki staðizt samkv. gildandi lögum og samningum, sem um launakjör opinberra starfsmanna gilda, og við álítum, að hér hafi verið farið inn á algerlega ranga braut og það beri að snúa út af þeirri braut hið fyrsta. Nú er svo komið, að fallnir munu vera í gjalddaga þrír launamánuðir hjá opinberum starfsmönnum, sem um er deilt. Fjmrh. hefur tekið sér það vald að greiða ekki starfsmönnunum út umsamið kaup, hann heldur ákveðnum hluta kaupsins eftir, þó að hann lýsi því yfir, að hann muni skila þessu, ef ekki verður fallizt á hans sjónarmið af opinberum dómstólum. Það breytir engu um það, að hér er verið að brjóta lög og reglur á starfsmönnum ríkisins, og ég fyrir mitt leyti er ekki í neinum vafa um það, að færi svo, sem það hlýtur í rauninni að fara, að hæstv. fjmrh. tapi þessu máli fyrir dómstólum um það er lýkur, þá er hægt að gera ríkið skaðabótaskylt fyrir það að hafa haldið eftir umsömdu kaupi um alllangan tíma og bakað starfsmönnunum í ýmsum efnum útgjöld eða erfiðleika, sem þeir vissulega hafa getað orðið fyrir þegar svona stendur á. Ég vara við því fyrir mitt leyti, að hæstv. fjmrh. haldi áfram þessari alröngu stefnu, eins og nú er komið, eftir að hann hefur fengið tilheyrandi áminningu að mínum dómi frá tveimur dómstólum varðandi málið, og ég álít, að hann ætti nú að taka upp þá reglu að skila starfsmönnunum hinni umdeildu upphæð tafarlaust og fylgja settum reglum og

óska svo eftir því, ef hann vill að öðru leyti, að það fari fram nýtt mat á þessum málum, og málið yrði þá tekið til endurskoðunar og dómur þá kveðinn upp um það, hvort ástæða er til þess að breyta launakjörum opinberra starfsmanna frá því, sem dómur liggur fyrir um. Það er vitanlega engin afsökun í þessum efnum, þó að hæstv. fjmrh. beri því við nú, að kröfu hans í þessum efnum hafi verið vísað frá vegna formgalla. Það er hægt að halda þessu máli áfram um langan tíma í sambandi við slíkar deilur, og það er hægt að ganga enn þá lengra út í vandræðin, ef þannig á áfram að halda. Ég vil því undirstrika það fyrir mitt leyti, að það sé nauðsynlegt, eins og nú er komið, að breytt verði um stefnu í þessu máli af hálfu ríkisstj. og vísitöluuppbótin greidd starfsmönnum ríkisins, eins og dómar liggja raunverulega fyrir um, og hæstv. fjmrh. viðurkenni þannig, að hann hefur tekið sér það vald, sem hann hefur ekki samkv. l., og hann hætti ekki í þessum efnum meiru en búið er að gera. Það er auðvitað enginn vafi á því, að hæstv. fjmrh. hefur hér framið hin mestu glöp í sambandi við þessar launagreiðslur. Og ég vil vænta þess, að hann hafi einnig í huga þá ábyrgð, sem hann er raunverulega að leggja á ríkissjóð, ef hann heldur þessu áfram með sama hætti og verið hefur.

Ég vil sem sagt undirstrika það í sambandi við þetta mál, að við Alþb.-menn lítum svo á, að það sé rétt og sjálfsagt að breyta hér um stefnu og greiða starfsmönnunum út fullar vísitölubætur á launin fyrir marzmánuð og aprílmánuð og nú fyrir þann mánuð, sem er að byrja, eða samkv. gildandi dómi um laun opinberra starfsmanna.

Ólafur Jóhannesson: Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. fjmrh. fyrir skýrt svar formlega séð. Það kom glöggt fram hjá honum, að ætlunin er að halda fast við þá stefnu, sem mörkuð hefur verið á undanförnum tveimur mánuðum, að greiða ekki vísitöluuppbót á laun opinberra starfsmanna lögum samkvæmt og samkv. því, sem kjarasamningur segir til um. Þó að svarið væri skýrt að þessu leyti til, verð ég á hinn bóginn að lýsa vonbrigðum mínum yfir því, að hann skuli gefa þetta svar. Hann lýsti, hæstv. ráðh., sinni afstöðu til málsins í upphafi og hvernig hann hefði hugsað um þetta, eftir að því hafði verið lýst yfir af hálfu atvinnurekenda, að þeir mundu ekki greiða uppbætur í samræmi við þann samning, sem þeir gerðu við launþega í marz s. l. ár. Og hann sagði og játaði það, að formlega séð væri það rétt, að kjaradómurinn væri í gildi og það hefði átt í raun og veru réttum lögum samkv. að greiða eftir honum, en þegar hann hefði haft hitt í huga, þá hefði sér ekki fundizt efnislega rétt að framkvæma þá ákvörðun.

Við þetta er nú það fyrst að athuga, að auðvitað er það matsatriði, hvað er efnislega rétt, þegar svona stendur á, eða réttara sagt, hvað er efnislega sanngjarnt. En í öðru lagi er það, að hvað sem því líður, þá er það ekki hæstv. ráðh., sem á að meta það, hvort lög eða ákvörðun samkv. l. er sanngjörn eða sanngjörn ekki. Það er Alþ. og löggjafans að ræða það og breyta, ef óeðlilegt og ósanngjarnt er talið. En það liggur ekki í valdi ráðh. Hann á og er skyldur til að fara eftir og framkvæma lög, sem í gildi eru. Ef hann er óánægður með þau og telur þau ósanngjörn, þá á hann að fara þá sjálfsögðu leið að leita til Alþ. og löggjafans um breytingu á þeim lögum. En hann á ekki sjálfur að taka sér vald til þess að breyta l. eða skjóta þeim til hliðar.

Hæstv. ráðh. sagði, að l. um kjarasamninga væru byggð á þeirri hugsun, að opinberir starfsmenn bæru nokkuð það úr býtum, sem væri í samræmi við almennar launagreiðslur í landinu. Og rétt er það, að þetta er eitt, en aðeins eitt þeirra atriða, sem kjaradómur á að byggja ákvörðun sína á. Annað atriðið er t. d. það, að það er talað um hag þjóðarbúsins, hvað hagur þjóðarbúsins leyfi. Og það vill nú svo til, að það hafa átt sér stað hér almennar launabreytingar og af þeirri ástæðu fóru fyrirsvarsmenn opinberra starfsmanna í mál og leituðu til kjaradóms og óskuðu eftir hækkun á hans ákvörðun í samræmi við þær almennu launabreytingar, sem höfðu átt sér stað. En kjaradómur hratt þeirri kröfu, af því að hagur þjóðarbúsins leyfði það ekki, þannig að þetta atriði, sem hann nefndi, hæstv. ráðh., er ekki nema eitt af þeim atriðum, sem kjaradómi ber að hafa í huga við endurskoðun á ákvörðunum sínum. Hæstv. ráðh. taldi, að í þeim kjaradómi, sem nú hefði verið upp kveðinn, fælist ekki nein afstaða til þess, hvort hæstv. ráðh. hefði í raun og veru haft rétt fyrir sér eða ekki, þegar hann synjaði að greiða uppbót samkv. gildandi kjarasamningi, heldur byggðist frávísun málsins eingöngu á því, að kröfugerð hefði ekki verið nægilega nákvæm, og á því, að kjaradómur liti öðru vísi á sitt hlutverk en hæstv. ráðh. teldi rétt vera, þ. e. a. s. kjaradómur liti frekar á sig sem dómstól en gerðardóm. Um þetta má nú sitthvað segja. En við skulum alveg láta það liggja á milli hluta. Staðreyndin, sem fyrir liggur, er bara sú, að kjaradómur hefur vísað málinu frá. Og það er þó almenn regla, sem aldrei verður vefengd, að fyrri ákvörðun stendur þangað til henni er breytt, og þess vegna stendur hinn eldri kjaradómur þangað til nýr kjaradómur hefur verið upp kveðinn. Það er mikill misskilningur, ef svo hefur átt að skilja hæstv. ráðh., sem ég geri tæpast ráð fyrir, að það eitt, að málið er borið undir kjaradóm, eigi að hafa í för með sér breytingu á ákvörðunum hans. Þó að málið sé borið undir kjaradóm, þá frestar það auðvitað ekki á neinn hátt framkvæmd á ákvörðunum hans, þeim sem hann hafði áður tekið. Á meðan málið er til meðferðar hjá kjaradómi og óvissa ríkir um úrslit þess, þá er það auðvitað svo sjálfsagt og hreinasti barnalærdómur í öllu réttarfari, að ákvörðunin stendur, sem hann hefur áður tekið, þangað til ný ákvörðun er tekin. Það sjá náttúrlega allir í hendi sér, að það væri nú ekki heppileg regla, að það eitt að bera mál undir dóm gæti haft í för með sér breytingu. Auðvitað kemur breytingin ekki fyrr en ný ákvörðun hefur verið tekin, og þess vegna átti ráðh. að greiða samkv. kjarasamningi á meðan málið var til meðferðar hjá kjaradómi, og hann gat ekki látið það undir höfuð leggjast fyrr en kjaradómur var pósitíft búinn að fallast á sjónarmið hans í málinu, og þess vegna þurfum við ekkert að fara út í neina deilu um efnislegt lögmæti í þessu sambandi. Hæstv. fjmrh. segist ætla að bera málið á ný undir

kjaradóm, og við skulum lofa honum að gera það, og við skulum þá vona, að hann fái skýrt svar hjá kjaradómi. En hvað sem því líður er það svo, að á meðan sá úrskurður er ekki kominn frá kjaradómi, eiga ríkisstarfsmenn rétt samkv. fyrri kjaradómi. Og þess vegna eiga þeir alveg ótvíræða kröfu til þess, að þetta sé þegar reitt af hendi, og auðvitað nægir ekki í því sambandi að vísa til þess, að þeim muni verða greitt þetta einhvern tíma síðar, ef niðurstaða hjá kjaradómi verði svo eða svo. Þannig er ekki hægt að fara að, og það er ástæða til að vara við því, að þannig sé farið að. Það er einmitt ástæða til í því sambandi að rifja það upp, með hverjum hætti þetta kerfi var upp tekið. Þetta kerfi, sem lögtekið var 1962, var byggt á málamiðlun. Ríkisstarfsmenn voru ekki ánægðir með það kerfi, sem þá var upp tekið. Þeir vildu fá frjálsan samningsrétt um kaup sitt og kjör, eins og aðrir launþegar í landinu. En þeir féllust á þá að sætta sig við þessa skipan, sem upp var tekin, að sæta ákvörðun gerðardóms um sín kjör. Í framkvæmdinni hefur reynslan af þessu kerfi orðið á þá lund, að ríkisstarfsmenn eru ekki ánægðir með það, og alveg er það ljóst, að eftir að þannig hefur verið farið að af hálfu hæstv. ríkisstj., þá er þetta kerfi með öllu dauðadæmt í framtíðinni, þannig að ég vil segja það, að ríkisstj. hefur þarna stigið spor, sem getur orðið nokkuð afdrifarík. Því að það er ekki nokkur vafi á því, að með þessum hætti er verulegt spor stigið í þá átt að brjóta þetta kerfi niður með öllu. Og ef þetta á að vera sparnaður fyrir ríkið, þá getur hann reynzt nokkuð vafasamur, því að eins og ég hef þegar sagt, þá gæti auðvitað hver ríkisstarfsmaður farið í mál við ríkið nú og krafizt þess, að fá þær eftirstöðvar, sem inni standa, og ég býst við, að sá málskostnaður, sem þá kæmi til greina, mundi verða nokkuð hár.

Annars vil ég segja það, að það er ástæða til, þegar verið er að bera svona mál undir dómstóla, hvort sem er kjaradóm eða félagsdóm, þá er ástæða til að greiða fyrir úrslitum í því máli. Það hefði ég þó haldið, að ætti að vera áhugamál hæstv. ríkisstj. að fá sem allra fyrst efnislega niðurstöðu hjá þessum úrskurðaraðilum um það, hvað væri rétt í þessu máli. En mér virðist nú, að þetta hafi nokkuð dregizt, þessi málsmeðferð.

Ég vil aðeins undirstrika það, sem ég sagði áðan, að það verður að sjálfsögðu að líta á þetta mál í sambandi við þá alvarlegu kjaradeilu, sem nú er uppi, en ég ætla ekki, eins og ég sagði áðan, að fara að ræða það sérstaklega hér, vil þó aðeins vekja athygli á séreðli þeirrar kjaradeilu. Séreðli hennar er það, og það, sem skilur hana frá líklega flestum eða öllum fyrri kjaradeilum, er það, að ekki er farið fram á almennar kauphækkanir, heldur er farið fram á það, að kaup verði greitt samkv. samningum, sem atvinnurekendur féllust á og skrifuðu undir í marzmánuði s. l. Og síðan þá hefur margt gerzt, m. a. það, að átt hefur sér stað stórkostleg gengisbreyting, sem sögð var gerð til þess að bæta stöðu atvinnuveganna. En eftir þá stóru breytingu telja samt atvinnurekendur sinn hag þannig, að þeir geti ekki haldið áfram óbreyttum þeim samningum, sem þeir játuðust undir í marzmánuði s. l. Það er þetta séreðli þessarar deilu, sem aldrei hefur verið nógsamlega undirstrikað. En hvað sem því líður, þá er deilan alvarleg og tapið, sem af henni hlýzt fyrir þjóðarbúið getur verið alvarlegt. En ég verð að segja það, að miðað við það, sem er á undan farið og ég drap aðeins á, þá get ég ekki haft samúð með atvinnurekendum í þessari deilu. Og það er svo ástatt um fleiri. M. a. sé ég, að samþykkt hefur verið gerð um það á ráðstefnu Alþýðuflokksfélags Reykjavíkur um verkalýðsmál, að þessar kröfur, sem settar hafa verið fram af hálfu launþeganna, væru sanngjarnar, og skorað er á ríkisstj. að beita sér fyrir lausn í samræmi við þær, fyrir 1. maí. 1. maí er á morgun, þannig að tíminn er skammur, og þess vegna þyrftu nú a. m. k. hæstv. ráðh. Alþfl. að setjast við og vinna fast að þessum málum í dag til þess að kippa þeim í lag, áður en 1. maí rennur upp.

En að lokum vil ég lýsa aftur vonbrigðum mínum með þá ætlan ríkisstj., sem hæstv. fjmrh. lýsti hér áðan, gagnvart ríkisstarfsmönnum. Það hefur nú kannske alveg þveröfug áhrif, ef stjórnarandstaðan er að skora á ríkisstj. eða mælast til þess við ríkisstj., að hún geri eitthvað. En ég vil samt fyrir mitt leyti freista þess að skora á hæstv. fjmrh. að taka þessa ákvörðun sína til endurskoðunar og legg á það áherzlu, að það er oft betra í upphafi að skoða endinn.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Ég skal reyna að verða við óskum hæstv. forseta, gaf enda ekki tilefni til þess að fyrra bragði, að ég þyrfti hér að tala. Ég ætla, að það væri ákaflega fróðlegt mál út af fyrir sig að ræða um stefnu Framsfl. í kjaramálum og efnahagsmálum, og þó skal ég ekki fara út í þá sálma. Ég hygg, að það gefist tækifæri til þess síðar að ræða þá stefnu á viðeigandi hátt. En ég held nú samt, að það sé óhætt að segja það, að sú stefna og þau viðhorf séu ekki sérstök hvatning einum né neinum til þess að fara eftir áskorunum úr þeirri átt. Ekki meira um það. (Gripið fram í.) Ég held, að það sé nokkuð sama hvernig lesið er til þess, þ. e. a. s. það er náttúrlega hægt að fá anzi margar útkomur eftir því, hvernig menn lesa það, það er rétt, því að heilsteyptar eru þær nú ekki. En það voru aðeins örfá orð, sem ég vildi sagt hafa út af því, sem hv. þm. sagði, og ég vildi endurtaka og leggja áherzlu á.

Hv. þm. sagði, að það væri ekki hlutverk ráðh. eða réttur að breyta lögum, og ég er honum alveg sammála um það. En það getur hins vegar verið fullkomlega eðlilegt að skoða forsendur hverju sinni, og ég legg á það ríka áherzlu hér, sem er nauðsynlegt, að komi fram, að úrskurður kjaradóms, sem kveðinn var upp á s. l. ári, er byggður algerlega á þeim samningum, sem þá voru gerðir milli stéttarfélaganna og vinnuveitenda, og það er beinlínis tekið fram í forsendum kjaradóms, að hann byggist á þessum niðurstöðum með smáatriðum, sem ekki skipta máli og varða breytingu í sambandi við efra þakið, sem kallað er, greiðslu til þeirra, sem eru í hærri launaflokkum. En þetta tel ég ákaflega veigamikið grundvallaratriði vegna þess, að hér er um að ræða endurskoðun kjaradóms á gildandi kjarasamningi, endurskoðun, sem beinlínis staðfestir það, að kjaradómur lítur svo á, að þeir kjarasamningar, sem þá voru gerðir, séu hin eðlilega undirstaða undir ákvörðun á launum ríkisstarfsmanna miðað við þær aðstæður, sem þá voru. Ég álít, að það sé því í algerlega beinu sambandi við þann skilning og í samræmi við þann skilning, að þegar niður falla þær greiðslur, sem gert hafði

verið ráð fyrir að mundu halda áfram eða niður voru felldar með uppsögnum aðila á þeim samningum nú frá 1. marz, þá hljóti eðli málsins samkv. hliðstæð rök að vera fyrir hendi frá kjaradómi, eins og var, þegar hann kvað upp þennan úrskurð sinn. Ég lít því ekki á, að það hafi verið neitt ofríki framið, þó að gripið hafi verið til þeirra ráða að bíða um skeið, til að fá úr því skorið frá kjaradómi, hvort þessi skilningur væri ekki réttur. Ég lýsti þeirri skoðun minni fyrir stjórn B.S.R.B., að ég álít ekki, að það væri ríkisstarfsmönnum til neins góðs að fara að greiða þeim óeðlilega há laun, sem yrðu síðan af þeim endurkrafin eftir 1–2 mánuði, það yrði engum til góðs, því að það hlyti að hafa verið gert. Á þetta féllst stjórnin ekki og taldi sér ekki fært að fallast á neinar breytingar í þessu efni, og því var sá kostur valinn, – sem auðvitað orkaði tvímælis, ég játa það fúslega, en ég valdi, og það er á minni ráðherraábyrgð fullkomlega, sem ég er ekki að skjóta mér undan, – að leita aftur úrskurðar kjaradóms um það, hvort það væri ekki réttur skilningur, að það bæri nú miðað við hinar breyttu aðstæður að miða launin við þau laun, sem gildandi væru á hinum almenna vinnumarkaði, eins og dómurinn hafði áður sagt, að skyldi verða forsenda fyrir ákvörðun launakjara opinberra starfsmanna.

Þetta er það, sem gerzt hefur og þetta er það eina, sem gerzt hefur. Ég hef æ ofan í æ lýst því yfir, að það er ekki ætlunin að hafa eina krónu af neinum ríkisstarfsmanni. Verði það niðurstaða kjaradóms, að þetta skuli ekki svo vera, þá að sjálfsögðu verða þessi laun orðalaust greidd. En ég tel rétt að fá úr þessu skorið, og ég vil taka það skýrt fram út af því, sem hv. þm. sagði, að það hefði verið seinkað eða seinagangur á meðferð kjaradóms og félagsdóms á þessum málum, að rn. hefur að sjálfsögðu engin áhrif á þessi mál, og það veit ég, að hv. þm., sem er prófessor í lögum og þekkir þau vinnubrögð öll, veit, að það eru ekki málsaðilar, sem hafa nema að litlu leyti möguleika til að hafa áhrif á, hvernig úrskurðir ganga fyrir sig og vinnubrögð dómstóla. Það hefur ekki staðið á grg. frá lögmanni ríkisins í þessum tilfellum, þannig að það er dómstólanna sjálfra, sem þetta hafa úrskurðað.

Þetta vildi ég aðeins láta koma fram. Þetta er ekki hugsað sem neinn sparnaður fyrir ríkið. Þetta er hugsað sem eðlileg vinnubrögð til þess að skapa ekki óeðlilegt rask og fá úr því skorið með eðlilegum hætti, hvort ekki er réttur sá skilningur, sem rn. hefur lagt og hlaut að leggja í núgildandi dóm kjaradóms, að forsendurnar fyrir honum væru brostnar, og af því leiddi, að nýr dómur hlyti að vera kveðinn upp í samræmi við það, sem ég hef áður sagt. Það, sem nú hefur gerzt, er enginn úrskurður um það, hvernig kjaradómur líti á þetta mál, heldur einungis formleg ástæða, þar sem hann vill, að við í rauninni gerum víðtækari kröfu heldur en rn. hafði óskað eftir að gera, en telur af réttarfarsástæðum, af því að hann lítur á sitt hlutverk sem almenns dómstóls en ekki gerðardóms, að verði að gera. En það mun verða leitað eftir að fá úrskurð um þá kröfu með öllum þeim hraða, sem unnt er, og að þeim úrskurði fengnum verður að sjálfsögðu að beygja sig fyrir þeim dómi, hvernig sem hann verður.

Á 88. fundi í Nd., 5. maí, utan dagskrár, mælti

Jónas Árnason: Herra forseti. Ég læt í ljós ánægju mína yfir því að sjá hæstv. utanrrh. aftur kominn til starfa hér á Alþ. eftir lasleika, sem hefur þjáð hann að undanförnu, og ég nota strax tækifærið til þess að beina til hans fsp. Fsp. geri ég í tilefni af því, að í dag hefst í London utanríkisráðherrafundur Evrópuráðsins, og eitt helzta málið á þessum fundi verður afstaðan til hinnar fasistísku herforingjastjórnar, sem fer nú með völd í Grikklandi og beitir þar miskunnarlausri kúgun, gengur æ harðar fram í því að skerða frelsi allrar alþýðu, og pyntar, fangelsar og myrðir leiðtoga frelsisafla þar í landi, beztu syni grísku þjóðarinnar. Vitað er, að á þessum fundi verði tekin afstaða til till. um það að víkja Grikklandi úr Evrópuráðinu af framangreindum ástæðum, þ. e. a. s. í mótmælaskyni við fasistíska framkomu herforingjastjórnarinnar, halda Grikklandi fyrir utan þessi samtök Evrópuþjóða, á meðan þessi stjórn fer þar með völd. Meðal þeirra, sem flytja þessa till. eru þrjár Norðurlandaþjóðanna, Svíar, Danir og Norðmenn. Við Íslendingar erum ekki meðal flytjenda till., og ég harma það. Einnig harma ég það, að hæstv. utanrrh. skuli ekki sitja þennan mikilvæga fund, þó ég þykist hins vegar skilja ástæðuna til þess, þann lasleika, sem hefur þjáð hann að undanförnu.

En ég leyfi mér að spyrja hæstv. ráðh.: Hver er afstaða Íslands í þessu máli? Styður íslenzka ríkisstj. eða styður hún ekki þessa kröfu um það, að Grikklandi verði vikið úr Evrópuráðinu?

Utanrrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Ég held, að þessari fsp. geti ég svarað nokkurn veginn, enda þótt ég hafi nú ekki verið viðloða í stjórnarráðinu að undanförnu að ráði, en ég hef nú fylgzt með gangi þessara mála, og get sagt það í fyrsta lagi, að afstaða ríkisstj. til Grikklandsmálsins er sú, að hún telur rétt, að dómur gangi hjá mannréttindadómstól Evrópuráðsins áður en endanleg till. verður samþ. um þetta efni, þ. e. s. málinu hefur verið vísað til mannréttindanefndar fyrst og mannréttindadómstóls síðar, að því er ég bezt veit, og það þykir eðlilegt, ekki einasta af okkur, heldur og mörgum fleiri, að bíða eftir því, að dómsorð falli frá þessum aðilum áður en endanlegar ákvarðanir verða teknar um málið. Ég hygg þó, að það gæti nokkurs misskilnings hjá hv. fyrirspyrjanda um efni þessarar till., a. m. k. Norðurlandanna, því ég hygg, að ég fari þar með rétt mál, að Norðurlöndin leggi til, að málinu verði haldið á dagskrá hjá Evrópuráðinu án þess að ákvörðun verði tekin um það á þessu stigi, og þeir eru sama sinnis eins og við að bíða eftir ákvörðun mannréttindadómstólsins. Mér er tjáð, að forseti utanríkisráðherrafundarins núna, sem er Willy Brandt, utanríkisráðherra Þýzkalands, muni gefa skýrslu um málið á fundinum og því verði haldið opnu, því verði haldið á dagskrá þangað til þetta dómsorð verður gefið, en engin endanleg ákvörðun verði tekin á þessum fundi. Afstaða okkar til málsins var mótuð á fundi utanríkisráðherra Norðurlanda, sem var haldinn nú fyrir nokkrum dögum, og þar var ákveðið, að við Íslendingar styddum þessa till.-gerð utanríkisráðherra Norðurlandanna.

Jónas Árnason: Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðh. svör hans. Þó hafði ég svo sannarlega vonazt til, að

afstaða Íslands í þessu máli yrði skýrari. Ég verð að játa það, að ég tel mig ekki hér og nú færan um það að hrekja þær fullyrðingar ráðh., að till., sem þarna verður flutt, sé í þeim dúr, sem hann segir. Mér hefur hins vegar verið tjáð, að þarna verði skýrt að orði kveðið um, að víkja skuli Grikklandi úr Evrópuráðinu, en ekki hins vegar beðið eftir þeim dómsúrskurði mannréttindadómstóls Evrópuráðsins, sem hæstv. ráðh. talar um. Hins vegar væri það fróðlegt að vita, hvenær vænta má úrskurðar þessa dómstóls. Það skyldi ekki vera, að ýmsir biðu með eftirvæntingu eftir þeim úrskurði, og þar á meðal þeir, sem sitja í fangelsum grísku fasistastjórnarinnar?

Ég læt enn í ljósi þá von, að Ísland taki skýrari afstöðu í þessu máli sem öðrum, þar sem mannréttindi eru fótum troðin, og þá ekki sízt innan þeirra samtaka, þar sem maður skyldi halda, að við hefðum einhver áhrif, eins og í Evrópuráðinu. Og ég endurtek það, að ég hafði vonazt eftir því að fá skýrari svör og greinilegri um afstöðu Íslands til samúðar með frelsisöflunum í Grikklandi, og ekki hvað sízt vegna þess, að væntanleg er hingað til lands á morgun, að mér skilst, Betty Ambatielos, brezk kona, sem gift er einum þeirra manna grískra, sem hafa orðið að sæta einna verstri meðferð af hálfu fasistastjórnarinnar grísku.

Utanrrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Um það er enginn vafi og það fer ekkert á milli mála, að íslenzka ríkisstj. hefur eins og flestir aðrir fullkomna samúð með þeim mönnum og því fólki, sem hefur orðið að þola harðrétti af hálfu grísku stjórnarinnar, en hins vegar finnst okkur það ekki nema eðlilegt, úr því að málinu hefur verið vísað til meðferðar þessa dóms, að dómsorð liggi fyrir áður en til stórákvarðana kemur. Þetta er ekkert óljós afstaða hjá okkur eða óskýr, hún er alveg ljós, og á utanríkisráðherrafundinum í Kaupmannahöfn, sem haldinn var fyrir nokkrum dögum, tókum við þá afstöðu að fylgja algerlega till. Norðurlandaráðherranna.

VIII. Afgreiðsla mála úr nefndum.

Á 51. fundi í Nd., 20. febr., utan dagskrár, mælti

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. Snemma á þessu þingi bárum við, ég og hv. 5. þm. Norðurl. e., fram frv. um breyt. á l. nr. 51 frá 1964, um tekjustofna sveitarfélaga. Þetta var um aðstöðugjöldin, breyt. á lagaákvæðum um þau. Þessu frv. var vísað til 2. umr. og heilbr.- og félmn. 31. okt. árið sem leið. Þetta mál eða mjög svipað því var til meðferðar á síðasta þingi og var þá lengi hjá þessari n. Ég held, að hún hafi aldrei komið því í verk að skila áliti þá. Mig minnir það, og þess vegna ætti nú n. að vera þetta mál nokkuð kunnugt, og hún ætti ekki að þurfa marga mánuði til þess að segja álit sitt um málið. Ég vil þess vegna leyfa mér að beina þeirri áskorun til hv. n., að hún skili áliti til þd. um þetta frv. okkar ekki síðar en nú um næstu mánaðamót eða áður en febrúarmánuður rennur allur út í tímans haf.

Þetta var erindi mitt hingað í ræðustólinn, og ég vil óska þess, að þessi hv. n. taki þessa ósk mína til greina.

Forseti (SB): Ég vænti, að hv. heilbr.- og félmn. taki ósk hv. 1. þm. Norðurl. v. til greina og að hv. þingn. yfirleitt skili áliti um þingmál, sem til þeirra er vísað, þannig að þau fái þinglega afgreiðslu.

Á 76. fundi í Nd., 14. apríl, utan dagskrár, mælti

Magnús Kjartansson: Herra forseti. Á síðasta fundi hér í Nd. vakti hæstv. forseti athygli okkar þm. á því, að okkur bæri að rækja skyldustörf okkar, og sérstaklega beindi hann því til þingnefnda, að nú væri eftir stuttur tími af störfum Alþ. og því væri brýnt, að þær skiluðu álitum um þau mál, sem til þeirra hefði verið vísað. Ég vil leyfa mér að taka mjög undir þessi orð hæstv. forseta, og í því sambandi langar mig að minna á, að ég flutti hér seint í nóvembermánuði frv. til laga um greiðslufrest á skuldum vegna heimila. Það er 83. mál. Þessu máli var vísað til hv. fjhn. 3. des., þannig að n. hefur nú haft það til meðferðar í nær hálfan fimmta mánuð. Ég held, að sá tími hljóti að vera nægilegur, og í því sambandi vil ég einnig minna á það, að hér er um mjög veigamikið mál að ræða. Hvað sem menn vilja segja um efni þessa frv., þá er vandamálið það brýnt, að það hlýtur að vera augljóst fyrir alla. Ég vil því leyfa mér að beina því til hæstv. forseta, að hann hlutist til um það, að fjhn. skili áliti um þetta mál.

Forseti (SB): Forseti leyfir sér að ítreka fyrri tilmæli til hv. n. þingdeildarinnar, að þær skili áliti um þau mál, sem til þeirra hefur verið vísað, þannig að þau fái þinglega afgreiðslu.

Á 50. fundi í Sþ., 14. maí, utan dagskrár, mælti

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Ástæðan til þess, að ég kvaddi mér hljóðs utan dagskrár, er sú, að ég tel mig tilknúinn að láta í ljós sára óánægju mína með meðferð hv. þings á þeim málum, sem ég hef flutt á þessu þingi. Ég flutti í þingbyrjun frv. um vinnuvernd. Það hefur ekki komið til meðferðar úr n., og er vafalaust n. um það að saka, en óhæf vinnubrögð eru það allt að einu. Þá flutti ég líka á öndverðu þingi frv. til l. um félagsmálaskóla verkalýðssamtakanna. Ekki hefur það frv. fengizt úr n., þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir af minni hendi til þess, og hefur þó verið lýst yfir í öðru stjórnarblaðanna, að skólamál verkalýðssamtakanna væru eitt höfuðáhugamál annars stjórnarflokksins. En ekki hefur það dugað til.

Þá hef ég flutt till. um kvensjúkdómadeild við Landspítalann, og sú till. hefur verið á dagskrá af og til s. l. tvo mánuði ásamt till. um fæðingardeild Landspítalans, sem aðrir þm. fluttu, og má heita, að málin séu bæði, þótt sjálfstæð þingmál séu, sama efnis. Ég hefði vænzt þess, að á dagskránni í dag væri þessi till.,

svo að hún gæti farið til n. ásamt hinni till. og n. fengi bæði þingmálin til sameiginlegrar afgreiðslu. Það hefði verið vit í þeim vinnubrögðum, og vafalaust hefðu engar umr. orðið, a. m. k. ekki af minni hendi nú, um mína till., heldur vísað til þeirra umr., sem orðið hefðu, og þannig hefðu till. báðar fylgzt að til n., sem hefði verið sjálfsagt. En nú getur það ekki orðið, því að hæstv. forseti hefur ekki tekið till. mína á dagskrána. Hefði það þó engum tíma eytt fyrir hv. þd., að svo hefði verið gert.

Þá hefur líka í tvo s. l. mánuði verið á dagskránni af og til till. mín og fleiri þm. um heyrnleysingjaskóla, og ég hefði vænzt þess, að nú yrði sú till. ofarlega á dagskrá, eitt af fyrstu málum, og yrði þess vegna afgreidd á þessum fundi, en því er ekki að heilsa. Hún er 13. mál á þeirri löngu dagskrá, sem hér blasir við, og þingslit rétt framundan. Ég sé því ekki annað en það sé útséð um það, að hún fái ekki heldur þinglega meðferð. Yfir þessu öllu saman lýsi ég sárri óánægju minni.

IX. Minning látinna fyrrv. alþingismanna.

Á 23. fundi í Sþ., 17. des., mælti

forseti (BF): Til þessa fundar er boðað til þess að minnast Péturs Ottesen fyrrv. alþm. og bónda á Ytra-Hólmi, sem varð bráðkvaddur á heimili sínu í gær, áttræður að aldri.

Pétur Ottesen var fæddur á Ytra-Hólmi á Akranesi 2. ágúst 1888. Foreldrar hans voru Oddgeir bóndi og kaupmaður þar Pétursson Ottesens dannebrogsmanns á Ytra-Hólmi Lárussonar og kona hans, Sigurbjörg Sigurðardóttir bónda á Efstabæ í Skorradal Vigfússonar. Hann átti heima á Ytra-Hólmi alla ævi, ólst þar upp hjá foreldrum sínum, varð bóndi árið 1916, rak stórbú um áratugi og lét búsforráð að miklu leyti í hendur syni sínum, þegar aldur færðist yfir.

Pétur Ottesen komst ekki hjá því, að honum væru jafnframt búrekstri falin margvísleg trúnaðarstörf í þágu sveitar sinnar og héraðs, stéttarsamtaka bænda og þjóðarinnar allrar. Haustið 1916 kusu sýslungar hann til setu á Alþingi, 28 ára að aldri, og var hann síðan fulltrúi þeirra á Alþingi á meðan hann gaf kost á því, en hann lét af þingmennsku vorið 1959. Hann var því þingmaður í nær 43 ár samfleytt, lengur en nokkur maður annar frá því að Alþingi var endurreist 1845, og sat á 52 þingum alls. Hann átti lengi sæti í hreppsnefnd og var hreppstjóri frá 1918 til dánardags. Hann var í sýslunefnd 51 ár samfellt og átti sæti í fasteignamatsnefnd. Í stjórn Sláturfélags Suðurlands var hann frá 1929, formaður þess frá 1948, í stjórn Búnaðarfélags Íslands frá 1942, átti um skeið sæti í Framleiðsluráði landbúnaðarins og var í stjórn Fiskifélags Íslands 1945–1966. Hann átti sæti í Landsbankanefnd 1928 til 1930 og 1938 til 1945 og var í stjórn Sementsverksmiðju ríkisins.

Pétur Ottesen átti ættir að rekja til athafnasamra búhölda og frábærra gáfumanna í Borgarfjarðarsýslu. Hann stundaði á unglingsárum sjóróðra jafnframt landbúnaðarstörfum, kynntist gjörla atvinnuháttum þjóðar sinnar til lands og sjávar, vann alla ævi jöfnum höndum að bættum hag landbúnaðar og sjávarútvegs og naut þess trausts að verða kjörinn forustumaður í landssamtökum þessara tveggja höfuðatvinnuvega landsmanna um langt skeið. Ekki hefur hann þó látið hlut sinn eftir liggja, þegar unnið hefur verið að eflingu iðnaðar í landinu, var t. d. ötull hvatamaður að stofnun sementsverksmiðju, sem reist var í kjördæmi hans, og gegndi þar stjórnarstörfum.

Pétur Ottesen naut mikilla persónulegra vinsælda og trausts í kjördæmi sínu. Hann átti jafnan vísan stuðning mikils meiri hluta kjósenda í alþingiskosningum, þótt við mæta og mikilhæfa andstæðinga væri að etja, og fyrir kom, að hann væri sjálfkjörinn án mótframboðs til þingsetu. Hann brást ekki heldur trausti kjósenda sinna, hafði náin kynni af sýslungum sínum öllum, þekkti vilja þeirra og óskir og vann ötullega að því að hlutur þeirra yrði ekki fyrir borð borinn á sviði hvers konar verklegra framkvæmda.

Pétur Ottesen hóf starf sitt á Alþingi á þeim árum þegar náð var mikilvægum áfanga í sjálfstæðisbaráttu þjóðarinnar og stefnt að algjöru sjálfstæði. Er landslýð í fersku minni, er hann fyrir rúmum tveimur vikum rifjaði upp í áheyrn alþjóðar ýmsa viðburði frá lokastigi þess áfanga í tilefni af hálfrar aldar afmæli fullveldisins. Hann var jafnan í hópi þeirra, sem fylgdu fast fram kröfum um sjálfstæði þjóðarinnar, barðist fyrir endurheimt íslenzkra handrita úr höndum Dana og vildi standa fast á rétti Íslendinga til Grænlands. Friðun fiskimiðanna umhverfis Ísland og réttur íslenzku þjóðarinnar til þeirra var honum mikið áhuga- og baráttumál. Hann unni þjóðlegum fróðleik og var einn af forustumönnum Rímnafélagsins. Hann var bindindismaður og ötull liðsmaður í félagi góðtemplara.

Pétur Ottesen var mikill eljumaður og ósérhlífinn, hvort sem hann vann heima á búi sínu, sinnti félagsstörfum eða sat á Alþingi. Hann sóttist ekki eftir vegtyllum, skoraðist að sögn undan miklum virðingarstöðum, sem voru í boði af hálfu flokksbræðra hans, og sat lengi vel hér í þingsalnum að eigin ósk í sæti frammi við dyr. Hann var mælskumaður, talaði hátt og snjallt, sagði skoðanir sínar afdráttarlaust og einarðlega. Hann var hreinlundaður skapmaður, en naut trausts og vinsælda vegna skapfestu, grandvarleika og vilja til að leggja góðum málum lið og leysa vandræði manna. Hann var einn af mestu þingskörungum Íslendinga, svipmikill og sjálfstæður.

Ég vil biðja hv. alþm. að minnast Péturs Ottesen með því að rísa úr sætum. – [Þingmenn risu úr sætum.]

Á 44. fundi í Sþ., 28. apríl, mælti

forseti (BF): Óskar Jónsson fyrrv. alþm. andaðist í sjúkrahúsi á Selfossi s. l. laugardag, 26. apríl, tæplega sjötugur að aldri. Hann var kjörinn alþm. Vestur-Skaft-

fellinga vorið 1959, sat á sumarþinginu það ár, var síðan tvö kjörtímabil varaþm. í Suðurlandskjördæmi og tók öðru hverju sæti á þingi, síðast í aprílmánuði 1967. Hann átti sæti á 6 þingum alls.

Óskar Jónsson var fæddur 3. sept. 1899 á Nesi í Norðfirði. Foreldrar hans voru Jón Eyjólfsson, síðar sjómaður í Hafnarfirði, og Ragnhildur Gunnarsdóttir frá Holtsenda í Mýrdal. Hann ólst að mestu upp í Mýrdalnum og átti heimili í Vík í Mýrdal frá árinu 1907 til 1960. Tvo vetur var hann við nám í unglingaskóla í Vík. Framan af ævi stundaði hann ýmis störf í sveit og við sjó. Á árunum 1921–1936 var aðalstarf hans sjómennska á togurum. Eftir það var hann fyrst afgreiðslumaður, en síðar lengst af skrifstofumaður hjá Kaupfélagi Skaftfellinga fram til ársins 1960, þegar hann varð félagsmálafulltrúi Kaupfélags Árnesinga á Selfossi. Því starfi gegndi hann til æviloka.

Óskar Jónsson tók þátt í margvíslegu félagsstarfi um ævina. Hann starfaði á yngri árum í ungmennafélagi, góðtemplarastúku, slysavarnafélagi og skógræktarfélagi. Í yfirskattanefnd Skaftafellssýslu var hann 1942–1960 og sýslunefndarmaður 1954–1960. Hann var góður söngmaður og áhugamaður um söng, var formaður Kirkjukórasambands Vestur- Skaftfellinga og síðar í stjórn Tónlistarfélags Árnesinga. Síðustu árin var hann formaður Verzlunarmannafélags Árnesinga og sat á vegum þess á þingum Alþýðusambands Íslands.

Óskar Jónsson þekkti vel af eigin reynslu frá ungum aldri starfshætti íslenzkrar alþýðu til sjávar og sveita. Hann var ötull starfsmaður og skeleggur baráttumaður fyrir áhugamálum sínum. Hann átti skamma og stopula setu á Alþingi, en tók hér jafnan nokkurn þátt í umr. og lét í ljós skoðanir sínar afdráttarlaust. Hann var ósérhlífinn félagsmaður í ýmsum samtökum og naut þar trausts til forustu á mörgum sviðum.

Ég vil biðja hv. alþm. að minnast Óskars Jónssonar með því að rísa úr sætum. – [Þingmenn risu úr sætum.]

X. Varamenn taka þingsæti — rannsókn kjörbréfa.

Á 8. fundi í Nd., 31. okt., mælti

forseti (SB): Forseta hefur borizt svo hljóðandi bréf:

„Reykjavík, 30. okt. 1968.

Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og mun því ekki geta sótt þingfundi næstu vikur, leyfi ég mér að biðja um fjarvistarleyfi og, með skírskotun til 138. gr. l. um kosningar til Alþingis, að óska þess, að 1. varamaður Framsfl. í Reykjavík, Kristján Thorlacius deildarstjóri, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni.

Þórarinn Þórarinsson,
4. þm. Reykv."

Kjörbréf Kristjáns Thorlacius hefur áður verið rannsakað á s. l. ári, og býð ég hann því velkominn til að taka sæti í hv. þd.

Á 9. fundi í Ed., 4. nóv., mælti

forseti (JÞ): Svofellt bréf hefur borizt frá Páli Þorsteinssyni, hv. 2. þm. Austf.:

„Reykjavík, 4. nóv. 1968.

Af sérstökum ástæðum heima fyrir get ég ekki sinnt þingstörfum næstu vikur. Ég leyfi mér að biðja um fjarvistarleyfi og óska þess, með skírskotun til 138. gr. l. nr. 52 1959, um kosningar til Alþingis, að 1. varamaður Framsfl. í Austurlandskjördæmi, Tómas Árnason hrl., taki sæti mitt á þingi í fjarveru minni.

Páll Þorsteinsson.

Til forseta Ed. Alþingis."

Kjörbréf Tómasar Árnasonar, 1. varaþm. Framsfl. í Austurlandskjördæmi, hefur áður verið athugað og samþykkt. En samkv. þessu tekur Tómas Árnason nú sæti Páls Þorsteinssonar á Alþingi, og leyfi ég mér að bjóða Tómas Árnason velkominn til þingstarfa.

Á 9. fundi í Nd., 4. nóv., mælti

forseti (SB): Forseta hefur borizt svo hljóðandi bréf:

„Reykjavík, 2. nóv. 1968.

Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og mun því ekki geta sótt þingfundi næstu vikur, leyfi ég mér að biðja um fjarvistarleyfi og, með skírskotun til 138. gr. l. um kosningar til Alþingis, að óska þess, að 1. varamaður Sjálfstfl. í Vesturlandskjördæmi, Ásgeir Pétursson sýslumaður, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni.

Friðjón Þórðarson,
4. þm. Vesturl."

Kjörbréf Ásgeirs Péturssonar hefur áður verið rannsakað, og býð ég hv. þm. velkominn til setu í hv. þd.

Á 7. fundi í Sþ., 5. nóv., var tekin til meðferðar rannsókn kjörbréfs.

Forseti (BF): Svo hljóðandi bréf hefur borizt:

„Reykjavík, 4. nóv. 1968.

Formaður þingflokks Alþb. hefur ritað mér á þessa leið:

„Samkv. beiðni Jónasar Árnasonar, 4. landsk. þm., sem nú er farinn utan í opinberum erindum, leyfi ég mér, með skírskotun til 138. gr. l. um kosningar til Alþingis, að óska þess, að 1. varamaður landsk. þm. Alþb., Hjalti Haraldsson bóndi, taki sæti á Alþingi í fjarveru hans."

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt með ósk um, að þér látið fram fara í sameinuðu þingi rannsókn á kjörbréfi varamanns.

Sigurður Bjarnason,
forseti neðri deildar.

Til forseta sameinaðs Alþingis."

Kjörbréf Hjalta Haraldssonar sem landsk. varamanns fyrir Alþb. liggur hér fyrir, útgefið af landskjörstjórn, og vil ég biðja hv. kjörbréfanefnd að taka bréfið til rannsóknar. Á meðan verður gert fundarhlé. – [Fundarhlé.]

Frsm. (Karl Guðjónsson): Herra forseti. Kjörbréfanefnd hefur athugað kjörbréf Hjalta Haraldssonar. Það er útgefið af landskjörstjórn og kveður svo á, að hann sé 1. varamaður landsk. þm. Alþb. Hjalti Haraldsson hefur áður setið á þingi og þá hafði hann kjörbréf sem varamaður Alþb. í Norðurl. e., en nú liggur hér fyrir kjörbréf hans sem varamanns landsk. þm. N. hefur ekkert fundið athugavert við kjörbréfið og leggur til, að kosning hans sé tekin gild og kjörbréfið samþykkt.

ATKVGR.
Till. kjörbréfanefndar samþ. með 39 shlj. atkv.

Á 8. fundi í Sþ., 6. nóv., var tekin til meðferðar rannsókn kjörbréfs.

Forseti (BF): Svo hljóðandi bréf hefur borizt:

„Reykjavík, 5. nóv. 1968.

Einar Ágústsson, 11. þm. Reykv., hefur ritað mér á þessa leið:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og mun því ekki geta sótt þingfundi næstu vikur, leyfi ég mér að biðja um fjarvistarleyfi og, með skírskotun til 138. gr. l. um kosningar til Alþingis, að óska þess, að 2. varamaður Framsfl. í Reykjavík, Tómas Karlsson ritstjórnarfulltrúi, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni."

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt með ósk um, að þér látið fram fara í sameinuðu þingi rannsókn á kjörbréfi varamanns.

Jónas G. Rafnar,
forseti efri deildar.

Til forseta sameinaðs Alþingis."

Þannig stendur á, að 1. varamaður Framsfl. í Reykjavík hefur þegar tekið sæti á þingi. Kjörbréf Tómasar Karlssonar liggur hér fyrir, og vil ég leyfa mér að biðja hv. kjörbréfanefnd að taka það til rannsóknar. Á meðan verður gert fundarhlé. – [Fundarhlé.]

Frsm. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Kjörbréfanefnd hefur athugað kjörbréf fyrir Tómas Karlsson, sem er 2. varaþm. Framsfl. í Reykjavík, en eins og lýst var áðan af forsetastóli situr 1. varaþm. Framsfl. í Reykjavík nú á þingi.

Kjörbréfanefnd hefur ekkert fundið athugavert við þetta kjörbréf og leggur því til, að kjörbréf þetta fyrir Tómas Karlsson verði samþ. og kosning hans verði metin gild.

ATKVGR.
Till. kjörbréfanefndar samþ. með 41 shlj. atkv.

Hinn nýi þingmaður, Tómas Karlsson, undirritaði drengskaparheit um að halda stjórnarskrá landsins.

Á 11. fundi í Nd., 7. nóv., mælti

forseti (SB): Forseta hefur borizt svo hljóðandi bréf:

„Reykjavík, 5. nóv. 1968.

Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og get því ekki sótt þingfundi næstu vikur, leyfi ég mér að biðja um fjarvistarleyfi og, með skírskotun til 138. gr. l. um kosningar til Alþingis, að óska þess, að 1. varamaður Alþfl. í Vesturlandskjördæmi, Pétur Pétursson forstjóri, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni.

Benedikt Gröndal,
5. þm. Vesturl.

Til forseta neðri deildar."

Kjörbréf Péturs Pétursonar hefur áður verið rannsakað, og býð ég hann hér með velkominn til þess að taka sæti í hv. þd.

Á 12. fundi í Sþ., 19. nóv., var tekin til meðferðar rannsókn kjörbréfs.

Forseti (BF): Svo hljóðandi bréf hefur borizt:

„Reykjavík, 14. nóv. 1968.

Þar sem ég vegna sérstakra skyldustarfa mun ekki geta sótt þingfundi næstu vikur, leyfi ég mér að biðja um fjarvistarleyfi og, með skírskotun til 138. gr. l. um kosningar til Alþingis, að óska þess, að vegna forfalla 1. varamanns taki 2. varamaður I-listans í Reykjavík, Haraldur Henrýsson lögfræðingur, sæti á Alþingi í forföllum mínum.

Hannibal Valdimarsson,
9. þm. Reykv.

Til forseta neðri deildar."

Kjörbréf Haralds Henrýssonar liggur hér fyrir, og vil ég leyfa mér að biðja hv. kjörbréfanefnd að taka kjörbréfið til rannsóknar. Á meðan verður gert fundarhlé. – [Fundarhlé.]

Frsm. (Karl Guðjónsson): Herra forseti. Kjörbréfanefnd hefur komið saman til rannsóknar á kjörbréfi Haralds Henrýssonar, en yfirkjörstjórnin í Reykjavík hefur gefið út kjörbréf handa honum sem varamanni I-listans í Reykjavík hinn 18. nóv. s. l. Kjörbréfanefnd hefur farið yfir kjörbréfið og aðdragandann til þess, að það er fram lagt, en Haraldur Henrýsson var 3. maður á I-listanum, sem fékk einn mann kosinn í s. l. kosningum. 1. varamaður listans, Vésteinn Ólason, hefur gert grein fyrir því, að hann dvelur um þessar mundir erlendis og getur ekki komið til þings, og hefur kjörbréfanefnd á allt þetta fallizt og leggur til, að kosning varamannsins sé tekin gild og kjörbréfið samþ.

ATKVGR.
Till. kjörbréfanefndar samþ. með 46 shlj. atkv.

Hinn nýi þingmaður, Haraldur Henrýsson, undirritaði drengskaparheit um að halda stjórnarskrá landsins.

Á 18. fundi í Nd., 25. nóv., mælti

forseti (SB): Forseta hefur borizt svo hljóðandi bréf:

„Reykjavík, 23. nóv. 1968.

Þar sem ég vegna sérstakra anna mun ekki geta sótt þingfundi næstu vikur, leyfi ég mér að biðja um fjarvistarleyfi og, með skírskotun til 138. gr. l. um kosningar til Alþingis, að óska þess, að 2. varamaður landsk. þm. Alþb., Ragnar Arnalds lögfræðingur, taki sæti á Alþingi í forföllum mínum.

Eðvarð Sigurðsson,
2. landsk. þm."

Kjörbréf Ragnars Arnalds hefur áður verið rannsakað, og býð ég hann velkominn til setu í hv. þd.

Á 16. fundi í Sþ., 2. des., var tekin til meðferðar rannsókn kjörbréfa.

Forseti (BF): Svo hljóðandi bréf hafa borizt:

„Reykjavík, 30. nóv. 1968.

Björn Jónsson, 4. þm. Norðurl. e., hefur ritað mér á þessa leið:

„Þar sem ég vegna sérstakra anna mun ekki geta sótt þingfundi næstu vikur, leyfi ég mér að biðja um fjarvistarleyfi og, með skírskotun til 138. gr. l. um kosningar til Alþingis, að óska þess, að 2. varamaður Alþb. í Norðurl. e., Benóný Arnórsson bóndi, taki á meðan sæti á Alþ. í forföllum mínum."

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt með ósk um, að þér látið fram fara í sameinuðu þingi rannsókn á kjörbréfi varamanns.

Jónas G. Rafnar,
forseti efri deildar.

Til forseta sameinaðs Alþingis."

„Reykjavík, 30. nóv. 1968.

Karl Guðjónsson, 6. þm. Sunnl., hefur ritað mér á þessa leið:

„Þar sem ég vegna veikinda mun ekki geta sótt þingfundi næstu vikur, leyfi ég mér að biðja um fjarvistarleyfi og, með skírskotun til 138. gr. l. um kosningar til Alþingis, að óska þess, að 1. varamaður Alþb. í Suðurlandskjördæmi, Björgvin Salómonsson skólastjóri, taki sæti á Alþ. í forföllum mínum."

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt með ósk um, að þér látið fram fara í sameinuðu þingi rannsókn á kjörbréfi varamanns.

Jónas G. Rafnar,
forseti efri deildar.

Til forseta sameinaðs Alþingis."

„Reykjavík, 2. des. 1968.

Bjarni Guðbjörnsson, 3. þm. Vestf., hefur ritað mér á þessa leið:

„Þar sem ég vegna sérstakra anna heima fyrir mun ekki geta sótt þingfundi næstu vikur, leyfi ég mér að biðja um fjarvistarleyfi og, með skírskotun til 138. gr. l. um kosningar til Alþingis, að óska þess, að 1. varamaður Framsfl. í Vestfjarðakjördæmi, Steingrímur Hermannsson verkfræðingur, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni."

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt með ósk um, að þér látið fram fara í sameinuðu þingi rannsókn á kjörbréfi varamanns.

Jónas G. Rafnar,
forseti efri deildar.

Til forseta sameinaðs Alþingis."

Fyrir liggja kjörbréf þeirra varamanna, sem um ræðir í þeim bréfum, sem upp hafa verið lesin, og vil ég leyfa mér að biðja hv. kjörbréfanefnd að taka kjörbréfin til rannsóknar. Á meðan verður gert fundarhlé. — [Fundarhlé.]

Frsm. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Kjörbréfanefnd hefur að þessu sinni tekið þrjú kjörbréf til rannsóknar. Þau kjörbréf eru fyrir eftirtalda menn: Steingrím Hermannsson, Mávanesi 19, Arnarnesi, Garðahreppi, sem er 1. varaþm. Framsfl. í Vestfjarðakjördæmi, en óskað er eftir, að hann taki sæti þm. Bjarna Guðbjörnssonar. Kjörbréf fyrir Benóný Arnórsson bónda, Hömrum, Reykjadalssveit, Þingeyjarsýslu, sem er 2. varaþm. Alþb. í Norðurl. e., en óskað er eftir því, að hann taki sæti fyrir Björn Jónsson þm., en 1. varaþm. Alþb. í þessu kjördæmi á nú þegar sæti á Alþ. Og kjörbréf fyrir Björgvin Salómonsson skólastjóra, Ketilsstöðum, sem er 1. varaþm. Alþb. í Suðurlandskjördæmi, en óskað er eftir því, að hann taki sæti fyrir þm. Karl Guðjónsson.

Kjörbréfanefnd hefur ekkert fundið athugavert við þessi kjörbréf og leggur því til, að þau verði öll tekin gild og kosning fyrrnefndra manna samþykkt.

ATKVGR.

Kjörbréf Benónýs Arnórssonar samþ. með 43 shlj. atkv.

Kjörbréf Steingríms Hermannssonar samþ. með 45 shlj. atkv.

Kjörbréf Björgvins Salómonssonar samþ. með 45 shlj. atkv.

Hinir nýju þingmenn, Benóný Arnórsson, Steingrímur Hermannsson og Björgvin Salómonsson, undirrituðu drengskaparheit um að halda stjórnarskrá landsins.

Á 18. fundi í Sþ., 9. des, mælti

forseti (BF): Svo hljóðandi bréf hefur borizt:

„Reykjavík, 3. des. 1968.

Bjartmar Guðmundsson, 11. landsk. þm., hefur ritað mér á þessa leið:

„Þar sem ég vegna veikinda mun ekki geta sótt þingfundi næstu vikur, leyfi ég mér að biðja um fjarvistarleyfi og, með skírskotun til 138. gr. l. um kosningar til Alþingis, að óska þess, að 1. varamaður landsk. þm. Sjálfstfl., Eyjólfur Konráð Jónsson ritstjóri, taki sæti á Alþingi í forföllum mínum."

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt.

Sigurður Bjarnason,
forseti neðri deildar.

Til forseta sameinaðs Alþingis."

Rannsókn á kjörbréfi Eyjólfs Konráðs Jónssonar hefur áður farið fram, og hann hefur áður átt sæti á Alþ. Hann tekur nú sæti á þinginu sem varamaður fyrir 11. landsk. þm. Býð ég hann velkominn til þingstarfa.

Á 18. fundi í Sþ., 9. des., var tekin til meðferðar rannsókn kjörbréfs.

Forseti (BF): Svo hljóðandi bréf hefur borizt:

„Reykjavík, 6. des. 1968.

Gils Guðmundsson, 5. þm. Reykn., hefur í dag ritað mér á þessa leið:

„Þar sem ég vegna sérstakra anna mun ekki geta sótt þingfundi næstu vikur, leyfi ég mér að biðja um fjarvistarleyfi og, með skírskotun til 138. gr. l. um kosningar til Alþingis, að óska þess, að þar sem 1. varamaður Alþb. í Reykn., Karl Sigurbergsson skipstjóri, er erlendis, taki 2. varamaður Alþb., Sigurður Grétar Guðmundsson pípulagningameistari, sæti á Alþingi í forföllum mínum."

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt með ósk um, að þér látið fram fara í sameinuðu þingi rannsókn á kjörbréfi varamanns.

Jónas G. Rafnar,
forseti efri deildar.

Til forseta sameinaðs Alþingis."

Kjörbréf Sigurðar Grétars Guðmundssonar liggur hér fyrir, og vil ég leyfa mér að biðja hv. kjörbréfanefnd að taka það til rannsóknar. Á meðan verður gert fundarhlé. – [Fundarhlé.]

Frsm. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Kjörbréfanefnd hefur haft til athugunar kjörbréf Sigurðar Grétars Guðmundssonar pípulagningameistara, Kópavogi, 2. varaþm. Alþb. í Reykjaneskjördæmi, en eins og fram kemur í bréfi Gils Guðmundssonar, 5. þm. Reykn., er 1. varamaður Alþb. í því kjördæmi ekki staddur hérlendis og hefur kjörbréfanefnd fengið það staðfest. N. mælir því með því, að kosningin verði tekin gild og kjörbréfið samþykkt.

ATKVGR.
Till. kjörbréfanefndar samþ. með 37 shlj. atkv.

Hinn nýi þingmaður, Sigurður Grétar Guðmundsson, undirritaði drengskaparheit um að halda stjórnarskrá landsins.

Á 19. fundi í Sþ., 11. des., mælti

forseti (BF): Svo hljóðandi bréf hefur borizt:

„Reykjavík, 10. des. 1968.

Ólafur Björnsson, 12. þm. Reykv., hefur í dag ritað mér á þessa leið:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og mun því ekki geta sótt þingfundi næstu vikur, leyfi ég mér að biðja um fjarvistarleyfi og, með skírskotun til 138. gr. l. um kosningar til Alþingis, að óska þess, að vegna sérstakra anna 1. varamanns Sjálfstfl. í Reykjavík, Geirs Hallgrímssonar borgarstjóra, taki 2. varamaður, Þorsteinn Gíslason skipstjóri, sæti á Alþingi í fjarveru minni."

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt.

Jónas G. Rafnar,
forseti efri deildar.

Til forseta sameinaðs Alþingis."

Kjörbréf Þorsteins Gíslasonar skipstjóra hefur áður verið rannsakað, og hann hefur áður setið hér á þingi. Hann tekur nú sæti sem 12. þm. Reykv. í forföllum Ólafs Björnssonar, og leyfi ég mér að bjóða hann velkominn til þingstarfa.

Á 27. fundi í Sþ., 7. febr., var tekin til meðferðar rannsókn kjörbréfs.

Forseti (ÓB): „Mér hefur í dag borizt svo hljóðandi bréf frá Gísla Guðmundssyni, 1. þm. Norðurl. e.:

„Þar sem ég vegna veikinda mun ekki geta sótt þingfundi næstu vikur, leyfi ég mér að biðja um fjarvistarleyfi og, með skírskotun til 138. gr. l. um kosningar til Alþingis, að óska þess, að 1. varamaður Framsfl. í Norðurl. e., Jónas Jónsson ráðunautur, taki sæti á Alþingi í forföllum mínum."

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt með ósk um, að þér látið fara fram í sameinuðu þingi rannsókn á kjörbréfi varamanns."

Sigurður Bjarnason,
forseti neðri deildar."

Með þessu fylgir læknisvottorð frá Þórði Þórðarsyni lækni, þar sem hann vottar, að Gísli Guðmundsson, hv. 1. þm. Norðurl. e., verði vegna veikinda frá þingstörfum um skeið.

Þá mun ég næst afhenda formanni hv. kjörbréfanefndar kjörbréfið og gefa fundarhlé í nokkrar mínútur, þar til kjörbréfanefnd hefur lokið athugun sinni. – [Fundarhlé.]

Frsm. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Kjörbréfanefnd hefur athugað kjörbréf Jónasar Jónssonar, 1. varaþm. Framsfl. í Norðurl. e., en eins og forseti hefur lýst, er óskað eftir því, að hann taki sæti á Alþingi í veikindaforföllum Gísla Guðmundssonar.

Kjörbréfanefnd hefur ekkert fundið athugavert við þetta kjörbréf og leggur hún því til, að kosning Jónasar Jónssonar verði tekin gild og kjörbréf hans sé samþ.

ATKVGR.
Till. kjörbréfanefndar samþ. með 41 shlj. atkv.

Hinn nýi þingmaður, Jónas Jónsson, undirritaði drengskaparheit um að halda stjórnarskrá landsins.

Á 42. fundi í Nd., 10. febr., mælti

forseti (SB): Forseta hefur borizt svo hljóðandi bréf:

„Reykjavík, 10. febr. 1969.

Af sérstökum ástæðum heima fyrir get ég ekki sinnt

þingstörfum næstu vikur. Ég leyfi mér því að biðja um fjarvistarleyfi og óska þess, með skírskotun til 138. gr. l. nr. 52 1959, um kosningar til Alþingis, að 1. varamaður Framsfl. í Austurlandskjördæmi, Tómas Árnason hrl., taki sæti mitt á Alþingi í fjarveru minni.

Vilhjálmur Hjálmarsson,
5. þm. Austf."

Kjörbréf Tómasar Árnasonar hefur áður verið rannsakað, og býð ég hann velkominn til setu í hv. þd.

Á 50. fundi í Nd., 20. febr., mælti

forseti (SB): Forseta hefur borizt svo hljóðandi bréf:

„Reykjavík, 20. febr. 1969.

Samkv. beiðni Jóhanns Hafstein dómsmrh., 5. þm. Reykv., sem er á förum til útlanda í opinberum erindum, leyfi ég mér, með skírskotun til 138. gr. l. um kosningar til Alþingis, að óska þess, að varamaður hans, Geir Hallgrímsson borgarstjóri, taki á meðan sæti hans á Alþingi.

Virðingarfyllst,
Þorv. Garðar Kristjánsson."

Kjörbréf Geirs Hallgrímssonar hefur áður verið rannsakað, og býð ég hann velkominn til starfa í hv. þd.

Á 54. fundi í Sþ., 24. febr., mælti

forseti (SB): Forseta hefur borizt svo hljóðandi bréf:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og mun því ekki geta sótt þingfundi næstu vikur, leyfi ég mér að biðja um fjarvistarleyfi og, með skírskotun til 138. gr. laga um kosningar til Alþingis, að óska þess, að 1. varamaður Sjálfstfl. í Reykjaneskjördæmi, Axel Jónsson fulltrúi, Kópavogi, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni.

Matthías Á. Mathiesen,
1. þm. Reykn."

Kjörbréf Axels Jónssonar hefur áður verið rannsakað, og býð ég hann velkominn til starfa í hv. þd.

Á 33. fundi í Sþ., 26. febr., mælti

forseti (BF): Svo hljóðandi bréf hefur borizt:

„Reykjavík, 25. febr. 1969.

Sigurður Bjarnason, 2. þm. Vestf., hefur í dag ritað mér á þessa leið:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og mun því ekki geta sótt þingfundi næstu vikur, leyfi ég mér að biðja um fjarvistarleyfi og, með skírskotun til 138. gr. l. um kosningar til Alþingis, að óska þess, að 1. varamaður Sjálfstfl. í Vestfjarðakjördæmi, Ásberg Sigurðsson bæjarfógeti, Reykjavík, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni."

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt.

Benedikt Gröndal,
forseti neðri deildar.

Til forseta sameinaðs Alþingis."

Ásberg Sigurðsson bæjarfógeti, Reykjavík, hefur áður tekið sæti á Alþingi sem varamaður og kjörbréf hans verið rannsakað. Ég leyfi mér að bjóða hann velkominn til þingstarfa á ný.

Á 52. fundi í Ed., 27. febr., mælti

forseti (JR): Mér hefur borizt svo hljóðandi bréf frá Ólafi Jóhannessyni, hv. 3. þm. Norðurl. v.:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og mun því ekki geta sótt þingfundi næstu vikur, leyfi ég mér að biðja um fjarvistarleyfi og, með skírskotun til 138. gr. l. um kosningar til Alþingis, að óska þess, að 1. varamaður Framsfl. í Norðurl. v., Jón Kjartansson forstjóri, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni."

Ég leyfi mér að bjóða Jón Kjartansson velkominn til starfa hér í hv. þingdeild.

Á 57. fundi í Nd., 27. febr., mælti

forseti (BGr): Borizt hefur svo hljóðandi bréf:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og mun því ekki geta sótt þingfundi næstu vikur, leyfi ég mér að biðja um fjarvistarleyfi og, með skírskotun til 138. gr. l. um kosningar til Alþingis, að óska þess, að 1. varamaður landsk. þm. Alþfl., Unnar Stefánsson viðskfr., taki sæti á Alþingi í fjarveru minni.

Sigurður Ingimundarson."

Kjörbréf Unnars Stefánssonar hefur verið afgreitt áður, og býð ég hann velkominn til starfa í þd.

Á 53. fundi í Ed., 3. marz, mælti

forseti (JónÁ): Svo hljóðandi bréf hefur borizt frá Karli Guðjónssyni, 6. þm. Sunnl.:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og mun því ekki geta sótt þingfundi næstu vikur, leyfi ég mér að biðja um fjarvistarleyfi og, með skírskotun til 138. gr. l. um kosningar til Alþingis, að óska þess, að 1. varamaður Alþb. í Suðurlandskjördæmi, Björgvin Salómonsson skólastjóri, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni."

Kjörbréf Björgvins Salómonssonar hefur áður verið rannsakað, og tekur hann því sæti hér í hv. d. samkv. þessu bréfi. Ég býð hann velkominn til starfa.

Á 62. fundi í Nd., 10. marz, mælti

forseti (BGr): Borizt hefur eftirfarandi bréf:

„Þar sem ég vegna sérstakra anna heima fyrir mun ekki geta sótt þingfundi næstu vikur, leyfi ég mér að biðja um fjarvistarleyfi og, með skírskotun til 138. gr. laga um kosningar til Alþingis, að óska þess, að fyrsti varamaður Sjálfstfl. í Vesturlandskjördæmi, Ásgeir

Pétursson sýslumaður, taki sæti á Alþingi í forföllum mínum.

Friðjón Þórðarson,
4. þm. Vesturl."

Á 58. fundi í Ed., 13. marz, mælti

forseti (JR): Borizt hefur svo hljóðandi bréf frá Þorvaldi Garðari Kristjánssyni til forseta Ed.:

„Samkvæmt beiðni Péturs Benediktssonar bankastjóra, 4. þm. Reykn., sem er á förum til útlanda í opinberum erindum, leyfi ég mér, með skírskotun til 138. gr. l. um kosningar til Alþingis, að óska þess, að varamaður hans, Axel Jónsson bæjarfulltrúi, taki á meðan sæti hans á Alþingi."

Ég leyfi mér að bjóða Axel Jónsson velkominn til starfa hér í hv. þd. Kjörbréf hans hefur áður verið rannsakað og afgr. í hv. Alþingi.

Á 62. fundi í Ed., 24. marz, mælti

forseti (JR): Deildinni hefur borizt svo hljóðandi bréf frá Páli Þorsteinssyni:

„Vegna aðkallandi starfa heima fyrir get ég ekki sinnt þingstörfum næstu vikur. Leyfi ég mér að biðja um fjarvistarleyfi og með skírskotun til 138. gr. l. nr. 52 frá 1959 um kosningar til Alþingis vil ég óska þess, að fyrsti varamaður Framsóknarfl. í Austurlandskjördæmi, Tómas Árnason hrl., taki sæti mitt á Alþingi í fjarveru minni.

Páll Þorsteinsson."

Á 39. fundi í Sþ., 9. apríl, var tekin til meðferðar rannsókn kjörbréfs.

Forseti (BF): Svo hljóðandi bréf hefur borizt:

„Reykjavík, 8. apríl 1969.

Formaður þingflokks Alþfl. hefur í dag ritað mér á þessa leið:

„Þar sem Emil Jónsson, 3. þm. Reykn., mun ekki geta sótt þingfundi næstu vikur vegna veikinda, leyfi ég mér samkv. beiðni hans að biðja um fjarvistarleyfi og, með skírskotun til 138. gr. l. um kosningar til Alþingis, að óska þess, að 1. varamaður Alþfl. í Reykjaneskjördæmi, Ragnar Guðleifsson kennari, taki sæti á Alþingi í forföllum hans."

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt með ósk um, að þér látið fram fara í sameinuðu þingi rannsókn á kjörbréfi varamanns.

Sigurður Bjarnason,
forseti neðri deildar.

Til forseta sameinaðs Alþingis."

Fyrir liggur kjörbréf Ragnars Guðleifssonar, útgefið af yfirkjörstjórn Reykjaneskjördæmis, og vil ég biðja hv. kjörbréfanefnd að taka kjörbréfið til rannsóknar. Á meðan verður gert fundarhlé. – [Fundarhlé.]

Frsm. (Jón Þorsteinsson): Herra forseti. Kjörbréfanefnd hefur athugað kjörbréf Ragnars Guðleifssonar kennara í Keflavík, sem er 1. varaþm. Alþfl. í Reykjaneskjördæmi, en hann skipaði 3. sætið á framboðslista flokksins við síðustu alþingiskosningar. Kjörbréf þetta er gefið út af yfirkjörstjórn Reykjaneskjördæmis hinn 9. apríl, í dag.

Kjörbréfanefndin hefur engar aths. að gera við þetta kjörbréf og leggur til, að kosning Ragnars Guðleifssonar verði tekin gild og kjörbréfið samþykkt.

ATKVGR.

Till. kjörbréfanefndar samþ. með 41 shlj. atkv.

Á 76. fundi í Nd., 14. apríl, mælti

forseti (SB): Forseta hefur borizt svo hljóðandi bréf:

„Reykjavík, 12. apríl 1969.

Þar sem ég mun ekki geta sótt þingfundi næstu vikur vegna veikinda, leyfi ég mér að biðja um fjarvistarleyfi og, með skírskotun til 138. gr. l. um kosningar til Alþingis, að óska þess, að 1. varamaður landskjörinna þm. Sjálfstfl. taki sæti á Alþingi í forföllum mínum.

Sverrir Júlíusson,
10. landsk. þm."

Kjörbréf Eyjólfs Konráðs Jónssonar, 1. varaþm. landsk. þm. Sjálfstfl., hefur áður verið rannsakað, og býð ég hann velkominn til starfa í hv. þd.

Á 89. fundi í Nd., 6. maí, mælti

forseti (MÁM): Forseta hefur borizt svo hljóðandi bréf:

„Þar sem ég vegna embættisanna mun ekki geta sótt þingfundi næstu vikur, leyfi ég mér að biðja um fjarvistarleyfi og, með skírskotun til 138. gr.l. um kosningar til Alþingis, að óska þess, að 2. varamaður Sjálfstfl. í Norðurl. v., Óskar E. Levy bóndi, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni.

Gunnar Gíslason,
2. þm. Norðurl. v."

Óskar E. Levy bóndi hefur áður tekið sæti á Alþingi á þessu kjörtímabili og kjörbréf hans verið rannsakað. Býð ég hann velkominn til þingstarfa.

Á 49. fundi í Sþ., 12. maí, var tekin til meðferðar rannsókn kjörbréfs.

Forseti (BF): Svo hljóðandi bréf hefur borizt:

„Reykjavík, 12. maí 1969.

Pálmi Jónsson, 4. þm. Norðurl. v., hefur ritað mér á þessa leið:

„Vegna sérstakra anna heima fyrir mun ég ekki geta sótt þingfundi til loka þessa þings. Ég leyfi mér því að biðja um fjarvistarleyfi og, með skírskotun til 138. gr. l. um kosningar til Alþingis, að óska þess, að 3. varaþm. Sjálfstfl. í Norðurl. v., Þorfinnur Bjarnason sveitarstjóri í Höfðakaupstað, taki sæti á Alþ. í fjarveru minni. En

sem kunnugt er sitja 1. og 2. varaþm. flokksins í kjördæminu nú á Alþingi."

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt með ósk um, að þér látið fram fara í sameinuðu þingi rannsókn á kjörbréfi varamanns.

Sigurður Bjarnason,
forseti neðri deildar.

Til forseta sameinaðs Alþingis."

Kjörbréf, útgefið af yfirkjörstjórn Norðurl. v. til handa Þorfinni Bjarnasyni, liggur hér fyrir. Leyfi ég mér að biðja hv. kjörbréfanefnd að taka kjörbréfið til rannsóknar. Á meðan verður gert fundarhlé. – [Fundarhlé.]

Frsm. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Kjörbréfanefnd hefur haft til meðferðar kjörbréf útgefið handa Þorfinni Bjarnasyni sem 3. varaþm. Sjálfstfl. í Norðurl. v. við kosningar þær, sem fram fóru 11. júní 1967. Eins og fram hefur komið í bréfi forseta Nd., sitja nú á Alþ. bæði 1. og 2. varaþm. þessa kjördæmis, 1. varaþm. sem landsk. varaþm. og því 2. varaþm. í kjördæminu sem 1. varaþm. þess. Kjörbréfanefnd leggur til, að kosningin verði tekin gild og kjörbréfið samþykkt.

ATKVGR.
Till. kjörbréfanefndar samþ. með 36 shlj. atkv.

Hinn nýi þingmaður, Þorfinnur Bjarnason, undirritaði drengskaparheit um að halda stjórnarskrá landsins.

Á 93. fundi í Nd., 12. maí, mælti

forseti (SB): Forseta hefur borizt svo hljóðandi bréf:

„Reykjavík, 12. maí 1969.

Þar sem ég vegna veikinda mun ekki geta sótt þingfundi næstu vikur, leyfi ég mér að biðja um fjarvistarleyfi og, með skírskotun til 138. gr. l. um kosningar til Alþingis, að óska þess, að 2. varamaður landsk. þm. Alþb., Ragnar Arnalds lögfræðingur, taki sæti á Alþingi í forföllum mínum.

Jónas Árnason,
4. landsk. þm."

Kjörbréf Ragnars Arnalds hefur áður verið rannsakað, og býð ég hann velkominn til starfa í hv. þd.

Á 94. fundi í Nd., 13. maí, mælti

forseti (SB): Forseta hefur borizt svo hljóðandi bréf:

„Reykjavík, 13. maí 1969.

Þar sem Bragi Sigurjónsson, 9. landsk. þm., er farinn til útlanda í opinberum erindum og mun því ekki geta sinnt þingstörfum næstu vikur, leyfi ég mér samkv. beiðni hans að biðja um fjarvistarleyfi og, með skírskotun til 138. gr. l. um kosningar til Alþingis, að óska þess, að 1. varamaður landsk. þm. Alþfl., Unnar Stefánsson viðskiptafræðingur, taki sæti á Alþingi í fjarveru hans.

Gylfi Þ. Gíslason,
formaður þingflokks Alþfl."

Kjörbréf Unnars Stefánssonar hefur áður verið rannsakað, og býð ég hann velkominn til starfa í hv. þd.

Á 50. fundi í Sþ., 14. maí, mælti

forseti (BF): Svo hljóðandi bréf hefur borizt:

„Reykjavík, 13. maí 1969.

Ingólfur Jónsson, 1. þm. Sunnl., hefur í dag ritað mér á þessa leið:

„Þar sem ég er á förum til útlanda og mun ekki geta sótt þingfundi næstu vikur, leyfi ég mér að biðja um fjarvistarleyfi og, með skírskotun til 138. gr. l. um kosningar til Alþingis, að óska þess, að 1. varamaður Sjálfstfl. í Suðurlandskjördæmi, Ragnar Jónsson skrifstofustjóri, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni."

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt.

Sigurður Bjarnason,
forseti neðri deildar.

Til forseta sameinaðs Alþingis."

Ragnar Jónsson skrifstofustjóri hefur áður átt sæti á Alþ. sem þm. fyrir Sjálfstfl. og kjörbréf hans hefur verið rannsakað. Tekur hann nú sæti á þinginu sem 1. þm. Sunnl.

XI. Kosningar.

1. Fulltrúar í Norðurlandaráð.

Á 26. fundi í Sþ., 21. des., var tekin til meðferðar **kosning 5 fulltrúa og jafnmargra varafulltrúa úr hópi þingmanna í Norðurlandaráð, að viðhafðri hlutfallskosningu samkv. þingsályktun samþykktri á Alþingi 15. des. 1961, um kjör fulltrúa í Norðurlandaráð. Gildir kosningin þar til ný kosning hefur farið fram á næsta reglulegu Alþingi.**

Við kosningu aðalmanna komu fram þrír listar. Á A-lista voru Sigurður Bjarnason, Matthías Á. Mathiesen, Sigurður Ingimundarson; á B-lista voru Ólafur Jóhannesson, Jón Skaftason; á C-lista var Karl Guðjónsson. – A-listi hlaut 32 atkv., B-listi hlaut 18 atkv., C-listi hlaut 10 atkv. Samkv. því lýsti forseti yfir, að kjörnir væru:

Sigurður Bjarnason alþm. (A),
Ólafur Jóhannesson alþm. (B),
Matthías Á. Mathiesen alþm. (A),
Sigurður Ingimundarson alþm. (A),
Karl Guðjónsson alþm. (C).

Við kosningu varamanna komu fram þrír listar með

jafnmörgum nöfnum og menn skyldi kjósa. Samkv. því lýsti forseti yfir, að kjörnir væru án atkvgr.:
Ólafur Björnsson alþm. (A),
Jón Skaftason alþm. (B),
Friðjón Þórðarson alþm. (A),
Birgir Finnsson alþm. (A),
Magnús Kjartansson alþm. (C).

2. Yfirskoðunarmenn ríkisreikninga.

Á sama fundi var tekin til meðferðar
kosning þriggja yfirskoðunarmanna ríkisreikninganna 1968, að viðhafðri hlutfallskosningu, samkv. 43. gr. stjórnarskrárinnar.

Fram komu tveir listar með jafnmörgum nöfnum og menn skyldi kjósa. Samkv. því lýsti forseti yfir, að kjörnir væru án atkvgr.:
Pétur Sigurðsson alþm. (A),
Halldór E. Sigurðsson alþm. (B),
Haraldur Pétursson fyrrv. safnhúsvörður (A).

3. Stjórn fiskimálasjóðs.

Á sama fundi var tekin til meðferðar
kosning stjórnar fiskimálasjóðs, 5 manna og jafnmargra varamanna, allra til þriggja ára, frá 1. jan. 1969 til 31. des. 1971, að viðhafðri hlutfallskosningu, samkv. 1. gr. l. nr. 89 1957.

Við kosningu aðalmanna komu fram tveir listar, sem á voru samtals jafnmörg nöfn og menn skyldi kjósa. Samkv. því lýsti forseti yfir, að kjörnir væru án atkvgr.:
Sverrir Júlíusson alþm. (A),
Sigurvin Einarsson alþm. (B),
Matthías Bjarnason alþm. (A),
Jón Axel Pétursson bankastjóri (A),
Björn Jónsson alþm. (B).
Við kosningu varamanna komu einnig fram tveir listar með fimm nöfnum samtals. Samkv. því lýsti forseti yfir, að kjörnir væru án atkvgr.:
Sigurður Egilsson framkvstj. (A),
Jón Sigurðsson skipstjóri (B),
Már Elísson fiskimálastjóri (A),
Sigfús Bjarnason sjómaður (A),
Konráð Gíslason kompásasmiður (C).

4. Stjórn Sementsverksmiðjunnar.

Á sama fundi var tekin til meðferðar
kosning 5 manna í stjórn Sementsverksmiðjunnar, til fjögurra ára, frá 6. febr. 1969 til jafnlengdar 1973, að viðhafðri hlutfallskosningu, samkv. 1. gr. l. nr. 7 6. febr. 1961, um breyt. á l. nr. 35 1. apríl 1948, um Sementsverksmiðju.

Fram komu fjórir listar. Á A-lista voru Ásgeir Pétursson, Jón Árnason, Guðmundur Sveinbjörnsson; á B-lista var Daníel Ágústínusson; á C-lista var Hafsteinn Sigurbjörnsson; á D-lista var Herdís Ólafsdóttir. – A-listi hlaut 32 atkv., B-listi hlaut 18 atkv., C-listi hlaut 7 atkv., D-listi hlaut 3 atkv. Samkv. því lýsti forseti yfir, að kjörnir væru:
Ásgeir Pétursson sýslumaður (A),
Daníel Ágústínusson fyrrv. bæjarstjóri (B),
Jón Árnason alþm. (A),
Guðmundur Sveinbjörnsson deildarstjóri (A),
Hafsteinn Sigurbjörnsson pípulagningameistari (C).

5. Stjórn framkvæmdasjóðs.

Á sama fundi var tekin til meðferðar
kosning 7 manna í stjórn framkvæmdasjóðs og jafnmargra varamanna, allra til fjögurra ára, frá 1. jan. 1969 til 31. des. 1973, að viðhafðri hlutfallskosningu, samkv. 6. gr. l. nr. 66 1966, um Framkvæmdasjóð Íslands, Efnahagsstofnun og Hagráð.

Við kosningu aðalmanna komu fram þrír listar með jafnmörgum nöfnum samtals og menn skyldi kjó
Samkv. því lýsti forseti yfir, að kjörnir væru án atkvgr
Jóhann Hafstein ráðherra (A),
Tómas Árnason hrl. (B),
Jón G. Sólnes bankastjóri (A),
Gunnlaugur Pétursson borgarritari (A),
Ragnar Arnalds lögfræðingur (C),
Steingrímur Hermannsson framkvstj. (B),
Gylfi Þ. Gíslason ráðherra (A).
Við kosningu varamanna komu einnig fram þrír listar, sem á voru nöfn sjö manna samtals. Samkv. því lýsti forseti yfir, að kjörnir væru án atkvgr.:
Guðmundur H. Garðarsson viðskiptafræðingur (A),
Eiríkur Þorsteinsson fyrrv. alþm. (B),
Sigfús Johnsen forstjóri (A),
Guðmundur Guðmundsson sparisjóðsstjóri (A),
Steingrímur Pálsson alþm. (C),
Jón A. Ólafsson lögfræðingur (B),
Jón Árm. Héðinsson alþm. (A).

6. Bankaráð Búnaðarbankans.

Á sama fundi var tekin til meðferðar
kosning 5 manna og jafnmargra varamanna í bankaráð Búnaðarbanka Íslands, allra til fjögurra ára, frá 1. jan. 1969 til 31. des. 1972, að viðhafðri hlutfallskosningu, samkv. 1. gr. l. nr. 48 11. júní 1960, um breyt. á l. nr. 115 7. nóv. 1941, um Búnaðarbanka Íslands.

Við kosningu aðalmanna komu fram tveir listar með jafnmörgum nöfnum samtals og menn skyldi kjósa. Samkv. því lýsti forseti yfir, að kjörnir væru án atkvgr.:
Friðjón Þórðarson alþm. (A),
Hermann Jónasson fyrrv. ráðherra (B),
Gunnar Gíslason alþm. (A),
Baldur Eyþórsson prentsmiðjustjóri (A),
Stefán Valgeirsson alþm. (B).
Við kosningu varamanna komu fram tveir listar með fimm nöfnum samtals. Samkv. því lýsti forseti yfir, að kjörnir væru án atkvgr.:
Pálmi Jónsson alþm. (A),
Ágúst Þorvaldsson alþm. (B),
Steinþór Gestsson alþm. (A),
Jón Þorsteinsson alþm. (A),
Jónas Jónsson búfræðikandidat (B).

7. Endurskoðendur Búnaðarbankans.

Á sama fundi var tekin til meðferðar

kosning tveggja endurskoðenda Búnaðarbanka Íslands til tveggja ára, frá 1. jan. 1969 til 31. des. 1970.

Fram komu tveir listar með einu nafni á hvorum. Samkv. því lýsti forseti yfir, að kjörnir væru án atkvgr.:
Einar Gestsson bóndi (A).
Guðmundur Tryggvason fasteignasali (B).

8. Bankaráð Seðlabankans.

Á sama fundi var tekin til meðferðar
kosning 5 manna og jafnmargra varamanna í bankaráð Seðlabanka Íslands, frá 1. jan. 1969 til 31. des. 1972, *að viðhafðri hlutfallskosningu*, samkv. 28. gr. l. nr. 10 29. marz 1961, um Seðlabanka Íslands.

Við kosningu aðalmanna komu fram tveir listar með jafnmörgum nöfnum samtals og menn skyldi kjósa. Samkv. því lýsti forseti yfir, að kjörnir væru án atkvgr.:
Birgir Kjaran alþm. (A).
Sigurjón Guðmundsson framkvstj. (B).
Sverrir Júlíusson alþm. (A).
Emil Jónsson ráðherra (A).
Ragnar Ólafsson hrl. (B).

Við kosningu varamanna komu einnig fram tveir listar, sem á voru samtals fimm nöfn. Samkv. því lýsti forseti yfir, að kjörnir væru án atkvgr.:
Þorvarður J. Júlíusson framkvstj. (A).
Jón Skaftason alþm. (B).
Ólafur B. Thors lögfræðingur (A).
Jón Axel Pétursson bankastjóri (A).
Alfreð Gíslason læknir (B).

9. Bankaráð Landsbankans.

Á sama fundi var tekin til meðferðar
kosning 5 manna og jafnmargra varamanna í bankaráð Landsbanka Íslands, allra til fjögurra ára, frá 1. jan. 1969 til 31. des. 1972, að viðhafðri hlutfallskosningu, samkv. 9. gr. l. nr. 11 29. marz 1961, um Landsbanka Íslands.

Við kosningu aðalmanna komu fram þrír listar með jafnmörgum nöfnum samtals og menn skyldi kjósa. Samkv. því lýsti forseti yfir, að kjörnir væru án atkvgr.:
Matthías Á. Mathiesen alþm. (A).
Skúli Guðmundsson alþm. (B).
Kristján G. Gíslason stórkaupmaður (A).
Baldvin Jónsson hrl. (A).
Einar Olgeirsson fyrrv. alþm. (C).

Við kosningu varamanna komu einnig fram þrír listar með fimm nöfnum samtals. Samkv. því lýsti forseti yfir, að kjörnir væru án atkvgr.:
Árni Vilhjálmsson prófessor (A).
Kristinn Finnbogason framkvstj. (B).
Davíð Scheving Thorsteinsson framkvstj. (A).
Eggert G. Þorsteinsson ráðherra (A).
Magnús Kjartansson alþm. (C).

10. Endurskoðendur Landsbankans.

Á sama fundi var tekin til meðferðar
kosning tveggja endurskoðenda reikninga Landsbanka Íslands til tveggja ára, frá 29. marz 1969 til jafnlengdar 1971, að viðhafðri hlutfallskosningu, samkv. 15. gr. l. nr. 11 29. marz 1961, um Landsbanka Íslands.

Fram komu tveir listar með einu nafni á hvorum. Samkv. því lýsti forseti yfir, að kjörnir væru án atkvgr.:
Ragnar Jónsson skrifstofustjóri (A).
Baldur Óskarsson skrifstofumaður (B).

11. Bankaráð Útvegsbankans.

Á sama fundi var tekin til meðferðar
kosning 5 manna og jafnmargra varamanna í bankaráð Útvegsbanka Íslands, allra til fjögurra ára, frá 1. jan. 1969 til 31. des. 1972, að viðhafðri hlutfallskosningu, samkv. 9. gr. l. nr. 12 29. marz 1961, um Útvegsbanka Íslands.

Við kosningu aðalmanna komu fram þrír listar með jafnmörgum nöfnum samtals og menn skyldi kjósa. Samkv. því lýsti forseti yfir, að kjörnir væru án atkvgr.:
Ólafur Björnsson alþm. (A).
Gísli Guðmundsson alþm. (B).
Guðlaugur Gíslason alþm. (A).
Hálfdán Sveinsson kennari (A).
Lúðvík Jósefsson alþm. (C).

Við kosningu varamanna komu einnig fram þrír listar með fimm nöfnum samtals. Samkv. því lýsti forseti yfir, að kjörnir væru án atkvgr.:
Gísli Gíslason stórkaupmaður (A).
Björgvin Jónsson fyrrv. alþm. (B).
Valdimar Indriðason framkvstj. (A).
Arnbjörn Kristinsson prentsmiðjustjóri (A).
Halldór Jakobsson forstjóri (C).

12. Endurskoðendur Útvegsbankans.

Á sama fundi var tekin til meðferðar
kosning tveggja endurskoðenda reikninga Útvegsbanka Íslands til tveggja ára, frá 29. marz 1969 til jafnlengdar 1971, að viðhafðri hlutfallskosningu, samkv. 15. gr. l. nr. 12 1961.

Fram komu tveir listar með einu nafni á hvorum. Samkv. því lýsti forseti yfir, að kjörnir væru án atkvgr.:
Björn Steffensen endurskoðandi (A).
Karl Kristjánsson fyrrv. alþm. (B).

13. Landsdómur.

Á 53. fundi í Sþ., 17. maí, var tekin til meðferðar
kosning 8 manna í landsdóm og jafnmargra varamanna til 6 ára, frá 18. marz 1969 að telja til jafnlengdar 1975, að viðhafðri hlutfallskosningu, samkv. 2. gr. l. nr. 3 1963, um landsdóm.

Við kosningu aðalmanna komu fram þrír listar, sem á voru jafnmörg nöfn samtals og menn skyldi kjósa. Samkv. því lýsti forseti yfir, að kjörnir væru án atkvgr.:
Helga Magnúsdóttir frú (A).
Geir Sigurðsson kennari (B).
Reynir Zoëga vélstjóri (A).
Andrés Ólafsson prófastur (A).
Ragnar Ólafsson hrl. (C).
Jón A. Jóhannsson skattstjóri (B).
Sigmundur Sigurðsson bóndi (A).
Sveinbjörn Sigurjónsson skólastjóri (A).

Við kosningu varamanna komu fram þrír listar með átta nöfnum samtals. Samkv. því lýsti forseti yfir, að kjörnir væru án atkvgr.:

Þorgeir Jósefsson framkvstj. (A).
Eggert Ólafsson bóndi (B).
Jónas Á. Traustason forstjóri (A).
Halldór Jónsson bóndi (A).
Ingi R. Helgason lögfræðingur (C).
Þórarinn Kristjánsson bóndi (B).
Kristján Aðalsteinsson skipstjóri (A).
Pálmi Jósefsson skólastjóri (A).

14. Stjórn Áburðarverksmiðjunnar.

Á sama fundi var tekin til meðferðar

kosning sjö manna í stjórn Áburðarverksmiðju ríkisins til fjögurra ára, frá 1. júlí 1969 til jafnlengdar 1973, að viðhafðri hlutfallskosningu, samkv. 6. gr. nýafgreiddra laga frá Alþingi.

Fram komu þrír listar með jafnmörgum nöfnum samtals og menn skyldi kjósa. Samkv. því lýsti forseti yfir, að kjörnir væru án atkvgr.:

Pétur Gunnarsson framkvstj. (A).
Hjörtur Hjartar framkvstj. (B).
Grímur Jósafatsson kaupfélagsstjóri (A).
Halldór H. Jónsson arkitekt (A).
Guðmundur Hjartarson framkvstj. (C).
Gunnar Guðbjartsson bóndi (B).
Tómas Vigfússon byggingameistari (A).

XII. Starfsmenn þingsins.

Þessir voru ráðnir til starfa á þinginu af forsetum öllum í sameiningu:

Prófarkalestur:
Jónas Kristjánsson, Pétur Rafnsson.

Skjalavarzla og afgreiðsla:
Þorkell Kristjánsson (aðstoðarskjalavörður), Þorvaldur Guðmundsson.

Lestrarsalsgæzla:
Ingunn Jónsdóttir, Svanbjörg Einarsdóttir, Jóna Sigurðardóttir, Sesselja Sigurðardóttir, Guðmunda Þorgeirsdóttir.

Vélræn upptaka á þingræðum:
Magnús Jóhannsson.

Ræðuritun:
Fastavinna um þingtímann: Jón Ólafsson, Ásgeir Friðjónsson (frá 1. jan.), Fríða Proppé (frá 7. febr.), Halldóra Jónsdóttir.
Tímavinna: Guðrún Sigurjónsdóttir, Rannveig Ágústsdóttir, Þóra Benediktsson, Kolbrún Hjaltadóttir.

Dyra- og pallavarzla:
Jakob Jónsson (yfirvörður), Albert Guðmannsson, Jón Sumarliðason, Stefán Ólafsson, Baldur Guðmundsson, Bjarni Einarsson, Jens Eyjólfsson, Ármann Kr. Eyjólfsson, Hannes Friðsteinsson, Þórður Auðunsson, Ásgeir Jónsson, Gísli Bjarnason, Leó Ingvarsson (stæðisvörður til 9. des.), Jökull Sigurðsson (stæðisvörður frá 10. des.).

Næturvarzla:
Gunnlaugur Jóhannesson, Grímur Grímsson.

Þingsveinsstörf:
Björn Hermannsson (til 31. jan.), Trausti Einarsson (til 28. febr.), Sigurður Hannesson (til 31. jan.), Jón Friðgeirsson, Kristján Guðmundsson, Jón Þór Einarsson, Haukur Hauksson, Einar Gunnar Einarsson, Karl Viggó Karlsson, Friðrik Kárason, Tryggvi Hákonarson (frá 5. febr.), Sumarliði Óskar Antonsson (í febr.), Einar Orri Davíðsson (11. marz – 20. apríl), Sigurvaldi Rafn Hafsteinsson (frá 11. marz), Sólveig Kjartansdóttir (frá 8. marz).

Símavarzla:
Jóhanna Þorsteinsdóttir, Freyja Jónsdóttir, Jakob Gunnarsson.

Fatagæzla:
Margrét Þórðardóttir, Margrét Benediktsdóttir, Þorgerður Þorgilsdóttir.

Þingfréttamaður í útvarpi:
Bragi Steinarsson.

XIII. Þingfrestun og setning þings að nýju.

Á 39. fundi Ed., 19. des., mælti

forseti (JR): Væntanlega verður þetta síðasti fundur hv. Ed. fyrir þinghlé. Ég vildi því óska öllum hv. þdm. og vandamönnum þeirra gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári, jafnframt öllu starfsliði Alþingis. Utanbæjarmönnum óska ég góðrar heimferðar og heimkomu og vona, að við hittumst hér öll heil að jólaleyfi liðnu.

Ólafur Jóhannesson: Ég vil fyrir hönd okkar þdm. þakka hv. forseta góðar óskir í okkar garð. Um leið og ég óska honum og hans fjölskyldu gleðilegra jóla og góðs og farsæls nýs árs, vil ég þakka honum fyrir góða fundarstjórn og ánægjulegt samstarf við okkur þdm. það sem af er þingtíma. Ég leyfi mér að láta í ljós þá ósk, að við megum öll heil hittast hér aftur að þingfrestun lokinni. Ég vil biðja yður, hv. þdm., að taka undir þessi

orð mín með því að rísa úr sætum. – [Dm. risu úr sætum.]

Forseti (JR): Ég vil þakka hv. 3. þm. Norðurl. v. hlýjar óskir í minn garð og fjölskyldu minnar og hv. þdm. fyrir undirtektir þeirra.

Á 41. fundi í Nd., 19. des., mælti

forseti (SB): Þar sem þetta verður væntanlega síðasti fundur hv. þd. fyrir jólahelgi, leyfi ég mér að þakka öllum hv. þdm. ánægjulega og góða samvinnu við mig sem forseta, það sem af er þessu þingi. Ég leyfi mér jafnframt að óska hv. þdm. og fjölskyldum þeirra gleðilegra jóla og nýárs. Utanbæjarþm. árna ég góðrar heimferðar og heimkomu og læt að lokum þá ósk í ljós, að við megum allir heilir hittast á þingi á nýju ári.

Lúðvík Jósefsson: Ég vil fyrir hönd okkar þdm. þakka hæstv. forseta fyrir góðar óskir og hlý orð í okkar garð. Ég þakka honum fyrir samstarfið við okkur þm. og góða og röggsamlega fundarstjórn. Ég vil óska hæstv. forseta og fjölskyldu hans gleðilegrar jólahátíðar og góðs komandi árs, og ég bið hv. þm. að taka undir þessa óskir mínar til forseta með því að rísa úr sætum. – [Dm. risu úr sætum.]

Forseti (SB): Ég þakka hv. 4. þm. Austf. fyrir hlýleg orð í minn garð og minnar fjölskyldu, og öllum hv. þdm. fyrir að hafa tekið undir þau. Ég endurtek árnaðaróskir mínar til hv. þm. og segi fundinum slitið.

Á 26. fundi í Sþ., 21. des., mælti

forseti (BF): Fyrr á þessum fundi var samþ. þál. um samþykkt til frestunar á fundum Alþingis samkv. 23. gr. stjórnarskrárinnar. Ríkisstj. hefur ákveðið að nota þessa heimild og fresta fundum Alþ. frá 23. þ. m., enda verði það kvatt saman á ný eigi síðar en 7. febr. 1969, og mun forsetaúrskurður þar að lútandi verða gefinn út n. k. mánudag. Þetta verður því síðasti fundur fyrir þinghlé. Ég óska öllum hv. þm. og fjölskyldum þeirra gleðilegra jóla og velfarnaðar á nýja árinu. Ég þakka þeim samveruna og góða samvinnu á árinu, sem er senn á enda. Utanbæjarþingmönnum óska ég góðrar heimferðar og heimkomu, og ég vona, að við megum öll hittast hér heil, þegar þing verður kvatt saman til fundar á ný. Skrifstofustjóra og starfsfólki Alþingis óska ég einnig gleðilegra jóla og farsæls nýárs, og þakka jafnframt vel unnin störf og ánægjulega samvinnu.

Eysteinn Jónsson: Ég leyfi mér að þakka hæstv. forseta árnaðaróskir í garð okkar þm. Ég þakka honum, og ég veit, að ég geri það í nafni okkar allra, fyrir ágæta samvinnu við þinghaldið og þingstörfin. Ég óska honum farsældar, gleðilegrar hátíðar og farsæls, góðs nýs árs. Og hans fjölskyldu vil ég einnig fyrir okkur öll færa sams konar óskir. Ég vona, að við hittum hann heilan, þegar við komum saman aftur á nýju ári.

Ég vil biðja þingheim að gera þessi orð að sínum orðum með því að rísa á fætur. – [Þingmenn risu úr sætum.]

Forseti (BF): Ég þakka hv. 1. þm. Austf. fyrir vingjarnleg orð og hlýjar óskir í minn garð og minnar fjölskyldu. Hv. þm. öllum þakka ég fyrir undirtektir þeirra. Svo endurtek ég óskir mínar til þingheims um gleðileg jól og farsælt komandi ár. – Fundi er slitið.

Á 27. fundi í Sþ., 7. febr., mælti

forsrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. 30. jan. 1969 var gefið út svo hljóðandi forsetabréf:

„Forseti Íslands gerir kunnugt:

Ég hef ákveðið, samkv. till. forsrh., að Alþingi, 89. löggjafarþing, skuli koma saman til framhaldsfundar föstudaginn 7. febrúar 1969, kl. 14.

Gjört að Bessastöðum, 30. janúar 1969.

Kristján Eldjárn.

Bjarni Benediktsson.

Forsetabréf, er kveður Alþingi til framhaldsfunda."

Samkv. þessu hefjast nú framhaldsfundir Alþingis. Ég leyfi mér að óska hæstv. forseta og hv. alþm. og starfsfólki Alþingis gleðilegs árs og þakka þeim fyrir liðna árið, um leið og ég býð þá velkomna til þingstarfa á ný og læt í ljós þá ósk og von, að störf okkar megi verða landi og lýð til blessunar.

XIV. Starfslok deilda.

a. Í efri deild.

Á 99. fundi í Ed., 17. maí, mælti

forseti (JR): Nú þegar fundum deildar lýkur, vil ég nota tækifærið til að þakka ykkur, hv. þm., öllum fyrir samveruna á þessu þingi, sem nú er að ljúka, og ánægjulega samvinnu. Ég vil þakka skrifurum deildarinnar fyrir stundvísi og ágætt starf. Þá þakka ég varaforsetum fyrir þá aðstoð, sem þeir hafa veitt mér sem forseta. Skrifstofustjóra Alþingis færi ég beztu þakkir fyrir ágæta samvinnu og einnig fulltrúum hans og öðru starfsliði Alþingis. Nú þegar leiðir skiljast, óska ég öllum utanbæjarþm. góðrar heimferðar og ánægjulegrar heimkomu. Ykkur öllum og fjölskyldum ykkar óska ég gleðilegs og ánægjulegs sumars. Óska að síðustu, að við munum öll hittast heil á komandi hausti, er þing hefst að nýju.

Ólafur Jóhannesson: Ég veit, að ég mæli fyrir hönd okkar allra þdm., er ég flyt hæstv. forseta þakkir fyrir árnaðaróskir í okkar garð. Jafnframt vil ég þakka honum fyrir réttláta og röggsamlega fundarstjórn og gott samstarf við okkur þdm. Ég vil óska honum og hans fjölskyldu velfarnaðar og góðs gengis og leyfi mér að láta í ljós þá von, að við megum hitta hann heilan og hressan, er þing kemur saman aftur. Ég vil biðja hv.

þdm. að taka undir þessi orð mín með því að rísa úr sætum. – [Dm. risu úr sætum.]

Forseti (JR): Ég vil þakka hv. 3. þm. Norðurl. v. fyrir hans hlýju orð í minn garð og minnar fjölskyldu, og ég vil einnig þakka hv. þdm. fyrir, að þeir hafa tekið undir þau. – Þá er dagskrá þessa fundar tæmd. Fundinum er slitið.

b. Í neðri deild.

Á 97. fundi í Nd., 17. maí, mælti

forseti (SB): Þar sem þetta er væntanlega síðasti fundur hv. þd. að þessu sinni, leyfi ég mér að þakka öllum hv. þdm. góða og ánægjulega samvinnu og umburðarlyndi við mig sem forseta á liðnum vetri. Sérstaklega vil ég þakka hv. þdm. samvinnulipurð þeirra og þolgæði síðustu daga, sem hafa verið óvenjulegir annatímar, er lagt hafa mikla vinnu á hv. þm. Jafnframt leyfi ég mér að óska hv. þdm. og fjölskyldum þeirra alls velfarnaðar. Utanbæjarþm. óska ég góðrar heimferðar og heimkomu. Að lokum vil ég láta þá ósk í ljós, að vér megum allir heilir hittast á nýju þingi.

Lúðvík Jósefsson: Ég vil fyrir hönd okkar þdm. þakka hæstv. forseta fyrir hlý orð og góðar óskir í okkar garð. Ég þakka hæstv. forseta fyrir gott samstarf við okkur þm. og fyrir góða og röggsamlega fundarstjórn. Ég óska hæstv. forseta og fjölskyldu hans góðs sumars og vona, að við hittum hann hér á komandi hausti. Ég bið hv. þm. um að taka undir þessi orð mín til forseta með því að rísa úr sætum. – [Þingmenn risu úr sætum.]

Forseti (SB): Ég þakka hv. 4. þm. Austf. hlýleg orð í minn garð og minnar fjölskyldu og öllum hv. þdm. fyrir að hafa tekið undir þau, endurtek svo árnaðaróskir mínar til hv. þdm. og segi fundinum slitið.

XV. Þinglausnir.

Á 54. fundi í Sþ., 17. maí, mælti

forseti (BF): Það dregur nú að þinglokum og svo sem venja er mun ég við þetta tækifæri flytja þinginu yfirlit um störf Alþingis.

Þingið hefur staðið frá 10. október til 21. desember 1968 og frá 7. febrúar til 17. maí 1969, alls 173 daga.

Þingfundir hafa verið haldnir:

Í neðri deild	97	
Í efri deild	99	
Í sameinuðu þingi	54	
	Alls	250

Þingmál og úrslit þeirra:

I. Lagafrumvörp:

1. Stjórnarfrumvörp:			
a. Lögð fyrir neðri deild	37		
b. Lögð fyrir efri deild	36		
c. Lögð fyrir sameinað þing	2		
		75	
2. Þingmannafrumvörp:			
a. Borin fram í neðri deild	58		
b. Borin fram í efri deild	26		
	159	84	159

Í flokki þingmannafrumvarpa er talið frumvarp, sem nefnd flutti að beiðni ráðherra.

Úrslit lagafrumvarpa urðu þessi:

a. Afgreidd sem lög:			
Stjórnarfrumvörp	70		
Þingmannafrumvörp	16		
		86	
b. Felld:			
Stjórnarfrumvarp	1		
Þingmannafrumvarp	1		
		2	
c. Afgreidd með rökstuddri dagskrá:			
Þingmannafrumvörp		3	
d. Vísað til ríkisstjórnarinnar:			
Þingmannafrumvörpum		7	
e. Ekki útrædd:			
Stjórnarfrumvörp	5		
Þingmannafrumvörp	56		
		61	
		159	

II. Þingsályktunartillögur:

a. Bornar fram í sameinuðu þingi		56	
b. Bornar fram í neðri deild		8	
c. Bornar fram í efri deild		3	
			67

Úrslit urðu þessi:

a. Ályktanir Alþingis	15
b. Ályktanir neðri deildar	2
c. Felld í sameinuðu þingi	1
d. Felld í neðri deild	1
e. Felld í efri deild	1
f. Ekki útræddar	47
	67

III. Fyrirspurnir:

61 í sameinuðu þingi, 2 í neðri deild og 3 í efri deild, en sumar eru fleiri saman á þingskjali, svo að málatala þeirra er ekki nema 27. 27

Allar voru fyrirspurnir þessar ræddar nema fjórar og ein, sem tekin var aftur.

Mál til meðferðar í þinginu alls	253
Tala prentaðra þingskjala	815

Þinghaldið hefur að þessu sinni staðið einum mánuði lengur en s. l. ár, eins og yfirlitið sýnir. Fleiri mál hafa komið fram á þinginu en s. l. ár, sbr. hina óvenjulega háu tölu þskj. og fjölda þeirra mála, er endanlega afgreiðslu hafa hlotið. Þessar staðreyndir eru ótvíræður vottur þess, að Alþ. hefur á liðnu hausti og vetri þurft að fást við mikinn og torleystan vanda. Umdeilt er, hvernig til hefur tekizt um lausn málanna, eins og við er að búast í lýðfrjálsu landi. Þrátt fyrir mikinn skoðanamun og deilur um leiðir til að ráða fram úr erfiðleikunum, er ég þess fullviss, að það sé einlæg ósk og von allra hv. þm., að þau störf, sem Alþ. hefur nú af hendi leyst, megi verða til þess að greiða úr tímabundnum erfiðleikum og koma þjóðinni að sem mestu gagni í bráð og lengd.

Starfshættir Alþingis eru mótaðir af tvennu: gildandi lögum og venjum, sem skapazt hafa með samkomulagi allra flokka. Þessir starfshættir eru tíðum gagnrýndir, bæði innan þings og utan. Þm. sjálfum er auðvitað betur ljóst en öðrum, hvar skórinn kreppir í þessu efni, og til þess að koma fram breytingum á starfsháttum Alþ. er ekki til annarra að leita en hv. alþm. sjálfra. Í þessu tilliti hafa þm. í eigin hendi að gera þær breytingar, sem nauðsynlegar kynnu að vera taldar, að yfirveguðu ráði. En ég legg áherzlu á það, að engar breytingar geta á orðið í þessu efni nema með samkomulagi allra flokka eða öllu heldur allra hv. þm.

Þannig er háttað nú þrátt fyrir þá ágalla, sem taldir eru vera á starfsháttum Alþingis, að sjaldan og lítið er deilt um þingsköp og um þingstörfin í heild, og oftast nær er ágætt samkomulag milli þingforseta, ríkisstj. og stjórnarandstöðu. Slík samstaða verður að haldast einnig, þótt einhverju verði breytt. Þess vegna er það mín skoðun, að engum breytingum verði fram komið, að því er varðar starfshætti Alþingis, nema með allsherjarsamkomulagi.

Þar með er ég ekki að segja, að engra breytinga sé þörf, en það atriði ætla ég ekki að ræða hér. Hins vegar vil ég leyfa mér að láta í ljós þá ósk, að giftusamlega megi til takast með endurskoðun á starfsháttum Alþingis, þannig að þingið verði á hverjum tíma fært um að hafa þá forystu á hendi í þjóðlífinu, sem þjóðin ætlast til og felur því.

Mikið annríki hefur verið hér í þingsölum síðustu vikur, eins og oft vill verða í þinglok. Leyfi ég mér fyrir hönd þingforsetanna að þakka hv. alþm. fyrir hið ágæta samstarf, sem hefur leitt til þess, að unnt er að ljúka þinginu í dag. Einnig þakka ég hæstv. ríkisstj. og öllum hv. alþm. ágætt samstarf í hvívetna á þingtímanum. Ég þakka það traust, sem mér var sýnt með því að trúa mér fyrir forsetastörfum. Sérstakar þakkir færi ég varaforsetum, sem jafnan hafa fúslega veitt mér hina ágætustu aðstoð. Ég þakka skrifurum þingsins eljusemi og kostgæfni í störfum, og skrifstofustjóra og öllu starfsfólki Alþingis þakka ég fyrir mikið og gott starf og ánægjulega samvinnu. Öllum hv. þm. óska ég góðrar heimferðar og heimkomu. Einnig óska ég þeim og fjölskyldum þeirra gæfu og gengis. Skrifstofustjóra og starfsfólki Alþingis færi ég sömu óskir.

Fyrir hönd Alþingis óska ég öllum Íslendingum árs og friðar.

Eysteinn Jónsson: Ég vil leyfa mér fyrir hönd okkar alþm. að þakka hæstv. forseta fyrir árnaðaróskir hans og hlýleg orð í okkar garð. Ég vil einnig, og ég veit, að ég tala þar í nafni okkar allra, þakka hæstv. forseta fyrir skörulega og réttláta fundarstjórn og góða samvinnu um þinghaldið. Ég óska honum og fjölskyldu hans allra heilla, gleðilegs sumars, og ég vona, að við sjáum hann hér heilan á húfi, þegar við komum saman aftur í haust. Ég vil biðja þingheim að gera þessi orð að sínum með því að rísa á fætur. – [Þingmenn risu úr sætum.]

Forseti (BF): Ég þakka hv. 1. þm. Austf. hlý orð og árnaðaróskir í minn garð og minnar fjölskyldu. Þm. öllum þakka ég góðar undirtektir þeirra og óska þeim enn á ný góðs og gæfuríks sumars. Hittumst öll heil að hausti.

Forseti Íslands (Kristján Eldjárn): Í dag hefur verið gefið út svofellt bréf:

„Forseti Íslands gerir kunnugt:

Alþingi, 89. löggjafarþing, hefur lokið störfum. Mun ég því slíta Alþingi í dag, laugardaginn 17. maí 1969.

Gert í Reykjavík, 17. maí 1969.

Kristján Eldjárn.

Bjarni Benediktsson.

Forsetabréf um þinglausnir."

Samkvæmt þessu bréfi, sem ég nú hef lesið, lýsi ég yfir því, að þessu þingi, sem nú hefur lokið störfum, er slitið. Óska ég alþingismönnum velfarnaðar og þjóðinni allra heilla, og bið þingmenn að minnast fósturjarðar vorrar, Íslands, með því að rísa úr sætum.

Þingheimur stóð upp, og **forsrh., Bjarni Benediktsson,** mælti: „Heill forseta vorum og fósturjörð. Ísland lifi." Tóku þingmenn undir þau orð með ferföldu húrrahrópi.

Var síðan af þingi gengið.